Efnisskrá C-deildar.

Almennur ellistyrkur 192
Alþýðufræðsla á Ísafirði 945
Atkvæðagreiðsla um nafn Ísafjarðarkaupstaðar 844
Atvinna við siglingar 785
Ábúðarlög 1612
Ágangur búfjár 1612
Bann gegn botnvörpuveiðum 1576
Bann gegn líkamlegum refsingum .. 246
Dómkirkjan í Reykjavík 1603
Dómur í vinnudeilum 958
Dýrtíðaruppbót 1283
Einkasala á lyfjum 426
Einkasala á nauðsynjavörum 68
Einkasala á saltfiski 1866
Einkasala á tóbaki 463
Fasteignaskattur til Eskifjarðarhrepps 1938
Fátækralagabreyting (frv. MT og JörB) 892
Fátækralög (frv. HV o. fl.) 1287
Fiskiveiðasjóður Íslands 616
Forkaupsrjettur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl. 1864
Friðun á laxi 1786
Fyrning skulda 56
Hafnargerð á Sauðárkróki 1605
Háskólakennarar 1539
Hlutafjelög 1311
Hvalveiðastöð 1598
Hveraorka 807
Innflutningstollur af niðursoðinni mjólk 1558
Kvikmyndir og kvikmyndahús 851
Lánsfjelög 729
Loftskeytanotkun veiðiskipa 1794
Lyfjaverslun 1598
Lýðskóli með skylduvinnu nemenda . 1527
Menta- og gagnfræðaskólar í Reykjavík og á Akureyri 1879
Myntlög 1337
Nöfn kaupstaða og kauptúna 846
Ófriðun sels í Ölfusá 1295
Rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann 1611
Raforkuveitur utan kaupstaða 487
Refarækt 1740
Sala á jarðarskikum til Neskaupstaðar 373
Sala á landi Hvanneyrar í Siglufirði 1939
Sala á nokkrum hluta prestssetursins Hólma 398
Sáttatilraunir í vinnudeilum 1784
Siglingalög 806
Síldarnætur 1703
Sjerleyfi til vikurfleytingar 1874
Sjerleyfi til virkjunar Urriðafoss ... 1785
Sjómannalög 794
Skipun barnakennara og laun 1709
Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (Seltjarnarneshreppur) 1
Tekju- og eignarskattur (frv. GunnS) 1737
Tekju- og eignarskattur (frv. MT o. fl.) 107
Ungmennaskóli í Vestmannaeyjum .. 1292
Útsvör 1272
Veðlánasjóður fiskimanna 717
Vegalagabreyting 1264
Verðfesting pappírsgjaldeyris 1785
Verðlaun fyrir jarðræktarframkvæmdir 1610
Verðtollur 1548
Vigt á síld 1790
Vjelgæsla á mótorskipum 1876
Yfirsetukvennalög 277

LEIÐRJETTING.

Í 566. dálki hefir orðið línurugl, þannig að leiðrjettingu á 5. línu að ofan hefir verið skotið inn í stað 6. línu að neðan, en sú lína á að hljóða svo:

á landi heldur en á Skeiðunum, þar

Lagafrumvörp feld.

1. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (Seltjarnarneshreppur).

Á 19. fundi í Nd., 11. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þmfrv., A. 90).

Á 22. og 24. fundi í Nd., 14. og 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir haft þetta mál með höndum og gert ályktun um það. Samkvæmt þeirri ályktun flytjum við þetta frv., en þó ekki alveg samhljóða henni. Frv. fer fram á það, að Seltjarnarneshreppur allur verði lagður undir Reykjavík frá 1. janúar 1930. Eins og öllum er kunnugt, liggur Seltjarnarnes hjer rjett hjá Reykjavík. Maður þarf ekki að ganga nema örlitinn spöl vestur fyrir bæinn til þess að komast þangað. Á Seltjarnarnesi er nú að myndast nokkurskonar útborg frá Reykjavík. Mun vera búið að selja flestallar lóðir meðfram veginum þar. Má því búast við, að þar rísi upp ekki svo lítill bær. Annað þorp í nánd við Reykjavík er í Skildinganeslandi, og mun það verða stærst, en þriðja þorpið er í Viðey. Í Viðey eru nú um 100 manns. Reykvíkingar eru þeirrar skoðunar, að þessir staðir eigi að heyra undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, af því að íbúar þeirra njóta allra hlunninda, sem Reykjavík fylgja, en sleppa hinsvegar við skatta og skyldur bæjarins. Tilgangur þeirra manna, sem flytjast til þessara staða, er aðallega sá, að geta notið hlunnindanna, sloppið undan sköttum, en stundað samt atvinnu sína hjer í bæ. Það er engin ástæða til, að það opinbera stuðli að því, að slíkir smábæir rísi upp í kringum Reykjavík, í skjóli hennar.

Fyrir utan þá staði, sem jeg hefi nefnt, koma til greina ýmsar jarðir í Seltjarnarneshreppi. Ef þorpin væru lögð undir Reykjavík, eru jarðirnar, sem eftir eru, svo fáar, að þær geta varla myndað sjerstakan hrepp. Jeg ætla fyrst að minnast á Elliðavatn. Það er einhver besta jörðin hjer nær-

lendis og eign bæjarins. En vegna sambandsins við rafveituna og nauðsynlegs renslisjöfnuðar Elliðavatns, er ekki nema eðlilegt, að bæði jarðirnar Elliðavatn og Vatnsendi heyri undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Jörðin Hólmur er landssjóðseign, en til hennar sækja Reykvíkingar vatnið, í Gvendarbrunna, og væri æskilegt, að bærinn gæti átt umráð hennar. Þá eru Digranes og Kópavogur, sem báðar eru landssjóðsjarðir, og Fífuhvammur, sem er einstaklingseign. Þessar jarðir væru heppilegar fyrir ýmiskonar bæjarstofnanir, svo sem elliheimili, barnahæli o. fl., en gætu annars sameinast annaðhvort Garðahreppi eða Mosfellssveit. Enn er ein jörð eftir, sem sje Lögberg. Hún gæti sameinast Mosfellssveit. Íbúatalan í þessum hreppi er um 500. Eftir síðustu skýrslum eru eignir hreppsins 57 þúsund krónur, og hann borgar 1800 krónur í sýslusjóðsgjald til Kjósarsýslu. Öll fjárskifti yrðu fram að fara með samningum, en ef samkomulag fengist ekki, ætti atvinnumálaráðuneytið að skera úr.

Ólafur Thors: Eins og háttv. flm. skýrði frá, er þetta frv. borið fram að tilhlutun bæjarstjórnar Reykjavíkur. En tillögumaður þess mun vera hv. þm. Ísaf. (HG), enda ber frv. merki þess. Menn hafa lengi vitað, að Reykvíkingum leikur hugur á að innlima Seltjarnarnes, sem er eigulegasti blettur inn í allri Kjósarsýslu, í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Íbúar á Seltjarnarnesi eru vel stæðir og atvinnurekstur er þar í miklum blóma. Seltjarnarnesi hefir því lengi stafað sama hættan af nábýlinu við Reykjavík eins og smáþjóð stafar af nábýlinu við stórveldi. Og eins og önnur stórveldi reyna að vernda rjett smáþjóðanna í slíkum tilfellum, þannig er vörn Seltirninga nú á valdi þingsins.

Tilefnið til innlimunar hreppsins er það, að nokkrir menn á Skildinganesi fóru fram á að mega fá vatn frá Reykjavík. En tilmælum þeirra var svarað á þann hátt, að úr því að þeir vildu njóta hlunnindanna, sem fylgdu því að búa í nánd við Reykjavík, þá yrðu þeir líka að taka þátt í sköttum og skyldum til bæjarins. Jeg skal játa, að þetta mætti til sanns vegar færa, að óathuguðu máli. En þess ber að gæta, að Seltirningar eiga þennan rjett samkvæmt vatnalögunum frá 1923, og hafa auk þess fengið hann samkvæmt sjerlögum frá sama ári, og það meira að segja fyrir ærið gjald. Fyrir þinginu 1923 lá lagafrv. þess efnis, að innlima í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur meðal annars tvær jarðir í Seltjarnarneshreppi. Við 3. umr. þess máls í Nd. var bætt við ákvæði, sem jeg með leyfi hæstv. forseta skal lesa upp úr þingtíðindunum:

„Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar, til heimilis- og búþarfa, enda hlíti þeir þeim ákvæðum“ o. s. frv.

Í umr. segir frsm. allshn. svo:

„Síðan nefndin skilaði málinu, hafa komið tvö erindi til þingsins því viðvíkjandi, annað frá Seltjarnarneshreppi, um að sveitin verði aðnjótandi þeirra náttúrugæða, vatns og raforku, sem Elliðaárnar láta Reykjavíkurbæ í tje. Nefndinni fanst þetta sanngjarnt, þar sem árnar eru teknar úr sveitarfjelagi þeirra og lagðar undir Reykjavík, aðallega vegna þessara náttúru-

gæða, að þeir yrðu ekki útilokaðir frá hlutdeild í þeim, einkum þar sem þeir hafa verið sanngjarnir í fjárkröfum.“

Hjer hafa Seltirningar trygt sjer tvöfaldan lagalegan rjett til afnota vatns frá Reykjavík, og að því er snertir l. nr. 46, 16. júní 1923, hafa þeir meira að segja keypt þau fríðindi. Þegar svo Seltirningar ætla að nota sjer þennan rjett, þá er ekki einungis gengið á gerða samninga, heldur er líka haft í hótunum við þá og sagt: Ef þið eruð að nöldra þetta, þá bara gleypum við ykkur.

Það hefir farið fyrir hv. flm. eins og venjulega fer fyrir þeim, sem nota orðin til þess að leyna hugsununum, að rök þeirra eru gersamlega óframbærileg. Bæjarstjórnin hefir ekki athugað þetta mál. Hún hefir gleymt öllu velsæmi og einblínt á bráðina. Hin raunverulega ástæða fyrir þessu frv. er sú, að Reykvíkingar hafa talið sjer trú um, að Seltjarnarneshreppur væri hæli þeirra manna, sem vildu losna við að greiða skatt til Reykjavíkur, en stunda þó atvinnu þar. En jeg vil segja hv. flm., að 1928 þágu Reykvíkingar, sem stunduðu atvinnu í Seltjarnarneshreppi, 346 þús. krónur þaðan, en Seltirningar, sem stunduðu atvinnu í Reykjavík, þágu fyrir það 111 þús. krónur. Svo að hlutfallið er alveg öfugt við það, sem hv. flm. vilja vera láta. En þó að hitt væri nú, þá er það enginn höfuðglæpur, því að jeg veit ekki betur en að lögin tryggi atvinnusveitinni útsvar. Enda væri með þessu frv. alls ekki girt fyrir slíkan flutning. Þessir ríku farfuglar mundu búa alveg eins vel uppi í Mosfellssveit. Hv. flm. vilja innlima Seltjarnarnes í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, af því að „ef stigið er út fyrir Reykjavík, er maður kominn á Seltjarnarnes“! En ef Seltjarnarneshreppur tilheyrði Reykjavík, væri maður kominn upp í Mosfellssveit, ef stigið væri út fyrir Reykjavík. Altaf er einhver sveit næst Reykjavík. Ef maður getur búið á Seltjarnarnesi og stundað atvinnu í Reykjavík, getur maður alveg eins búið í Mosfellssveit og stundað atvinnu í Reykjavík.

Nei, höfuðástæðan fyrir þessu frv. er sú, að Reykvíkingum finst þetta girnilegur biti og vita, að þessi sveit er einhver mesta framfarasveit landsins. Ef hjer væri um eitthvert nauðsynlegt grundvallarskilyrði fyrir Reykjavíkurbæ að ræða, þá væri þessi ásælni skiljanleg og afsakanleg. En það er engu líkt til að dreifa. Löngun Reykvíkinga í Seltjarnarnes er ekkert annað en löngun úlfsins í lambið.

Hvað hefir nú þingið sagt áður um þetta? Það nýjasta, sem sagt hefir verið um þetta, sjest í sveitarstjórnarlögunum frá 1927. 19. gr. þeirra laga segir: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið fyr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það ....“. Og 42. gr. segir: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það ....“.

Með þessum tveim greinum er tryggður rjettur hreppsfjelaganna annarsvegar og sýslufjelaganna hinsvegar Og lögin ganga enn lengra, því að í 3. gr. segir: „.... Eigi má neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar ...‘

Jeg vil spyrja hv. flm., hvort þeir

hafi lagt fram umsagnir hreppsnefndar og sýslunefndar í þessu máli. Jeg get svarað spurningu minni sjálfur. Hv. flm. hafa ekki einu sinni spurst fyrir um álit hreppsnefndar og sýslunefndar. Og þó að ekkert annað mælti með því, að frv. yrði kveðið niður strax í byrjun, en sú vanvirða, sem hv. flm. sýna Alþingi með því að leggja fyrir það svona illa undirbúið mál og mælast til, að það brjóti lög, sem það er nýbúið að gefa, þá er það eitt nóg til þess að taka ákveðna aðstöðu til málsins. Hjer er mælst til, að Alþingi rjúki til og brjóti lög, sem það hefir sjálft sett. Það er ekki bara löngun og rjettur úlfsins. Það er líka aðferð úlfsins.

En þó að hv. flm. hafi ekki sýnt Seltirningum þann sóma, að leita álits þeirra um þetta mál, þá hefi jeg gert það. Og oddvitinn hefir tjáð mjer eindregin mótmæli allra hreppsbúa. Mótmæli þeirra eru bygð á ýmsum rökum. Fjárhagshlið málsins er sú, að allir hagsmunir eru ólíkir á Seltjarnarnesi og í Reykjavík. Seltirningar yrðu gersamlega áhrifalausir á stjórn sinna eigin mála, og þeir mundu heldur engin áhrif hafa á stjórn Reykjavíkurbæjar. Seltirningar kæra sig ekki um að flækja sjer inn í skuldir Reykvíkinga. Þeir fá ekkert nema vatn og rafmagn frá Reykjavík, og það eiga þeir hvorttveggja að tvennum lögum. Auk þess er þetta Seltirningum sjálfstæðismál. Óðalsbændur í Seltjarnarneshreppi eru kunnir fyrir sjálfstæði. Þeir eiga kröfu á að mega fara með sjálfstjórn sinna mála, ekki síst þegar á það er litið, að allur andi sveitarstjórnarlaganna frá 1927 fer í þá átt, að gera sjálfstjórn hreppa sem mesta. Hreppsskifti verða æ tíðari og tíðari, en sameining hreppa hefir aldrei þekst, nema sem kúgun.

Jeg leyfi mjer að bera fram hjer á Alþingi þá ósk Seltirninga, að þingið ljái ekki lið sitt þessari ásælni Reykvíkinga. Jeg vil einkum beina máli mínu til háttvirtra þingbænda. Jeg vil bera fram þá ósk, að Alþingi láti aldrei viðgangast, að þessi elsti hreppur Íslands verði með kúgun lagður undir Reykjavík.

Magnús Jónsson: Það er sagt í greinargerð þessa frv., að það sje flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, en að sumir flm. hafi nokkra sjerstöðu í málinu. Jeg er einn af þeim, sem hafa sjerstöðu um þetta frv. Jeg get sagt það, að jeg hefi haft þá reglu, að flytja inn á þingið það, sem bæjarstjórnin hjer óskar, að þar sje flutt. Og mjer finst satt að segja nokkuð hart, ef þm. bæjarins neituðu að koma þeim málum inn á þingið, sem eru áhugamál bæjarstjórnarinnar. — Að þessu frv. hefi jeg því gerst meðflutningsmaður, enda þótt jeg telji það að sumu leyti athugavert, eins og bent er til í grg. fyrir frv. — Skal jeg nú gera nánari grein fyrir sjerstöðu minni til frv.

Eins og kunnugt er, þá er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur ærið einkennilegt í laginu. Að vestan er dálítil spilda, sem liggur að sjó beggja megin og sker Seltjarnarnesið frá uppsveitinni. 1923 voru nokkrar jarðir austan við Reykjavík lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Við þá ráðstöfun myndaðist lítil eyja að vestanverðu við þær jarðir, sem er utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, aðallega Skildinganesið. Þar hefir Shell-

fjelagið stöðvar sínar, og er þar nú að rísa upp ekki allfáment þorp. Var það upphaflega tilgangur bæjarstjórnarinnar að fá þennan blett. Og svo stóð, er jeg lofaði flutningi á þessu frv. Svo þegar frv. var gert víðtækara, þar sem nú er farið fram á, að allur Seltjarnarneshreppur verði lagður við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þá vildi jeg ekki draga mig til baka með flutning frv., en ljet grg. frv. bera með sjer sjerstöðu mína.

Jeg tel mikinn mun á því, hvort farið er fram á að fá allan hreppinn eða aðeins þessa litlu spildu, sem reynst hefir skattskjól fyrir Reykvíkinga. — Hv. 1. flm. þessa frv. (HV) var að tala um það, að ekki væri gustuk að skilja eftir bæina hjer fyrir ofan Reykjavík. Það er nú að vísu satt, að ekki væri fallegt að skilja eftir fáa illa setta bæi. En þegar þess er gætt, að auk þessara bæja verða eftir í hreppnum allir bæirnir úti á Seltjarnarnesinu, þá sje jeg ekki, að hjer sje um neina gustukamenn að ræða, þar sem eftir er einhver stæltasti hreppurinn á landinu. Og það er skiljanlega geysimunur á því fyrir sýsluna, hvort tekinn er heill hreppur eða aðeins lítil spilda vegna nauðsynjar bæjarins. Það er mjög óþægilegt, að lögsagnarumdæmin sjeu mjög þröng. Og það er eðlilegt, að bæirnir óski eftir aðstöðu til þess að geta lagt gjöld til sinna þarfa á menn, sem fá atvinnu sína og uppeldi í bæjunum.

Jeg skal ekki blanda mjer inn í deilur þeirra hv. flm. og hv. 2. þm. G.-K. um Seltjarnarneshrepp alment. En því er ekki hægt að neita, að velmegun Seltjarnarneshrepps stafar að mjög miklu leyti frá Reykjavík. Þótt þessi hreppur væri góður áður, meðan útræði var stundað þaðan, þá hefir hann þó eflst við að njóta hins besta markaðar og þeirrar aðstöðu annarar, sem Reykjavík veitir honum. En jeg tel þó rjett, að hann sje sjálfstæður hreppur áfram, meðan hann kemur eigi meira í bága við hagsmuni Reykjavíkur en enn er. — Þetta er ástæðan til ágreinings míns. Jeg vil ekki láta taka meira en þörfin heimtar. En það er þó engin ástæða til að bægja málinu frá n., því þar er hægt að breyta þessu. Vil jeg óska þess, að frv. verði að umr. lokinni látið ganga til hv. allshn.

En svo átti jeg annan fyrirvara, um þetta, sem hv. 2. þm. G.-K. benti á, að ekki hefir verið leitað samninga við aðila. Jeg hefi jafnan haldið því fram, að ekki væri rjett að samþykkja slík frv., nema slíkra samninga sje áður leitað. Mál, svipað þessu, kom fram frá Ísafirði á þinginu í fyrra. Var jeg eindregið á móti því, vegna þess að ekki hafði verið leitað samninga við viðkomandi hrepp. Og jeg vil ekki heimta það fyrir Reykjavík, sem jeg tel rjett að neita öðrum um. Máske fæst ekki samkomulag. En jeg tel rjett að leita þess, og ef þörfin er stór, að gera þá sæmileg boð til hrepps og sýslu. En þetta má laga, meðan málið er í n. — Þegar lögsagnarumdæmi Reykjavíkur var síðast stækkað, 1923, var ramma-rígur um þá stækkun. En þá var málið sett í allshn. og hún náði samkomulagi. Jeg vona, að eins fari hjer, að málið verði sett í n. og hún leiti samkomulags við aðila. Geri jeg það að skilyrði fyrir mínu atkv. við frv. þetta, að n. breyti frv. svo sem jeg hefi lýst og leiti samkomulags við aðila.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg varð mjög hissa á ræðu hv. 2. þm. G.-K. Hún var ekkert nema fúkyrði í garð flm., skammir um Reykjavík og hól um Seltjarnarneshrepp. En máske hefir hv. þm. komið í hug kjósendur sínir, eins og öðrum hv. þm. vildi til, er hann setti ánöfnun á ljóðabók sína. Hv. þm. hefir þótt gott að láta þetta hól sjást í þingtíðindunum, af því þetta eru kjósendur hans. Þetta er sennilega ástæðan til reiðilestrar hans. Þá er og kunnugt, að fjelag það, sem hv. þm. er við riðinn, hefir þarna starfrækslu, og vill því hv. þm. ógjarnan láta traðka hag sínum þar.

Þá vitnaði hv. þm. í 19. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem gert er að skyldu að leita samninga um breytingar á skipun sveita, áður en þeim málum er ráðið til lykta. Auðvitað er þetta rjett. En hjer þarf ekki að vera um neina vanrækslu að ræða, því það er hægur hjá fyrir allshn., sem sennilega fær þetta mál til meðferðar, að leita samninga, þar sem aðiljar eru svo að segja við hendina. — Hv. þm. sagði, að í Seltjarnarneshreppi væru aðeins 500 manns, og væri því ekki að vænta, að þeir hefðu mikil áhrif á bæjarmálefni Reykjavíkur, ef sameining færi fram. — Það væri nú hægt að hugsa sjer, að þessi hluti hefði nokkurskonar sjálfstjórn um þau mál, sem sjerstaklega snerta þá. Jeg hugsa, að ekkert væri á móti því og auðvelt mundi vera að fá því framgengt við bæjarstjórn Reykjavíkur. En þótt svo væri ekki, þá er vafalaust, að eins og flokkadrættir eru miklir nú í Reykjavík, þá gætu 500 manns, sem væru samhuga, mjög miklu ráðið um bæjarmál, svo að aldrei yrði farið ver með þá, jafnvel betur en aðra hluta bæjarbúa. Annars er það rangt hjá hv. 2. þm. G.-K., að Seltirningar sjeu miklir forgöngumenn um atvinnurekstur. Það eru aðallega Reykvíkingar, sem reka þar atvinnu. (ÓTh: Hvernig er það í Viðey?) — Jeg veit ekki betur en að Íslandsbanki, sem búsettur er í Reykjavík, eigi Viðeyjarstöðina. Nei, þessi atvinnurekstur er angi frá Reykjavík. Það eru engin landgæði, sem draga atvinnureksturinn út í Seltjarnarneshrepp, heldur löngunin að lifa á aðstöðu Reykjavíkur, en hliðra sjer hjá tilsvarandi gjöldum.

Þá sagði sami hv. þm., að atvinnutekjur Reykvíkinga í Seltjarnarneshreppi hefðu numið 346 þús. kr., en atvinnutekjur Seltirninga í Reykjavík hefðu á sama tíma numið 111 þús. kr. En jeg efast nú mikillega um, að hv. þm. viti þessar tölur, svo að hann geti farið rjett með þær. Hann getur því ekkert fullyrt um kaupgjald um hvern einasta vinnutíma á báðum stöðum, því að á því eru engin tök að gera aðgreiningu. En væru þær nálægt því rjetta, þá væru þær þannig til komnar, að þær stöfuðu af verkafólki, sem tekur vinnu sína dag og dag, en sem Reykjavíkurbær ber alla ábyrgð á. Seltirningar geta notið þess að taka fólkið í vinnu dag og dag, án þess síðan meira að skifta sjer af því og fátækraframfærslu þeirri, sem því fylgir. Þeir, sem tekjur hafa úr Reykjavík á nesinu, eru hinsvegar stóreignamenn, sem heima eiga á Seltjarnarnesi, en reka atvinnu í Reykjavík og hafa rjett til allrar aðstöðu bæjarins þar, án þess að bera þunga af þeim.

Það er rjett hjá hv. meðflm. mínum,

1. þm. Reykv., að Reykjavík er bráðust þörf á því að fá Skildinganeslandið, og er leiðinlegt að hafa stöðugt þennan bút inni á milli bæjarlandsins. En það er sama að segja um Framnesið, að þó þar sje ekki höfn fyrir skip, þá geta þó einstakir menn komist þar í höfn á skattflótta, eins og raun hefir orðið á um Skildinganesið. En hitt er hlægilegt, eins og hv. 2. þm. G.-K. var að tala um, að ef Reykjavík sameinaðist Seltjarnarneshreppi, þá mundi hún seilast næst í Mosfellssveitina, þá Kjósina, og teygja síðan angana austur yfir fjall. Bærinn verður áreiðanlega lengi að vaxa inn að Elliðaám. (ÓTh: En út að Gróttu?). Jú, húsaröðin er óðum að færast þangað og þorp hefir myndast í Skildinganesi. En við lifum það áreiðanlega ekki, að bærinn vaxi samfeldur inn fyrir Elliðaár.

Þá þarf ekki að svara þeirri visku hv. þm. (ÓTh), „að Seltjarnarneshreppur sje elsti hreppur landsins"! Væri fróðlegt að heyra fleiri slík söguleg rök hv. þm.

Hv. þm. sagði, að tilefnið til þessa frv. væri það, að menn í Seltjarnarneshreppi hefðu farið fram á að fá vatn frá vatnsveitu Reykjavíkur. En þetta er ekki rjett. Þetta innlimunarmál hefir verið rætt í mörg ár, löngu áður en vatnsveitumálið reis upp, og það hefir ávalt verið vilji allra bæjarbúa að fá Skildinganesið, að minsta kosti, innlimað. En hitt vil jeg minna á, að í því máli er um beina sök að ræða á hendur formanns Íhaldsflokksins, hv. 3. landsk., því þegar búið var að ná samkomulagi við Seltjarnarneshrepp 1923 um öll kjör og bætur fyrir innlimun þeirra jarða í Reykjavík, er þá voru teknar, þá laumaði hann því ákvæði inn í lögin, að Reykjavík væri skylt að láta af hendi vatn og rafmagn til Seltjarnarneshrepps. Er það nokkuð hart ákvæði, þegar hvorugt er nóg handa Reykjavík einni, og ekki síst þegar að því er gætt, að þessi hv. þm. var þá þingmaður Reykvíkinga og átti að verja málstað þeirra. En jeg vil benda á þessa aðferð hv. formanns Íhaldsflokksins í sambandi við það, að þessi sami maður er aðaleigandi h/f „Baugur", sem nú hefir keypt allar lóðirnar í Skildinganesi. Hefir fjelag þetta síðan selt lóðirnar og hagnast vel á sölunni, enda hafa kaupendur átt von á að fá rafmagn og vatn frá Reykjavík, sem þeim mun líka hafa verið bent á af seljendum. Það er vitanlegt, að ef rafmagn og vatn væri nóg, svo að hægt væri að selja öðrum, þá væri heldur ekkert á móti því að gera það. En aðalástæðan fyrir þessu frv. er það, að Reykvíkingar kunna því illa, að búa við svo þröngan landkost, að þeir menn, sem þiggja atvinnu og efni af starfsemi sinni í bænum, þurfi ekki að fara nema nokkra faðma til að laumast undan þeim skyldum, sem bærinn leggur á borgara sína.

Jeg vænti þess svo, að mál þetta fái að ganga til háttv. allshn. og verði tekið til yfirvegunar og úrslita á þessu þingi.

Bjarni Ásgeirsson: Þess þekkjast dæmi meðal lægri dýrategunda, að foreldrarnir ráðast á afkvæmi sín og eta þau. En hitt mun sjaldgæfara, að afkvæmið gleypi foreldri sitt. En það er einmitt það, sem er að gerast hjer. (MJ: Ætli þeir sjeu ekki hvor undan öðrum!). Nei, það er afkvæmið, sem

vill gleypa móður sína með húð og hári, því Reykjavík var upphaflega ekkert annað en sjóþorp úr Seltjarnarneshreppi. Og þessu gerræði er ekki einungis stefnt að þessum eina hreppi, heldur og að Kjósarsýslu allri. Seltjarnarneshreppur er einn af fjórum hreppum þeirrar sýslu, og þeirra langöflugastur, því nær helmingur af gjöldum sýslunnar hvílir á honum. Það er því ljóst, að þegar búið væri að leggja þennan hrepp undir Reykjavík, þá verður Kjósarsýsla á eftir eins og vængbrotin æður, máttlaus gegn þeim árásum, sem hún síðar kann að verða fyrir úr sömu átt. Hjer er því sannarlega ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Það er sagt um skrattann, að hann sje það hæverskur, að byrja aðeins með litla fingurinn þegar hann ætlar að koma hendinni einhversstaðar inn. En hjer er gerð tilraun til að stinga bæði löngutöng og sleikifingri í Kjósarsýslu í senn.

Þá er aðferðin. — Eins og hv. 2. þm. G.-K. gat um, þá eru lagafyrirmæli um það, að leita skuli samþykkis aðilja í slíkum málum. En þetta mál er borið fram án þess talað sje um það einu orði við viðkomandi hrepp eða sýslu. Er þó hvortveggja aðili svo að segja við bæjarvegginn og engu lengra frá bæjarstjórn Reykjavíkur en frá þeirri nefnd, sem fær þetta mál hjer og mjer skilst, að hv. flm. vilji, að leiti samninga um þetta mál við Seltjarnarneshrepp og Kjósarsýslu. En Reykjavík fer hjer eins og togaraskipstjóra, sem sagði: „Við tölum ekki við seglskip.“ „Jeg er höfuðstaður landsins, en þið ekki annað en vesall sveitahreppur og sveitasýsla. Hvað höfum við að tala við ykkur?“ — Nú er það upplýst, að Seltjarnarneshreppur mótmælir þessari innlimun, og það er vist, að Kjósarsýsla mótmælir henni líka. Og þótt Reykvíkingar vilji rjettlæta þetta með því, að það sje til hagsbóta fyrir Reykjavík, þá hafa fleiri en hún hagsmuna að gæta, og svo er einnig um hinn aðilann. Sýslan hefir hjer hagsmuna að gæta. Og Seltjarnarneshreppur hefir líka hagsmuna að gæta. Háttv. 2. þ. m. Reykv. talaði að vísu fagurlega um það, að ekki væri hætta á, að kosti Seltjarnarneshrepps yrði þrengt, þegar búið væri að innlima hann Reykjavík. En það er þó dálítil ástæða til að efast um, að svo verði. Það sjá allir, sem nokkuð fylgjast með bæjarmálefnum Reykjavíkur, að áhuginn hringsnýst allur um miðbæinn. Útjaðrarnir verða útundan með framkvæmdirnar. Þeir fá tæpast vegi og naumast vatn að drekka. Svo að það gæti orðið langt að bíða þangað til farið væri að svipast eftir þörfum Seltirninga eða Viðeyjarmanna. Það er og alkunna, að engar jarðir eru ver ræktar heldur en flestar þær, sem Reykjavík á, vegna þess að bærinn sem landsdrottinn gerir ábúendum illkleift að sýna þeim nokkurn sóma. Það er því ekki að undra, þótt Seltirningar vilji vera lausir við þesskonar forsjá. Það eru sem sje m. a. samkvæmt því, sem hjer hefir sagt verið, mestar líkur til þess, að tekjur þær, sem Reykjavíkurbær fengi af íbúum Seltjarnarneshrepps, mundu látnar renna til bæjarfjelagsins sjálfs, en hinsvegar trassað að bæta úr þörfum viðkomandi sveitarfjelags. Það mun því hollast eins og hingað til að fela hverjum hjer sína eigin hagsmuni.

Það má vel vera, að Reykjavík telji þetta hagsmunamál fyrir sig. Þó er jeg nú hræddur um, að hjer gæti farið eins og forðum, að þó að mögru kýrnar jeti hinar feitu, þá verði þær samt jafnmagrar á eftir. Jeg er ekki viss um, að Reykjavík takist að gera Seltjarnarneshrepp að gullkistu fyrir sig, þó að því yrði fram komið að eyðileggja hann.

Því hefir verið haldið fram í þessum umræðum, að Seltjarnarneshreppur lifi á Reykjavík í atvinnumálum. Vitanlega hafa ýmsir, sem búsettir eru í Seltjarnarneshreppi, atvinnu í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En þetta er sitt á hvað. Og jeg hygg, að þeir sjeu þó öllu fleiri, sem sækja atvinnu úr bænum til Seltjarnarneshrepps, heldur en þaðan til Reykjavíkur; og þess vegna styður hreppurinn bæjarfjelagið eigi síður en bærinn hreppinn.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hafði nokkra sjerstöðu gagnvart hv. 2. þm. Reykv.; hann mændi ágirndaraugum sínum einkum á Skildinganes, og jeg verð að segja, að jeg tel það sanni nær. En sennilega vakir þó það sama fyrir báðum þessum háttv. þm., að ná í allan hreppinn, þó að annar þeirra vilji fara að því með nokkuð meiri lægni og krækja fyrst í þennan litla blett. Þá gæti gangurinn verið þessi: Fyrst Skildinganesið, svo allur Seltjarnarneshreppurinn og því næst aðrir hreppar Kjósarsýslu smám saman, þangað til henni yrði allri náð. Það eru smáskamtalækningar, sem hjer eru á ferðinni, og með þeim á að auka landaumráð bæjarfjelagsins.

Háttv. flm. töldu báðir, að öll velgengni í Seltjarnarneshreppi á síðari árum stafaði frá Reykjavík. En jeg skal þá fræða þessa háttv. þm. um það, að á meðan Reykjavík var aðeins smáþorp á Seltjarnarnesi, voru stórbændur og vel megandi menn búsettir á nesinu, sem þektir voru um land alt fyrir rausn og skörungsskap. Stafaði velgengni þeirra máske frá Reykjavík? Jeg er hræddur um ekki. Seltjarnarneshreppur stóð betur að vígi áður en Reykjavíkurbær kom til sögunnar, og Reykjavík hefir sölsað til sín frá hreppnum að nokkru leyti bæði auðæfi lands og sjávar. Nú eiga Seltirningar þess vegna um sárt að binda; fiskimiðin þar umhverfis eru þorrin og allmikið land af þeim gengið. — Það er því mjög óviðeigandi, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Seltjarnarneshreppur hefði verið afæta á Reykjavík; það er bærinn, sem hefir verið afæta á hreppnum. Hreppurinn hefir aldrei þurft neitt til Reykjavíkur að sækja.

Þessir háttv. þm. voru að tala um landgæði Seltjarnarneshrepps og gera lítið úr þeim. En hvaða landgæði eru í Reykjavík?! Jeg sje þau ekki. Jeg veit ekki betur en að lega Reykjavíkur á landinu og aðstaðan til fiskimiðanna hafi gert hana að því, sem hún er, að því þó ógleymdu, sem löggjafarvaldið hefir hlaðið undir hana með ýmsum aðgerðum í sambandi við það, að hún hefir verið gerð að höfuðstað landsins. En Seltjarnarneshreppur hefir frá náttúrunnar hendi mjög svipaða aðstöðu til að njóta gæða lífsins, en Reykjavík hefir ekki skapað þá aðstöðu.

Háttv. 2. þm. Reykv. var að lýsa því, hversu sárt það væri fyrir Reykvíkinga að stara á Skildinganes, rjett

utan við merkjalínu bæjarins, og hugsa til þess, að það skuli ekki vera reykvíksk lóð. Þangað geti menn flutt úr bænum og skotið sjer þannig undan bæjargjöldum. Jeg get ákaflega vel skilið, að það muni vera sárt fyrir þá menn, sem horfa slíkum girndaraugum á þennan álitlega blett. En augu þeirra gætu hvarflað víðar. Það er, eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði, altaf eitthvað utan við merkin, þar sem þeir gætu komið auga á girnilega bletti. Mætti þannig halda áfram umhverfis landið. — En jeg vil til samanburðar minna á, að fast við Kaupmannahöfn er sjerstakur borgarhluti, sem heitir Friðriksberg; það er mjög girnilegur blettur, og hefir borgarbúum verið mjög hugleikið að sameina hann höfuðborginni. En Friðriksberg er sjerstakt lögsagnarumdæmi. Og það er ekkert fráleitara hjer, þó að Seltjarnarnes sje fráskilið Reykjavíkurbæ.

Auk þess sem þetta frv. er svo hraparlega ranglátt í garð annars lögsagnarumdæmis — Seltjarnarneshrepps —, þá er það flutt með svo miklu offorsi og ókurteisi, að jeg verð að álíta, að það eigi alls ekki skilið að komast til nefndar.

Ólafur Thors: Jeg þarf ekki miklu að svara, vegna þess að hv. þm. Mýr. (BÁ) hefir tekið svo rækilega fram flest af því, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg get líka unað sæmilega vel við umsögn hv. 1. þm. Reykv.; hann aðhyltist flest af mínum rökum. Þó vill hann draga undir Reykjavík dálítinn landskika, sjerstaklega Skildinganesið, og segist gera það af landfræðilegum ástæðum. Það eru einmitt þessar landfræðilegu ástæður, sem altaf eru notaðar, þegar sá, sem er meiri máttar, ætlar að sölsa undir sig eign þess, sem minni máttar er.

Jeg vil nú benda hv. flm. þessa máls á það, að í sveitarstjórnarlögunum frá 1927 er gert ráð fyrir, að þorp með 300 mönnum geti krafist þess að vera sjerstakur hreppur. Rök flm. eru meðal annars þau, að Skildinganesið sje að verða sjálfstætt þorp; en ef svo er, notar það að sjálfsögðu rjett sinn til þess að verða sjerstakur hreppur. Hv. flm. ættu því að sjá, að slík ástæða er engin rök í þessu máli. Landfræðilegar ástæður hafa þeir ekki heldur. Nei, það er ágirndin ein, sem er rök þeirra í þessu máli. (**BÁ:** Og ágirndin er rót alls ills). Já, það er rjett, — ágirndin er rót alls ills.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að jeg hefði mælt af reiði í ræðu minni áðan. Það er ekki rjett, að jeg hafi verið reiður; jeg sagði aðeins það, sem jeg meinti um úlfslöngun Reykjavíkurbæjar eftir löndum og eignum Seltjarnarneshrepps.

Hv. þm. lætur sjer sæma að gera mjer illar hvatir og segir, að jeg sje að berjast fyrir eigin hagsmunum í þessu máli. (**HV:** Jeg þekki þingmanninn). Hv. þm. kom til sjálfs sín og gerði mjer hinar verstu getsakir. Þessi hv. þm. hefir óvenjulega tilhneigingu til að sverta andstæðinga sína. Og þó að mjer sje engin þörf á að hreinsa mig af slíkum illmælum, skal jeg þó gera það í þetta skifti.

Það er rjett, að fjelag það, sem jeg er við riðinn, rekur atvinnu á Seltjarnarnesi. En með tilliti til útsvarsálagningar hefir fjelagið aðeins skaða af því, að Seltjarnarnes sje sjerstakur hreppur, því að eins og háttv. þm. er

kunnugt, leggur Reykjavíkurbær á alla umsetningu fjelagsins. Á síðastliðnu ári greiddi það 60 þús. kr. í útsvar hjer í bænum, og 20—30 þús. kr. úti um land. (HV: Hvaða tekjur hafði fjelagið það ár?) Tekjur fjel. voru tæp ¼ milj. kr. (HV: Já, einmitt það!). Háttv. þm. er sjálfur í yfirskattanefnd, og leyfi jeg honum hjer með sem skattanefndarmanni að skýra frá tekjum fjelagsins. Þessar aðdróttanir háttv. þm. í minn garð hljóta að vera bornar fram af illum hug. En jeg hefi ekki haft þann sið að ganga um klagandi, emjandi og æpandi út af útsvari Kveldúlfs, — svo að jeg noti orðaval háttv. þm. Ísaf. — eins og háttv. 2. þm. Reykv., sem er þjónn erlends auðfjelags, er rekur hjer atvinnu með 70 milj. króna höfuðstól. Háttv. þm. hefir gert alt sitt til þess að koma því fjelagi, British Petroleum Co., undan rjettmætum útsvarsgreiðslum, og veit jeg ekki betur en að hann eigi nú í máli út af einu slíku útsvari. Það situr því síst á háttv. þm. að gera öðrum illar hvatir og saka þá um fjárgræðgi.

Háttv. þm. sagði, að flm. frv. hefðu gengið út frá því, að vegna nálægðar gæti þingið sjálft aflað sjer upplýsinga um aðstöðu hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslufjelags til þessa máls. En þessi ástæða er alls ekki frambærileg. Það var skylda háttv. flm. sjálfra að leggja fram skilríki fyrir slíku samþykki, ef á annað borð hefði verið unt að fá þau. En hvers vegna gerðu þeir það ekki? Vegna þess að þeir vissu, að viðkomandi aðilar voru þessari ráðstöfun andvígir, og það af þeim ástæðum, sem háttv. þm. Mýr. hefir þegar nefnt. Íbúum Seltjarnarneshrepps getur ekki dulist það, að sameining þeirra við Reykjavíkurbæ mundi leiða til þess eins, að Reykjavík hirti útsvör þeirra, en ljeti málefni hreppsins sitja á hakanum. Og hvaða líkur eru til annars? Það er hægt að slá því fram, að 500 manns mundu hafa áhrif á framkvæmdir í bæjarfjelagi, sem telur 24 þús. íbúa. og jeg vil ekki alveg þvertaka fyrir, að þeir kynnu að hafa einhver áhrif; en vitanlega yrðu þau áhrif alveg hverfandi. Það er alveg rjett, sem háttv. þm. Mýr. sagði, að Seltirningar vita, að þeir mundu verða skattpíndir af bæjarstjórn Reykjavíkur, en ekkert fá í aðra hönd. Þess vegna rísa þeir einhuga gegn þessari ráðstöfun, beinlínis af fjárhagslegum ástæðum.

Það eru býsna skemtileg rök, sem koma fram frá háttv. flm., þegar þeir halda því fram, að Seltirningar standi í þakklætisskuld við Reykjavík, af því að einstakir menn, sem eru búsettir í bænum, reki þar atvinnu. Af því að Seltirningar hafa atvinnu við þessi fyrirtæki, eiga þeir að vera Reykvíkingum þakklátir! Þessi staðhæfing er í nokkuð kátlegu ósamræmi við rök háttv. jafnaðarmanna í öðrum málum, þegar þeir eru að halda fram rjetti vinnunnar gegn fjármununum. En hv. jafnaðarmenn eru nú ekki fastari í rásinni en svo, að þeir gleyma sínum grundvallar-„principum“, þegar þeir þurfa á rökum að halda, sem koma í bága við þau.

Háttv. 2. þm. Reykv. sagði, að það væri hlægilegt að tala um hættu á því, að Mosfellssveit yrði innlimuð í Reykjavík, þó að þetta frv. næði fram að ganga. Háttv. þm. talaði þó sjálfur um, að Reykjavík þyrfti að eignast

jörðina Hólm, af því að í landi þeirrar jarðar eru Gvendarbrunnarnir, sem bærinn fær neysluvatn sitt úr. En ef á að innlima í Reykjavík allar þær jarðir, sem bærinn þarf eitthvað til að sækja, þá má lengi halda áfram á þeirri leið. Jeg sje jafnvel ekki betur en að hreppurinn umhverfis Sogið gæti verið í hættu fyrir slíkri innlimun, ef Reykjavíkurbær ræðst í að virkja Sogsfossana og fá rafmagn þaðan.

Það var líka alveg óviðeigandi illkvittni hjá háttv. 2. þm. Reykv. að bera það á formann Íhaldsflokksins, Jón Þorláksson, að hann hafi á þingi 1923, eftir að sættir voru komnar á milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps, haldið því fram í eiginhagsmunaskyni, að Seltirningar ættu kröfu á vatnsleiðslu og rafmagni frá Reykjavíkurbæ. Háttv. þm. sagði, að formaður Íhaldsflokksins hefði gert þetta af því, að hann ætti sjálfur land í Skildinganesi, sem hann hefði keypt í því skyni að selja byggingarlóðir í hagsmunaskyni. Saga þessa máls er í fáum orðum sú, að árin 1922—23 óskaði Reykjavík eftir að innlima nokkrar jarðir úr Seltjarnarnes- og Mosfellshreppum. Samkomulag fjekst ekki um það fyrst í stað, en náðist þó meðan á þingi stóð 1923. Þá var ekki um það talað að innlima allan hreppinn, heldur aðeins það, sem Reykjavíkurbæ var nauðsynlegt og hreppsnefndirnar gátu sætt sig við að láta af hendi. Eitt af skilyrðunum frá hálfu Seltirninga í þeim sáttmála var að öðlast rjett til rafmagns og vatns frá bænum. (HV: En þeir fjellu frá því). Þingmaðurinn segir þetta ósatt. Eins og glögglega kemur fram í ræðu frsm. allshn. þegar þetta mál var til umræðu í þinginu, hjeldu Seltirningar fast á þessu. Þar kemst hann svo að orði:

„Síðan nefndin skilaði málinu hafa komið tvö erindi til þingsins því viðvíkjandi, annað frá Seltjarnarneshreppi, um að sveitin verði aðnjótandi þeirra náttúrugæða, vatns og raforku, sem Elliðaárnar láta Reykjavíkurbæ í tje. Nefndinni fanst þetta sanngjarnt, þar sem árnar eru teknar úr sveitarfjelagi þeirra og lagðar undir Reykjavík aðallega vegna þessara náttúrugæða, að þeir yrðu ekki útilokaðir frá hlutdeild í þeim, einkum þar sem þeir hafa verið sanngjarnir í fjárkröfum."

Þetta var því beint skilyrði í samningunum, og það er alveg óviðeigandi að saka formann Íhaldsflokksins um, að hann hafi komið því inn í eiginhagsmunaskyni. Það er raunar rjett, að hann á lítinn landskika við Skerjafjörð. En sá landskiki var alls ekki keyptur til þess að hagnast þar á lóðasölu, heldur í alt öðrum tilgangi. Þegar Jón Þorláksson keypti þennan blett, ætlaði hann ásamt nokkrum öðrum mönnum að koma þar upp skipasmíðastöð. Sú stöð mundi hafa kostað 2—3 milj. kr., en svo mikils fjár tókst þessum mönnum ekki að afla sjer til þess. Og þess vegna varð ekkert úr því, að þeir reistu stöðina. En bletturinn var eigi að síður keyptur í þeim tilgangi. (HV: En þeir hafa selt lóðirnar). Ástæðan til þeirrar sölu er sú, að nýtt fjelag var stofnað, sem ætlaði að reisa stöðina hjer í Reykjavíkurhöfn, en til þess að komast að samningum við eldra fjelagið keypti nýja fjelagið þessar lóðir. En í upphafi voru þær ekki keyptar til þess að seljast aftur, og þegar lögin gengu

í gildi 1923, voru þær ætlaðar undir skipasmíðastöð.

Það er alveg ástæðulaust að margendurtaka þau ósannindi, að ýmsir Reykvíkingar skjóti sjer undan gjöldum í bænum, með því að búsetja sig í Seltjarnarneshreppi. Þess munu vera mjög fá dæmi. En ætli menn sjer á annað borð að komast undan gjöldum á þann hátt, eru engin ráð til að afstýra því. Þeir geta alveg eins tekið sjer aðsetur uppi í Mosfellssveit eða uppi undir Esju.

En þó ekki væri annað en það, að hv. flm. þessa frv. hafa vanrækt að leita um það umsagnar og álits viðkomandi hreppsnefndar og sýslunefndar, er það eitt nægileg ástæða til að fella frv. frá nefnd.

Í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna fra 1927, þar sem talað er um skiftingu og sameiningu hreppa, stendur svo: „Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi ma neina slíka breyting gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á, sem í 4. gr. segir."

Nú veit hv. 2. þm. Reykv., að þessi hreppur vill alls ekki sameinast Reykjavíkurbæ.

Hv. þm. átti sjálfur sæti í þeirri nefnd, sem fjallaði um sveitarstjórnarlögin. Þessi nefnd fann ekki ástæðu til að gera nema eina aths. við frv., og sú aths. er einmitt um ágæti 3. gr. Þetta nefndarálit er ekki nema 7—8 línur, og þar er ekki lögð áhersla a nokkurn skapaðan hlut annan en þessa grein frv. Þar stendur: „Um ákvæði 3. gr. um að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum vill nefndin taka það fram, að hún telur, að enga slíka breytingu megi gera, nema allar hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, sjeu breytingunni samþykkar."

Hvernig ætlar nú hv. þm. (HV), sem skrifaði undir þetta nefndarálit án fyrirvara, að verja framkomu sína, þegar hann nú heimtar, að hrifsaður sje heill hreppur af Gullbringu- og Kjósarsýslu, án þess að leitað sje samþykkis sýslunefndar, án þess að leitað sje samþykkis viðkomandi hrepps og þó að vitað sje, að báðir þeir aðilar eru þessu mótfallnir?

Þetta er satt að segja ákaflega óskiljanlegt. En ef jeg væri nógu illgjarn, þá gæti jeg farið að líkt og hv. þm. sjálfur og leitað að illum hvötum hjá honum til þessara sinnaskifta. Og mjer kemur skýringin í hug. Til er fjelag, sem heitir „British Petroleum Co." og hefir aðsetur í Reykjavík; til er annað fjelag, sem heitir „Shell" og hefir aðsetur í Seltjarnarneshreppi. Það er ekki alveg óhugsandi, að skattanefndarmaður í Reykjavík, sem jafnframt er þjónustumaður B. P. Co., þykist ekki geta náð nógu vel í hnakkadrambið á keppinaut sínum meðan hann rekur atvinnu utan endimarka Reykjavíkurbæjar. Jeg segi ekki, að þetta sje svo, en jeg mundi gera það, ef jeg væri nógu illgjarn, og þó jeg væri ekki eins illgjarn og hv. þm. er.

Umr. frestað.

Á 27. og 29. fundi í Nd., 20. og 22. mars, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 26. mars, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Ólafsson: Mjer þykir verst, að hvorugur þeirra hv. þm., sem andmæltu frv. þessu við byrjun 1. umr., eru nú á fundi, og er því ilt við að eiga um andmæli til þeirra. En þessir hv. þm. ljetu þung orð falla, ekki einungis til okkar þm. Reykjavíkur, heldur og í garð bæjarins sjálfs, eða þeirra 26 þús. manna, sem hjer eru búsettir. Jeg sje nú, að hv. þm. Mýr. er kominn, og bætir það nokkuð úr.

Þessir hv. þm. töluðu um úlfsgræðgi og úlfslöngun, sem lýsti sjer í þessu frv. Að hinar mögru kýr Reykjavíkur ætluðu að gleypa hinar feitu kýr Seltjarnarneshrepps. Svona staðhæfingar eru fjarri því rjetta, því kunnugir vita vel, að hjer er ekki um neina úlfslöngun að ræða, heldur brýna þörf. Þá er og heldur ekki rjett, að hjer sje folaldið að gleypa móður sína, heldur mætti máske með meiri rjetti segja, að þetta sje í samræmi við gang lífsins, sem er sá, að hið eldra fái skjól hjá sínu afkvæmi. Og Seltjarnarneshreppur er nú einmitt kominn í það skjól, því svo má orðið segja, að Seltjarnarneshreppur sæki alt sitt uppeldi til Reykjavíkur, nema þann litla jarðargróða, sem fæst þar. Aðalhlutar hreppsins, svo sem Skildinganes, Þormóðsstaðir og Melshús, eru eign Reykvíkinga. Er því í raun og veru lítið að færa, því það eru ekki nema fáir bæir, sem ekki eru í eigu Reykvíkinga. Þetta hefir orðið svo í seinni tíð. Fyrir 1914 var þetta alt annað. Þá stóð Seltjarnarneshr. framar Reykjavík að mörgu leyti. Þá var betra til sjósókna þaðan, þar sem það lá nær fiskimiðunum. Til ársins 1914 var því að mestu sama aðstaða til fiskveiða og hjeðan, meðan hjer var hafnlaust. Þá var hafnarlaust hjer og betra til sjósóknar fram á nesinu. En um leið og breyting varð á þessu, hafa Reykvíkingar og bæjarfjelagið sjálft ráðist í miljónafyrirtæki. Og íbúar Seltjarnarneshrepps hafa á ýmsan hátt notið góðrar aðstöðu í skjóli hinna dýru mannvirkja, sem reist hafa verið á síðari árum af höfuðstaðarbúum. Nú er engin útgerð rekin á Seltjarnarnesi, en aðeins stunduð þar hrognkelsaveiði part úr árinu. Þetta er svo stórkostlega breytt frá því, sem var á fyrri árum. Og þess vegna verða menn að sætta sig við, þó að afstaða hreppsbúa til bæjarfjelags Reykjavíkur breytist frá því, sem hún var fyrir 14 árum síðan. Þörf bæjarins til þess að fá íhlutunarrjett á Seltjarnarnesi eykst árlega hröðum skrefum. Bærinn hefir lagt í svo mikinn kostnað við ýmsar framkvæmdir, að nauðsynlegt er að gæta hagsmuna hans eftir föngum og tryggja honum afnotarjett á Seltjarnarnesi. Þegar Reykjavíkurbær keypti Gufunes, var það gert með það fyrir augum, að sporna við því, að þar yrðu reist hafnarmannvirki til þess að keppa við Reykjavíkurhöfn. Nú er enn meiri ástæða til þess að óttast þá aðstöðu, sem er til þess að byggja höfn við Skerjafjörð, er keppi við Reykjavíkurhöfn. Það væri hægt að nota aðstoð hjeðan úr bænum um mannafla og ná tekjum frá bænum, án þess að nokkur gjöld sjeu greidd til hans í staðinn. Það er því ekki þýðingarlaust fyrir bæinn, hvort hægt er að byggja höfn við Skerjafjörð á kostnað afkomu Reykjavíkur. Auk þessa ber nú mikið á því, að farið er að reisa íbúðarhús við Skerjafjörð, alveg skipulagslaust og í megnustu

óreiðu. Það þarf enginn að halda, að nesið eða ýmsir hlutar þess falli ekki undir Reykjavík síðar; vitanlega dregst það ekki mörg ár. Enda hlýtur það að þykja jafnsjálfsagt og þegar Reykjavíkurbæ var áður úthlutað tveimur jörðum úr þessum hreppi, sem voru bændaeignir.

Það dettur engum í hug í alvöru, að sú þröngsýni ríki lengi, að ekki verði smámsaman höggið af nesinu og lagt undir Reykjavík. En menn eru svo smámunasamir, að þeir geta frekar fallist á, að þetta sje gert í smáskömtum.

Af því að við flm. þessa frv. höfum nú verið svo óhepnir að fara fram á, að alt nesið yrði sameinað Reykjavík, þá hefir því verið tekið illa hjer í hv. deild. Ef við hefðum aðeins tekið Skildinganes út úr og skilið eftir Þormóðsstaði og Melshús, þá geri jeg ráð fyrir, að það hefði gengið fram. Hjer í Reykjavík búa nú um 26 þús. manns, svo að það er eðlilegt, að þeir vilji gæta sinna hagsmuna og sporna við því, að reist verði dýr hafnarvirki í grend við bæinn. Hjer er ekki um neina úlfsgræðgi að ræða. Það er ekki verið að sækjast eftir grasnytjum á Seltjarnarnesi. Það á sjerstaklega að leggja undir umráð bæjarins lönd og lóðir á nesinu, sem ýmsir borgarar í bænum eiga. Þar eru bæði fiskþurkunarstæði og óræktuð lönd, sem bærinn þarf að fá. Hjer er fjöldi manna í bænum, sem er það brýn nauðsyn að fá land til að rækta. Þetta geri jeg ráð fyrir, að háttv. þingmönnum skiljist. Íbúum Seltjarnarneshrepps er enginn óleikur gerður með þessu. Það er yfirleitt engum til meins. Vona jeg því, að hv. þingd. líti á þetta sjálfsagða þrifamál Reykjavíkurbæjar með velvilja. En það er eins og mönnum hrjósi hugur við að sjá það borið hjer fram, að Seltjarnarnes verði í einu lagi sameinað Reykjavík. Það er nú kunnugt, að fyrir þröngsýni þeirra manna, er sátu í bæjarstjórn Reykjavíkur á fyrri árum, náði bærinn ekki umráðum á nærliggjandi löndum. Jeg man eftir því, að Tryggvi Gunnarsson vildi, að bærinn keypti Skildinganes, sem þá hefði mátt fá fyrir lítið og leggja undir bæinn. En þá þótti nóg af holtum og melum í bæjarlandinu; þá voru menn of skammsýnir til að sjá, að þar voru ágæt skilyrði fyrir höfn, er gæti kept við Reykjavíkurhöfn. En hvað hefir nú komið á daginn?

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. En jeg vil bæta því við, að Reykjavík er nú sem stendur skyldug og ekki skyldug til þess að láta Seltjarnarnesbúa fá rafmagn og vatn; því að það er bundið því skilyrði, að bærinn sje aflögufær í þessum efnum, en það er hann eiginlega ekki nú. En jeg tel sjálfsagt, að þeim yrði miðlað bæði rafmagni og vatni í hlutfalli við bæinn, ef nesið væri sameinað bænum.

Reykjavíkurbúar hafa sókst eftir að eignast lönd í Seltjarnarneshreppi, og eru þeir nú búnir að ná eignarhaldi á þeim alla leið vestur að barnaskólahúsinu, og eitthvað af nesinu þar fyrir sunnan mun vera eign Reykjavíkurborgara. Þá er aðeins eftir að fá þessar eignir þeirra undir yfirráð bæjarfjelagsins, til þess að eigendur þeirra greiði hin lögmætu gjöld sín á einum og sama stað og beri óskorað byrðar bæjarfjelagsins í rjettu hlutfalli við aðra samborgara sína hjer í bænum. Það má heldur ekki koma fyrir, að bygt verði smáþorp í sveit hjer í grend við bæinn í fullkominni óreiðu og skipulagslaust,

sem þó mun síðar verða sameinað Reykjavík, og jeg tel óráðlegt, að þar verði bygð höfn til að keppa við samskonar mannvirki í Reykjavík.

Þegar þetta er nú alt athugað, annarsvegar það, að Reykjavík veitir Seltjarnarnesbúum nálega alt sjer til framfæris, nema jarðargróðann, og hinsvegar, að Seltirningar geta með ráðstöfunum sínum orðið bænum skaðlegir, þá er nauðsynlegt, að litið sje með sanngirni á þetta mál, og vænti jeg því, að það verði lagað svo í meðferð þingsins, að það nái fram að ganga. Auðvitað dettur engum annað í hug en að Reykjavíkurbær verði að greiða mikla fjárfúlgu fyrir þau rjettindi, sem frv. áskilur honum. Reykjavík verður að gera hlutaðeigandi sveitar- og sýslufjelagi full skil fyrir missi þeirra tekjulinda, sem þau verða fyrir.

Jeg vildi með þessum fáu orðum sýna fram á, að með þessu frv. er ekki verið að ásælast með úlfsgræðgi það, sem öðrum tilheyrir. Hjer er um sanngirnismál að ræða; eitt af framtíðarmálum þessa bæjarfjelags, sem hlýtur að ganga fram fyr eða síðar, af því að allir hljóta að verða að lokum sammála um nauðsyn þess fyrir bæinn.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki tefja hv. deild lengi í þessu máli. Þegar fyrri hluti þessarar umræðu fór fram á dögunum, hafði jeg skrifað ýmsa punkta hjá mjer, en hefi nú týnt þeim. Jeg hafði hugsað mjer að vísa á bug ýmsum ómaklegum ákúrum í ræðu hv. þingm. Mýr. (BÁ). Háttv. þm. líkti Reykjavík við magra kú. Þetta eru mjög ómakleg ummæli og algerlega óviðeigandi. Hvað sem annars má um höfuðstaðinn okkar segja, þá er það víst, að hann hefir ekki reynst nein mögur kýr í þjóðarbúinu, heldur þvert á móti.

Hitt geri jeg ráð fyrir, að hafi meira verið sagt í gamni, að Reykjavík væri eins og hin verstu kvikindi, sem ætu sín afkvæmi; og síðar í ræðu sinni líkti hann henni svo við sjálfan skrattann, sem tekur fyrst litlafingurinn.

Jeg er alveg hissa á því, hvernig hv. þm. tekur í þetta mál. Það var dálitið annað hljóð í honum á þinginu í fyrra, í samskonar máli, sem þá var hjer til umræðu, um að heimila Ísafjarðarkaupstað að fá keypta jörðina Tungu í Eyrarhreppi. Að vísu greiddi hann þá atkvæði á móti því, af því að það væri ekki nógu vel undirbúið, en hann fór mjög hlýlegum orðum um það, eins og jeg skal nú minna hann á, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg skal geta þess, út af máli því, sem nú liggur fyrir, að mjer finst eins og komið er, þegar Ísafjörður er búinn að eignast jörðina og farinn að nytja hana, þá sje það sjálfsagt að leggja hana undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðar".

Hjer dæmir hv. þm. með sanngirni um samskonar kröfu og hjer er gerð í því frv., sem fyrir liggur; hann greiðir að vísu atkv. á móti málinu þá, en talar um að það sje sanngjarnt, að hreppurinn láti af hendi land, sem kaupstaðinn langaði til að fá undir sín umráð, sjer til hagsmuna. En nú veit hann varla, hvaða ókvæðaorð hann á að nota um Reykjavík í alveg samskonar máli. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta.

En út af orðasveim, sem jeg hefi heyrt um það, að í ráði væri, að þetta frv. eigi ekki að fá að komast til nefndar, vil jeg spyrja, hvort hv. þdm. finst það vera sómasamleg afgreiðsla á þessu mikla áhugamáli Reykjavíkurbæjar, að neita

um, að það fái athugun í nefnd. Jeg hefi áður bent á það, að þó að jeg væri ekki að öllu leyti ánægður með þetta frv., þá mætti lagfæra það í nefnd. Nefndin hefði það þá í sinni hendi að fara ekki fram á annað en það, sem öll sanngirni mælir með og samkomulag næðist um við hlutaðeigandi sýslufjelag. Mjer finst það alveg ósæmilegt, ef hv. þdm. neita um, að málið fái að komast til nefndar. Það eru ekki svo mikil útlát í því.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er svo langt síðan fyrri hluti þessarar umræðu fór fram, að jeg er búinn að gleyma flestu af því, sem jeg þurfti og ætlaði að svara. En það var aðallega út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði í sinni ræðu, sem jeg vildi tala. Hann neitaði því, sem jeg þá skýrði frá, hvernig það slæddist inn í lögin, að Reykjavíkurbær væri skyldugur til þess að láta Seltirningum í tje bæði vatn og rafmagn. Jeg hefi nú athugað þetta síðan nokkru nánar. Háttv. þm. hjelt því fram, að jeg hefði farið með vísvitandi ósannindi um þetta efni. Samkvæmt viðtali við borgarstjóra Reykjavíkur get jeg fullyrt, að það hafði aldrei verið minst á það við Reykjavíkurbæ, að þetta yrði gert. En það var Jón Þorláksson, sem hafði framsögu í þessu máli af hálfu allshn. Og hann bar fram á milli 2. og 3. umr. brtt. við frv. um þessi atriði, án þess að bera það undir bæjarstjórn Reykjavíkur og án vitundar og samþykkis sumra meðnefndarmanna sinna. Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá var orðið fult samkomulag á milli Reykjavíkur og Seltjarnarnesbúa í málinu, án þess nokkuð væri minst á, að þeir fengju afnot af vatnsleiðslu og rafmagni frá bænum. Innlimunin var samþykt og nefndarál. undirritað af Jóni Þorlákssyni og Magnúsi Guðmundssyni, meðal annara nefndarmanna, án slíkra skilyrða. Þessum skilyrðum Seltjarnarneshreppsbúa er því beinlínis bætt inn í lögin og farið aftan að Reykjavíkurbæ með þau. Það var erfitt að gera sjer grein fyrir þessu, af því að Jón Þorláksson var þá þm. Reykv. Mjer var þá ekki kunnugt um það, að Jón Þorláksson hefði átt land í Skildinganesi. En eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. (ÓTh) gaf um að þar hefði átt á landi Jóns Þorlákssonar í Skildinganesi að reisa skipasmíðastöð, þá er það vitanlega augljóst, að honum gat komið það vel að fá þangað leitt bæði vatn og rafmagn frá bænum. Má af þessu hver og einn dæma, hvort jeg hafi ekki farið með rjett mál, og jafnframt sjá fádæma ósvífni hv. 2. þm. G.-K., að þræta fyrir það, sem svo auðveldlega er sannanlegt.

Þá gat hv. 2. þm. G.-K. þess, út af því, sem jeg benti á, að Kveldúlfur ætti eignir á Melshúsum á Seltjarnarnesi, utan Reykjavíkurumdæmis, að það skifti sig litlu máli, af því að það væri lagt á alla veltu fjelagsins og starfsemi hjer í bænum, hvað sem Melshúsum liði. Hann talaði um þetta með svo miklum hroka, að jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp úr útsvarslögunum nokkur orð um gjaldskyldu til sveitar:

„Leggja skal samkvæmt 1. málsgr. á allar eignir manns og tekjur á útsvarsárinu, hvar sem þeirra er aflað; þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum:

a. Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
b. Ef hann hefir leiguliðaafnot, þótt

ekki fylgi ábúð, þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans."

Þetta er svo skýrt, að jafnvel háttv. þm., sem skilur ekki altaf einföldustu hluti, ætti að sjá, að á þessar eignir Kveldúlfsfjel. getur Reykjavíkurbær ekki lagt. Jeg vona, að háttv. þm. lýsi því yfir næst þegar hann stekkur upp, að þetta geti hann þó skilið, og taki aftur fyrri orð sín um þetta atriði.

Þá kom háttv. þm. með ósæmilegar getgátur í minn garð um það, að jeg hefði kært útsvar British Petroleum Co. í Reykjavík. Þetta er alls ekki rjett, því að útsvarið hefir ekki verið kært, heldur greitt eins og það var jafnað niður. Hjer er því aðeins um að ræða eitt af hinum alþektu vindhöggum háttv. þm. En hitt er annað mál, að Olíuverslun Íslands, sem jeg er forstjóri fyrir og er alíslenskt fjelag, hefir vísað til meðferðar dómstólanna kæru út af útsvari, sem lagt var á það fjelag í einum kaupstað hjer á landi, þar sem umboðsmaður fjelagsins hefir steinolíubirgðir. En jeg vænti, að fáir sjái nokkuð athugavert við það, því að hver borgari hefir auðvitað fullan rjett til þess að leita úrskurðar dómstólanna um, hvort lögmæt sje álagning útsvars einstakra sveitar- og bæjarfjelaga. Þeim rjetti mundi enginn borgari vilja sleppa, og þessi háttv. þm. ekki fremur en aðrir. Þess vegna þarf ekkert um þetta að tala, því að varla mun vera hægt að lá mönnum, að þeir vilji aðeins hlíta lögum landsins. Hitt er að nokkru leyti rjett, að sem yfirskattanefndarmaður hjer í Reykjavík vildi jeg, að lagt væri á Shell-fjelagið hjer í bænum. En ef ágreiningur risi í yfirskattanefndinni út af útsvari þess fjelags hjer í bænum — sem ekki er nú til að dreifa, þar sem fjelagið kemst hjá úsvari hjer í bænum, með því að Skildinganes er aðsetursstaður fjelagsins og er enn utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur —, þá mundi jeg ganga úr nefndinni og ekki dæma um það mál, heldur varamaður minn. Hjer er því um að ræða enn eitt vindhöggið hjá hv. þm., sem hann er nú orðinn ærið óspar á.

Háttv. þm. Mýr. (BÁ) rjeðst með ákefð og miklum gífuryrðum gegn þessu máli. Mjer skildist, að ástæður hans væru á þá leið, að bændur í Seltjarnarneshreppi mundu verða ofurliði bornir af Reykvíkingum og vald sveitarbúa yfir þeirra eigin málum rýrna. Ef þessu yrði þannig varið, þá mætti það teljast nokkurt atriði í málinu fyrir suma menn. En nú eru mjög fáir bændur á nesinu, og tekjur fæstra þeirra stafa aðallega af sveitabúskap, heldur af ýmsu öðru, sem stendur í sambandi við nálægð bæjarins. Og þess má geta, að ef vöxtur hreppsins heldur áfram í sama horfi og nú, þá verða bændur og skyldulið þeirra komnir í mikinn minni hluta fyrir bæjarmönnum í hreppnum við atkvæðagreiðslur eftir 2—3 ár. Það veitir þeim því enga vernd sem bændum að vera sjerstakt lögsagnarumdæmi. Nú eru að myndast í hreppnum útbæir frá Reykjavík frammi á nesi og við Skerjafjörð. Í þessum þorpum vex upp atvinnulíf, sem á alls ekki heima í sveit, heldur undir bæjarskipulagi. Það er hvorki rjettlátt nje eðlilegt, að einstakir svokallaðir bændur græði fje á því einu að kaupa jarðir í hreppnum, og búta þær svo sundur og selja sem kaupstaðarlóðir án þess að bera byrðar

kaupstaðarins, sem þeir ætla að græða á. Eða að einstakir borgarar í Reykjavík fái aðstöðu til að búa nálega skattfrjálsir við stóriðju rjett utan við merkjalínu bæjarins, en að framfærsla allra fátæklinga, sem verða af stóriðjunni, og þeirra, sem við fyrirtækin vinna, hvíli á Reykjavíkurbæ. Ennfremur má benda á, að ef Skildinganesþorp verður utan við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og heldur áfram að stækka og þróast í sama stíl og verið hefir, þá verður það ekki reist eftir neinu fyrirmyndar skipulagi, heldur skipulagslaust, óreglulega og Íslendingum til vansa. Búast má við, að húsaskipunin verði þar mjög óregluleg. Nú er óðum verið að flytja þangað hús úr Reykjavík, sem ekki mega vera þar, en þykja nógu góð handa Skildinganesi. Þar er engin heilbrigðissamþykt og ekkert þvílíkt eftirlit, og lögregluvaldið verður að sækja til Hafnarfjarðar, sem venjulega er ógerlegt, svo að þar verður einnig gróðrarstía áfengissala og annara siðleysingja, sem þurfa að lifa óhultir í skugganum. Sjá allir, hve óheppilegt það er, og er því óviðunanlegra, sem íbúum fjölgar meira.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að þótt þetta land yrði lagt undir Reykjavík, væri hætt við, að það bæri lítinn árangur viðvíkjandi sköttum. Auðmennirnir gætu eins flutt sig upp í Mosfellssveit, ef þeim byði svo við að horfa, og búið þar þótt þeir stunduðu atvinnu í Reykjavík. Jeg hefi ekki mikla trú á því, að svo yrði, því að upp í Mosfellssveit eru að minsta kosti 7—8 km., og væri dálitlum erfiðleikum bundið að stunda atvinnu hjer í Reykjavík þaðan allan ársins hring. Auk þess býst jeg við því, að efnamönnum þætti ekki eins vistlegt þar, og mundu þeir sakna þess að hafa ekki vatnsleiðslu, rafmagn og gas, sem þeir eru vanir. Þá gat háttv. þm. um bæina Frederiksberg og Kaupmannahöfn í þessu sambandi, benti á, að þeir bæir væru samvaxnir, og skildist mjer, að hann vildi láta rísa upp einskonar Friðriksberg hjer í Skildinganesi. Það má auðvitað hugsa sjer, að þar gæti risið upp annar bær, en jeg álít, að það væri mjög óheppilegt. Þeir, sem kunnugir eru högum Dana, vita, að þetta hefir leitt af sjer miklar deilur á milli bæjanna; ríka fólkið hefir flutt út á Friðriksberg, en skilið fátæka fólkið eftir í Kaupmannahöfn, og hafa þannig myndast tveggja stjetta bæir. Það kann að vera, að hv. 2. þm. G.-K. þyki þetta fyrirmynd, en mjer finst það ekki.

Skal jeg nú ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni, en vænti þess, að því verði vísað til nefndar. Og þótt jeg álíti rjettast, að allur hreppurinn verði lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, mundi jeg geta fallist á minna en það, sjerstaklega að Skildinganes og framhluti Seltjarnarness yrðu innlimuð í Reykjavík. — Hinsvegar treysti jeg því, að hv. þd. skilji rjettmæti þessarar kröfu.

Ólafur Thors: Jeg tók eftir því, að hæstv. forseti ljet þess ekki getið, að um stutta athugasemd væri að ræða, svo að jeg vona, að hann líti á mig sem einskonar frsm. minni hl., enda þótt málið hafi ekki ennþá farið til nefndar.

Mjer þótti leitt að geta ekki heyrt alla ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), því að jeg veit, að hann muni hafa fært fram skynsamlegri rök máli sínu til stuðnings en hv. 2. þm. Reykv. (HV).

Jeg heyrði þó dálítið brot af ræðu hv. þm., og vil jeg víkja nokkrum orðum að þeim rökum, er hann þar færði fram.

Hv. þm. gat þess, að sú leið, sem flm. hafi valið, væri kannske óheppileg, sú, að allur hreppurinn yrði lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í einu. Menn hefðu síður veigrað sjer við að láta af hendi nokkurn hluta hreppsins, en því hefðu þeir borið till. sína þannig fram, að síðar myndi koma að því, að allur hreppurinn yrði innlimaður í Reykjavík. Jeg vil biðja alla hv. þdm. að athuga vel þessa umsögn.

Það, sem fyrir Reykjavík vakir, er það, að bærinn vill fá allan þennan hrepp, og flm. hafa verið svo „óhyggnir" að segja nú þegar hreinskilnislega frá þessu. En nú heyrist mjer þeir hálfsjá eftir hreinskilninni. Það er þess vegna full þörf á því, að þeir, sem vilja vernda hag hreppsins, sjeu nú þegar á varðbergi á þessu stigi málsins. Þá sagði hv. þm. það einnig, að það gæti orkað nokkurs tvímælis, hvort Reykjavík bæri skylda til þess að láta Seltirningum í tje vatn og rafmagn, því að það væri bundið við getu Reykjavíkur. En svo bætti hv. þm. því við, að ef Seltirningar seldu frelsi sitt í hendur Reykvíkingum, fengju þeir þessi rjettindi.

Ef Reykjavík er aflögufær um vatn og rafmagn, vænti jeg, að það verði afhent Seltjarnarneshreppi refjalaust, og víst er um það, að ekki eykst vatn nje rafmagn við innlimun hreppsins. En annars hika jeg ekki við að fullyrða, að Seltirningar vilja heldur vera án þessara rjettinda, sem þeir þó hafa keypt eftir lögunum frá 1923, en að kaupa þau á ný með frelsi sínu.

Jeg skil það vel, að Reykjavík vilji reyna að ná undir sig þeim stað, sem kept getur við hina dýru höfn Reykjavíkur, en jeg skil það líka, að þeir, sem eiga slíkan hafnarstað, vilji ekki láta hann af hendi. Jeg hefi aldrei neitað því, að það sje hagsmunamál Reykjavíkur að innlima þennan hrepp, en það er hagsmunamál Seltirninga að vera óháðir Reykjavík.

Hitt er ekki rjett, að Reykjavík veiti Seltirningum alt viðurværi, annað en landbúnaðurinn lætur þeim í tje. Eitt útgerðarfjelag, „Kári", hefir bækistöð sína í hreppnum og gerir út 3 togara. En það fjelag á ekki fremur skylt við Reykjavík en aðra landshluta. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir því, að atvinna frá öðrum fjelögum, sem annars hafa aðsetur sitt í Reykjavík, sje frá Reykjavík tekin.

Þá gat hv. þm. (JÓl) þess, af meðfæddri sanngirni sinni, að Reykjavík yrði að sjálfsögðu að borga sýslunni ríflega upphæð, — og fer sú upphæð vaxandi, eftir því sem skiftin draga st, bætti hann við. Þetta er rjett, og það er því út af fyrir sig hagsmunamál sýslunnar, að skiftin fari sem seinast fram, en mín krafa er sú, að þau fari aldrei fram.

Hv. þm. lauk máli sínu þannig, að allir væru sammála um það, að nauðsynlegt væri, að þessi skifti fari fram fyr eða síðar.

Nei, svo er ekki; það er hagsmunamál Reykjavíkur, en það er gegn hagsmunum Seltirninga, að þessi innlimun fari fram.

Jeg hefi verið nokkuð fjölorður um ræðu hv. 3. þm. Reykv. og rök hans, en jeg get orðið fáorður um ræðu hv. 2. þm. Reykv. (HV), því að þar var

fátt um rök, eins og jeg hafði líka væntst.

Hv. þm. sagði, að læðst hefði verið aftan að Reykvíkingum og kröfunni um vatn og rafmagn hafi verið „lætt“ inn í lögin frá 1923. — Seltirningar settu þetta sem skilyrði, og gekk Reykjavík að því. Reykvíkingum var í sjálfsvald sett að hafna kostunum, ef þeim þóttu þeir óaðgengilegir.

Þá sagði hv. þm. í síðustu ræðu sinni, að sjer hafi ekki verið kunnugt um, að formaður Íhaldsflokksins hafi átt land í Skildinganesi, en áður hafði hann sagt, að formaðurinn hafi lætt ákvæðinu um vatn og rafmagn inn í lögin í eiginhagsmunaskyni. — Það er ekki nýtt, að þessi hv. þm. beri slíkar sakir á andstæðingana, gersamlega út í bláinn.

Jeg get verið fáorður um það, sem hv. þm. sagði um útsvör Kveldúlfsfjelagsins. Aðeins vil jeg geta þess, að það væri gróði fyrir það fjelag, að innlimun færi fram, því að jeg veit, að í Reykjavík eru lögð útsvör á fjelagið í einu lagi, líka á starfsemi þess í Seltjarnarneshreppi. Hitt skal jeg játa, að jeg hefi ekki kynt mjer lagafyrirmæli í þessum efnum, enda hefi jeg ekki sömu ríku löngun til þess að koma mjer undan útsvörum og umboðsmaður British Petroleum, hv. 2. þm. Reykv. Hann, sem var að nauða og nauða á því við hlutaðeigandi yfirvöld að fá útsvarið minkað, þangað til hann fjekk það lækkað ofan í ⅓. (**HV**: Hjá hvaða yfirvöldum?). Jeg veit ekki, hvort það var hjá bæjarstjórn eða niðurjöfnunarnefnd, en hitt er víst, að hann var þangað til að nauða á þessu, að hann gat haft 7—8 þús. kr. af íslenskum hagsmunum til handa erlendu fyrirtæki, sem hann er ætíð reiðubúinn að þjóna eftir bestu getu.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) studdi hv. 2. þm. Reykv. (HV) og hjelt því fram, að ósæmilegt væri að vísa málinu eigi til nefndar.

Í 42. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga er sýslum og hreppum tryggður umsagnarrjettur, áður en löggjafinn kveður upp úrskurð um slík skifti. Ennfremur eru í 3. gr. sömu laga ströng ákvæði um, að skiftin megi ekki fara fram nema hlutaðeigandi hreppsnefndir sjeu breytingunum samþykkar. Og í nál. á þingskj. 155 frá í fyrra segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Um ákvæði 3. gr. um að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum, vill nefndin taka það fram, að hún telur, að enga slíka breytingu megi gera, nema allar hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, sjeu breytingunni samþykkar.“ Þetta var álit hv. 2. þm. Reykv. í fyrra, áður en hann fór að hlaupa erinda Reykjavíkurbæjar. Og þegar ákvæði laganna eru svo ströng, er þá ekki ósæmilegt að flytja slíkt frv. sem þetta inn í þingið, án þess að hafa svo mikið sem leitað umsagnar hlutaðeigandi sýslu og hrepps?

Annars eru öll rök gegn þessu máli, og þau hafa nú verið borin fram af hv. þm. Mýr. (BÁ) og mjer, skýr og tvímælalaus, og sje jeg ekki ástæðu til þess að endurtaka þau.

Bjarni Ásgeirsson: Jeg hefi fáu að svara, því að hv. 2. þm. G.-K. hefir svarað flestu í ræðu hv. 2. þm. Reykv. En hv. þm. (ÓTh) heyrði ekki nokk-

urn hluta ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), og vil jeg því svara ýmsu úr ræðu hans.

Hv. 3. þm. Reykv. hóf ræðu sína á því, að á bak við frv. þetta stæðu 26 þús. manna, og væri því ekki að efa, að krafa frv. væri rjettmæt. Með öðrum orðum, hjer á sá sterki að ráða, en hinn veikari að láta í minni pokann.

Jeg held því fram, að rjettur hins veikari sje jafnmikill og heilagur og rjettur hins sterka, og að jafnt beri að taka tillit til rjettar og hagsmuna 26 manna og 26 þús. manna. Hitt er kenning úr grárri fornöld, og litt sæmandi að bera slíkt fram hjer á Alþingi.

Sami hv. þm. sagði, að hjer væri ekki um neina úlfsgræðgi að ræða; þetta sje hagsmunamál Reykjavíkur. En eru það ekki hagsmunir úlfsins, er láta til sín taka, er hann svelgir lambið? Hjer er sama græðgin á ferðinni, sem gín yfir þessum hreppi.

Þá sagði hv. þm., að iðulega yrði foreldrið að setjast í skjól afkvæmisins. — Það er alveg rjett, en það er mála sannast, að eftir því sem Reykjavík hefir vaxið, hefir hún sífelt þrengt að Seltjarnarneshreppi, þó að hann sem foreldri hefði átt að vera í þessu skjóli. Og það er vitanlegt, að Seltirningar munu ekki bera annað úr býtum við innlimunina en að borga hærri útsvör, án þess að fá nokkuð aukin hlunnindi fyrir sig.

Reykjavík hefir verið að stinga upp í sig bita og bita af því landi, er næst henni liggur, en jeg sje ekki, að neitt rjettlæti sje í því, að alt fari upp í þetta sama gin.

Þá sagði hv. þm. einnig, að það væri skylda Reykjavíkur, eftir að búið er að koma hjer upp svo dýrri höfn, að gæta hagsmuna bæjarins í því efni. Jeg býst við því, að víðar í nágrenninu megi finna hafnir og staði, sem gætu kept við Reykjavíkurhöfn, ekki síður en höfnin í Skildinganesi, og sje það skylda Reykjavíkur að gæta svo sinna hagsmuna, er það áreiðanlega skylda löggjafans að gæta rjettar annara.

Jeg býst við því, að t. d. Hafnarfjörður og Akranes megi þá fara að hafa hægt um sig, og reyndar hvaða staður sem er á landinu, sem getur orðið þess valdandi að draga úr aðrenslinu til Reykjavíkur.

Þá hafa flm. borið það fram sem eina aðalástæðu, að skipulagsleysi á byggingu húsa í Skildinganesi væri svo mikið, að nauðsynlegt væri þeirra hluta vegna að leggja það undir Reykjavík.

Ef skipulagsleysi er um byggingu húsa í sjávarþorpum, þarf að bæta löggjöfina í því efni, því að víðar mun full þörf að veita slíku athygli en í Skildinganesi.

Þá sagði hv. flm., að mótspyrna gegn þessu máli væri þýðingarlaus, því að Reykjavík myndi ná undir sig Seltjarnarneshreppi smátt og smátt. Jeg veit ekki, með hvaða rjetti hv. þm. segir þetta, því að fyrst verður að nást samþ. Alþingis, áður en hv. þm. getur fullyrt þetta, og einhvern tíma kann að verða sagt: hingað og ekki lengra.

Jeg vil taka undir það, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að menn gætu eins flutt sig sinn fyrir Elliðaár eða upp á Kjalarnes, ef þeim byði svo við að horfa.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði, að jeg væri ekki samkvæmur sjálfum mjer í þessu máli, og benti á það, er

innlimun Tungu lá fyrir þinginu í fyrra. Þar var alt öðru máli að gegna, þar sem aðeins var um mjög lítinn hluta hreppsins að ræða, eða eina jörð, en hjer á að gleypa heilan hrepp. — Þó lagði jeg á móti málinu í fyrra, og gætti þar hagsmuna hreppsins. Álit mitt nú er því í fullu samræmi við gerðir mínar í fyrra.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) vildi telja mjer trú um, að jeg væri hjer á villugötum; bændur hefðu hjer engra hagsmuna að gæta.

Jeg vona, að hv. þm. hafi heyrt, að jeg get tekið tillit til annara en bænda. Jeg veit, að fleiri búa í Seltjarnarneshreppi en bændur, og er það með hagsmuni allra hreppsbúa sem heildar, bænda, verkamanna og útgerðarmanna, fyrir augum, að jeg legg á móti frv., svo og vegna allra bænda sýslunnar. En jeg verð að segja það, að eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þá sje jeg ekki betur en að það jafnist nokkuð á báða bóga. Vitanlegt er það, að ýmsir menn stunda atvinnu hjer í Reykjavík, eða í sambandi við Reykjavík, en eiga heima á Seltjarnarnesi, og rennur nokkur hluti útsvars þeirra til Seltjarnarness. En jeg veit ekki betur en að það sjeu stór fyrirtæki á Seltjarnarnesi, þar sem eigendur og framkvæmdarstjórar eiga heima í Reykjavík, og hafa því Reykvíkingar hlunnindi af búsetu þeirra í bænum. Jeg veit ekki annað en að ákvæði sjeu til í útsvarslögunum, sem heimila, að ef útsvör eru miklu þyngri í atvinnusveit heldur en í dvalarsveit, þá geti atvinnusveit krafið inn nokkurn hluta af því útsvari, sem henni bar, ef maðurinn átti þar heima.

Hv. 2. þm. Reykv. vil jeg segja það, að það stappar að minsta kosti svo nærri lögbroti, að ekki er sæmandi, ef þessu máli er sýnd sú virðing að leyfa því í n. Því að það má ekki minna vera en að það, sem kemur fram á þingi, sje nokkurnveginn í samræmi við gildandi lög. Það er ekkert við því að segja, þó að alt Seltjarnarnes verði lagt undir Reykjavík með húð og hári, ef það er gert eftir lögum og eftir samkomulagi við þá menn, sem hlut eiga að máli. En þegar farið er fram á að gera það með því að brjóta rjett á mönnum og að nokkru leyti gildandi lög, — það er ekki þess vert að taka það alvarlega.

Jón Ólafsson: Andmælendur þessa frv. hafa nú sýnt meiri kurteisi í þessum umræðum en áður, en ekki haft jafnmikil stóryrði og við fyrri umr. En jeg verð að segja, að þótt þeir hafi talað af meiri velvilja, þá töluðu þeir ekki að sama skapi af þekkingu; það skorti mjög mikið á.

Það er að vísu alveg rjett hjá hv. 2. þm. G.-K., að það er nokkuð langt gengið, að ætla sjer að taka allan hreppinn í einu skrefi. Það verð jeg að fallast á, vegna þess að það sýnir sig altaf í slíkum málum, að menn vantar yfirleitt víðsýni til þess að geta tekið sporin í einu, vilja oftast smábúta þau niður, venjulega báðum aðiljum til óhags, sem hlut eiga að máli. Þetta er ástæðan til þess, að jeg segi, að það sje yfirsjón okkar flm. að hafa ekki tekið það til greina strax.

Aðalrökin hjá andstöðumönnum málsins var nú frelsi hreppsins. Það er nú þannig ástatt nú, að það er sjálfsagt ekki meira en ⅓ af landinu, sem tilheyrir hinum virkilegu hreppsbú-

um; hitt er komið undir eignar- og yfirráð bæjarins, alt suður að Valhúsi, og á því svæði er meira og minna af mönnum, sem sækja sitt lifibrauð að mestu leyti hingað til Reykjavíkur, aðeins láta skrifa sig þar, til þess að losa sig undan þeim byrðum, sem bæjarbúar óneitanlega hafa bundið sjer með því að leggja út í hin afarkostnaðarsömu mannvirki, svo sem höfnin er. Þessir menn taka heldur ekki þátt í kostnaði af framförum Reykjavíkur, en nota þær sjer til hagsmuna, svo sem aðstaða er til. Og þó að hv. 2. þm. G.-K. segði, að Reykjavíkurhöfn væri dýrasta höfn í heimi, — sem jeg vil mótmæla, — þá er hitt víst, að Reykjavíkurhöfn er einhver nauðsynlegasta höfn í heimi. Þetta held jeg að hann hljóti að viðurkenna. Og allar framfarir á Seltjarnarnesi held jeg hafi bygst á þessu eina mannvirki, sem Reykjavíkurbær rjeðst í. Það þarf þess vegna ekki að tala um það, að atkvæði hreppsbúa eigi að ráða hjer nokkru um. Þeir, sem hafa keypt löndin í hreppnum og flutt sig þangað í þeim eina tilgangi að losna við að bera sameiginlegar byrðar bæjarfjelagsins, eiga sannarlega ekki að vera atkvæðisbærir í þessu máli, sem hjer um ræðir. Þeir nota höfnina, sem aðrir hafa komið upp, án þess að hreppsbúar legðu fram fje til þess fyrirtækis. Þetta er auðvitað mannlegt eðli, að vilja nota sjer slíkt. En það er hinsvegar skylda löggjafarvaldsins að taka í taumana í hverju slíku tilfelli, þar sem svo hagar til sem hjer.

Reykjavík hefir orðið stór bær á stuttum tíma, og þó að mörgum þyki sá vöxtur óeðlilegur, þá er það svo, að móti honum hefir ekki verið hægt að standa, og sýnist ekki hægt í framtíðinni. Verður því að taka fult tillit til þessa vaxtar. Það eru landar okkar, sem búa hjer í Reykjavík, þó að það heyrist á mörgum, að Reykjavík sje ekki eitt að þeim hjeruðum landsmanna, sem þurfi að taka tillit til. Það kom í ljós í frv. (á jeg þar við breyting á fátækralögum), sem fór hjer úr hv. deild; því var aðallega stefnt að Reykjavík. Og viðvíkjandi skattaálögum kemur þetta oft í ljós.

Það dugir ekki fyrir hv. þm. Mýr. að taka sem dæmi Akranes, Kjalarnes o. fl. staði, sem ekki eru í námunda við Reykjavík, því öllum er vitanlegt, sem nokkurt skyn bera á byggingu kauptúna, að það er ekki hægt að byggja upp borg alllangt frá þeirri borg, sem fyrir er, nema með ærnu fjármagni. En hinsvegar er auðvelt að byggja upp stórt hafnarmannvirki suður á nesi, sem noti allan þann iðnað og mannkraft, sem Reykjavík hefir yfir að ráða, og dragi að mörgu leyti frá þeim, sem hjer búa fyrir og hafa starfað að hinum miklu framförum, sem orðið hafa hjer á fáum árum. Þetta er hætta fyrir Reykjavík, sem hv. þm. verða að líta á. Það er ekki hætt við, að landsmenn byggi hafnarmannvirki við Skerjafjörð sjálfir, heldur er hætt við, að útlendingar vilji steypa sjer inn á þessa veigalitlu og mótstöðulitlu staði kringum bæinn, honum til óhags.

Hjer eru 26 þús. manna, og mun sú tala vaxa um 500—1000 á ári, án innflutnings. Þarf því útflutning úr bænum, ef hann á ekki að stækka stöðugt. Þó að Reykjavík, höfuðstaður landsins, sje kannske ekki í svo góðri náð hjá sumum hv. þdm., þá virðist

samt skylda þeirra að líta með sanngirni á rjettmætar kröfur þessara manna, sem hjer í Reykjavík búa, engu síður en annara borgara þessa ríkis, að svo miklu leyti sem löggjafarvaldinu ber skylda til yfirleitt.

Hreppsbúar þurfa ýmislegt hingað að sækja, og munu gera það enn meir í framtíðinni, því að þar er ekkert að hafa, nema lítilfjörlegan jarðargróða og eitthvað af hrognkelsaveiðum. Sáralítið er þar af fiskiútgerð.

Leiðinlegt var að heyra, þegar þessi sami hv. þm. var að tala um það, að framfarir Reykjavíkur hefðu eyðilagt Seltjarnarneshrepp. Það er auðvitað, að framfarirnar gera möguleika hinna, sem ekki hefjast handa, enn minni og ástand þeirra ömurlegra. Jeg geri ráð fyrir, að þessi hv. þm. væri ekki hátt settur í búskaparframkvæmdum, ef hann væri enn með sinn torfljá við ofanafristu og túnasljettun. Það var eins og skilja mætti á hv. þm., að það væri ömurlegt að vita til þess, að hjer væri annað afl til að fiska með heldur en þegar Seltjarnarnesið stóð í mestum blóma, sem var á róðrarbátaöldinni og fram eftir seglskipatímabilinu.

Hjer er ekki um neinn yfirgang að ræða. Það er þvert á móti. Það er aðeins farið fram á það, sem allir vita, að verður í framtíðinni. Því að þetta mál mun skýrast svo í meðferðinni, og til endanlegrar lausnar þessa máls mun varla mjög langt að bíða.

Það er engin ástæða að fara nú út í skatta og álögur. En það gefur að skilja, að það er ekki notasælt fyrir Reykjavíkurbæ að hafa mikið af sínum virkilegu borgurum, sem reka arðsama atvinnu, búsetta rjett fyrir utan bæinn, þar sem þeir standa ekki skil á neinum sköttum til bæjarfjelagsins. Það er algerlega óþolandi, að slíkt ágerist meir og meir. En þetta er þó ekki aðalatriðið, heldur er margt annað, sem getur komið bænum miklu ver, sem sje að það komi hjer þorp og höfn, sem virkilega keppi við þau mannvirki, sem við höfum gert hjer í Reykjavík.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Jeg vona, að hv. deild sýni frv. þá kurteisi að láta það fara til n.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er ekki margt, sem jeg þarf að svara hv. 2. þm. G.-K. Hann sagði fyrst, að Seltirningar hefðu sett skilyrði um það, að þeir fengju rafmagn og vatn, og Reykvíkingar gengið að þeim áður en lögin voru samþ. Jeg hrakti það fyrir honum með því að vísa í orð borgarstjórans í Reykjavík, sem jeg veit, að hann muni standa við og hv. þm. hlýtur að trúa, þó að hann rengi orð mín, sem þó var í bæjarstjórnarnefndinni, sem um þetta fjallaði, og fylgdist altaf með málinu.

Í öðru lagi vísaði jeg í nál. í þessari deild, sem sýnir glögt, að þessi ákvæði voru sett eftir á, án samþykkis Reykvíkinga hjer á þingi, og raunar, að fullkomið samþykki Seltirninga fjekst fyrst á þinginu, — þó að það væri á undan vatns- og rafmagnsgjöfinni. Svo að það mætti svara hv. þm. Mýr. því, að það er ekki fremur komið með þetta mál óundirbúið nú heldur en það var þá, og þótti þó gott þá. En þá var þetta eina veika hálmstrá hjá hv. þm., sem hann hjekk í, — að Reykvíkingar hefðu gengið að þessum skilyrðum með lögum. Ætlar hv. þm. að

fara að prjedika, að menn eigi ekki að hlýða lögum landsins? Jeg hugði annars, að hann mundi einmitt vera vanastur því að hrópa: „lögin í gildi“, hvað sem hann svo gerir í kyrþey. Lögin nr. 46 frá 20. júní 1923 eru alls ekki heimildarlög. Þau fyrirskipa, að þessar jarðir sjeu lagðar undir Reykjavíkurumdæmi, fyrirskipa að greiða ákveðna upphæð fyrir þær, fyrirskipa um vatn og rafmagn. Svo að eina ráðið, sem hv. þm. hefir til að svara þessu, er að segja, að Reykvíkingar hefðu átt að gera uppreist móti lögunum og neita að hlýða þeim. Þetta er eins og hver önnur vitleysa hjá hv. þm., sem að vísu sýnir vilja hans til að vinna þessu mikilsverða máli Reykvíkinga ógagn, en ber hinsvegar ekki sömu merki um vitsmuni hans.

Þá kvað hv. þm. mig hafa sagt, að það væri skiljanlegt, að formaður íhaldsflokksins hefði komið með þessi skilyrði, vegna þess að hann hefði átt land í Skildinganesi þá. Þetta sagði jeg aldrei, heldur hitt, að það væri einkennilegt, að hann væri einn af þeim mönnum, sem stofnuðu fjelag til þess að selja lóðir í Skildinganesi og græða á sölu þeirra, í ljósi þess, að hann hefði borið þessa undanþágu fram, beint á móti vilja kjósenda sinna, Reykvíkinga. En það upplýsti hv. þm., að hann hefði átt landið fyrir þann tíma, og þetta gerir alt málið eðlilegt og skiljanlegt.

Hv. þm. blandaði mjer nokkuð persónulega í þetta og fór á sama hundavaði þar eins og í öðru. Fyrst, að jeg hefði kært fyrir „British Petroleum“. Jeg hygg, að hann verði að taka það aftur, eins og fleira fleipur, sem hann hefir eftir blaðasnápum íhaldsblaðanna. Útsvarið var borgað, og hefir aldrei heyrst, að það hafi verið kært á neinn hátt. Ef hann hefði kynt sjer málið, — en það vil jeg ráðleggja honum yfirleitt framvegis að gera um mál, sem hann vill ræða, — þá hefði hann átt að vita, að það fjelag, sem jeg mundi kæra fyrir, væri fjelagið, sem jeg veitti forstöðu, sem er algerlega íslenskt fjelag. Á „British Petroleum Co.“ var lagt 3 þús. kr. útsvar, en á það fjelag, sem jeg veiti forstöðu, 10 þús. kr. Hinsvegar var lagt 1 þús. kr. útsvar á umboðssölufjelag „Shellfjelagsins“ hjer í bænum, Olíusöluna, og þótti engum mikið, að 10 þús. kr. væru bornar saman við það útsvar. Það útsvar var eftir kæru lækkað niður í eitt þús., en hitt niður í 4 þús. — Jeg tek þetta fram aðeins til að sýna, hvað þessi hv. þm. veit lítið um það, sem hann er að fara með hjer í hv. deild, og hvernig hann blandar öllu saman og gerir úr einn graut í hv. þingmannsheila sínum.

Hann gat þess af miklum þjósti, að ekki kærði hann útsvar fyrir „Kveldúlf“. Ekki er að undra það. Á síðustu árum er það ávalt svo, að fjöldi borgara hjer í bæ bera sig saman við „Kveldúlf“ og vilja fá hækkað á fjelaginu í samanburði við sig. Enda vita allir, að hv. þm. hefir komið þannig fyrir sínum fjelagsskap, — jeg segi ekki á ólöglegan hátt — að „Kveldúlfur“ hefir ekki í fleiri ár borgað tekjuskatt, þó að hann hafi grætt. Að koma fjelaginu þannig fyrir, er hyggilegt af hv. þm. og þeim, sem með honum eru, en það sýnir ekki sjerstaklega mikla löngun til að greiða í ríkissjóð meira heldur en vera ber, nje jafnvel það, sem eðlilegt væri.

Þá fór hv. þm. (ÓTh) að tala um fulltrúa erlends auðvalds. Hv. þm. má athuga það, hvort hann er ekki sjálfur fulltrúi erlends auðvalds. Hann er umboðsmaður fyrir stórt erlent auðvaldsfjelag, Hellyers-bræðra í Hafnarfirði, og hefir alloft komið fram fyrir þeirra hönd hjer á landi, og þeir fyrir hann erlendis. Og ef slíkt er skömm, þá hygg jeg, að hún sitji helst á honum sjálfum.

Ólafur Thors: Það er ekki að mínum vilja, að persónulegar umræður hafa dregist inn í málið. Hv. 2. þm. Reykv. (HV) hefir á mjög óviðeigandi hátt byrjað á þeim, og vil jeg sýna honum aðeins lítinn lit á að svara.

Það er ekki rjett, að jeg hafi umboð fyrir neitt auðfjelag, hvorki Hellyersbræður nje aðra.

Það er heldur ekki rjett, að „Kveldúlfur" hafi ekki borgað tekjuskatt á undanförnum árum. Í fyrra voru það 10 þús. Upp í 100 þús. hafa það orðið í einstökum árum.

Jeg sagði, að hv. þm. hefði kært útsvar „British Petroleum". Ef til vill hefir hann ekki beint kært útsvar B. P., en hann hafði í hótunum á fundi niðurjöfnunarnefndar. En það er rjett, að hann kærði útsvar fyrir olíuverslunina, sem hann veitir forstöðu. Á hana voru lagðar 10 þús. kr. í útsvar, en niðurjöfnunarnefnd færði það niður í 8 þús. kr. Hann ljet sjer það ekki lynda og kærði enn, svo að það var fært niður í 4 þús. Syndin, sem jeg drýgði, er að rugla saman hv. þm. og fjelaginu, sem hann er umboðsmaður fyrir. Þetta er nú engin höfuðsynd, því að jeg rengi ekki, að hann eigi „Olíusöluna". Og það getur verið, að hann eigi líka eitthvað í „British Petroleum". Jeg er nefnilega ekki sammála manninum, sem þótti svo undarlegt, hvernig þessi hv. þm. hefði eignast peninga. Hann sagði frá því í opinberum fyrirlestri nýlega, að ef einhver spyrði sig um fjárhag þessa þm., þá væri hann vanur að svara eins og strákurinn, sem presturinn spurði að því, hvað hann vissi og hvað hann vissi ekki: „Jeg veit, að svínin malarans eru feit, en á hvaða korni þau fitna, það veit jeg ekki." En jeg veit, hvaðan hv. 2. þm. Reykv. kemur fje. Hann er mjög harðdrægur fjármálamaður, — og er jeg þó ekki að efast um, að hann auðgist á heiðarlegan hátt.

Syndin, sem jeg hefi þá drýgt, er sú, að blanda saman að ofurlitlu leyti honum sjálfum og fjelögunum, sem hann ýmist á eða er umboðsmaður fyrir. Jeg veit, að honum er illa við, að þetta sje gert að umræðuefni; en eftir atvikum er hann þó vel að því kominn.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg er ánægður, úr því að hv. þm. G.-K. hefir játað, að hann hafi drýgt ýmsar syndir í þessum umræðum, blandað hlutum saman, sem ekki áttu saman o. s. frv. Jeg vona, að þetta verði honum til viðvörunar framvegis, svo að hann hugsi málið betur, áður en hann talar.

Að öðru leyti hefi jeg ekki ástæðu til að fara út í þetta, nema eitt atriði. Hv. þm. sagði, að jeg hefði farið á fund niðurjöfnunarnefndar og haft í hótunum, ef „British Petroleum" fengi hærra útsvar en áður hefði verið. Fyrst vil jeg þá skýra frá því, sem þó allir hv. þm. vita, að það, sem gerist á fund-

um niðurjöfnunarnefndar, er bundið svo miklu þagnarheiti, að drengskapur er við lagður, svo að það er auðsjeð, að hv. þm. hefir fengið einhvern til að rjúfa þagnarheitið. (ÓTh: Jeg hefi þetta úr opinberum fyrirlestri). Ef svo er, þá er það vísvitandi lygi þess manns, sem sagði. (Forseti hringir). Jeg endurtek það, að það er vísvitandi lygi þess manns, sem þetta hefir sagt. Og jeg vil geta þess, að það er auðvelt með rjettarhöldum að fá staðfesting á því, að í staðinn fyrir að jeg hefði í hótunum, þá skýrði jeg niðurjöfnunarnefnd frá því, sem lögfræðingar yfirleitt álitu í bænum, að það væri mjög vafasamt, hvort hægt væri að leggja á fjelagið, svo að ef lagt yrði á það hátt útsvar, yrði það sennilega gert að dómstólamáli. Það er því ekki hægt að segja, að jeg hafi haft í hótunum, — því að hótun mun enginn skoða það, að skýra frá því, að annar aðilja muni undir gefnum kringumstæðum láta dómstólana skera úr, hvað lög sjeu í landinu, — heldur hef jeg þvert á móti orðið þess valdandi, að bærinn hefir fengið það útsvar, sem annars var honum óvíst.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 17: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JJós, JÓl, MJ, SÁÓ, TrÞ, GunnS, HG, HK,* BSv.

nei: IngB, JAJ, JS, JörB, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

* Með svofeldri greinargerð: Jeg álít málið, vegna umræðnanna, ekki eiga þann rjett á sjer, að því sje vísað í n., en sökum kurteisi við hv. flm. mun jeg segja já.

2. Fyrning skulda.

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda (þmfrv., A. 48).

Á 12. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg mun nú ekki fylgja frv. þessu af stað með löngum formála. Eins og hv. þdm. er kunnugt, lá frv. fyrir þingi í fyrra um sama efni. Lýsti jeg þá tilgangi þeim, sem því er ætlað að ná, og get að mestu vísað til þess nú.

Eins og grg. ber með sjer, þá er tilgangurinn sá, að draga úr skaðlegum áhrifum vissra lánveitinga og varna því, að lánstraustið, sem í sjálfu sjer er góður hlutur, verði misnotað. Taka ákvæði frumvarpsins einkum til þeirrar tegundar lána, sem almennust er, en það eru verslunarlánin. Samkvæmt gildandi lögum fyrnast verslunarskuldir á 4 árum. En önnur ákvæði laganna gera það að verkum, að í raun og veru njóta þessi fyrningarákvæði sín sjaldan, þar sem venjulegast er um framhaldsviðskifti að ræða, og meðan svo er, fyrnist skuldin ekki. Í framkvæmdinni verður þetta því svo, að þessar skuldir verða rjetthærri en ýmsar aðrar, sem þó eiga eftir eðli sínu að hafa meiri rjettarvernd.

Frv. í fyrra var athugað af hv. allshn., er lagði í nál. á móti frv. Nefndin taldi þó tilgang frv. góðan og rjettmætan, en leit svo á, að frv. mundi hefta um of lánstraust manna. En nú liggur fyrir þessu þingi frv., sem breyt-

ir aðstöðu sveitabænda mjög í þessu efni, ef að lögum verður. Það er frv. um sveitabanka. Gangi það fram, þá tel jeg fremur of stutt en of langt gengið í frv. þessu.

Jeg vil svo óska frv. góðra undirtekta og að það gangi að umr. lokinni til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 3 atkv. og til allshn. með 15 : 3 atkv.

Á 18., 19., 20. og 21. fundi í Nd., 9., 11., 12. og 13. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 15. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 48, n. 71).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Tilgangur frv. þessa, sem hjer liggur fyrir, er vitanlega góður, sem sje sá, að reyna að sporna við eyðslu, sem leiðir af of greiðum aðgangi að lánum, og sömuleiðis að reyna að draga úr þeirri skaðsemi, sem ávalt leiðir meira eða minna af lánsverslun. En þó að þetta sje í sjálfu sjer gott og blessað, hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að leggja til, að þessi stytting á fyrningartíma verði lögleidd, eins og viðskiftum er háttað hjer.

Það er fyrst og fremst vegna þess, að menn hafa mjög ógreiðan aðgang að lánsstofnunum þessa lands, enda þótt nokkuð greiðara verði, ef bændur fá sjerstakan búnaðarbanka.

Það vita allir, bæði löglærðir og ólöglærðir, að traustið manna á milli hefir að maklegleikum verið metið mikils bæði fyr og síðar. Kemur það víða fram, og er þá fyrst að nefna, að það sjest best á því, hvern mun á viðurlögum menn í fornöld gerðu á þjófnaði og ránum. Ránin höfðu menn lítið að athuga við, en tóku mjög hart á þjófnaði. Jeg vil benda á það, að það er með tilliti til þess, að þetta verður mjög mikil skerðing á traustinu, ef menn eiga von á því, að hver krafa fyrnist, sem menn hafa stofnað til í góðri trú, ef hún fyrnist á einu ári.

Það er alveg víst, að þetta myndi, ef að lögum yrði, koma mjög hart niður á efnalitlum mönnum, því að þeir hafa ekki jafnan aðgang að peningastofnunum sem aðrir, og þess vegna verða þeir að flýja á náðir þeirra, sem úrlausn geta veitt um vörulán, og þótt það hafi sínar skuggahliðar, þá er ekki gott að gera við því. Þá er og annað, sem skiftir miklu, en það eru viðskifti okkar Íslendinga við önnur lönd, sjerstaklega Norðurlönd. Þar er það þannig, að það er fjögurra ára fyrningarfrestur á þeim skuldum, sem hjer er um ræða, og það mundi óumflýjanlega verða svo hjer, að ógreiðara yrði um lán handa Íslendingum frá þessum löndum. Jeg get hugsað, að hv. flm. myndi svara því til, að menn gætu notað víxla. Það skal viðurkent, að útlendir menn myndu nota það úrræði í framtíðinni, en jeg álít það mjög óheppilegt að fara að venja menn á að nota eingöngu víxlaviðskifti. Jeg vil ennfremur fullyrða, að lagabreyting sú, er hjer er farið fram á, mundi gera Íslendinga tortryggilega í augum útlendinga.

Þá er ein breyting, sem farið er fram á í þessu frv., sem við erum óánægðir með. Höfum við orðað það svo í nál., að það sje ósamrýmanlegt grundvallarreglum laga, nefnil. að það nægi

ekki til að gera kröfu gilda, að maður viðurkenni skuld sína. Þetta er mjög ríkt staðfest í l. nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda, að viðurkenning á skuldum og viðskifti, sem haldið er áfram, gefi þeim kröfugildi.

Það er ein stjett manna, sem myndi græða mjög mikið á þessu; það eru lögfræðingar, sem hafa það fyrir starf að innheimta skuldir. Það myndi gefa þeim mjög mikla atvinnu, og þar sem jeg hefi annað kastið fengist við málfærslu, þá ætti jeg af þeim ástæðum að vera meðmæltur frv., en jeg vil ekki láta það ráða neinu um skoðun mína, og þar sem við vorum þrír lögfræðingar í nefndinni, og þó eiginlega einum betur, nefnil. einn hagfræðingur, en þeir kynna sjer mjög lagahliðina á málum í námi sínu, þá hygg jeg, að hv. þdm. geti tekið fult tillit til okkar röksemda í málinu. En það er ekki svo að skilja, að jeg liggi hv. flm. á hálsi fyrir það, að hann kom með þetta frv., því jeg skil hans hugsun, enda er það að vissu leyti rjett að sporna við lánsverslun. En eins og högum okkar er háttað, þá getum við Íslendingar ekki komist hjá henni.

Halldór Stefánsson: Þetta frv. hefir ekki átt því láni að fagna að fá stuðning nefndar. Hv. allshn. legst enn, eins og fyr, þegar málið hefir verið fyrir henni, einróma á móti því.

Mjer þykir þetta mjög leitt, ekki sjálfs mín vegna, heldur vegna málsins, því jeg álít, að það eigi skilið miklu meiri athygli og betri skilning heldur en hv. n. hefir veitt því. Vil jeg benda á það, að þótt hv. n. kunni að vera óánægð með einhver atriði í frv., þá hefði hún, ef hún hefði viljað sinna málinu frekar, átt að bera fram brtt. eða nýjar till., þar sem hún bæði í nál. sínu og sömuleiðis hv. frsm. hennar nú hefir viðurkent, að tilgangur frv. myndi vera góður og að með samþykt frv. myndi verða nokkur árangur í þá átt, að þessi góði tilgangur náist.

Í ræðu hv. frsm. komu ekki fram neinar aðrar ástæður gegn frv. en þær, sem færðar hafa verið áður í nál., svo að jeg get í því, sem jeg segi, í einu svarað því, sem stendur í nál., og ræðu hv. frsm. n. Jeg ætla þá að víkja að andmælum hv. n. og hv. frsm. til samans.

Það er þá fyrsta ástæðan, að þeir aðilar, sem þetta frv. tekur til, hafi ógreiðan aðgang að lánum. Jeg neita þessu eindregið. Hjer ræðir aðeins um viðskiftalán til eigi lengri tíma en eins árs, og það er alkunnugt, að verslanir eru mjög fúsar á að veita þau lán. Reynslan mótmælir algerlega þessari ástæðu hv. nefndar, því að það mætti frekar segja, að menn hefðu of greiðan aðgang að lánum. Jeg tel ekki holt eða hentugt, að menn hafi greiðari aðgang að slíkum lánum en svo, að þeir sjeu færir um að greiða þau aftur.

Hv. frsm. vjek að sjerstöku atriði í þessu sambandi og sagði, að margir hefðu ógreiðan aðgang að lánsstofnunum þessa lands. Það er svo, að menn hafa það sumir, en með tveimur frv., sem nú liggja fyrir þessu þingi og öll von er um að gangi fram, er ráðin bót á því. Hv. n. hefir tekið þessa ástæðu óbreytta upp frá í fyrra og tekur ekki tillit til breyttra ástæðna, og jeg get bætt því við, að þegar aðeins er um viðskiftalán að ræða fyrir

ársþarfir, þá er það engin brýn nauðsyn að hafa aðgang að sjerstökum lánsstofnunum. Hafi aðilar fengið slík lán hjá viðskiftaverslun sinni, sem ekki er ætlast til að þeir greiði á einu og sama ári, hefðu þeir vitanlega átt að fá þau lán hjá öðrum lánveitendum, og eftir þeim frv., sem nú liggja fyrir þessu þingi, ef þau ná fram að ganga, þá hafa menn rjett og möguleika, svo sem hægt er að veita, til allra tegunda slíkra lána.

Þá segir hv. n., að þetta mundi verða skaðlegur hemill á lánstraust. En hv. frsm. mótmælti þessu í raun og veru sjálfur í ræðu sinni, og jeg neita því einnig, því að hjer er um að ræða aðeins viðskiftalán, sem engin tregða hefir verið á að fá. Höfuðskilyrði allrar efnalegrar afkomu er að eyða ekki meira en aflað er. Það skiftir ekki mestu máli, hvort menn hafa miklar eða litlar tekjur, heldur hitt, að menn láti tekjur sínar hrökkva. Það getur náttúrlega verið vandi að láta litlar tekjur hrökkva fyrir öllum útgjöldum sínum, og jeg játa, að það getur verið mörgum fullörðugt, þó góður vilji sje til að leitast við að gera svo. Gamalt mál segir, að það sje jafnan erfiðara að borga gamla skuld, þegar hún er krafin, en að forðast að mynda hana. Og Ríkarður snauði (þ. e. Benjamín Franklín) segir, að betra sje að ganga svangur en skuldugur til sængur. Jeg álít, að ekki þurfi að taka þessi orð alveg bókstaflega, þó að jeg vitni til þeirra, því að það er vitanlegt, að löngunin, ef eftir henni er látið og tískan krefur meira en þess, sem hægt er að undirskilja, til þess að hægt sje að segja, að menn gangi ekki svangir til sængur, hún krefur meira en brýnustu lífsnauðsynja. — Þessi ástæða hv. n. er því eins og þær tvær aðrar, sem hún hefir borið fram, öfugmæli; það væri alveg rjett að snúa henni við.

Þá kemur sú ástæða hv. n., að óeðlilegt sje, að frábrugðnar reglur gildi um þetta hjer við það, sem er í nálægum viðskiftalöndum. Hv. frsm. dvaldi nokkuð við þetta atriði; veit jeg ekki, hvort heldur á að telja slíkan hugsunarhátt undirlægjuskap eða tylliástæðu. Jeg veit ekki, segi jeg, hvort það þykir ennþá ástæða til að „dependera“ í öllu eftir útlendum fyrirmyndum, eins og okkur hefir verið brugðið um á stundum, en ef þetta er ekki ástæðan, þá er þetta tylliástæða, því að viðskiftum í milli landa er alt öðruvísi háttað heldur en þeim viðskiftum við smásöluverslanir, sem ákvæði frumvarpsins mynduhelst ná til. Vöruviðskiftum við útlönd er alt öðruvísi varið; annaðhvort greiddar við móttöku varanna, eða vörurnar sendar gegn bankaábyrgð, samþyktum víxli eða með sjerstökum, stuttum gjaldfresti, og þegar lán eru fallin í gjalddaga eftir þessum aðalreglum, þá er strax tækifæri til að krefja þau inn. En ef væri um aðrar viðskiftavenjur milli landa að ræða en þessar, ef um ótímabundin lán væri að ræða, þá tel jeg það óeðlilegt og óholt, og teldi jeg ekki vera nema sjálfsagt og gagnlegt að takmarka þau.

Jeg kannast við, að það hefir verið sagt, að Íslendingar reyndust ekki skilamenn í viðskiftum, en það hlýtur þá að vera með lán, sem veitt eru á þennan óeðlilega hátt; jeg held því — eins og fyr var sagt —, að gagnvart útlöndum geti einmitt verið gagnlegt að hafa þessi ákvæði.

Þá segir hv. n., að það sje óviðurkvæmilegt, að viðurkenning skuldar slíti ekki fyrningu hennar. Þetta getur vel verið. Reyndar játa jeg það ekki, en það kemur alls ekki þessu frv. við, því að hjer er ekki um neinn algeran mun að ræða á þessu og því, sem nú gildir; munurinn aðeins sá, að eftir frv. minu þarf styttri tími að líða, þar til viðurkenning slítur fyrningu. Jeg verð því að snúa þessum ummælum hv. n. upp á gildandi lög, ef þau eiga að gilda um frv. mitt. Þau eru því markleysa tóm.

Loks segir hv. nefnd, að það sje ósamrýmanlegt grundvallarreglum laga. Jeg skal nú játa það, að jeg veit ekki vel, hvað nefndin á við með þessu, og gat heldur ekki skilið það af því, sem hv. frsm. sagði, en jeg skal geta þess, að jeg hefi notið hjálpar lögfræðings við samningu þessa frv., og leit hann ekki svo á, að það kæmi neitt í bág við gildandi reglur, og í raun og veru skilst mjer, að hjer sje um hið sama að ræða og í næsta atriði á undan. Hjer er enginn „princip"-munur, heldur aðeins stigsmunur á því, sem gildir, svo að þessi ummæli n. eiga þá ekki heldur við.

Frv. mitt er, eins og jeg hefi getið um áður, bygt á þeirri sannfæringu, að þær fyrningarreglur, sem gilda um þessa tegund lána, eigi mikla sök á þeirri skuldasöfnun, sem er svo illa ræmd. Hv. n. er mjer sammála um þetta, og vil jeg þá víkja nokkru nánar að því. Fyrningarákvæðin eru sem sje þannig, að þau ginna báða aðilja, bæði kaupanda og seljanda. Vegna fyrningarákvæðanna má vera, að kaupandi láti til leiðast að treysta á fremsta hlunn um gjaldgetu sína, en afleiðingin verður sú, að hann getur ekki staðið í fullum skilum, ef þær vonir bregðast. Sama má segja um seljanda. Vegna þessara löngu fyrningarákvæða má vera, að hann hyllist til að láta meira af hendi við kaupanda en hann er fær um að borga á sama ári. Og þar sem verslanir hafa í mörgum tilfellum fleiri vörutegundir en nauðsynjavörur, og um slíkar vörur mun það yfirleitt vera svo, að lagt sje heldur ríflegar á þær heldur en nauðsynjavörur, þá er skiljanlegt, að seljandi hafi meiri áhuga á að koma þeim út en hinum, í von um, þar sem fyrningarfresturinn er svo langur, að það kunni að greiðast síðar, þótt það verði ekki greitt á gjalddaga. Vegna fyrningarákvæðanna láta báðir það gott heita, þótt greiðsla farist fyrir á gjalddaga, og vilja bíða betra færis, sem kemur svo ef til vill aldrei.

Með ákvæðum laganna um, að skuld fyrnist ekki meðan viðskifti aðilja halda áfram, þá getur skuld orðið 20 ára gömul, eða enn eldri, án þess að fyrnast. Þess þekkjast dæmi víða um land, að gengið er að mönnum, svo þeir verða að taka brauðið frá munni sínum og barna sinna, til að standa við 20 ára gamlar skuldbindingar, sem ef til vill var stofnað til í upphafi fyrir óþarfavarning. Það er einkennilegt við þessi ákvæði laganna, um að framhaldandi viðskifti slíti fyrningu, að fyrningarfrestur slíkra skulda verður í raun og veru miklu lengri en ýmsra annara, sem þó er ætlaður lengri fyrningarfrestur í lögunum. Jeg legg meira upp úr þessu atriði frv., að framhald viðskifta verði ekki látið slíta fyrningu, en hinu, að fá fyrningarfrestinn styttan. Það er ekki fyrir það, að jeg

viðurkenni ekki, að rjett myndaðar skuldir eigi rjett á sjer. En þessum skuldum er veittur of mikill rjettur með ákvæðum fyrningarlaganna. Þeim er gefinn meiri rjettur en lífsframfærslunni á líðandi tíma. Og það tel jeg að gefa þeim of mikinn rjett.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Það má segja um hv. flm., að hverjum þykir sinn fugl fagur. Við getum deilt um þetta fram og aftur í mesta bróðerni, en jeg er hræddur um, að árangurinn verði lítill. — Jeg get ekki fallist á, að ekki sje nokkur sönnun fólgin í því, að nefndin hefir öll orðið sammála um að leggja á móti þessu frv. En hitt var rjett, að í ræðu minni tók jeg ekki annað fram en það, sem drepið var á í nál. Þegar jeg sem nál., þá reyni jeg altaf að grípa á höfuðpunktunum, stikla á aðalatriðunum. Þó var það eitt, sem jeg tók fram í ræðu minni og ekki var minst á í nál. Þessi breyting verður aðallega vatn á myllu lögfræðinganna, að minsta kosti fyrst í stað, meðan einhver þorir að lána. Og þessu mótmælti hv. flm. ekki.

Mjer fanst hv. flm. ekki vilja skilja, að það er stórt atriði, að ríkið verndi traust manna á milli í viðskiftum. Þó jeg viðurkenni, að millilandaviðskifti fari tíðast fram með víxlum, þá á hitt sjer og stað, að menn, sem bera fult traust hvor til annars, láti úti vörur gegn engum sjerstökum skilríkjum. Einkum á þetta sjer stað þar sem viðskiftin eru orðin gömul. En aðaláhersluna lagði jeg á það, að þótt erlendar þjóðir ekki nema frjetti, að við höfum stytt fyrningarfrestinn niður í 1 ár og látum framhaldsviðskifti ekki slíta fyrningu, þá dregur það eitt úr lánstrausti landsmanna erlendis.

Hv. flm. gerði mikið úr hinni bættu bankastarfsemi, sem yrði þegar sveitabankarnir og fasteignabankinn kæmust á. Jeg vona að vísu, að að þeim verði mikil not, en er samt ekki svo vongóður að halda, að almenningi veiti af lánstrausti sínu hjá kaupmönnum og kaupfjelögum eftir sem áður, og þá sjerstaklega þeim, er helst þurfa á lánum að halda, efnalausu mönnunum. Jeg veit, að hv. flm. er svo kunnugur viðskiftamálum, að hann þekkir, að menn geta verið borgunarmenn fyrir skuld, þótt þeir geti ekki goldið hana á einu ári. En ef kaupmenn og kaupfjelög eiga von á, að viðskiftaskuldir fyrnist á 1 ári, þá lána þeir ekki öðrum en þeim, sem þeir eru vissir um, að muni borga á því sama ári.

Þá held jeg, að hv. flm. misskilji frv., er hann heldur því fram, að það breyti ekki þeirri reglu fyrningarlaganna, að viðurkenning skuldunauts slíti fyrningarfrestinum. Það gerir frv. með því að fella niður 6. gr. fyrningarlaganna. Skal jeg lesa upp upphaf hennar, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur svo: „Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda, annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti, — eftir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sjer stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eftir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda". — Þessi

gr. leggur hv. flm. til, að feld verði niður, og er þar breyting á því „principi“ fyrningarlaganna, að viðurkenning á skuld sliti fyrningu hennar. Mundi þetta leiða til slíkrar röskunar á núgildandi viðskiftalífi, að n. getur ekki gengið inn á það. Og að segja, að um þetta atriði gildi hið sama samkvæmt frv. og lögunum, það er rangt.

Halldór Stefánsson: Það hefir ekki mikla þýðingu að vera að karpa um þetta við hv. frsm. Jeg býst ekki við, að við getum orðið sammála.

Það er satt, að jeg gleymdi að minnast á þá röksemd hv. frsm., að styttíng fyrningarfrestsins myndi verða vatn á myllu lögfræðinganna, í fyrri ræðu minni. Þetta kann að verða vatn á þeirra myllu rjett í bili. En í framtíðinni yrði það áreiðanlega til þess, að þeir hefðu minna að gera, vegna þess að skuldasöfnun yrði minni. Breytingin myndi valda því, að báðir aðilar verða að viðhafa meiri gætni í skiftum sínum, og að þeim skuldum, sem mynduðust, yrðu þeir að koma undir önnur fyrningarákvæði. Það gætu þeir gert t. d. með víxli eða samningi, og ætti 1 ár að vera nægur tími til þess. — Það er alveg rjett, að ríkið á að vernda lánstraustið manna á milli, en innan skynsamlegra takmarka þó. Spurningin er um það, hvort t. d. 20 ára gamlar skuldir eigi meiri rjett á sjer en nauðsynlegt framfæri lífsins. Jeg vil ekki, að menn sjeu að stofna til skulda og leggja það í skaut framtíðarinnar, hvort þeir geta goldið þær eða ekki. Þennan vatnsgrautarhugsunarhátt hafa fyrningarlögin alið upp í mönnum, og sá sami hugsunarháttur ríkir í nefndinni. Get jeg því ekki vænst þess, að hún líti öðruvísi á málið.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg sje ekki ástæðu til að vera að deila lengur. En jeg skal gefa hv. flm. rjett í einu. Ef við hefðum það góða banka, að kaupmenn og kaupfjelög þyrftu ekki að annast bankastarfsemi, þá gæti þetta frv. ef til vill átt við, en alls ekki eins og nú stendur á. Annars kom ekkert nýtt fram í ræðu hv. flm., og ekki ber hann á móti *misskilningi* hans á því veigamikla atriði, að frv. hans feldi það niður, að viðurkenning á skuld sliti fyrningarfresti, og skal jeg því ekki eyða tímanum frekar, en læt þetta nægja.

ATKVGR.
1. gr. feld með 16 : 2 atkv.
Frv. þar með fallið.

---

3. Einkasala á nauðsynjavörum.

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum (þmfrv. A. 127).

Á 27. fundi í Ed., 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Þó að einkasölumál sjeu engin nýung hjer á Alþingi, þá er þó þetta frv. nokkur nýung og tilbreytni frá þeim, er áður hafa verið hjer á ferðinni.

Eins og sjest á frv., þá er í því gert

ráð fyrir því, að sýslu- og bæjarfjelögum sje heimilt að taka í sínar hendur innflutning og sölu á nauðsynjavörum þann tíma árs, er hætta er á því, að siglingar stöðvist vegna hafíss eða annara hindrana. Frv. á því aðallega við staðhætti norðanlands, þar sem hætt er við hafísreki.

Jeg geri nú ráð fyrir því, að hv. þdm. neiti því ekki, að fylsta ástæða sje til að íhuga slík mál og þetta. Ísahættan er altaf mikil fyrir Norðlendinga, og jafnvel fyrir alt landið, því þess munu finnast dæmi, að hafís hefir verið kringum alt land, nema ef til vill við Breiðafjörð. Það má nú ef til vill segja, að ekki sje nú ástæða til þess að fara að gera ráðstafanir í þessa átt, eftir að við höfum lifað hjer allan þann tíma, er liðinn er frá því á landnámsöld. Og lifað sæmilega, mætti bæta við, þó við höfum auðvitað orðið fyrir mjög þungum búsifjum af völdum íss og eldgosa. En reynsla undanfarinna ára hefði átt að geta gert okkur það framsýnni en forfeður okkar, að við ljetum nú ekki hjá líða að gera einhverjar varnarráðstafanir, þó alt hafi slampast af ennþá. En við verðum að vera við því búnir að taka á móti hafísnum næst þegar hann kemur, því það er áreiðanlegt, að hann kemur, þó það geti vel dregist nokkuð ennþá. Og þó hann komi ekki nema einu sinni eða tvisvar á öld, þá verðum við að gera okkar ráðstafanir eigi að síður.

Það hefir nú þegar verið gert nokkuð að því að setja lög um þau efni, til þess að tryggja þjóðina gegn ís og eldgosum og öðru harðæri. En þó ýms lög hafi verið sett um þetta, þá hefir mjög lítið verið gert að því að framfylgja þeim. T. d. hefir ákvæðunum um korn- og heyforðabúr ekkert verið framfylgt. Frv. það, er Pjetur Jónsson flutti 1921 um einkasölu á kornvörum og sem átti að vera til tryggingar fólki og fjenaði, fjekk ekki betri viðtökur en svo, að því var vísað heim til umsagnar sýslu- og hreppsnefnda, og þar dagaði það uppi, hygg jeg að hafi verið. Af þessu sjest, að menn hafa haft mjög lítinn áhuga á þessum málum, en jeg tel það alls ekki vansalaust að láta afskiftalaust, hvílíka aðstöðu Norðlendingar eiga við að búa, ef ísinn kynni að koma aftur eins mikill og hann var t. d. á 17. og 18. öld og að sjálfsögðu fyr, enda þó fáar sagnir sjeu til um það. Til þess að hv. þdm. verði það enn ljósara, á hverju getur verið von, vil jeg leyfa mjer að lesa upp umsagnir fróðra manna um hafís hjer við land á 17. og 18. öld. Skal jeg t. d. taka það, er Þorvaldur Thoroddsen segir um veturinn 1694. Þá segir hann, að hafi verið ís við Norður- og Austurland alla leið til Eyrarbakka og Vestmannaeyja. 1695 var vetur harður um land alt, með snjóum og norðanstormum, ísalögum, hörkum og frostum. Hafís kom þá snemma að Norðurlandi og lá fram um þing. Um sumarmál var ísinn kominn vestur með landi að sunnan, alla leið að Þorlákshöfn, og 14. apríl 1695 rak hann fyrir Reykjanes inn á Faxaflóa. Rak ísinn þar inn á hverja vík, og mátti ganga á ísum af Akranesi í Hólmakaupstað. Lá hann í flóanum rúmlega fram í vertíðarlok. Að vestan komst ísinn fyrir Látrabjarg, en norðanlands mátti ríða og renna fyrir hvern fjörð um vorkrossmessu.

Þessi lýsing frá 17. öld sýnir okkur,

að ísinn hefir þá legið um alt Ísland, nema lítið eitt af Breiðafirði. Ef við ættum nú að taka á móti slíku ísári, þá stæðum við miklu ver að vígi nú en þá, þó á 17. öld væri. Ástæðan til þess er sú, að nú byggjum við miklu meira á tíðari skipaferðum og notum meira aðkeypta vöru en þá. Þetta gerir þörfina til þess að hefjast nú þegar handa til þess að gera varnarráðstafanir tvöfalda.

Enn má og geta þess, að 1882 lá hafís hjer við land fram á höfuðdag. 1881—1889 voru yfirleitt hin mestu harðæris- og ísaár. Þá voru tekin hallærislán úr landssjóði, er námu 90 þús. kr. Útlendar þjóðir gáfu landsmönnum alt að ½ milj. kr. í hallærisgjöfum, og 2000 Íslendingar flúðu af landi burt til Ameríku. Þetta er öllum rosknum mönnum í svo fersku minni, að ekki þarf að fletta upp skrifuðum heimildum fyrir því. Þó skal jeg til frekari sanninda lesa upp kafla úr pjesa, er Guðmundur Björnson landlæknir gaf út 1913, „Næstu harðindi". Þar stendur á bls. 43, með leyfi hæstv. forseta:

„Harðindin hófust með „frosta-vetrinum mikla 1880—81; hafís var mikill 1881 og 82; grasbrestur mikill sumarið 81, svo tún urðu sumstaðar ekki slegin; veturinn 1881—82 var mjög illur, og vorið aftaka hart, og varð þá geysimikill peningsfellir; þar á ofan var sumarið 82 eitt af þeim verstu, er sögur fara af. Árin 1883 og '84 var tíðarfarið allgott, en ekki svo, að þjóðin gæti rjett sig við, og '85 kom aftur ilt árferði og hjeltst til '88; var allmikill hafís 3 árin í röð, '86—'88; með árinu '87 (sultarárinu) má þó segja, að harðindunum sje lokið."

Menn hafa nú hugsað sjer að byggja fyrir háska, er leiða kynni af hafís, með því að flytja vörur frá Suðurlandi til Norðurlands. En jeg fæ vart skilið, hvernig slíkt ætti að geta orðið, því ef veruleg kreppa yrði, mundi það verða meir en lítið, er flytja þyrfti af vörum, til þess að fullnægja fólki og fjenaði á öllu því svæði, er gæti komið til greina. Ef ís kæmi t. d. á jólaföstu og væri fram á vor og birgja þyrfti upp alt svæðið frá Horni og austur að Langanesi, þá er jeg hræddur um, að það hrykki skamt, ef alt ætti að flytja á sleðum eða á þvílíkan hátt sunnan frá auðum sjó og norður um sveitir. Slíkt er vitanlega fásinna ein. Nei, rjetta leiðin í þessu máli er sú, að birgja bæina og sveitirnar upp um veturnætur með forða, er nægði fram undir fardaga, því sjaldan mun það koma fyrir, að ísinn sje fastur lengra fram eftir sumri. Yrði svo þessi forði notaður yfir veturinn. Það er þessi leið, sem frv. gerir ráð fyrir, að farin verði, en ekki sú, er þó hefir stundum verið talað um í sambandi við þetta mál, að stofna sjerstök korn- og heyforðabúr, þar sem varan lægi ónotuð um lengri tíma. Frv. þetta gerir nú samt ekki ráð fyrir neinum sjerstökum ráðstöfunum hvað heyforða snertir, því það miðast aðallega við kaupstaðarbúa, vegna þess að þeir eru í mestri hættu.

Þó ástandið væri slæmt á 17. og 18. öld, var það björgun þjóðarinnar í hafísárunum, að mestur hluti hennar bjó í sveitum, en ekki í kaupstöðum. Munurinn er nefnilega sá, að í kaupstöðum birgja menn sig upp í mesta lagi til vikunnar, og margir kaupa daglega allar helstu lífsnauðsynjar sínar. Fari því svo, að verslanirnar verði uppi-

skroppa með vörur, er ekki annað fyrir en sulturinn.

Fyrr á árum var þetta aftur á móti svo, að ekki var treyst á vetrarferðir skipanna, og því drógu menn að sjer að haustinu svo mikið, að nægði til vors. Það var því lengi svo, að ísahættan og siglingateppan fór saman, og voru menn því betur undir ísahættuna búnir að því leyti, að þeir þurftu að draga að sjer á haustin hvort eð var.

Menn hafa haft ýmsar hugmyndir um það, hvernig við ættum að haga okkur, ef ísinn spenti greipar sínar um landið eða nokkurn hluta þess, — því altaf má búast við því, og það er barnaskapur að ímynda sjer, að maður sje laus við hann.

Torfi í Ólafsdal reit grein í Búnaðarritið árið 1912, þar sem hann bendir á það, af ef bændur hefðu verið svo forsjálir að leggja 100 krónur á ári í hverjum hreppi í hallærissjóð, og byrjað á því 1841, þá hefðu verið komnar í þann sjóð 3 miljónir króna árið 1881. Hann segir, að ef bændur hefðu verið svona forsjálir, þá hefði verið næstum því gaman að lifa síðustu harðindi, frá 1880—1888. Nú lít jeg svo á, að ekki sje nauðsynlegt að hafa sjerstaka tryggingasjóði, heldur sje tekið upp gamla búskaparlagið, að kaupa inn að haustinu nægilegar birgðir yfir ísháttutímann.

Það eru fleiri en Torfi í Ólafsdal, sem hafa talið nauðsynlegt að mynda sjóði til afnota í hallærum. Einn mætur maður í Svarfaðardal, sem uppi var snemma á 19. öld, hefir gefið mikla upphæð, sem verja skal til bjargar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað, ef harðindi ber að höndum. Þessi maður hjet Jón Sigurðsson. Gjöf hans er nú orðin um 100 þús. krónur í verðbrjefum og fasteignum. Ef við hefðum átt þó ekki væri nema einn slíkan mann í hverri sýslu, þá stæðum við ekki illa að vígi, þó að harðindi bæri að höndum. Það er engan veginn eðlilegt, að aðeins einn maður á öllu landinu skuli hafa gefið fje í slíkan sjóð. Það eðlilegasta er, að hver einasti einstaklingur leggi fram til slíks.

Í kveri eftir Guðmund Björnson, sem jeg las upp úr, segir svo: „1913 voru menn farnir að trúa því, að veðráttan væri orðin breytt til batnaðar"; en það liðu ekki nema tvö ár, þangað til hafísinn ljet sjá sig aftur norðanlands. Hann gerði að vísu ekki mikinn óskunda í það sinn. Þó stytti hann vertíð eyfirskra sjómanna um mánaðartíma. Þá lá ís inni í fjarðarbotni í júlímánuði. Til eru ljósmyndir, sem sýna ísinn á pollinum á Akureyri 25. júlí 1915. Nú liðu ekki nema 3 ár, þangað til ís varð landfastur norðanlands og hamlaði skipagöngum frá því laust eftir nýár og þangað til í apríl. 4. apríl það ár kom skip fyrst inn á Eyjafjörð, og komst ekki lengra en til Hjalteyrar. Þá reyndist landsverslunin okkur hjálparhella, svo að nægar matvörubirgðir lágu norðanlands.

Þorvaldur Thoroddsen segir: „Engin náttúrufyrirbrigði hafa haft jafnmikil áhrif á árferði Íslands eins og hafísinn. Ísinn kemur eins og þjófur á nóttu, nærri alveg reglulaust. Því verða Íslendingar jafnan að vera við honum búnir. Ekki hafa menn neina hugmynd um orsakir ísára, en þau koma oft í hópum, hvert á eftir öðru." (Ísl. II, bls. 390—391).

Þrátt fyrir umsögn hinna fróðustu

manna um harðindi á Íslandi, höldum við, að veðráttufarið sje að breytast svo til batnaðar, að við þurfum ekki að óttast ís og kulda framar. En veðráttan hefir verið góð fyr en í vetur. Árið 1340 fundust til dæmis egg undan fuglum í Flóanum nálægt miðri góu. Og eftir jól árið 1623 var vetur svo góður, að sóleyjargras var sprottið í Skagafirði í síðustu viku vetrar, segir í ísl. annálum. Við þurfum ekki að ímynda okkur, að þó að góð veður hafi verið nú undanfarið, sje svo mikil breyting orðin á veðráttufarinu yfirleitt, að ekki geti komið önnur eins ísaár og til dæmis seint á 17. öldinni, þegar ísinn lukti um alt Ísland. Það er enginn vafi á því, að ísahættan vofir enn yfir okkur, svo að nauðsynlegt er að gera tryggingarráðstafanir gegn henni, og í þeim tilgangi er þetta frv. flutt.

Að lokinni þessari umr. óska jeg, að málinu verði vísað til allshn.

Jón Þorláksson: Jeg þykist vita, að bræður hv. flm. í bandalaginu sýni honum þá kurteisi að lofa þessu máli að fara til nefndar, og hefði jeg þess vegna getað geymt mjer að segja nokkuð um það. En af því að hv. flm. flutti hjer mikla og hjartnæma ræðu, kann jeg ekki við, að ekki sjáist annað en hans ummæli um þetta mál.

Hv. flm. fór mörgum hjartnæmum orðum um hafísahættuna, sem sífelt vofði yfir okkur Íslendingum, og tók það rjettilega fram, að ekki þarf að draga upp mynd af henni fyrir þeim, sem nú eru yfir fimtugt og uppaldir á Norðurlandi. Þó má um hafísahættuna segja, að viðhorf hennar er sem betur fer töluvert annað nú en var á milli 1880 og 1890. Í fyrsta lagi má nú gera sjer fylstu vonir um, að mikil ísalög komi ekki landsmönnum alveg að óvörum, eftir allar þær framfarir í veðurfræði, sem orðið hafa á síðari árum, og daglegar upplýsingar um veðráttu og ísalög annarsstaðar frá. Ennfremur hefir samgöngutækjum farið mikið fram, bæði skipum, sem sjerstaklega er ætlað að glíma við þennan vágest, ísinn, og einnig öðrum samgöngutækjum, bæði á landi og í lofti. Norðurland er því ekki öldungis eins einangrað og afskorið frá samgöngumöguleikum og það var fyrir 40 árum.

Þrátt fyrir þetta skyldi jeg ekki með einu orði leggja á móti skynsamlegum ráðstöfunum til þess að tryggja Norðurland gegn skorti á nauðsynlegum vörutegundum, þegar hafís hindrar samgöngur. En mjer finst það bera vott um undarlegan hugsunarhátt, að fara fram á, að úr slíkri samgönguhindrun verði bætt með því að leggja á annað bann, sem sje lögbann á aðflutningi á þessum nauðsynjavörum. Samkv. frv. því, sem hjer liggur fyrir, á að heimila sýslunefndum að banna þeim, sem fást við innflutning á matvörum, að halda því áfram. Mjer finst þessi hugsunarháttur í raun og veru vera líkastur því, sem við Íslendingar áttum að venjast á sömu öldunum og hafísahættan var mest, nefnilega 17. og 18. öld. Þá voru meira að segja til menn, sem hjeldu, að það væri fyrsta fangaráðið til þess að bjarga mönnum frá því að verða herfang hungursins að banna þeim að fást við að reka verslun eða flytja hingað afurðir. Þeir hugsuðu sem svo: Þessir menn úti á ströndunum eru svo miklir aumingjar, að það er óhugsandi annað en að þeir deyi úr

hungri, ef þeim er leyft að fást við það sjálfum að útvega sjer björg. Jú, þessi einangrun var sett í byrjun 17. aldar og eftir á bar mest á hafísahættunni. Og af hverju? Af því að mannfellir var mestur þá, þegar lögbann á aðflutningi nauðsynjaafurða bættist við þrengingar hafísanna. Nú kemur hv. þm. Ak. og þykist vilja fara þessa gömlu leið einokunarkonunganna frá dögum Kristjáns IV. og næstu alda þar á eftir og ráða bót á hafísahættunni með því að banna með lögum, að menn fáist við að flytja inn matvörur. Við þekkjum mörg dæmi þess, að trúarofstæki hefir blindað svo augu manna, að þeir sáu ekki hinn einfaldasta sannleika. Jeg skil þetta frv. svo, að oftrú hv. flm. á ríkisrekstri hafi blindað hann svo, að hann sjer ekki þann einfalda sannleika, að fyrsta leiðin til þess að afla sjer nauðsynja er sú, að ekki sje bannað með lögum að afla þeirra á heiðarlegan hátt.

Jeg hugsa, að hv. d. muni styðja að þessu máli, en jeg sje enga ástæðu til þess að greiða fyrir tillögum, sem stefna í öfuga átt við þann lofsverða tilgang, sem hv. flm. segir, að fyrir sjer vaki. Það má líka benda á, að það munu nú þegar vera í lögum allmiklar heimildir til þess að gera ráðstafanir í þá átt að fyrirbyggja fóðurskort í harðæri. Það er alkunnugt, að eins og búskap manna er nú háttað, bitnar fóðurskortur í hafísaárum fyrst og fremst á búpeningi landsmanna, en hinsvegar hefir löggjöfin fyrir löngu heimilað ráðstafanir til tryggingar því, að í ísaárum sjeu til nægar fóðurbirgðir handa búpeningi. Þegar svo árar, að nota þarf kornmat handa búpeningi, fara svo miklu meiri kornbirgðir til þess en handa mannfólkinu, svo að ef unnið er að því að tryggja búpeningi fóður, er lika um leið sjeð fyrir því, að ekki þarf að vera hungur manna á meðal af kornmatarleysi.

Allar ráðstafanir í þá átt að tryggja einhvern viðauka við innflutning þann, sem annars er, það er sú skynsamlega leið til þess að fyrirbyggja fóðurskort. En trúin hefir blindað hv. flm. svo, að hann byrjar sínar umbótatillögur á því að áskilja, að lögleitt verði bann gegn því, að þeir, sem flytja inn nauðsynjar, fái að halda því áfram. Til þess get jeg ekki ljeð mitt fylgi.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Það er ekki vandi að ráða í það, að hv. 3. landsk. muni taka til máls, þegar slíkar ræður eru haldnar og ræða mín í þessu máli. Það er alveg eins víst og að við fáum öðruhvoru hafís, að hv. 3. landsk. láti þá ljós visku sinnar og mælsku skína. En hitt kalla jeg merkilegt, að jafnvanur þm. og hv. 3. landsk. er skuli elta þann gamla höfðingja, sem les biblíuna aftur á bak, í því að lesa frv. mitt aftur á bak. Það er skýrt og greinilega tekið fram í frv. mínu, að til þess að banna innflutning þarf fyrst að ganga úr skugga um, að nóg sje til af vörum. Hv. þm. hefir því bókstaflega lesið frv. aftur á bak, eins og myrkrahöfðinginn les biblíuna. Jeg legg fyrst og fremst áherslu á, að nóg sje til, en af því að jeg vil ekki, að fyrir liggi ónotaðar birgðir, þegar hættan er útrunnin, legg jeg til, að innflutningur sje bannaður, þegar nægar eru birgðir.

Hv. 3. landsk. telur hafísahættuna minni nú en áður, af því að við vitum betur um veðráttufar! Jú, jú, jeg veit ekki betur en að næstum daglega nú

að undanförnu hafi komið skeyti hingað um harðari veðráttu í nágrannalöndunum en nokkurn hafði órað fyrir. Því spáði enginn, að á næsta degi mundi frostharka verða svo mikil, sem raun varð á. Svo langt nær veðurfræðin ekki enn hjá nágrannaþjóðunum, og stöndum við þeim þó að baki.

Það er jafnmikil vitleysa að tala um, að við getum sagt fyrir um, hvort ís kemur að landi næsta vetur, eins og þegar hv. 3. landsk. talar um auknar samgöngubætur og minnist á flugvjelar í því sambandi. Jeg verð að segja, að flugvjelarnar þyrftu að vera betri en þær, sem komið hafa hingað til Íslands, ef þær ættu að bjarga Norðurlandi í stórhríðum og hörkufrostum dag eftir dag, og kannske viku eftir viku.

Hv. 3. landsk. talaði um, að við hefðum nú betri skip til þess að ráðast á ísinn. Já, jeg minnist þess, að á síðastliðnu ári var mikið talað um hina frægu för rússneska ísbrjótsins (Krassins) í norðurhöfum við leitina að ítölsku leiðangursmönnunum. En þessi ísbrjótur, sem stórþjóðirnar hafa barist við öldum saman að útbúa, gat ekki unnið á nema þriggja metra þykkum ís. En hvað heldur hv. þm., að t. d. borgarísinn, sem tíðum rekur upp að ströndum landsins, sje miklu þykkari? Jeg hygg, að það muni talsvert mörgum metrum. Hv. þm. virðist halda, að einföld flutningaskip geti ráðist á sterkan hafís, þegar þessi öflugi ísbrjótur gat ekki brotið nema þriggja metra þykkan ís. Nei, þetta er ekki mælt af fávisku hjá hv. þm., heldur segir hann það, eins og margt annað, af oftrú sinni á fávisku annara.

Þá sagði hv. 3. landsk. að jeg hefði talað um, að hætta af hafísalögum hjer við land hefði verið mest á 17. og 18. öld. Jeg benti aðeins á atburði, sem þá hefði gerst; en jeg tel þjóðinni jafnmikla hættu búna af völdum hafíss enn í dag, og því held jeg hiklaust fram.

Hv. 3. landsk. mintist á eitt, sem jeg skildi ekki vel hjá honum, að hjer á landi hefðu menn ekki haft leyfi til að flytja inn kornvörur á 17. og 18. öld. En mjer er ekki ljóst, í hvaða sambandi þetta getur staðið við frv. mitt, sem hjer er um rætt. Samkvæmt því er ætlast til, að ákveðnar stofnanir hjer á landi, sem best eru færar um það, hafi með höndum innflutning nauðsynjavara.

Þá hefi jeg síðast skrifað upp eftir hv. þm. (JÞ) ummæli hans um tryggingarráðstafanir vegna búpenings landsmanna. (JÞ: Jeg talaði ekki um tryggingarráðstöfun, heldur heimildarráðstöfun). Hann skýrði þetta nánar og sagðist eiga við kornforðabúr og heyforðabúr vegna búpenings landsmanna. Hv. þm. heldur, að hættan sje mest vegna búpenings bænda; en svo er ekki. Jeg álít, að þegar flutningar teppast af völdum hafíss og harðinda, þá sje hættan mest fyrir sjávarþorpin og kaupstaðina. Yfirleitt munu sveitabændur ekki fara svo óhyggilega að ráði sínu, að þeir birgi sig ekki með fóðurbirgðum að haustinu fyrir skepnur sínar. — En reynslan er sú, að fólkið í kauptúnunum, sem treystir á fyrirhyggju kaupmanna og verslana, birgir sig ekki að nauðsynjavörum, og er því í voða statt, hvenær sem flutningar teppast til landsins. Reglan er nú orðin sú, að kaupmenn og kaupfjelög flytja ógjarnan meira inn af vörum með hverju skipi en sem svar-

ar mánaðar forða handa fólkinu, sem við verslanirnar skiftir. Og sumstaðar panta verslanir ekki meira en hálfsmánaðar forða í senn.

Jeg þarf ekki að fara fleiri orðum um ræðu hv. 3. landsk. Jafnvel þó að hv. þm. kunni að eiga fleiri orð en jeg í þingtíðindunum í þeim málum, sem við deilum um, þá verður orðum hans yfirleitt ekki trúað.

Jón Þorláksson: Það gladdi mig að heyra á síðustu ræðu hv. flm., að hann er nú byrjaður að flýja frá sínu eigin frv. Hann sagði, að ekki ætti að banna öðrum innflutning á nauðsynjavörum, sem rætt er um í frv., nema það væri áður sannprófað, að nægilegar birgðir væru ekki til á staðnum. (**EF:** Væru til). Já, hv. flm. sagði, að innflutningur yrði ekki bannaður, nema það sannaðist, að nægar birgðir væru ekki fyrirliggjandi. En mjer er spurn: Er nokkur vörn gegn hafishættunni í því, að banna innflutning á nauðsynlegum vörum, þegar nægilegar birgðir eru til fyrirliggjandi í landinu? Það gleður mig, að hv. flm. vill gjarnan breyta þessu. En það stendur í frv., hvort sem það er lesið áfram eða aftur á bak, frá byrjun til enda eða frá enda til upphafs. Það stendur nálega í öllum greinum þess, og jeg get gripið niður í því hvar sem er. Í 4. gr. segir svo: „Þegar bæjarstjórn eða sýslunefnd hefir með samþykt ákveðið að annast innflutning og sölu nauðsynjavara, er öllum öðrum bannaður innflutningur á þeim vörum til bæjarins eða sýslunnar, meðan samþyktin er í gildi. Á öðrum stöðum er komist svo að orði, að fyrst þurfi að rannsaka, hvort nægilegar vörubirgðir sjeu til, og þá er ætlast til, að samþyktin sje ekki notuð, nema vöruskortur sje. Og ef komist verður að raun um það að haustinu í einhverjum kaupstað, t. d. á Akureyri, að ekki eru fyrirliggjandi nægilegar vörubirgðir til fardaga, þó að þar sje myndarlegt kaupfjelag, sem hv. flm. veitir forstöðu, og annað ennþá stærra, og svo margir kaupmenn, þá á bæjarstjórnin að grípa til þessarar heimildar. Ber því að láta slíka athugun fram fara á hverju hausti; og ef rannsókn bæjarstjórnar leiðir í ljós, að vörubirgðirnar eru ekki nógar, þá gripur hún til heimildarinnar um að láta bæjarfjelagið taka einkasölu á nauðsynjavörum, bannar svo öllum öðrum innflutning á þeim, líklega til næstu fardaga, en um það er ekkert skýrt fram tekið í frv.

Jeg vona, að þó að hv. flm. vildi eigi opinberlega viðurkenna það áður, þá hafi jeg nú með þessari ræðu getað komið því inn í huga hans, að það sje ekkert ráð til að bæta úr vöruskorti, að banna öðrum að gera það en þeim sjerstöku stofnunum, sem samkv. þessu frv. verður falin forsjá þeirra mála.

Önnur atriði í ræðu hv. flm. læt jeg mig litlu skifta. Menn vita nú miklu meira en áður um ísrek í höfunum; og veðurskeytin, sem segja fyrir um frosthörkur og stefnur loftstrauma, berast nú daglega um alt land og eru fljótari í förum en ísinn.

Þá var hv. flm. að tala um vöruflutninga með flugvjelum til Norðurlands, en það nefndi jeg ekki sjerstaklega. Hann sagðist hafa mjög mikla ánægju og skemtun af að sjá það eftir mig í þingtíðindunum, að jeg gerði ráð fyrir slíkum flutningum. En jeg bið

hann að gleðjast ekki alt of mikið yfir því, þó að jeg hafi árið 1929 ympraö á því, að ef til vildi gæti það komið til mála að halda uppi flutningum með flugvjelum. Jeg er gróflega hræddur um, að ánægjan muni verða mín megin, en ekki hans megin, yfir þeim dómi, sem framtíðin kann að kveða upp um þessa spá mína um flugvjelaflutninga.

Hv. flm. talaði um isbrjóta og gerði lítið úr þeim. Það má hann gjarnan fyrir mjer. En það er stórkostlegur munur á því, að halda uppi siglingum með þeim flutningatækjum, sem nú tíðkast, eða seglskipunum, sem fluttu vörur til Norðurlands á harðindaárunum 1881—89.

Að síðustu mintist hv. flm. á það, að hættan af flutninga- og vöruskortinum kæmi mest niður á íbúum kaupstaða og sjávarþorpa. Þetta gæti verið rjett, ef kornforðabúr væri á öðrum stað en í sjávarþorpi. En að undanteknu einu hjeraði hagar svo til, að kornforðabúr búfjenaðar í sveitum getur á sömu stöðum orðið forði handa fólkinu. Þannig er því t. d. háttað á Akureyri, þar sem hv. flm. stýrir sjálfur kaupfjelagi.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg tók ekki eftir því, að hv. 3. landsk. var setstur niður, og var því nærri búinn að sleppa tækifærinu til þess að svara honum. Annars tel jeg ekki þörf á að erta hann með langri ræðu. Hv. þm. var eitthvað að hafa eftir mjer mismæli, sem mjer hafði orðið á í fyrri ræðu minni, og ann jeg honum vel frægðarinnar af þeim orðaleik. — Þá var hann að tala um flótta minn frá frv. En hann hefir ekki síður lagt sjálfur á flótta frá fyrri ræðu sinni, þó að hann reyni enn þá að hanga í 4. gr. frv., en samkvæmt henni er að vísu öðrum bannað að flytja inn nauðsynjavörur en þeim, sem samþyktin veitir heimild til á meðan hún er í gildi. (JÞ: Jeg gat líka vísað í 6. gr. frv.). Þegar búið er að ákveða með samþykt, að bæjar- eða sýslufjelög taki í sínar hendur innflutning á nauðsynjavörum, þá er öðrum bannað það eftir ákvæðum 4. gr. og fleiri gr. frv.

Jeg held, að hv. 3. landsk. hafi hugsað, að hann gæti komið mjer á óvart með einhverja sjerstaka speki, með því að reyna að teygja og snúa út úr orðalagi 4. gr. (JÞ: Jeg gat líka lesið 6. gr. frv. fyrir hv. flm.). Ef við hv. 3. landsk. eigum eftir að vera lengi saman hjer í þessari hv. deild, þá ætla jeg að vona, að við getum hallað vöngum hvor framan í annan, sitt á hvað, út af þessu máli og öðrum. — Ójá, hv. 3. landsk. var líka talsvert spekingslegur, þegar hann var að tala um, að veðurspárnar gætu nú orðið aðvarað menn um frosthörkurnar og hafísinn. Jeg verð nú að segja, að mjer finst þetta ekki mikil speki. Jeg vil þá minna á það, sem Þorvaldur Thoroddsen segir, að þó að hafísinn sje stundum talsvert lengi á leiðinni hingað til lands, þá hefir hann oftast komið hingað öllum að óvörum. Og hefir þá ekki þurft nema einn stórhríðarbyl til þess að reka ísinn alveg upp í landsteina. En þá er orðið fullseint að gera tryggingarráðstafanir, þegar hafísinn er orðinn landfastur. Jafnvel þó að við gætum vitað með meiri fyrirvara en nágrannaþjóðir okkar um frosthæð og

veðurhorfur í ishafinu, þá mundi það samt ekki bjarga okkur frá háskanum.

Hv. 3. landsk. má vera svo barnalega ánægður sem hann vill með spádóma sína um flugvjelaflutningana. Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, að í stórhríðum, sem stæðu vikum saman, mundu þær koma að litlu gagni, eða að þeim mætti þá fara mikið fram frá því, sem þær eru nú. Þó að flugvjelar geti nú komið að einhverju liði til póstflutninga, þá er augljóst, að það er hin fáránlegasta fjarstæða, að hægt sje að grípa til þeirra, þegar í nauðir rekur um að bjarga ⅓ hluta landsmanna frá sulti.

Hv. 3. landsk. brosir enn mjög ánægjulega að þeirri fyndni sinni, að hafa sett flugvjelarnar í samband við þetta mál. En það verður áreiðanlega hann einn, sem hefir þá ánægju að brosa að þeirri hugmynd hans.

Þá var hv. þm. að tala um aðstöðu kaupstaða og sjávarþorpa og vildi ekki ganga inn á, að þau væru í neinni hættu í harðindum. Sjálfur þekkir hann aðeins skilyrðin hjer í Reykjavík. En Reykjavik stendur einmitt langbest að vígi að því er samgöngur snertir við útlönd, og þar er hafíshættan langminst hjer við land. En jeg get nú frætt hv. þm. um það, fyrst það þarf að fara með hann eins og barn á skólaaldri, að hættan af bjargarskorti í hafísáraharðindum er mest meðal þeirra, sem birgja sig síst að matvælum til lengri tíma. Hv. þm. ætti að kannast við þá verslunarhætti fólksins hjer í höfuðstaðnum, að þeir, sem búa næst verslununum, kaupa vörur aðeins til næsta máls og sækja föng sín daglega í búðirnar. Um leið og verslanirnar eru tæmdar að birgðum, þá er sulturinn kominn á heimilin. Þeir, sem síst mega treysta á góðar samgöngur og eiga lengst í kaupstað, þeir birgja sig jafnan best að heimilisforða.

Mjer er það vel ljóst, að ef hætta væri á því, að hafís lokaði siglingaleiðum til Reykjavíkur, þá yrði hún verst sett og fyrst örbjarga af öllum kaupstöðum á landinu; jafnvel þó að hv. 3. landsk. eigi þar heima með sínar skoðanir í þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 5 atkv. og til allshn. með 6 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 311 og 330).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir eigi getað orðið sammála um þetta frv. Einn nefndarmannanna vill fella það. Tveir hafa sameinast um nál., en annar þó skrifað undir það með fyrirvara og gerir væntanlega grein fyrir skoðun sinni við þessa umræðu, ef honum þykir ástæða til.

Í mínum augum er mest unnið við það, ef þetta frv. verður að lögum, að bæjar- og sýslufjelög geta sjer að kostnaðarlausu trygt sig fyrir bjargarskorti, sem orsakast kann af siglingateppu vegna hafíss. Á það einkum við Norðurland, því að þar er hættan mest. Það hefir oft komið fyrir, og getur komið fyrir enn, að hafís fylli hverja höfn norðanlands og teppi siglingar tímunum saman. Eins og hv. flm. (EF) gerði grein fyrir við 1. umr., hagar nú

svo til, að matvörur eru fluttar inn eftir hendinni, og sjaldan eru matvörubirgðir svo að nokkru nemi hjá kaupmönnum eða kaupfjelögum. Komi hafísinn, er því bjargarskortur yfirvofandi.

Fyrir svo sem 20—30 árum var það algengast, að heimilin birgðu sig upp með matvöru að haustinu, svo að endst gæti til vors. Væri þeirri venju enn fylgt, myndi minni þörf þeirra ráðstafana, sem hjer ræðir um. Það eru því ekki eingöngu kaupstaðarbúarnir, sem eru í voða, þegar hafísinn kemur. Sveitirnar norðan- og austanlands eru það líka.

Margir segja e. t. v., að ekki sje hætta á slíku, tíðin sje svo góð. En góða tíðin má ekki gera okkur andvaralausa.

Hv. frsm. minni hl. lætur þess getið í nál. sínu, að bæjar- og sýslufjelög hafi nægilega heimild til varúðarráðstafana í bjargráðasjóðslögunum frá 1913. Það er þó athugandi, að mjög er vafasamt, að þeim lögum sje ætlað að starfa undir þeim kringumstæðum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Og þótt svo væri, verða það talsverð útgjöld fyrir bjargráðasjóðina. Þótt hjer sje að ræða um heimild fyrir bæjar- og sýslufjelög að taka innflutning á nauðsynjavöru í sínar hendur, og þótt eitt íhaldsblaðið hjer hafi nefnt þetta frv. mesta einokunarfrv. þessa þings, þá skilst mjer, að framkvæmd laganna mundi helst verða á þann veg, að sýslu- og bæjarfjelögin semji við kaupmenn og kaupfjelög um að hafa nægar birgðir fyrirliggjandi handa hjeruðunum þann tíma, sem ísháttan er.

Jeg sje sem sagt ekki betur en að slík heimild, sem felst í frumvarpinu, sje hjeruðunum fullkomin bjargráð og að þau geti á þann hátt trygt íbúa sína, sjer að kostnaðarlausu, fyrir þeirri yfirvofandi hættu, sem altaf getur yfir dunið.

Málið er fremur einfalt, og þykist jeg ekki þurfa lengri ræðu til að skýra það, og einstök ákvæði frvgr. sje jeg ekki ástæðu til að skýra, nema fyrirspurnir komi fram. Þar sem líka engar breytingar eru gerðar á frv. af meiri hl. hálfu, vil jeg fyrir mitt leyti, og að því leyti sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) kann að vera mjer sammála, mæla með því, að frv. þetta fái að ganga áfram.

Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg hefi á þskj. 339 leyft mjer að setja fram í stuttu máli álit mitt á frv. Jeg hefi leyft mjer að benda á það, að með lögum nr. 45 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, var stofnaður allsherjarsjóður fyrir landsmenn, og jafnframt sjereignarsjóðir fyrir hverja sýslu og hvern kaupstað, í því skyni að vera til hjálpar í hallæri, og þá jafnframt sett á stofn sjerstök bjargráðastjórn fyrir alt landið, sem á að vera ríkisstjórninni til stuðnings við allar framkvæmdir, sem miða til þess að afstýra hallæri, og á að hafa vakandi auga á öllum hallærishættum, hvar sem er á landinu. Eftir 11. gr. laganna á auk þess að gera í hverjum kaupstað og hverri sýslu bjargráðasamþyktir, og má í þeim skipa fyrir um alt, sem ríkisstjórnin eftir tillögum bjargráðastjórnar telur nauðsynlegt til tryggingar því, að sjereignarsjóður sýslunnar eða kaupstaðarins komi að rjettum notum, og í 12. gr. laganna er svo ákveðið, að ef hallæri beri að

höndum, eigi hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum, og ef hans birgðir reynast svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt sje við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer vöruforða, og ef það fje hrekkur ekki, má ríkisstjórnin veita hjeraðinu vaxtalaust lán af sameignarsjóði.

Verði svo mikil óáran um land alt, að bjargráðasjóðurinn komist í fjárþröng, má ríkisstjórnin lána honum fje úr ríkissjóði, eða útvega honum lán annarsstaðar.

Bjargráðasjóðurinn var í árslok 1927 alls kr. 843919,92. Þar af voru sjereignarsjóðirnir kr. 419463,43, en sameignarsjóðurinn kr. 424456,49. Mestalt þetta fje stendur á hlaupareikningi hjá Landsbanka Íslands, og er því handbært hvenær sem vera skal. Það er aðeins lánað út af því eitthvað um 60 þús. kr.

Auk þessara laga, sem eru beinlínis sett til að afstýra hverskonar hallæri, sem er í landinu, má einnig benda á lögin um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, nr. 29 1913. Eftir þeim má verja megini af árstekjum hans til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, til þess að koma í veg fyrir bjargarskort þar í harðæri. Jeg hefi heyrt, að þessi sjóður eigi nú þegar að taka til starfa í þessu skyni og að samið hafi verið við Kaupfjelag Eyfirðinga um að hafa nægilegan kornforða fyrir hjeraðið, að minsta kosti fyrir næsta vetur; jeg held að það hafi ekki verið samið nema til eins árs í senn.

Ennfremur eru lögin nr. 73 frá 1917, um kornforðabúr til skepnufóðurs, og lög nr. 42 1919, um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga, en öll þessi lög hafa að geyma ráðstafanir til að afstýra hallæri. Jeg get þess vegna ekki sjeð, að það beri brýna nauðsyn til að fara að fitja upp á nýrri löggjöf í þessu efni.

En þótt svo væri og eitthvað kynni að vera ábótavant við þessa löggjöf, sem fyrir er, finst mjer lægi nær að endurskoða hana og lagfæra, ef með þyrfti, heldur en að koma með nýja einokun og gera fyrirkomulagið sem líkast eins og á einokunartímanum, þegar mestar hörmungar gengu yfir landið.

Þá virðist það og mjög hæpið ráð til að afstýra hallæri, að banna frjálsan innflutning á nauðsynjavörum í landið.

Jeg leyfi mjer þess vegna, þar sem ekki er þörf á löggjöf um þetta efni og þar sem jeg er algerlega mótfallinn ákvæðum frv., sem myndi verða rothögg á alla frjálsa verslun í landinu, ef að lögum yrði, að leggja til, að það verði felt.

Erlingur Friðjónsson: Þetta frv. mitt fjekk ekki neitt sjerlega hlýjar viðtökur hjá Íhaldinu í þessari hv. deild, þegar það var lagt fram til 1. umr., svo að jeg hefi ekki búist við neinu sjerstöku vinarþeli úr þeirri áttinni við 2. umr. málsins, eins og líka kom fram, að fulltrúi Íhaldsins í allshn. deildarinnar hefir nú skilað frá sjer löngu áliti, sem alt gengur í þá átt að reyna að gera það lýðum ljóst, að nægar ráðstafanir hafi áður verið gerðar með lögum í þá átt, sem frv. mitt geng-

ur. Í annan stað legst þessi hv. þm. á móti frv. af því, að það sje einokun, auk þess sem það sje engin þörf á slíkum ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem áður sje búið með lögum að tryggja fólk og fjenað fyrir harðindum.

Hv. þm. hefir vitnað hjer í eina fimm lagabálka, máli sínu til stuðnings. En þessi lög, sem hv. þm. hefir vitnað í, þau eru yfirleitt sett með tilliti til þess að bjarga búpeningi landsmanna frá því að falla eða verða fyrir áföllum vegna harðinda. Að sönnu má undanskilja kannske ein af þessum lögum, en þrenn lögin eru aðallega í þeim tilgangi sett. En þar sem auðvelt er að sanna þetta, með því að vitna til 1. gr. þessara laga, sem eru stuttar og skýrar og leggja grundvöll að tilgangi laganna, þá ætla jeg að leyfa mjer að vitna beinlínis í lögin sjálf, því til stuðnings, að þau eru alls ekki sett í þeim tilgangi, sem frv. mitt hefir aðallega fyrir augum. Tilgangur frv. míns er sá, að bjarga því fólki, sem nú er setst að í kauptúnum hjer á landi, þar sem siglingateppa getur valdið því, að ekki komist útlend björg til fólksins langan tíma af árinu. Frv. ber þetta ljóslega með sjer, að jeg er að hugsa um fólkið, og jeg er mest að huga um sjávarþorpin, af því að jeg álít, að þau standi ver að vígi en sveitirnar til að bjargast, ef eitthvað ber út af.

Jeg gat þess við 1. umr. málsins, að munurinn á sveit og kauptúni byggist á því, að kauptúnsbúar byggja á versluninni, sem er við vangann á þeim, svo að þeir geta keypt til dagsins, en þeir, sem lengra búa frá kauptúninu, draga þó altaf að sjer forða til einhvers dálítils tíma, jafnvel til alls vetrarins, þeir, sem fjarst búa kauptúninu.

En mjer er það ljóst, að hættan, sem stafar af siglingateppu, er að vetrinum, svo að sá, sem birgir sig upp að haustnóttum til vetrarins, þarf ekki að óttast neitt, jafnvel þótt hafís reki upp að landinu og hindri siglingar.

Jeg skal þá fyrst vitna til laga um samþyktir um heyforðabúr. En þau heyforðabúr eru ætluð skepnum, en ekki fólki. Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að skýra það fyrir hv. þm. (JóhJóh); fólkið er ekki enn farið að nota sjer grasið til framfæris, svo að ástæðulaust er fyrir hv. minni hl. að vitna til þessara laga sem sjerstakra ráðstafana fyrir fólkið. Fyrsta gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um heyforðabúr fyrir hvern hrepp innan sýslu, sem óskar þess.“

Hjer er þó ekki gengið lengra, en að tala um hreppa í sýslunum, en ekki um kauptúnin eða kaupstaðina. — Nákvæmlega sama er að segja um lög um kornforðabúr. Fyrsta gr. þeirra laga hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.“

Þessi lög ná heldur ekki lengra en það, að heimila að gera samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, og það er líka fyrir hreppana í sýslunni; það er ekki talað um kauptún eða kaupstaði.

Þá get jeg enn tekið ein lög, sem hv. minni hl. hefir vitnað í; það eru lög

um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga; 1. gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurbirgðafjelög."

Hjer kemur það sama fram, að það er verið að hugsa um hreppa innan sýslu og talað um fóðurbirgðafjelög. Það er fóður handa búpeningi, sem verið er að hugsa um.

Þá mintist hv. frsm. minni hl. á gjafasjóð Jóns Sigurðssonar, sem gefinn hefir verið Eyjafjarðarsýslu og Akureyri, til þess að verja handa fátækum, ef hallæri ber að höndum. Þau lög, sem um það fjalla, hafa ekkert annað inni að halda en það, að opna sjóðinn til útborgunar á vöxtum af sjóðnum, ef til þarf að taka; skipulagsskráin virðist hafa verið þannig úr garði gerð, að það lægi ekki opið fyrir að nota sjóðinn, ef hallæri bæri að höndum, og lögin virðast ekki fela neitt annað í sjer en að hægt sje að ganga að sjóðnum.

Af lögum um Bjargráðasjóð Íslands, sem hv. 4. landsk. mintist á, skilst mjer, að ekki sje ætlast til, að hann sje notaður nema þegar veruleg harðindi ber að höndum. Til þess að gera þetta sem skýrast, ætla jeg að lesa upp 1. gr. þeirra laga, sem hljóðar þannig, — með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum við harðrjetti eða felli.

Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður."

Hjer er með öðrum orðum gert ráð fyrir því, að sjóðurinn taki til starfa, þegar orðið er svo hart í ári, að hreppar geta ekki staðið hjálparlausir, eða bæjarfjelög eru orðin bjargarlaus. Hjer er ekki að ræða um neina almenna ráðstöfun til bjargar fólki og fjenaði frá fóðurskorti, þar sem þó er, ef til vill, nægilegt fjármagn til þess að nota til innkaupa á nauðsynlegum vörum og öðru því líku. Hjer er gert ráð fyrir, að þessi sjóður sje notaður, þegar aðrar bjargir eru bannaðar, þar á meðal hreppar orðnir svo fjevana, að leita þarf á náðir sýslunnar. Þess má einnig geta, að þó að sjóðir í þessum tilgangi sjeu vitanlega góðir, þá koma þeir ekki að neinum notum, ef það, sem fólkið þarfnast, verður ekki fengið fyrir þann gjaldeyri, sem ef til vill er í vasanum eða bankanum. Það er það, sem jeg vil með frv. mínu koma í framkvæmd, að jafnvel bjargálnamenn þurfi ekki að svelta fyrir það eitt, að þá hefir skort fyrirhyggju, eða þá, sem þeir hafa sett sitt traust á að einhverju leyti. Við vitum það vel, hv. þm. Seyðf. og jeg, að værum við staddir uppi á Öræfajökli með fulla vasa fjár og stóreign í banka, ef okkur vantaði utan á okkur og ofan í, værum við jafnilla staddir fyrir því, þótt við hefðum fulla vasa af bankaseðlum. Það er með öðrum orðum, að með peningum verða þessi þjóðarvandræði ekki leyst; það er fyrirhyggjan, sem við þurfum að nota í málinu.

Á það má líka benda, að þessi bjargráðasjóður, þótt hann sje vísir til góðs, þá er hann enn ekki orðinn stærri en það, að sjereign sjóðanna nemur sem næst 4 kr. á mann í landinu, og sameignarsjóðurinn álíka miklu, með öðrum orðum, 8 kr. á mann nema báðir sjóðir í landinu, og með þeim sjóðum verður ekki gert mikið.

Aðalatriðið er það líka, að geta bjargað sjer í þessu máli án þess að leggja í nokkurn sjerstakan kostnað vegna þess. Jeg veit ofurvel, að það, sem hv. þm. sjer á móti þessu frv. mínu, er, að það leggur nokkur höft á þá frjálsu verslun, sem honum og flestum hans flokksmönnum er svo afskaplega ant um, að ekki verði fingri drepið við á nokkurn hátt, en þegar sú frjálsa verslun getur ekki unnið það verk, sem verslun yfirleitt er ætlað að vinna hjá okkar þjóð og annarsstaðar, þá verður að gera þær ráðstafanir, sem með þarf, til að tryggja líf þeirra, sem ef til vill byggja alla sína afkomu á versluninni. Sú frjálsa verslun verður því að sjálfsögðu að þola þau bönd, sem nauðsynlegt er að leggja á hana til þess að tryggja það, að almenningur, sem á henni byggir, hrapi ekki niður í frosinn svörðinn einhvern þorradaginn, þegar allar bjargir eru bannaðar með innflutning á varningi, sem fólkið notar sjer til framfæris.

Hv. þm. var að minnast á ráðstafanir, sem gerðar höfðu verið norður í Eyjafirði í þá átt að tryggja það, að fólkið hefði nægilegt fyrir sig að leggja af útlendum vörum. Það er rjett, á síðasta vetri var gerð lítilsháttar ráðstöfun, en það náði ekki lengra en svo, að inn voru fluttar tvær kornteg-undir, en það er öllum ljóst, að ef siglingateppa verður, þá eru það miklu fleiri vörutegundir en tvær, sem fólkið þarf að hafa. Þetta getur vel gengið fyrir sveitirnar, en í kauptúnunum verða þær að vera fleiri. Það verður tæplega komist af með að hafa færri en 10—20 vörutegundir, ef fólkinu á að líða sæmilega vel.

Þessi tilraun hefir sýnt það, sem við endalaust verðum að reka okkur á, sem betur fer, að þessi ráðstöfun var ekki nauðsynleg, en aftur á móti liggja vörurnar ónotaðar, sem hlýtur að rýra þann sjóð, sem sá góði og framsýni maður, Jón Sigurðsson, gaf fyrir nálægt því öld síðan til hallærisráðstafana í Eyjafirði og á Akureyri. En með þeirri ráðstöfun, sem jeg hefi stungið hjer upp á, er loku skotið fyrir það, að nokkur noti slíkan sjóð til að greiða tapið af þessu. Það á að geyma sjóð þann og nota þegar verulegt hallæri gengur yfir landið, svo sem grasbrestur, aflaleysi, eða kannske eitthvað svipað Móðuharðindunum, sem hjer komu yfir fyrir alllöngu, en sem er í alla staði óviðráðanlegt fyrir almenning. Jeg er aðeins að tala hjer um ráðstafanir, sem eru í allan máta viðráðanlegar fyrir fólkið, en sem þó verða ekki gerðar nema til sjeu lög, sem heimili slíkt.

Jeg ætla, áður en jeg lýk máli mínu, að lesa hjer upp byrjunarorð í riti eftir Guðmund Björnson, sem heitir „Næstu harðindin“, og sem jeg las líka lítið eitt upp úr við 1. umr. þessa máls. Jeg get búist við, að hv. þm. muni ef til vill ekki eftir, þótt þeir hafi lesið upphafið að þessu kveri, eða þeim atvikum, sem virðast hafa hrundið

manni þessum af stað til að rita þetta kver. Hann segir svo í upphafinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var búmannasiður á öldinni, sem leið, að „birgja sig upp til vetrarins“ eftir efnum, og treysta ekki um of á vorskipin.

Nú eru menn orðnir svo vanir miðsvetrarferðunum, að allir treysta á þær — enginn man ísinn.

Sú frjett hefir borist, að Múlsýslungar, í Norðursýslunni, hafi verið orðnir bjargarlitlir og átt von á 77 lestum af matvöru í „Vestu“. Þeir náðu 23 lestum úr skipinu á Vopnafirði, segir frjettin; þá fór „Vesta“. En svo voru þeir illa staddir, að yfirvöld símuðu til landsstjórnar og beiddust hjálpar. Fjekk ráðherra loforð skipstjóra á „Botniu“ fyrir því, að bíða „Vestu“ og fara með matvöruna austur í Vopnafjörð.

Nú er „Vesta“ strönduð og varan ónýt. Verður nú að líkum símað út og matvara fengin á næstu skipum, og vonandi komast þeir eystra af þangað til með það, sem þeir klófestu.

En hvernig hefði farið, ef hafísinn hefði verið kominn á undan „Vestu“ og bannað allar samgöngur?

Hvernig ætli fari fyrir Norður- og Austurlandi næst, þegar hafísinn hremmir landið snemma á útmánuðum og sleppir því ekki úr heljargreipinni fyr en eftir höfuðdag?“

Þetta segir einn flokksbróðir hv. þm. (JóhJóh). Síðar segir hann, að ekki sje til neins að tala um þetta mál, því það sje eins og allir hafa lokað eyrum sínum fyrir því. Það var 1913, er höf. komst að þessari niðurstöðu. Fólk virðist þá þegar hafa verið hætt því að birgja sig upp fyrir veturinn, og verið farið að treysta á miðsvetrarferðirnar.

Jeg las þetta upp til þess að sýna hv. þdm., að þetta er ekki ný hugmynd hjá mjer, heldur er þetta frv. mitt uppsteypa úr till. og hugmyndum eldri manna, er sjeð hafa hættuna af því, að fólkið var farið að treysta svo mjög á hinar tíðu ferðir til Norðurlandsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta við þessa umr. Vona jeg, að allir hinir hyggnari menn þessarar hv. deildar geti fallist á frv., ekki síst þar sem hjer er aðeins um heimild að ræða, sem sýslu- og bæjarfjelög þurfa ekki að nota frekar en þau vilja.

Ingvar Pálmason: Eins og nál. meiri hl. ber með sjer, hefi jeg skrifað undir það með fyrirvara, og get jeg því aðeins fylgt frv. út úr deildinni, að gerðar verði á því allmiklar breytingar.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg er sammála hv. flm. (EF) um grundvallarástæður þær, er frv. byggist á. Sömuleiðis er jeg sammála honum um það, að ef ekkert er gert, getur vel hlotist slys af. En slys kalla jeg það, ef bjargarskortur verður á Norður- og Austurlandi vegna þeirra atvika, er frv. getur um. En jeg tel hinsvegar, að þetta frv. feli ekki í sjer þær ráðstafanir, er þarf að gera.

Aðaltilgangur þess er að veita sýslu- og bæjarfjelögum heimild til þess að taka í sínar hendur sölu á nauðsynjavörum, ef þau telja þess þörf. En jeg vil hinsvegar, að aðaltilgangur þess verði sá, að tryggja það, að eitthvað verði gert, en það virðist mjer ekki koma nægilega skýrt fram í frv., er hjer liggur fyrir, heldur er þar aðeins um heimild að ræða, sem að vísu get-

ur verið nauðsynleg, en þó ekki nægileg út af fyrir sig. Það, sem þarf að koma skýrt fram, er það, að rjettum aðiljum sje gert að skyldu að tryggja það, að ekki verði skortur á matvælum. Það er þetta, sem á milli ber.

Jeg hafði nú hugsað mjer að koma með brtt. við frv., en það er vandasamt mjög til þess að þær geti orðið fullnægjandi. Jeg hefi heldur ekki haft góðar ástæður til þess að semja þær og mun því fresta því þangað til jeg sje, hvernig undirtektir málið fær nú við 2. umr. Hinsvegar get jeg ekki fylgt frv. óbreyttu. Samt mun jeg greiða því atkvæði til 3. umr., og komist það svo langt, mun jeg leitast við að bera fram brtt. við það, þótt jeg játi hinsvegar, að þær verða ekki eins vel undirbúnar og fullkomnar, sem vera ætti. Samt tel jeg gott og gagnlegt, að frv. þetta hefir komið fram, því þó ekki sje hægt að fallast á það, er það þó bending til Alþingis um að gefa þessu máli meiri gaum en verið hefir hin síðari ár.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi.

Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vildi aðeins segja örfá orð.

Hv. flm. sagði, að þótt þetta frv. yrði að lögum, kæmi það að sínu áliti ekki til framkvæmda, nema hallæri væri fyrir dyrum. En jeg vil benda honum á, að um hallæri talar maður, þó ekki sje beint bjargarskortur fyrir fólk. Því getur verið um hallæri að ræða, þó allir haldi lífi. Samkv. bjargráðasjóðslögunum er það hallæri, ef sveitarfjelög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfjelag, verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufjelagið eða bæjarfjelagið megnar ekki af eigin ramleik að forða mönnum og skepnum frá harðrjetti eða felli. Og eftir 12. gr. 2. mgr. þarf hallærið ekki að vera meira en það, að haustbirgðir reynist svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt er við bjargarskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar. Það virðist því heimilt þegar að gera ráðstafanir á haustin, áður en nokkuð verður vitað um það, hvernig tíðin verður.

Það er rjett hjá hv. flm., að til eru þrenn lög, sem hljóða um það, að afstýra fóðurskorti. En það er einmitt einn þýðingarmikill liður þessa máls, því meðan nægar birgðir eru handa búpeningnum, er ekki hætta á því, að fellir verði á fólki.

Þá vildi hv. flm. gera mun á hreppum og kaupstöðum, en það virðist mjer ekki rjett. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að gildandi lög nái jafnt yfir sýslur og kaupstaði.

Hv. flm. las upp úr pjesa eftir Guðmund Björnson landlækni, nokkur áhrifamikil orð frá 1913. Mun þessi pjesi skrifaður rjett áður en bjargráðasjóðslögin voru sett, og hafa þau því væntanlega verið árangur af honum, en þau voru sett 10. nóv. 1913.

Hv. 2. þm. S.-M. benti rjettilega á það, að þó þetta frv. yrði að lögum, eins og það er nú, þá væri samt engin trygging fengin fyrir því, að nokkuð yrði gert. Er jeg honum samdóma um það, að þetta út af fyrir sig er mikill ókostur við frv.

Það var víst hv. flm., sem talaði mikið um þá hallærishættu, er vofði yfir Austurlandi. Jeg efast nú um, að þetta sje á fullum rökum bygt, því jeg veit a. m. k. ekki annað en að t. d. bændur á Fljótsdalshjeraði birgi sig ávalt upp fyrir veturinn. Enda er það al-

staðar svo, þar sem langt er í kaupstað, að menn birgja sig upp til vetrarins, að meira eða minna leyti.

Sem sagt, jeg hefi ekki getað sannfærst af ræðu hv. flm. um það, að nauðsynlegt væri að setja lög um þessi efni. Og þó svo væri, þá held jeg, að það væri miður heppilegt að fara þá leið, að banna innflutning á nauðsynjavörunum til þess að fyrirbyggja hallæri.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg efast ekki um það, að tilgangur þessa frv. er góður. Það á að vera tilraun til þess að koma í veg fyrir þá hættu, er sumum landsmönnum kann að stafa af hafís og harðindum. Hinsvegar er jeg ekki viss um, að þetta frv. geti náð tilgangi sínum.

Tvö atriði voru það í ræðu hv. flm., sem jeg hjó sjerstaklega eftir. Annað var það, að hann sagði, að óhætt væri að samþ. frv., því í því fælist ekki nema heimild til þess að gera ráðstafanir. En einmitt þetta gæti orðið þess valdandi, að þetta fyrirkomulag, sem frv. felur í sjer, kæmi ekki að notum, þó að lögum yrði. Hitt atriðið var það, að hjer væri aðallega verið að hugsa um fólkið. Skildist mjer svo, sem hjer væri í þessu frv. einungis verið að tryggja það, að fólkið hefði nóg að bíta og brenna.

Það verður nú ekki sjeð greinilega af 1. gr. frv., hver meiningin er með því, en í 2. gr. er sagt, að innflutningur skuli miðaður við, að nægilegt sje fyrirliggjandi af nauðsynjavörum þann tíma árs, sem samþyktin er í gildi. En ef það eitt vakir fyrir hv. flm., að nóg sje til handa fólkinu, þá tel jeg, að þeim rjetta tilgangi sje ekki náð nema að hálfu leyti. Því ef á annað borð er reynt að tryggja gegn hafís og harðindum, þá verður líka að sjá um það, að nægilegt fóður sje til handa öllum búpeningi. Því ef fóðurskortur verður, munu þess mörg dæmi, að maturinn hefir verið tekinn frá fólkinu, til þess að halda lífi í skepnunum. Það er því ekki nægileg trygging í þessum forða, er geyma skal, nema hann sje nægur handa fjenaðinum líka. En það er einmitt þetta, sem er svo erfitt að eiga við. Því ef hugsað er um að hafa nægar birgðir fyrir fólk og fjenað, þá þarf svo mikið, að það mundi nægja sem venjulegur ársforði handa fólkinu. Ef þetta yrði því gert og bæjar- og sýslufjelög tækju þetta í sínar hendur, þá væri þar með úr sögunni, að aðrir versluðu með þessa vöru, því bæjar- og sýslufjelögin væru ekki búin að selja forða sinn fyr en undir haust, og yrðu því að hafa einkasölu alt sumarið.

Í frv. er svo gert ráð fyrir, að gerðar verði árlegar samþyktir um þetta. Virðist þá tilgangur frv. sá, að hægt sje að grípa til þessa eitt og eitt ár í senn. En þetta gæti leitt af sjer vandræða truflun á þessu svíði viðskiftalífsins. Þess vegna yrði, ef á annað borð væri farið út á þessa braut, að stiga sporið alveg út og láta ríkið taka einkasölu á öllum kornvörum, svo að vísu væri að ganga, hver ábyrgðina hefði á því, að varan væri til. En jeg er ekki sjerstaklega sólginn í það, nema þá undir sjerstökum kringumstæðum, að hið opinbera taki í sínar hendur einkasölu. Það verður að minu áliti altaf að vera eitthvað sjerstakt á ferðinni, er knýr til þess. Má vera, að hjer sje að vísu nokkur ástæða til,

en jeg verð þó að segja það, að aðstæðurnar eru alt aðrar nú en fyrir 50—60 árum síðan, hvað snertir flutninga til landsins og milli hafna innanlands. Er öllum þetta svo kunnugt, að jeg þarf ekki að fjölyrða frekar um það. Jeg býst því ekki við, að geta fylgt frv. eins og það er nú.

Það var drepið á það áðan, að gerð hefði verið tilraun á Akureyri og í Eyjafirði til þess að tryggja hjeraðið og bæinn fyrir matvælaskorti í harðindum. Jeg var talsvert riðinn við það mál, og var okkur, er að því stóðum, strax ljóst, að það, sem gert var, var hvorki heilt nje hálft. Okkur var það ljóst, að ef fulltrygt ætti að vera, þá yrði forðinn að endast fram á haust í venjulegu árferði. En til þess treystum við okkur ekki. Var því aðeins gerð lítil tilraun, til þess að sjá, hvernig það gæti borið sig. Og er það tilgangurinn að fikra sig þannig áfram og láta reynsluna skera úr því, hvernig þessu verður haganlegast fyrir komið.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri undarlegt, þegar koma ætti í veg fyrir harðindi, að grípa þá til þess ráðs að banna innflutning á nauðsynjavörum. Annaðhvort stafar þetta af misskilningi hjá hv. þm., eða þá að það er beinlínis útúrsnúningur. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að frv. eigi einmitt að tryggja það, að nægilegt sje flutt inn. Það stendur sem sje í 1. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta, „að bæjar- og sýslufjelögum sje heimilt að taka í sínar hendur allan innflutning og sölu á nauðsynjavörum, til tryggingar því, að ekki verði skortur á þessum vörum til almennings þarfa".

Þetta kalla jeg heldur að tryggja innflutning heldur en hitt, og hv. þm. veit, að á stríðsárunum, þegar erfiðast var með alla innflutninga, þá svöruðu kaupmenn sem svo, ef minst var á við þá, að þeim bæri skylda til þess að hafa til vörur: Nei, það kemur okkur ekkert við. Stjórnin verður að sjá um það. — Þess vegna dettur engum í hug að treysta þeim eða heimta það, að þeir hafi til vörur. Mjer finst því, að hv. frsm. minni hl. hefði átt að geta sjeð það, að ekki er hægt að reiða sig á kaupmennina í þessu efni, og að hjer er verið að tryggja innflutning, en ekki að banna hann.

Jeg heyrði það á ræðu hæstv. fjmrh., að hann er á móti þessu frv. Var það margt, er hann hafði við það að athuga, og virtist alstaðar reka hornin í.

Það fyrsta, er honum fanst athugavert, var það, að þó frv. yrði að lögum, væri ekki þar með fengin nein trygging fyrir því, að nokkrar ráðstafanir yrðu gerðar. En jeg lít nú aftur á móti svo á, að verði það samþ., beri bæjarfjelögunum skylda til þess að sjá um, að nægar matvörubirgðir sjeu til, annaðhvort með því að annast það sjálf eða semja við kaupmenn og kaupfjelög um það, — en það býst jeg við, að yrði venjulega tilfellið. Og þó að þetta yrði nú ekki gert, gæti frv., ef að lögum yrði, ef til vill ýtt undir kaupmenn og kaupfjelög til þess að flytja nægar birgðir.

Hæstv. fjmrh. vitnaði í það, að nú væri annað ástand en fyrir 50—60 árum síðan. Þetta er rjett; samgöngurnar nú eru mjög ólíkar þeim, er þá voru. En þá höguðu menn sjer líka eftir því og birgðu sig upp til vetrarins. Nú treysta menn á vetrarferðirnar og

draga ekki meira að sjer en svo, að það dugi milli skipsferða. Og allur almenningur kaupir ekki meira en svo, að endist frá degi til dags. Þeir, sem búa í sveitum, haga sjer svo, að því fjarlægari sem menn eru kaupstaðnum, því betur birgja þeir sig upp, en þeir, sem nærri eru, kaupa máske ekki nema til vikunnar eða mánaðarins.

Þá dró hæstv. ráðh. það út úr orðum hv. flm., að þetta frv. ætti aðeins að tryggja það, að til væru nægilegar birgðir fyrir mannfólkið, en næði ei til fóðurbirgða fyrir búpening allan, og væri því ekki nema hálft gagn að þessu. En jeg held, að þetta sje naumast rjettur skilningur, því í frv. stendur, „svo að ekki verði skortur á þessum vörum til almenningsþarfa". Jeg get ekki skilið þessi orð, „til almenningsþarfa", öðruvísi en svo, að þau taki einnig til fóðurbirgða handa búpeningi manna í hjeröðum. Auk þessa veit hæstv. fjmrh. vel, að til eru lög, er heimila ráðstafanir til þess að tryggja búpening. Má þar nefna lögin um kornforðabúr frá 1917, um heyforðabúr frá 1911, og loks eru lög frá 1919, um eftirlits- og fóðurbirgðafjelög.

Jeg skildi orð hv. flm. svo, að hann hugsaði fyrst og fremst um fólkið. En frv. felur og í sjer viðtækar ráðstafanir til þess að tryggja einnig nauðsynjavörur til „almenningsþarfa". Það orð er svo yfirgripsmikið, að þar undir getur líka heyrt að tryggja búpening. En jeg skil, að fyrir hv. flm. vaki það fyrst og fremst, að tryggja það, að fólkið í sjávarplássunum líði ekki skort í ísaárum. Nú eru engar slíkar tryggingar til; kaupmönnum ber engin skylda til að hafa nægan vöruforða, nje heldur kaupfjelögum, enda er það ekki gert.

Hæstv. ráðh. hjelt, að ef frv. yrði samþykt, mundi það leiða til algerðrar einkasölu, þannig að sýslu- og bæjarfjelög yrðu að tryggja sjer nægan forða, þangað til fram á haust næsta ár. Jeg sje ekkert á móti því. Þess betur er trygt, að ekki verði fellir. En jeg hugsa nú, að heimildin yrði ekki notuð á þann hátt, heldur yrði verslunum og kaupfjelögum gert að skyldu, með samningi, að sjá um að hafa til nægilegar birgðir. Það mundi í framkvæmdinni aldrei verða öðruvísi en svo, að trygðar yrðu birgðir til vors, enda myndi það oftast duga. En þessi miklu harðindaár, þegar ís liggur við land frá haustnóttum þangað til langt fram á næsta sumar, eru svo alveg einstök, að naumast er hægt að tryggja sig gegn þeim.

Jeg er viss um, að aldrei verður gengið eins langt og hæstv. ráðh. bjóst við, og t. d. blaðið Stormur hefir haldið fram, að bæjarfélögin muni taka einkasölu á kornvöru alveg í sínar hendur. Ef það væri tilætlunin hjá hv. flm., mundi hann ekki hafa farið að á þennan hátt, heldur hreint og beint borið fram frv. um einkasölu ríkisins á kornvörum, eins og Pjetur sálugi á Gautlöndum gerði á Alþingi 1921.

ATKVGR.
1. gr. feld með 7 : 3 atkv.
Frv. þar með fallið.

4. Tekju- og eignarskattur (frv. MT o. fl.).

Á 7. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 53 1928, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka (þmfrv., A. 38).

Á 10. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14: 3 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 11. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 76 og 79).

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Þetta frv. er borið fram vegna þess, að allmargir þm. líta svo á, að lög, sem sett voru í fyrra um þetta efni, hafi verið skýrð öðruvísi en þingið ætlaðist til. Þessi viðbót við tekju- og eignarskattinn, sem samþ. var á þinginu í fyrra, var af meiri hl. fjhn. skilin svo, að ekki kæmi til greina að hún næði til tekna, sem minnu næmu en 4000 kr. skattskyldum.

Það má sjálfsagt lengi um það deila, hvort skattstiginn sje rjettlátur eða ekki, enda hafa verið um það ýmsar skoðanir, og þær all sundurleitar. Um frádráttarregluna hefir verið minna deilt, og jeg minnist þess ekki, að hafa heyrt neitt um það, að skattstiginn ætti að miðast við annað en skattskyldar tekjur, um það hafa allir verið sammála. Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að svo hafi einnig verið í fjárhagsnefnd í fyrra, að minsta kosti hjá meiri hl. hennar. Samkvæmt þessari ríkjandi skoðun, gátu því ekki komið til mála aðrar breytingar á löggjöfinni en þær, sem snerta sjálfan skattstigann. En hvernig lítur þetta út nú, eftir að stjórnarráðið hefir úrskurðað, hvernig beri að skilja breytinguna á skattalögunum, sem gerð var á síðasta þingi?

Mjer er sagt, að úrskurðurinn hafi fallið á þá leið, að viðaukinn skuli tekinn af 4000 kr. brúttó tekjum. Nú hefi jeg altaf heyrt talað um þrennskonar tekjur í sambandi við tekju- og eignarskattslögin: brúttó tekjur, nettó tekjur og skattskyldar tekjur. Brúttó tekjur eru allar tekjur, án frádráttar. Nettó tekjur: þegar búið er að draga frá brúttó tekjum allan lögboðinn frádrátt annan en persónufrádráttinn. Loks eru skattskyldar tekjur þær tekjur, sem fram koma þegar persónufrádráttur hefir verið dreginn frá nettó tekjum. Það ætti öllum að vera ljóst, hve óeðlilegur og ranglátur þessi skattviðauki væri, ef hann ætti að koma fram á nettó tekjum, því að þá yrðu þeir harðara úti, sem ómaga hefðu á framfæri sínu en þeir, sem enga hefðu, og enn vitlausari yrði hann, ef brúttó tekjur væru lagðar til grundvallar, sem mér virðist stjórnarráðið ætlast til.

Jeg vil benda á það, að eftir lögunum eins og þau eru, getur það komið fyrir, að sá maður, sem greiðir 70 kr. í tekjuskatt, sleppi við viðaukann, en að annar, sem ekki borgar nema 5—10 kr. í tekjuskatt, verði að greiða hann. Þetta brýtur algerlega í bág við þann anda, sem l. voru samin og samþ. í.

Jeg get búist við, að sú skýring, sem gefin hefir verið á l., sje forsvaranleg og vil því ekki ásaka hæstv. stjórn í því efni. Hún kann að hafa farið eftir framsöguræðu flm. í fyrra, eins og ræðan birtist í Þingtíðindunum. Jeg veit það, að jafnaðarmenn stóðu að þessum l. í fyrra, en af ræðum þeirra um málið þá, varð það alls ekki dregið, að þeir legðu þenna skilning í þau. Þetta hefir því ef til vill brjálast hjá þingskrifurunum.

En hvað sem þessu líður, þá er það mín skoðun — jeg skal ekkert segja um samnefndarmenn mína — að betra sje að fella lögin með öllu niður en að hafa þau í þessu formi. Meiri hl. telur sjálfsagt að breyta l. eins og þetta frv. fer fram á.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta. Einn nefndarmanna, hv. 2. þm. Reykv. (HV), hefir skorist úr leik og flytur sjerstakt nál. Mun hann að sjálfsögðu sjálfur gera grein fyrir sinni afstöðu, og sömuleiðis hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem skrifað hefir undir nál. með fyrirvara.

Jeg vænti þess, að þingið taki þessu frv. vel og láti það ganga greiðlega, því að þótt l. verði ekki framkvæmd í ár, er ekki gott að segja um, hvað gert verður að ári, og því sjálfsagt að sníða þessa annmarka af.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það kemur oft fyrir, að menn hafa skoðanaskifti á skemmri tíma en heilu ári, og því kemur mjer ekki til hugar að furða mig á því, að hv. þm. V.-Húnv. (HJ) skuli nú tala á móti þeim skoðunum, sem hann hjelt fram í fyrra. Frv. var borið fram af meiri hl. fjhn., sem hv. þm. V.-Húnv. þá var í, og sá sami skilningur í það lagður af meiri hl. og hæstv. stjórn hefir nú. Þetta er bert af umr. Jeg var frsm. málsins, og hefði jeg farið rangt með eitthvert atriði, hlyti hv. þm. V.-Húnv. að hafa risið upp og leiðrjett það. En hann sat hjá, og það sýnir, að jeg skýrði í öllu rjett frá. Hinsvegar hlyti hv. þm. V.-Húnv. að hafa staðið á móti frv. í fyrra, ef hann hefði þá haft sömu skoðanir á málinu og hann hefir nú. Þetta sýnir, að þessi hv. þm. hefir haft skoðanaskifti, og er ef til vill ekki ástæða til að álasa honum fyrir það.

Ástæðan til þess, að við, sem stóðum að frv. í fyrra, vildum láta miða við árstekjur en ekki við skatttekjur eftir að frádráttur hafði farið fram, var sú, að atvinnurekendur hafa góða aðstöðu eftir tekjuskattslögunum til að minka tekjuskatt sinn fram yfir það, sem aðrir gera. Með því að miða við 4000 kr. árstekjur var tilætlunin, að hinir tekjulægri atvinnurekendur lentu undir viðaukanum, af því að þeir stæðu betur að vígi um frádrátt heldur en launamenn, verkamenn og lágt launaðir starfsmenn hins opinbera.

Jeg skal játa, að þetta er ekki stórmál, og að ekki munar miklu fjárhagslega, hvort verður ofan á. Jeg hefi spurt einn úr meiri hl. hv. nefndar hve miklu lækkunin myndi nema, og kvað hann meiri hl. ekki einu sinni hafa aflað sjer upplýsinga um það, enda ef til vill ekki gott að afla skýrslna um það. Lækkunin gæti í mesta lagi munað 18 krónum og niður í 1 krónu hjá þessum tiltölulega fáu mönnum. En það er annað, sem jeg kann sjerstaklega illa við í þessu máli. Ef á að fara að taka upp þá stefnu að

lækka skatta, þá á ekki að byrja á tekjuskattinum. Það eru margir skattar þungbærari en hann. Hann er ávalt af beinum tekjum einum, en tollar, eins og t. d. verðtollurinn, af beinum lífsnauðsynjum manna. Lækkunin ætti því fyrst og fremst að koma niður á tollunum.

Það hefir komið fram í blöðum bæjarins, að hæstv. forsrh. (TrÞ) hafi gefið út skipun um að 25% viðaukinn verði ekki innheimtur á þessu ári, enda þótt hann hefði rjett áður gefið skipun um að svo skyldi vera gert. Hefir verið sagt, að hann hafi lofað útgerðarmönnum þessu í sambandi við afskifti sín af kaupdeilunni í því skyni, að fá enda bundinn á verkbannið. Jeg minnist þess þó, að hæstv. stjórn þótti gott að fá þessa tekjuaukaheimild í fyrra og finst þetta því mjög ótrúlegt. Að vísu gat staðið svo á, að eigi hefði verið ástæða til að nota heimildina, en mjer finst mjög ótrúlegt, að ríkisstjórnin hafi greitt útgerðarmönnum þessa upphæð úr ríkissjóði fyrir það eitt, að ganga inn á sjálfsagðar sættir, sem þeir mundu hafa átt að vera fegnir að yrðu, hvernig svo sem leið um tekjuskattinn. Vil jeg hjer með gefa hæstv. forsrh. (TrÞ) tækifæri til að leiðrjetta þessar sögusagnir, ef rangar eru.

Ef ekki er tilætlunin að innheimta þenna viðauka, skiftir litlu máli, hvort frv. það, sem hjer liggur fyrir, verður að lögum eða ekki. Jeg hygg að jafnaðarmenn hafi litla löngun til að gefa hæstv. stjórn slíkar heimildir, ef þær eru ekki notaðar eins og til er ætlast.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þótt jeg gegni ekki lengur störfum fjármálaráðherra, finst mjer rjett að svara hv. 2. þm. Reykv. (HV). Jeg var riðinn við úrskurð um það, hversu skilja skyldi ákvæði laganna um tekjur þær, er undanþegnar skyldu 25% viðaukanum. Hv. frsm. meiri hl. (HJ) heldur því fram, að þar hafi verið átt við skattskyldar tekjur, og skal jeg játa, að stjórnin hafði nokkra tilhneigingu til að skilja lögin þannig. En þingtíðindin, ummæli flm. og frsm. sjerstaklega, taka af öll tvímæli um þetta. Þar er gerður greinilegur munur á skatttekjum og árstekjum í þessu sambandi og fullkomlega ljóst, að talið er að í lögunum sje átt við árstekjur. Viðaukinn verður ekki heimtur inn að þessu sinni og kemur þetta því ekki að sök nú, og þingið getur lagað þetta áður en hann kemur til innheimtu næst.

Hv. frsm. minni hl. (HV) spurði, hvort rjett væri, að „hæstv. forsrh." hefði gefið skipun um að nota ekki heimildina. Þetta er að vísu ekki formlega rjett, því að það var jeg sem fjármálaráðherra þá, sem gaf þá skipun. Hv. þm. þótti undarlegt, að jeg hefði gefið skipun um að innheimta skattaukann í janúar, en afturkallað þá skipun í febrúarlok. Jeg get þegar skýrt orsakir nokkrar til þessa. Það kom fram snemma í febrúar, er gerður var upp hagur ríkissjóðs, að 1½ milj. króna var í sjóði frá fyrra ári. Hinsvegar var ríkisstjórninni ekki fullkomlega ljóst í janúar, hver útkoman myndi verða. Hefðu þá runnið tvær grímur á flestar stjórnir um að beita þessum lögum, sem aðeins voru heimildarlög. Hv. þm. spurði ennfremur um samband þessarar ráðstöfunar við afskifti mín af kaupdeil-

unni. Því svara jeg þannig, að jeg álít það skyldu mína sem sáttasemjari í þeirri deilu, að skoða það sem fór á milli mín og aðilja sem fult trúnaðarmál.

Ólafur Thors: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Þegar heimildarlögin um 25% viðauka við tekju- og eignarskatt voru hjer á döfinni á síðasta þingi, var jeg þeim andvígur, og er það enn. Það má nú að vísu segja svo, að úr því að stjórninni er veitt heimild sem þessi, eigi hún að ná til allra, sem slíkan skatt greiða, en þó sje jeg eigi ástæðu til að vera á móti því, að hinum lægst launuðu skattgreiðendum sje slept við viðaukann.

En fyrirvari minn stafar af afstöðu hæstv. stjórnar til þessara heimildarlaga. Það er kunnugt, að ríkisstjórnin gaf út skipun í janúar um að innheimta viðaukann, en afturkallaði þá skipun í febrúar. Hæstv. forsrh. (TrÞ) hefir skýrt þetta þannig, að er fyrri fyrirskipunin var gefin, hafi stjórninni ekki verið fullkunnugt um, hver tekjuafgangur yrði, en er hún hafi sjeð, að hann myndi nema alt að 1½ miljón hafi hún afturkallað skipunina. Jeg held nú, að stjórninni hafi verið það ljóst um áramótin, að mikill tekjuafgangur myndi verða. Það vissu allir. Jeg lít því svo á síðari tilkynningu stjórnarinnar, að hún sje eðlileg yfirlýsing stjórnarinnar um að tekjuskatturinn sje þegar svo hár, að ekki sje gerlegt að nota þessa heimild nema í ýtrustu nauðsyn. Þetta er að mínu áliti alveg rjett, og því tel jeg síðari tilkynningu stjórnarinnar gleðilegan vott um það, að hún sje að snúa inn á nýrri og betri braut í skattamálunum, og þá má álíta, að frv. það, er hjer ræðir um, sje meinlaust en gagnslaust.

Af öllum þeim sköttum, er lagðir voru á þjóðina á þinginu í fyrra, var þessi ranglátastur og hættulegastur. Hv. frsm. minni hl. (HV) sagði, að ef ætti að fara að lækka skatta, væri síst ástæða til að byrja á tekjuskattinum. Þessi skattauki er sá eini skattur, sem ríkisstjórninni er heimilt að ljetta af, þar sem henni var í sjálfsvald sett með heimildarlögunum, hvort hún innheimti hann eða ekki. En jeg held auk þess, að ástæða sje til að byrja einmitt á því að lækka tekjuskattinn. Eftir núgildandi lögum getur hann numið alt að 37½% af nettó tekjum. Auk þess verða atvinnurekendur hjer í Reykjavík að greiða alt að 25% í útsvar. Tekjuskattur og útsvar geta því numið 62½%. Hjer er mjög misært, eins og menn vita. Eitt árið er tap, en annað gróði. Að vísu er ekki lagður á tekjuskattur hallaárin, en útsvar verðum við að greiða, þótt reikningarnir sýni tap. Útsvörin þau árin, sem tapast, nema 10——15% af gróðanum í góðæri. Allir sjá, að ekki nær neinni átt að ætlast til að hægt sje að standast hallæri með 20% af ágóða góðæris.

Jeg tel því engan vafa geta leikið á, að tekjuskattslögin, eins og þau eru nú, sjeu alveg óbærileg, einkum vegna þess, hve atvinnulífið er stopult. Mín skoðun er því sú, að það spor, er stjórnin hefir nú stigið, sje aðeins byrjunarspor, og að þessi skattur hljóti að lækka áður en langt um líður. Jeg býst við, að ef frv. um vinnudóm verður samþ., og óvilhallir menn fjalla um mál útgerðarinnar, þá komi í ljós, að hún getur ekki borið þær byrðar,

sem núgildandi tekjuskattslög leggja henni á herðar.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hæstv. forsrh. (TrÞ) gaf yfirlýsingu um skoðun hv. frsm. meiri hl. (HJ) á því, hvernig skilja bæri tekjuupphæð þá, sem undanþegin er skattaukanum. Fanst mjer yfirlýsing þessa hv. þm. (HJ) koma úr hörðustu átt, er hún kemur nú ári seinna, enda þótt hann sæti hjer í deildinni, er málið var rætt, og greiddi atkvæði, án þess að láta þessa skoðun sína í ljós með einu orði. „Þagað gat jeg þó með sann, þegar hún Skálholtskirkja brann", sagði kerlingin.

Hæstv. forsrh. (TrÞ), sem vildi láta gera mun á sjer sem forsætis- og fjármálaráðherra, sagði, að upplýst hefði á tímabilinu frá í janúar og fram í febrúar, að 1½ milj. kr. tekjuafgangur myndi verða frá síðasta ári. Jeg hefi ekki aðgang að plöggum stjórnarinnar, svo að jeg get ekki fullyrt um, hvenær þessi vitneskja fjekst, en jeg býst við, að hæstv. fjmrh. (TrÞ) hafi fylgst svo vel með fjárhag ríkisins, að hann hafi vitað nokkurn veginn, hve mikill tekjuafgangur yrði, þó nokkuð löngu áður. Jeg held, að þetta hafi því eigi verið ástæðan til þess, að fyrri skipunin var afturkölluð, þótt hæstv. forsrh. láti það í veðri vaka. Jeg bað skattstjóra að gefa mjer skýrslu um, hve miklu muni ríkissjóð, að feldur sje niður 25% viðaukinn og ef miðað er við 4000 kr. skatttekjur, eins og í núverandi lögum. Hann gaf þau svör, að 25% viðaukinn hefði orðið 1925 kr. 537 þúsund og 1927 kr. 156 þúsund.

Nú má gera ráð fyrir, að árið 1928 sje svipað og 1925, ef ekki hærra. Má því gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs minki um alt að ½ miljón króna.

Hæstvirtur forsrh. gaf þau svör, er hann var spurður, hvort hann hefði verslað með þennan tekjuauka við hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að þetta kæmi engum við. En jeg held, að hann hafi komið fram sem forsætis- og fjármálaráðherra við það tækifæri, og að framkoma hans sem ráðherra hljóti ávalt að koma almenningi við. Sjerstaklega virðist mjer það koma almenningi við, ef hæstv. forsrh. hefir svift ríkissjóð minst hálfri miljón króna með því að láta vera að framkvæma stjórnarathafnir, sem ætlast var til af honum að framkvæma. Mjer finst furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli segja þetta. Þá væri og fróðlegt að heyra, hvort hann vegna þessarar milligöngu sinnar hefði komist á þá skoðun, að lækka skuli tekjuskatt yfirleitt, eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði. Og ef stjórnin nú vill hafa sömu tekjur framvegis, hvar ætlar hún þá að taka þær, ef hún ætlar að byrja á því að lækka skatt af gróða. Fróðlegt væri að heyra, hvort Framsóknarflokkurinn ætlar þá að taka upp þá stefnu, að taka toll af þurftarlaunum, eins og íhaldsflokkurinn hefir að stefnumáli. Við jafnaðarmenn höfum heyrt á ræðu hæstv. þáv. fjármrh. (TrÞ), hvernig hagur ríkisins er stæður, og því hefir okkur dottið í hug, að annaðhvort mætti gera, ljetta af sköttum eða framkvæma meira en áður. Við munum því bera fram frv. um lækkun á verðtollinum, og gefst þá hæstv. forsrh. og Framsóknarflokknum kostur á að sýna hug sinn í þessum málum.

Fors. og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil víkja lítið eitt að tvennu, sem hv. frsm. minni hl. (HV) drap á.

Hann spurði, hvort jeg hefði fengið nýja skoðun á skattamálum í sambandi við afskifti mín af kaupdeilum. Því er til að svara, að slíkt kom alls eigi til greina, og að skoðun mín og Framsóknarflokksins er óbreytt í þeim efnum.

Þá spurði hv. þm., hvað hefði farið á milli mín og togaraeigenda og sagði, að jeg hefði sagt, að það kæmi engum við. Það hefi jeg ekki sagt. En þar sem mjer var sýnd full einlægni á báðar hliðar, skoða jeg það sem fullkomið trúnaðarmál, sem farið hefir mín og aðilja á milli. Ef til þess kæmi, að jeg þyrfti aftur að hafa afskifti af slíkri deilu, varðar miklu, að jeg hafi eigi flikað fyrri trúnaðarmálum milli mín og aðilja út á meðal almennings.

Sigurður Eggerz: Það flaug út um bæinn um það leyti, sem samningar tókust í kaupdeilunni, að sáttum hefði verið komið á með eftirgjöf á tekjuskatti. Þessu hefir síðan verið haldið fram í blöðunum og loks verið slegið föstu hjer.

Mjer finst ákaflega æskilegt, að hið rjetta komi fram. Jeg veit ekki, hvort skilja átti ummæli hæstv. forsrh. (TrÞ) svo, að eina ástæðan til þess, að innheimta skattaukans var afturkölluð, hafi verið sú, að hagur ríkissjóðs hafi reynst betri en búist var við, er ákveðið var að heimta hann inn. Jeg fyrir mitt leyti gleðst yfir því, að skatturinn var ekki innheimtur. En úr því að þetta mál er dregið inn í umr., þá vil jeg fá að vita, hvort eftirgjöfin stendur í nokkru sambandi við lausn kaupdeilunnar. Jeg tel sjálfsagt, að þingið fái vitneskju um það. Jeg hefi gengið út frá því í ræðum hjer á Alþingi, að eftirgjöfin hafi staðið í sambandi við verkfallið. Það gerði jeg eftir bestu vitund. Þau ummæli hefði jeg ekki við haft, ef jeg hefði vitað, að annað var rjettara. Því vil jeg vita vissu mína, og ef hæstv. stjórn lýsir yfir því, að það hafi ekki verið gert, þá verður að taka tillit til þeirrar yfirlýsingar.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Jeg veit ekki hvaða ástæðu hv. 2. þm. Reykv. (HV) hefir til að bregða mjer um skoðanaskifti. Jeg hygg, að þeirra hafi ekki gætt hjá mjer í þingmálum, enda er mín þingsaga stutt. En hitt mætti taka fram, að æskilegt væri fyrir þingið og hv. 2. þm. Reykv. sjálfan, að hann hefði skoðanaskifti í sem flestum málum.

Hv. þm. heldur því fram, að afstaða sín hafi verið skýr í þessu máli í fyrra. Jeg verð að segja, að mjer þótti hún óvenju óskýr. Jeg skildi ekki ástæðuna til þess þá, en hún verður skiljanleg, ef hv. þm. hefir ætlað að fara á bak við vilja þingsins með óljósum orðatiltækjum. Úr því hv. þm. telur framsöguræðu sína í fyrra skýra, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann vilji halda sjer við þá skoðun, er kemur fram í henni. Ef hann telur þau orð góð og gild, er styðja málsstað hans, þá verður hið sama að gilda einnig um önnur ummæli hans í sömu Alþingistíðindum. Í B-deild Alþingistíðindanna í fyrra, 3852. dálki, kemst hv. þm. svo að orði — með leyfi hæstv. forseta: „Hv. 1. þm. Reykv. spurði, hver tilgangurinn væri með 4000 kr. frádrættinum, hvort þær tekjur ættu ekki að vera skattskyldar. Frv. ber með sjer, að svo er sem fyr, því að gert er ráð fyrir auknum skatti einungis á hærri tekjum.“ — Þetta eru

að vísu óljós ummæli. En þó er það augljóst, að hv. þm. ætlast hjer til, að skatturinn sje reiknaður af skattskyldum tekjum, en hvorki brúttó tekjum eða nettó tekjum eða neinu öðru. Orðin „svo er sem fyr" benda ótvírætt í þessa átt, því skatturinn er reiknaður út eftir skattskyldum tekjum og svo ætti einnig að vera um viðaukann.

Það, sem við förum fram á, er, að viðaukinn sje reiknaður út samkvæmt hinni ráðandi reglu. — En hitt er óhrekjanlegt, að samkvæmt lögunum, eins og þau eru nú, getur 70 kr. skattur sloppið við viðaukann, en 10 krónu skattur orðið fyrir honum.

Hv. þm. taldi frv. þetta „afskaplegt smámál". En hvers vegna rís hann þá upp með slíku offorsi, þegar einungis er verið að færa lögin í sama form og skattalög eru yfirleitt í?

Hv. þm. fann okkur það til foráttu, að við hefðum ekki aflað upplýsinga um, hvað tekjumissir ríkissjóðs næmi miklu vegna þessa frv. Hann heldur því fram, að viðaukinn nemi um ½—¾ milj. kr. En því meiri, sem viðaukinn verður, því meiri ástæða er til að lagfæra lögin. Og því meir, sem tekjur ríkissjóðs vaxa fram yfir það, sem áætlað er, því ríkari ástæða er til að innheimta ekki viðaukann. Ef tekju- og eignarskatturinn hefir orðið um ½ milj. kr. fram yfir það, er gert var ráð fyrir, hvenær er þá ástæða til að innheimta ekki viðaukann ef ekki þá? En hv. þm. hefir nú reyndar unnið að því, að full þörf verður á þeim tekjuauka. (HV: Hvenær?) Jeg á við togaraverkfallið.

Jeg vil undirstrika þau orð hv. þm., að þetta er lítið mál. En þar er verið á rjettlátari og eðlilegri braut en hv. 2. þm. Reykv. vill leiða þingheim eftir.

Magnús Jónsson: Jeg átti kost á að vera meðflm. að þessu frv., og jeg hefði vel getað orðið það vegna þess, að jeg er fylgjandi hverri lækkun, sem fæst á þessum tekjuskattsviðauka. En jeg vildi þó ekki gerast flm., því jeg er mótfallinn viðaukanum yfirleitt. Jeg álít skattinn þegar of háan og get því ekki gengið inn á að gerast flm. að neinu frv. um viðauka.

Mjer finst þetta frv. vera rjett mátulegt á hv. 2. þm. Reykv. (HV), flm. laganna í fyrra. Hann var svo óljós í því máli í fyrra, að engu tali tók. Jeg beindi oft til hans þeirri fyrirspurn í fyrra, hvað hann ætti við með „árstekjum". En jeg fjekk ekkert svar. — Þar getur verið um fleiri stig að ræða. Fyrst og fremst allar tekjur mannsins, þar næst allar tekjur að frádregnum kostnaði við að afla þeirra, og loks þær tekjur, er endanlegur skattur er reiknaður af. En hann gat aldrei skilið þetta og var altaf að stagast á árstekjum. Jeg skildi frv. svo í fyrra, að þar væri átt við skattskyldar tekjur. Mjer hugkvæmdist ekki þá hin slynga aðferð, sem beitt er í þessu frv., að miða viðaukann við sjálfa skattupphæðina. Þá er ekkert um að villast.

Hv. þm. lætur sjer annars fátt um þetta frv. finnast. Hann er ávalt með því, að hafa skattinn sem hæstan og er öndverður öllum lækkunum. Hann sagði, að síst hefði átt að lækka tekjuskattinn, ef rjett hefði verið að lækka skatta. En það var eðlilegt, að stjórnin feldi niður viðaukann, úr því hún taldi rjett að lækka skatta. Til þess hafði hún heimild. Hún gat engan annan skatt lækkað. Það var bein skylda hennar að innheimta ekki viðaukann, ef ríkissjóður þyrfti hans ekki við. Jeg varð

satt að segja hissa, er jeg heyrði, að viðaukann ætti að innheimta. Heimildin var aðeins einskonar öryggisráðstöfun til að grípa til, ef í harðbakka slægi. Það vita allir, að hagur ríkissjóðs stendur með miklum blóma, og var því ekki nema eðlilegt, að stjórnin hyrfi að þessu ráði.

Mjer heyrðist hv. 2. þm. Reykv. vera að tala um, að menn stæðu misjafnlega að vígi með að koma sjer undan þessum skatti. Ef hv. þm. hefir sagt þetta, þá hefir hann einmitt gripið á kýlinu. Því að það er einmitt aðal ókostur tekjuskattsins, hve afar erfitt er að fá út rjettan grundvöll, þ. e. rjetta mynd af tekjum manna. Og það gerir svo allan skattinn ranglátan.

Hv. 2. þm. Reykv. þótti það ótrúlegt, að stjórnin hefði gripið til þess ráðs, að greiða útgerðarmönnum uppbót til að fá deiluna leysta. Jeg skal nú ekkert tala um það mál að svo komnu. En hitt verð jeg að segja, að mjer fanst það ekkert ótrúlegt, að stjórnin gripi til þeirra ráða, eftir það, sem á undan var farið. Rjett áður hafði hún einmitt leyst aðra kaupdeilu með greiðslu úr ríkissjóði. Þá varð jeg hissa, er jeg heyrði það. — Annars gengu hjer um bæinn ýmsar sögur um þetta. Jeg heyrði t. d., að stjórnin hefði lofað útgerðarmönnum því, að fella niður kola- og salttollinn. Jeg veit ekkert hvað satt er í þessu. En það væri ákaflega æskilegt, að fá skýr svör. Það væri ákaflega æskilegt að fá að vita, hvort kaupdeilan er orsök til þess, að viðaukinn var niður feldur, eða hvort það er hin góða afkoma ríkissjóðs, sem sneri hug stjórnarinnar í því máli.

Magnús Guðmundsson: Mjer finst skylt að láta það í ljós, að jeg er algerlega samþykkur hv. frsm. (HJ) um þann skilning, er hann heldur fram, að lagður hafi verið í frv. í fyrra. Mjer finst undarlegt, að hv. 2. þm. Reykv. (HV) skuli halda því fram, að skatturinn eigi að miðast við brúttó tekjur.

Jeg hjelt að hann vissi, að það er ekki tilgangur skattalaganna að miða við brúttó tekjur. Jeg man ekki betur en það kæmi skýrt fram í umr. í fyrra. Jeg hefi að vísu ekki haft tíma til að fara í gegnum umræðurnar í þingtíðindunum og get því ekki dæmt um, hvort þær bera það með sjer. En jeg get ekki neitað því, að jeg varð dálítið hissa á úrskurði Stjórnarráðsins, þegar jeg heyrði hann, og skal jeg þó ekkert fullyrða um, hvort hann er rjettur eða rangur, en að sjálfsögðu hefir hann verið kveðinn upp eftir nákvæma yfirvegun.

Hvað við víkur sáttaumleitunum stjórnarinnar í kaupdeilunni, þá vil jeg spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort fulltrúar sjómanna hafi ekki verið við þær.

Það er undarlegt, að hv. þm. skuli ekki hafa spurt flokksbræður sína um það, hvort eftirgjöfin hafi verið ákveðin í samráði við þá. Annars get jeg tekið í þann strenginn, að jeg er þakklátur fyrir það, að viðaukinn við tekjuskattinn var feldur niður. En því get jeg ekki neitað, að það er óviðfeldið, ef það er sett í samband við lausn kaupdeilunnar. Jeg get tekið undir með hv. þm. Dal. (SE) um, að skýrt svar væri ákaflega æskilegt. Um heimild stjórnarinnar er enginn efi. Ef ekki var ætlunin að láta það á vald stjórnarinnar að innheimta viðaukann eða ekki, hví voru lögin þá ekki höfð í skipunarformi, sem venja er til um skattalög?

Jeg mun annars greiða atkv. með frv., en lít þó svo á, að ekki sje mikil ástæða til að samþ. það, því ef það er tilgangurinn að innheimta viðaukann á næsta ári, þá er nógur tími til að leiðrjetta þetta á næsta þingi.

Magnús Torfason: Út af því, er hv. síðasti ræðumaður sagði, verð jeg að mótmæla því algerlega, að hægt sje, ef nota á þessa tekju- og eignarskattslöggjöf næsta ár, að láta það bíða næsta þings. Jeg þykist þess fullviss, að þá verði búið að leggja skattskýrslurnar fram, áður en slíkt frv. hefði gengið í gegnum báðar deildir þingsins og hlotið staðfestingu.

Það hafa nú orðið stórmiklar umræður út af þessu litla frv., sem ekki er nema 1½ lína, og skal jeg ekki fara út í það að öðru leyti en því, að mjer finst það ekki ná nokkurri átt, að hæstv. forsrh. (TrÞ) hafi gefið nokkurt loforð um lækkun á skatti í sáttaumleitan þeirri, er hann hafði með höndum í síðustu vinnudeilu. Mjer finst það satt að segja vera firra að hugsa sjer slíkt. Slík lækkun á tekjuskattsaukanum mundi fyrst og fremst koma þeim útgerðarmönnum að notum, er taka stórgróða á útgerðinni og engrar hjálpar þurfa. Aftur á móti mundi slík lækkun á engan hátt hjálpa þeim smærri útgerðarmönnum, er erfitt eiga með að standast kostnaðinn við útgerðina.

Jeg verð að halda því fram, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sje heiðarlegri og vandaðri maður en svo, að hann leyfði sjer að halda fram slíkri ívilnun fyrir tekjumestu menn útgerðarinnar, því jeg er viss um, að hann hefði fyrst og fremst litið á hag þeirra smærri.

Að öðru leyti vil jeg láta það koma skýrt í ljós, að það var eigi unt fyrir hæstv. þáverandi fjmrh. (TrÞ) að gera sjer fasta hugmynd um tekjurnar 1928, þegar úrskurður var gefinn um að tekjuaukinn skyldi innheimtur. Fyrirskipunin til sýslumanna og lögreglustjóra um að gefa upp tekjurnar, var fyrst gefin út eftir áramót, og svo dróst það eðlilega nokkuð hjá þeim að svara. T. d. var mjer ekki unt að gefa upp tekjurnar fyr en eftir 20. jan. og svo býst jeg við að hafi verið hjá fleirum. Það var því ekki nema eðlilegt, að hæstv. fjmrh. öðlaðist aðra skoðun á þessum málum að fengnum upplýsingum frá innheimtu- og tollheimtumönnum landsins. En vitanlega náði ekki neinni átt að gefa eftir skattaukann fyr en sjeð var, að verkfallið yrði stöðvað.

Rjett þykir mjer og að geta þess, að þetta er eini færanlegi skatturinn, og var það ein ástæða þess, að jeg var honum samþykkur. Í öðrum löndum eru slíkir skattar töluvert notaðir, t. d. í Englandi og víðar. Mitt álit er, að það sje mjög heppilegt að hafa slík tekjuskattslög, svo að stjórnin þurfi ekki að spyrja þingið til þess að fá löglega lagðan skatt á landsmenn, án þess þó að hætta sje á, að hún íþyngi skattþegnunum um of með þungum álögum.

Úr því farið var út í það, hverju hæstv. forsrh. hafi átt að lofa útgerðarmönnum í sambandi við nýafstaðna launadeilu, þá fyndist mjer ekki nema eðlilegt þó spurt væri, hverju hann hefði lofað jafnaðarmönnum og vinnulýðnum, án þess jeg ætli þó að gera það að minni fyrirspurn. En það hljóta allir að sjá, að breyting sú, er

gerð var á till. sáttasemjara áður en hún varð endanlega samþ., var svo hverfandi lítil, að það er ómögulegt að ætla, að margra vikna verkfall hafi staðið vegna hennar út af fyrir sig. Jeg er hlessa á að enginn skuli hafa minst á þetta jafnt og talað hefir verið um það, hvað útgerðarmenn hafi fengið.

En svo að jeg komist nú að efni málsins, þá get jeg lýst því yfir, að jeg skildi þetta ákvæði svo, sem þar hlyti að vera átt við skattskyldar tekjur, og það var af því, að hvergi í heiminum, svo að jeg viti, eru álögur miðaðar við brúttó tekjur, og jeg lýst ekki einu sinni við, að slíkt fyrirfyndist þó leitað væri til annara hnatta. (Hlátur).

Fyrri gr. frv. á við sjálfan skattinn, tekju- og eignarskattinn, og hefi sjálfsagt að miða undanþáguna líka við skattinn. Þetta hefir þó ekki verið gert, heldur miðað við árstekjur. Um þetta var deilt hjer í hv. deild í fyrra, og var jeg þá spurður, hvort ekki væri ástæða til að koma með brtt. við frv., er færi í þá átt, að aðeins væri átt við skattskyldar tekjur. Þá var það, að hv. 1. þm. Reykv. (MJ) gerði fyrirspurn sína, er var svarað af hv. 2. þm. Reykv. (HV), og eftir það svar, fanst mjer ekki ástæða til þess að koma fram með brtt. En þegar jeg nú fór að skoða þingtíðindin, þá kom í ljós, að umr. um þetta voru svo brjálaðar og brenglaðar, að ekki var hægt að fá nokkurt vit út úr þeim. Einkanlega var þó þetta atriði óljóst. Svar hv. 2. þm. Reykv. við fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. 1. þm. Reykv. spurði hver tilgangurinn væri með 4000 kr. frádrættinum, hvort þær tekjur ættu ekki að vera skattskyldar. Frv. ber með sjer, að svo er sem fyr, því gert er ráð fyrir auknum skatti einungis á hærri tekjunum."

Skilur nú nokkur maður þetta? Mjer er það ofvaxið? Og hv. 2. þm. Reykv. (HV) er svo skýr maður, að jeg er viss um, að hann hefir aldrei svarað svona, heldur hlýtur þetta að hafa brjálast eitthvað síðar. (**MJ**: Jeg fjekk aldrei fullnægjandi svar.) Hv. þm. Ísaf. (HG) hefir líka haldið ræðu í þessu máli, þar sem auðsjeð er, að hann hefir álitið, að þessi tekjuskattsauki kæmi ekki niður á öðrum en þeim, sem hafa allháar brúttó tekjur, svo sem 10 þús. kr. A. m. k. er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi í þingtíðindunum, en þau eru svo brjáluð, að ilt er að fá nokkurt vit út úr þeim. Rjett er þó að geta þess, að allra síðast við 3. umr. kom yfirlýsing frá frsm. meiri hl., þar sem svo mætti virðast, að talað væri um brúttó tekjur. Þó er það alls ekki ljóst. Hv. þm. segir þar, að öllum muni það ljóst, að átt sje við 4000 kr. árstekjur. En brúttó tekjur verða aldrei það sama og árstekjur, því með árstekjum getur ekki verið átt við annað eða meira en það, sem hver maður hefir sjer til lífsviðurværis.

Yfir höfuð datt mjer ekki annað í hug, en að þessi lög yrðu skýrð í anda allra annara tekjuskattslaga, og að miðað yrði við skattskyldar tekjur, en ekki brúttó tekjur.

Hvað snertir afskifti stjórnarinnar, þá er vitanlega skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu sjálfkjörinn ráðunautur hennar. En hann mun hafa verið veikur, er þetta var til umr. Ann-

ars hefði það verið skylda hans að leiðrjetta þetta. Jeg hreyfði þessu ekki frekar þá, því jeg taldi víst, að fylgt yrði venjulegum skýringarreglum í þessu tilfelli, en ekki farið eftir reglum, er hvorki finnast á jörðu, undir jörðu nje yfir jörðu.

Hlessa er jeg á því, að hv. 2. þm. Reykv. (HV) skuli vera gramur yfir því, þó að minkaður verði tekjuskattur á framfærslumönnum og barnamönnum. Hjelt jeg þó, að það væri samkv. hans stefnu, og eigi hefir hv. þm. allsjaldan þanið sig út af því, að þeim mönnum væri um of íþyngt með sköttum og skyldum, og að síst ætti að hegna þeim. En það er einmitt þetta, sem hann vill gera með þessum lögum, því að samkv. þeim verða það barnamennirnir, sem verða að borga, en piparsveinarnir sleppa. Þetta er þvert ofan í allar stefnur í þessum málum, því það er reynt að koma því svo fyrir, að piparsveinarnir, sem minst borga af óbeinu sköttunum, greiði sem mest af beinum sköttum. Það hefir jafnvel verið talað um að leggja sjerstakan skatt á piparsveina og piparmeyjar, en líklega hefir þó hvergi orðið úr því, nema ef vera skyldi, að Mússólíni hefði gert það. Annars tel jeg ekki rjett að innleiða hjer slíkan skatt, og er ástæðan til þess sú, að mjer finst ekki gustuk að skattleggja sjerstaklega eina þá tegund slíks mannfólks, er nauðajómfrúr nefnast. A. m. k. vildi jeg ekki láta hafa mig til þess. (Hlátur).

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg skal játa, að grein sú, er hv. þm. V.-Húnv. las upp úr ræðu minni, gaf ekki mikla hugmynd um það, hvaða skoðun jeg hefði haft á þessu máli í fyrra. Hlýtur þessi hluti ræðunnar að hafa aflagast hjá þingskrifaranum. En á bls. 3899 svara jeg aftur fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. og held jeg, að það svar mitt sje það skýrt, að auðvelt sje fyrir hvern óbrjálaðan mann að skilja það. Það hljóðar svo, — með leyfi hæstv. forseta: „Jeg hjelt satt að segja, að hv. þm. væri svo ljóst, hver munur væri á árstekjum og skatttekjum, að hann gæti ekki vilst á þeim. Jeg veit, að hv. þm. færir árstekjur sínar mjög gaumgæfilega á hverju ári, en skatttekjurnar koma fyrst til greina eftir að skattstjórn hefir dregið frá lögmætan frádrátt."

Árstekjur veit hver maður hvað er, en skatttekjur eru þær tekjur, sem skattur er greiddur af, eftir að skattstofan hefir dregið frá lögleyfðan frádrátt. (**MJ:** Þá er óhætt að samþykkja frv.). Hv. þm. V.-Húnv. virtist ganga út frá því, að ekki væri hægt að hugsa sjer rjettlátari tekjuskatts-skala, og að hver breyting á þessum skala væri rjett, ef hún miðaðist hlutfallslega við tekjurnar. Jeg get ekki fallist á þetta, því jeg lít svo á, að það sje mikill munur á þeim skatt-skala, er nú er, og þeim, er að rjettu lagi ætti að vera.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að ekki gæti komið til mála að hæstv. forsrh. hefði lofað atvinnurekendum neinu um burtfellingu tekjuskattsviðaukans. Jeg geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. sje einfær um að svara því, og hefir reyndar þegar gert það, og á þann hátt, að ekki verður um vilst. Um hitt, hverju hæstv. forsrh. hafi lofað jafnaðarmönnum, veit jeg ekkert og get ekkert um það sagt, því að jeg var ekki í samningsnefndini. En hefði jeg

verið í henni og sjómönnum hefði verið veitt einhver fríðindi, mundi jeg hafa talið mjer bæði heimilt og skylt að skýra frá því. Jeg þekki hinsvegar svo vel þá, sem sömdu fyrir hönd sjómanna, að jeg veit vel, að þeir munu ekki hafa gert kröfur til ríkissjóðs út úr kaupmálum sínum. Og jeg verð að álíta það mjög óviðeigandi, ef útgerðarmenn hafa notað þessa aðstöðu sína til þess, á ríkisins kostnað, að knýja fram einhver hlunnindi sjer til handa. Sjerstaklega er þetta þó vítavert hjá hv. 2. þm. G.-K., sem er þingmaður og á að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar sem slíkur.

Hv. þm. V.-Húnv. þyrfti jeg að spyrja að mörgu, en það verður að bíða í þetta sinn. Hann sagði m. a., að því meiri sem þessi tekjuauki væri, því meiri ástæða væri til þess að fella hann niður. Þetta verður ekki skilið nema á þann veg, að verra sje að afla ríkinu tekna með beinum sköttum en óbeinum, en þá virðist hv. þm. vera kominn nokkuð langt frá stefnuskrá flokks síns. Þá varð hv. þm. oft tvísaga í þessari stuttu ræðu sinni. T. d. sagði hann, að ef breytingin á frv. yrði ekki samþ., væri best að fella það. En svo sagði hann rjett á eftir, að þrátt fyrir alt mundi þó vera rjett að notfæra sjer það á næsta ári. Jeg fæ ekki skilið, hvernig hv. þm. ætlar að samræma þetta. Þá mintist hv. þm. eitthvað á verkföll og afskifti mín af þeim. Jeg vil ráðleggja honum að tala sem minst um það, því þau afskifti, sem hann hefir haft af slíkum málum, hafa orðið honum til lítils sóma.

Ólafur Thors: Það er aðeins til þess að votta hv. 2. þm. Árn. þakklæti mitt fyrir heiðarleikavottorð það, er hann gaf mjer áðan, að jeg stend hjer upp. Hann taldi það fjarri öllu lagi, að hæstv. forsrh. hefði veitt okkur útgerðarmönnum nokkra eftirgjöf á skattagreiðslum. Og sem sönnun þess, að ekkert þvílíkt hefði átt sjer stað, tilfærði hann það, að heiðarleikur minn væri svo mikill, að það væri algerð fjarstæða að láta sjer detta í hug, að jeg hefði getað verið þektur fyrir að taka á móti slíkum gjöfum. Sjerstaklega þó vegna þess, að þetta hefði aðeins orðið stærri útgerðarmönnunum til góðs.

Jeg hefi nú aldrei heyrt hv. þm. gera nokkurn mun á útgerðarmönnum, heldur hefir hann ávalt talað svo um þá, sem væru þeir allir stórauðugir. (**MT:** Það hefi jeg aldrei talað um). Það er hægt að láta skoðanir sínar í ljós með fleiru en munninum. Jeg tek oft eftir atkvgr., og af þeim hefi jeg sjeð, hver er hugur hv. þm. til útgerðarmanna yfirleitt.

En um þennan tekjuskattsauka er það að segja, að jeg barðist gegn honum á síðasta þingi. Og jeg er ekki heiðarlegri en svo, að jeg mundi ekkert tækifæri láta ónotað til þess að fá hann afnuminn, svo óbilgjarn sem hann er.

Með þessum orðum mínum segi jeg þó ekki neitt um það, er gerðist í síðustu launadeilu, heldur lýsi jeg hjer skoðun minni á þessum atriðum.

Þá ætla jeg að bera hönd fyrir höfuð þingskrifaranna, því að þeir geta ekki varið sig sjálfir, og verðskulda ekki aðkast það, er þeir hafa fengið. Hv. 2. þm. Árnesinga sagði, að það væri vitanlegt, að 2. þm. Reykv. væri gáfaður, en ræður hans í Þingtíðind-

unum bæru þess lítinn vott. Það hljóta þá að vera þingskrifararnir, sem brjála ræðurnar. Það er að vísu vitanlegt, að ræðum þingmanna geta skrifararnir ekki náð orðrjett, en mjer segir svo hugur um, að þeir færi frekar ræður ýmsra þingm. til betri vegar en hitt. Eða hyggur þingmaðurinn, að allar þær ræður, sem haldnar eru hjer innan þessara veggja, sjeu óbrjálaðar frá hendi ræðumanna, og yfirleitt svo góðar, að þær standist gagnrýni? Sjálfur legg jeg engan dóm á slíkt. En þó vil jeg benda á, að lesendur þingtíðindanna myndu hafa ástæðu til að halda, að ræða þessa hv. þm. hafi brjálast í meðförunum, ef hún kemur eins og hún var flutt.

Hv. 2. þm. Árn. segir, að á þinginu í fyrra hafi þm. Ísaf. (HG) krafist þess, að menn með 8000 kr. tekjum væru lausir við þennan skatt. (**MT:** Það er rjett. — **HG:** Nei). Jeg er staddur hjer milli tveggja elda. Hv. 2. þm. Árn. stendur við hin fyrri orð sín, en hv. þm. Ísaf. neitar að hafa sagt þau. Þetta sýnir, að ekki þarf þingskrifara til að brjála ræðurnar heldur geta þingmenn gert það sjálfir. Jeg hygg að álykta megi að sá, sem kveðið hefir upp dóm í málinu, sje sekur sjálfur.

Hvað því viðvíkur, sem sagt hefir verið um þessar skattaívilnanir, get jeg lýst yfir því, að útgerðarmenn hafa ekkert gert til að knýja þær fram, en að öðru leyti tel jeg mjer ekki skylt að ræða frekara um kaupdeilurnar og samningaumleitanir ráðherra.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ástæðan til þess, að jeg stend nú upp, eru ummæli 1. þm. Skagf. Hann beindi þeirri fyrirspurn til hv. 2. þm. Reykv. (HV), hvort hann, sem fulltrúi verkalýðsins, hefði eigi vitað um, hvað gerðist í sambandi við lok vinnudeilunnar. Þar eð jeg var einn af fulltrúum verkamanna, álít jeg mjer að vísu ekki skylt að segja frá því sem gerðist, en vil þó lýsa yfir því fyrir hönd mína og fjelaga minna, að það var ekki á vitorði okkar, fulltrúa sjómanna við samningana, að nokkrum fríðindum af hálfu ríkissjóðs hefði verið lofað til handa útgerðarmönnum, þegar samkomulagið komst á heima hjá forsætisráðherra.

Jeg ætla mjer ekki að vera margorður, en verð þó að víkja að þeim orðum, sem hv. 1. þm. Reykv. hafði um deiluna við Eimskipafjelagið og lausn hennar. Við fulltrúarnir litum svo á, að Eimskipafjelagið gæti fyllilega greitt þá upphæð, sem við fórum fram á, en meiri hl. fjelagsstjórnarinnar vildi ekki leggja þá upphæð fram, en þó munu þar einnig hafa verið skiftar skoðanir um málið. Það voru flokksmenn hv. þm., sem þar rjeðu málum, og sýndu þar sem fyr bæði flónsku og smásálarskap. — Að endingu tókum við á móti þeirri sáttagerð, sem öllum er nú kunn, en álitum hins vegar, að enginn nauður ræki til, að ríkisstjórnin veitti fjelaginu nokkurn styrk. Eins var því farið með útgerðarmenn. Við álitum, að þeir væru færir um að greiða kaup það, sem fólst í sáttagerðinni, án þess að njóta nokkurra fríðinda. Hið sama virðist koma fram hjá þeim andstæðingum stjórnarinnar, sem víta hana fyrir þá ráðstöfun, sem út lítur fyrir að gerð hafi verið í sambandi við lausn kaupdeilunnar.

Halldór Stefánsson: Jeg vildi víkja

nokkrum orðum að þeim ágreiningi, sem risið hefir innan deildarinnar, út af því, hvað meint hafi verið með undanþágu frá aukaskattgreiðslu þeirri, sem ákveðin var í fyrra. Jeg tek undir álit frsm. meiri hl. Við áttum uppástunguna að undanþágunni og meintum skattskyldar tekjur, en við það má kannast, að það kemur óskýrt fram í lögunum. En það liggur í hlutarins eðli, að þessi var meiningin, því ef svo væri ekki, væri fjölskyldumanninum íþyngt meir en einhleypum mönnum. Jeg þykist fullviss þess, að innan deildarinnar sje enginn, sem vill ganga þannig frá lögunum, að viðaukinn komi þyngra niður á fjölskyldumönnum en einhleypum. Mjer kom það mjög á óvart, hvernig stjórnin skildi lög þessi. Hún leit svo á, að undanþágan væri ekki miðuð við skattskyldar tekjur, og byggir það á umræðunum, en tilgreinir þó sjerstaklega dálk 3899 í Þingtíðindunum, eða ræðu hv. frsm. meiri hl. Það má vel vera, að komast megi að líkri niðurstöðu, með því að lesa þetta eitt. En það verður að lesa meira en þetta eitt, til þess að hægt sje að byggja á því endanlegt álit. Ummæli frsm. um þetta atriði er víðar að finna í umr., og eru þau ærið óljós og óskýr. Þessi ummæli, sem til er vitnað, eru einna ákveðnust, en bæði er óvíst, að þau hafi fallið nákvæmlega svo, enda gátu þau farið fram hjá athygli manna. Benda vil jeg á, að samflokksmaður frsm., hv. þm. Ísaf., hefir í fyrra skilið þetta á sama hátt og jeg, og vísa jeg um það í Þingtíðindin, dálkana 3892—3894, en þar hafa umræðurnar brjálast í prentuninni. En þegar lesið er saman það, sem saman á, þá verða ummælin ekki skilin á annan hátt, en að hann skilji svo, sem persónufrádráttur eigi að koma til greina áður en þessi aukaskattur er lagður á.

Eins og jeg sagði áðan, kemur þessi skatthækkun misjafnlega hart niður á mönnum, ef persónufrádráttur er ekki tekinn til greina. Því er það ótrúlegt um þingmenn, ekki síst um jafnaðarmenn, að þeir fylgi slíkri lögskýringu, þar sem fátækir fjölskyldumenn verða mun harðara úti en þeir, sem einhleypir eru.

Haraldur Guðmundsson: Hjer í deildinni er nú verið að ræða um tvö mál samtímis. Eru þau náskyld að vísu, en mjög misstór þó. Annað er smávægilegt, sem sje frv. það, sem hjer liggur fyrir, um að miða skattaukann við skattupphæð í stað árstekna. Mig furðar á því, að hv. frsm. skuli ekki betur kunna að gera greinarmun á brúttó- og nettó-tekjum, en ræða hans ber vott um. Jeg skil ekki í því, að nokkrum manni hafi dottið í hug, að 4000 króna tekjuupphæðina ætti að miða við brúttó-tekjur, þar eð það nær vitanlega engri átt. Við skulum t. d. gera ráð fyrir, að kaupmaður hafi 20 þús. kr. brúttó-tekjur á ári. Þá nær vitanlega engri átt að miða skattinn eða skattaukann við þá upphæð, heldur verður auðvitað að draga fyrst frá allan kostnað við öflun teknanna. Þegar búið er að draga frá þann kostnað, koma hinar raunverulegu tekjur gjaldandans í ljós. Hv. þm. hefði getað fengið sjer upplýsingar um þetta í tekjuskattslögunum og reglugerðinni. Þar hefði hann getað gengið úr skugga um, að skatturinn er aðeins lagður á tekjur að frádregnum kostnaðinum við

öflun þeirra, og síðan persónufrádrætti hjá einstaklingum og varasjóðstillagi og hlutafjárvöxtum hjá fjelögum.

Hv. þm. N.-M. og hv. 2. þm. Árn. vitnuðu í orð mín hjer í hv. deild í fyrra, til sönnunar því, að með „árstekjum" í lögunum frá í fyrra væri átt við bruttó-tekjur og skattaukinn miðast við þær. Þetta nær engri átt. — Jeg mun lesa — með leyfi hæstv. forseta, — kafla úr ræðu minni frá í fyrra, á bls. 3891 í Þingtíðindunum:

„Flestir þessara manna (þ. e. starfsmanna ríkisins) starfa fyrir laun, sem eru lægri en 4000 kr. á ári. T. d. eru það aðeins elstu prestar, sem hafa yfir 4000 kr. árslaun, en prestastéttin er fjölmennasta stjettin, að undanteknum barnakennurum. Símamenn, póstmenn og barnakennarar eru allir fyrir neðan þetta lágmark, 4 þús. kr. árstekjur, nema þá örfáir yfirmenn."

Engir þessara manna koma til greina, þegar um aukaskattinn er að ræða, til þess verður að fara hærra upp. Embættislaunin eru frádráttarlaus, þ. e. það er enginn sjerstakur kostnaður við öflun þeirra.

Þessi till., ef að lögum yrði, mundi draga nokkuð úr tekjum ríkissjóðs, og verð jeg að segja, að það er alveg ný aðferð að bera fram frv. til breytinga á skattalögunum, án þess að taka til athugunar hvaða þýðingu það hefir fyrir ríkissjóð. En það gera flm. alls eigi. Hv. 2. þm. Árn. segir, að skattaukinn komi harðast niður á fjölskyldumönnum, og hv. 1. þm. Reykv. tók í sama strenginn, og að því er virtist vildu þessir hv. þm. telja, að lítið væri að marka ræður þm. í Þingtíðindunum, þær hefðu brjálast allmjög í meðferð skrifaranna. Jeg get af þessu tilefni lýst yfir því, að ræða mín var óbrjáluð frá hendi þingskrifaranna, en í prentuninni hefir ein lína fallið niður og röðin raskast.

Jeg vil nú lauslega sýna fram á, að skattaukinn frá í fyrra og lækkun kaffi- og sykurtollsins, sem þá var gerð, jafnar sig h. u. b. fyrir ríkissjóðinn, og að útkoman verður mjög svipuð fyrir fjölskyldumenn hér í Rvík. Vildi jeg í þessu sambandi lesa lítinn kafla úr ræðu minni frá í fyrra, ef hæstv. forseti leyfir það:

„Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að skattur af 4000 kr. árstekjum væri 72 kr. Sami hv. þm. taldi, að Reykvíkingar mundu neyta ⅓ af því kaffi og sykri, er til landsins flytst, eða borga ⅓ af kaffi- og sykurtollinum, en það verða þá 350 þús. kr. Jeg held nú að vísu, að þeir greiði meira en þetta af þeim tolli, en skal þó reikna með þessari upphæð. — 20% lækkun á kaffi- og sykurtollinum nemur því fyrir Reykjavík kr. 70000.00. Álagning kaupmanna á þá upphæð nemur minst kr. 15000.00, eða samtals kr. 85000.00. Sje gert ráð fyrir því, að hjer í Reykjavík sjeu 4000 heimili, þá kemur á hvert heimili kr. 21.00 lækkun. Nú er skattur, samkvæmt framansögðu, af 4000 kr. 72 kr.; 25% hækkun á þá upphæð verður 18 kr., eða með öðrum orðum, 3 kr. minna en lækkun kaffi- og sykurtollsins. Ef gert er ráð fyrir 5 manna fjölskyldu með 6500 kr. tekjum og 2000 kr. í frádrátt, þá verða eftir 4500 kr. og þá stendur þetta (þ. e. lækkun tolla og hækkun tekjuskatts) í járnum. Fjölskyldumenn, sem hafa undir 5000 króna skattskyldutekjur, tapa því engu við þetta. Það er þá

fyrst, þegar tekjurnar fara að verða háar, og ekki minni en 8—10 þús. kr., sem útgjöldin aukast verulega vegna þessara breytinga, og svo vitanlega á einhleypum mönnum.“ Um þetta þarf ekki að deila, þar eð það liggur í augum uppi, að tilgangur laganna frá í fyrra var sá, að skatturinn skyldi miðaður við árstekjur manna, en hitt nær engri átt, að lögin hafi átt við brúttó-tekjur, eins og áður hefir sagt verið, þar eð það getur í ýmsum tilfellum farið svo, að um beint tap sje að ræða, þótt brúttó-tekjur sjeu langt yfir 4000 krónum.

Í lögunum frá í fyrra er með „árstekjum“ auðvitað átt við brúttó-tekjur að frádregnum kostnaði við öflun þeirra. Það er alveg rjett og samkvæmt málvenju. Þegar svo skatturinn er á lagður, er persónufrádrátturinn dreginn frá; með því er gerður munur einstaklinga og fjölskyldumanna. Nú væri máske rjett að sýna fram á, að þessi skattauki er ekki svo tilfinnanlegur. Tökum t. d. heimili, sem hefir 4000 kr. árstekjur, en 5—6 í heimili. Þar nemur skattaukinn aðeins nokkrum aurum. Gerum ennfremur ráð fyrir, að annað heimili hafi 7 einstaklinga til framfærslu, en 5000 kr. tekjur. Þá verður munurinn einnig svo lágur, að engan munar um að greiða hann.

Menn verða að gera sjer grein fyrir, hvert stefnir. Er það rjettara að íþyngja fátæklingunum með tollum á nauðsynjavöru, heldur en að lækka tollana og láta þá borga skattana, sem eiga eignir eða hafa tekjur til að borga skatta af?

Einhver vitlausustu orð, sem jeg hefi heyrt hjer í deildinni, voru þau, er hv. 2. þm. G.-K. ljet sjer um munn fara, er hann sagði, að tekjuskatturinn væri einhver ranglátasti skattur, sem til væri. (**ÓTh:** Það hefi jeg aldrei sagt; jeg talaði um skatt-skalann). Jeg veit ekki betur, en að skatt-skalinn sje hjer svipaður og í nærliggjandi löndum. En hvað finst hv. þm. (ÓTh) um tolla-skalann okkar, tollana á fatnaði og nauðsynjavörum. (**ÓTh:** Jeg man ekki betur, en að hv. þm. greiddi atkv. sitt með hækkun þessara tolla í fyrra). Það er satt að vísu, að jeg greiddi atkvæði með því að hækka verðtollinn úr 10% og 20%, upp í 15% og 30%, og mun rjett að skýra afstöðu mína til þess máls. Jeg vil lýsa því yfir um leið, að jeg hefi orðið fyrir miklum vonbrigðum í sambandi við þau mál. Það var tvímælalaust vilji þingsins í fyrra, að þessi heimild til að innheimta skattaukann, yrði notuð í ár. Sjest það á því, að samtímis var samþ. lækkun á tollum á nokkrum þurftarvörum almennings, svo sem kaffi og sykri, er nam jafnri upphæð, 200—250 þús. kr. Jafnaðarmenn ljetu tilleiðast að hækka verðtollinn, en það var til skilið, af þeirra hálfu, að móti kæmi lækkun kaffi- og sykurtolls og jafnframt hækkun á sköttum eigna- og hátekjumanna, þ. e. að hækkaður væri tekju- og eignarskattur.

Þetta samkomulag hefir nú hæstv. stjórn rofið, með því að ákveða að innheimta ekki skattaukann.

Þetta tiltæki stjórnarinnar er aðalatriði þessa máls. Stjórnin hefir hjer breytt gagnstætt þingviljanum í fyrra. Hún hefir rofið gerða samninga. Jeg mun því bera fram frv. um að ljetta af verðtolli af ýmsum nauðsynlegustu vörum nú þegar. Sjest þá, hvort stjórninni og flokki hennar er alveg snúinn

hugur frá í fyrra, hvort hún nú telur rjettara að skattleggja nauðsynjar alls almennings en arð og eignir þeirra, sem nú skamta sjer spæni úr öskum þjóðarinnar.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. (HV) sagði, að jeg teldi rjettlátan þann tekju- og eignarskatts-skala, sem nú er í gildi, en að hann teldi miðbik skalans ranglátt. Nú hlýtur hv. þm. að muna, að í viðtali við mig hefir hann einmitt staðfest það, sem flm. og fjhn. halda fram, því að hann telur skalann sjerstaklega ranglátan, þegar um 4—8 þúsund króna tekjur er að ræða. En skalinn er miðaður við skattskyldar tekjur. Þetta „ranglæti" vildi hann svo leiðrjetta með viðaukanum.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að það væri mótsögn í því hjá mjer, að vilja koma fram breytingum núna, og ef þær næðu ekki fram að ganga, yrði betra að nema lögin úr gildi. Þetta er ekki rjett. Jeg álít lögin góð að því leyti, að í þeim felst heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka tekjur ríkissjóðs, ef á þarf að halda. En þegar sá böggull fylgir skammrifi, að fátækari hluta þjóðarinnar er fórnað á stalli órjettlætisins, þá get jeg ekki lengur orðið samferða hv. 2. þm. Reykv.

Út af því, sem rætt hefir verið um, að hæstv. stjórn hefir gefið út tilkynningu um, að ekki skuli innheimta gengisviðaukann í ár, vil jeg taka það fram, að einmitt þegar fyrst var gefin út fyrirskipun um að innheimta þenna viðauka, stóð yfir verkfall, og þá var ekki hægt að segja neitt um, hve mikið tjón verkfallið mundi leiða yfir landið, svo að þá var ástæða til fyrir stjórnina að sleppa ekki þeim möguleika til þess að afla ríkissjóði tekna. En þegar stjórninni tekst að sætta þessa ójafnaðarmenn, sem í hlut áttu, þá horfir málið öðruvísi við. Og jeg býst við því, að ef sæmilega gengur hjer eftir, muni tekjurnar ekki verða svo litlar, að ástæða sje til að innheimta viðaukann.

Hv. þm. var að segja frá einhverri kaupdeilu, sem jeg hefði átt að taka þátt í. Jeg vil segja, að hann er ekki óhlutdrægur hæstirjettur í því efni. Minn þáttur í kaupdeilum hefir verið sá, að stilla svo til, að hver maður fengi laun eftir því sem verk hans voru verð, og að öðru leyti farið eftir almennum kaupgreiðslum í hjeraðinu. Jeg hefi neitað að taka suma menn í vinnu, af því að jeg taldi þá alls ekki færa um að leysa vinnuna af hendi. Jeg hefði t. d. alls ekki tekið hv. 2. þm. Reykv. Annars ætla jeg óhræddur að láta sýslunga mína dæma um framkomu mína gagnvart þeim mönnum, sem unnið hafa hjá því fjelagi, sem jeg veiti forstöðu.

Hv. þm. mintist á, að jeg mundi ekki verða 1. þm. V.-Húnv. næst. Hann heldur víst, að hann sje 2. þm. V.-Húnv. Þm. er áreiðanlega óhætt að spara sjer öll heilabrot um það, hvar jeg muni verða í röðinni í áliti manna norður þar, hann getur að minsta ekki haft nein áhrif á það.

Ef hv. 2. þm. Reykv. langar til að rifja upp einhverjar deilur frá Hvammstanga, þá gæti hann rent huganum til þess tíma, sem hann dvaldi þar, og skemt sjer við endurminningarnar um það, þegar hann með yfirgangi ætlaði að láta hendur

skifta í deilu, sem reis við uppskipunarvinnu og honum kom ekkert við. En karlarnir ráku hann af höndum sjer, og svo myndi enn fara, ef hv. þm. vildi eitthvað bekkjast til við þá. (HV: Þetta er ósatt.) Ef hv. þm. vill fá vottfesta umsögn, skal jeg með ánægju útvega hana. (HV: Jeg skora á þingmanninn að koma með hana).

Nei, ef jeg fæ ekki kjörfylgi, þá er það ekki af því, að jeg hafi risið gegn hv. 2. þm. Reykv. og skoðanabræðrum hans, heldur fyrir rangan málflutning minna andstæðinga um að jeg væri í of náinni samvinnu við hv. 2. þm. Reykv. og hans fylgifiska.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Út af síðustu orðum hins eina, sanna og rjetta þm. V.-Húnv. (HJ) um að jeg hefði beitt ofbeldi verkamenn fyrir norðan, vil jeg lýsa yfir því, að það er hrein og bein kjaftasaga, ósönn með öllu. Jeg hefi ekki hugmynd um við hvað þm. á, nema ef vera skyldi, að jeg fyrir löngu síðan sem unglingur innan fermingaraldurs hafi lent í áflogum við aðra unglinga, eins og gerist og gengur. En það er varla saga til næsta bæjar, þótt jeg hefði þá skelt hv. þm. í Vatnsdalnum. Ef á að bera slíkar kjaftasögur inn á þing, þá veit jeg ekki, til hvers þingið er.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi hlustað hjer á umræðurnar í dag og hugsað með sjálfum mjer, hvað ástin væri skrítin, að hún skyldi líka geta komið fram í þessari mynd. Jeg á hjer við hnippingarnar á milli hinna sameinuðu framsóknar- og jafnaðarmanna.

Annars stóð jeg upp til þess að segja það, að hæstv. forsrh. vill ekki svara spurningu minni um það, hvort kaupdeilan hafi verið jöfnuð með því að gefa eftir af tekjuskattinum. Jeg hefi tekið það fram hjer á Alþingi sem sýnishorn þess, hve hæstv. stjórn áliti verkfallsmálið alvarlegt, að kaupdeilan hafi verið jöfnuð með því að gefa eftir af skattinum, og þá var þessu ekki mótmælt. Nú vill hæstv. forsrh. engu svara.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. þm. Dal. (SE) lætur svo um mælt, að jeg vilji ekki svara spurningu hans. Það er einkennilega orðað af hv. þm., þar sem jeg var búinn að svara samskonar spurningu tvisvar, áður en hv. þm. talaði. Jeg sagði, að jeg vildi ekki blanda hjer inn í umræðurnar því, sem farið hefði á milli mín og verkfallsaðiljanna. Og jeg get endurtekið, að jeg ætla ekki að gera það.

Hv. þm. talaði um það, hvað ástin væri skrítin. Í því sambandi má mina á ýms fleiri tilfelli en það, sem hv. þm. Dal. átti við. Einu sinni var hv. þm. frambjóðandi jafnaðarmanna til borgarstjóra í Reykjavík. Og enn einu sinni gekk hann á eftir þeim með grasið í skónum, til þess að verða frambjóðandi þeirra fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Sigurður Eggerz: Jeg vil segja hæstv. forsrh., að hann hefir engan rjett til þess að dylja fyrir Alþingi aðgerðir sínar í öðru eins stórmáli og verkfallsmálinu, að svo miklu leyti sem fje er ráðstafað í sambandi við það. Hann hefir ekki leyfi til að gera slíkar ákvarðanir án þess að standa

fulltrúum þjóðarinnar skil á gerðum sínum. Hver þingmaður á heimtingu á að fá að vita, hvernig stjórnin ráðstafar ½ miljón króna.

Út af seinustu orðum hæstv. ráðherra er mjer ljúft að geta þess, að það voru ótal menn úr öllum flokkum, sem báðu mig um að bjóða mig fram til borgarstjóra, þar á meðal voru einnig jafnaðarmenn. Er jeg þeim auðvitað þakklátur fyrir traust það, er þeir sýndu mjer. Jeg hugsa meira að segja, að hæstv. ráðherra hafi sjálfur kosið mig. (**Forsrh.**: Ónei). Að því er framboð í Gullbringu- og Kjósarsýslu snertir, hefi jeg margoft skýrt frá því, að jafnaðarmenn í Hafnarfirði sögðu mjer, að þeir mundu engan setja fram, ef jeg byði mig fram, en jeg bað ekki um stuðning þeirra. Í seinna sinnið kom hæstv. ráðherra til mín og bauð mjer stuðning Framsóknarflokksins. Ekki vantaði traustið þá.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. (HV) var að tala um, að jeg bæri slúðursögur inn í þingið. Jeg vil minna á máltækið, að óvandur er eftirleikurinn. Hann byrjaði á aðdróttun til mín um afstöðu mína til verkfallsdeilna og vansæmd, sem jeg hefði hlotið af því. Það er slúður.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. V.-Húnv. (HJ) hefir ekki enn getað skýrt, hvað hann hafði fyrir sjer, þegar hann bar fram kjaftasögu sína. Hann færði engin rök fyrir henni. Hitt veit jeg, að þegar jeg var fyrir norðan, voru þar engin verkföll eða verkalýður. En hv. þm. veit kannske betur, þó að hann væri þá austur í Vatnsdal. Jeg vil endurtaka það, að mjer finst menn eins og hv. þm. V.-Húnv. eiga lítið erindi á þing, þegar þeir hlaupa með slíkar sögur. En afskifti hans af verkfallsmálum eru alræmd, og er það vel, að samviskan hefir stungið hann.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 38).

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það er tilgangslaust að halda uppi umr. um þetta frv. eins og komið er. En jeg vil aðeins leyfa mjer að gera fyrirspurn til hæstv. fjmrh (EÁ) um skattskrárnar hjer í Reykjavík. Út um land hafa skattskrárnar verið sundurliðaðar þannig, að sjest hefir hvað er tekjuskattur og hvað eignarskattur. En hjer í Reykjavík hefir það ekki verið aðgreint. Á Alþingi hefir verið samþ. þingsál. þess efnis, að sköttunum væri haldið aðgreindum, og eftir því hefir verið farið víðast utan Reykjavíkur. Nú vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvernig hún ætlast til, að þessu verði háttað framvegis hjer í Reykjavík. Af skattskránum verður ekkert ráðið með vissu um efnahag manna, nema að tekju- og eignarskattur sjeu aðgreindir, og þá fyrst gefst almenningi tækifæri til að hafa nauðsynlegt eftirlit með framtölunum, en samanburður vegna þeirrar vitn-

eskju getur oft orðið skattstjóra eða skattanefndum til mikils gagns.

Fjmrh. (Einar Árnason): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (HV) vil jeg taka það fram, að jeg geri ráð fyrir, að eftirleiðis verði fylgt sömu reglu um þetta hjer í Reykjavik eins og verið hefir hingað til út um land. Eins og hann tók fram, hefir úti um land verið gerð sjerstök grein fyrir því á skattaskrám, hvað væri tekjuskattur og hvað eignarskattur, og þannig fylgt fyrirmælum þingsál. Virðist eðlilegast, að samræmi verði í þessu efni um alt land framvegis.

Magnús Jónsson: Við 2. umr. þessa frv. beindu nokkrir þingdm. spurningum til hæstv. forsrh. (TrÞ) í sambandi við tekjuskattsviðaukann, sem feldur var niður samkvæmt fyrirmælum stjórnarinnar. Jeg beindi þá einnig fyrirspurn til hæstv. ráðh. um þetta efni, en fór eigi langt út í það vegna þess, að samkv. þingsköpum er eigi heimilt við 2. umr. mála að fara mjög út fyrir það efni, sem fyrir liggur.

Hæstv. forsrh. svaraði engu þessum fyrirspurnum, að vísu eitthvað lítillega í fyrstu, en ítrekuðum fyrirspurnum svaraði hann ekki. Jeg vil nú ekki láta þetta mál fara svo út úr deildinni, að hæstv. forsrh. fái ekki tækifæri til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli.

Það er altalað, og skein líka út úr svörum hæstv. ráðh., að náið samband væri á milli endalykta verkfallsins og eftirgjafar tekjuskattsviðaukans. Þetta er að ýmsu leyti merkilegt spursmál, en þó er það sjerstaklega mikilvægt með tilliti til framtíðarinnar að vita, hvað satt væri í þessu. Hæstv. ráðh. verður því að gefa svar við því, hvernig niðurfelling tekjuskattsviðaukans stóð í raun og veru í sambandi við lausn deilunnar.

Hæstv. forsrh. sagði að vísu eitthvað á þá leið, að góðærið og tekjuafgangur ríkissjóðs hefðu valdið ákvörðunum stjórnarinnar um að innheimta ekki tekjuskattsviðaukann, en jafnframt talaði hann um trúnaðarmál milli sín og aðilja í verkfallsdeilunni, sem hann ekki mætti segja frá. En það er mjög óviðeigandi, að hæstv. ráðh. bindi sig þagnarskyldu, jafnvel í slíkri deilu, um stórmál, er varða alþjóð svo mikils. Það hefir verið talað um að ½ milj. kr. væri gefin eftir af tekjum ríkissjóðs, og það hefir, satt að segja, oft verið gert veður út af því, sem smærra er, og heimtaðar skýrslur um það. — Ef að hæstv. ráðh. getur ekki gefið skýr svör um þetta, má slá því föstu, að það, sem skeð hefir er, að vinnudeilan hefir verið jöfnuð með því, að minka tekjur ríkissjóðs um ½ miljón kr.

Í sambandi við þetta má minnast þess, þegar þáverandi þm. Str. (núverandi hæstv. forsrh.) og aðrir samflokksmenn hans gerðu veður út af ábyrgð ríkisins á lántökuheimild Landsbankans í Ameríku. Af praktiskum ástæðum óskaði Landsbankinn eftir, að það væri ekki opinberað, fyrir hve hárri upphæð væri veitt ábyrgðarheimild. En út af því reis mikill stormur hjer á Alþingi, og þó voru þingnefndum þá gefnar nákvæmar skýrslur um það. En hjer gefur hæstv. ráðh. aðeins þau svör, að hann sje bundinn þagnarheiti. Mjer finst þetta óhæfa. Og þegar verið er með bak-

tjaldamakki að láta ríkissjóði blæða til þess að koma á sáttum í þessum vinnudeilum, þá er vert að athuga, hvað í því felst.

Hækkunin á kaupi sjómanna munaði mjög litlu frá tillögu þeirri, er sáttasemjari bar fram, og menn álitu að yrði hið endanlega kaup. Hjer hefir því sennilega, ofan á alt annað, verið gerð mjög óhagstæð verslun.

Eftirgjöf tekjuskattsviðaukans nær til fjölda margra manna. Það eru ekki aðeins hinir stærri gjaldendur, sem sleppa við þær álögur, heldur og margir smærri. Jeg ætti nú líklega að vera þakklátur hæstv. ráðh. fyrir hönd minna kjósenda hjer í þessum bæ, og jeg er það. En þakklátari hefði jeg verið, ef þetta hefði komið fram sem drengskaparbragð, og ef stjórnin hefði gefið út ákveðna skipun um það strax um síðastl. áramót, að hún ætlaði ekki að innheimta þennan rangláta skatt.

Þakklæti mitt viðrast því burtu vegna þess, að hjer sýnist vera um hneykslismál að ræða, þar sem slík verslun hefir átt sjer stað. Jeg tók það fram við aðra umr. þessa máls, að jeg hefði ekki orðið neitt hissa á því, þegar fregnin barst út um það, að stjórnin hefði orðið að setja niður kaupdeiluna með þessum eftirgjöfum. Stjórnin hafði áður sýnt það, að hún var fús til að jafna úr slíkum deilum á þennan hátt hjer í Reykjvík, þar sem greiddur var úr ríkissjóði helmingurinn af þeirri upphæð, sem á milli bar sjómanna og stjórnar Eimskipafjelags Íslands. Mjer fanst þá alveg óforsvaranlegt, að gengið var inn á þá braut af stjórninni, því að þá var, satt að segja, engin neyð orðin hjer vegna siglingateppu. Þó það væri í eðli sínu ófært af stjórninni að fara þá leið að greiða kaupmismun úr ríkissjóði, þá var þó um talsvert annað að ræða, að borga það litla, sem á milli bar í þeirri deilu, samanborið við það, að gefa eftir tekjuskatts-viðaukann.

Mál þetta virðist horfa undarlega við eftir því, hvernig fulltrúar jafnaðarmanna tala um það hjer í deildinni, þar sem mjer virðist þeir sverja og sárt við leggja, að þeir hafi enga hugmynd um þetta haft. Mjer þykir það í raun og veru ólíklegt, að þeir viti ekkert um það, sem fram hefir farið frá þeirra aðiljum í samninganefndinni. Mjer finst þá liggja næst að snúa sjer til hæstv. stjórnar, sem rjeð, hvað hún gerði. (HV: Það má spyrja hinn aðiljann). Jeg sje ekki ástæðu til þess. Báðir aðiljar voru að semja fyrir sig, en hæstv. forsrh. fyrir landið. Fyrir þessa milligöngu sína hefir hann fengið allmikið lof í einu blaði, en það fer bara heldur glansinn af afreksverki hans, ef hann hefir sett deiluna niður með því móti að láta ríkissjóð hlaupa undir bagga.

Eitt er ennþá í þessu máli, sem mjer finst einkennilegast — og jeg vil segja varhugaverðast. Það er það, hver áhrif þetta hefir fyrir sveitirnar. Hæstv. forsrh. hefir undanfarandi ár sýnt mikinn áhuga á því í orði, að gæta hagsmuna sveitanna og landbúnaðarins; hefir stöðugt viljað láta menn trúa því, að hann væri þeirra fulltrúi sjerstaklega, og beitt sjer fyrir mörgum málum, sem sveitirnar varða. Er þess vegna undarlegt, hvernig hann kemur fram við sveitirnar í þessu máli. Því að það er augljóst, að þeir, sem eiga að bera hallann, eru aðallega sveitir landsins. Kauphækkun, eins og hjer

er um að ræða, hlýtur vitaskuld að koma niður í hækkuðu kaupgjaldi á öllum sviðum, einnig til sveita. Maður getur sagt, að þessar tvær breytingar, að sleppa við tekjuskattsviðaukann og að gjalda hærra kaup, standist á hjá sjávarbændum, en fyrir sveitirnar virðist mjer þetta einhliða halli og ekkert koma á móti.

Jeg skal svo ekkert fara út í þetta frekar, heldur aðeins óska eftir því, að hæstv. forsrh. geri nú hreint fyrir sínum dyrum og segi frá því, hvernig í þessu máli liggur. Jeg vil ekki fara neitt að tala um það, að svo komnu, hvernig það er við eigandi, ef hann hefir hjer verið að gefa útgerðinni, sem hann hefir annars talað svo margt um, einhver fríðindi. Við munum altaf, hvernig látið var í blaði hæstv. forsrh., sem hann var sjálfur ritstjóri að, þegar hann var að bera út hjer um árið, að þáverandi stjórn hefði ætlað að gefa útgerðarmönnum yfir 600 þús. kr. á einu ári, — sem auðvitað reyndist nokkuð annað, eins og sýnt var fram á, — hvernig hamast var gegn þessu í hans blaði og öllum málgögnum þess flokks. Skyldi þá hæstv. ráðherra hafa fallið í eitthvað svipað á þessu þingi?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Reykv. vjek að tveimur málum sjerstaklega. Annað var það, á hvern hátt unnið var að samkomulagi við Eimskipafjelagið. Það mál á ekki undir neinum kringumstæðum rjett til að vera rætt hjer við þetta tækifæri. Vilji hv. þm. fá umræður um það, liggur beinast við að gera það á eldhúsdegi. Mun jeg svara þá, ef ástæða er, en í sambandi við þessar umræður alls ekki.

Út af hinu málinu vil jeg segja nokkur orð. Hv. 1. þm. Reykv. er nú búinn að vera kennari allmörg ár, og jeg býst við, að honum þætti sá lærisveinn ærið tornæmur vera, sem skildi aldrei þann hlut, sem hann væri oft og margsinnis búinn að segja honum. Í þessu tilfelli á þetta við mig sem kennara og hv. 1. þm. Reykv. sem lærisvein. Það er búið að spyrja oft og jeg er búinn að svara — altaf því sama. Og þó að hv. 1. þm. Reykv. komi og spyrji enn á ný, þá get jeg látið hann vita það fyrirfram, að hann fær engin ný svör. Jeg er búinn að ráða við mig, hverju jeg svara, og þótt spurt sje oftar, svara jeg ekki öðruvísi.

Það, sem hv. þm. og öðrum fyrirspyrjendum þykir svo undarlegt í þessu máli, er það, að snemma í janúarmánuði skyldi vera gefin út skipun í fjármálaráðuneytinu um það, að nota heimildina til að innheimta tekjuskatt með 25% viðauka, en sú skipun kölluð aftur tæpum tveim mánuðum seinna. Það hefir verið bent á tvent, sem kemur til athugunar í þessu efni. Það fyrst, að þegar fyrri skipunin var gefin út, þá var ekki kunnugt um, að þjóðarbúskapurinn á síðasta ári hafði gengið svo vel, að 1½ miljón króna varð í sjóði. Annað var það, sem bent var á af öðrum, að þegar fyrri skipunin var gerð, stóð yfir verkfall við þau fullkomnustu framleiðslutæki, sem þjóðin á, svo að mörg hundruð manna voru atvinnulausir. En þegar síðari skipunin var gefin út, voru skipin að búa sig af stað og allir farnir að vinna. Þetta hvorttveggja

gefur okkur ofurlitla mynd til að athuga. Jeg hefi bent á þetta hvorttveggja, en jeg er þar fyrir alls ekki að segja með því, að þetta væru einustu ástæðurnar fyrir því, að þessu var breytt. Hv. þm. (MJ) getur ráðið við sig, hvað hann vill halda um það. Aftur á móti endurtek jeg, að þegar hann spyr, hvað á milli mín og aðiljanna að togaradeilunni hafi farið, þá skoða jeg það sem trúnaðarmál, og segi ekki frá því á þessum fundi eða annars staðar. Auðvitað getur hv. þm. beint fyrirspurn til annars aðiljans, eins og hv. 1. þm. Skagf. beindi fyrirspurn til hins.

Þá talaði hv. þm. allmikið um þakklætisskyldu Reykvíkinga við mig, fyrir afskifti mín af tekjuskattinum, og ef til vill fyrir það, að togararnir komust á flot. Jeg get nú sagt hv. þm. það hreinskilnislega, að mig langar ekkert eftir neinu þakklæti. Það, sem jeg gerði, er það eitt, sem jeg eftir góða athugun áleit skyldu mína að gera, í því embætti, sem jeg er í.

Um það, sem hv. þm. kallaði hneyksli í þessu sambandi, eru auðvitað margar skoðanir. En jeg býst við, að fyrir landslýðnum eigi þessi hv. þm. erfitt með að túlka þetta sem hneykslismál, að það var int af hendi að koma öllum þeim mörgu skipum á mið og öllu vinnulausa fólkinu komið til að vinna að nauðsynlegri framleiðslu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg finn hjartanlega til með hv. 1. þm. Reykv. Og þó hafa þessi stóru hneyksli orðið til þess, að hann hefir fengið vilja sínum framgengt. Tekjuskatt átti að innheimta með viðauka. Það er fyrsta hneykslið. Í öðru lagi er verkfallið hneyksli.Þriðja hneykslið er það, ef aflausn tekjuskattsaukans hefir átt þátt í að leysa verkfallið. Í fjórða lagi er það hneyksli, ef sveitamenn þurfa að borga hærra kaup o. s. frv.

Jeg verð að segja, að eina hneykslið í öllu þessu er það, að menn, sem eru ánægðir með það, sem hefir gerst, skuli vera að vefja þetta og klúðra af flokkástæðum og óhreinni hvötum en svarar til þeirra orðbragðs.

Það, sem hefir átt sjer stað er, að tekjuskattur er gefinn eftir, og í öðru lagi er verkfallsmálið leyst. Og þó að annað málið kynni að hafa áhrif á að leysa vandræði út af hinu, þá minkar hvorugt happið við slíkt. Rjett er að geta þess, að þessi lausn á verkfallsmálinu hefir á 10 dögum fært ríkissjóði jafnmikið fje og ákveðið er að innheimta ekki. Þarna er uppbótin komin. Og auk þess sem ríkissjóður fær sína peninga á þann hátt, þá hafa útgerðarmenn sína gróðamöguleika og verkamenn sitt kaup og lífrarpeninga. Það græða allir.

En þetta er eins og vant er. Þegar búið er að rífast lengi um þessi vandræði og hnefarjett og sleggudóma, — rífast hástöfum, eins og heimurinn ætti að forganga, þá er undir eins, þegar vandræðunum ljettir af, farið að spyrja: Út af hverjum ósköpunum eigum við nú að vera óánægðir? Þá kemur þetta: Það vekur nýtt hneyksli, að gömlu hneykslin hurfu úr sögunni. Nei, það eina hneyksli, sem hjer er á ferð, er það, að menn eins og 1. þm. Reykv. skuli reyna að gera að pólitísku hneyksli þá hluti, sem þeir í sjálfu sjer mega vera harðánægðir með.

Magnús Jónsson: Það getur verið,

að hæstv. forsrh. hafi svarað spurningu þeirri, sem að honum var beint, oftar en einu sinni, en ekki hefi jeg þá verið viðstaddur.

Það er misskilningur, ef hv. þm. V.-Ísf. heldur, að jeg hafi einhverja löngun til að rífast um þetta mál. Jeg vil sýna honum það með því að fara ekki að hans dæmi, því að hann er sá eini, sem um það hefir rifist. Jeg bar fram spurningu í góðu, og hæstv. forsrh. svaraði henni líka mjög stillilega. En það er hv. þm. V.-Ísf., sem virðist langa í rifrildi. Jeg býst ekki við að verða við þeirri ósk. — Hitt er annað mál, að mjer finst ekki óeðlilegt, þótt menn vilji fá svör landsstjórnarinnar um mál eins og þetta og láti sjer ekki lynda, að forsrh. kalli það bara leyndarmál. Hv. þm. V.-Ísf. hefir verið einn af þeim mönnum, sem barist hafa á móti allri launung og baktjaldamakki í opinberum málum.

Það, sem mjer finst hneyksli, er ekki það, að verkfallinu lauk, og ekki heldur að tekjuskattur var feldur niður, heldur hitt, að hæstv. forsrh. landsins skuli vera að gera það, sem hefir jafnmiklar afleiðingar og þetta, og segja svo á eftir, að hann megi ekkert segja frá. Hann á að vera svo opinber maður, enda þótt það kunni að vera nauðsynlegt að þegja rjett í bili. En það er bara reginhneyksli og ekkert annað, að forsætisráðherra geri nokkurn hlut þannig, að hann megi ekki orð frá því segja á eftir. Þá er eitthvað óhreint við slíka samninga.

Jeg hefi fyr heyrt þessa ástæðu hæstv. forsrh., að hann hafi ekki vitað í jan. s. l., að árið sem leið var góðæri. Það má hver trúa því, sem vill, hvort stjórn landsins er eini aðilinn í landinu, sem hefir svo aftur augun, að hún vissi ekki, að það var framúrskarandi góðæri árið sem leið. Þó að hæstv. forsrh, hafi ekki vitað um afkomuna upp á krónu, var ekki ástæða til að gera ráð fyrir henni rýrari en raun varð á.

En við skulumu nú taka það gott og gilt, að hann hafi verið eini maðurinn, sem ekki vissi um þetta fyr en tveimur mánuðum síðar, þegar hann fór að gera upp fjárhag ársins. Það dregur þó ögn úr sök hans í þessu máli, en það hleður á hann annari langt um verri sök: skeytingarleysi og grunnhygni um hag landsins, svo að hann má teljast al-óhæfur til þess að gegna þeirri ábyrgðarstöðu, sem hann hefir.

Þá var hin ástæðan, að verkfallinu hafði í millitíð verið ljett af. Þessa ástæðu hefi jeg nú ekki heyrt áður. En mjer finst hún ákaflega ljettvæg; því að hjer lá alls ekki fyrir að hætta við að innkalla tekjuskattinn af tekjum þess árs, sem verkfallið snerti, heldur næsta árs á undan, og afkomu eða tekjum þess árs breytti það í engu þótt verkfallinu sje afljett. Þetta er algerlega tylliástæða út í loftið. En svo bætti hæstv. forsrh. því við, sem vitanlega er mergur málsins, að þessar tvær gildu ástæður hafi ekki verið nægar, það hafi verið meira. Það var þetta „dálítið meira“, þessi þremill milli þils og veggjar, sem ekki má koma í dagsins ljós. Það er hann, sem hneykslinu veldur.

Annars hefi jeg nú algerlega náð því, sem jeg ætlaði mjer með því að standa upp, — að vita, hvort hæstv. forsrh. vildi ekki gefa svar. Hann er nú búinn að innleiða nýja reglu í Alþingi Íslendinga, því að jeg hygg, að þetta

sje í fyrsta skifti, að forsætisráðherra stendur upp og neitar að segja þinginu, hvað hann hefir gert fyrir landsins hönd.

Hann talaði um þakklætisskyldu Reykjavíkur við sig, sem hann vildi ekki ganga eftir. En jeg fyrir mitt leyti færði honum mitt þakklæti fyrir þetta. Jeg gef keisaranum það, sem keisarans er.

Hv. þm. V.-Ísf. skal jeg ekki svara neinu sjer á parti. Jeg veit ekki, hvað knúði hann til þess að standa upp yfirleitt í þessu máli. Veit hann nokkuð um þetta mál? Er hann kannske sá eini, sem er kunnugt um leyndarmálið? Honum fórust orð á þá leið, að einu hneykslinu, verkfallinu, hefði verið ljett af, og öðru hneykslinu, tekjuskattsviðaukanum, sömuleiðis. Og þriðja hneykslið í mínum augum væri það, ef þessi tvö mál stæðu hvort í sambandi við annað. ⅔ af þessu er ósatt, ⅓ er sannur. Jeg hefi hvorki sagt, að lausn verkfallsins nje niðurfelling tekjuskattsviðaukans væru hneyksli. En það var hneyksli að setja þetta í samband hvað við annað. Það er einmitt þetta, að það, sem var svo gott í sjálfu sjer, missir mikið af gildi sínu við það, að vera sett í samband hvort við annað. Það væri gleðilegt, ef hæstv. forsrh. hefði verið svo fínn samningamaður, að hann hefði getað sett niður deiluna. En það er bara ekkert varið í það, þegar upplýst er, að hann borgaði nógu mikið á milli, til þess að leysa málið. Sáttasemjarinn hefði líka getað leyst deiluna á þremur dögum, hefði hann haft nóg peningaráð. Og jeg verð að segja, að þakklætisskuldin minkar töluvert við það, að hæstv. stjórn kallaði aftur tekjuskattsaukann með svipuna yfir höfði sjer, en ekki af því að hún sá, að þetta var rjett og óhætt að gera.

Nei, hv. þm. V.-Ísf. fann ekkert annað hneyksli en það, að nokkur maður skyldi minnast á þetta, og sýndist verða alveg hissa. Svona væri þá óbilgirnin alstaðar! Hann átti bara að bæta við: Það var eitthvað annað í tíð fyrv. stj., þá var ekki andstaðan uppi við hvert tækifæri.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta. Jeg er búinn að tala í þessi tvö skifti, sem jeg hefi leyfi til við þessa umr., og jeg hefi fengið það fram, sem jeg vildi. Hæstv. forsrh. vill ekki svara, en hefir þó óbeinlínis gert það. Og hafi eitthvað skort á svarið, þá hefir hv. þm. V.-Ísf. alveg bætt úr því, svo að það er nokkurn veginn augljóst orðið, að þetta samband er á milli þessara tveggja mála, sem menn hafa alment talið að væri.

Ólafur Thors: Jeg hafði ætlað mjer að láta þessa hlið málsins afskiftalausa. En eftir að hafa heyrt síðustu ræðu, get jeg ekki gert það.

Jeg hefi ekki orðið annars var en að allir hv. þdm., aðrir en sósialistar, láti sjer vel líka, að tekjuskattsviðaukanum hefir verið af ljett. Allir gleðjast og yfir því, að verkfallsbölinu er lokið í bili. En það er talið hneyksli, ef eitthvert samband er milli þessara gleðiefna.

Jeg skal þá segja frá, hvernig jeg lít á málið. Með því er jeg ekki að segja, að hjer sje samband á milli, — um þá hlið málsins gef jeg enga skýrslu, enda getur Alþingi ekki krafist sagna af mjer.

Lög síðasta Alþingis um 25% tekju-

skattsviðauka eru heimildarlög. Jeg lít svo á, að slíka heimild eigi stj. að nota, ef ríkissjóður þarfnast aukinna tekna. Annars ekki. Ef ríkisstj. var á báðum áttum um það, hvort hún ætti að nota þessi heimildarlög eða ekki, var það þá nokkurt hneyksli, þótt hún hefði látið lausn verkfallsins ráða ákvörðun sinni? Jeg fæ ekki sjeð það.

Hitt er svo náttúrlega rökvilla hjá hv. þm. (MJ) — þó að mjer beri ekki að svara fyrir hæstv. stjórn, — að það hafi ekki skift neinu máli gagnvart innheimtu tekjuskattsins, að verkfallinu var ljett af. Hv. þm. ætti að skilja, að þeim mun meiri ástæða er til að safna í sjóð ríkisins, ef fyrirsjáanleg er tekjurýrnun á næsta ári. Þetta er ekki flóknara samband en svo, að þessi prýðilega gefni hv. þm. ætti að geta skilið það.

Jeg tel nú að vísu, að um síðustu áramót hafi verið fyrirsjáanlegt að mikill tekjuafgangur yrði á ríkisbúskapnum. Að mínum dómi var því óþarft af ríkisstj. að gefa út fyrirskipun um innheimtu skattaukans. En látum það liggja milli hluta. Segjum, að stj. hafi verið á báðum áttum, og hugsum okkur svo, að málum hafi verið þannig komið, að stj. hafi getað flýtt lausn kaupdeilunnar með því að afturkalla fyrirskipanir sínar um innköllun skattaukans og hafi þá lofað að nota ekki heimildina, til þess að flýta sættum. Það er þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. gerir ráð fyrir að verið hafi, og telur hneyksli ef satt er.

Jeg lít nú talsvert öðrum augum á þetta. Pyngja skattþegnanna er varasjóður ríkissjóðs. Úr þeim varasjóði er á hverjum tíma tekið til þarfa ríkissjóðs. En umfram þær á ekki að taka. Skattur, sem ekki er innheimtur, er því ekki tap ríkissjóðs, heldur aðeins geymdur peningur í varasjóði ríkissjóðs.

Ef nú ákvörðun hæstv. ráðh. um, hvort heldur ætti að innheimta þennan pening eða geyma í varasjóði ríkissjóðs, er sett í samband við lausn kaupdeilunnar, er ekkert eðlilegra en að hæstv. ráðh. hefði hugsað á þessa leið: Með því að flýta sáttum um 2—3 vikur, fær ríkissjóður tekjur af togurum, sem hann annars færi á mis við, er nema þeirri upphæð, er ríkissjóður geymir sjer í fjárhirslu skattborgarans. Valið er þá á milli þess, að taka þessa fjárupphæð annaðhvort úr vasa skattþegnsins eða regindjúpi hafsins. Segjum, að hæstv. ráðh. hefði valið síðari leiðina. Er það hneyksli? Er það hneyksli, ef hann hefði flýtt sættum með því að láta 25% skattaukann falla niður og með því geymt þá fjárupphæð i vasa skattþegnanna, en náð jafnmiklu eða meiru ríkissjóði til handa úr djúpum hafsins? Mönnum er ráðlegra að tala varlega um hneyksli í þessu sambandi, og því fremur sem hver vikan, sem verkfallið stóð, skaðaði alþjóð um hundruð þúsunda, hvað sem líður sjerhagsmunum ríkissjóðs.

Magnús Jónsson: Enda þótt jeg sje ekki fylgismaður hæstv. forsrh., get jeg ekki annað en glaðst yfir þeirri liðveislu, er honum berst úr mörgum áttum í þessu máli. Jeg hefði skilið þessa miklu hjálp, ef að margir hefðu ráðist að hæstv. forsrh., en á meðan það er nú aðeins einn maður, sem gerir þó ekki annað en beina nokkrum hógværum spurningum til ráðherrans, þá þykir mjer satt að segja nóg um, þeg-

ar ekki aðeins fylgismenn, heldur og andstæðingar hæstv. forsrh. rjúka upp til handa og fóta og keppast hvor í sínu lagi við að bera blak af honum.

Hv. 2. þm. G.-K. kom hjer fram eins og kennari, sem er að kenna dreng að draga til stafs; hann lítur á stafagerð drengsins og segir: nei, nú gerðirðu skakt, góði minn! Hv. þm. vildi gefa í skyn, að hæstv. forsrh. hefði ekki svarað heppilega, og vildi því svara fyrir hann. En jeg verð nú að segja fyrir mitt leyti, að mjer fanst sist meira að græða á svari hv. þm. Það var á engan hátt betra nje ljósara en það svar, sem togað hafði verið af vörum hæstv. forsrh.

Hv. 2. þm. G.-K. taldi sig knúðan að taka til máls vegna þess, að jeg hefði bendlað sig við hneykslí.

Jeg man nú að vísu ekki hvernig orð mín fjellu, en að jeg hafi verið að bendla þennan góða vin minn og ágæta flokksbróður, sem jeg játa fúslega að jeg met mjög mikils, — að jeg hafi verið að bendla hann við nokkurt sjerstakt hneykslí, því mótmæli jeg algerlega.

Hneykslið, sem jeg nefndi, var það, að hæstv. forsrh. vill ekki svara því, á hvern hátt hann leysti kaupdeiluna og afsakar sig með því, að hann sje bundinn þagnarskyldu um það, er fór á milli hans og þeirra, er hann samdi við. Ef hitt var hneykslí, að leysa þessi bæði mál saman, þá var það ekkert hneykslí, sem snertir aðilja. Hneykslið er þá og verður það, að hæstv. forsrh. gengur inn á óbilgjarnar kröfur. Það er ekkert hneykslí að gera kröfur. Það er fyrst hneykslí að ganga að þeim.

Vitaskuld verður hæstv. forsrh. að gæta þess, þegar hann tekur að sjer að jafna slíkar deilur, að hann hefir ekki aðeins skyldur við aðilja, heldur hefir hann og meðfram, stöðu sinnar vegna, skyldur við Alþingi.

Jeg vil þá víkja snöggvast að því svari, sem hv. þm. G.-K. sagði, að hæstv. ráðherra hafi átt að gefa. Segjum þá svo, að hjer hafi staðið í járnum í huga ráðherrans um það, hvort hann ætti að innheimta skattaukann eða ekki. En svo hafi kaupdeilan komið, og þá hafi hann leyst það mál með því að lofa útgerðarmönnum að skattaukinn yrði ekki heimtur inn fyrir síðastliðið ár.

Þetta minnir á söguna um asnann milli töðusátanna. Sáturnar voru nákvæmlega jafnstórar og jafngóðar og asninn nákvæmlega jafnlangt frá báðum, og svo dó hann úr hungri, af því að hann langaði nákvæmlega jafnmikið í báðar sáturnar. Þessu líkur á þá hæstv. ráðherra að hafa verið, og þá þurfti eðlilega ekki nema mjög lítið til þess að beygja huga hans til annarar hliðarinnar.

En sleppum nú þessu. Svar ráðherrans, svo og ummæli þm., sem talað hafa, hafa veitt mjer alla þá fræðslu, sem mjer er þörf á. Það er sem sje orðið augljóst, að það hefir verið einhver þremillinn þarna á milli þils og veggjar, og það hefir upplýst betur og betur, að það hefir verið svo sem orðrómurinn sagði. Deilan hefir verið leyst með því að gefa eftir skatt, sem stjórnin hafði áður ákveðið að ríkissjóður þyrfti að fá. Kaupið hefir verið hækkað með skattaívilnun. Það er að vísu gott fyrir Reykjavík, en sveitirnar bera skarðan hlut frá borði. Þær verða að borga brúsann. (ÓTh: Jeg

held að Reykjavík sje þá vel að því komin). Já, jeg finn líka ástæðu til að þakka hæstv. forsrh. vegna kjördæmis míns. En það hefði verið skemtilegra, að þetta góðverk hefði ekki verið flekkað af neinu öðru.

Hv. 2. þm. G.-K. var að tala um auðinn, sem togararnir sæktu í djúp hafsins. En þetta sannar lítið, því að það er enginn kominn nú til þess að segja, að deilan hefði ekki verið skjótt til lykta leidd, þótt þetta hefði ekki verið gert. Það eru meira að segja mikil líkindi til, að kaupdeilan væri enduð, þótt ekki hefði verið gripið til þessa örþrifaráðs. Verði áfram haldið á þessari braut, verður einum gefinn kaffitollurinn, öðrum vörutollurinn og þá kannske eins og einhver náungi stakk upp á: embættismönnum gefinn ágóðinn af Helgustaðanámunni.

Þá bar sami hv. þm. mjer á brýn, að jeg hefði farið með rökvillu, þegar jeg sagði að verkfallið hefði verið óviðkomandi innheimtu tekjuskattsviðaukans. Þetta var ekki rökvilla. Árið 1928 er liðið, og það var gott ár. Tekjuskattsaukinn, sem eftir var gefinn, bygðist á því ári. En verkfallið gat fyrst snert tekjuskattinn af árinu 1929, og heimildin til að heimta hann inn er enn í gildi. Rökvillan er því ekki mín, heldur er hún þeirra megin, hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. G.-K., ef hún er einhver. Auk þess hefir einmitt verkfallið sýnt, að togararnir eru ekki almáttugir, því þó að engir togarar gengju þennan tíma, þá gaf forsjónin okkur fult eins mikinn fisk á land og á sama tíma árið áður. En með þessu er jeg þó ekki á nokkurn hátt að mæla vinnustöðvun bót.

Þetta læt jeg mjer nægja, og þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæði þá, er hann hefir sýnt mjer með því, að leyfa mjer að hafa þessa aths. í lengra lagi en þingsköp heimila.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir satt að segja hart, að það skuli átalið í þinginu, að þm. spyrji hæstv. forsrh. hvaða ráðstafanir hann hafi gert í jafnstóru fjárhagsmáli og hjer er um að ræða.

Þegar jeg um daginn hafði skotið fram spurningu minni til hæstv. forsrh. um afskifti hans í kaupdeilunni, þá sagði einn merkur Framsóknarmaður við mig á eftir, að það væri hart að sjá hnífinn þannig rekinn í bak hæstv. forsrh. Mjer þótti þessi ásökun í minn garð undarleg, því að jeg get á engan hátt viðurkent, að jeg sje að læðast aftan að hæstv. ráðherra, þótt jeg beini til hans fyrirspurn, að honum sjálfum áheyrandi, hjer í hv. þingd.

En það verð jeg að segja, að mjer finst nýr siður upp tekinn á hinu háa Alþingi, þegar svo mikill og traustur varnargarður er sleginn um hæstv. forsrh. um leið og hann er spurður í prúðum orðum um mál, sem alla þjóðina varðar, að ekki aðeins stuðningsmenn hæstv. stj., heldur og andstæðingar — eða öllu heldur fyrverandi andstæðingar hennar — hlaupa fram fyrir skjöldu henni til varnar og segja berum orðum, að hún þurfi engu að svara. M. ö. o. það komi engum við, á hvern hátt hæstv. forsrh. hafi leyst kaupdeiluna. (**ÓTh:** Jeg hefi alderi talið mjer skylt að fylgja öllu því skilyrðislaust, sem flokksbræður mínir kunna að fitja upp á. Jeg rígbind mig ekki við

neitt nema sannleikann, hann vil jeg segja hver sem í hlut á.) — Jeg nefndi líka hv. fyrverandi andstæðing hæstv. stjórnar.

Jeg ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Þau svör, sem hæstv. forsrh. hefir gefið mjer og öðrum, sem spurt hafa, eru mjer fullnægjandi. Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, á hvern hátt hann hefir leyst kaupdeiluna. En þó vil jeg aðeins bæta við og segja:

Ef hæstv. forsrh. hefir gefið skattaukann eftir af þeirri ástæðu, að hann við nánari athugun hafi sjeð, að óþarft væri að nota hann í þetta sinn, þá var engin þagnarskylda því til fyrirstöðu, að hæstv. ráðherra skýrði frá því. Ef hann hefir gefið hann eftir án þess útgerðarmenn væru nokkuð við það riðnir, þá var hann heldur ekki bundinn neinni þagnarskyldu.

Það er því auðsætt, að hæstv. stj. hefir gefið skattinn eftir til þess að geta komið sættum á í kaupdeilunni. Af því stafar þagnarskyldan og engu öðru.

Hæstv. forsrh. var ljóst, hve kaupdeilan var orðin alvarleg, og til þess að jafna hana sá hann ekki annað ráð vænlegra, en gefa eftir tekjuskattsaukann.

Þessi braut, sem farið er út á, er auðvitað mjög hættuleg, en mjer finst að hæstv. forsrh. hefði átt að játa það hreinskilnislega, að hann hafi gengið inn á það að gefa útgerðinni eftir skattaukann, svo að henni veittist ljettara að taka á sig kauphækkun þá, er samdist um.

Jón Ólafsson: Mjer finst hv. þdm., sem talað hafa, bera ríkissjóð undarlega mikið fyrir brjósti. Það er engu líkara, en að þeir sjeu að barma sjer yfir því, að ríkissjóður hafi tapað stórfje, sem hann hafi átt heimting á að fá. Nú vildi jeg leyfa mjer að spyrja: Hvað er ríkissjóður í raun og veru? Hann er ekkert annað en máttur eða geta borgaranna til þess að inna af höndum þau gjöld, sem löggjöfinni þóknast að leggja á þá.

Nú stóð svo á, að borgarar ríkisins höfðu meðan á verkfallinu stóð, tapað vegna atvinnumissis alt að 2½ miljón króna. Og þessi atvinnumissir hafði komið harðast niður á Reykjavík, eða borgurum hennar, eins og líka tekjuskatturinn gerir.

Mjer finst því fyrir mitt leyti, að hjer hafi ekki annað gerst en það, sem rjett var, og hæstv. stj. var jafnvel skylt að gera, er um jafnmikið tjón var að ræða vegna verkfallsins: að sleppa tekjuskattsaukanum með það fyrir augum, að gjaldgeta borgaranna hefði rýrnað til stórra muna til þess að greiða þennan skatt sama árið og tjónið af verkfallinu veltur yfir í miljónum króna.

Hitt læt jeg liggja milli hluta, hvort þetta hafi verið gert fyrir útgerðina eða ekki. Það hefir ekki komið neitt fram um það í umr., að það væri útgerðinni til neinna verulegra hagsbóta. Það hafa líka fæst útgerðarfjelögin því láni að fagna, að atvinnurekstur inn færi þeim þann hagnað, að skattaukinn komi þungt niður á þeim. En hann kemur niður allvíða annars staðar, bæði á hásetum, daglaunamönnum o. fl., sem orðið hafa fyrir stórtjóni af völdum verkfallsins.

En eins og jeg tók fram, er mánaðartap og daglegt tap á meðan á verk-

fallinu stóð svo mikið, að erfitt er að reikna það í tölum. Þess vegna er vert að veita því sterkari athygli en gert er, að þegar verið er að stofna bjargræði landsmanna í þann voða og vitleysu, sem verkföll hafa í för með sjer, þá eru það þörfustu menn þjóðarinnar, sem bera gæfu til að leiða slík mál til lykta, nærri því á hverjum grundvelli sem er.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi aðeins kvatt mjer hljóðs til þess að lýsa því yfir, að mjer leiðist að hlusta á þennan loddaraskap, sem hjer er leikinn í hv. deild, því vitanlegt er, að hver einasti hv. þdm. veit, hvað hjer hefir gerst.

Menn vissu, að hæstv. stj. var á báðum áttum með að heimta inn tekjuskattsaukann, en svo fjell í hennar skaut sá vandi, að leysa úr kaupdeilunni, og það rjeð baggamuninn.

Þess vegna tek jeg undir með hv. 1. þm. Reykv. og öðrum, sem talað hafa í sömu átt, að það er ekki rjett af hæstv. forsrh. að hafa ekki viljað svara þeim spurningum, er til hans hefir verið beint í þessu skyni. Frá mínu sjónarmiði sjeð, hefði hann átt að segja eins og var.

Þrátt fyrir þessar aðfinningar, er jeg alls ekki að álasa hæstv. stj. fyrir það, hvernig hún leysti úr kaupdeilunni. Hjer var eflaust það mikið í húfi, að rjettmætt hefði verið að slaka til og gefa eftir skattaukann, úr því að takast mátti að leiða kaupdeiluna til lykta með því. Og þó kannske að segja megi, að hjer hafi verið brotin „princip", þá hefir hæstv. stj. þá afsökun, að hún reyndi með því að forða yfirvofandi hættu, sem óhjákvæmilega hafði leitt af lengri kaupdeilu.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Dal. var að kvarta undan því, að einhver Framsóknarmaður hefði veitt sjer ákúrur fyrir að hafa rekið hníf í bakið á hæstv. stj. (**SE:** Það var ekki hv. þm. V.-Ísf.). Jeg vissi það vel. En nú er rjett hann fái mitt þakklæti fyrir það, að hafa nú með síðustu ræðu sinni klappað hæstv. stj. á vangann. Ef hann hefði talað eins um þetta mál áður, þá var ekkert að segja. Hann afsakar hæstv. stj. og þakkar henni jafnvel fyrir það, sem hann hafði talið henni til áfellingar áður. Eða annað gat jeg ekki fengið út úr brosi hv. þm. Dal., og hans vingjarnlegu ræðu. Hitt er annað mál, að ef hann rís upp aftur og svarar mjer í vonsku, þá er sýnt, að honum hefir ekki verið alvara með gælurnar.

Annars var það hv. 1. þm. Reykv., sem knúði mig til þess að standa upp. Það, sem jeg vildi segja, er það, að jeg er einn af þeim mörgu, sem eru þakklátir hæstv. forsrh. fyrir afskifti hans af kaupdeilunni, og jeg er sannfærður um, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er það líka.

Hitt knúði mig þó ekki síður til þess að standa upp, að þessi sami hv. þm. talaði um lausn kaupdeilunnar eins og ríkissjóður hefði tapað stórfje við það, að deilan var leyst. Mjer finst þessum hv. þm. ætti að vera það fagnaðarefni, að þetta er unnið upp með aukinni framleiðslu og tollum og sköttum, sem þar af leiða, svo að enginn er fátækari, en allir ríkari eftir.

Það dugar ekki að halda því tvennu fram í senn, að kaupstaðirnir geti ekki

lengur risið undir skattabyrðinni, og segja svo, að þegar hætt er við að innheimta skattauka, þá verði sveitirnar fyrir borð bornar og þær látnar borga brúsann.

Annars virðist það betur viðeigandi hjá hv. þm. að segja hreint út, þetta sem hann meinar um stjórnina: bölvuð var hún, bölvuð er hún og bölvuð skal hún vera, hvað svo sem hún gerir. Það skiftir engu máli, hvort togarakaup er hærra eða lægra. Hitt skiftir meira, að togarakaup hefir verið hærra og verður altaf hærra en það kaup, sem goldið er í sveitum. Ef hv. 1. þm. Reykv. er þessi mikli bændavinur, og hann vill forða sveitunum frá þeim voða, sem leiðir af hærra kaupi í kaupstöðum, þá ætti hann hreint og beint að berjast á móti því, að hér væri rekin togaraútgerð. Það er ekki gott fyrir þá menn að tala um þessa hluti, sem hafa annan fótinn á Austurvelli en hinn einhversstaðar úti í sveitum landsins. Það er ekki hægt að ræða málið á þeim grundvelli, að barma sjer fyrir kaupstaðina í dag vegna ranglátrar skattabyrði, en segja svo á morgun, þegar byrðinni er ljett af kaupstöðunum, að slík ráðstöfun sje óviðunandi sveitanna vegna. Jeg bendi aðeins á þetta ósamræmi, sem kom fram í ræðu þessa mikla bændavinar.

Jeg lít svo á, að hjer verði altaf um ólíkt kaup að ræða, án þess að það þurfi að valda rógi milli kaupstaða og sveita. Það er vitanlegt, að sú tala manna er takmörkuð, sem getur fengið atvinnu á togaraflota okkar, og að sú stjett starfar út af fyrir sig, án þess að hafa gífurleg áhrif á kaupgjald á öðrum sviðum.

Mjer skildist, að hv. 1. þm. Reykv. vildi láta skína í gegnum aðfinningar sínar í garð hæstv. stjórnar, að stjórnarandstaðan hefði síst verið vægari nje betri í tíð fyrverandi stjórnar, og má það vel vera. Enda skal jeg játa, að mjer virtist stundum að fráfarandi stjórn verða fyrir órjettmætum aðfinningum og áfeld fyrir það, sem hún átti ekki skilið.

En hvaða afsökun er það fyrir árás þeirri, er þessi hv. þm. hefir gert á hæstv. forsrh. nú í dag. Þm. ætti þó sem guðfræðingur að kannast við það sem meistari Jón segir: að fordæming eins er ekki annars afbötun.

Jeg vil að lokum þakka hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) fyrir að þeir hafa í þessum umræðum sýnt drengskap, sem er fágætari en skyldi í stjórnmálaviðskiftum. (**MJ**: Það hefði að ýmsu leyti verið skemtilegra, að þeir væru ekki báðir útgerðarmenn, þessir þm., sem mest og best hafa þakkað stjórninni).

Magnús Guðmundsson: Jeg get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Rang. (GunnS) sagði, að undarlegt sje, að hjer skuli deilt um það, sem allir þm. vita: sambandið á milli lausn kaupgjaldsdeilunnar og afturköllun hæstv. stjórnar um að innheimta tekjuskattsaukann á yfirstandandi ári. Það hefir aðeins leikið vafi á því, hvort fulltrúar sjómanna hafi vitað um skattaívilnun stjórnarinnar áður en aðiljar komu sjer saman um kaupið. Um þetta spurði jeg hjer á dögunum, en man ekki til að því hafi verið svarað.

En þegar þessu er þannig varið, þá er mjer með öllu óskiljanlegt, hvernig hæstv. stjórn hefir svarað. Hvers-

vegna má ekki segja þetta, sem allir vita? Er ekki einmitt með þessu verið að gefa undir fótinn, að eitthvað óhreint sje hjer á bak við? Annars mundi hæstv. stjórn ekki fara svona undan í flæmingi og afsaka sig með því, sem engin afsökun er, að hún sje bundin þagnarskyldu.

Út af því, sem háttv. þm. V.-Ísaf. (ÁÁ) sagði, þá vil jeg með fáum orðum minna hann á það, að mjer þykir hann næmari fyrir hneyksli, þegar hans stjórn á í hlut, heldur en stundum áður. Hann reis ekki upp á meðan hann var í „opposition" er ráðist var á þáverandi stjórn, og hreyfði sig jafnvel ekki henni til varnar, þótt hann viðurkenni nú, að ráðist hafi verið stundum að ósekju að þáverandi stjórn. En jeg kynni betur við að þeir, sem ætla að kenna öðrum, lifðu sjálfir eftir kenningum sínum. En þessi hv. þm. hefir enn ekki orðið til þess að taka upp hanskann fyrir andstæðinga sína, þótt á þá hafi verið hallað meira en ástæður voru til. Hann hefir ekki ennþá farið að eins og hv. 2. þm. G.-K. og hv. 3. þm. Reykv. og sett ofan í við sína flokksbræður, ef úr hófi þótti keyra. Að minsta kosti varð slíks ekki vart í tíð fyrv. stjórnar, svo að jeg viti. En þar fyrir er reglan lofsverð og falleg, en jeg býst við, að það muni vera næsta erfitt að fylgja henni. Og þess er þá að vænta, að hv. þm. minnist þess næst þegar hann kemst í stjórnarandstöðu, að hann hefir nú gefið þessa reglu. Fyrir mitt leyti er jeg fús til að reyna að fylgja henni, enda mun tæpast með sanni sagt, að jeg hafi verið sjerstaklega harður í andstöðunni gegn núverandi stjórn.

Magnús Torfason: Jeg stend nú upp einungis af því, að kallað var á mig. Að öðru leyti mun jeg ekkert til þessara mála leggja. Jeg skal lýsa yfir því strax, að andstaðan gegn fyrverandi stjórn var að ýmsu leyti mun gæfari en andstaðan gegn núverandi stjórn. Jeg man sjerstaklega eftir því, að sá forsætisráðherra, sem með völdin fór 1926, lýsti því yfir að eldhúsdegi loknum, að eiginlega hefði ekkert verið borið á stjórnina þegar á reyndi, og hygg jeg, að það hafi verið rjett. Enda man jeg það, að við þinglok heyrðist úr mörgum áttum, að það þing hefði verið með friðsamasta móti. Sama er að segja um þingið 1927; það mun hafa verið mesta friðsemdarþing. (**MJ:** Það er nú ekki von að þeir góðu sjeu skammaðir eins og þeir illu). Já, við skulum nú spara okkur allan mannjöfnuð að sinni. Má vera, að okkur gefist tækifæri til þess á eldhúsdegi.

Jeg verð að svara því, sem slegið var fram, að jeg vissi ekki hvað gerst hefði í sáttaumleitunum hæstv. forsrh. Jeg get upplýst það, að jeg átti tal við hæstv. forsrh. skömmu áður en hann hóf milligöngu í kaupdeilunni. Barst þá í tal fyrirskipunin um að innheimta skattaukann, og gat jeg ekki betur skilið en hann sæi eftir að hafa gefið hana út. Jeg get því trúað, að hæstv. forsrh. hafi verið ráðinn í að taka skipunina aftur, ef verkfallinu ljetti af innan skaplegs tíma. Þannig er þessu þá varið. Hafi útgerðarmenn farið fram á eitthvað við stjórnina, þá hefir hún ekkert gefið eftir, nema það sem hún var áður staðráðin í að gera. Að vísu veit jeg ekkert um þetta með vissu, en jeg get þess til, að þannig sje þessu varið. Það er því engin

rökrjett ályktun, að þessi eftirgjöf þurfi að standa í beinu sambandi við lausn kaupdeilunnar. Það voru meira en nægar ástæður til þess að hverfa frá því að innheimta skattaukann, og er því ástæðulaust að bendla þeirri ráðstöfun við lausn kaupdeilunnar.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 1. þm. Skagf. spurði, hvort okkur jafnaðarmönnum hefði verið kunnugt um þenna kaupskap hæstv. forsrh. og útgerðarmanna. Hv. þm. gerði þessa sömu fyrirspurn við síðustu umr. þessa máls, og svaraði þá hv. 4. þm. Reykv. því skýrt og afdráttarlaust, að þeir hefðu enga minstu vitneskju um það haft. Og fyrir mitt leyti get jeg fullyrt það, að ef jeg hefði verið að spurður, hefði jeg aftekið með öllu að ganga að slíku samkomulagi. Jeg veit ekki, hvað hv. 1. þm. Skagf. vill hafa gleggri svör, því einnig hv. 2. þm. Reykv. hefir svarað spurningunni fyrir sitt leyti.

Það var hv. 2. þm. Reykv., sem fyrstur hóf máls á þessu hjer í deildinni og beindi fyrirspurn um það til hæstv. forsrh. Þeir þm., sem fundið hafa að gerðum stjórnarinnar í þessu máli, hafa síðan flestir tekið undir ásakanir hans og okkar jafnaðarmanna út af þessu atriði. Jeg þarf því ekki að endurtaka það, sem jeg og flokksmenn mínir hafa sagt um þetta mál. Jeg verð að álíta svör eða svaraleysi hæstv. forsrh. beina og fullnægjandi sönnun þess, að ákveðið samband sje á milli deilulokanna og tilskipunarinnar um að innheimta ekki skattviðaukann. Jeg þykist auk þess hafa fengið fulla vissu um þetta nú undir þessum umræðum. Jeg álít þessa leið háskasamlega, og gersamlega óverjandi að leggja út á hana. Hún er háskaleg að því leyti, að hún gefur báðum aðiljum deilunnar undir fótinn til þess að vera harðari og heimtufrekari í kröfum, einkum þeim, sem betur stendur að vígi og sem kominn er á spenann. Það mun sannast, að þetta mun auka á ósvífni og ágengni útgerðarmanna í kaupdeilum.

Mjer segir þungt hugur um næsta ár, þegar þessir samningar eru útrunnir og semja skal á ný. Annar aðiljinn hefir nú heimtað stóran bita og fengið hann, fyrir að leysa skipin úr læðingi. Hvað munu þeir heimta næst? Og skyldi ekki hinn aðiljinn, sjómennirnir, líka geta þegið einhver friðindi undir slíkum kringumstæðum? Hvernig hugsar stjórnin sjer að leysa slíkar kaupdeilur í framtíðinni? Á það að gerast með svipuðum hætti, eða hvað?

Það er ekki minsti vafi á því, að þegar þingið í fyrra samþykti lögin um 25% skattviðaukann, þá var það tilætlun þingsins, að heimildin yrði notuð. Tilgangslaust að setja slík lög ella.

Hæstv. forsrh. afsakar þetta með því að segja, að fjárhagurinn hafi verið svo góður þetta ár, að ekki hafi þurft að grípa til heimildarinnar. Það er rjett, að fjárhagurinn er betri en von var til, og afkoma ársins yfir höfuð. En engir ættu að vera þess minnugri en hæstv. forsrh., að hjer í landi er gnótt ógunninna en nauðsynlegra verka, sem hrinda hefði mátt í framkvæmd fyrir þær 400—500 þús., sem hann afsalaði ríkissjóði. Mjer virðist hæstv. forseti hafa hjer tekið sjer vald, sem á að vera hjá Alþingi einu, þ. e. tekið af

því ráðin og breytt þvert gegn tilætlun síðasta Alþingis um þessi lög. Auðvitað afsakar hæstv. forsrh. þetta með því að segja, að hjer sje einungis um heimildarlög að ræða. En hann má skilja það, að þau lög voru sett til þess að þeim væri framfylgt.

En tvent vil jeg leggja hv. þdm. sjerstaklega á minni. Annað það, hve gífurlegt vald útgerðarmenn hafa í þessu landi, að þeir skuli geta svínbeygt hæstv. stjórn til að heykjast á sínum aðal stefnumálum. Ráðherrann hefir oftsinnis lýst því yfir, að hann væri andstæður stefnu íhaldsins í skattamálum. Þess vegna hlýt jeg að álykta á þá leið, að fulltrúar útgerðarmanna hafi knúið hæstv. ráðh. til þess, að fremja þann verknað, sem brýtur í bága við stefnu flokks hans á síðasta þingi. Sennilega hefir hæstv. ráðh. vaxið í augum það böl, sem hann hefir þótst sjá fram á af áframhaldandi verkstöðvun, og þess vegna unnið það til sætta, að hvika frá stefnu sinni. En ekkert sýnir ef til vill betur en þetta, hversu ægilega voldugir umráðamenn framleiðslutækjanna eru. Það sýnir, að á okkar landi er lýðræðið ennþá orðagjálfur eitt, innantómt orð. Örfáir menn ráða yfir atvinnu fjöldans og afkomu allri, og þeir hinir sömu menn taka sjer oft æðsta úrskurðarvald í stórmálum, ekki í orði heldur á borði.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ríkissjóðurinn væri máttur borgaranna til að greiða í ríkissjóðinn. Enda þótt þetta sje harla nýstárleg niðurstaða, má hún þó til sanns vegar færast að því leyti, að ef þessir menn stöðva framleiðslutækin, þá er um leið gjaldgeta almennings þrotin, með öðrum orðum, þá er ríkissjóðurinn þrotinn.

Annað er það, sem jeg vildi mega leiða athygli hv. þdm. að, og það er, hve rík sönnun þetta er fyrir hinni knýjandi nauðsyn rannsóknar á hag og rekstri útgerðarinnar, svo að allur almenningur fái að vita, hvað hefir skapað slíka aðstöðu fyrir fáa menn í þjóðfjelaginu. Og jeg get ekki sjeð, hvernig stjórnin getur lagt á móti slíkri rannsókn, eftir alt það, sem undanfarið er, og ekki síst, þegar nú er upplýst hverjir hafi skapað friðarkostina. Það eru ekki útgerðarmenn almennt, heldur einungis þeir af þeim, sem loðnastir eru um lófana. Þeir útgerðarmenn, sem tapað hafa, eða eru illa efnum búnir, þeir fá ekkert af þessum ívilnunum. En hinir, sem grætt hafa svo skiftir hundruðum þúsunda, þeim er gefið. Það er tekið frá þeim, sem ekkert hafa, og gefið þeim sem hafa. — Jeg vona, að jeg styggi ekki hv. þm. Dal. þótt jeg segi frá því, að daginn eftir að sættir komust á, sagði hann mjer, að hann hefði heyrt, að ríkisstjórnin hefði lofað að lækka toll á kolum og salti til þess að ívilna útgerðinni. Ef míns álits hefði verið leitað um þetta, hefði jeg verið því mjög mótfallinn, en þó hefði verið ólíkt meira vit í þeirri ráðstöfun en hinni, að gefa eftir tekjuskattsaukann. Slík ívilnun hefði náð til allrar útgerðarinnar, ekki einungis þeir hefðu notið hennar, sem eru stórauðugir og hafa grætt síðastliðið ár stórfje, heldur líka hinir, sem berjast í bökkum. Með því að gefa eftir skattaukann, er þeim einum gefið, sem síst þurfa gjafa við, þeim ríkustu og tekjumestu.

Jeg vildi nú að lokum mega vænta

þess, að þær umræður, sem nú hafa farið fram um þetta mál, umræðurnar um vinnudóminn, sem stóðu yfir í 4 daga, og loks byrjunin að umræðum um rannsókn togaraútgerðarinnar, mætti verða til þess, að hv. þdm. yrði það ljóst, að sá atvinnurekstur, sem þúsundir eða tugir þúsunda manna eiga afkomu- og bjargarvonir sínar undir, en lýtur stjórn og umráðum nokkurra manna, sem svo láta stjórnast af enn færri mönnum, má ekki vera einkamál þessara manna. Ríkisheildin verður að hafa hlutdeild í rekstrinum framvegis, starfsmennirnir líka. Annars munu aðiljar ávalt tefla á tæpustu vöð, einkum atvinnurekendur, því þegar þeir ráða yfir framleiðslutækjunum, eru það um leið þeir, sem raunverulega ráða í þessu landi.

Ólafur Thors: Jeg hefi þegar sagt það um þetta mál, sem jeg hefi ætlað að segja. Jeg stend því upp nú einungis til þess að gera smávægilegar athugasemdir. Jeg sje ekki ástæðu til að gera leik að því, að deila við minn ágæta flokksbróður, hv. 1. þm. Reykv., en jeg get ekki neitað mjer um að benda honum á rökvilluna í því, sem hann hefir sagt um þetta mál. Því verður nefnilega ekki neitað, að talsverður aðstöðumunur er fyrir hæstv. fjmrh. að ljetta af slíkum skatti, þegar sjeð er um afkomu síðasta árs. Ef útlitið er sjerstaklega iskyggilegt, þá er mun meiri ástæða til að safna í kornhlöðu. En hitt er alveg rjett, að ef þetta hefði komið fyrir í tíð fyrverandi stjórnar, þá er ekki minsti vafi um, hvernig núverandi dómsmrh. hefði tekið í málið. Hann hefði áreiðanlega reynt að gera sjer mat úr því. Jeg get sett mjer fyrir hugskotssjónir hinar gleiðletruðu greinar í núverandi stjórnarblaði, sem það hefði birt út af hinu ægilega hneyksli, sem íhaldsstjórnin hefði gert sig seka í. Látið burgeisana kúga sig eða múta sjer til að gefa þeim eftir hálfa miljón króna, úr hálftómum ríkissjóðnum! Það hefði verið sama rollan og hjá hv. þm. Ísaf. En slíkt skiftir mig engu máli. Mín afstaða til málsins er mörkuð af því, hvað rjett er og satt, en ekki af hinu, þótt gera mætti pólitíska mat úr því fyrir minn flokk. Hins vegar er það ekki af hreinskilni mælt, þegar hv. þm. Dal. talar um mig sem „fyrverandi" stjórnarandstæðing. Eða álítur hv. þm., að maður eigi altaf að lofa alt, sem frá manns eigin flokki kemur, og skamma alt, sem frá andstæðingunum kemur, án nokkurs tillits til þess, hvort slíkt sje rjettmætt eða ekki. Nei, í slíku andrúmslofti væri ekki líft; maður myndi beinlínis kafna. Og jeg vildi þá ekki lengur eiga sæti í þessum sal. Mjer þykir þess vegna næsta hart, að þurfa að sæta dylgjum frá öðrum eins drengskaparmanni og hv. þm. Dal.

Það er rjett athugað hjá hv. 1. þm. Reykv., að verið hefði óneitanlega viðfeldnara, að einhverjir aðrir en útgerðarmenn hefðu orðið til þess að taka upp hanskann fyrir stjórnina í þessu máli. Það hefði t. d. staðið honum nær að gera það, eða a. m. k. bregðast betur við því, en raun ber vitni um. Þessi mjög svo rangláti skattur kemur ekki eingöngu niður á útgerðinni, því hún er yfirleitt svo illa stæð, að hún kemst ekki í verulegan skatt í ár. Það eru hinsvegar ýmsir kjósendur hv. þm. (M. J.) sem hagnast á þessari eftirgjöf. Hv. þm. er það líka vel kunnugt,

að þau afskifti, sem jeg hefi haft af skattamálum alment, hafa öll miðað að því, að hnekkja tilraunum jafnaðarmanna til þess að sliga atvinnuvegina með ákaflega háum beinum sköttum. Það er alkunnugt, að tilgangur þeirra með þessum háu beinu sköttum, er enginn annar en sá, að eyðileggja alla möguleika til atvinnurekstrar. Þetta er eitt helsta vopn þeirra til þess að ryðja þjóðnýtingunni braut.

Viðvikjandi ræðu hv. þm. Ísaf. skal jeg taka það fram, að þá ræðu hefi jeg heyrt hann flytja áður, og mjer leiðast endurtekningar. En jeg er sammála honum um það, að lausn vinnudeilna með afskiftum ríkisins sje tvíeggjað sverð, einmitt vegna þess, að slíkt gefur báðum aðiljum undir fótinn, eins og hv. þm. tók fram. Í kaupdeilum ala báðir aðiljar tálvonir í brjósti, og hið eina, sem getur gert slíkar tálvonir að engu, er vinnudómurinn. Menn berjast í von um að geta kúgað hinn aðiljann. Um leið og vinnudómur kveður upp dóminn, verða þessar tálvonir að engu. Með vinnudómi er verkföllum og verkbönnum af ljett fyrir fult og alt.

Vjer þökkum! Hv. þm. Ísaf. sagði, að við útgerðarmenn ásamt stjórninni hefðum tekið okkur vald til að breyta þvert ofan í fyrirætlanir síðasta Alþingis. Hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu um daginn, að þýðingarlaust væri að hyggja á þjóðnýtingu hjer á landi í náinni framtíð vegna þess, að Ólafur Thors fengist ekki til að veita fyrirtækjunum forstöðu. Og nú segir annar hv. þm., að jeg hafi átt verulegastan þátt í að breyta skattalöggjöfinni frá síðasta Alþingi. Jeg hlýt, eftir þessu, að vera orðinn ærið voldugur hjer í þessu landi, voldugri en jeg hefi gert mjer grein fyrir. Og jeg er eins og flestir, mjer þykir gott lofið, og því þakka jeg þeim hv. þm. sem nú svo ríkulega hefir látið það í tje.

Annars vildi jeg taka það fram, að ef hæstv. forsrh. hefir gert þetta, þá ber hann ábyrgð á því, en ekki jeg. Hann hafði aðstöðu sem fjármálaráðherra til þess að gera það í þessu máli, sem honum þóknaðist. Jeg hafði hinsvegar enga aðstöðu til þess að knýja fram neitt í þessu máli, hvorki slíka eftirgjöf eða annað.

Það er næsta broslegt að heyra hv. þm. vera að tala um hið ægilega vald útgerðarmanna á þessu landi, og að þeir hefðu knúið hæstv. forsrh. til þess að víkja frá stefnu flokks síns. Jeg minni á það, að það er ekki stefna Framsóknar að beita þessum beinu sköttum svo óvægilega eins og hjer átti að gera, samkvæmt heimildarlögunum. Það var ekki Framsókn heldur jafnaðarmenn, sem áttu frumkvæðið að þessari löggjöf, og það voru þeir, sem neyddu Framsókn til þess að samþykkja hana vegna þess, að Framsókn þurfti í svipinn að koma í gegn öðru tekjuaukafrv., og þurfti til þess á stuðningi þeirra að halda. Þannig er þessu þá varið. Það eru sósialistar, sem hafa þetta ægilega vald, og það eru þeir, sem hafa teymt Framsókn nauðuga inn á þessa braut. En það erum þá við íhaldsmennirnir, sem eigum að hafa beint Framsókn inn á rjetta braut, eftir að jafnaðarmenn voru búnir að leiða á villigötur. Það eigum þá að vera við, sem með litlu átaki ljettum kúguninni af.

Það var talað um hið ægilega vald útgerðarmannanna í kaupdeilum. Þeir hafa að vísu vald til þess að hætta að

leggja fje í útgerðina og láta skipin hætta veiðum. En þeirra vald er sannarlega ekki ægilegra en vald jafnaðarmanna — og sjómannaleiðtoganna, sem kúga sjómennina til þess að fara ekki út í skipin til þess að gegna störfum sínum. Þar má þá maður manni segja.

Annars skal jeg taka undir það með hv. þm. Ísaf., að rjettlátara hefði verið að ljetta af tollinum á kolum og salti. Það hefði komið miklu jafnar og rjettlátar niður á hinum ýmsu útgerðarfyrirtækjum, og auk þess munaði miklu meira um það. Skal jeg gjarnan þiggja aðstoð hans og hans flokksmanna til þess að fá þessa tolla afnumda, ef þeir annars vilja bjóða hana. Er það þó ekki venja okkar íhaldsmanna, að vilja leggja lag okkar við jafnaðarmenn að neinu leyti. Það var rjettilega tekið fram, að þessi tekjuskattstilslökun er mjög lítils virði fyrir ýmsa útgerðarmenn, en það er heldur ekki upphæðin sjálf, sem er hjer aðalatriðið. Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, og endurtók það núna í byrjun ræðu minnar, að afturköllun ríkisstjórnarinnar á tekjuskattsviðaukanum væri alment álitin stefnubreyting hjá hæstv. stjórn í skattamálunum. Hún áliti of langt gengið í því að afla ríkissjóði tekna með beinum sköttum, og vildi nú reyna að bæta úr þessu. Útgerðarmenn, og líka hinir smáu, því að nú eru menn aldrei slíku vant farnir að tala um smáa og fátæka útgerðarmenn, taka allir þessum tíðindum með fögnuði. Slík stefnubreyting er miklu nauðsynlegri og meira gleðiefni heldur en þótt ljett sje af tollum, sem meira munar um í bili. Ef útgerðin á að eiga sjer nokkra framtíð, þá verður að ljetta af einhverju af beinu sköttunum, því að það eru þeir, sem alt kæfa niður, þegar annars gengur sæmilega.

Það var haft eftir mjer, að tekjuskatturinn væri örjettlátastur allra skatta hjer á landi. Það voru ekki mín orð. Jeg talaði um skatt-skalann en ekki skattinn sjálfan. Það er skatt-skalinn, sem er helber vitleysa, og hann verður að laga hið bráðasta. Það, sem gerst hefir í þessu máli, virðist vera spor í þá átt, og vildi jeg óska, að svo yrði haldið áfram.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg stend aðeins upp til þess að bera af mjer sakir. Hv. 1. þm. Skagf. ásakaði mig fyrir, að jeg skyldi þakka hv. 2. þm. G.-K. og hv. 3. þm. Reykv. það drenglyndi, sem þeir nú sýna, þar sem jeg hefði sjálfur aldrei rokið upp til þess að verja fyrverandi stjórn, þegar á hana var ráðist. Þetta er ekki rjett. Að vísu var jeg fyrverandi stjórn yfirleitt andstæður, en þó kom fyrir, að jeg varði hennar málstað, þegar mjer bauð svo við að horfa. Gerði jeg það stundum í fullri andstöðu við mína eigin flokksmenn, og hlaut af nokkra óvild sumra manna, eins og gengur. Stundum ljet jeg að vísu vera að segja skoðun mína, en atkv. mitt bar þá vott um afstöðu mína. Að þessu athuguðu vil jeg álíta, að jeg hafi fult leyfi til þess að þakka hv. 2. þm. G. K. og hv. 3. þm. Reykv. fyrir þeirra framkomu í þessu máli. Vil jeg alls ekki gangast undir það hugarfar, að telja alt ilt hjá andstæðingunum, sem líka kemur fram í því, að telja alt rjett og satt hjá sjer og sínum flokksmönnum. Segi jeg þetta að gefnu tilefni, því að jeg vil ekki fylla hóp þeirra manna,

sem telja altaf rjettan málstað sinna flokksmanna, en alt rangt hjá andstæðingunum.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. V.-Ísf. hefir misskilið mig, ef hann heldur, að jeg ásaki hann um að vera verri eða óheiðarlegri andstæðingur en aðrir. Það var jeg alls ekki að gera. Jeg benti aðeins á, að hann hefði ekki lifað sjálfur eftir þeirri reglu, sem hann vill svo mjög halda að öðrum. Það var ekki min meining, að hv. þm. V.-Ísf. væri verri en aðrir. Þvert á móti. Jeg tel hann í hóp hinna bestu þm., í þessu efni. Geri jeg þar mjög upp á milli hans og hæstv. forsrh., sem var ekki vandur að meðulunum og ljet sjer ekki alt fyrir brjósti brenna, þegar hann var í andstöðu við stjórnina. Það var það, sem sló mig, þegar hv. þm. V.-Ísf. fór að verja hann í sambandi við framkomu hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli.

Sigurður Eggerz: Aðeins stutt athugasemd. Jeg átaldi það sama og hv. 2. þm. Rang., að ekki væri hægt að knýja fram upplýsingar frá hæstv. stj. um það, hvers vegna hún hafi gefið eftir tekjuskattsviðaukann, en það þó orðið opinbert leyndarmál. En Alþingi á heimtingu á, að frá því sje skýrt hreint og afdráttarlaust. Jeg lýsti því yfir í ræðu í góðri trú, að hæstv. stj. hefði gefið viðaukann við tekjuskattinn eftir til þess, að koma sættum á í vinnudeilunni. Hún hefði álitið útlitið svo iskyggilegt, að þessa væri þörf. En því þá ekki að viðurkenna allan sannleikann, þó lagt sje út á varhugaverða braut.

Umræður eru nú farnar að verða nokkuð persónulegar, og kvarta menn undan óbliðum árásum og vitna í meistara Jón og Vídalínspostillu. Hæstv. forsrh. heldur sjálfsagt, að jeg viti ekki mikið í Vídalínspostillu. Svo mikið veit jeg þó, að þar eru margir reiðilestrar. Það er auðvitað best að hafa góða stjórn, en það er nú því miður sjaldan því láni að fagna, að stjórnin sje góð. Góð verður stjórnin því aðeins, að hún fái reiðilestur við og við. Andstöðuflokkurinn þarf að vera sterkur, og þjóðin á kröfu á því, að hann segi stjórninni kröftuglega til syndanna og vaki vandlega yfir öllum axarsköftum hennar. Það er aðhald fyrir alla. Vil jeg segja, að verstu dauðamerkin í stjórnmálunum eru það, ef andstöðuflokkarnir þegja. Þá er eitthvað ekki gott á ferðinni. Ef nú á að fara að ganga svo langt, að maður megi ekki spyrja hæstv. stj. í mesta sakleysi um mikilvæg atriði, þá fer að verða lítið gaman að sitja á þingi. Jeg veit, að það er svo suður á Ítaliu, að þar mega þm. ekkert segja, sem stygt getur stjórnina, og Mussolini mun hafa rekið alla andstæðinga sina burtu af þinginu. Mun jeg aldrei beygja mig undir slíka þögn, eins og jeg gat um áðan, enda hygg jeg að kjósendur mínir vestur í Dölunum mundu lítt una slíku athafnaleysi.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Við höfum nú rætt um þetta mál næstum allan þennan fundartíma og 2 undanfarna daga. Verð jeg nú að segja í lok þessarar umr., að þrátt fyrir allar þessar umr. hefir ekkert nýtt komið fram í málinu, og þm. engar nýjar upplýsingar fengið. Tel jeg vafasamt fyrir þá, sem til þessa hafa stofnað, hvort þeir eigi að teygja lopann

lengur. Jeg hefi sjálfur talað lítið, og tel tíma þingsins illa varið með þessu lagi.

Vil jeg aðeins minnast á tvo aðilja, sem hér hafa látið til sín heyra. Annar aðiljinn eru tveir helstu fulltrúar útgerðarmanna hjer í hv. deild, og er jeg þeim þakklátur fyrir afskifti þeirra af málinu og vingjarnleg ummæli í minn garð. Hinn aðiljinn eru hv. 1. þm. Reykv. og forstjóri þeirrar bankastofnunar, sem á allan sinn hag undir velgengni útgerðarinnar. Hafa báðir þessir hv. þm. endilega þurft að láta ljós sitt skína og það í litlu samræmi við áður nefnda aðstöðu sína, í slíku stórmáli sem verkfallið var.

Sigurður Eggerz: Jeg get ekki skilið, hvers vegna hæstv. forsrh. er að blanda mjer sem bankastjóra Íslandsbanka inn í þetta mál. Jeg hefi sem þm. minnar þjóðar fullan rjett til þess að gera mínar fyrirspurnir til hæstv. stjórnar, og fá upplýst slík felumál sem þetta. Stjórn Íslandsbanka er hjer ekki til umræðu, og hæstv. forsrh. hafði enga ástæðu til þess að blanda mjer sem slíkum inn í þessar umræður.

Ef hæstv. forsrh. hefði sýnst jeg vinna á móti sátt í vinnudeilunni, gat þetta verið annað mál, en því fór fjarri. Hitt er annað mál, að jeg álít það ráð, sem nú var notað, ekki vera til frambúðar, og ekki muni vera unt að fara slíka hættuleið framvegis. Jeg hefi reynt af fremsta megni að stuðla að því, að frv. um dóm í vinnudeilum nái fram að ganga, en jeg hefi hvorki heyrt hæstv. forsrh. eða form. bankaráðsins minnast á hann einu orði. Á bak við tjöldin er það fullyrt, að hæstv. stj. hafi lofað jafnaðarmönnum því, að vinnudómsfrv. skuli falla. Er það illa farið, því að þjóðin heimtar vinnufrið, og hann verður best trygður með vinnudómstól.

Magnús Jónsson: Mjer skildist á ummælum hv. þm. V.-Ísf., þegar hann talaði um sinn eigin heiðarleik, að hann væri eiginlega að blanda eitri í kaleikinn. Jeg hóf hjer andstöðu með því, að ávíta hæstv. stj. fyrir að neita þinginu um upplýsingar í mjög mikilsverðu máli. Er það óhæfileg regla, ef hæstv. stj. leysir stórdeilur á þann hátt, sem nú hafa verið leiddar getur að, og neitar svo þm. um allar upplýsingar í málinu. Megi maður svo ekki gera fyrirspurnir undir svona kringumstæðum, þá verð jeg að segja, að mjer finst vera orðið alveg ólíft á þingi.

Jeg skal skjóta því til hv. 2. þm. G.-K., að ummæli mín átti ekki að skilja svo, að jeg áliti orð hans og hv. 3. þm. Reykv. minna virði af því, að þeir væru útgerðarmenn. Síður en svo. Eg veit að þeir láta það engin áhrif hafa á sig, þó að þeir hafi haft fjárhagslegan hagnað fyrir sín fyrirtæki af þessari lausn málsins. En jeg tel vitnisburð þeirra minna virði vegna þess, að ef hæstv. forsrh. er bundinn þagnarskyldu í þessu máli, þá eru það einmitt þessir hv. þm., sem hafa múlbundið hann. Er því ekki nema eðlilegt, að þeir taki upp þykkjuna fyrir hann.

Það fer fjærri því, að jeg eigi erfitt með að verja framkomu mína í þessu máli fyrir mínum kjósendum. Bara að hæstv. forsrh. eigi ekki erfiðara með að telja sínum kjósendum trú um, að hann hafi hér verið að gera þeim gagn. Og það mun hann finna, að það verður við ramman reip að draga, þegar

hann ætlar að fara að leysa kaupdeilur í framtíðinni á sama hátt og nú. Hann er búinn að gefa mönnum svo mikið undir fótinn með milligjöf úr ríkissjóði, að aðiljar vinnudeilunnar geta sagt eins og kjósandinn í New York: „Jeg er ekki enn búinn að ákveða, hvað jeg geri, því að jeg veit ekki hvað boðið verður í atkvæðið.“ Mun það sýna sig á sínum tíma, hvor okkar hæstv. forsrh. á hægara með að verja sína framkomu í þessu máli fyrir hv. kjósendum.

Þarf jeg svo ekki að fjölyrða frekar, því að þetta mál er alveg upplýst.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vildi aðeins geta þess, þar sem hv. 1. þm. Reykv. finst svona óþolandi að sitja á þingi, og hv. þm. Dal. þykir það svona afskaplega leiðinlegt, að vestur í Dölum mundi engin sorg verða þótt hann færi. Þar mundi þvert á móti verða almenn gleði og fögnuður.

Haraldur Guðmundsson: Jeg vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Dal., hvort Íslandsbanki áliti frv. um dóm í vinnudeilum vera sitt sérstaka hagsmunamál. Ummæli þessa hv. þm. gáfu tilefni til þess að ætla, að svo væri.

Sigurður Eggerz: Hv. þm. Ísaf. veit það vel, að Íslandsbanki blandar sjer ekki í kaupdeilur og mun ekki gera. Ástæðan fyrir þessum ummælum mínum var sú, að hæstv. forsrh. dró mig inn í umræðurnar sem bankastjóra Íslandsbanka, en önnur ekki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 38).

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 189 og 209).

Frsm. 2. minni hl. (Ingvar Pálmason):* Fjárhagsn. hefir klofnað um þetta litla frv. Jeg hafði búist við, að hinn hluti nefndarinnar mundi taka til máls, en hann skoðar okkur auðsjáanlega sem meiri hluta, þó að svo sje eigi.

Við tveir nefndarmenn leggjum til, að frv. verði samþykt. Þá tillögu okkar byggjum við á því, að það virðist vera ljóst af umræðunum um þetta mál í Nd. á síðasta þingi, að það var skilningur flestra deildarmanna, að þetta undanþáguákvæði ætti að miðast við nettó tekjur. En ákvæði laganna eru ekki það ljós, að svo beri að líta á, þegar til framkvæmda kemur. Þá eru lögin skýrð svo, að þetta undanþáguatriði gildi aðeins fyrir brúttó tekjur. En ef svo er litið á, sjá allir, að viðaukinn bitnar mest á þeim, sem hafa mesta ómegð og eru því tiltölulega tekjuminstir. Maður, sem hefir 4 þúsund króna brúttó tekjur, getur haft svo og

---

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

svo marga á framfæri, en á samt að gjalda 25% viðauka. Þetta er svo augljóst, að jeg tel, að ekki þurfi að skýra það nánar. Hins vegar er sá stefnumunur hjá hv. 1. minni hluta, að hann vill ekki viðurkenna, að þessi undanþága eigi að eiga sjer stað. En það er augljóst, að þegar lögin voru samþ. í Nd. í fyrra, fundu þeir, sem að þeim stóðu, ástæðu til að viðaukinn kæmi ekki fram á hinum tekjuminstu mönnum, og þegar litið er til þess, virðist þetta frv. sjálfsögð leiðrjetting á misskilningi, sem löggjöfin hefir ekki ætlast til.

Jeg skal geta þess, að einn nefndarmanna hefir ekki skilað neinu áliti, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir sinni afstöðu.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson):* Jeg get vísað til nál. á þskj. 189. Það er svo, að þessi breyting á lögunum frá í fyrra mundi undanþiggja fáeina menn frá viðaukanum, af þeim, sem annars ættu að greiða viðauka. En eins og tekið var fram af okkar hálfu í fyrra, álítum við yfirleitt slíka breytingu á skattalöggjöfinni rangláta, sem heimilar stjórninni að taka meira af sumum gjaldendum, en lögin ætlast til. Mjer þætti æskilegast, að eins færi næsta ár og núna, að stjórnin sæi sjer fært að nota alls ekki þessa heimild. Meira hefi jeg ekki að segja fyrir hönd minni hl. nefndarinnar, en jeg vildi mega bæta því við, af því að jeg sje að hæstv. stjórn hefir orðið fyrir aðkasti í sambandi við það, að hún notaði ekki þessa heimild til að innheimta viðaukann, að mjer finst hæstv. stj. hafa gert alveg rjett í því efni, eftir því sem fjárhagsleg afkoma ríkissjóðs var. Jeg vil því ekki að neinu leyti taka þátt í því aðkasti.

Jón Baldvinsson:* Jeg hefi ekki gert neitt nál., af því að jeg álít þess ekki þörf. En jeg vildi bara segja, að ef á að lækka gjöld landsmanna til ríkissjóðs, þá hefði átt að byrja á einhverjum öðrum gjaldendum en þessum.

Tekjuskatturinn kemur niður á mönnum eftir efnum og ástæðum, en ekki eins og flest önnur gjöld og tollar til ríkissjóðs, sem teljast mega nefskattar. Þess vegna á að byrja á að lækka tollana, en ekki þennan skatt. Jeg hefi svo ekki annað um þetta að segja. En jeg vil mjög fastlega vikja því til stjórnarinnar, án þess að fara nokkuð út í ráðstafanir hennar nú á tekjuskattsviðaukanum, er sett hefir verið í samband við togaraverkfallið, að hún innheimti skattsviðaukann á næsta ári; því jeg geri ráð fyrir, að hitin 1930 þurfi á því að halda og meira til.

Jón Jónsson:* Mjer kemur það mjög undarlega fyrir, að nokkur skuli mæla á móti þessu frv. Það er einkennilegt að álíta það rjettlátt, ef á annað borð á að framkvæma lögin, að tekjuskattsviðaukinn skuli frekar eiga að koma niður á mönnum, sem ekki hafa nema 2—300 kr. hreinar, skattskyldar tekjur, heldur en á þeim, sem hafa alt að 4000 kr. skattskyldar tekjur. Þá verður útkoman sú, að þeir sem í raun og veru hafa lægri tekjur, verða fyrir tekjuskattsviðaukanum fremur en þeir, sem eru miklu tekjuhærri, eins og

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

greinilega kemur í ljós eftir þeim skilningi, sem stjórnin hefir lagt í lögin frá síðasta þingi um tekjuskattsviðaukann.

Hv. 4. landsk. talaði um, að aðalmarkmið þessa frv. væri að hækka tekjuskattinn, en það er hinn mesti misskilningur, því að tilgangur frv. er aðeins sá, að koma á meira samræmi milli skattgreiðenda og fyllri sanngirni við framkvæmd laganna. — Jeg fyrir mitt leyti tel tekju- og eignaskattinn sanngjarnasta skattinn, sem við greiðum, ef skattaframtal gjaldenda og skýrslur skattanefnda eru sanngjarnlega gerðar. Jeg hefði því gjarnan viljað hækka skattinn yfirleitt. Það er gamall og góður háttur í sveitum að jafna sveitargjöldum niður eftir efnum og ástæðum, og eftir sömu reglum væri réttlátast að haga gjöldum til ríkissjóðs.

Jeg skal ekki fara mikið inn á það, eftir hvaða reglum skatturinn ætti að fara hækkandi, eða hvort skattstiginn sje rjettlátur, að því er snertir hina hærri gjaldendur. Í minni sveit hefi jeg svo lítið kynst stórfeldum tekjum.

Jeg verð að segja það, að jeg skil ekki afstöðu hv. 3. landsk. gegn þessu frv., fyrst hann hefir ekki flutt till. um það, að lögin verði feld úr gildi. Jeg skil ekki hvers vegna hann getur ekki aðhylst frv., þar sem hann þó viðurkennir að það sje í raun og veru sanngjarnt. Það er tvímælalaust óréttlátt, að þeir menn, sem hafa 4000 kr. hreinar, skattskyldar tekjur, geti sloppið við skattsviðaukann, þegar hann er lagður á örlágar tekjur.

Halldór Steinsson: Jeg get ekki verið sammála hv. 3. landsk. (JÞ) og hv. 4. landsk. (JBald) um að stjórnin eigi ekki aðkast skilið fyrir að fella niður að innheimta tekjuskattsviðaukann á þessu ári. Hvernig sem á það er litið, þá tel jeg alveg óhæfilegt og óverjandi af stjórninni að kasta þessum tekjum úr ríkissjóði, á þann hátt, að jafna með þeim úr vinnudeilunum. Ef það á að leggja fram fje úr ríkissjóði í hvert sinn, sem ástæða þykir til að skakka leikinn í vinnudeilum, þá er gengið inn á braut, sem ekki verður happasæl fyrir fjárhag þessa lands.

Jón Baldvinsson:* Hv. þm. Snæf. (HSteins) sagði, að jeg hefði ekki viljað veita stjórninni aðkast fyrir að fella niður innheimtu tekjuskattsviðaukans. En það er ekki rjett; jeg sagði ekkert um þetta. Jeg sagðist aðeins vænta þess og beina því til stjórnarinnar, að hún ljeti innheimta skattsviðaukann á næsta ári. Hafi það verið látið falla niður nú í sambandi við lausn togaraverkfallsins, þá tel jeg það mjög varhugaverða ráðstöfun, ef satt væri.

Páll Hermannsson: Ef hjer á að hefja eldhúsdagsumræður í hv. deild í sambandi við þetta mál, þá hefði mjer fundist kurteislegra og jafnframt myndarlegra, að hlutast til um að einhver væri hjer viðstaddur úr stjórninni. (**JBald:** Stjórnin getur sjálf gætt þess, að vera til staðar). Annars ættu slíkar umræður sjerstaklega að koma fram á eldhúsdegi.

Jeg er sammála hv. 6. landsk. (JónJ) um, hvað er sanngjarnt í þessu máli, eins og hann gerði grein fyrir. Mjer

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

finst, að það geti ekki komið til mála að fella frv. með það fyrir augum, að tekju- og eignaskatturinn sje órjettlátur. Því að þetta frv. leiðir þó til meira rjettlætis á tekjuskattslögunum, heldur en nú er gert ráð fyrir við framkvæmd þeirra. Hjer er heldur ekki um að ræða ívilnanir eða lækkun á gjöldum til ríkissjóðs, heldur leiðrjetting á misskilningi á lögunum frá 1928, um tekjuskattsviðaukann. Það hefir alls ekki getað vakað fyrir þinginu, eða verið vilji þess, að lögin væru skilin á þann hátt, sem stjórnin hefir gert, vegna þess, að tilgangurinn var aðeins sá, að hækka ákveðinn hluta skattsins, en alls ekki að breyta grundvelli tekjuskattslaganna. Ef um grundvallarbreytingu hefði verið að ræða á útreikningi tekjuskattsins, þá koma til greina þrjár leiðir; í fyrsta lagi að reikna skattinn af brúttó-tekjum, í öðru lagi af nettó-tekjum, og í þriðja lagi af skattskyldum tekjum gjaldþegna, það er að skilja nettó-tekjum, að fráskildum persónufrádrætti. Og það er vitanlega enginn vafi á því, að hjer á að reikna tekjuskattsviðaukann af skattskyldum tekjum, eins og skattinn sjálfan. Þess vegna finst mjer alveg sjálfsagt af hv. þd. að fallast á þessa breytingu. Hún virðist vera svo rjettlát og eðlileg og í fullu samræmi við það, sem þingið ætlaðist til í fyrra með lögunum um tekjuskattsviðaukann.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, HSteins, IP, JónJ, JónasJ, PH, GÓ.

nei: BK, EF, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr.

Frv. þar með fallið.

---

5. Almennur ellistyrkur.

Á 26. fundi í Ed., 19. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á l. nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (þmfrv. ., A. 146).

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, er hv. þm. Snæf. (HSteins) og jeg flytjum á þskj. 146, hafa hv. þdm. haft tækifæri til að kynna sjer.

Skal jeg því ekki vera langorð um breytingar þessar; get að mestu vísað til grg. á sama þskj., en vil þó fara nokkrum orðum um málið yfirleitt.

Tilgangur ellistyrktarsjóðslaganna er sýnilega sá, að hjálpa þeim mönnum, er sakir elli og fátæktar eiga erfitt með að komast af, en reyna hinsvegar til þess ýtrasta að berjast áfram án fátækrastyrks. Það virðist því vera rjettlát takmörkun á lögunum að veita styrkinn aðeins þeim, sem eru sextugir og þar yfir.

Eins og kunnugt er, var frv. til ellistyrktarsjóðslaganna í fyrsta skifti lagt fyrir Alþingi 1907, sem stjfrv., en

sökum naumleika tímans komst það ekki að í Ed. á því þingi.

Frv. var að mestu leyti bygt á þeim grundvelli, sem lagður var með lögum um „Alþýðustyrktarsjóði“ 1890, en þau lög voru endurbætt 1897.

Í þeim lögum var ákveðið að byrja að veita úr sjóðunum þegar liðin væru 10 ár frá stofnun þeirra, og var það gert. Árið 1900 var byrjað að veita styrk úr sjóðunum.

Í ellistyrktarsjóðslögunum er aldurstakmarkið lækkað að því er gjaldendur snertir úr 20 árum niður í 18 ár og gjaldskyldan látin ná til sextugsaldurs.

Ellistyrktarsjóðslögin ákveða, að landssjóður — nú ríkissjóður — greiði fje í vissu hlutfalli við gjaldendur, og helsta og síðasta breytingin frá Alþýðustyrktarsjóðslögunum, eftir frv. frá 1909, er sú, að aðeins gamalmenni skuli njóta styrks úr sjóðunum.

Í Alþýðustyrktarsjóðslögunum var tillagið 1 króna á karlmann og 30 aurar á kvenmann.

Í núgildandi lögum um almennan ellistyrk hljóðar 1. gr. 2. mgr. þannig:

„Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, 1 kr. fyrir hvern mann gjaldskyldan.“

3. gr. sömu laga hljóðar svo:

„Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 2 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr.“

Við þessar tvær gr. eru breytingar þær, sem standa á þskj. 146.

Breytingar þessar eru fram komnar til þess að reyna að bæta úr því ástandi, sem nú er, að því er snertir þau gamalmenni, er sakir elli, lasleika og fátæktar eiga erfitt uppdráttar, en sem hinsvegar reyna af ýtrasta megni að berjast áfram án fátækrastyrks.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu raunalegar eru ástæður flestra þeirra manna, karla og kvenna, — en þeir eru því miður altof margir — sem ekki bera annað eða meira úr býtum eftir langt og erfitt strit, en lúna limi og þrotna krafta.

Þegar svo er ástatt, þá er það engin sæluhöfn að fara á sveitina og lifa á náðarbrauði því, sem heitir fátækrastyrkur, og þurfa þá jafnframt að afsala sjer meðfæddum mannrjettindum.

Það voru því vinsæl lög, ellistyrktarsjóðslögin, bæði þau frá 1909 og hin endurbættu frá 1917.

Jafnvel þótt styrkur sá, sem til úthlutunar hefir komið árlega í hinum ýmsu hjeruðum og kaupstöðum á landinu, hafi verið ófullnægjandi, hefir hann þó orðið að nokkru liði, einkum á fyrstu árunum, meðan verðlag var annað en nú er. En efasamt er og mjög ólíklegt, að hann hafi nokkru sinni reynst nægilegur til þess að bjarga öreiga gamalmenni frá sveit. Og það getur hann ekki orðið meðan fje það, sem kemur til úthlutunar, er svo lítið sem nú er.

Skal jeg bráðlega sanna þetta með tölum, sem teknar eru hjeðan úr Reykjavík; en Reykjavík er sá staður á landinu, sem veita mun einna hæstan ellistyrk.

Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um það, hve margir af öllum íbúum landsins voru gjaldskyldir í ellistyrktarsjóði árið 1927. Leyfi jeg mjer að lesa upp þá skýrslu. — Á stöku stað nær skýrslan til ársins 1926 og á einum stað aðeins til ársins 1925.

Ellistyrktarsjóðsgjald 1927.

Tala gjaldenda:	Karlar:	Konur:	
Reykjavík	4344	5446	
Gullbringu- og Kjósarsýsla	1705	1646	
Borgarfjarðarsýsla	589	588	(1926)
Mýrasýsla	461	428	
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	826	701	
Dalasýsla	422	432	
Barðastrandarsýsla	710	709	
Ísafjarðarsýsla	1742	1735	
Strandasýsla	838	365	
Húnavatnssýsla	944	934	
Skagafjarðarsýsla	916	892	(1926)
Siglufjörður	377	339	
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	1854	1774	(1925)
Suður-Þingeyjarsýsla	962	937	
Norður-Þingeyjarsýsla	423	366	
Norður-Múlasýsla	691	671	
Seyðisfjörður	228	260	
Suður-Múlasýsla	1314	1163	
Skaftafellssýslur	739	689	
Vestmannaeyjar	703	755	(1926)
Rangárvallasýsla	867	864	
Árnessýsla	1142	1129	
Alt landið	22797	22823	
	45620		

Rúmlega helmingur landsmanna mun vera á aldrinum 18—60 ára, eða full 52 þús. manns árið 1927.

Tillag ríkissjóðs til ellistyrktarsjóða er á síðustu fjárl. kr. 45.000.

Jeg hefi því miður ekki skýrslu yfir, hve miklu fje hefir verið úthlutað úr ellistyrktarsjóðum víðsvegar um land, aðeins hefi jeg skýrslu yfir síðustu úthlutun hjer i Reykjavík.

Árið 1928, i desember, var ellistyrk úthlutað þar eins og hjer segir:

Alls höfðu sótt um ellistyrk *613* gamalmenni, en *602* fengu styrkinn:

330	fegnu	30 kr.	hver
68	—	35 —	—
85	—	40 —	—
12	—	45 —	—
50	—	50 —	—
8	—	75 —	—
15	—	25 —	—
7	—	20 —	—
18	—	60 —	—
3	—	80 —	—
1	fjekk	85 kr.	
1	—	95 —	
1	—	100 —	

Styrkþegar 602. Alls úthlutað kr.

1.530, og eru það tæpar 36 kr. á nann að meðaltali.

Þegar litið er á þessar tölur, sem ákna upphæðir þær, sem veittar hafa erið, þá eru þær alt of lágar til þess að verða að nokkru verulegu liði til ifsframfæris þeim, er hafa lítið — afnvel sáralítið — að styðjast við, og þá hlýtur sú hugsun að vakna hjá þeim, sem athugar þetta mál, að nauðynlegt sje að bæta einhverju við þann litla skerf, sem hver einstakur styrkþegi hefir fengið, sbr. skýrslur þær, er jeg las upp áðan.

Tiltækilegasta leiðin virðist þá vera sú, að hækka einstaklings framlög allra þeirra, er samkv. lögum eru gjaldskyldir í ellistyrktarsjóði, og sömuleiðis ríkissjóðsframlagið.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir hv. deild, fer fram á helmings hækkun — þæði að því er snertir gjald einstaklinga þeirra, er gjaldskyldir eru, og framlag ríkissjóðs. Hlutföllin verða þau sömu og eftir núgildandi lögum.

Gildi peninga og tekjur manna, þeirra, er unnið geta, er yfirleitt mjög breytt frá því, sem var, er lögin um almennan ellistyrk voru sett. Tekjur manna hafa farið hækkandi, en gildi peninga lækkað, og rjettlætir þetta, ásamt öðrum breyttum ástæðum, breytingar þær, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Samkv. 16. gr. laga nr. 17, 9. júlí 1909, sem breytt var með l. um almennan ellistyrk nr. 33, 26. okt. 1917, skal styrkveiting vera fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir kr. 20,00 og ekki yfir kr. 200,00. Nú er það algengt, að efni eru ekki fyrir hendi til þess að veita úr sjóðnum hærri upphæð en lágmarksupphæðina, eða kr. 20,00, og getur hver maður skilið, að 20 kr. á ári eru í raun og veru enginn styrkur. Það er aðeins ofurlítil úrlausn, sem fátækranefndir grípa til, svo þær þurfi ekki að láta örvasa gamalmenni synjandi frá sjer fara.

Hinsvegar eru þess víst engin dæmi, að hámarksupphæðin, sem samkv. gildandi lögum er kr. 200,00, hafi verið veitt neinum einum styrkþega. Hjer í Reykjavík var í haust veittur helmingur hennar, kr. 100,00, einum umsækjanda af 613, en meir en helmingur allra umsækjenda (330 af 613 alls) fengu 30 kr. styrk, 215 frá 35—50 kr. og 34 frá 60—95 kr.; 7 fengu 20 kr. og 15 25 kr.

Tölur þessar nægja til að sýna, hversu ákaflega skamt þessi styrkveiting nær, og hve lítil not eru að ellistyrktarsjóðslögunum meðan það fyrirkomulag, sem nú er, helst, og að ellistyrkurinn í núverandi mynd er lítið meira en nafnið tómt.

Væntum við flm. frv þessa, að hv. þdm. sjái, að hækkun ellistyrksframlags einstaklinga og ríkissjóðs er í fylsta máta rjettmæt og nauðsynleg, eigi sjóðirnir nokkru sinni að koma að tilætluðum notum.

Yrði þetta bót í bili, þar til endanlega verður ráðið fram úr tryggingarmálunum.

Jeg sje, að í Nd. er komin fram þáltill. um að skipa milliþinganefnd til að athuga tryggingarmálin. En það verður ekki gert í einu vetfangi. Það þarf minst 1—2 ár til undirbúnings, svo það hljóta að líða nokkur ár þar til endanlega verður gengið frá þeim lagabálki.

En ef ellistyrktarsjóðirnir eiga

nokkurn tíma að koma að því liði, er vakað hefir fyrir flm. þeirra laga, þá er óhjákvæmilegt að auka framlagið til þeirra. Og með þessari breytingu á lögunum gæti farið svo, að bráðlega fjelli úr gildi ákvæðið um hámark styrksins, þetta ákvæði, sem hingað til hefir reynst óþarft vegna þess, að því hefir hvergi orðið náð.

Nái breytingarnar á þskj. 146 samþykki hins háa Alþingis, verður þess eigi langt að bíða, að veita má verulegan styrk úr ellistyrktarsjóðunum, en þetta á, eins og nú er, harla langt í land.

Með breytingunum (á þskj. 146) er stigið spor í áttina til þess, að sjóðir þessir verði almennir ellistyrktar- eða eftirlaunasjóðir — því hvað er eðlilegra en að hver maður fái eftirlaun að afloknu lífsstarfi og að þau eftirlaun þurfi ekki endilega að heita hinu alræmda nafni „sveitarstyrkur" — fyrir alla þá sem náð hafa sextugsaldri, orðnir eru ellihrumir og eiga við þröngan hag að búa.

Að þessu álítum við flm. frv. að beri að stefna, með því að gera sjóðina meira en nafnið tómt.

Loks skal jeg benda á þær tölur, sem koma mundu til úthlutunar, ef frv. yrði samþ. Eftir núgildandi lögum guldu árið 1927:

Karlmenn	kr.	45.594
Konur	kr.	22.823
Framlag ríkissjóðs	kr.	45.620
Alls	kr.	114.637

Eftir frv. þessu, miðað við sömu tölu gjaldenda, mundu

karlar gjalda	kr.	91.188
konur —	kr.	45.656
ríkissjóður —	kr.	91.240
Samtals	kr.	228.184

Þannig mundu framlög til sjóðanna aukast um kr. 113.447 árlega, miðað við sömu tölu gjaldenda og 1927.

Skal jeg svo ekki þreyta hv. deild með lengri framsögu. Jeg veit ekki hvort mjer hefir tekist að skýra málið svo sem fyrir mjer vakti. En jeg vona samt, að hv. þdm. taki málinu með skilningi og vinsemd.

Fjmrh. (Einar Árnason): Í þessu frv. eru tillögur um að hækka tillögin til ellistyrktarsjóðanna um helming. Þetta er náttúrlega ofur einfalt ráð, en þess verður að gæta, að hjer er verið að hækka nefskatt, sem kemur misjafnlega þungt niður. Og það er álitamál, hvort það er heppilegur grundvöllur. Jeg er ekki að neita því, að því fje sje vel varið, sem rennur til ellistyrktarsjóðanna. En jeg hefði kosið, úr því farið er að ráðgera breytingar, að leitast hefði verið við að finna annan og sanngjarnari grundvöll undir fjáröflun til sjóðanna heldur en þann, sem nú gildir. Jeg hefði talið rjettara, að hv. flm. hefðu bent á einhverja æskilegri leið en þá, að hækka persónulega nefskatta um helming. Þeir eru ávalt ósanngjarnir. Það getur verið, að það muni ekki mikið um upphæðina út af fyrir sig, en þegar þetta kemur úr mörgum áttum, þá fer það að draga. Jeg vil því beina því til hv. n., er málið fær til meðferðar, hvort hún sjái sjer ekki

fært að breyta grundvellinum. Jeg skal benda á þá leið, að hvorki framlög ríkissjóðs eða einstaklinga verði hækkuð, heldur verði sjóðunum auknar tekjur með því að láta bæjar- og sveitarfjelög leggja fram vissa upphæð fyrir hvern gjaldþegn. Það kemur sanngjarnar niður og ætti ekki að verða illa liðið, því það ætti að draga úr fátækrakostnaðinum. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að bæjar- og sveitarsjóðir leggi eitthvað af mörkum til styrktar þessum sjóðum. — Jeg vildi einungis benda nefnd þeirri, er væntanlega fær málið til meðferðar, á þetta til athugunar.

Jón Baldvinsson: Það hefir oft verið bent á og mun af öllum viðurkent, að ellistyrktarsjóðirnir sjeu of lítilfjörlegir. Og það hafa oft verið uppi raddir um það, að lögunum þurfi að breyta og finna ráð til að hækka styrkina.

Eitt aðalmeinið við núverandi fyrirkomulag er það, hve menn eru rjettlausir gagnvart sjóðunum. Þó menn hafi lagt á sig gjöld til þeirra, þá eiga þeir engan rjett á styrk. Það er fátækrastjórnin, sem kveður á um það, hverjir styrk skuli hljóta. En það verður tíðast handahóf, því margir koma til greina. — Það hafa því komið fram ýmsar uppástungur til að ráða bót á þessu. Sumir hafa stungið upp á, að menn á vissum aldri gyldu háa upphæð árlega, eða í eitt skifti fyrir öll, og ættu svo rjett á tilteknum ellistyrk. En hætt er við, að það yrði ekki framkvæmanlegt. Því margar ástæður koma til greina, sem gera mönnum ókleift að greiða í einu stóra fjárhæð.

Það er því góðra gjalda vert, þegar komið er fram með breytingar, sem eiga að vinna bót á því ranglæti, er nú ríkir. En mjer virðist það vafasamt, hvort ekki hafi verið byrjað á skökkum enda, með því að hjer er farið fram á að hækka nefskattinn og auka ríkisframlag, í stað þess að byrja á bæjum og sveitarfjelögum. Jeg tel rjett, að framlögin til ellistyrktarsjóðanna komi frá þessum þrem aðiljum: ríkinu, sveitarfjelögum og einstaklingum, þótt gjöldin yrðu náttúrlega mismunandi há frá hverjum þessara aðilja, og sannarlega ættu einstaklingarnir ekki að bera þyngstu byrðarnar.

Það er sjálfsagt að taka vel slíkum frv. sem þessu og sjá, hvort ekki má kippa einhverju í lag þannig, að sjóðirnir geti orðið það, sem þeir eiga að verða, og láta þá fá styrk úr þessum eftirlaunasjóðum, sem komnir eru yfir tiltekið aldurstakmark. Annars mun þetta mál vera undir rannsókn hjá landsstjórninni, og vildi jeg því nota tækifærið til að spyrja hv. forsrh., hvað gert hafi verið, og hvað rannsókn þessi sje komin langt áleiðis. Nauðsyn ber til að halda þessu máli vakandi, því að þörfin er mikil, og hv. flm. eiga þakkir skilið fyrir þessa viðleitni sína, enda þótt þeir hafi máske ekki hitt á rjetta leið, en málið mun nú verða sent til nefndar, og þá má efalaust kippa því í lag, sem miður kann að fara. Að endingu vil jeg geta þess, að jeg minnist 3 eða 4 þáltill., sem samþyktar hafa verið um þetta efni, en jeg hefi ekki sjeð árangurinn af þeim, en vonandi fer nú að rakna fram úr því og stjórnin að skila árangri rannsókna þeirra, er gerðar hafa verið.

Fors. og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get gefið þær upplýsingar út af orðum hv. 4. landsk., að samþ. var á þinginu í fyrra að fela landsstjórninni að láta fara fram rannsókn að undirbúningi ellitrygginga. Jeg sneri mjer til sjerfræðings í þessum greinum, Brynjólfs Stefánssonar skrifstofustj., en bæði er það, að málið er yfirgripsmikið og hann hefir mikið að gera, og því býst jeg ekki við, að hægt verði að leggja álit hans fyrir nefnd á þessu þingi.

Halldór Steinsson: Jeg vildi aðeins segja örfá orð út af ummælum hv. fjmrh. Hann taldi þessa leið rjetta, og að nauðsyn bæri til að stækka þessa sjóði, en hitt taldi hann ósanngjarnt, að fara að auka nefskattana á þjóðinni frá því, sem verið hefði frá því árið 1909. Þing eftir þing hefir verið skorað á landsstjórnina að hefjast handa í þessum efnum, en hún hefir daufheyrst við því, og ekki fundið betri leið. Er því ekki þingmönnum vorkunn, þótt þeir gripi til sinna eigin ráða? Það má segja um þennan nefskatt, að hann er það sanngjarnari en aðrir, að þeir fátæklingar, sem eiga erfitt með að greiða hann, mega vænta þess, að þeir fái styrk úr þessum sjóði. Alt öðru máli er að gegna um aðra nefskatta, svo sem um prests- og kirkjugjöld o. fl., sem menn verða að greiða án þess að hafa nokkur not þeirra sjóða, er gjöldin renna til. Þessi nefskattur er því sýnilega lang sanngjarnastur. Þótt lögin sjeu máske ekki fullkomin, getur nefndin lagað þau þannig, að þau verði aðgengileg. Það er nauðsyn, að gera eitthvað í þessu máli og ráða bót á því böli, að fyrir fátæklingum, sem komnir eru yfir sextugt og hafa útslitið kröftum sínum, skuli ekkert liggja nema sveitin, því að sá styrkur, sem þeir fá nú, er verri en enginn, þar eð þessir menn fá oft aðeins 10—20 kr. á ári, sem jafnvel fátæklinga munar mjög lítið um.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg mun ekki lengja mikið umr. um þetta mál, því það er þegar búið að svara ýmsu því, er jeg myndi hafa tekið til athugunar. Þó get jeg ekki komist hjá því, að snúa mjer lítið eitt að ræðu hv. fjmrh. Hann talaði um, að nefskattar væru mjög ósanngjarnir og illa sjeðir meðal almennings, og það má vel vera. En mjer er spurn: Hví benti hann ekki á aðra færari leið? Hann vildi að vísu lækka einstaklingsframlagið, en láta bæjar- og sveitarsjóði bera þyngsta baggann, en það yrði auðvitað ekki gert með öðru móti en því, að auka skattana innan hjeraðs, en jeg hygg, að flestum þyki þeir nógu þungir, þótt ekki sje við þá bætt, og ennfremur býst jeg við, að menn mundu engu síður kvarta undan því en þessum nefsköttum, sem hjer um ræðir. Eins og jeg gat um í framsöguræðu minni, er tilgangur okkar flm. sá, að bæta úr því ástandi, sem er óviðunandi. Það er beinlínis tál og blekking að láta fátæk gamalmenni búast við því og byggja á því, að þau fái ef til vill verulegan styrk úr ellistyrktarsjóði fyrir jólin, en svo þegar til kemur, fái þau aðeins 10 eða 20 kr., og það er, eins og allir sjá, aðeins smávægileg glaðning. Meðan engar betri tillögur koma fram í þessu máli, hygg jeg að ekki sje fundin betri leið út úr þessu vandræðamáli en við flm. frv. höfum

valið. Okkur er það að vísu ljóst, að nefskattar eru illa þokkaðir meðal almennings, enda er því altaf svo farið, að menn eru viðkvæmir fyrir því, þegar seilst er ofan í pyngjur þeirra. En hitt, að bæjar- og sveitarsjóðir greiði eina krónu fyrir hvern mann, veitir ekki ellistyrktarsjóðunum sömu aukningu og hjer er farið fram á. Hjer er aðeins verið að bæta úr brestunum til bráðabirgða, þar til betri leið verður fundin og fullkomlega ráðið fram úr þessum málum.

Jeg er þakklát hv. 4. landsk. fyrir þann skilning, er hann sýndi í þessu máli, þótt vænta mætti þess úr þeirri átt, þar eð hann og samflokksmenn hans láta sjer ant um hag alþýðunnar, og jeg vonast til þess, að sá stuðningur, er fólst í orðum hans, verði til þess að styrkja þetta frv., svo að það nái að komast út úr deildinni, breytt eða óbreytt, þótt jeg efist um, að breytingar, sem kunna að verða gerðar á því, verði mikið til bóta. En jeg er hissa á því, að engar ráðstafanir skuli fyr hafa verið gerðar til að auka fjármagn sjóðanna, því að öllum hefir verið það ljóst, að brýn nauðsyn bar til, en ef einhver betri leið verður fundin en sú, er við flm. höfum valið, vil jeg leyfa mjer að segja það fyrir hönd okkar flm., að enga mun það gleðja meir en okkur. Það er þegar búið að taka það fram, að sóknargjöld eru annars eðlis og óskyld þessum gjöldum, og vil jeg benda á það, að sóknargjalda njóta þeir einir í lifanda lífi, sem eru tíðir kirkjugestir og hlusta þar á ræður presta og fagran söng, og svo hinir, sem látnir eru, og fá aðhlynningu fyrir líkama sinn, en ellistyrksins njóta aftur á móti í lifanda lífi allir þeir, sem fullnægja ákvæðum ellistyrktarsjóðslaganna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 146, n. 270, 291).

Frsm. (Jón Þorláksson):* Lögin um almennan ellistyrk frá 9. júlí 1909 hafa tvennskonar markmið. Það fyrra er að safna í sjóði til styrktar þessu málefni í framtíðinni, en hitt að veita fje til styrktar gamalmennum með árlegum úthlutunum. Þessi lög eru nú orðin 20 ára gömul og hafa borið þann árangur, að í árslok 1927 var upphæð ellistyrktarsjóðanna komin lítið eitt á aðra milj. kr., og 93 þús. kr. var árlega úthlutað úr sjóðunum. Aukning sjóðanna síðasta ár var um 73 þús. kr. Frv. það, sem hjer liggur fyrir á þskj. 146, fer fram á að tvöfalda öll tillög til sjóðanna, bæði ríkissjóðsframlagið og tillag gjaldenda, en breytir að öðru leyti ekki ákvæðunum um árlega úthlutun eða aukningu sjóðanna. Það er því svo, að frv. þetta mundi að töluverðu leyti tvöfalda bæði árlega útborgun og aukningu sjóðanna, en þó ekki til fulls, því að frv. hefir ekki áhrif á þann hluta upphæðanna, sem falinn er í vöxtum, en af þeim kemur

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

helmingur til útborgunar árlega, en hinn helmingurinn legst við sjóðinn, svo að ekki verður um algerða tvöföldun á útborgun og aukningu að ræða.

Nefndin hefir í einu hljóði fallist á það, að rjett væri að auka tekjur sjóðanna, en vill hinsvegar láta verja þeim tekju-auka á þann hátt, að hann fari allur til þess að auka árlega úthlutun, en alt verði látið sitja við gömlu ákvæðin um fjárframlög til aukningar sjóðunum. Nefndin leggur til, að þessu takmarki verði náð með dálitið breyttri tilhögun frá því, sem frv. hefir stungið upp á. Gjaldið til sjóðanna úr ríkissjóði er nú 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og persónuframlag manna á aldrinum 18—60 ára, með fáum undantekningum, 2 kr. fyrir hvern karlmann og 1 kr. fyrir hvern kvenmann. Till. n. á þskj. 270 fela það í sjer að efni, að inn komi þriðji aðiljinn, sem er bæjar- eða hreppssjóður, og leggi fram jafnmikla upphæð og tillagið úr ríkissjóði nemur, og komi öll sú upphæð til úthlutunar á árinu. Till. fara einnig fram á að hækka persónugjöldin um 50%, þannig, að árgjald karlmanna hækki úr 2 kr. upp í 3 kr. og árgjald kvenna úr 1 kr. upp í 1,50 kr. N. taldist svo til, að með þessu mundi sú upphæð, sem árlega kemur til úthlutunar, aukast um 85 — 87 þús. kr., og hygg jeg, að það muni láta nærri, að þetta sje sama hækkun á árlegri úthlutun og komið hefði fram af ákvæðum frv. Aftur á móti yrði ekki teljandi hækkun á þeirri upphæð, sem gengur til aukningar sjóðanna. Fyrir hönd n. þykist jeg ekki þurfa að fara mörgum orðum um þessa afstöðu hennar. Henni þykir meiri þörf á því að koma sjóðunum í meira gagn nú þegar, heldur en að auka þá til muna, og telur að þeir nái betur tilgangi sínum, þegar þessi upphæð bætist við til árlegrar úthlutunar. Þegar þetta er borið saman við ummæli hv. flm., þá má sjá, að þeir leggja aðaláhersluna á það sama, þörfina á því að auka þá upphæð, sem árlega kemur til úthlutunar, svo að sjóðirnir komi að meira gagni en nú er. Í brtt. er bæjar- og hreppsjóðum bætt við sem þriðja aðilja, og er það ekki nema eðlilegt, því að ellistyrkurinn mundi ljetta undir með sveitarsjóðunum með því að styrkja gamalmenni og halda þeim frá sveit, sem annars mundu leita til sveitarsjóðanna, ef ellistyrkurinn væri ekki. Þess vegna var sveitarsjóðunum bætt við, án þess þó að leggja á þá þá kvöð, að auka höfuðstól sjóðanna. Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann vill máske velja aðra leið til þess að auka tekjur sjóðanna, en er að öðru leyti meiri hl. samþykkur um það, að verja væntanlegum tekjuauka til útborgunar árlega. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta af hálfu nefndarinnar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Við flm. getum þakkað hv. fjhn. fyrir meðferðina á frv. okkar á þskj. 146, um breytingar á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, sem nú er til 2. umr. í þessari hv. deild.

Að vísu hefir hv. fjhn. borið fram nokkrar brtt., en við því mátti einnig búast, því að frv. var samið í flýti.

Eins og sjest á nál. hv. fjhn. á þskj. 270, þá er n. öll sammála um, að rjett sje að auka framlög til ellistyrkar-

sjóðanna í þeim tilgangi, að upphæð sú, sem til úthlutunar kemur árlega, verði hærri, og komi þannig að meiri notum. Þetta vakti líka fyrir okkur flm., og má segja, að það sje einnig aðaltilgangur okkar flm., að láta sjóðina koma nú þegar að sem mestum notum fyrir fátæklinga þá, sem vilja halda sjer frá sveit. Með 1. brtt. sinni leggur nefndin til, að bætt verði við þriðja aðiljanum, þ. e. bæjar- og hreppssjóðum, með árlegu tillagi, 1 kr. fyrir hvern gjaldskyldan mann, og svo framarlega sem það reynist kleift, þá tel jeg það mjög vel farið, sjerstaklega þegar tillit er tekið til þess, að alt framlag sveitarsjóðanna kemur til úthlutunar hvert ár. Jeg get fyrir mitt leyti fallist á þetta, en að við flm. tókum þetta ekki upp í frv., stafar af því, að þessir skattar eru heldur illa sjeðir, eins og allir vita. Jeg vona nú samt, að þetta ákvæði mæti ekki andúð hjá stjórnum bæjar- og sveitarsjóðanna.

Um 2. brtt. nefndarinnar er það að segja, að jeg hefði heldur kosið að persónuframlögin, sem frv. ætlaðist til að hækkuðu um helming, hefðu haldist, því að það er skoðun mín eftir sem áður, að engan fullvinnandi mann, karl eða konu á gjaldskyldualdri, hefði munað tilfinnanlega um að greiða þau. Þó má vel vera, að þetta sje viturlega ráðið.

Að því er framlag kvenna snertir, þá hefði mjer þótt æskilegra, að sú hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, hefði haldist, þar eð jeg tel, að konur eigi að sjálfsögðu að leggja fram sinn skerf, þegar um er að ræða einhver þau mál, sem horfa til almenningsþarfa, og sem þær, eins og t. d. hjer, geta átt von á að njóta jafnt góðs af og karlmenn. Hefðu framlög kvenna verið hækkuð upp í 2 kr., þá mátti á tilsvarandi hátt hækka framlög karlmanna upp í 4 kr., svo að hvorttveggja væri á sama grundvelli, og bæði konur og karlar tækju hlutfallslega sinn hluta af byrðinni.

Jeg vil þó ekki gera þetta að neinu verulegu ágreiningsefni, því að betur sjá augu en auga, og vona jeg, að allar brtt. hv. n. verði til þess að auka tekjur sjóðanna sem mest. Því meiri sem tekjurnar eru, því meira er hægt að borga út, og því myndarlegri verður styrkurinn fyrir hvern styrkþega. Við flm. töldum það mesta ókostinn á fyrirkomulagi sjóðanna, hve lítið er borgað út árlega, en nú er bætt úr þessu að talsverðu leyti, því að eftir útreikningum hv. frsm. fjhn. eykst hin árlega úthlutun um 85—87 þús. kr. frá því, sem er eftir núgildandi lögum. Ef breyting þessi nær fram að ganga og verður að lögum, þá þarf ekki að ganga í neinar grafgötur með það, að þessi ákvæði eru til stór-bóta.

Þriðju brtt. hv. n. þykir mjer sjerstaklega vænt um, þar sem hún einmitt fer í þá átt að auka að mun fje það, sem árlega kemur til úthlutunar úr ellistyrktarsjóðunum. Þessi breyting á 12. gr. ellistyrktarsjóðslaganna eftir nál. hv. n., er í því fólgin, að til úthlutunar skuli koma ¾ í stað ⅔ af gjaldi því, sem gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár til ellistyrktarsjóðanna í kaupstað eða hreppi, svo og alt tillagið það ár úr bæjarsjóði eða hreppsjóði, ennfremur helmingur styrks þess, er ríkissjóður leggur til

styrktarsjóðanna á árinu, svo og helmingur vaxtanna af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

Þessi brtt. eykur mjög styrktarfje það, sem til úthlutunar kemur árlega. Styrkveitingar úr sjóðnum geta því framvegis komið að miklu meiri notum en áður, nái þessar breytingar fram að ganga.

Við flm. frv. höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 291, þar sem farið er fram á, að 1. brtt. hv. n. orðist þannig:

„Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann, og með 1 kr. tillagi úr bæjarsjóði eða hreppssjóði."

Þetta er í rauninni ákaflega sanngjarnt, og væntum við þess, að hv. fjhn. og aðrir hv. deildarmenn muni geta fallist á þessa till. okkar. Hin auknu útgjöld fyrir ríkissjóð, ef brtt. þessi við brtt. hv. n. nær fram að ganga, eru ekki svo tilfinnanleg, að það geti hrætt neinn, en hins vegar mundi það, eins og áður er tekið fram, auka allmikið styrktarfje það, sem þannig kæmi árlega til úthlutunar. Jeg vænti þess, að hv. þdm. taki þessa brtt. til athugunar og lofi henni að koma til umræðu og athugunar, áður en gengið verður til atkv.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en vil að lokum þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún sá sjer fært að stíga svona stórt spor til þess að auka tekjur sjóðanna og um leið árlega úthlutun úr þeim.

Jón Baldvinsson: Jeg vakti máls á því hjer við 1. umr., að jeg teldi rjettast, að í ellistyrktarsjóðinn kæmu tillög frá þremur aðiljum, sem sje bæjar- og sveitarsjóðum, fólkinu sjálfu, og svo frá ríkissjóði. Hitt er jeg ekki enn þá farinn að gera upp við sjálfan mig, í hvaða hlutföllum þessi tillög eiga að vera. Helsti gallinn á ellistyrktarsjóðslögunum er í mínum augum sá, að samkvæmt þeim fá menn ekki skilyrðislausan rjett til styrks, heldur aðeins styrk, sem fátækrastjórnin úthlutar, og það stundum ekki sem rjettlátast. Mjer er að vísu sagt, að allir, sem hafi sótt um slíkan styrk, t. d. hjer í Reykjavík, hafi fengið hann, en þá eru fjárhæðirnar svo litlar, að þær duga alls ekki til þess að draga fram lífið, en eru aðeins smávægileg hugnun fyrir gamalt fólk, og geta aðeins hjálpað þeim yfir 1—2 mánuði með sparnaði. Jeg hefi fylgt þessari skoðun í nefndinni, og hv. frsm. tók það rjettilega fram, að jeg var meðnefndarmönnum mínum sammála um það, að auka tillögin til sjóðanna, og væri þeim tekjuauka síðan varið til árlegrar úthlutunar. Jeg hefi aftur á móti ekki mikla trú á því að safna í sjóði, er starfa eigi í framtíðinni, því að þeir koma oft ekki að tilætluðu gagni, þegar til á að taka, og eru þá oft ekki miklu megnugri heldur en þegar þeir voru stofnaðir. Sjóður, sem er t. d. stofnaður fyrir stríð, væri nú orðinn miklu minna virði vegna þess, hvað kaupmáttur krónunnar fer þverrandi.

Jeg hefði helst kosið, að persónuframlag einstaklinganna, nefskattarnir, væru ekki látnir hækka, og það eru þeir, sem jeg er á móti í þessu frv. Það þarf auðvitað að hækka tillög til sjóðanna, en sú hækkun á helst að koma fram á ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóðum, en ekki einstaklingun-

um. Jeg vil svo benda hv. deildarmönnum á það, að þetta verður alt tekið til rækilegrar athugunar í hv. Nd., því að þar er á ferðinni frv. til l. um almenna tryggingu og þar á meðal ellitryggingu. Þar verða lagðar ákveðnar línur um þessi mál, og er eiginlega ekki hægt að taka þetta neitt föstum tökum á meðan.

Halldór Steinsson: Hv. fjhn. hefir nú gert allvíðtækar brtt. við frv. Er jeg samþ. því, að bæjar- og hreppssjóðir leggi í sjóðina því jeg tel þá síst of ríka. Finst mjer og rjettlátt, að þeir aðiljar leggi eitthvað fram, þar sem styrkurinn er eingöngu borgaður í þágu þeirra sjálfra. En jeg er aftur á móti mótfallinn því, að ríkissjóðstillagið sje fært niður úr því, sem er í frv. Þegar lög þessi voru sett 1909, þótti það sanngjarnt, að ríkissjóður greiddi helmings upphæð við það, sem karlmönnum var skylt að greiða. Við þetta hefir svo setið í 20 ár, án þess að nokkrar umkvartanir hafi heyrst. Mjer finst því ósamræmi að kippa þessu hlutfalli burt, sem hefir verið á milli greiðslu ríkis og einstaklinga. Jeg hefði því helst kosið, að tillag ríkisins hefði verið sett 2 kr., eins og var í frv. En jeg bjóst nú við, að það þætti of hátt farið, og hefi því komið fram, sem flm., með brtt. um, að það skuli vera kr. 1.50. Er ekki hægt annað að segja, en að ríkið sleppi vægt, þótt þetta nemi útgjaldaauka fyrir það sem svarar rúmum 20 þús. kr. Og þegar um hjálparstofnun er að ræða, er naumast hægt að telja þetta eftir. Vona jeg því, að brtt. okkar hv. 2. landsk. verði samþ.

Frsm. (Jón Þorláksson):* Fjhn. hefir ekki tekið afstöðu til brtt. á þskj. 291, um að hækka ríkissjóðstill. úr 1 kr. upp í 1,50 kr. En eftir því sem fram kom í n., þá hygg jeg, að þeir 4 nefndarmenn, sem skrifuðu undir nál. án fyrirvara, sjeu frekar mótfallnir henni. N. fanst ekki ástæða til þess, að sjóðirnir yrðu styrktir opinberlega með hærri upphæð en þeirri, sem fólst í frv. hv. flm. Og með brtt. n. næst eins mikið og með frv. Að ríkissjóði kallar margt, og jeg er ekki viss um, að rjett sje að leggja á hann alt að 25 þús. kr. gjaldaauka, og það því síður sem hreppssjóðir leggja nú fram, ef brtt. n. verður samþ.

Jeg vil benda á það, að eins og brtt. á þskj. 291, við brtt. n., er orðuð, þá leiðir hún það af sjer, að ekki koma nema 50 aurar til útgjalda, en hitt legst við sjóðinn, af því að engin brtt. liggur fyrir við brtt. n. um 12. gr. l. frá 1909, en þar er svo ákveðið, að helmingur gangi til útborgunar. — Eins og þetta því liggur fyrir nú, geri jeg ráð fyrir því, að minsta kosti 4 nefndarmennirnir verði brtt. mótfallnir. — Þetta er að vísu ekki stór hækkun, en jeg álít þó, að það megi telja hana sómasamlega til bráðabirgða. Endurskoðun á tryggingalöggjöfinni liggur nú fyrir, og er ellitryggingin einn liður hennar. En út í það skal jeg ekki fara nú, enda hefi jeg ekkert umboð til þess frá n. En jeg get ekki neitað mjer um þá ánægju, að minnast á eitt atriði, sem við Íslendingar getum hrósað okkur af. Við höfum sem sje altaf haft í okk-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

ar lögum það, sem fáar aðrar þjóðir hafa gert, að hjer sje börnum skylt að framfæra foreldra sína eftir mætti. Þetta þykir svo sjálfsagður hlutur hjer, að menn má furða á því, að slíkt skuli ekki vera í lögum allra menningarþjóða. — Þetta gerir aðstöðu okkar öðruvísi, og ólíkt skemtilegri, til tryggingarmálanna, heldur en er með öðrum menningarþjóðum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þegar frv. þetta var til 1. umr. hjer í hv. deild, andmælti jeg því að nokkru í þeirri mynd, sem það er flutt. Mjer þótti ekki heppilegt að hækka persónugjöldin, eins og þar var ráð fyrir gert. Jeg benti þá á nýja aðilja til aukningar á ellistyrktarsjóðunum. Og í samræmi við það get jeg verið ánægður með till. hv. n. Jeg álít, að eftir brtt. n. verði tilganginum betur náð heldur en var eftir frv., og með því er mikið fengið. Jeg álít það eðlilegt, að hreppa- og bæjarfjelög leggi fram upphæð til þessa, því að í framkvæmdinni verða þessir sjóðir til þess að ljetta gjöldum af þessum aðiljum. Svo er það þar, sem jeg þekki til. Þar er ellistyrkurinn veittur gamalmennum, sem ella yrðu að þiggja af sveit. Foreldrar, sem eru hjá efnuðum börnum sínum, sækja sjaldnast um þennan styrk. Þeir vita, að um lítið fje er að ræða, og að af því veitir ekki til styrktar einstæðings gamalmennum. Sjóðir þessir hafa gert þó nokkuð gagn, sem nú eykst um helming með þessu breytta fyrirkomulagi. Og fyrst tilgangurinn næst sæmilega, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að styrkur ríkissjóðsins sje hækkaður. Enda eru takmörk fyrir því, hvað á hann má hlaða. Og þótt segja megi, að hjer sje ekki um háa upphæð að ræða, þá safnast þegar saman kemur. Mjer finst því rjett að hlífa ríkissjóði við auknum fjárframlögum til þessa enn um stund.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi hjer aðeins lítlu við að bæta. Get tekið undir það, sem hv. meðflm. minn að brtt. á þskj. 291 við brtt. n., sagði, að það er betra fyrir sjóðina, að tillag ríkissjóðs sje líka hækkað. Það er í anda frv. eins og það var flutt. En hitt er annað mál, hvort ekki sje rjett að láta sjer þetta lynda til bráðabirgða, þar sem það þó eykur upphæð þá, sem úthlutað er til styrkþega. Jeg vil því engu kappi etja um það, nje stofna frv. í voða þess vegna, með því að halda því fram, að hið eina sáluhjálplega sje að hækka ríkisstyrkinn, enda þótt það hefði verið æskilegra.

Hv. 4. landsk. gat þess, að hann hefði vakið máls á því, að þriðji aðili kæmi fram í þessu máli. Jeg man nú ekki eftir þessu, en það hefir getað farið fram hjá mjer. Mjer heyrðist hann vera þessu máli hlyntur. Allir hafa verið sammála um það aðalatriði, að styrkur þessi hafi jafnan verið mjög lítill og að hann hafi því lítið bætt úr hinni miklu þörf. En gangi þetta mál fram, þá breytist þetta nokkuð til batnaðar, og styrkurinn getur orðið myndarlegri og komist nær hámarki sínu, 200 kr. En nálægt því hefir hann aldrei komist í sögu þessa bæjar, hvað sem verið hefir úti um land. Þótt lög verði sett um almennar tryggingar og þessi lög verði þá afnumin eða gerbreytt, þá verður

þó þarna til töluverður sjóður, sem gengið getur inn í það kerfi, sem þá verður myndað.

Jeg hjó eftir því, að hæstv. fjmrh., sem var mótfallinn hækkun persónugjalds og ríkissjóðs, væri nú hlyntur frv., þegar aðrar leiðir væru fundnar til eflingar sjóðunum. Virðist mjer því blása byrlega fyrir þessu frv. hjer í hv. deild. Vona jeg að hið sama verði í hv. Nd. Óska jeg svo frv. góðs gengis.

ATKVGR.

Brtt. 291 feld með 7:5 atkv.

— 270, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 270, 2 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 270, 3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

3. og 4. gr. (verða 4. og 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 323).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 323).

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 323, n. 414).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. með þeim breytingum, sem hún ber fram á þskj. 414. Brtt. fara yfirleitt í þá átt, að færa frv. nær því, sem það var, þegar það var borið fram. Það var borið þannig fram, að tekjum sjóðanna af iðgjöldum og ríkissjóðstillagi var ætlað að hækka um 100%. Hinsvegar var engin tillaga gerð um að breyta í neinu hlutfallinu á milli úthlutaðs styrks og vaxtar sjóðanna, svo að við tillögur frv. óx jafnt það, sem úthluta átti og það, sem sjóðirnir höfðu eftir til vaxta. Það voru gerðar þær breytingar í Ed., í fyrsta lagi, að felt var niður, að ríkissjóðstillagið hækkaði, en tekinn upp nýr gjaldandi, nefnilega bæjar- og sveitarsjóðir. Sú upphæð, sem á þennan hátt kæmi niður á bæjar- og sveitarsjóðum, mundi nema rúmum 90 þúsund krónum. Auk þess var gerð sú breyting, að iðgjaldið skyldi hækka um aðeins 50%, og loks var gert ráð fyrir því, að úthluta meiri hluta teknanna en gert er í upphaflega frv. Meiri

hl. fjhn. felst á þá hugsun, að efla sjóðina að tekjum, en vildi ekki fallast á að taka inn þessa nýju gjaldendur, nema þeim væri jafnhliða sjeð fyrir tilsvarandi tekjustofni. Það hefir verið venja á þingi nú um alllangt skeið að ákveða sveitar- og bæjarsjóðum ný útgjöld, án þess að ætla þeim tekjustofna á móti, og meira að segja hefir jafnframt verið gengið á þann eina tekjustofn, sem þau hafa, sem sje „efni og ástæður", með tekju- og eignarskattslögunum frá 1921. Það má vel vera, að þegar róttækar breytingar verða gerðar, megi ætla bæjar- og sveitarsjóðum að leggja fram fje til sjóðanna, en þá verður um leið að sjá þeim fyrir tekjustofni. Tillögur meiri hl. fjhn. fara nær frv. eins og það var borið fram, en þó leggur n. ekki til, að hækkaðar sjeu tekjur sjóðanna nema um 50%, jafnt á báðum aðiljum, ellistyrktarsjóðsgjaldendum og ríkissjóði, og í öðru lagi leggur n. til, að stærri hluta teknanna sje úthlutað, en verið hefir. Þetta er bygt á því, að þörf samtíðarinnar sje meiri en þörf framtíðarinnar.

Jeg skal nú gefa stutt yfirlit um það, hverjar tekjur sjóðanna myndu vera eftir lögunum sjálfum, frv. flm., frv. Ed. og tillögum meiri hl. fjhn., og einnig um úthlutun og vöxt sjóðanna og hag þeirra. Jeg hefi þetta sumpart eftir því, sem fram kom í umræðunum í Ed., og sumpart eftir Hagstofunni, og er það bygt á skýrslum við árslok 1927.

Í árslok 1927 voru sjóðirnir að upphæð kr. 1027000. Standa þeir á vöxtum í Söfnunarsjóði á 5,9% að því er jeg veit best. Yfirlitið er þannig:

	Tekjur þús. kr.	Úthlutun þús. kr.	Vöxtur þús. kr.
Lögin	173	97,7	75,3
Frv. flm.	286	165,4	120,6
Frv. Ed.	297	222,3	75,5
Till. fjhn. Nd.	229	176,7	52,8

Eftir till. n. er vöxtur sjóðanna 52,8 þús., sem þá svarar til fullra innlánsvaxta af sjóðnum. Það virðist vera viðunandi vöxtur. Jeg skal geta þess, að jeg hefi í þessu yfirliti talið vaxtatekjurnar 60 þús. krónur í öllum tilfellum.

Það kynni helst að vera haft á móti frv. og till. n., að lítil ástæða væri að gera breytingu á lögunum nú, þar sem stæðu fyrir dyrum róttækar breytingar á þessum tryggingum, og vísað til þess, að í fyrra var samþ. þál. um að fela hæstv. stjórn að undirbúa þetta mál. Í nál. fjhn. um annað mál er einnig lögð áhersla á, að hæstv. stj. láti rannsaka málið og leggja fyrir næsta þing tillögur um það. En þó að ekki líði á löngu áður en róttækar breytingar verða gerðar í þessu efni, verða þó minst tvö ár þar til þær geta komið til framkvæmda, enda er ekki víst, að frv. um þetta næði samþykki á því sama þingi, sem það er fram borið. Menn mundu þurfa all-langan tíma til að hugsa og ræða málið og samræma skoðanir sínar. Til dæmis verður allvandasamt að ráða af, hvað á að gera til að afla fjár til sjóðanna. Ef hjer yrði um tryggingar að ræða, sem allir sextugir menn ættu rjett á, yrðu þær mjög fjárfrekar, ef þær ættu að koma að verulegu liði. Með það fyrir augum, að stutt verði til róttækra breytinga, höfum við líka

lagt til, að þetta frv. gangi í gildi nú þegar.

Jeg held, að jeg hafi ekki meira að segja í bráðina, en jeg vil að endingu geta þess, að sá hluti n., sem að breytingunum stendur, leggur ríka áherslu á, að ekki verði nú með lögum lagðar þungar byrðar á sveitar- og bæjarfjelög þeim að óvörum.

Hannes Jónsson: Það er auðheyrt á umræðum um þetta mál hjer á þingi, að mjög er ríkjandi sú skoðun, að efla verði þessa sjóði svo, að þeir, sem styrks njóta úr þeim, þurfi ekki að sækja á náðir hins opinbera. Á síðasta þingi var flutt og samþ. þál. um að undirbúa löggjöf um þetta mál. Eftir upplýsingum frá hæstv. stj., var þegar hafin rannsókn, og hæstv. stj. gerir ráð fyrir, að hægt verði að leggja þegar fyrir næsta þing fullkomna löggjöf um ellitryggingar. Það ætti því öllum að geta komið saman um að fresta öllum breytingum í þessu efni þangað til. Ýms atriði þessa máls eru líka mjög á reiki í hugum manna hjer á þingi. Það sem menn verða að gera sjer grein fyrir, er það, hve miklu þurfi að úthluta, hve miklu að safna í sjóði, og á hvern hátt þetta fje verði fengið inn. Um öll þessi atriði hafa þeir, sem starfað hafa að frv., verið mjög ósammála. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, hafa flm. ekki haft annað fyrir augum en að tvöfalda alla þessa liði. Það er sjáanlegt, að það er gert alveg út í bláinn með það eitt fyrir augum, að þörf sje á að úthluta meiri styrk en gert hefir verið.

Hv. frsm. gaf okkur yfirlit yfir hag sjóðanna. Jeg er hræddur um, að eitthvað sje bogið við þá reikninga, en það skiftir ekki miklu máli.

Til þess að gera málið ljósara, hefi jeg búið til skýrslu, sem sýnir tekjur sjóðanna, styrkveitingar og sjóðaukningu, alt auk vaxta, samkv. lögunum, frv. og þeim brtt., sem fram hafa komið. Þessi skýrsla er samin með tilliti til framlags ríkisins 1927 samkv. Landsreikningnum það ár, og má vel vera, að þar muni einhverju, en varla svo að teljandi sje. Þessi skýrsla er þannig:

	Tekjur þús. kr.	Úthlutað þús. kr.	Vöxtur þús. kr.
Lögin	143,1	85,8	57,3
Frv. flm.	286,2	171,6	114,6
Frv. Ed.	243,4	182,5	60,9
Till. fjhn. Nd.	214,6	185,8	28,8

Af þessari skýrslu sjest þegar, að eitthvað er bogið við það, er hv. frsm. (HStef) telur, að árið 1927 hafi verið 45 þús. gjaldendur hjer á landi, þar sem ríkissjóðstillagið hefir hinsvegar numið rúmum 57 þús. kr., en svo er ákveðið, að greidd sje úr ríkissjóði 1 króna á hvern gjaldanda.

En það, sem skýrslan ber ljósast með sjer, er það, hve skoðanir manna eru mjög á reiki í þessu efni. Flm. frv. vilja auka tekjurnar um 100%, fjhn. Ed. færir hækkunina niður í 70% og fjhn. Nd. í 50%. Sjóðaukninguna vilja flm. frv. auka um 100%, fjhn. Ed. vill láta hana sitja við sama og áður hefir verið, en fjhn. Nd. vill lækka sjóðatill. frá því sem áður var um 50%. Helst virðist vera samræmi í hækkun á úthlutun styrksins. Hana vilja flm. hækka um 100%, eins og hina liðina. Þar við bætir fjhn. Ed. 11000

kr., en fjhn. Nd. vill lækka þennan lið um 14000 kr. frá till. flm. En auk þessa er og mjög mikill ágreiningur um gjaldstofnana. Við þá tvo, sem áður hafa gilt, nefnilega ríkissjóðstillagið og einstaklingstillagið, vill Ed. bæta þeim þriðja: sveitar- og bæjarsjóðum. Meiri hl. fjhn. Nd. virðist ekki geta felt sig við þetta, og færir sem ástæðu, að þegar sje svo hlaðið gjöldum á sveitar- og bæjarfjelög, að ekki sje við bætandi. Jeg býst við, að þetta geti orðið mjög mikið ágreiningsatriði, ekki einungis hjer í deildinni, heldur og alment. Mjer hefir heyrst á sumum hv. þm. úr meiri hl., að þeir gætu ekki fylgt frv., ef þetta ákvæði hjeldist.

En hvers vegna á þá að vera að grauta í þessari löggjöf, þegar aðeins er um eitt ár að ræða? Eins og frv. kemur frá Ed., er ekki gert ráð fyrir, að þessar breytingar komist til framkvæmda fyr en að ári, en mjer skilst, að löggjöf, sem sett yrði á næsta þingi, gæti alveg eins komið til framkvæmda á því ári, og þá er ekkert unnið við þessa breytingu. Meiri hl. nefndarinnar hefir og sjeð þetta, og gerir þá brtt. við frv., að lögin komi til framkvæmda þegar á þessu ári, og er það sönnu nær. Annars verð jeg að segja, að jeg er að mörgu leyti á móti till. meiri hl. Mjer virðist hann m.a. vilja leggja hlutfallslega of miklar byrðar á ríkissjóð með þessum fjárframlögum. Eftir till. hans myndu útgjöldin vaxa um 29 þús. kr. Jeg get heldur ekki fallist á, að þessi löggjöf sje meira fyrir nútíðina en framtíðina, og því finst mjer rangt að lækka svo mjög tillögin til sjóðaukninga, sem meiri hl. ætlast til.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Jeg ætla ekki að fara að deila harðvítuglega við hv. frsm. minni hl. (HJ). Mjer skildist hann einkum mæla í móti málinu af tveim ástæðum: vegna ósamræmis í tillögum um málið, og vegna þess, að málið gæti vel beðið. Hvað ósamræmið í skoðunum manna um þetta efni snertir, finst mjer það ekki skifta máli, ef menn geta fallist á síðustu tillögurnar, sem fram hafa komið. Mjer finst einmitt að hinar mörgu till., sem fram hafa komið, benda til þess, að málið hafi verið allvel athugað. Hitt er annað mál, þó að menn sjeu ósammála um einstök atriði. Skoðanamunurinn á milli fjárhagsnefnda deildanna er aðallega um eitt atriði. Sje jeg ekki, að það hafi svo mikla þýðingu, enda er algengt, að slíkt komi fyrir.

Jeg hefi áður skýrt frá því, hvers vegna við gætum ekki fallist á aðalbreytingu Ed., sem sje þá breytingu, að gera bæjarsjóði og sveitarsjóði að gjaldaðilja. Hinsvegar getum við verið sammála hv. Ed. um það, að rjett sje að tekjuauki sjóðanna sje látinn koma til úthlutunar að meiru leyti en nú er.

Jeg skal taka það fram, eins og jeg hefi gert áður, að meiri hl. vill ekki fallast á að afgreiða þetta mál eins og það kom frá Ed., og það er af því, að við gerum ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að þessi löggjöf verði rækilega endurskoðuð. Það er því rjett hjá hv. frsm. minni hl., að þessum breytingum er ekki ætlað að standa um langan tíma, heldur er hjer um bráðabirgðabætur að ræða, og því viljum við ekki víkja frá grundvelli gildandi laga um gjaldstofnana. Hinsvegar geta vel liðið svo 2—3 ár, að

ekkert verði gert í málinu, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Bæði gæti hugsast, að málið yrði síðbúið fyrir næsta þing, og auk þess er alls ekki víst, að samkomulag náist á einu þingi um afgreiðslu málsins. Loks hlýtur að verða nokkur frestur á því, að lögin komi til framkvæmda eftir að þau hafa náð samþ. þingsins. Jeg held einmitt, að það frv., sem hjer liggur fyrir, sje heppilegt millistig í málinu. Ef um róttækar till. í málinu væri að ræða, að lokinni rannsókn, væri heppilegra, að þær gengi ekki í gildi strax. Hinsvegar er þetta frv. svo einfalt, að það gæti strax komið til framkvæmda, ef samþ. verður.

Hv. frsm. minni hl. hafði fengið út aðrar tölur en jeg, og skal jeg ekki segja um, hvernig í þeim mismun liggur. Sumpart stafar hann af því, að jeg tel vextina með, en hann ekki. Jeg gat um, hverjar mínar heimildir væru. Vera má, að mismunurinn liggi í því, að tekjurnar árið 1927 sjeu miðaðar við næsta manntal á undan. Manntalið breytist frá ári til árs. Annars skal jeg ekki um þetta deila.

Það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að gera þetta mál að miklu kappsmáli, þar sem gagngerðar breytingar á ellistyrkslöggjöfinni standa fyrir dyrum. En eins og jeg hefi sagt, tel jeg þetta frv. eðlilegt millistig, því að að ef sjóðirnir eiga að verða hlutverki sínu vaxnir, verður að líkindum ekki hjá því komist að auka stórum tillög beggja þeirra aðilja, er nú gjalda til þeirra. Og þá er þetta frv. hæfilegt millistig.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þegar þetta frv. var flutt í Ed., var lagt til í því að hækka um helming tillög ríkissjóðs og einstakra manna. Jeg andmælti þessu, en sagði, að ef fara ætti að breyta þessum lögum, væri rjett að bæta við þriðja aðiljanum, sveitar- og bæjarsjóðum, þannig, að framlög sveitar- og bæjarsjóða væru jöfn framlagi ríkissjóðs. Við meðferð málsins var þetta tekið til greina, og varð eigi ágreiningur um það. Þótti mjer þessi breyting til mikilla bóta. Hinsvegar tel jeg, að brtt. meiri hl. fjhn. sjeu til spillis. Með brtt. eru feld burtu tillög sveitar- og bæjarsjóða, en framlag ríkissjóðs hækkað. Þó er ekki hægt að neita því, að sanngjarnt sje, að sveitar- og bæjarsjóðir leggi þessum sjóðum fje, því að þeir fá það margborgað. Vil jeg því leggja til, að brtt. verði feldar.

Hins vegar get jeg fallist á þá till. minni hl., að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Jeg álít, að framundan liggi að athuga þessi tryggingarmál frá rótum, og hygg, að þá verði þau bygð á öðrum grundvelli en þetta frv.

Hannes Jónsson: Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið fleiri orðum um þetta mál. Jeg hefi sýnt fram á, að málið er alt í lausu lofti og mjög óaðgengilegt, eins og það liggur nú fyrir. Það er meira en eitt atriði, sem fjárhagsnefndirnar greinir á um, eins og jeg hefi þegar sýnt fram á, enda þótt gjaldstofnarnir sjeu vitanlega aðalágreiningsatriðið.

Jeg skal ekki deila um þær mismunandi tölur, sem jeg og hv. frsm. meiri hl. höfum fengið út. Jeg skil varla í að Landsreikningurinn sje vitlaus, nje

heldur, að menn hafi goldið meira en þeim bar. (**HStef**: Gjaldið er misjafnt fyrir karla og konur). Ríkissjóðstillagið er 1 króna, bæði fyrir karl og konu. En jeg skal ekki þrátta um þetta meira.

Það má ekki skilja afstöðu mína svo, að jeg sje andvígur öllum breytingum í þessu efni. Jeg geri ráð fyrir, að jeg verði fylgjandi þeim breytingum, sem gerðar eru á heilbrigðum grundvelli, en jeg vil ekki að verið sje að káka við þessa löggjöf á 2—3 ára fresti. Ef frv. yrði að lögum með þeim breytingum, sem meiri hl. fjhn. leggur til, mundu útgjöld ríkissjóðs aukast um 29 þús. krónur frá því sem hv. Ed. ætlast til.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Hæstv. fjmrh. (EÁ) hefir nú lagt á móti till. okkar meiri hl. fjhn. og vill heldur frv. eins og það er og vill eigna sjer, að því er mjer skilst, að hafa fundið þessa nýju tekjustofna, sem komu inn í frv. í hv. Ed.

Það er nú vandalaust að sjá, að það er nokkurt atriði fyrir ríkissjóð, hvor leiðin er farin. Það er útlátalaust og vandalítið að skipa fyrir um, að aðili, sem hjer á ekkert atkvæði um, skuli leggja fram ákveðna fúlgu fjár, án þess að ætla honum nokkra tekjustofna á móti.

Jeg lít svo á, að sveitarsjóðirnir hafi fæstir gjaldgetu til að bæta á sig byrðum, nema þá að þeir fái nýja tekjustofna.

Jeg kalla það heldur ekki „fair play" af þinginu, sem hefir umráð allra tekjustofnanna, að koma ríkinu hjá útgjaldabyrðum, sem það þó sjálft ákveður og leggur á, og varpa þeim yfir á þriðja aðilja, sem engum tekjustofnum hefir yfir að ráða, og hefir ónógar tekjur fyrir. Þetta er svipað eins og þegar sett var einu sinni sparnaðarnefnd milli þinga, til þess að athuga, hvernig mætti draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Tillögur þeirra vitru manna, sem í nefndinni sátu, voru: Látið sveitarfjelögin borga. Þetta er sama ráðið og hv. Ed. fann í þessu máli.

Hæstv. fjmrh. (EÁ) hjelt því fram, að sveitarsjóðirnir mundu fá framlag sitt margfaldlega endurgreitt. Jeg skildi nú ekki, hvað hann meinti með þessu, enda talaði hann stutt og útskýrði þetta ekki frekar. Það má vera, að meining hæstv. ráðh. sje sú, að aukinn ellistyrkur muni halda mönnum frá sveit. Nú er það svo, að ef menn hafa þegið af sveit, eiga þeir ekki rjett á ellistyrk. Eftir eru þá aðeins þau tilfelli, að ellistyrkurinn muni bjarga mönnum frá að þiggja sveitarstyrk. Með þeirri aukningu, sem hjer um ræðir, verður ellistyrkurinn ekki svo mikill, að hann geti, að minni hyggju, valdið miklu um það, hvort menn verða að þiggja af sveit eða ekki. Að minsta kosti ekki ef um fjölskyldmann er að ræða.

Þetta er þá þetta margfalda endurgjald, sem hæstv. fjmrh. talar um.

Við hv. frsm. minni hl. þarf jeg fátt að segja. Mjer finst hann hafa misskilið bæði nál. og mig í einu atriði. Hann telur, að með okkar till. sje of mikið sjeð fyrir nútíðinni, en oflítið fyrir framtíðinni. Það er að vísu rjett að því leyti, að eftir till. meiri hl. er ætlast til, að meira verði greitt út úr sjóðunum hlutfallslega en áður, en jeg held, að það sje heldur ekki gott að

mæla á móti því, að þörf nútíðarinnar sje ríkari en þörf framtíðarinnar. Og þar sem búið er að leggja upp yfir 1 milj. króna sjóð og honum er ætlað að vaxa sem nemur fylstu innlánsvöxtum, þá sje jeg ekki að neitt sje niðst á framtíðinni í þessu efni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls um þetta hjegómamál, en eftir ræðu hv. 1. þm. N.-M., finn jeg mig knúðan til að benda á eina reginvillu, sem hann fór með. Hann sagði sem sje, að sveitarsjóðirnir hefðu enga tekjustofna. Nú veit jeg ekki betur, en að sveitarsjóðir hafi heimild til að leggja á menn gjöld „eftir efnum og ástæðum".

Jeg get nú ekki hugsað mjer viðtækari tekjustofn en þetta, að mega leggja takmarkalausan skatt á mann, eftir efnum hans og ástæðum. Skattar ríkissjóðs eru þó ákveðnir á alt annan og þrengri hátt. Þessi staðhæfing hv. þm. er því hreinasta firra.

Ef nokkurt gagn getur orðið að frv., þá er það helst það, að forða sveitarsjóðunum frá útgjöldum til fátækrastyrks o. þvíl., en jeg hefi þó enga trú á, að 30—70 kr. bjargi neinum frá sveit. — Annars er þetta kák, alt frá upphafi til enda, og mjer finst alþýðunni sannarlega boðnir steinar fyrir brauð, með því að kalla þetta „almennan ellistyrk". Þetta mál er, eins og hv. frsm. minni hl. rjettilega hefir lýst, best komið með því að vísa því til stjórnarinnar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ef brtt. hv. meiri hl. verða samþ., þá verður sú breyting á, að persónugjöld hækka um ⅓ og tillag ríkissjóðs um ⅓ hluta.

Nú verð jeg að halda því fram, að nefskattur sje alls ekki sanngjarn grundvöllur undir gjöldum til almenningsþarfa. Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum er miklu sanngjarnari.

Hv. frsm. meiri hl. (HStef) talaði um, að þingið væri með þessu að leggja skatt á aðilja, sem hjer ætti ekkert atkvæði um. Jeg sje nú ekki betur, en að einmitt með till. hv. meiri hl. sje þetta gert, því að mennirnir í sveitunum og sveitarsjóðirnir eru í rauninni eitt og hið sama í þessu falli, og ef það er rjett, að sveitarsjóðirnir eigi hjer ekkert atkvæði um, þá eiga einstaklingarnir það ekki heldur.

Jeg sagði áðan, að sveitarsjóðirnir mundu fá framlag sitt margfaldlega endurgreitt. Þetta ætti ekki að þarfnast mikilla skýringa. Þessi aukni ellistyrkur verður auðvitað að meira eða minna leyti til þess að ljetta framfærslubyrðar sveitarsjóðanna. Styrkurinn hefir hingað til verið svo lítill, að um hann hefir lítt eða ekki munað. En nú á hann að hækka, og það er margföld reynsla fengin fyrir því, að ef hægt er að hjálpa einhverjum til að verjast sveit, er það miklu ljettara en að fá hann algerlega á sveitina. Á þennan hátt held jeg að ekki sje ofsagt, að sveitarsjóðirnir fái framlag sitt margfaldlega endurgreitt.

Jeg vænti, að jeg hafi nú skýrt þetta nægilega fyrir hv. þm. (HStef), enda fanst mjer á niðurlagi ræðu hans, að hann skildi fyllilega við hvað jeg átti.

Ólafur Thors: Jeg er fyllilega ánægður með málsvörn hv. frsm. meiri hl. (HStef) fyrir okkar hönd, en jeg kann því illa, að heyra hv. 2. þm. Reykv. tala með þjósti um, að verið

sje að bjóða fólki steina fyrir brauð með þessu frv.

Hv. þm. mun byggja á því, að væntanleg sje á næsta þingi löggjöf um þetta efni frá hendi hæstv. stj., samkv. þál. frá síðasta þingi. Hæstv. forsrh. skýrði að vísu frá, að löggjöf um þetta efni yrði lögð fyrir næsta þing. Jeg efaði það ekki, að á því mætti byggja, fyr en jeg heyrði hæstv. fjmrh. tala um málið. Hann sagði, að frv. um þetta væri væntanlegt, ef ekki á næsta þingi, þá síðar.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er fram komið sem bráðabirgða umbót í þessu efni og það felur í sjer svo mikla hækkun á ellistyrknum, að það er alveg ástæðulaust fyrir þá, sem þykjast sjerstaklega bera hag smælingjanna fyrir brjósti, að beita sjer gegn því og viðhafa um það hæðileg orð. Af frv. getur a. m. k. ekkert ilt hlotist, nema ef hv. 2. þm. Reykv. þykir það ilt, að fátæk gamalmenni fá dálitið ríflegri styrk en hingað til hefir átt sjer stað.

Ágæti þessa máls verður best sannað með ummælum hæstv. fjmrh., að sveitarsjóðirnir mundu fá framlag sitt margfaldlega endurgreitt á þann hátt, að færri verði þurfandi sveitarstyrks. Betri meðmæli með frv. geta flm. þess ekki kosið.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer er næst að halda, að hv. 2. þm. G.-K. hafi dottað í stólnum meðan jeg talaði síðast. (**ÓTh:** Það hefði nú verið næsta eðlilegt). Jeg sýndi þá fram á, að þetta frv. er ekki annað en einskisvert kák, sem alls ekki getur náð þeim tilgangi, sem talað er um, að halda mönnum frá sveit. Það er hreint og beint hlægilegt að ætla sjer með því að hækka ellistyrk um 30—70 kr. á ári, að halda þeim mönnum frá að þiggja af sveit, sem á annað borð eru orðnir ósjálfbjarga. Jeg hygg, að hjer í Reykjavik a. m. k. sjeu þeir teljandi, sem geta lifað á svo litlu.

Að fara að samþ. annað eins viðrinisfrv. og þetta, er auðvitað ekki til annars en þess, að tefja fyrir því, að málið gangi fram í viðunandi mynd.

Jeg þekki svo vel íhaldsmenn og sömuleiðis suma Framsóknarmenn, að jeg veit, að ef þetta kák verður sett í lög, verður vitnað í það næst þegar þessu máli verður hreyft, að nú sje nýbúið að bæta þetta svo, að við megi una fyrst um sinn, og sje því engra endurbóta þörf. Þeir, sem á annað borð vilja koma á almennum ellistyrk og bæta úr fyrir gamalmennum okkar verulega frá því, sem nú er, geta ekki ljeð þessum fleyg atkvæði sitt.

Ólafur Thors: Það er auðvitað rjett, að það kaupir sjer enginn himnaríkissælu fyrir 70 krónur. Jeg hefi hinsvegar haldið því fram, að ekkert ilt geti leitt af að samþ. þetta frv. Ekkert annað en gott eitt, frá mínu sjónarmiði. En hv. 2. þm. Reykv. svarar því til, að það tefji fyrir fullnaðarframkvæmdum í málinu. — Nú höfum við meiri hl. menn og flm. líka, tekið það skýrt fram, að þetta eigi aðeins að vera til bráðabirgða. Við viljum komast eitt skref áfram, heldur en að standa í stað í þessu efni. Og er það ekki einmitt starfsregla jafnaðarmanna, að vinna að umbótum smátt og smátt? Jeg hefi haldið, að svo væri. En hvers vegna vilja þá þeir, sem kalla sig jafnaðarmenn, vinna á móti því,

að slík þróun geti átt sjer stað hjer? — Jeg get að vísu vel skilið, að þeim, sem vanir eru hæstu launum, þyki þetta lítið, en jeg er hinsvegar viss um, að af fátækum gamalmennum, sem minna eru vön, verði þessi hækkun vel þegin.

Hákon Kristófersson:* Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þar sem hv. þm. V.-Húnv. talaði um, að þessar 35—70 kr. yrðu notaðar til bíóferða og þesshátt ar, þá er vægast sagt talað af vanþekkingu. Líklega ekki af öðrum verri hvötum. Líklega miðar hv. þm. alt við Reykjavík, þó að jeg trúi ekki, að slíkt eigi heldur við þar. En út um landið er jeg sannfærður um, að þessar krónur verða ekki notaðar til bíóferða eða annars óþarfa.

Annars lít jeg svo á, að með þessu verði ekki miklu ljett af sveitarsjóðum, heldur eigi þetta að vera verðskuldað gleðning fyrir fátæk gamalmenni.

Jeg verð að segja, að þetta frv. er borið fram með þeim fulla skilningi á þörfinni á að ljetta undir með þeim mönnum, sem eiga rjett á ellistyrk, og er því alveg óhæfilegt að kalla þetta frv. viðrinisfrv., eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði. Veit jeg ekki, hvað hv. þm. meinar með því, að velja frv. slíkt heiti, en það er mjer ljóst, að hann gerir það málinu til óvirðingar.

Þótt meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. hafi gert nokkrar breytingar á frv. hefir hann gert það með fullum skilningi á málinu. Nefndinni er það ljóst, að þetta er engin fullnaðarráðstöfun, og ennfremur, að gjaldþol sveitarsjóðanna þolir ekki meira. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hjer væri verið að veita fólkinu steina fyrir brauð. Þetta er sami gamli söngurinn, sem æ kveður við, þegar hv. þm. er ekki flm. mála. Hv. þm. verður að gá að því, að flestir sveitarsjóðir hafa engin stórfyrirtæki til þess að leggja á, eins og olíukongana hjer í Reykjavík. Og ef þetta frv. er þannig í eðli sínu, að það veiti steina í staðinn fyrir brauð, hygg jeg, að ekki sjeu minni sannindi í því, að brauðið, sem þessir góðu menn, jafnaðarmennirnir, veita, sje ekki látið úti án þess að fá eitthvað í staðinn.

Jeg mun fylgja brtt. meiri hl., þar eð jeg verð að ganga út frá því, að það sje hið besta sem fyrir er, því að jeg býst ekki við, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Þetta margfalda endurgjald, sem hæstv. fjmrh. benti á, að sveitirnar mundu fá aftur, hefir hv. 2. þm. G.-K. hrakið svo rækilega, að jeg hygg að þau ummæli muni ekki geta komið fram aftur.

Annars mun jeg ekki fara fleiri orðum um mál þetta að sinni. Jeg tel það spor í rjetta átt, og því alveg ómaklegt að fara um það þeim óvirðingarorðum, sem hv. 2. þm. Reykv. viðhafði.

Hannes Jónsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að samlíkingu mína má ekki skilja á þann veg, sem hv. þm. Barð. vill vera láta. Ef jeg hefði haft okkur í huga, hv. þm. og mig, hefði jeg sennilega sagt, að þetta væri ekki nema fyrir tveim koníaksflöskum. (**ÓTh:** Eða einni skyrtu, tvennum skóm, hatti o. s. frv. **HG:** Menn gerast fyndnir í hv. deild). Svo maður tali um þetta

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

í alvöru, þá er þessi upphæð varla fyrir meiru en húsaleigu í 1 mánuð, og munar því harla lítið um hana. Bar ekki að skilja ummæli mín á annan veg.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SÁÓ, SvÓ, BSt, BÁ, HJ, HG, HV, IngB, JörB, LH, BSv.

nei: MJ, MT, ÓTh, PO, SE, GunnS, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS.

Fimm þm. (ÁÁ, EJ, MG, TrÞ, ÞorlJ) fjarstaddir.

Brtt. 414, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 14: 2 atkv.

Brtt. 414, 2 (ný 3. gr.) samþ. með 14: 2 atkv.

— 414, 3 (ný 4. gr.) samþ. með 14: 2 atkv.

5. gr. samþ. með 14: 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14: 2 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 527).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17: 3 atkv., og endursent Ed.

Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 527).

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 527, 597).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 597. Afbr. leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorláksson):* Hv. Nd. hefir gert ýmsar breytingar á frv. frá því, sem það var samþ. hjer, og skal jeg leyfa mjer að geta þeirra helstu.

Þessi hv. deild fjelst á að taka bæjar- og sveitar-sjóði inn í tölu þeirra, sem ásamt ríkissjóði leggja fram fje til ellistyrktarsjóðanna. Hv. Nd. hefir felt þetta niður úr frv., en í þess stað hækkað framlag ríkissjóðs úr 1 kr. á mann upp í 1,50 kr. Nemur þetta fyrir ellistyrktarsjóðina helmingi þess, sem bæjar- og sveitarsjóðum var ætlað að greiða, eftir till. þessarar hv. deildar, en er um 25 þús. kr. útgjaldahækkun fyrir ríkissjóð, eins og nú stendur. Þá hefir hv. Nd. gert breytingar á úthlutunarákvæðum frv., sem hafa það í för með sjer, að sú upphæð, sem árlega er lögð fyrir til aukningar sjóðunum, minkar um ⅓ eða heldur meira. Fjhn. taldist svo til, að það væru 72—75 þús. kr., sem nú ganga til aukningar sjóðunum, en samkv. breytingum hv. Nd. lækkar það niður í 45 þús. kr. Loks hefir hv. Nd. gert þær breytingar á 4. gr. frv., sem n. hjer virtist sem næst því að vera missmíði eða alger missmíði, þar sem með þessari gr. er nú ákveðið, að l. skuli ganga þegar í gildi, og eru þannig gerðar breytingar á miðju reikningsári á framlagi ríkissjóðs og gjaldandanna annarsvegar, og úthlutunarreglunum hinsvegar. Fjhn. gat ekki sjeð, að þetta

---

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

gæti staðist, og afrjeð því að flytja brtt. við frv., eins og það nú er, og ganga þær till. í þá átt, að færa frv. aftur til þess horfs, sem það var í, er það fór frá þessari hv. deild.

Þessar brtt. eru hv. þd. kunnar að efninu til, og sje jeg því ekki ástæðu til þess að fara um þær fleiri orðum, nema hvað jeg vil geta þess, að n. sá ekki, að rjett væri að fallast á að sleppa bæjar- og sveitarsjóðunum með öllu, en hækka hinsvegar framlag ríkissjóðs, því að hún lítur svo á, að með þessari aukningu á árlegum úthlutunum úr sjóðunum, sem til er stofnað með frv. eins og það liggur hjer fyrir, sje farið að muna svo mikið um ellistyrkinn, að telja megi, að hann sje kominn inn á þau svið, sem hvíla á sveitarsjóðunum, og ljetti þeim þannig fátækraframfærið, og sje því rjett að gera sveitarsjóðina að gjaldskyldum aðilja.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg felst á brtt. hv. fjhn. og tel þær til bóta, með því að þær færa frv. aftur til þess horfs, sem það var í, er það fór frá þessari hv. deild. Annars er jeg yfirleitt ekki ánægður með þetta frv., og hefði ekki viljað láta gera aðra breytingu á núgildandi löggjöf í þessu efni en að taka sveitarsjóðina inn í, sem þriðja aðilja. Jeg er því mjög mótfallinn, að ríkissjóðsframlagið til ellistyrktarsjóðanna sje hækkað. Það er nú að verða algengt, að þingið lögbindi tekjur ríkissjóðs meira og minna í ýmsum l. Frv., sem hjer var áður á ferðinni, er eitt af því tæi. En því meira sem þingið lögbindur tekjur ríkissjóðs á þennan hátt, því minna hefir það úr að spila til ýmissa framkvæmda, sem annars eru taldar nauðsynlegar og ákveðnar eru í fjárl., eða þá að grípa verður til þess að leggja óhæfilega háa skatta á þjóðina, til þess að geta fullnægt þessu. Það verður því að gæta varúðar í því, að bæta þannig hvað eftir annað lögbundnum gjöldum á ríkissjóð.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það var ilt, að háttvirt Nd. skyldi breyta frumv. svo mjög, sem raun er á orðin, frá því, sem það var, er það fór frá þessari hv. deild. En jeg verð að segja, að jeg skoða það sama sem að setja fótinn fyrir, að frv. nái fram að ganga, ef brtt. hv. fjhn. verða samþ. Ekki svo að skilja, að frv. ætti ekki góða stuðningsmenn í hv. Nd., en það á þar líka andmælendur, sem settu sig á móti því, að þessum nýju gjaldendum væri bætt við, þ. e. sveitar- og bæjarsjóðunum.

Hv. 3. landsk. þm. rakti þær breytingar, sem hv. Nd. hefir gert á frv. Má telja víst, að hv. Nd. haldi fast við skoðun sína í þessu máli, og fáist ekki til að falla frá brtt. sínum, nema ef vera skyldi ákvæðinu um að l. gangi strax í gildi. Jeg vænti þess því, að hv. þdm. geti fallist á að ganga að frv. eins og það nú liggur fyrir frá hv. Nd., því að ella getur svo farið, að tími vinnist ekki til að afgreiða þetta mál, ef svo er, sem mjer heyrist á flestum, að kept sje að því marki að slíta þingi fyrir Hvítasunnu.

Hæstv. fjmrh. (EÁ) lýsti yfir því, að hann væri samþ. brtt. hv. fjhn., en vitti það hinsvegar mjög, að ríkissjóðsframlagið skyldi vera hækkað. Þessi hækkun, 50 aurar á mann, er ekki svo mikil, að ástæða sje til að setja hana

fyrir sig. Og þar sem ellistyrktarsjóðirnir ná til allra landsmanna, fæ jeg ekki sjeð, að neinn eðlismunur sje á því, hvort þeir eru styrktir af sveitarsjóðum eða ríkissjóði. Hitt má öllum vera ljóst, að ellistyrktarsjóðirnir gera því meira gagn, því meira fje, sem þeir hafa til úthlutunar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Jeg vil mælast til þess við hv. fjhn., að hún sjái sjer fært að falla frá brtt. sinum, sem jeg þykist vita, að verði frv. að fótakefli, ef þær ná fram að ganga hjer í hv. deild. Geti n. ekki orðið við þeim tilmælum minum, vænti jeg þess, að hv. þdm. sjá, hvað fram undan er, og leggist á móti brtt. n.

ATKVGR.

Brtt. 597, 1 samþ. með 9:2 atkv.
— 597, 2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 597, 3 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 66. fundi í Nd., 11. mai, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 613).

Á 67. fundi í Nd., 13. mai, var frv. tekið til einnar umr. (A. 613, 616).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Eins og menn muna, var frv. þetta borið fram í hv. Ed., en breytt allmikið í þessari hv. deild, er það kom til hennar. Nú hefir hv. Ed. fært frv. „upp á punkt og kommu“ til þess horfs, sem það var afgreitt þaðan, og þannig haft að engu till. þessarar hv. deildar. Síðan hefir ekki gefist tækifæri til að athuga málið í n., enda óþarfi, þar sem frv. er nú óbreytt frá því, sem það var, er það fyrst kom frá hv. Ed. En meiri hl. fjhn. hefir þó borið sig saman um frv. utan fundar, og sjer ekki ástæðu til að hverfa frá afstöðu sinni, nje heldur vill meiri hl. kannast við, að rjett sje að láta Ed. neyða sinum till. upp á þessa hv. deild. Leggur meiri hl. fjhn. því til, að gerðar verði sömu breytingar á frv. nú og áður, en þar sem þær hafa verið ræddar hjer ýtarlega áður, sje jeg ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Brtt. 616, 1 samþ. með 14:2 atkv.
— 616, 2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 616, 3 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv. og afgreitt til Sþ.

Á 67. fundi í Nd., 13. mai, og 67. fundi í Ed., sama dag, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 622).

Á 6. fundi í Sþ., 17. mai, var frv. tekið til einnar umr. (A. 622).

Halldór Stefánsson:* Þetta mál er eitt af þeim fáu, sem ekki hefir náðst samkomulag um á milli deilda. Þykist jeg vita, að miklar umr. um málið muni ekki hafa mikla þýðingu, því að öllum er ljóst, hver ágreiningsatriði eru á milli deildanna.

Deildirnar eru sammála um það, að efla þurfi tekjur sjóðanna til bráðabirgða, með því að búast má við, að

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

róttækar breytingar verði bráðum gerðar á fyrirkomulagi þeirra, og að meiri hl. af tekjum sjóðanna skuli úthluta en áður. Er aðeins um stigmun að ræða í því, hvað deildirnar vilja ganga langt í þessu efni. Hinsvegar greinir deildirnar á um það, hverjir skuli vera gjaldendur til sjóðanna.

Deildirnar eru sammála um að hækka gjaldið, sem greitt er úr ellistyrktarsjóðunum um 50%, og að koma skuli hækkaðar tekjur á móti, en munurinn er sá, að hv. Ed. vill taka þennan tekjuauka frá bæjar- og sveitarsjóðunum, en Nd. frá ríkissjóði. Auk þessa ætlast hv. Ed. ekki til, að l. gangi í gildi fyrr en eftir eitt ár, en Nd. vill láta þau ganga strax í gildi.

Afstaða Nd. er sú, að hún vill ekki breyta tekjustofnunum, og er ástæðan sú, að henni þykir óviðkunnanlegt að leggja útgjöld á aðilja, sem ekkert atkv. hefir hjer um, auk þess sem það virðist tæplega rjettmætt að auka útgjöld sveitarsjóðanna, því að það er vitanlegt, að þeir eru hlaðnir gjöldum fyrir og hafa ekkert vald yfir tekjustofnunum til þess að auka tekjur sínar. Hinsvegar virðist það ekki nema eðlilegt, að þetta framlag á móti iðgjaldahækkuninni komi frá ríkissjóði, þar sem hann hefir ákvörðunarrjettinn, ef hann vill nota hann, og vald yfir öllum tekjustofnum.

Jeg hefi þá rakið í stuttu máli þann ágreining, sem er á milli deildanna í þessu máli, og sje ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En jeg vænti þess, að ef Alþingi er alvara með að efla ellistyrktarsjóðina, muni það ekki láta þennan ágreining valda því, að málið nái ekki fram að ganga.

Jón Þorláksson:* Þetta frv. liggur hjer fyrir eins og hv. Nd. gekk frá því, og höfum við Efrideildarmenn ekki borið fram neinar brtt. við það. Get jeg skýrt frá því, að sumir þeirra, sem kysu heldur, að frv. væri í þeim búningi, sem Ed. hafði gert því, munu þó greiða því atkv. eins og það liggur fyrir, heldur en að eiga það á hættu, að málið falli.

Jeg skal ekki hallmæla frv. frekar, en það eru missmíði á einni gr. þess, sem lítil ástæða var til að hafa, þar sem svo er ákveðið, að l. skuli ganga í gildi á miðju reikningsári, því að þetta verður ekki hægt að framkvæma eftir bókstafnum fyrr en á næsta gjaldári.

Halldór Stefánsson:* Jeg vil lýsa ánægju minni yfir því að heyra, að hv. Ed.-menn, sumir að minsta kosti, muni fallast á frv., eins og það er nú, þótt þeir hefðu kosið að hafa það eins og þeir sjálfir gengu frá því.

Að það sje missmíði á frv., að það eigi að ganga strax í gildi, fæ jeg með engu móti sjeð. Ellistyrktarsjóðsgjaldið er innheimt á manntalsþingi, og jeg veit ekki til, að manntalsþingið sje um garð gengið. Úthlutun fer ekki fram fyrr en seinni hluta árs, svo að nú er langur tími þangað til.

Hákon Kristófersson:* Jeg skal ekki halda langa ræðu. Jeg vil beina því til hv. frsm., hvernig hann getur lagt þann skilning í þetta, að framkvæmd þessara l. geti komið á þessu ári, þar sem skýrslur allar þessu viðkomandi

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

hafa verið samdar fyrir nokkrum mánuðum og þær innfærðar í þær bækur, sem þeim eru ætlaðar. Það hlyti því að valda allmiklum ruglingi, ef ætti að fara að breyta því úr þessu.

Halldór Stefánsson:* Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. (HK) vil jeg segja, að mjer virðist, að það mundi ekki valda miklum erfiðleikum, þó að skýrslurnar sjeu þegar tilbúnar, því að á skýrslunum er fyrst og fremst það aðal-manntal, sem sýslumenn þurfa að fá í hendur áður en þeir leggja gjaldið á eða bókfæra það til innheimtu.

Jón Þorláksson:* Lög þessi mæla sjálf fyrir um það, hvenær skárnar yfir gjaldið til ellistyrktarsjóðsins skuli samdar. Þeir frestir eru liðnir á yfirstandandi ári og þær skrár eru fullsamdar, og því verður ekki breytt með l., sem ganga í gildi einhvern tíma í þessum eða næsta mánuði. Það er því ekki hægt á þessu ári að semja á löglegan hátt nýjar skrár yfir ellistyrktarsjóðsgjald.

Annars má gjarnan bæta við, að þetta er dálítið undarlegur útreikningur á framlagi ríkissjóðs það ár, sem l. segja, sem gilda fyrri hluta ársins, að það sje 1 kr., en þau, sem gilda seinni hlutann, segja það kr. 1,50. Þetta er missmíði á frv. En jeg treysti framkvæmdarvaldi landsins til að ráða fram úr því, af því að missmíðin eru þess eðlis, að þau taka ekki nema til yfirstandandi árs. Og það tel jeg ekki næga ástæðu fyrir mig að minsta kosti, til þess að greiða atkv. á móti frv.

Haraldur Guðmundsson:* Þetta litla mál sýnir býsna vel starfshætti þessa þings. Það er búið að ganga gegnum margar umræður, og loks er það komið í Sþ., meðan ýms stórmál liggja óafgr. og verða ekki afgr.

Þetta frv. hefir verið kallað rjettilega kákfrv. En það er kákfrv. fyrir þá sök, að það fylgir þeirri meginstefnu um okkar nefskatta, að heimta ekki tryggingarfje á móti frá því opinbera.

Á síðasta þingi var samþ. þáltill. þess efnis að skora á stj. að undirbúa og leggja fyrir næsta þing l. um almennar ellitryggingar. Hæstv. stj. hefir látið þetta undir höfuð leggjast, svo að hún ber mikla sök á því, að þetta mál hefir flækst fyrir þessu þingi — illu heilli. Á þessu þingi hefi jeg ásamt fleiri hv. þm. borið fram till. til þál. um að skora á hæstv. stj. að undirbúa almenna löggjöf um fullkomna, almenna tryggingu. Sú þáltill. hefir ekki fengið afgreiðslu enn, og því litlar horfur á, að hún fái afgreiðslu. En þessu máli, sem ekkert gagn gerir, en lögfestir óheillastefnu, því er svo langt komið.

Í trausti þess, að hæstv. stjórn bæti ráð sitt og líti á fyrirmæli þingsins frá í fyrra um að undirbúa löggjöf sæmilega um þetta efni, vil jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg hefi

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

látið það í ljós áður, að jeg væri óánægður með þetta frv. í þeim búningi, sem það nú er. Og jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkv. með frv. í þessu formi. Jeg er sammála hv. þm. Ísaf. (HG), að með þessu frv. sje verið að bæta gráu ofan á svart um undirbyggingu þessara gölluðu laga, sem sje að hækka nefskatt þann, sem frv. er bygt á. Það kemur algerlega í bága við alt rjettlæti, eftir því, sem þessi lög annars eru framkvæmd

Jeg er líka sammála hv. 3. landsk. (JÞ) um það, að þau missmíði eru á frv., sem hann hefir tekið fram. Þó að þetta verði að lögum nú, þá sje jeg ekki mögulegt að framkvæma þau l. á yfirstandandi ári. Það hafa verið færð ýms rök að því, að þessar skýrslur um tillögin til ellistyrktarsjóðanna í hreppunum eru fyrir löngu samdar og munu nú vera fyrir nokkuð löngu komnar til hlutaðeigandi sýslumanna, og eftir þeim skýrslum verði vitanlega þessi gjöld innheimt á manntalsþingum, og þau alt önnur en frv. gerir ráð fyrir.

Jeg skal aðeins taka það fram að lokum, að jeg get vel fallist á till. þá, sem hv. þm. Ísaf. hefir hjer flutt.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 20 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, BSt, BÁ, EF, HJ, HG, HV, IngB, IP, JBald, JónJ, JónasJ, LH, PH, SÁÓ, SvÓ, MT.

nei: ÁÁ, BSv, EÁ, GunnS, HStef, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, JAJ, JÓl, JS, JÞ, JKr, JörB, MG, MJ, PO, SE.

BKr greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (EJ, GÓ, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. felt með 15 : 19 atkv.

6. Bann gegn líkamlegum refsingum.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um bann gegn líkamlegum refsingum (þmfrv. A. 132).

Á 30., 32., 33., 35., 37., 40., 50., 52., 57. og 61. fundi í Nd. 23., 24. og 27. mars, 3., 5., 9., 20., 23., 30. apríl og 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það hefir einhverra orsaka vegna dregist að fá þetta frv. tekið á dagskrá og til umr. hjer í deildinni. Bendir það til þess, að þeir, sem ráða tilhögun dagskrárinnar, telji þetta smámál. En jeg held þó, að flestir verði að játa, að hjer sje um markvert mál að ræða. Uppeldismálin eru nú alstaðar talin mikilsverð, sjerstök fræðigrein. Gott uppeldi miðar að því, að auka mentun og þroska æskulýðsins, andlegan sem líkamlegan, en ekki að því, að láta hann vaxa eins og lauk úr grasi án allrar aðhlynningar eða ræktunar. Oft er talað um tvennskonar aðferðir meðal uppeldisfræðinga, hvort heldur eigi að beita ströngum aga til þess að vekja ótta hjá unglingum, eða að örfa þroskann á þann hátt, að glæða starfshugann. Til eru þeir, sem álíta rjett-

ast að ógna með vendinum, barsmíðum og allskonar refsingum.

Jeg hygg, að ekki sje ofmælt, þó að sagt sje, að þessi skoðun hafi á síðari árum farið halloka fyrir hinni skoðuninni, sem eykst fylgi hjá öllum þeim, er við uppeldismál fást, að það riði á að glæða starfshug unglinganna og vekja hjá þeim löngun til náms og menningar. Jeg held, að það sje ekki ofmælt, að nú sje víðast litið svo á, að sá kennari, sem ekki getur haldið börnum til náms og starfs og haldið uppi góðri reglu, án þess að grípa til vandarins eða reglustikunnar, sje ekki þeim vanda vaxinn að hafa með höndum kenslu og uppeldi barna eða unglinga. En ef þetta er rjett um kennara, hlýtur það að ná jafnt til allra þeirra, sem hafa með höndum uppeldi og menningu unglinga.

Almenningsálitið hjer á landi hefir þegar fordæmt líkamlegar refsingar sem uppeldisráð eða kensluaðferðir. Má öllum vera það ljóst af dæmi, sem gerðist á Norðurlandi fyrir skömmu. Þar var kennari flæmdur burtu frá starfi sínu vegna þess, að hann hafði beitt slíkum líkamlegum refsingum. Um þetta væri auðvitað ekkert að segja, ef þessi maður væri hinn eini af íslenskum barnakennurum, sem beitti líkamlegum refsingum. En það er víst, að við marga skóla þessa lands eru kennarar, sem beitt hafa og beita líkamlegum refsingum á sama hátt eða svipaðan og þessi kennari hefir gert. Ástæðan til þess, að hann er tekinn út úr og kærður fyrir þetta er sú, að pólitiskir andstæðingar hans hafa þóst finna þarna höggstað á honum, sjeð sjer leik á borði að flæma hann frá starfi sínu fyrir samskonar verknað og ýmsir aðrir kennarar óátalið hafa framið, verknað, sem enginn lagastafur bannar, en almenningsálitið yfirleitt fordæmir.

Að því hafa engar líkur verið færðar, að þessi kennari hafi misþyrmt börnunum, enda heyrði það undir hegningarlögin, ef svo hefði verið. Og á því er enginn vafi, að reynt hefði verið að sækja þennan mann til sektar fyrir misþyrmingar, ef unt hefði verið.

Í þessu máli er ekki nema um tvær leiðir að velja. Annaðhvort segir löggjafarvaldið: Jeg hefi ekkert við það að athuga, þó að börn sjeu barin af þeim, sem sjá um uppeldi þeirra, ef þeim bara er ekki misþyrmt. Eða það segir: Allar líkamlegar refsingar barna og unglinga eru bannaðar. Þarna er enginn millivegur til. Eitt og hið sama á að ganga yfir alla þá, sem við uppeldismál fást.

Það verður gaman að sjá, hvernig þeir menn, sem mest hafa gert til þess að flæma þennan kennara á Akureyri frá starfi sínu, bregðast við þessari málaleitan. Ef rjett er að banna líkamlegar refsingar í skólum, er tvímælalaust líka rjett að banna þær við iðnnám. Og sje rjett að banna líkamlegar refsingar þar, er einnig rjett að banna þær í heimahúsum, því að ef börn eru vanin á að hlýða með vendinum heima, verður erfitt að aga þau með öðru móti síðar og annarsstaðar. Af þessum ástæðum nægir ekki að banna eingöngu líkamlegar refsingar hjá vandalausum.

Jeg vil mælast til þess við þá nefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún taki einnig til athugunar þá kafla í hegningarlögunum,

sem hliðstæðir mega teljast þessu frv. Í hegningarlögunum frá 1896 er gert ráð fyrir, að unglingar sjeu dæmdir til hýðingar með vendi eða priki. Þegar svo hegningarlögunum var breytt 1907, um leið og sett voru ákvæðin um skilorðsbundna dóma, var bannað að hýða unglinga með priki, en hinsvegar leyfilegt að nota vöndinn á þá framvegis. Og svo mun enn vera. Jeg vil skjóta því til hv. n., hvort ekki sje tími til kominn að athuga þennan kafla hegningarlaganna.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en leyfi mjer að mælast til þess, að því verði vísað til allshn., að lokinni þessari umr.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki til mikils að vera að ræða þetta frv., því að litlar líkur eru fyrir því, að það komist í gegn á þessu þingi, ekki þó af því, að frv. hafi verið borið svo seint fram, heldur af því, hve illa hefir gengið að fá það til umr.

Jeg get ekki neitað því, að mjer var dálítil forvitni á að heyra ræðu hv. flm. fyrir þessu frv., en jeg gat ekki skilið ræðu hans á annan veg, en að hann væri að reyna að bera í bætifláka fyrir þennan flokksbróður sinn á Akureyri, sem hefir orðið fyrir því óláni að misþyrma börnum, sem honum var trúað fyrir. Í núgildandi lögum er þung refsing lögð við misþyrmingu unglinga. Í 204. gr. hegningarlaganna segir svo: Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum, og þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi, þótt ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhússvinna alt að 2 árum, ef miklar sakir eru. — Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar.

Það er ekki vafi á því, að þetta ákvæði 204. gr., hlýtur að eiga við kennara líka. En í þessu frv. er gert ráð fyrir sektum fyrir svona tiltektir, þó að vísu standi, „nema þyngri refsingar liggi við.“ En til hvers ætti að vera að setja sektir við atferli, sem svo þung refsing liggur við samkv. núgildandi lögum, ef það er ekki til að hjálpa og ljetta undir með afbrotamönnum?

Hv. flm. sagði, að þessi kennari á Akureyri hefði verið flæmdur burt. Eg hefi ekki heyrt annað en að hann væri enn kyr við starfa sinn og ótekinn til refsingar. Að um misþyrmingu hafi verið að ræða, hefi jeg ekki verið í vafa um, eftir að jeg las skýrslu þessa kennara, sem hann sjálfur birti í „Morgunblaðinu“ um málið. Hann segist þar hafa tekið einn drenginn steinbítstaki með hægri hendi og barið hann með þeirri vinstri, og er svo að kvarta yfir því, að því er virðist, að höggin hafi ekki verið mjög sterk, af því að hann hafi haft hægri hendina fasta. Ef þetta er ekki misþyrming, þá veit jeg ekki, hvað á að nefna því nafni. Jeg er því alveg hissa, að hv. flm. skuli vera að tala um, að þessi maður hafi verið flæmdur burt. Hann átti auðvitað strax að láta af embætti og fá refsingu fyrir þessa meðferð á barninu, því að slíkt á ekki að líðast, að kennarar leyfi sjer að fara svona með börn.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í að ræða þetta frv., en ef það fer til n., sem jeg á sæti í, eins og hv. flm. ætlast til, þá mun jeg fyrir mitt leyti

heimta skýrslu um þetta mál. Mjer finst það liggja svo fyrir, að ekki geti komið til mála, að þessi kennari haldi áfram starfi sínu, því að jeg fæ ekki betur sjeð, en að hann hafi brotið ákvæði 204. gr. hegningarlaganna.

Sveinn Ólafsson: Það mun eiga að líta á þetta mál eins og mannúðarmál, frá sjónarmiði hv. flm. Hann mun hafa ætlað, að ef þetta yrði lögfest, þá mundi uppeldi barna bæði í heimahúsum og skólum breytast til batnaðar og meiri mannúðar. En um leið og sett eru lög um þessa hluti og bannað að beita aga við börnin eða líkamlegum refsingum, er gefin óbein yfirlýsing um það, að ómannúðlegum uppeldisaðferðum sje hjer beitt, en þeirri yfirlýsingu vildi jeg afdráttarlaust mótmæla. Jeg kannast ekki við að slíkri harðýðgi sje beitt við börn, að setja þurfi lög af nýju þeim til verndar, enda eru þung viðurlög í gildandi lögum við slíkum misþyrmingum. Með lögum er heldur ekki hægt að fyrirbyggja, að hrakmenni fremji slíka fólsku, og þess vegna er svona lagasetning þýðingarlaus. Auk þess er ekki rjett að taka af móðurinni rjettinn til að aga barn sitt. Ef hún fer út fyrir sæmileg takmörk, liggur hegning við því í núgildandi l., eins og jeg tók fram áðan, en hitt er vitanlegt, að móðir agar barn sitt með kærleiksríkri umhyggju fyrir velfarnan þess, en ekki af heift. Og hvar liggur svo ákæruvaldið, ef slík l. sem þessi verða samþ.? Er ætlast til þess, af hv. flm., að börn gerist ákærendur foreldra sinna? Mjer dettur í hug, að móðir gæfi drenghnokka löðrung fyrir ókvæðisorð, sem hann hefir á götunni numið og viðhefir í hóp systkina á heimilinu. Hver á þá að ákæra hana? Eftir þessu frv., ef samþ. verður, á að draga móðurina fyrir lög og dóm, en jeg held, að það þætti nokkuð strembið, þegar svona stendur á. Jeg veit yfirleitt ekki, hver á að fara með ákæruvaldið í þessum efnum. Jeg get því ekki fallist á þetta frv., eins og það liggur fyrir, og tel það með öllu þýðingarlaust, auk þess sem mjer finst það ekki ná nokkurri átt að gefa þá yfirlýsingu — eins og óneitanlega væri gert með samþykt þessa frv. — að hjer sje algengt að misþyrma börnum. Annars svaraði hv. 1. þm. Skagf. svo rækilega hv. flm. þessa frv., að meira ætti ekki að þurfa við. Jeg læt hjer því staðar numið.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg veit ekki, hvort þeir hv. þm., sem nú hafa talað, hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. S.-M., eru illa útsofnir, eða hvort eitthvað annað veldur því, að hugsun þeirra er svo óskýr. Jeg þóttist hafa gert sæmilega skýrt grein fyrir því, hvað meint væri með líkamlegum refsingum, að þær eru ekki hið sama og misþyrming. Hitt þarf enginn maður mjer að segja, að hegning liggur við misþyrmingum. Það veit jeg vel. En hvað er misþyrming? Hv. 1. þm. Skagf. veit, að um það er ekki til nein ákveðin skýrgreining, heldur fer það eftir mati dómara í hverju einstöku tilfelli. En alment mun ekki annað talið misþyrming en það, sem meiðsl eða áverki hlýst af. Jeg veit vel, að hegningarlögin banna misþyrmingar og leggja við víti ef þeim er beitt, en hitt veit jeg líka, og tók það fram í fyrri ræðu minni, að líkamlegum

refsingum er víða beitt, og það allharkalegum stundum, eins og komið hefir í ljós, án þess að hægt sje að færa það undir misþyrmingar. Dæmið um skólastjórann á Akureyri er einmitt besta sönnun míns máls, að líkamlegum refsingum er beitt, án þess að misþyrmingar sjeu taldar. Vegna þess að þar var ekki um það að ræða, sem misþyrming er kallað, var sú leið farin, að kæra kennarann fyrir skólanefnd og reyna að hafa af honum stöðuna. Ef kærendur hefðu álitið, að hægt væri að fá kennarann dæmdan eftir 204. gr. hegningarlaganna, er engum vafa undirorpið, að hann hefði verið kærður fyrir brot á hegningarlögunum, en þess var engin von, og því var hin leiðin farin, að kæra til skólanefndar. Í rannsóknarskýrslu skólanefndar er framburður drengsins bókaður, þar sem hann segist ekki hafa fundið til, nema þegar hann fjekk snoppunginn á kinnina. Mjer kemur ekki til hugar að mæla þessari uppeldisaðferð bót, síður en svo. Jeg tel það hinn mesta ljóð á ráði hvers kennara, ef hann þarf að beita líkamlegum refsingum til þess að halda uppi reglu og láta börnin læra, en hinu verður ekki á móti mælt, að þessi kennari er tekinn út úr af pólitískum ástæðum, því að víða út um land sitja stjettarbræður hans, sem eru jafn syndugir og hann í þessu efni, ef ekki syndugri, óátaldir. Og fyrir þetta verður ekki girt, nema ríkisvaldið setji reglur fyrir því, að ekki megi beita líkamlegum refsingum í skólum. Með þessu er einnig svarað hv. 1. þm. S.-M., sem talaði aðeins um misþyrmingar. Þessi gamli og gætni þm. var að reyna að sýna fyndni sína og spurði sem svo: Hvar liggur ákæruvaldið í þessum efnum, á barnið að kæra foreldra sína eða kennara, ef frv. verður samþ.? Hefir þessi hv. þm. athugað það, hvar ákæruvaldið er nú, þegar um misþyrmingar er að ræða. Hann ætti að líta í hegningarlögin, og þá mundi hann sjá, að ákæruvaldið er ekki aðeins hjá þeim, sem fyrir misþyrmingunum verða, heldur og sjerhverjum góðum borgara. Ef þetta því á að vera fyndni, er það ljeleg fyndni, ef ekki, þá er það meinloka. Það gildir í þessu efni sem öðru, að ákæruvaldið er hjá hverjum þeim, sem verður þess var að lögin eru brotin.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að jeg hefði verið að bera í bætifláka fyrir kennarann á Akureyri. Þetta er fjarri sanni. Jeg tel það ótækt, að kennarar skuli beita slíkum aðferðum við starf sitt. En það er hin mesta ósanngirni og stjórn mentamálanna til stórrar hneisu, að einn kennari skuli tekinn út úr og flæmdur frá starfi sínu, fyrir samskonar ávirðingar og ýmsir stjettarbræður hans komast upp með óátalið. Jeg játa það, að jeg er svo gamaldags, að jeg get hugsað mjer, að snoppungur geti undir vissum kringumstæðum gert nokkurt gagn. En hitt er jafn víst, að líkamlegar refsingar gera yfirleitt margfalt meira ógagn en gagn. Uppeldisfræðingar eru sammála um það, að þótt færa megi líkamlegum refsingum sitthvað til málsbóta, sje sjálfsagt að afnema þær, því að hin tilfellin, þar sem þær beinlínis gera ilt, eru margfalt fleiri. Yfirleitt má segja, að sú stefna sje — sem betur fer — að deyja út, að það eigi að berja barn til bókar, og hin að verða

ofan á, að glæða eigi þá eiginleika með lægni og lipurð, sem í barnssálinni búa. Gildir það jafnt í heimahúsum, skólum og við iðnnám.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Ísaf. (HG) hjelt að við, hv. 1. þm. S.-M. og jeg, værum úrillir af því við hefðum farið snemma á fætur. Þetta sýnir ljóslega það, sem orð leikur á, að hann er sjálfur allóvanur að fara á fætur fyrir hádegi, úr því honum finst menn endilega þurfa að vera úrillir undir hádegi.

Hann hjelt því fram, að misþyrmingum þyrfti að fylgja áverki. Þetta er mesti misskilningur. Í 204. gr. hegningarlaganna er einmitt talað um misþyrmingar, sem ekki fylgi áverki. Jeg skil ekki í að nokkur dómari verði í vafa um, að það sje misþyrming, er kennari heldur barni steinbítstaki með annari hendi, en ber það með hinni. Það er ekki efi á, að þetta er misþyrming og frv. kemur ekki nærri þessu tilfelli.

Það hlýtur að vera meiningin með þessu frv., að það sje alment hjá kennarastjett landsins að beita líkamlegum refsingum. En jeg trúi ekki að svo sje. Og þó svo væri, þá þyrfti ekki neina nýja refsilöggjöf vegna þess. Það má eins nota þau lög, sem til eru. Jeg ímynda mjer, að það hafi einungis verið af hlífð við hinn umrædda kennara, að hann var ekki kærður. Hv. flm. kvaðst ekki vilja bera annað í bætifláka fyrir hann en það, að þetta væri alment á meðal kennarastjettarinnar. En það afsakar hann alls ekki, þó svo kynni að vera, sem jeg þó ekki held.

Frv. er alveg þýðingarlaust við hliðina á hegningarlögunum, því refsingar þess eru fyrir neðan refsingar þær, er þar eru ákveðnar. Það gæti haft þýðingu, að því er snertir foreldra, en um það hefir engin bending komið, að þess væri þörf þeirra vegna. Þótt jeg að vísu sje ekki sömu skoðunar og hv. þm. Ísaf. um það, að snoppungur á barn geti gert gagn, heldur þvert á móti, þá sje jeg samt ekki ástæðu til að láta það varða hegningu, þótt foreldrum verði það á.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer finst gott, að frv. þetta er komið fram, ekki að því er snertir ákvæði þess um heimilin, heldur skólana.

Um heimilin hygg jeg, að ekki sje hægt að setja slíka löggjöf. Bæði er það, að einstaka börn eru svo gerð, að þau hlýða ekki á unga aldri, nema fyrir einhverskonar þvingun, og aðallega þó vegna hins, að lögin verða þar óframkvæmanleg. Þar verður að láta sjer nægja með hegningarlögin og að reyna að ná tilganginum um afnám líkamlegra refsinga með áhrifum á hugsunarhátt almennings.

Hitt hygg jeg rjett, að setja lögbann við líkamlegum refsingum í skólum. Jeg get tekið undir með þeim, er talað hafa um, að líkamlegar refsingar geti haft tilætluð áhrif. Jeg kynni sjálfur að segja sögur af því. En hin tilfellin hygg jeg þó fleiri, að líkamleg refsing hefir ekki tilætluð, heldur gagnstæð áhrif. Það er örðugt fyrir kennara, sem beitir líkamlegri refsingu, að setja upp rólegan svip dómarans. Flest afbrot, sem hegna þarf fyrir, eru gegn kennaranum sjálfum. Kennarinn er alt í senn: sakaraðili, dómari og sá, er framkvæmir refsing-

una. Það er því ekki að undra, þó sú tilfinning verði á stundum efst í huga barnanna, að hjer sje ekki um hegning að ræða, heldur hefnd. Líkamlegar refsingar í skólum verða því oft til að slíta hið nauðsynlega trúnaðarsamband, sem þarf að vera milli kennara og nemenda. Það er minni áhætta að banna algerlega líkamlegar refsingar í skólum, heldur en að leyfa þær, og er þó hvorug áhættan stór, eins og ástatt er hjá oss. Skólar hafa líka yfirleitt yfir ýmsum refsingum að ráða, er komið geta í stað þeirra.

Slíkt bann, sem hjer um ræðir, er ekki fágætt meðal annara þjóða. Mjer er kunnugt um, að Rússar hafa sett hjá sjer algert bann við líkamlegum refsingum barna og unglinga. Í flestum löndum öðrum gildir að vísu ekki algert bann, en þar hafa skólahjeruðin heimild til að setja sjer sjerstakar reglur um refsingar. Og í ýmsum skólahjeruðum, sem eru mannfleiri en alt Ísland, ríkir ýmist algert bann gegn líkamlegum refsingum, eða þá að beiting þeirra er takmörkuð við hýðingar, sem framkvæmdar eru í viðurvist skólastjóra, eða af honum einum, að vel athuguðu máli. Það er því enginn skortur á erlendum fordæmum. Englendingar hafa t. d. þá aðferð, að binda rjettinn til refsinga við einn mann, t. d. skólastjórann. Það hefir þann kost, að hegningin líkist meira dómi, og er síður hætt við, að hefndartilfinningar blandist inn í. En það getur líka haft sína ókosti, t. d. varð skólameistarinn á Eton eitt sinn að hýða 40 stráka á einum degi!

Jeg held, að það verði ekki önnur regla betri hjer á landi en að banna allar líkamlegar refsingar í skólum og leggja tiltekna hegningu við, ef út af er brugðið, eða þá að banna allar líkamlegar refsingar í kenslustundum og barsmíði á höfuðið, en heimila hýðingu í alvarlegum tilfellum, sem framkvæmd sje að rannsökuðu máli á ábyrgð skólastjóra. Og raunar held jeg að í sama stað komi niður, hver aðferðin yrði höfð hjer á landi, algert bann eða hýðingar í því formi, sem jeg hefi hjer lýst, því þær tíðkast hjer ekki og mundu vart verða upp teknar, þótt heimilaðar væri.

Jeg er ekki sammála um þær hegningar, sem við brotum eru lagðar í frv., en það atriði má ræða í nefnd. En það er ekki að óttast, að það verði til að setja skrælingjamark á okkur, þó að við tökum í lög bann gegn líkamlegum refsingum eða takmarkanir á þeim. Það er ekki vegna þess, að slíkar refsingar sjeu algengar, eða til að forða börnum frá bráðum bana, að jeg álít rjett að lögtaka slíkt bann. Vil jeg í því sambandi mótmæla þeim orðum hv. flm., að alvarleg tilfelli slíkra refsinga sjeu algeng í ísl. skólum. Jeg veit ekki til, að slík tilfelli sjeu algeng. Hitt veit jeg, að líkamlegar refsingar þekkjast og er einstaka sinnum beitt. Það eru að vísu margir kennarar, er aldrei beita þeim og margir, er beita þeim afarsjaldan, en það hafa þó verið til skamms tíma kennarar, jafnvel hjer í höfuðstaðnum, er lögðu það í vana sinn að beita líkamlegum refsingum og það daglega. Það vita allir, að slíkt hefir átt sjer stað hjer í höfuðstaðnum. En þetta á sjer ekki stað um þá kennara, er starfa hjer í bæ nú, það jeg til veit.

Það er bæði vegna nemenda og kennara, að jeg tel rjett að banna líkamlegar refsingar í skólum. Vegna kennaranna tel jeg það rjett, því komi upp kærumál út úr slíku, þá er hætt við að kröfur almennings um refsingu kennarans verði óhæfilegar, ef refsingarákvæði er ekki áður til. Múgurinn ratar sjaldan meðalhófið, og vernd við einn getur snúist upp í grimd gagnvart öðrum. Því má það vera áhugamál kennara, að fá ákveðnar reglur um, hvernig með slíkar sakir verði farið.

Frá sjónarmiði allra ætti það að vera heppilegasta úrlausnin að banna líkamlegar refsingar með öllu eða setja fastar reglur um beiting þeirra, og leggja við hegningu, ef út af er brugðið. Væri æskilegt að fá löggjöf um það upp úr þeim umr., er staðið hafa yfir á síðasta vetri um slíka hluti.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. Skagf. gerði mjer upp þau orð, að það væri algengt að kennarar beittu líkamlegum refsingum. En jeg tók það einmitt fram, að jeg vissi til, að meiri hluti ísl. kennara beitti þeim alls ekki, en nokkrir gerðu það þó. Þetta hefir hv. þm. V.-Ísf. viðurkent rjett.

Sami hv. þm. Skagf. vill enn reyna að hengja hatt sinn á það, að líkamlegar refsingar sjeu bannaðar í lögum; það þurfi ekki önnur ákvæði en bannið gegn misþyrmingum í hegningarlögunum. En þetta er mjög fjarri sanni. Líkamlegar refsingar og það, sem lögin og dómararnir nefna misþyrmingar, er tvent ólíkt. En hitt er og víst, að dómarar hafa oft tekið óskiljanlega mjúkum höndum á beinum misþyrmingum. Jeg man ekki betur, en að norður í Skagafirði hafi drengur einn, sem komið var fyrir á bæ, verið hálfdrepinn ekki alls fyrir löngu. Hv. þdm. kann að virðast, að jeg hafi tekið þarna nokkuð sterkt til orða, en því fer fjarri; drengurinn var grindhoraður, útsteyptur í óþrifum, meiddur af barsmíð og svo máttlaus, að hann gat varla gengið. Meðferðin á drengnum var kærð og málið fór fyrir dómstólana, en jeg og fleiri urðum höggdofa er við sáum dóminn, svo vægt var þar tekið á þessari misþyrmingu. Það mun líka vera svo, að dómarar telja ekki misþyrmingu, nema um stórkostlegar misþyrmingar sje að ræða. Fyrir því verður að setja skýr ákvæði, hvað telja skuli misþyrmingu og hvað ekki. En það, sem hjer um ræðir er það, hvort leyfa skuli líkamlegar refsingar, sem ekki eru beinar misþyrmingar skv. mati dómara.

Hv. þm. heldur því fram, að af hlíf við Steinþór Guðmundsson hafi hann verið kærður fyrir skólanefndinni, en málinu ekki verið skotið til dómstólanna. Þetta er uppspuni einn. Ástæðan fyrir því, að hann var kærður, var sú, að þá stóðu fyrir dyrum bæjarstjórnarkosningar á Akureyri, og var þá ákærunni á hendur honum dreift út um bæinn, þótt vitanlegt væri, að þessi kennari hafði notað þessa aðferð til að halda uppi aga um margra ára skeið. Sökin var ekki svo stór, að þeir menn, sem kæruna settu á stað, treystu sjer til að fara með málið fyrir dómstólana og fá kennarann dæmdan fyrir misþyrmingu. En áliti hans var sjálfsagt að reyna að spilla, með því að blása nú málið upp. Almenningsálitið hefir fordæmt þessa uppeldisaðferð. Það er á undan löggjöfunum í þessu

efni, og afarlangt á undan hv. þm. Skagf., sem, eins og allir vita, er aftasti liður í hala afturhaldsins hjer á landi. Það játa allir, sem til þekkja, að líkamlegar refsingar gera frekar ógagn en gagn. Þótt snoppungar geti verið til gagns í einstaka tilfellum, við baldna stráka og ósvífna, þá er yfirleitt ógagnið meira. Þegar líkamlegum refsingum er beitt við börn að jafnaði, elur það upp í þeim þrjósku og þverúð, og vekur hjá þeim löngun til að hefna sín. Slíkur agi kennir börnunum líka að ljúga, til þess að sleppa við refsinguna, og þau börn, sem alin eru upp á þann hátt, geta borið þess merki æfilangt. Ósvífnir piltar geta auðveldlega reitt kennara -- þeir eru breyskir eins og aðrir menn -- til reiði. Sje þá ekki bannað að refsa líkamlega, er hætt við, að kennari gæti þess ekki, hvernig hann refsar, og drengurinn áliti refsinguna hefnd eða bræðiverk kennarans.

Jeg gleymdi áðan að svara hv. 1. þm. S.-M., er hann sagði, að það væri ófært að banna móður að refsa barni sínu, eins og henni þætti „viðeigandi". Þetta er gert nú, þar sem misþyrming er bönnuð, mæðrum sem öðrum, og þess eru dæmi, að móðir hafi verið refsað fyrir misþyrmingu á barni sínu, en auðvitað er það fágætt, sem betur fer. En því miður verður maður að játa, að ekki eru allar mæður svo, að þeim sje treystandi að meta hvað er „viðeigandi" refsing. Hjer er því aðeins gengið feti framar en áður hefir verið gert.

Jeg get verið mjög ánægður með undirtektir hv. þm. V.-Ísf., einkum sökum þess, að hann er sá maður hjer í hv. deild, sem mest tillit ber að taka til í þessu máli sökum þess, að hann, vegna stöðu sinnar, hefir besta þekkingu á barnafræðslu okkar og skólamálum. Hann er því samþykkur, að líkamlegar refsingar sjeu bannaðar í skólum, en álítur hinsvegar ekki rjett að banna þær í heimahúsum. Jeg hygg, að best sje að stemma á að ósi, og banna einnig slíkar refsingar þar sökum þess, að þau börn, sem alast upp við barsmíði á heimilum sínum, geta verið orðin svo þrjóskufull, að erfitt sje fyrir kennara að halda þeim til hlýðni á annan hátt. Hitt er líka athugavert, að þegar börn koma í skólann, oft fullra 10 ára að aldri, sem hafa alist upp við ugg og ótta, þá bera þau þess merki, sem mikla lægni þarf til að uppræta í skólanum.

Hv. þm. sagði, að það væri í sjálfu sjer gott og sjálfsagt að reyna að útrýma með öllu líkamlegum refsingum. En það ætti að gera með því að breyta hugsunarhætti fólksins. Hv. þm. gleymdi því, að hugsunarháttur fólksins er þegar breyttur orðinn á þessu sviði, og er óðum að breytast. Lögin eru aðeins sýnilegt tákn almenningsálitsins, þannig, að ef almenningur álítur að þessi eða hinn verknaður sje þess eðlis, að hann beri að banna, þá er það gert með lögum, ella ekki. Hinir fáu, sem líta öðrum augum á þetta, verða svo að beygja sig fyrir vilja og rjettarmeðvitund meiri hlutans. En skoðun almennings breytist og dómgreind hans þroskast frá ári til árs, og ríkjandi skoðunum verða lögin að fullnægja, en almenningsálitið er, eins og jeg áður hefi sagt, í þessu efni langt á undan löggjafanum. Jeg teldi því frv. þetta mikið skemt frá því, sem nú er, ef bannið ekki einnig er látið

ná til foreldra og forráðamanna barna og unglinga.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg þekki marga kennara, og veit það með vissu, að þeir, sem ekki beita líkamlegum refsingum, eru yfirleitt taldir nýtari og starfhæfari kennarar en hinir, þótt þeir í sjálfu sjer geti verið bestu menn. Að geta ekki fengið börnin til hlýðni og starfs, án þess að beita líkamlegum refsingum, er yfirleitt vottur um, að eitthvað vantar í kennarann sem kennara.

Hákon Kristófersson: Það má vel vera, að frv. þetta sje í sjálfu sjer meinlaust, en þó verð jeg að álíta, að tíma Alþingis sje betur varið til einhvers annars, sjerstaklega þar sem þingtíminn fer nú að styttast úr þessu. Af framsöguræðu hv. flm. skildist mjer, að frv. þetta væri komið fram af sjerstökum ástæðum, og er ekkert við því að segja. Nú vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvar takmörkin eigi að vera með líkamlegar refsingar, og hvort hann telji t. d. steinbítstak undir klípingum, en eins og menn vita er það óþokkatak, sem jeg gat ekki ímyndað mjer, að nokkur kennari notaði við börn. Jeg mæli því ekki bót, að kennarar geri mikið að því að beita líkamlegum refsingum við börn, en álít að mannúð og vingjarnleg umvöndun við börnin hafi mest að segja. Þó álít jeg, að snoppungur geti haft sínar góðu verkanir, enda eru þeir sjaldnast svo ríflega útilátnir, að þeir komi að sök. Þó að mannúðin ætti að ráða, eru til þeir óþokkastrákar, sem verður að hýða, og er það þá gert í fullu samræmi við hinn gamla og kunna málshátt: „Með illu skal ilt út drífa".

Þó að þetta frv. yrði nú samþ., efast jeg ekki um, að það yrði aðeins á pappírnum, eins og fleiri dauðir bókstafir, sem lög vor eru svo rík af. Vitanlega efast jeg ekki um, að ef kennarar misþyrma börnum, muni viðkomandi skólanefndir veita þeim refsingu, eða reka þá frá starfanum. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að kennarar beiti ekki lengur líkamlegum refsingum við börn, nema einstaka undantekningar, og jeg hygg, að um það þurfi ekki að setja sjerstaka löggjöf, því að ef einhver veruleg brögð verða að slíku, má án efa heimfæra verknað þeirra undir hin almennu hegningarlög.

Viðvíkjandi því óþokkamáli, sem gerðist norður í Skagafirði, og hv. flm. mintist á, má benda honum á það, að um slíkt þarf engin ný lög, því að hegningarlögin ættu þar að nægja. Jeg vil að endingu lýsa yfir því, að jeg er ókunnugur kennaramálinu á Akureyri, en er jeg las afsökunargrein kennarans, sá jeg, að þar hafði eitthvert verulegt misrjetti átt sjer stað. Mitt álit er það, að mannúðin sje orðin svo mikil, að slíkrar löggjafar sje engin þörf, en hinsvegar kann jeg hv. flm. þökk fyrir hans góða hug í málinu. Til þess að sýna hv. flm. viðeigandi kurteisi, vil jeg að frv. verði látið detta úr sögunni og samþ. verði eftirfarandi rökstudd dagskrá:

„Deildin lítur svo á, að svo mannúðlega sje yfirleitt farið með börn og unglinga nú á tímum, að engin sjerstök ástæða sje til þess að samþykkja sjerstaka löggjöf um bann gegn líkamleg-

um refsingum, og í annan stað, að atburðir þeir, sem gerðust í barnaskólanum á Akureyri síðastliðinn vetur, heyri undir annan vettvang en Alþingi. Tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Með skirskotun til þess, sem jeg hefi sagt, leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta dagskrána, með ósk um, að hann láti hana koma til atkv.

Magnús Guðmundsson: Út af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann áliti, að vegna kennarastjettarinnar sje þörf slíkrar löggjafar sem þessarar. Það getur haft mikil áhrif á aðstöðu mína til þessa máls. Jeg hefði álitið, að það væri nægilegt, að fræðslumálastjóri sendi umboðsbrjef til kennara, þar sem þeim væri uppálagt að beita ekki líkamlegum refsingum við börn. Jeg hjó eftir því, að hv. þm. sagði, að hjer í Reykjavík hefði verið kennari, sem beitt hefði líkamlegum refsingum við börn þau, er hann hafði undir hendi. Jeg minnist þess að svo var, enda vakti það mikið umtal í bænum, og menn álitu, að þessum kennara ætti að víkja frá, en af hlífð var það ekki gert. Þetta mun vera einsdæmi, en ef fleiri kennarar beittu slíkum aga, þyrfti að koma í veg fyrir það.

Hv. flm. hefi jeg í rauninni fáu að svara, en það var eins og hann hefði gleymt, að til eru fleiri greinir í hegningarlögunum en § 204, sem jeg las hjer upp í morgun. Það er engum vafa undirorpið, að brot þess kennara, sem hjer hefir verið mest um rætt, heyrir undir þá grein. Hv. þm. vildi halda því fram, að þetta væri pólitísk ofsókn á hendur kennaranum, þar eð bæjarstjórnarkosningar hefðu staðið fyrir dyrum. Jeg þykist samt hafa ástæðu til að halda, að hv. flm. fari þarna villur vegar, enda ber skýrsla kennarans sjálfs það með sjer, að ekki hefir verið að ræða um neina pólitíska ofsókn á hendur honum, heldur rjettmætar kröfur foreldra þeirra barna, sem urðu fyrir barsmíðum hjá þessum kennara. Þá mintist hv. þm. á misþyrmingarmál úr Skagafirði. Það mál var rannsakað og dæmt af dómstólunum, en mörgum virtist dómurinn of vægur. Hygg jeg, að það hafi orsakast af ýktum blaðafregnum, sem borist höfðu um mál þetta, og að það hafi ekki verið eins svívirðilegt og frá hefir verið skýrt, þótt jeg vilji ekki mæla því bót að neinu leyti. Það er ennfremur ekki rjett hjá hv. þm., að almenningsálitið sje á undan lögunum. Því til sönnunar mun jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp § 202 í hegningarlögunum, sem hljóðar svo: „Hver, sem veður upp á annan mann með höggum og barsmíði eða öðru líkamlegu ofbeldi, en veitir honum samt ekki áverka eða annan skaða, skal gjalda sektir, ef sá, er misgert er við, höfðar mál og krefst þess; þó má beita fangelsishegningu eftir málavöxtum, einkum ef ofbeldið hefir verið fyrirhugað“. Það er enginn efi á því, að afbrot kennara geta heimfærst undir þessa grein.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vildi aðeins gera smáa athugasemd í sambandi við þá rökstuddu dagskrá, sem hv. þm. Barð. hefir mælst til, að borin verði undir atkvæði. Hv. þm. segir, að yfirleitt muni kennarar fara svo mannúð-

lega með börn, að engin þörf sje fyrir slíka löggjöf. Jeg minnist þess, að þegar jeg var í barnaskólanum hjer í Rvík, voru 3 kennarar við skólann, sem beittu líkamlegum refsingum, enda munu allir þeir, sem í skólann hafa gengið, kannast við klípingar, löðrunga, selbita, tvíbökur og annað þess háttar. (**ÓTh:** Tvíbökur! Hvað er það?) Hv. 2. þm. G.-K. mun sjálfur þekkja þær af reynd, svo að honum ferst ekki að spyrja. Einn kennarinn, sem beitti slíkum aga, er mjög nýlega farinn frá kenslustörfum, og þrátt fyrir það, að kærunum rigndi yfir hann bæði til skólastjórnar og bæjarstjórnar, var hann látinn sitja þangað til að hann sótti sjálfur um lausn. Framferði þessa kennara vakti almenna óbeit, en af því að íhaldið var í meiri hluta bæði í skólanefnd og bæjarstjórn, og þessi kennari var flokksbróðir þeirra, var hann látinn gegna stöðu sinni áfram, þótt hana hjeldi altaf uppteknum hætti. Jeg hygg, að flestir hv. þm. gætu tínt til eitthvað þessu líkt, en jeg hefi nefnt þessi dæmi til að sýna hv. þm. Barð. að líkamlegar refsingar eru ekki eins fágætar í skólum og hann hyggur.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla aðeins að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg er því eindregið fylgjandi, að barsmíðar sjeu útilokaðar með öllu úr skólum landsins, því að það er blettur á þjóðinni, ef þetta á sjer stað. Hv. þm. Ísaf. sagði, að kæran, sem komið hefði fram á hendur kennaranum á Akureyri, hefði orsakast af því, að kosningar stóðu fyrir dyrum. Það vill nú svo til, að jeg hefi átt tal við Sigurð Hliðar dýralækni, og er þess fullviss, að ekkert slíkt hefir vakað fyrir honum. Þessi hv. þm. er næsta skilningslítill, ef hann þarf að leita að öðrum ástæðum fyrir kærunni en þeim, að faðirinn þolir ekki að barni sínu sje misþyrmt í skólanum. Hver þolir það? (**ÓTh:** Það er ekki við því að búast, að hv. þm. Ísaf. geti skilið það. Það er steinhjarta piparsveinsins, sem talar). Þeir, sem þekkja Sigurð Hliðar, vita að honum mundi einmitt hafa verið mjög óljúft að gera þennan atburð að kosningamáli. Skólastjórinn hefir opinberlega játað á sig þessa ávirðingu, en ennþá mun honum ekki hafa verið vikið frá. Jeg efast um það, að maður, sem eftir eigin játningu hefir komið eins fram og þessi skólastjóri, fengi að gegna áfram embætti sínu hjá nokkurri menningarþjóð nema okkur. Ennþá situr þessi skólastjóri við sama skólann, en þó eru margir mánuðir liðnir frá því er hann var kærður.

Það stendur í dagskrá þeirri, er hjer liggur fyrir, að það, sem kom fyrir á Akureyri, heyri undir annan vettvang en Alþingi. Það er rjett, að Alþingi hefir ekki beint ákvörðunarrjett um það mál, en stjórnin, sem hefir ákvörðunarvaldið, ber ábyrgð gagnvart Alþingi. Það er því á valdi Alþingis að finna að aðgerðum eða aðgerðaleysi stjórnarinnar í málinu. Jeg mun því greiða atkv. á móti dagskránni, en með því, að frv. gangi til nefndar, og að þar verði tekin til alvarlegrar athugunar þau ákvæði þess, sem mest nauðsyn er á, að verði að lögum. En jeg vil enda þessi fáu orð með því að endurtaka það, að jeg tel það bera

vott um sljóleika, að skólastjórinn skuli fá leyfi til þess að vera áfram við skólann.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. Dal. kvað kæruna gegn barnaskólastjóranum á Akureyri ekki vera af *pólitiskum rótum runna*. Jeg vil þó minna hann á, að kæruskjalið var fjölritað og borið í hvert hús á Akureyri daginn fyrir kjördag. (**BSt:** Það var einskonar svar til „Verkamannsins", sem fyrst hreyfði þessu máli.). Það er ljóst af greinum þeim, sem skólastjórinn hefir skrifað um málið, að hann hefir viðhaft þennan sið í mörg ár. Hvernig stendur á því, að „föðurhjartað" komst ekki við fyr en þetta?

Kæran gegn skólastjóranum er af pólitiskum toga spunnin og engu öðru, og stendur í sambandi við kosningarnar. Það er síður en svo, að jeg sje að mæla athæfi skólastjórans bót. En almenningur hlýtur að draga þá ályktun af þessu máli, að hægt sje að flæma menn úr embætti, ef saksókn er hafin, þótt margir aðrir sitji kyrrir, sem gert hafa hið sama.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) segir, að ástæða sje til að banna, að kennarar beiti líkamlegum refsingum, en hann vill láta gera það með umburðarbrjefum! Auk þess segir hann, að viðurlög sjeu við slíku í 202 gr. hegningarlaganna. En þar segir svo: „Hver sem veður upp á mann með höggum og barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi" o. s. frv. Jeg held nú, að hv. 1. þm. Skagf. sje altof vel að sjer í lögum til þess að halda, að það sje kallað að „vaða upp á menn með höggum og barsmíðum", þó að kennari klipi í eyru eða gefi löðrung, eða móðir veiti barni sínu ráðningu, t. d. flengi það.

Hv. þm. Barð. var fullur af mildi og mannúð, eins og hann er vanur. Gekk hann svo langt, að hann vildi láta banna snoppunga, en taldi hinsvegar hýðingar geta komið að góðu haldi. Skal jeg lofa honum að hafa sínar skoðanir um þau efni í friði. En jeg vildi minnast lítið eitt á dagskrá hans. Dagskráin er í tveim hlutum, og er tekið fram í fyrri hlutanum, að mannúðin sje orðin svo rík, að ekki sje þörf á lagasetningu um þetta efni. En í seinni hlutanum er vikið að máli, sem er algerlega óviðkomandi frv., en hann og aðrir íhaldsmenn hafa talið að sýndi einmitt afskaplegt mannúðarleysi og harðýðgi.

Jeg vil enn benda hv. þm. á, að þrátt fyrir allar æsingar Íhaldsblaðanna út af máli barnaskólastjórans á Akureyri, hefir ekki tekist að fá hann dæmdan. Finst hv. þm. þetta sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að mannúðin sje orðin svo rík, að ekki sje þörf á lagasetningu? Að mínu áliti ætti seinni hl. dagskrárinnar alls ekki að berast undir atkv. Hann er hrein vitleysa. Þar segir, að það, sem gerðist á Akureyri, *heyri undir annan vettvang* en Alþingi. Jeg hefi ekki heyrt svo til orða tekið áður. Má vera, að hjer sje um nýsmíði á máli að ræða. Jeg kannast ekki við það orðatiltæki „að heyra undir vettvang". En út í það skal jeg ekki fara nánar. Jeg verð að líta svo á, að það sje til hneisu fyrir deildina, ef dagskráin verður samþ.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. 1. þm. Skagf. lagði þá spurningu fyrir mig, hvort jeg teldi þörf á þessari lagasetningu

vegna kennarastjettarinnar í landinu, og hv. þm. Dal. skildi orð mín svo, að algengt væri, að kennarar beittu líkamlegum refsingum. Skildist mjer, að hv. þm. Dal. þættist hafa fengið hjer nýjar upplýsingar, sem hann hefði ekki haft hugmynd um áður. Jeg skal nú endurtaka það, sem jeg sagði. Jeg sagði, að flestir kennarar beittu alls ekki líkamlegum refsingum, nokkrir gerðu það stöku sinnum, en einstaka kennari hefði gert sjer það að reglu, og væri það þá á vitorði allra í viðkomandi skólahjeraði, er svo væri. En það er ekki vegna þess, að líkamlegar refsingar í skólum sjeu algengar, að jeg tel lagasetningu um þetta efni æskilega, heldur vegna þess, sem fyrir *getur* komið. Jeg tel ekkert höfuðatriði í þessu máli, hvort þessar refsingar eru tíðar eða sjaldgæfar. Hitt er aðalatriðið, hvort eigi að leyfa þær eða banna, og ef á að banna þær eða takmarka, þá á að gera það með lagasetningu, hversu sjaldgæfar sem þær kunna að vera. Annars þarf ekki að vera að leita upplýsinga hjer í deildinni um þetta atriði, því að almenningur veit ósköp vel, hver hætta er á að láta börn sín ganga í skóla, og veit að þessi tilfelli eru mjög sjaldgæf. Jeg býst þó við, að bæði jeg og aðrir heyri öðru hvoru, að strákur hafi verið barinn í skóla. Jeg get sagt eina hina síðustu af slíkum sögum, sem jeg hefi heyrt. Kennari er að tala um trúarefni við börnin og talar um þá innri rödd, sem segi okkur hvað rjett sje og rangt, og spyr börnin hvaða rödd þetta sje. Þá gellur við strákur einn í bekknum, sem þótti ódæll í meira lagi, og segir: „Djöfullinn". Kennarinn gekk að strák og rjetti honum löðrung. Jeg segi þessa sögu vegna þess, að hjer í umræðunum hefir ekki komið fram, að ástæða geti verið til refsingar.

Mín afstaða til málsins er ekki bygð á því, að börnum sje nú yfirleitt nein hætta búin, heldur vil jeg að til sjeu föst ákvæði um þau tilfelli, sem fyrir geta komið. Það hefir verið sagt hjer, að skólastjóri hafi verið kærður af pólitískum ástæðum, og kenslukonu hafi verið hlíft við brottrekstri af því, að hún var Íhaldskona. Jeg skal að vísu játa, að mjer er ókunnugt um þetta tilfelli. (**PO:** Það var hv. 2. þm. Reykv., sem sagði þetta, svo að það er ekkert að marka). En meðan almenn ákvæði vantar um þessi efni, eiga þessar pólitísku slettur sjer altaf stað. Það er um þessi afbrot eins og önnur, að best fer á því, að pólitiskir flokkar þurfi ekki að eigast við um þau í hverju einstöku tilfelli, heldur komi sjer saman um almennar reglur, sem farið skuli eftir. Jeg er á móti dagskrá þeirri, er hjer hefir komið fram, ekki vegna þess, að jeg vilji ekki viðurkenna, að hugsunarháttur manna sje yfirleitt mannúðlegur, heldur af því, að jeg vil setja almennar reglur um þessi afbrot og meðferð þeirra.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir leitt, ef hv. þm. V.-Ísf. hefir haldið, að jeg vildi gefa skakka mynd af ummælum hans um hina íslensku kennarastjett í sambandi við þetta mál. Það er langt frá því, að jeg hafi hina minstu tilhneigingu til að setja þann blæ á málið, að honum sje til miska. En hv. þm. staðfesti þó með ræðu sinni, að komið hefði fyrir, að íslenskir kennarar hefðu beitt líkamlegum refsingum, og það nýlega.

Mjer þótti leiðinlegt að heyra hv. flm. halda því fram, að kæran gegn skólastjóranum á Akureyri hefði verið notuð pólitíkst af Sigurði Heiðar. Jeg veit, að þetta er með öllu rangt. Blaðið „Verkamaðurinn" fitjaði fyrst upp á þessu máli, og hið fjölritaða skjal, sem hv. þm. varð svo tíðrætt um, var svar og leiðrjetting á greininni í „Verkamanninum". En af því að jeg hefi átt tal við Sigurð Hlíðar um þetta mál, veit jeg hve mjög þessi atburður hefir fengið á þau hjón. Hv. flm. þarf ekki að furða sig á því, þó að stórhneyksli eins og þetta hafi verið notað í kosningabaráttunni, en það er alt annað en að faðir sje að nota barn sitt til að gera pólitíska hvell, enda veit jeg, að allir, sem þekkja Sigurð dýralækni, vita, að hann er svo prúður maður, að hann mundi aldrei láta sjer slíkt til hugar koma. Jeg vildi því óska, að hv. þm. Ísaf. vildi draga þessa óviðeigandi ákæru til baka. Sigurður Hlíðar var beinlínis skyldugur að kæra, ekki vegna síns eigin barns, heldur vegna allra barna í skólanum.

Magnús Guðmundsson: Meining mín er sú, að jeg vil ekki að löggjöf verði sett um þetta efni, vegna þess að algengt sje, að kennarar komi fram eins og skólastjórinn á Akureyri, því að svo er eigi, sem betur fer.

Hv. flm. sagði, að jeg hefði farið rangt með orð sín. En hann sagði, að ýmsir kennarar hefðu fyrir sið að refsa börnum á þennan hátt. En nú hefir komið fram hjá hv. þm. V.-Ísf. að þessar refsingar sjeu mjög sjaldgæfar. En hann kvaðst samt vilja fá lög um þetta efni. Ef svo er, að forsvarsmenn kennara óska slíkrar löggjafar, sje jeg síður ástæðu til að vera á móti henni, og vildi jeg því mælast til, að hv. þm. Barð. tæki dagskrá sína aftur, enda þótt sjáanlegt sje, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Út af sögu hv. þm. V.-Ísf. vil jeg geta þess, að mjer finst vafasamt, hvort refsing sú, sem strákurinn fjekk, hafi ekki verið rjett. Hv. þm. sagði, að hægt hefði verið að vísa honum úr skóla. En ætli strákur með hans innræti tæki sjer það svo mjög nærri? Jeg held ekki. Enga trú hefi jeg á því, að pólitískar slettur hverfi úr sögunni, þótt lagaákvæði verði sett um þetta, því að altaf má segja, að þessum og þessum hafi ekki verið refsað, þótt ástæða væri til.

Hákon Kristófersson: Mjer skildist, að hv. 1. þm. Skagf. væri að mælast til þess, að jeg tæki dagskrá mína aftur, en jeg verð að segja það, að mjer hefir ekki fundist það koma fram undir umr., að nein ástæða sje til þess. Jeg mun því ekki taka dagskrána aftur, en það er á valdi hv. deildar, hvort samþ. verður eða ekki.

Hv. flm. talaði um, að dagskrá mín væri í tveim liðum, sem ekki kæmu hvor öðrum við, og seinni hl. ætti ekki að berast upp hjer. Ef svo er, má hv. flm. sjálfum sjer um kenna, því að hann dró fyrstur þann atburð, sem þar er minst á, inn í umr. Þá vildi hann gera gys að orðinu „vettvang", en þar held jeg að hann hafi skotið yfir markið.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að jeg vildi líða illa meðferð á börnum, ef hún kæmi frá íhaldsmönnum. Skal jeg lofa

honum að hafa þá skoðun í friði, svo góðgjörn sem hún er. Þá var hann að tala um samkomulag drengja og kennara, sem hann kvaðst hafa þekt til á sínum barnaskólaárum. En hvernig skyldi sá vera á unglingsaldri, meðan hann er óábyrgur gerða sinna, sem leyfir sjer að koma með jafn illgirnislegar aðdróttanir til andstæðinga sinna og hv. þm. hefir gert?*

Hjeðinn Valdimarsson:** Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Barð. (HK) nema fáum orðum. — Það sem jeg gat um, gerðist á uppvaxtarárum mínum og annara Reykvikinga, og það gerist enn í dag. Hv. þm. talaði um, að þetta hefði líklega komið mest fram í minn garð, og lá í orðum hans að jeg hefði vist átt það skilið. En jeg hygg, að jeg hafi orðið minna fyrir því en margir aðrir. (**HK:** Þetta sagði jeg ekki, jeg nefndi alls ekki hv. þm.). Nei, hv. þm. þorði ekki að nefna nafn mitt, en það kom ljóst fram í ræðu hans, við hvern hann átti. Slíkar dylgjur eru auðvitað sæmandi honum, því að hann er sá maður, sem almenningur hefir minst álit á af öllum þeim, er á þingi sitja.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að svara hv. þm., en þess vænti jeg fastlega, að enginn af flokksbræðrum mínum hafi nokkru sinni farið eins svívirðilegum orðum um mig og einn af merkustu flokksbræðrum hv. þm. ljet falla um þennan hv. þm. í mín eyru fyrir tæpri viku síðan.

Forseti (BSv): Jeg vil benda hv. þm. á, að þetta kemur málinu ekki við.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla ekki að fara út í þá sálma, hvort ástæða sje til þess að banna munnlegar „hýðingar" hjer á Alþingi, þótt umræðurnar hafi að vísu gefið nokkurt tilefni til þess. — Það sem jeg ætlaði að segja er það, að það er tæplega rjett, að jeg tali hjer í nafni allrar kennarastjettarinnar, eins og hv. 1. þm. Skagf. (MG) taldi, en jeg hefi talað í samræmi við óskir margra góðra kennara. Jeg vil þess vegna óska eftir því, að frv. verði vísað til nefndar, og mun jeg þá sjá um að komi fram umsögn frá þeim aðilja, sem einn getur talað fyrir hönd allra kennara, en það er stjórn Barnakennarafjelags Íslands.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Barð (HK) feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, BSt, EJ, HJ, HK, JJós, JÓl, JS, JörB, MG.

nei: ÓTh, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB, JAJ, LH, MJ, MT, BSv.

Einn þm. (SvÓ) fjarstaddur.

Frv. felt frá 2. umr. með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, HStef, HG, HV, JAJ, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: HJ, HK, IngB, JJós, JÓl, JS, JörB, LH, MG, PO, SvÓ, BSt, BÁ, EJ.

---

* Hjer vantar talsvert aftan af ræðunni, af hendi skrifarans. — H. K.

** Ræðuhandr. óyfirlesið.

7. Yfirsetukvennalög.

Á 11. fundi í Nd., 1. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á l. nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyt. á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (þmfrv., A. 54).

Á 13. fundi í Nd., 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Eggerz): Þetta mál hefir, því miður, átt örðugt uppdráttar hjer í þinginu. Í fyrra var það felt hjer í Nd. vegna þeirra sjerstöku óhappa, að menn, sem voru málinu hlyntir, voru fjarstaddir, er atkvgr. fór fram. Jeg hefi nú ásamt 5 öðrum hv. þdm. borið fram frv. þetta í sama formi og það var í síðast, er það var felt. Og þótt við sjeum allir sammála um þörfina fyrir framgang þessa frv., þá vil jeg þó geta þess, að jeg mæli hjer fyrir minn reikning. Lög um þetta efni eru frá 1912, en voru endurbætt 1919. Eftir l. frá 1912 er bæjar- og sýslusjóðum gert að skyldu að greiða laun yfirsetukvenna, en l. frá 1919 breyta þessu þannig, að bæjarfjelög greiða öll laun sinna yfirsetukvenna. En í sýslunum greiðir ríkissjóður helming og sýslusjóður hinn helminginn. Við þetta hefir svo setið, að undanteknu því, að samviskan rumskaði einu sinni ofurlítið, þar sem hv. 1. þm. N.-M. bar fram till. um það, að ríkið greiddi dýrtíðaruppbót á sinn hluta launanna. Fylgdi áskorun til sýslunefnda og bæjarstjórna um að gera slíkt hið sama.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að laun yfirsetukvenna skuli greidd úr bæjarsjóði í kaupstöðum, en í sveitum að ⅓ úr sýslusjóði og ⅔ úr ríkissjóði, og fylgi dýrtíðaruppbót. Aðalatriðið í þessu máli er nú vitanlega það, hvort ástæða sje til þess að hækka laun þessara starfsmanna með tilliti til þess, hvaða þýðingu það hefir fyrir ríkið, að þeim geti liðið viðunanlega.

Launin nú eru 200 kr. þar, sem 300 íbúar eru eða færri. Fara svo hækkandi um 10 kr. fyrir hverja 5 tugi manna, en geta hæst orðið 1000 kr. — Nú vil jeg bera fram þá spurningu: Er ástæða til að hækka þessi laun? — Sem svar við þeirri spurningu má fyrst geta þess, að nú eru um 30 umdæmi, sem lærðar yfirsetukonur hafa ekki fengist í. Þetta sýnir það, að launin eru svo smánarlega lág, að ekki er hægt að fá efnilegar konur í þetta starf, einkum í hin minstu og afskektustu umdæmi. En þá er spurningin, hvort á að vera að hugsa um þau. Mannúðin segir hiklaust, að svo skuli gera og að mannslífin sjeu eins mikils virði í þessum fátæku og fámennu hjeruðum. Og mannúðin segir, að ekki þurfi hvað síst að muna eftir þeim hjeruðum, sem oft hafa hvorki síma nje lækni og eru allslaus og yfirgefin. Að neita þeim um alt þetta, er að ýta þeim út fyrir menninguna. Ekki ætti að þurfa að tala í bænartón til þess að fá umbætur eins og þær, sem hjer er um að ræða. Nei, það á heimta þær, svo þessari menningar- og mannúðarkröfu verði fullnægt, að yfirsetukonur fáist í öll umdæmin. Hvernig er hægt að búast við því, að sótt sje eftir þessum stöðum, sem gefa 200 kr. laun, þegar stúlkur hjer í Reykjavík fá um 600 kr. árslaun. Yfirsetukonur verða þó fyrst að stunda

nám, sem kostar þær 600 kr. úr eigin vasa. Og svo fá þær í þessari þörfu og ábyrgðarmiklu þjónustu fyrir þjóðfjelagið 200 kr. á ári — aðeins 200 kr. Það er ekki von, að þær sjeu sólgnar í þessa stöðu. Sumir hreppar hafa líka skotið saman fje til að tryggja sjer yfirsetukonu. Og mörgum helstu læknum ofbýður vanræksla Alþingis að bæta launakjör þeirra svo, að yfirsetukonur fáist í öll hjeruð. Jeg vil því fastlega vona, að þessi hv. deild láti það ekki koma fyrir oftar, að hún hindri framgang þessa máls.

Um leið og launin verða hækkuð, má líka gera meiri kröfur til náms yfirsetukvenna. Hjer eru haldin námskeið, og geta því eldri yfirsetukonur ávalt haft tækifæri til að fylgjast með í öllum nýjungum á þessu sviði. Með núverandi launum er ekki hægt að ætlast til slíks. Þetta er eins nauðsynlegt eins og t. d. að læknar fari til útlanda. Þessi hækkun, sem hjer er farið fram á, er sú, að lágmarkslaun sjeu 300 kr., en eru hækkuð eftir 12 ára starf í 500 kr. Í bæjum geta þau komist upp í 1500 kr. hæst, eftir vissum reglum, sem nánara er tekið fram í frv.

Eins og jeg tók fram, er hin knýjandi þörf á þessum breytingum aðallega vegna þess, að hin afskektari og mannfærri hjeruð verða nú útundan. Þar við bætist, að yfirsetukonur í þeim hjeruðum hafa svo að segja ekkert að gera. En jeg hefi ekkert á móti því, að þeim væru lagðar á herðar einhverjar fleiri skyldur en nú; mætti t. d. skylda þær til að vera lengri tíma hjá sængurkonum, jafnvel alt að viku.

Jeg skal nú ekki þreyta hv. deild á lengri ræðu um þetta frv. Þó að sumum kunni að þykja þetta lítilfjörlegt mál, þá tel jeg það í eðli sínu stórt og alvarlegt. Hvergi í víðri veröld eru kjör yfirsetukvenna jafnbágborin.

Vera má, að fyrsta ástæðan til þess, að þetta mál á svo örðugt uppdráttar hjer í þessari hv. deild, sje sá gamli og grátlegi misskilningur, að konum eigi ávalt að launa ver en karlmönnum, og það þó að þær vinni nákvæmlega sömu störf. Jafnvel þó að konur hafi hlotið fullkomið jafnrjetti við karlmenn, eimir enn eftir af þessu hróplega ranglæti. Og jeg er satt að segja alveg forviða á því, að hin íslenska kvenþjóð skuli ekki einum rómi mótmæla þvílíkum ójöfnuði.

Jón Auðunn Jónsson: Það, sem veldur því, að jeg og ýmsir aðrir hv. þm. hafa eigi getað aðhylst þær breytingar, sem hjer er farið fram á, er ekki það, að við teljum, að þessum starfsmönnum sje launað verk sitt sem skyldi. Ástæðan er sú, að við höfum ekki viljað opna launalögin, ef svo mætti að orði kveða. Ef hringlað er í þessari löggjöf frá ári til árs, mundi það vafalaust hafa það í för með sjer, að dregið yrði að endurskoða hana. En til þeirrar endurskoðunar ber brýna nauðsyn, og allur dráttur á henni er mjög óheppilegur. Því neitar enginn, að yfirsetukonum sje illa launað, en slíkt hið sama má segja um fjölda af hinum lægri starfsmönnum úti um bygðir landsins. Skal jeg þar nefna t. d. hreppsnefndaroddvita. Í stórum sjávarþorpum eru störf þeirra svo mikil, að þeir verða að verja mestu af starfskröftum sínum til að sinna þeim. En kaupið, sem þeim er greitt, er ekki meira en þriðjungur af því,

sem þeir þyrftu að fá, svo að viðunandi væri.

Jeg vil nota tækifærið til að skjóta því til n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort eigi væri hægt að auka störf yfirsetukvenna og sjá þeim þannig fyrir viðbótartekjum. Ýmsir merkir læknar hafa í viðtali við mig látið þau orð falla, að hjúkrunarkona þyrfti að vera í hverri sveit; og mundi því fje betur varið, sem gengi til þeirra, en til að launa eins marga lækna og nú er gert. Með því að leggja niður nokkur læknaembætti, mætti gera þetta ríkinu að kostnaðarlausu, en heilbrigðismálum þjóðarinnar mundi betur borgið en áður. Þessi störf, hjúkrunarstörfin í sveitum, tel jeg, að yfirsetukonur eigi að annast og fá sæmilegar tekjur fyrir.

Hv. þm. Dal. gerði mikið úr misrjetti karla og kvenna til kaupgjalds. En sje litið á laun hinna lægri starfsmanna yfirleitt, sjest, að yfirsetukonur eru ekki ver launaðar en ýmsir aðrir starfsmenn, þó að karlmenn sjeu. En eins og jeg tók fram, þá er jeg ekki á móti, að launin hækki, þegar að því kemur, að launalögin verða tekin til endurskoðunar. Jeg hefi jafnvel ekki á móti því, að kjör yfirsetukvenna yrðu bætt heldur meira en frv. fer fram á, þegar þar að kemur.

Jeg skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti, að hv. n. taki til athugunar tillögu mína.

Þá skal jeg að lokum geta þess, að jeg mundi geta fallist á, að að þessu sinni yrði lægst launuðu yfirsetukonunum bætt að nokkru laun þeirra, þar til endurskoðun launalaganna fer fram, sem væntanlega verður á næsta þingi.

Hannes Jónsson: Hv. flm. þessa frv. hefir nú haldið langa ræðu og af mikilli tilfinningu. Og jeg býst satt að segja við, eftir því sem mál þetta er vaxið, að hann kjósi fremur að ræða það með tilfinningu en rökum, af því hann mun hafa fundið sig vanfæran til þess að beita rökum í málinu. Mjer kemur mjög einkennilega fyrir sjónir, á hvaða grundvelli mál þetta er flutt. Mjer virtist hv. flm. ætla að telja mönnum trú um, að frv. ætti að hjálpa þeim hjerðum, sem afskekt eru og hafa fáa íbúa, en jeg sje ekki betur en að launahækkunin samkv. frv. gangi lengra í þeim hjeruðum, sem hafa marga íbúa. Sýnist mjer það nokkuð öfugt að farið, því að þar eru aukatekjur vitanlega meiri. Mjer hafa tjáð kunnugir menn, að hjer í Reykjavík muni yfirsetukonum jafnaðarlega ekki greidd öllu lægri upphæð en 50—80 kr. fyrir hvert barn, sem þær taka á móti, og að þær yrðu ekkert hissa, þó að þeim væri boðnar 100—150 kr.

Ef hv. flm. hefði það fyrst og fremst fyrir augum, að engin hjeruð yrðu yfirsetukonulaus, þá hefði hann átt að hækka mest launin í afskektustu hjeruðunum.

Hv. þm. N.-Ísf. hefir rjettilega bent á það, að laun yfirsetukvenna væru ekki lægri en annara sambærilegra starfsmanna í sveitunum. Þó hefir ennþá ekki fundist nein fær leið til að bæta kjör þeirra. Hv. þm. N.-Ísf. nefndi hreppsnefndaroddvitana, en jeg veit, að líkt stendur á um ýmsa aðra, t. d. hreppstjóra og skattanefndarmenn í sveitum, og mætti lengi halda áfram að telja svo. Niðurstaðan er ávalt sú, að opinber skyldustörf í sveitum eru lakar launuð en algeng vinna,

og miklu lakar en verkin eru verð. — Væri nú sýnilegur sá tilgangur í frv., að yfirsetukonur fengjust í öll umdæmi landsins, þá mundi jeg telja álitamál, hvort eigi bæri að fylgja því áfram í einhverri mynd. En það er bert, að frv. er fyrst og fremst sniðið til þess að hækka laun þeirra yfirsetukvenna, sem síst þurfa þess með.

Jeg mun því greiða atkv. gegn frv. þegar við þessa umr.

Flm. (Sigurður Eggerz): Jeg verð að segja það, að jeg hefi haft óblandna ánægju af því að hlusta á andstæðinga þessa máls. Jeg sá það svo glögt, hvernig hin vonda samviska þeirra stóð yfir þeim á meðan þeir fluttu ræður sínar. Og það, sem átti að heita rök í ræðum þeirra, var heldur ekkert annað en afsakanir vondrar samvisku.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi ómögulega opna launalögin; en það gæti nú samt skeð, að svo mikið ranglæti ætti sjer stað í þessu landi, að það væri nauðsynlegt og skylt að opna launalögin. Mjer skildist á hv. þm., að hann tæki þessa afstöðu af umhyggju fyrir starfsmönnum ríkisins og að hann vildi ekki samþ. þessa litlu breytingu af því að hún mundi tefja fyrir því, að alt launalagakerfið yrði tekið til athugunar. Já, við vitum nú, hvað þetta þýðir, að bíða eftir því, að kerfið sje tekið til athugunar; það þýðir ekkert annað en það, að reyna eigi að svæfa málið svo lengi sem mögulegt er. En þessi breyt. á launum yfirsetukvennanna er svo sem engin undantekning. Hæstv. forsrh. kom í fyrra með dýrtíðaruppbót handa prestunum. (**Forsrh.:** Það var framlenging á dýrtíðaruppbót). Já, en prestunum var veitt uppbót, sem þá var ekki í lögum, og þetta var alveg í samræmi við þá sjálfsögðu reglu, að þegar einhversstaðar verður vart við ranglæti, þá á að bæta úr því. Þess vegna er það líka alveg rjett að taka yfirsetukonurnar út úr nú.

Hv. þm. V.-Húnv. þótti jeg færa lítil rök fyrir máli mínu, og það getur vel verið, að guð almáttugur hafi búið hann betur út með rökum en mig; en jeg bar fram rök — því getur hann ekki mótmælt — og rökin voru þau, að yfirsetukonur vantar nú í 30 umdæmi. Og jeg veit satt að segja ekki, hvað eru rök, ef þetta eru ekki rök. Vilji hv. þdm. ekki taka gild þessi rök, þá verða þeir um leið að lýsa yfir því sem sinni skoðun, að það geri ekkert til, þó að konur deyi af barnsförum og unga kynslóðin farist voveiflega í fæðingunni; það er að segja, ef þeir á annað borð telja, að eins mikið sje varið í mannslífið í afskektu og fámennu sveitunum og t. d. hjer í höfuðstaðnum.

Það er alveg rjett, að hreppsnefndaroddvitar hafa lítil laun, og sama má segja um ýmsa aðra starfsmenn í þjónustu hins opinbera; en jeg vil bara benda á, að það vantar samt sem áður hvergi hreppsnefndaroddvita eða aðra góða starfsmenn. En hjer vantar yfirsetukonur í 30 umdæmi, og það er af því, að launin hafa verið skömtuð lúsarlega, og það er Alþingi algerlega ósamboðið. Samkv. lögunum eru stofnlaun yfirsetukvenna, er lægst eru launaðar í sveitunum, aðeins 200 kr. Dálítið einkennilegt, að sumir fulltrúar sveitanna skuli ekki sjá sjer fært að bæta úr þessu máli.

Jeg vil beina þeirri spurningu til hv. þm. V.-Húnv., hvernig hann ætli að útvega yfirsetukonur í þessi 30 umdæmi. Ætli það verði hægt á annan hátt en að bæta launin?

Hv. þm. V.-Húnv. fann að því við mig, að jeg skyldi tala um þetta mál af tilfinningu. En jeg veit þá ekki, hvenær má og á að tala af tilfinningu, ef ekki þegar eins stendur á og hjer nú í þessari hv. deild, þegar sömu mennirnir, sem altaf eru reiðubúnir til að samþ. allskonar bitlinga og óþarfa fjáraustur, gerast svo bíræfnir að setja sig upp á móti því, að afskektustu hjeruð þessa lands fái yfirsetukonu. Það er heldur ekki um það að ræða, að kasta neinu stórfje úr ríkissjóðnum. Allur sá gjaldaauki, sem af breytingunni mundi leiða, er eitthvað 20—30 þús. Og jeg er alveg viss um það, að hv. þm. V.-Húnv. fer með einhvern þyngri syndabagga burt úr þessari hv. deild áður lýkur en þó að hann greiddi atkv. með þessari sanngjörnu launauppbót yfirsetukvennanna.

Hannes Jónsson: Jeg verð að segja það, að jeg tel rök hv. þm. Dal. og mannúðarmjálm heldur lítils virði. Skal jeg þá byrja á rökunum og sýna fram á, hversu veigamikil þau eru. Hv. þm. segir t. d., að það sanni nauðsyn frv., að hreppsnefndaroddvita vanti hvergi á landinu, en víða vanti yfirsetukonur. En veit þessi hv. þm. það ekki, að störf oddvitanna eru þegnskylduvinna, sem hver maður verður að taka við, hvort sem hann er fús til eða eigi, ef hann er til þess kvaddur. En engin kona er skyldug til þess að gerast ljósmóðir. Jeg efast um, að oddvitar fengjust í alla hreppa, ef ekki væri þessi skylda, og það mest vegna þess, hve starfið er afskaplega illa launað. Nú hlýtur hv. þm. Dal. að viðurkenna það, að maður, sem vinnur slík skyldustörf, ætti að fá þau launuð eftir því sem þau eru verð. Ekki síst fyrir það, að oft hlaðast á sama mann mörg slík störf, sem draga að mestu starfskrafta hans frá heimilinu, sem hlýtur að hafa í för með sjer að meira eða minna leyti ófarnað í rekstri búsins. Þeim mönnum eru því allmislagðar hendur, sem sjá ekkert athugavert við laun þessara starfsmanna, en vilja teygja laun yfirsetukvenna langt yfir það, sem margar þeirra sætta sig við. En svona eru rök hv. þm. Dal. í þessu máli, og jeg get ekki tekið neitt tillit til slíkra raka.

Það er auðsætt af frv., að tilgangurinn með því er ekki eingöngu sá, að rjetta minni hjeruðunum hjálparhönd. Það sjest af samanburði þeirrar launauppbótar, sem yfirsetukonum þessara hjeraða er ætluð, við þá uppbót, sem stærri hjeruðin eiga að fá. Um leið og smærri hjeruðunum er ákveðin 100 kr. uppbót á byrjunarlaun, eiga hin að fá alt að 500 kr. uppbót, þ. e. a. s. launauppbótin á að vera fimm sinnum hærri hjer í Reykjavík en t. d. vestur í Dalasýslu. Þetta sýnir best, að hjer er ekki verið að vinna fyrir smáu umdæmin, þó að talað sje fyrir frv. á þeim grundvelli.

Hv. þm. Dal. færir sem ástæðu fyrir frv., að laun prestanna hafi verið hækkuð og því sje rjettmæt þessi launahækkun yfirsetukvennanna. Nú veit hv. þm. það, að launum prestanna hefir ekki verið breytt síðan launalögin voru sett, að öðru en því,

að nú fá þeir fulla dýrtíðaruppbót á þau eins og aðrir embættismenn ríkisins. Og yfirsetukonurnar þurfa alls ekki að kvarta, því þær voru áður búnar að fá þessa uppbót á laun sín. Hjer er því ekki um neina frambærilega ástæðu að ræða til launahækkunar.

Hv. þm. heldur því fram, að yfirsetukonur vanti í 30 umdæmi. Hvaða umdæmi eru það? Því hefir hann ekki komið með skrá yfir þau, svo ekki yrði um vilst, að hann færi með rjett mál. Nei, hv. þm. hefir ekki getað það, af því þessi umdæmi eru ekki til. Það mun að vísu rjett, að örfá afskektustu og fámennustu umdæmin eru yfirsetukonulaus. En ætli úr því yrði bætt með þessari launahækkun? Jeg held varla.

Jeg þykist nú hafa fært sæmilega gild rök fyrir því, að hv. þm. Dal. sje ekki að vinna hjer eftir mannúðarskrafi sínu. Nei, kápa mannúðarinnar á að hylja eitthvað, sem undir býr, en ekki má sjást.

Það er ekki rjett, að jeg hafi verið að hrósa mjer af því, hversu góð rök jeg bæri fram í þessu máli. En jeg staðhæfi þó, að þau sjeu ekki veigaminni en þau rök, sem hv. þm. Dal. hefir leyft sjer að bera á borð fyrir hv. deild.

Væri nú svo, að hv. þm. Dal. gæti fært líkur fyrir því, að þessi 100 kr. kauphækkun í minni umdæmunum mundi nægja til þess að sjá þeim öllum fyrir yfirsetukonum, mundi jeg jafnvel vera tilleiðanlegur til að greiða atkv. með henni. En að fara að hækka þessi laun um 100 kr. aðeins til þess að fá tækifæri til að hækka fimm sinnum meira laun þeirra yfirsetukvenna, sem síst þurfa þess með — já, fyrir því er engin skynsamleg ástæða. Ef til vill væri hv. þm. Dal. fáanlegur til að halda nú einn hjartnæman ræðustúf um bágindi yfirsetukvennanna hjer í Reykjavík, því að það eru þær, sem hv. þm. ber fyrir brjósti, þó að hann lofi hinum að fljóta með, til þess að lappa upp á málstaðinn.

Flm. (Sigurður Eggerz): Ekki gekk hv. þm. V.-Húnv. greiðlegar með rökin nú en áður. Hann gat ekki mótmælt því, að altaf sje hægt að fá nóga menn í oddvitastöður. Menn skoða þá stöðu sem heiður, eins og hún líka er. Oft veljast líka til hennar efnuðustu mennirnir í hverjum hreppi, sem mega við því, þó að starfið sje illa launað.

Það stendur enn með öllu óhrakið þetta tvent, sem jeg hjelt fram: annarsvegar þetta, að það er nóg af oddvitum, og hinsvegar, að 30 yfirsetukonur vantar.

Jeg skil ekkert í útreikningum hv. þm. V.-Húnv. Hann segir, að launahækkunin hjer í Reykjavík sje fimmföld. Eftir núgildandi lögum er launahámark yfirsetukvenna hér í Reykjavík 1000 kr. Ef þessi upphæð er fimmfölduð, verða það 5000 kr., sem hver ljósmóðir hjer í bæ ætti að fá, og jeg get mætavel skilið, að það liði yfir hv. þm. V.-Húnv. yfir því að vita til þess. En þessu er bara alls ekki svona farið. Það er skýrt tekið fram í frv., að launin skuli ekki fara fram úr 1500 kr. En launahækkun þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru lægst launaðar, er hlutfallslega miklu meiri, þar eð laun þeirra hækka samkv. þessu frv. úr 275 kr. upp í 500 kr. Þær fá því rúmlega 81% launahækkun, en hinar

fyrnefndu ekki nema sljett 50%. Hinsvegar er ekki því að neita, að yfirsetukonur hjer í Reykjavík eiga að mörgu leyti verri aðstöðu. Þær eru miklu bundnari, mega varla bregða sjer í annað hús, og þær verða jafnvel að halda stúlku til að gæta símans fyrir sig. Auk þess er á það að líta, hve dýrt er að lifa hjer í Reykjavík.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að yfirsetukonur tækju alt að 100 kr. fyrir yfirsetu. Jeg leyfi mjer að mótmæla þessu. Hv. þm. hefði átt að lesa yfirsetukvennalögin. Þm. hafa yfirleitt gott af því að kynna sjer málin, svo að þeir hafi einhvern fastan grundvöll að standa á. Í 7. gr. núgildandi l. um laun ljósmæðra er svo ákveðið, að þær skuli fá sanngjarna þóknun fyrir að sitja yfir, sem ekki skuli vera minni en 7 kr. Yfirsetukonurnar fá með öðrum orðum ekki meira en 7 kr. fyrir að sitja yfir konum. Það munar ekki meiru en þessum litlu 93 kr. hjá þessum hv. þm.

Mjer finst, að þeir hv. þm., sem flytja fram svona rök, ættu sem minst að segja, og að þeim væri yfirleitt heppilegast að fara heim — og lesa betur.

Hannes Jónsson: Jeg má til að víkja að því, sem hv. þm. Dal. sagði um röksemdir mínar. Hann heldur því fram, að það sanni misrjettið, að nógir oddvitar fáist, en hann hlýtur að skilja það, þessi hv. þm., að menn eru skyldaðir með l. til þess að gegna oddvitastarfinu (**SE:** Í þrjú ár). Veit jeg það. Hinsvegar eru ljósmæður ekki lögþvingaðar til að gegna starfa sínum, ekki frekar en hv. þm. Dal. er þvingaður til þess að vera þm. (**SE:** Jú, það er jeg einmitt). Nei, en hv. þm. hefir sterkan vilja til þess og þykir heiður í því að vera talinn einn af löggjöfunum.

Hv. þm. var að tala um það, að jeg hefði sagt, að l a u n ljósmæðra eftir þessu frv. væri fimmföld. Hann heyrir hálfeinkennilega, þessi hv. þm. Jeg sagði, að l a u n a h æ k k u n i n væri fimmföld, miðað við lægstu launin, og hv. þm. þýðir ekkert að hlaupa frá veilum sínum með því að snúa út úr.

Hv. þm. ætlaði að gera sig að stórum manni út af þeim ummælum mínum, að ljósmæðurnar tækju 100 kr. fyrir að sitja yfir. Nú vita það allir menn, að í raun og veru fara ljósmæðurnar ekki eftir neinum taxta. Þær setja oft ekkert upp fyrir að sitja yfir, en láta hlutaðeigendur ráða, hvað þeir borga, og svipurinn sýnir fljótt, hvort vel er þegið. Flestir menn eru svo gerðir, að þeir kunna því ekki vel að álítast borga þetta illa, og það er sama, hvort þóknunin er lögboðin eða greidd af fúsum vilja, ef niðurstaðan er sú sama og ljósmæðurnar fá þetta vel borgað. Jeg býst við því, að hv. þm. Dal. hafi oft þurft á yfirsetukonu að halda, þó að mjer sje það ekki kunnugt, og jeg geri ráð fyrir, að hann — sem bæði er vel metinn maður og auk þess bankastjóri — muni ekki hafa borgað þeim undir 100—150 kr. fyrir ómak sitt.

Pjetur Ottesen: Jafnvel þó að jeg búist við því, að fá þau svör hjá hv. þm. Dal., sem ýmsir aðrir andmælendur þessa frv. hafa fengið, að best sje fyrir mig að fara heim og lesa betur, ætla

jeg samt að segja nokkur orð. Og jeg ætla að byrja með því, að benda þessum hv. þm. á það, að honum hefði sjálfum ekki veitt af að kynna sjer þetta mál nokkuð betur. Hann er altaf að hamra á því, að yfirsetukonurnar úti á landi hafi ekki nema 200 kr. í laun. Jeg hefi fyrir framan mig gerðabók ríkisgjaldanefndarinnar, og í henni er gefið yfirlit um laun ljósmæðra fyrir árið 1926. Þar sjest það, að ljósmæður úti um sveitirnar hafa á ári þetta 300—400, 400—500 og jafnvel 600—700 krónur. Jeg skal ekki ábyrgjast, að þetta sje rjett, en þar sem skýrsla nefndarinnar er gefin út sem opinbert plagg, virðist engin ástæða til að rengja hana. Jeg vil því vænta þess af hv. þm. Dal., að hann hætti að undirstrika þá fjarstæðu, að yfirsetukonur til sveita hafi ekki nema 200 kr. í laun á ári.

Jeg vil taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að í þessu frv. kemur greinilegast fram umhyggjan fyrir þeim yfirsetukonum, sem eru í kaupstöðunum. Í þessu sambandi vil jeg benda á það, hvernig laun lækna til dæmis að taka, eru ákveðin, en það er þannig, að þeir læknar, sem eru í fjölmennum hjeruðum, hafa lægri stofnlaun en hinir, sem í fámennari hjeruðum eru, með tilliti til þess, að aukatekjur þeirra eru meiri. En samkv. því frv., sem hjer liggur fyrir, um breyt. á launum yfirsetukvenna, er farið öfugt að við þetta. Jeg tek þetta fram af því, að jeg þykist vita með vissu, að krafan um launahækkunina sje sprottin hjeðan úr Reykjavík, enda ber frv. þess ljós merki. Og jeg held, að undir þær óskir um launahækkun, sem borist hafa utan af landi, hafi verið ýtt hjeðan úr Reykjavík. Sjálfur þekki jeg dæmi þess, að yfirsetukonur í sveit hafa neitað að skrifa undir þessar áskoranir.

Hv. þm. Dal. segir, að þessi krafa sje almenn á meðal ljósmæðra, en jeg vil benda honum á það, að hún er upprunnin hjeðan úr Reykjavík, en ekki t. d. úr Dalasýslu eða öðrum sveitahjeruðum. Ef þetta væri ofarlega á baugi þar, mundi það hafa komið fram í þingmálafundargerðum þaðan. (SE: Þær eru ekki margar). Að minsta kosti ein, en þar er ekkert um slíkt talað, og er þó drepið á ýms mál. Hv. þm. Dal. fanst það eðlilegt, að yfirsetukonurnar skyldu fara fram á þessa launahækkun, og sagði, að þær hefði „aldrei frið". En þetta sýnir bara, að kunnugleiki hans af þessum málum nær lítið eða ekkert út fyrir Reykjavík. Jeg verð nú að segja það, að jeg býst við, að yfirsetukonunum safnist sæmileg fúlga yfir árið, þar sem svo er ástatt, að um óslitið starf er að ræða, eins og hv. þm. Dal. vill vera láta.

Hv. þm. Dal. var að bera hv. þm. V.-Húnv. það á brýn, að hann liti svo á, að það gerði ekkert til, þó að konur færust af barnsförum. Er hv. þm. Dal. viðbúinn að benda á dæmi þess, að þetta hafi komið fyrir af því, að ekki hafi náðst í yfirsetukonu?

Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að það vanti 30 yfirsetukonur, — jeg held, að það sje ósannað mál, að svo sje — en jeg býst við því, að hjer sje þá eingöngu átt við „lærðar" yfirsetukonur eða þær, sem útskrifast hafa úr yfirsetukvennaskólanum. Mjer er það nú kunnugt, að það eru mörg dæmi þess,

að próflausar yfirsetukonur hafa ekki reynst lakari en hinar, en jeg skal ekki fara frekar út í það atriði.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um það, að ljósmæðurnar þyrftu að hafa fleiri störf með höndum en þær hafa, og að hægt væri að bæta úr því með því t. d. að gera þær að hjúkrunarkonum jafnframt. Þetta er alveg rjett athugað, enda er þessu sumstaðar svo fyrir komið.

Hv. þm. Dal. talaði af miklum eldmóði og með grátklökkum orðum um hið hróplega ranglæti, sem konurnar yrðu að þola og þótti þeim misboðið í því, að þær bæru ekki, hvað launagreiðslur snertir, jafnt úr býtum og karlar. Út af þessu vil jeg beina því til hv. þm. Dal., hvort konur beri jafnt úr býtum sem karlar við þá stofnun, sem hann stjórnar.

Flm. (Sigurður Eggerz): Mjer þykir leiðinlegt, að mega ekki gera nema stutta aths. En það er bót í máli, að jeg þarf litlu að svara hv. þm. V.-Húnv., enda er hann dauður. Því hefir ekki verið hnekt, að það vantar 30 yfirsetukonur og að eina ráðið til að fá þær er að hækka launin.

Jeg hafði dálitið gaman af því, — jeg skal játa það, — að þeir skyldu slá bökum saman í þessu máli, hv. þm. Borg. og hv. þm. V.-Húnv. Það má segja um það: á þeim degi gerðust þeir Heródes og Pílatus vinir. (**PO:** Við höfum altaf verið vinir). Ja, ekki hefi jeg orðið var við, að hjörtu hv. þm. slægju saman fyrr en í þessu máli.

Af því að mjer er afmarkaður tíminn, ætla jeg að snúa mjer að hv. þm. Borgf. Hann sagði, að frv. bæri það með sjer, að það væri runnið hjeðan úr Reykjavík. Jeg vil benda á það, að samkv. gömlu l. eru laun þeirra yfirsetukvenna, sem verst eru launaðar, ákveðin 275 kr. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þær fái 500 kr. Hækkunin nemur með öðrum orðum rúmlega 81%. Hinsvegar hækka laun hinna betur launuðu yfirsetukvenna úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Sú hækkun er sljett 50%. Hv. þm. Borgf. ætti því ekki að vera að gera sig svo heimskan að vilja bera á móti því, að hækkunin sje hlutfallslega meiri hjá þeim ljósmæðrum, sem ver eru launaðar, en hinum. Enda vonast jeg til, að þessu vopni verði ekki haldið á lofti lengur.

Hv. þm. Borgf. sagðist ekki hafa sjeð þessa máls getið í fundargerðum úr Dalasýslu. Þar hafa nú verið haldnir fáir fundir og sjálfur hefi jeg ekki haft tækifæri til að halda þar fundi. En jeg hefi altaf orðið þess var, að kjósendur mínir voru skilningsgóðir á merk mál, og hv. þm. Borgf. þarf ekki að ímynda sjer, að hann geti fengið Dalamenn til að yfirgefa mig í mannúðarmálum.

Hv. þm. Borgf. hneykslaðist á því, að jeg taldi það rangt, að kvenfólkið væri ver launað en karlmenn. En jeg endurtek það, að það eru leifar af gömlum og úreltum skoðunum, að konur sjeu lægra rjettar en karlar. Það er hróplegt ranglæti, að konur skuli ekki fá sömu laun og karlar fyrir að gegna sömu störfum. En sú kemur tíðin, að konurnar vakna, og þá munu þeir menn fá að kenna á broddum þess, sem eins eru sinnaðir og hv. þm. Borgf.

Hv. þm. Borgf. var að spyrja að því, hvort þær konur, sem ynni í Íslandsbanka, bæru jafnt úr býtum og

þeir karlmenn, sem þar ynnu. Því miður má jeg ekki svara þessari spurningu, nema með leyfi bankaráðsins, þar eð jeg er bundinn þagnarloforði. (**Forsrh.**: Það leyfi skal með ánægju veitt). Hæstv. forsrh. hefir ekki vald til að veita slíkt leyfi án samþykkis bankaráðsins. Þó að hann sje mikill maður, er hann ekki alt bankaráðið.

Jeg ætla svo ekki að hafa þetta lengra. En jeg veit, að allir sanngjarnir menn eru með þessu máli, og það mun reynast því trygt og nóg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv. og til fjhn. með 13: 2 atkv.

Á 32. og 33. fundi í Nd., 26. og 27. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 54, n. 125 og 182).

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Deildin er nú svo fámenn, að jeg vildi fara fram á það við hæstv. forseta, að taka málið út af dagskrá í þetta sinn, nema því aðeins, að atkvgr. verði frestað, að umr. lokinni.

Forseti (JörB): Um þetta mál verða sennilega nokkrar umr., og sje jeg eigi ástæðu til annars en að halda þeim áfram. Sennilegt er, að fleiri hv. þm. verði komnir í deildina, þegar atkvgr. fer fram.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Við 1. umr. þessa máls var mikið um það rætt, sem ekki virðist ástæða til að taka upp nú. Skal jeg því ekki vera mjög langorður í þetta sinn.

Áður en jeg byrja á meginmáli ræðu minnar, vil jeg leyfa mjer að leiðrjetta villu, sem af vangá hefir slæðst inn í nál. minni hl. Þar er gerður samanburður milli lágmarkslauna annarsvegar og hámarkslauna hinsvegar. Útkoman, 150%, gefur því ekki rjetta hugmynd um hækkunina samkv. frv., en á að vera annaðhvort 50% eða 82%, eftir því, hvort tekin eru byrjunarlaun eða hámarkslaun. Munurinn er reiknaður rjett út í nál. meiri hl., og get jeg vísað til þess útreiknings.

Meiri hl. hefir ekki viljað ganga inn á, að það væri rjett, að yfirsetukonur vanti í jafnmörg umdæmi og minni hl. heldur fram. Meiri hl. vill ekki trúa því, að yfirsetukonur vanti í 30 umdæmi. Í nál. hans er það haft eftir landlækni, að honum hafi engar kvartanir borist um vöntun yfirsetukvenna. Í tilefni af þessum ummælum vil jeg geta þess, að jeg hefi í höndum brjef frá yfirsetukvennafjelaginu hjer, þar sem þess er getið, að stjórn fjelagsins hafi átt tal við landlækni, og neiti hann því, að þessi ummæli sjeu rjett hermd eftir sjer. Jeg skal taka það fram, að jeg geri alls ekki ráð fyrir, að hv. meiri hl. fari hjer viljandi með rangt mál, heldur sje um misskilning að ræða á orðum landlæknis.

Hv. meiri hl. byggir staðhæfingu sína um það, að yfirsetukonur sjeu nógu margar, á skýrslum úr gerðabók ríkisgjaldanefndar. Og það er rjett, að af þeim skýrslum verður ekki beinlínis annað sjeð, en að þjónandi yfirsetukonur sjeu í öllum umdæmum. Þó er það tekið fram, að sumar yfirsetu-

konur þjóni 2 umdæmum, eða þá að tvær skifti einu umdæmi milli sín. Þegar mjer barst nál. í hendur, sneri jeg mjer til stjórnar yfirsetukvennafjelagsins og bað um umsögn þess og skýringu á ýmsum atriðum í álitinu, einkum viðvíkjandi vöntuninni. Hefir mjer nú borist svar frá henni, og skal jeg leyfa mjer að geta hins helsta, sem þar er tekið fram.

Þess er þá fyrst getið, að í skýrslum ríkisgjaldanefndar sjeu umdæmin talin 205, en ljósmæðurnar 189. Eftir þeim skýrslum vantar því 16 ljósmæður. Ennfremur er það að athuga, að umdæmin eru að rjettu lagi 210, auk kaupstaða. Þá vantar 21. Þá getur stjórn fjelagsins þess, að sjer sje kunnugt um, að 5 konur, sem nú gegni ljósmóðurstörfum, sjeu með öllu ólærðar. Má þá færa tölu lausu umdæmanna upp í 26. Þá bendir stjórn fjelagsins á það, að síðan 1926 hafi mörg umdæmi losnað, og engar ljósmæður fengist í þau. Er þess getið, að í Suður-Múlasýslu hafi 3 umdæmi verið auglýst til umsóknar árangurslaust, og í Strandasýslu eitt. Loks er þess að gæta, að þó að 2 ljósmóðurumdæmi sjeu sameinuð, af því að ekki er annað hægt, þá er rangt að telja þau fullskipuð.

Stjórn fjelagsins bendir líka á, að helst sje slengt saman þeim umdæmum, sem síst skyldi, nefnil. þeim strjálbýlustu, því að þar gengur verst að fá yfirsetukonur, „enda munu fáir vera ánægðir með það fyrirkomulag", segir í brjefinu.

Jeg sje ekki ástæðu til að angra neina hv. þm. með því að lesa meira.

Af því, sem jeg nú hefi sagt, er auðsætt, að stjórn ljósmæðrafjelagsins hefir í brjefi sínu til mín fært fullar sönnur á, að lærðar yfirsetukonur vantar nú raunverulega í eigi færri en 30 umdæmi.

Hvernig stendur nú á því, að verið er að slengja saman tveimur umdæmum og setja eina yfirsetukonu þar? Það er vitanlega vegna þess, að ekki er hægt að fá ljósmæður svo sem þörf er á, vegna launakjaranna, en það sýnir einmitt, hversu rjettmætt þetta frv. er. Mjer þótti líka rjett að láta brjefið frá ljósmæðrafjelaginu tala í þessu máli, því þær hafa mesta þekkingu á þessu, þar sem þær standa í stöðugu sambandi við ljósmæður úti um land og vita því best, hvar skórinn kreppir.

Jeg mintist aðeins á dýrtíðaruppbót, er prestarnir fengu á síðasta ári, í því skyni að sýna, að það væri ekki ófrávíkjanleg regla, að allir starfsmenn hins opinbera yrðu að bíða eftir endurskoðun launalöggjafarinnar. Eftir fordæminu með prestana mætti einnig taka yfirsetukonurnar nú.

Það kemur greinilega í ljós, að meginatriðið í ástæðum hv. meiri hl. n. er það, að hann vill sýna fram á, að þær launabreytingar, sem hjer er um að ræða, sjeu fremur í vil hinum hæstlaunuðu heldur en þeim lágt launuðu, og það er sannast að segja, að svo framarlega sem hv. meiri hl. gæti fært rök fyrir því, þá mætti segja, að ætti að taka tillit til þess. En þegar litið er að öðru leyti á þessa grg. hv. meiri hl., og hún er borin saman við þau raunverulegu laun, sem yfirsetukonurnar hafa, þá skal jeg sýna fram á, að það staðfestist æ betur og betur, að sú launahækkun, sem hjer er um að ræða, kemur sjerstaklega til góða þeim ljósmæðrum, sem illa eru launaðar.

Hv. meiri hl. hefir reiknað út, hvernig þessi launviðbót myndi koma fram á ýmsum stigum. Það hefði nú mátt ætla, að hv. meiri hl. hefði í þessari grg. sinni tekið upp yfirsetukvennaumdæmi eins og þau eru og reiknað launin eftir þeim, en svo er ekki; hjer eru aðeins búin til reikningsdæmi, launin sýnd í ýmsum stigum, en þau hjeruð eru ekki til í landinu, sem mikið af útreikningnum er miðað við. En þrátt fyrir allar tilraunir hv. meiri hl. til þess að sýna fram á, að meira tillit sje tekið til hinna hátt launuðu heldur en þeirra lágt launuðu, þá verður samt niðurstaðan í nál. þeirra sú, að meira tillit sje tekið til hinna lágt launuðu, því að það er játað þar, að hámarkslaun hinna lágt launuðu hækki um 82%, en hjá hinum hátt launuðu ekki nema um 50%.

En það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, hvernig þessi launahækkun kemur niður, og skal jeg þá fyrst tala um hámarkslaunin. Þá er fyrst gert ráð fyrir því, að laun, sem samkv. lögunum frá 1919 eru ákveðin 1000 kr., verði samkv. þessum lögum 1500 kr. En nú er að athuga það, hve margar yfirsetukonur á landinu það verða, sem njóta þessarar hækkunar, og það sýnir sig, þegar til kemur, að það eru aðeins þrjár yfirsetukonur á öllu landinu, sem þessi hækkun nær til.

Menn vilja ef til vill segja, að það sje ekki mikil ástæða til þess að vera að hækka laun þeirra, sem mest laun hafa, en því er aftur til að svara, að því er þessar yfirsetukonur snertir, að þær verða að afla sjer alveg sjerstakrar mentunar. Það eru gerðar kröfur til að þær sigli og afli sjer meiri mentunar en ljósmæður alment hafa, og sjeu sem hæfastar til starfsins, vegna þess að þær eiga að kenna ljósmæðrum, sem þær verða að gera fyrir mjög lág laun. En það vita allir, hvaða þýðingu það hefir, að þær ljósmæður sjeu vel valdar, sem hafa slíka kenslu á hendi. Þessi hækkun, sem hjer er um að ræða, kemur aðeins á þrjár yfirsetukonur í Reykjavík; taki maður Hafnarfjörð og Vestmannaeyjar með, þá fá ljósmæðurnar þar um 1200 kr. laun, svo að það verður, eftir því sem stjórn yfirsetukvennafjelagsins segir, engin hækkun, hvorki á byrjunarlaunum nje hámarkslaunum þeirra.

En líti maður nú aftur á móti á lágu launin, þá kemur það merkilega fram í þessu máli, og sem hv. meiri hl. n. hefir ætlað sjer að læðast fram hjá með því að búa til þetta yfirlit yfir launakjörin. Þá kemur nefnilega það merkilega fram, að á lægsta stiginu eru um 140 yfirsetukonur, sem eru með 200 kr. lágmarkslaun, og í þessu liggur hin alvarlega sönnun fyrir því, að þessi lækkun kemur aðallega fram á þeim, sem lægst eru launaðar. Frekari sannana þarf ekki við.

Mjer virðist, að öllum muni nú vera það ljóst, að það þarf ekki að gera sjer neina sjerstaka fyrirhöfn til þess að hrekja þær ástæður, sem fram eru færðar í nál. hv. meiri hl. n. Mjer sýnist, að þessar tölur, sem jeg hefi bent á, og ýms atriði, sem stjórn ljósmæðrafjelagsins hefir tekið fram, og eins þegar litið er á það, hve mikið far hv. meiri hl. n. hefir gert sjer um það, að verja málstað sinn, þá get jeg ekki ímyndað mjer annað, en að þeir menn, sem óhlutdrægt lesa nál., finni til þess, að það er svo langt frá því, að hv. meiri hl. hafi tekist að sanna það, sem

hann vildi. Það er þvert á móti svo, að þó hann tali um, að hækkunin sje meiri hjá þeim, sem hæst launaðar eru, þá sýnir það sig, þegar farið er að rannsaka nál., að það eru aðeins þrjár yfirsetukonur, sem njóta þessarar miklu hækkunar, en 140, sem eru á lægsta stigi. En þrátt fyrir það, þó að þetta sje bæði staðfest af ríkisgjaldanefnd og stjórn yfirsetukvennafjelagsins, þá er því samt haldið fram af mesta ofurkappi í umr., að hjer sje verið að berjast fyrir þær háttlaunuðu, en ekki fyrir þær, sem lægst hafa launin. Ennfremur verður að líta á það, að sumir bæirnir hafa orðið að fara hærra um launagreiðslur heldur en gildandi lög ákveða, til þess að geta fengið góðar yfirsetukonur. Það er sem sagt enginn vafi á því, að í bæjunum skilja menn, hvað það þýðir að hafa góðar og vel mentaðar ljósmæður. Ef t. d. ætti að fara að lækka laun ljósmæðra hjer í Reykjavík, svo að hingað fengist aðeins miðlungs ljósmæður, þá myndi það alls ekki verða þolað. Svo kalla jeg líka, að þeir, sem sjerstaklega mæta hjer fyrir sveitaumdæmi, þeir sjeu sannarlega hógværir og af hjarta lítillátir, þegar þeir láta sjer það nægja, að það sje slengt saman tveimur umdæmum, og svo kannske sett í það ljósmóðir, sem ekkert hefir lært, en hirða ekkert um að fá til starfans ljósmóður, sem hefir eins góða þekkingu og nú er kostur á hjer á landi, — það virðist mjer óþarflega mikil nægjusemi.

Þegar hv. frsm. meiri hl. n. tekur til máls á eftir, þá vona jeg, að hv. þm. muni eftir því, sem jeg hefi sagt hjer, að það eru þrjár yfirsetukonur í Reykjavík, sem fá þessa miklu hækkun, sem hv. þm. ofbauð svo mjög, en 140 yfirsetukonur á lægsta stigi. En hverjar eru svo þessar kröfur, þótt alt verði samþ., sem farið er fram á í þessu frv.? Þá fá þessir starfsmenn hins opinbera alls ekki svo mikil laun sem ýmsar vinnukonur hjer í Reykjavík. Það er von, að mönnum ofbjóði, að það skuli varla vera nokkur einasta ljósmóðir í sveitum þessa lands, sem fær meðal vinnukonulaun.

Jeg held, að jeg verði að lána hv. frsm. meiri hl. þetta brjef, sem stjórn ljósmæðrafjelagsins hefir skrifað mjer; jeg er alveg sannfærður um, að hv. þm. gæti lært ýmislegt af því, sem hann á enn eftir að læra.

Hv. meiri hl. segir, að útgjaldaauki af frv. þessu, ef það verði að lögum, muni nema fullum 50 þús. kr., auk þeirrar dýrtíðaruppbótar, sem stafi af launahækkuninni. Jeg veit ekki, á hvaða útreikningi þetta er bygt; að minsta kosti getur hv. meiri hl. ekki bygt á þeim mikla útreikningi, sem hann birtir hjer í nál. sínu.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum um þetta mál að sinni; málið talar líka best fyrir sjer sjálft, og jeg vona, að hv. þdm. hafi nú sjeð það, að þau rök, sem hv. meiri hl. n. hefir fært fyrir sínum málstað, eru mjög lítilfjörleg.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Með sólskinsbrosi á vörum lagði hv. þm. Dal. út af því, hvað við meiri hl. n. værum nægjusamir. Jeg held, að hv. þm. hefði unnið þjóð sinni meira gagn, ef hann hefði verið ósköp lítið nægjusamari um dagana, heldur en hann hefir verið. Það er einmitt það, sem okkur vantar, að vera það nægju-

samir sem samsvarar okkar eigin getu og þjóðarinnar, til þess að fullnægja kröfunum.

Hv. þm. Dal. vildi reyna að sanna það, að meiri hl. n. færi með staðleysur, þegar hann efaðist um, að það væri rjett hjá hv. minni hl., að það vantaði yfirsetukonur í 30 umdæmi á landinu. Jeg get nú ekki sjeð það, af því sem jeg hefi blaðið í þessari bók, gerðabók ríkisgjaldanefndar, af þeim skýrslum, sem þar eru birtar, að það sje nema 199 yfirsetukvennaumdæmi í landinu, utan kaupstaða, en á öllu landinu eru ekki nema 204 hreppar, og margir þeirra sameinaðir í eitt umdæmi; í einni sýslu eru t. d. fimm hreppar, sem hverfa úr tölunni, svo það mega vera allmargir hreppar á landinu, sem er skift í tvö yfirisetukvennaumdæmi, til þess að fleiri verði en áður eru talin.

Samkv. þessari sömu skýrslu voru þjónandi yfirsetukonur utan kaupstaða 1926 189; ætti þá að vanta yfirsetukonur í 10 umdæmi, en þess er getið í nál. meiri hl., eins og hv. þm. Dal. hefir veitt eftirtekt, að sumar yfirsetukonur þjóna tveimur umdæmum, og því hæpið að segja, að þar vanti yfirsetukonur, ekki síst þar sem fult samkomulag hefir orðið um þetta hjá hlutaðeigandi umdæmum. Það virðist vera fullkomin ástæða til að efast um, að fullyrðing sem þessi, að í 30 yfirsetukonuumdæmi vanti yfirsetukonu, sje á rökum bygð.

Árið 1912 gerði landlæknir allítarlegar rannsóknir um alt, sem snerti launakjör og starfsemi yfirsetukvenna; m. a. rannsakaði hann það og athugaði, hver meðalembættisaldur yfirsetukvenna væri, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann væri 20 ár. — Ef nú væri gert ráð fyrir, að 200 yfirsetukvennaumdæmi sjeu á öllu landinu, þá ætti að þurfa að útskrifast árlega tíu yfirsetukonur, til þess að fullnægja eftirspurninni, en síðastliðin tíu ár hafa til jafnaðar útskrifast tólf á ári, og er það tveimur fleira en þarf til að fullnægja þörfinni.

Hv. frsm. minni hl. vildi halda því fram, að það, sem haft er eftir landlækni í nál., hafi verið skakt, en jeg hygg, að það sje útilokað, en hitt gæti átt sjer stað, að málið hefði verið flutt eitthvað öðruvísi við hann en nál. gefur tilefni til. Vil jeg þó ekki fara mikið út í það. Jeg vil aðeins benda á það, að þetta átti ekki að skiljast svo, að aldrei hefði á þessu árabili verið þörf á yfirsetukonum, heldur hitt, að þörfinni hafi verið fullnægt, og mjer þykir það einkennilegt, ef eitthvert hjerað hefir ekki fengið þörfinni fullnægt, að það hafi þá ekki gert umkvörtun á þessu ári, en það hygg jeg, að hvorki yfirsetukvennafjelagið nje hv. þm. Dal. geti fengið yfirlýsingu landlæknis um, að hann hafi fengið áskorun í vetur þess efnis, að útvega yfirsetukonu. Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að losni um tíu umdæmi á ári, en þar sem tólf ljósmæður útskrifast á ári, þá þykir mjer líklegt, að þau umdæmi geti fengið hæfan embættismann.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, þjóna nokkrar yfirsetukonur tveimur umdæmum, en það er alls ekki fyrir þá ástæðu, sem hv. frsm. minni hl. vill halda fram. Jeg hefi sannanir fyrir því, að þar sem þetta fyrirkomulag er, sumstaðar, þá hafa hlutaðeigandi hjeruð ekki kært sig um annað;

þau hafa verið ánægð með það, þótt yfirsetukona annars umdæmis þjónaði hjá þeim. Það hefir líka sýnt sig nokkur undanfarin ár, að alt stefnir meira og meira í þá átt að stækka þessi umdæmi og láta þau renna saman eftir því sem hægt er, og jeg sje ekki annað, en að það sje fullkomlega rjettmætt, ef það starf kostar svo mikinn lærdóm sem hv. minni hl. n. vill halda fram, að nota þá þessa lærðu krafta sem best. Þetta verður líka því auðveldara á landi voru, þar sem nú er sú breyting allvíða á orðin, að í sumum sveitum, þar sem áður þurfti 2—3 tíma ferð á hestum, má nú kannske þjóta yfir í bifreið á 15—20 mínútum.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þá breytingu, sem gerð var á launakjörum prestanna, þ. e. a. s. launin sjálf voru látin standa óbreytt, eftir því sem lögin ákveða, en dýrtíðaruppbótin var færð í það horf, að þeir fengu fulla dýrtíðaruppbót eins og aðrir embættismenn. Jeg get þess vegna ekki viðurkent, að hægt sje að segja, að þar sje verið að gera neina gagngerða breytingu á launum þeirra. Það er heldur ekkert við því að segja, þótt yfirsetukonur fái dýrtíðaruppbót á laun sín, eins og nú er orðið, en ef þessi launahækkun, sem hv. minni hl. n. ætlast til, verður samþ., þá býst jeg við, að verði allþröngt fyrir dyrum vegna umkvartana annara embættismanna, sem með engu minni rjetti gætu beiðst hækkunar á launum sínum.

Jeg held, að ef ætti að launa öðrum embættismönnum þjóðarinnar í hlutfalli við þetta, þá myndi mörgum þykja helst til langt gengið. Þó ber þetta engan veginn svo að skilja, að laun yfirsetukvenna eigi ekki að breytast, heldur álít jeg, að hv. þm. verði að hafa það hugfast að gera ekki einum hærra undir höfði en öðrum. Hv. frsm. vildi vefengja orð mín, en hann gat ekki neitað því, að rjett væri með tölur farið, og að hjer væri verið að ganga á rjett þeirra, er lægst hefðu launin, en hann þvoði hendur sínar með því, að hjer í Rvík væru aðeins 3 yfirsetukonur, sem nytu þessara launa, en fjöldi úti um land. Það hefir ekki áhrif á eðli málsins, hvað margar yfirsetukonurnar eru, en það hefir áhrif á pyngjuna, sem á að greiða þeim launin. Hjer er líka verið að vinna fyrir þær hálaunuðu, en ekki þær láglaunuðu; þær njóta ekki þessarar launahækkunar fyr en eftir 12 ár frá því, er launin ganga í gildi, þótt þær hafi áður verið búnar að gegna þessum störfum í 12 eða jafnvel 20 ár, og það er ranglæti gagnvart þeim, því að þær fá engin hlunnindi við þessa launauppbót. Þetta mál kom fyrir í efri deild í fyrra, en þá þótti ekki nógu vel frá frv. þessu gengið, en nú kemur það fram hjer með svipuðum göllum. Það sýnir, að þetta mál er ekki flutt af eins mikilli alvöru og önnur mál, heldur hafa hv. flm. leitað að einhverju formi til að fullnægja kröfunum, sem hlutaðeigendur hafa gert, og harðvítugum óskum þeirra. Þeir hafa ekki verið að leita eftir rökum, og þeir hafa ekki heldur haft fyrir því að fletta upp í Alþt., til þess að athuga, hvaða útreið frv. fjekk í Ed. í fyrra, en það hefði hv. flm. átt að gera, ef þeir hefðu viljað, að frv. kæmi

að liði. Þá talaði hv. þm. um það, að bæir hefðu orðið að borga hærri laun en lög standa til, en það er mjer ekki kunnugt um. En hvers vegna er þá farið að pota þessu inn í lögin, ef yfirsetukonurnar hafa þegar fengið launauppbót hjá bæjunum? Mjer vitanlega hafa engar umkvartanir komið, t. d. frá bæjarstjórn Rvíkur, eða óskir um það, að launin verði hækkuð. Eftir þessum ummælum hv. þm. ættu 3 yfirsetukonur að fá þessi laun, en jeg veit að minsta kosti um 7, sem eru hjer „praktiserandi" og fá engin laun, en virðast þó una vel hag sínum, og það sýnir, að þessi staða borgar sig, og að aðaltekjurnar fá þær sem aukatekjur, þær eru aðalkeppikefli, því að annars myndu konurnar ekki hirða um slíkan starfa. Jeg get játað það góðfúslega, að í nál. meiri hl. er útgjaldaaukinn ekki reiknaður út nákvæmlega. Það kemur til af því, að í frv. er stytt-ur sá tími, sem þarf til að ná hæstu launum, um 3 ár. Hv. þm. Dal. vitnaði í Hafnarfjörð og Vestmannaeyjar, en jeg vil benda honum á það, að á þessum stöðum hækka lágmarkslaun aðeins um 22%, en hámarkslaun um 37%. (**SE:** Hvað reiknar hv. þm. með mörgum mönnum í Vestmannaeyjum?). Þar eru 3370. (**SE:** Svona er allur útreikningurinn vitlaus, því að í Vestmannaeyjum eru 2 umdæmi). Jæja, það er gott, að hv. þm. Dal. gefur þessa upplýsingu, því hún verður til að sýna betur en nokkuð annað, hversu þetta frv. er fráleitt því að fullnægja rjettlætinu í þessu launamáli. Með því að Vestmannaeyjum er skift í 2 umdæmi verður launahækkunin aðeins 2—3%, en hefði annars orðið 22%. Hvaða vit er í þessu? Og hvaða vit eða rjettlæti er í því, að hækka laun yfirsetukvenna í Rvík um 50%, þegar launahækkunin í Vestmannaeyjum er aðeins 2—3%? Þetta ætti að sýna, hversu kastað hefir verið höndunum til frv. þessa og að hv. flm. hafa vaðið í villu og reyk, er þeir sömdu það. Ósamræmi í launakjörunum er óhafandi, og því eiga lögin um laun yfirsetukvenna að bíða þar til launalögin verða endurskoðuð, löguð og leiðrjett. Hvaða sennileg ástæða er til þess, að launalög eigi að vera svo vitlaus, að þau hækki launin á öðrum staðnum um 50%, en lækki á hinum um 12%, svo framarlega sem núverandi hlutföll sjeu rjett? Þetta er ekki sú rjetta leið, og jeg skil ekki, að hv. deild geti gengið að þessu frv. meðan það er svona. Það mætti segja ýmislegt um þetta mál ennþá, en jeg vil þó aðeins taka það fram, að hjer gætir svo mikils ósamræmis, að hv. þm. ber að athuga það nákvæmlega, áður en þeir taka afstöðu til þess. Jeg get að vísu játað það, að sum hjeruð eru of lágt launuð, en þetta mál þarf að athuga með sanngirni og nákvæmni, því að auðvitað er þessum lögum ætlað að standa um langan tíma, og mitt álit er það, að þessi lög geti gjarnan beðið þangað til endanleg rannsókn verður látin fara fram.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg hefi á undanförnum þingum svo oft haft tækifæri til að tala um þetta mál, að jeg mun láta mjer nægja í þetta sinn að segja aðeins örfá orð. Þetta frv. fer fram á, að bætt verði launakjör eins flokks starfsmanna, en mitt álit er það, að ekki sje rjett að gera það fyr en launalögin verða tekin fyrir í heild

sinni. Frá minu sjónarmiði eiga þessi ákvæði að fara saman með hinum, og það mun ekki líða á löngu, þar til lögin verða endurskoðuð. En jeg álít, að fyrst verði menn að hafa gengið úr skugga um, hvert verði verðgildi krónunnar, svo að hægt verði að byggja á því og hafa þar fastan grundvöll fyrir. Þetta var það, sem jeg þurfti að segja, en jeg get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því, að þetta frv. skuli koma hjer svo fram, að það er í rauninni óframbærilegt. (SE: Hvað er óframbærilegt í því?) Jeg kem að því síðar. Þegar jeg talaði í máli þessu í Ed. í fyrra, benti jeg á ýmsa galla, sem mjer virtust vera á frv., og menn voru mjer þar samdóma, en nú hefir flm. komið með það fram hjer, án þess að lagfæra það hið minsta eða taka til greina þær breytingar, sem á því voru gerðar þar, þannig að frv. væri frambærilegt. Þetta frv. miðar ekki að því að bæta kjör þeirra, sem lægst laun hafa, og ekki er þar heldur tekið fram, hver á að greiða dýrtíðaruppbótina. Á þetta benti jeg við umr. í fyrra, og var þá fult tillit tekið til þess. Á frv. þessu er ennfremur sá agnúi, að ekki er hægt að sjá, hvort yfirsetukonur eigi að taka byrjunarlaun strax og lög þessi ganga í gildi, en jeg álít, að svo sje, eftir frv. að dæma, en það virðist þó ósanngjarnt. Jeg læt hv. þing um að skera úr því, hvort svo sje eða ekki, en jeg álít sanngjarnara að reikna með þjónustualdurinn. Jeg hefi svo ekki meira um þetta mál að segja, en læt skeika að sköpuðu um afdrif þess hjer í deildinni, en jeg vildi að eins skýra mína afstöðu til málsins.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Það má nú segja, að þetta mál sje að mestu leyti útrætt. Í þessari síðustu ræðu minni vil jeg stuttlega gefa yfirlit yfir rök þessa máls, einkum með tilliti til ræðu hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl.

Jeg skal þá byrja á að slá því föstu, að með brjefi stjórnar yfirsetukvennafjel. er það óhrekjanlega sannað, að yfirsetukonur vantar í 30 umdæmi. Það kemur ekki málinu við, þó að sumar yfirsetukonur gegni meira starfi en til er ætlast, eingöngu af því, að engar fást til þess að sinna fámennustu umdæmunum með núverandi launakjörum. Um leið og jeg yfirgef þetta atriði málsins, vil jeg undirstrika það, að í því liggur einmitt ástæðan til að gera þá undantekningu frá launalögunum, sem hjer er farið fram á.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri ekki nema nokkur hluti útskrifaðra yfirsetukvenna, sem tækju við umdæmi að námi loknu. Jeg þakka honum þessi ummæli, því að þau eru viðurkenning á því, að kjörin sjeu óviðunandi, að yfirsetukonurnar vilji ekki líta við þeim, jafnvel þó að þær sjeu búnar að kosta sig til náms.

Hæstv. fjmrh. og hv. meiri hl. fjhn. hafa haldið því fram, að þeim yfirsetukonum, sem hæst eru launaðar, sje gert hærra undir höfði í frv. en þeim, sem lægst eru launaðar. Þessa staðhæfingu hefi jeg rekið til baka hvað eftir annað og skal gera það enn einu sinni. Besta sönnunin fyrir minu máli er í áliti meiri hl. sjálfs. Þar stendur svart

á hvítu, að laun þeirra hæstlaunuðu hækki um 50%, en þeirra lægst launuðu um 82%. Það, sem sker úr deilunni milli mín og hv. meiri hl., er þá það, hvor talan er hærri, 50 eða 82. Fari svo, að 50 reynist hærri tala, þá skal jeg fúslega beygja mig, en ef 82 kynni að reynast hærri, þá verður hv. meiri hl. að viðurkenna, að hann hafi rangt fyrir sjer.

Þar við bætist, að þær yfirsetukonur, sem nú njóta bestu launakjara, eru einungis þrjár, nefnil. yfirsetukonurnar hjer í Reykjavík. Jeg hefi áður skýrt frá því, hvers vegna laun þeirra þurfa að vera nokkru hærri en hinna. Það er til þess að hægt sje að tryggja ljósmæðraskólanum nægilega kenslukrafta. En allir geta sjeð, að það verður ekki mikið fje, sem kemur í hlut þessara þriggja ljósmæðra.

Hæstv. fjmrh. færði sem aðalástæðu gegn frv., að ekki mætti hækka launin fyr en búið væri að stýfa krónuna. Mjer koma þessi ummæli undarlega fyrir sjónir. Jeg veit ekki betur en íhaldsbróðir og framsóknarbróðir sjeu búnir að rjetta hvor öðrum höndina í gengismálinu og ætli að lýsa blessun sinni yfir stýfingunni. Hæstv. fjmrh. þarf því varla að óttast, að krónan hækki svo mikið, að launahækkun yfirsetukvennanna verði ríkissjóði óbærileg þess vegna.

Hæstv. fjmrh. færði það enn gegn frv., að ekki sæist, hver ætti að greiða dýrtíðaruppbótina. Á því getur naumast leikið vafi, að hún eigi að greiðast af sömu aðiljum og launin sjálf. En óski hæstv. ráðh. ótvíræðra fyrirmæla, er jeg fús til að flytja brtt. um það efni.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ekkert væri tekið fram um það í frv., hvort tekið yrði tillit til þjónustualdurs þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru starfandi. Jeg tel sjálfsagt, að svo verði, en get líka borið fram brtt. til að kveða nánara á um það.

Jeg skal nú eigi þreyta hv. deild með langri ræðu um þetta mál. En jeg vil vekja athygli á því, að við verjum nú á ári hverju miljónum króna til lækna og sjúkrahúsa. Móti því þorir nú enginn að rísa, enda vil jeg síst mæla gegn því, að sem mest rækt sje lögð við heilbrigðismálin hjer á landi. En því þá að sýna þennan frámunalega lúsarskap gagnvart hinum trúu þjónum þjóðfjelagsins, yfirsetukonunum? Heilbrigði þjóðarinnar er eigi að litlu leyti komin undir starfsemi þeirra. Það er ekki einungis, að móðir og barn eigi oft og tíðum líf sitt undir því, að náist til yfirsetukonu. Sje meðferð barnsins fyrst eftir fæðinguna ekki sem skyldi, getur það af því hlotið æfilangt heilsutjón. Og það þarf ekki að sparast nema eitt einasta mannslíf til þess að þjóðfjelagið fengi að fullu goldinn þann litla kostnað, sem leiða myndi af hækkun launanna.

Það var einhver að brosa að því áðan, að jeg kallaði þetta mál alvarlegt. En jeg álít, að mál, sem snertir heilbrigði komandi kynslóða, sje jafnan alvarlegt mál. Og jeg veit, að þeir, sem standa gegn þessu frv., gera það ekki af illvilja, heldur einhverju rótgrónu afturhaldi, sem þeir geta ekki losað sig við. Þeir fylgjast ekki með tímanum og kröfum hans. Því eru þeir á móti þessu frv.

Einu sinni fyrir löngu síðan var jeg gestkomandi á litlum bæ uppi í sveit. Á þessum bæ lá kona í barnsnauð, og það var ómögulegt að ná til yfirsetu-

konu. Jeg gleymi aldrei angistarsvipnum á andlitum heimilisfólksins. Jeg gleymi aldrei vonleysinu, sem lamaði þetta litla heimili, meðan líf móðurinnar hjekk á þræði. Enginn þm. mætti sjá eftir lítilli fjárveitingu, ef hún gæti orðið til þess að vernda líf og heilsu hinna uppvaxandi kynslóða.

Einar Jónsson: Jeg er nú búinn að hlusta lengi á þessar umr. og skil, satt að segja, ekkert í því, hvernig hv. þm. Dal. getur haldið eins fast í sinn óþarfa málstað og hann gerir. Þó að hv. þm. segi, að yfirsetukonur vanti í 30 umdæmi, þá nær það vitanlega engri átt. Það er órjett og ekki satt.

En þó svo væri um fleiri, þá vitum við, að ef þessi leið er farin, að því er yfirsetukonurnar snertir, þá grípur það yfir meira svið en að eins þeirra laun. Það er og sannanlegt um yfirsetukonu í sveit, að mörg önnur búandi kona hefir ekki betri kjör, þar sem sanna má, að yfirsetukonur í sveit tefjast oft ekki nema 3—6 daga á ári frá sínum störfum, en fá 2—3 hundruð kr. í laun.

Jeg vil nú lýsa yfir því, að jeg er algerlega mótfallinn því, að farið verði að hækka laun þessarar stjettar, þegar vitanlegt er, að á eftir hljóta að koma margfalt sanngjarnari umsóknir, sem ekki er hægt að neita. — Ef hv. þm. Dal. endilega vill bæta svo laun yfirsetukvenna, sem hjer er farið fram á, þá er jeg viss um að hv. þm. hefir ráð til að borga þeim þær 500 krónur, sem Spegillinn var að tala um hjer á dögunum, úr eigin vasa.

Jeg vil blátt áfram óska þess, að hv. deild fari sömu leið í þessu máli og hún hefir gert áður og láti yfirsetukonurnar vera þar, sem þær eru staddar, því að jeg vona, að þeim líði sæmilega vel, hvort sem hv. þm. Dal. ætlar að skifta mikið við þær á eftir eða ekki; jeg skifti mjer ekki af því. — Jeg vil sem sagt ekki heyra það hjer á þingi, að jafnsanngjarn og góður maður sem hv. þm. Dal. geri sig sekan um slíkar öfgar og hann hefir hjer haldið fram, —jeg vil ekki þurfa að hlusta á slíkt.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Hv. frsm. minni hl. hefir nú slegið því föstu, að það sje rjett hjá sjer, að það vanti yfirsetukonur í 30 umdæmi. Jeg hygg, að hv. þm. geti ekki fært rök fyrir því, enda þótt vitnað sje í brjef yfirsetukvenna, sem segir, að 189 yfirsetukonur sjeu í umdæmum utan kaupstaða, en að umdæmin sjeu 205. (SE: Þau eru 210). Það er að minsta kosti 5% of hátt; þau eru alls ekki meira en 199, ef talið er alt, sem jeg ætla að sjeu sjerstök umdæmi.

Nú er það svo á nokkrum stöðum, að sama yfirsetukona gegnir tveimur umdæmum, og veit jeg, að það hefir ekki verið fundið neitt að því fyrirkomulagi, sem er, og þá verð jeg að halda því fram, að hæpið sje að nokkuð vanti, nema ef vera skyldi það eitt að sameina þessi tvö umdæmi löglega, en það ætti kannske að gera víðar en verið hefir.

Þá vildi hv. frsm. minni hl. þakka mjer fyrir þær upplýsingar, sem jeg hefi gefið í málinu, en hefir þó alls ekki þakkað mjer fyrir eins og vera bar, því þá hefði hv. þm. átt að falla frá tillögum sínum, ef hann hefði viðurkent upplýsingar mínar eins og rjett var.

En út af því, sem jeg tók fram um

það, hve margar hefðu útskrifast árlega, um 12 að meðaltali síðustu 10 árin, en ekki víst, að þörf sje fyrir nema 10—11 árlega, þá vildi hv. þm. slá því föstu, að þótt þær hafi lært þessi fræði sín, þá vilji þær ekki taka við þessum embættum, sennilega fyrir það, að launin sjeu svo lág. En jeg vil þá spyrja hv. þm. að því, hvort hann haldi, að þessar yfirsetukonur myndu frekar fara í sum þessara embætta, þótt laun þeirra væru hækkuð um 100 krónur.

Jeg gat þess fyr í ræðu minni, að í rannsókn þeirri, sem landlæknir gerði árið 1912, hefði hann orðið þess vísari, að sum umdæmin höfðu ekki nema 2—4 fæðingar á ári. Jeg býst við, að töluvert mætti hækka launin til þess, að yfirsetukona, sem ekki væri ættuð úr þessu hjeraði, fengist til að fara þangað. Það ber líka að athuga, að í slíkum hjeruðum, sem hafa svo fáar fæðingar, en yfirsetukonan fær 500 kr. árslaun, sem með dýrtíðaruppbót verður 700 kr., og með aukaþóknun o. s. frv., þá kæmi til að verða 4—5 hundruð kr. fæðingarkostnaður við hvert barn, og ef svo uppeldið yrði álíka dýrt, þá held jeg, að það yrði ekki nema bankastjórar, sem hefðu efni á að eiga börn. Það virðist vera nokkuð mikill kostnaður, sem þetta hefir í för með sjer, og því virkilega ástæða til að reyna að draga úr honum, eftir því sem föng eru til; en það er óhætt að fullyrða það, að altaf aukast skilyrðin fyrir því að geta stækkað umdæmin, bæði með bættum vegum og auknum símalínum, en eftir því sem samgöngubætur komast á, því meiri ástæða er til þess að stækka umdæmin. Útgjaldaaukinn af þessu frv., ef að lögum verður, nemur ekki 50 þús. kr., heldur 70 þús., því að við þessi 50 þús. bætist auðvitað dýrtíðaruppbót, sem eftir öllum sólarmerkjum að dæma verður ekki minni en 40%. (SE: Hvað kostar mannslífið?). Það skal jeg ekki reyna að reikna út, en jeg hygg, að það mundi verða farið að ljettast í pyngju hv .þm. Dal. eða þess banka, sem hann er við, ef ekki ætti að hika við að greiða 50 þús. kr. fyrir hvert mannslíf, sem hugsanlegt væri að bjarga, ef öll hin bestu skilyrði væru fyrir hendi. Þá þyrfti að fjölga læknum og margfalda stærð sjúkrahúsa. En jeg vil nú slá því föstu, að það eru ekki neinar líkur til þess, þótt nokkur umdæmin sjeu sameinuð, að slíkt þyrfti að koma fyrir, að mannslífum sje teflt í voða, þó stækkuð sjeu umdæmi ljósmæðra, því að það er ekki tilætlunin að sameina umdæmi annarsstaðar en þar, sem alveg sjálfsagt þykir. Menn vita það t. d. með læknana, að þeir hafa miklu stærra svæði en yfirsetukonurnar, og ef ætti að fylgja sömu reglu hvað þá snertir, þá færi heldur að vandast málið, því þá yrði læknir að vera í hverju yfirsetukonuumdæmi. Nú er það líka svo, að læknis er oft vitjað til sængurkvenna, þótt jeg hafi orðið þess var hjer í Reykjavík, í viðtali við yfirsetukonur, að þeim finst lítið til um læknana og álíta, að þeir eigi ekkert að koma þar nærri, því að þær segja jafnvel: Þegar læknir kemur ekki, þá gengur alt vel, en sje læknir sóttur, þá má maður eiga það víst, að eitthvað verður að. Það er svo magnaður embættisgorgeir, sem farinn er að stíga þessum persónum til höfuðs, að það er ekkert byggjandi á því, sem þær leggja til málanna.

Jeg held, að jeg hafi svo ekki mikið meira um þetta að segja. En af því að mjer finst hv. frsm. minni hl. leggja svo mikið upp úr því, að þetta sje gert til að vernda mannslífin, vil jeg taka það fram, að það getur altaf komið fyrir, þótt yfirsetukonan komi nógu snemma, og sje meira að segja vel lærð, að mannslíf geti farið, en að halda því fram, að sængurkonur geti ekki náð til yfirsetukvenna, með þeim samgöngum, sem nú eru orðnar, held jeg að geti vart átt sjer stað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JÓl, LH, MJ, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: EJ, HStef, HJ, IngB, JS, JörB, MG, MT, ÓTh, PO, SvÓ.

Einn þm. (JAJ) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 15 : 8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:6 atkv.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 54, 285, 289).

Magnús Torfason: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við þetta frv. — Eins og við vitum, þá liggur við borð, að það verði yfirleitt athuguð launakjör starfsmanna ríkisins. Þess vegna verð jeg að líta svo á, að það sje ekki vert, á meðan það er ógert, að gera stórbreytingar á launakjörum einstakrar stjettar, og þá allra síst að breyta því launakerfi, sem til þessa hefir verið fylgt.

Að því er þetta frv. snertir, sem hjer liggur fyrir, þá er breytt talsvert launamátanum. Það er ekki látið nægja að hækka launin að nokkru frá því, sem áður var, heldur er launamátanum algerlega breytt. Sjerstaklega stakk það í stúf við aths. frv. og lögin frá 1919, að yfirsetukonur í hjeruðum, sem hafa frá 350—1000 manns, fá enga viðbót að tiltölu við mannfjölda í umdæmunum, og af því leiðir, að þeirra launakjör verða lítið bætt með þessu. Nú er það svo, að í fámennu umdæmunum, sem hafa 300 íbúa og þar fyrir neðan, er þetta starf mjög ljett, þar sem ekki eru nema þetta 3—6, að 8 fæðingum árlega. Má því segja, að það sje vel borgað, þó að launin sjeu ekki yfir 500 kr. Ef miðað er við fæðingar, þá er þetta sjerstaklega góð borgun, og það jafnvel miklu betri en t. d. læknar hafa. Jeg veit til þess, að ýmsar yfirsetukonur hafa fengið frá því opinbera á 2. hundruð krónur fyrir hvert barn, er þær hafa tekið á móti. Þetta verður að teljast sjerstaklega góð borgun, þegar þar við bætist það, er einstakir menn borga og sem oft getur verið ríflega úti látið. Þetta starf er því í þessum litlu umdæmum algert aukastarf, svo að konur þær, er hafa það með höndum, geta sint fullkomlega annari atvinnu sinni.

Öðru máli er að gegna þar, sem fjölment er, t. d. þar sem eru 6—7 hundruð íbúar. Þar er þetta nokkuð mikið starf. Og ef þjettbýlt er, þá leita konur að jafnaði til yfirsetukvennanna í fleiri tilfellum en ef um fæðingar er að ræða. Þessar konur geta því varla haft ann-

að starf með höndum, því þær þurfa altaf að vera viðbúnar. Það eru þessar konur, er verða verst úti samkv. frv. hv. þm. Dal. Því þar er lagt svo fyrir, að launahækkunin byrji þá fyrst, er íbúatala umdæmisins er orðin 1000 eða þar yfir, en fyrir utan kaupstaðina mun aðeins eitt slíkt umdæmi vera til. Með öðrum orðum, að þær, er nú verða verst úti, fá litla eða enga launahækkun. Þá eru samkv. þessu frv. bætt laun þeirra, er hæst hafa nú, en eftir því, sem fram hefir komið hjer í deildinni og víðlesnu blaði, þá er ekki vafi á því, að yfirsetukonur í kaupstöðum hafa það ágætt, enda eru þær stöður mjög eftirsóttar.

Við höfum því viljað fara bil beggja í þessari brtt. okkar. Og jeg verð að líta svo á, að það sje góð launabót fyrir þær, er lægst hafa, að fá 140 kr. uppbót strax, sem svo hækkar með aldri. Það verður með öðrum orðum ekki hægt að segja annað en að þessar konur í minstu umdæmunum fái góð kjör, og hinar í umdæmunum, sem hafa þetta frá 400—1000 íbúa, fái sæmilega launauppbót.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg get að mestu leyti vísað til þess, er jeg hefi áður sagt í þessu máli. Jeg flyt hjer 2 brtt., og hefir þeim áður verið að mestu lýst í umr. Þessar brtt. flyt jeg samkv. tilmælum hæstv. fjmrh. Efni þeirra er það, að dýrtíðaruppbót skuli greidd á laun þessi eftir þeim reglum, er gilda um starfsmenn ríkisins, og að þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skuli njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Hvað snertir brtt. þeirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Árn., þá er það um hana að segja, að hún er ákveðin tilraun til þess að draga úr launauppbót yfirsetukvennanna, og í sama anda eins og þessir hv. þm. hafa talað gegn frv. því, er hv. meiri hl. þessarar deildar hefir nú fallist á, og sem hv. 2. þm. Árn. kallaði frv. þm. Dal. En það er ekki rjett, því það eru margir fleiri, sem að því standa.

Með tillögum hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. V.-Húnv. eru laun hinna lægst launuðu yfirsetukvenna hækkuð um 100 kr. fyrir hverja yfirsetukonu frá því, sem gert er ráð fyrir í voru frv. En það var einmitt tilætlunin, að hækka laun þeirra lægst launuðu, enda flestar yfirsetukonur í lægsta launaflokki, en aðeins 3 í hæsta flokki, sem af sjerstökum ástæðum verður að launa vel, vegna kenslustarfa þeirra, sem þær hafa á hendi.

Jeg vona svo, að þeir, er samþ. þetta frv. við 2. umr., verði sjálfum sjer samræmir og haldi sömu stefnu í málinu. En hitt get jeg vel skilið, að þeir, er á móti standa, geri hvað sem þeir geta til að draga úr frv., fyrst þeir ekki geta kveðið það niður. Það er ekki nema eðlilegt og skiljanlegt. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, og vísa að öðru leyti til þess, er jeg hefi áður sagt.

Frsm. meiri hl. (Hannes Jónsson): Jeg vil alls ekki gera lítið úr hv. flm. þessa frv. með þessum brtt. mínum, en jeg verð líka að taka tillit til getu ríkissjóðs, þegar á að skamta embættismönnum.

Þessar brtt. hafa þegar verið skýrðar af hv. 2. þm. Árn. Jeg skal aðeins bæta því við, að till. er færð í það sjálfsagða horf, að gera breytingarnar

á lögunum frá 1912, og færa þær svo *inn í meginmál þeirra laga, í stað þess* að færa þær inn í meginmál laga frá 1917, um breytingu á lögunum frá 1912. Þetta er eitt vitni þess, hve hv. flm. frv. hafa kastað til þess höndunum. Yfirleitt má um það segja, að það sje mjög vanhugsað, og er leitt til þess að vita, að hv. þm. skuli vilja flytja frv., sem þeir nenna ekki að hugsa svo mikið um, að þeir láti það fara frá sjer nokkurnveginn stórlýtalaust. Það er rjett eins og sumir hv. dm. hafi orðið dáleiddir af þessum yfirsetukonum, sem hjer hafa verið á sveimi í þingsölunum.

Það er rjett hjá hv. flm. frv., að brtt. okkar miða að nokkurri lækkun frá frv. þeirra. En samt er um nokkra hækkun að ræða frá því er nú gildir. Mun hún nema ca. 100 kr. á byrjunarlaununum og 25 kr. á aldursuppbótinni. Auk þess er tíminn til þess að ná fullri aldursuppbót styttur um ⅓. (SE: Hv. þm. vill þá hækka). Nei, en maður dregst með straumnum og gerir þá það sem hægt er, til þess að forða því, að farið verði út í öfgar. Jeg geri ráð fyrir því, að ef till. okkar verða samþ., þá muni það nema 25 þús. kr. hækkun á byrjunarlaununum, eða 35 þús. kr. með dýrtíðaruppbót. Er það allmiklu minna en það, sem frv. fer fram á.

Annars fæ jeg ekki skilið, á hverju það ósamræmi í launalöggjöfinni á að byggjast að lækka á sumum um 12%, en hækka á öðrum um 82%. Enda hafa flm. frv. ekki reynt að færa neinar ástæður fyrir því. Það eina, sem þeir hafa fært fram máli sínu til stuðnings, er það, hve erfitt sje að fá yfirsetukonur í sum hjeruð. En jeg hefi fært skýr rök að því, að þetta er ekki rjett. Og þó að eitthvert yfirsetukonuumdæmi væri svo lítið, að ekki fengist yfirsetukona í það, þá sje jeg ekki, að ástæða sje til að hækka laun allra hinna, til þess að fá yfirsetukonu í þessi örfáu umdæmi, sem enn kann að vanta yfirsetukonu í. Auk þess verð jeg að líta svo á, að það sje of hátt fyrir ríkið, að launa slík umdæmi með 700 kr.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Býst jeg við því, að hv. þm. hafi þegar svo ákveðnar skoðanir í þessu máli, að þeim verði ekki haggað. En jeg hefi gaman af því að sjá, hverjir hv. þm. eru svo hirðulausir um hag ríkissjóðs, að þeir horfa ekki í það, þó kastað sje árlega úr honum 70 þús. kr. að óþörfu. Og jeg hefi gaman af að sjá, hverjir verða til þess að rjetta upp hendina á móti því, að þetta verði fært í betra horf, eins og till. okkar stefna að. Við erum að vísu alls ekki ánægðir með þær, en við teljum þær þó til nokkurra bóta frá því, sem frv. ætlast til.

ATKVGR.

Brtt. 289, 1 feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HJ, IngB, JAJ, JS, JörB, LH, MT, PO, SvÓ, TrÞ.

nei: BSt, BÁ, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JÓl, MJ, SE, SÁÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

Tveir þm. (ÓTh, MG) fjarstaddir.

Brtt. 285, 1 samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, LH, MJ, SE, SÁÓ, ÞorlJ,

ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG, HK, HV, BSv.
nei: IngB, JAJ, JS, JörB, MT, PO, SvÓ, TrÞ, EJ, HStef.
HJ greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (MG, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 285, 2 samþ. með 14:7 atkv.
— 289, 2 samþ. með 15:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LH, MJ, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JÓl, BSv.
nei: JörB, MT, PO, SvÓ, EJ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JS.
Tveir þm. (MG, ÓTh) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 305).

Á 44. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Þetta frv. er gamall kunningi þessarar deildar. Mun jeg ekki fara fleiri orðum um það að sinni, en leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. og 61. fundi í Ed., 3. og 4. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 305, n. 402 og 495, 498).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Á síðasta þingi var borið fram hjer í Ed. frv., sem var að mestu leyti samhljóða því, er hjer má sjá á þskj. 305. Hefir þetta mál oft verið til umr. hjer, og oftast átt mikið til óskift fylgi þessarar hv. deildar. (**Fjmrh.:** Ekki allra dm.). Já, jeg man eftir því, að það hafa verið 2 atkv. á móti því venjulegast, en það kalla jeg mikið til óskift fylgi.

Jeg álít nú, að ekki þurfi að ræða þetta mikið, því það hefir verið rætt hjer mikið á hverju þingi. Fæ jeg ekki annað skilið en að það nái nú fram að ganga, því svo hefir nú við brugðið, að hv. Nd. hefir samþ. þetta mál og afgreitt það í því formi, er það var afgr. úr þessari hv. deild á síðasta þingi. Aðeins er á frv. sá formgalli, að þar er ekki vitnað í lögin frá 1912 í 1. gr. þess, og þóttist skrifstofa Alþingis eigi geta gert þessa leiðrjettingu á frv. og er því ekki annað að gera en að samþ. brtt. á þskj. 402 í nál. meiri hl.

Um kjör yfirsetukvennanna þarf ekki að ræða. Það hefir áður verið gert ítarlega hjer í þessari deild. En vegna þeirra, er ekki hafa átt hjer sæti áður — það mun reyndar ekki vera nema einn — skal jeg geta þess, að eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, er mjög erfitt að fá yfirsetukonur, vegna þess hve launin eru lág. Þau eru núna í hinum lægsta flokki 200 kr. á ári, en á 15 árum geta þau hækkað í alt og alt um 75 kr.

Hve mikilsverð þessi störf eru, þarf ekki að tala um. Nú hafa allir starfs-

menn hins opinbera fengið kjör sín bætt, þó að það að vísu sje ekki eins mikið og skyldi. En þessi stjett hefir orðið algerlega útundan og verður nú að sætta sig við laun, sem í raun og veru eru algerlega óboðleg. Bætur þær á kjörunum, sem fram á er farið, eru heldur ekki stórtækar. Er gert ráð fyrir því í frv., að í lægri flokkunum geti launin hækkað upp í 500 kr.

Sú stjett manna, er helst væri hægt að bera yfirsetukonurnar saman við, eru læknarnir. Og sje athugað, hvaða kjör þeir hafa, þá sjest það, að þeir hafa fengið launakjör sín mikið bætt, og það svo, að þeir munu nú vera meðal best launuðu starfsmanna ríkisins. Þetta stafar vitanlega af því, að Alþingi hefir álitið störf þeirra svo mikilsverð, að óhjákvæmilegt væri að setja þá skör hærra en aðra starfsmenn ríkisins. Enda er það og svo, að t. d. sveitalæknar þurfa mikið á sig að leggja. Alveg sama máli er að gegna með yfirsetukonurnar. Þær verða oft að leggja mjög mikið á sig. Þær verða að vera tilbúnar hvenær sem er, og verða að leggja út í ferðalög, hvernig sem veður er. Það er því algerlega rjettmætt, að þessi stjett, sem er sam bærileg við þá starfsmenn ríkisins, sem best eru launaðir, fari fram á nokkra launabót, þar sem hún verður harðast úti hvað launakjör snertir af öllum opinberum starfsmönnum. Það væri því harla undarlegt, ef þessi hv. deild væri svo breytt orðin, að hún vildi ekki samþ. það, sem hún hefir áður samþ., og það því frekar, sem hv. Nd., sem ávalt hefir verið þessu máli andvíg, hefir nú samþ. það. Maður gæti þá haldið, að það væri leikur einn, sem hjer hefir verið að gerast á undanförnum þingum.

Hæstv. fjmrh. hefir borið hjer fram brtt., sem fara að vísu fram á að veita nokkra hækkun, en þó ekki eins mikla og samþ. var hjer í fyrra eða eins og nú er í frv. Jeg skal ekki tala frekar um þær, fyr en hæstv. ráðh. hefir talað fyrir þeim og skýrt þær. En það ætti þó öllum að vera skiljanlegt, að það starfsfólk, sem ekki hefir nema 200—300 kr. í laun, munar um það, hvort það fær 100 kr. meira eða minna.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það er af fjárhagsástæðum, að minni hl. gat ekki sjeð sjer fært að ganga að þessu frv. Við lítum svo á, að auk þess sem þetta eru mikil útgjöld fyrir ríkissjóð, þá sje einnig með þessu stigið svo stórt spor í hækkunaráttina, að það getur ekki hjá því farið, að aðrir launaflokkar komi á eftir og krefjist hins sama. Hinsvegar höfum við lýst því í nál. okkar, að við til samkomulags getum gengið inn á nokkra hækkun. Nú hefir hæstv. fjmrh. komið fram með brtt. á þskj. 498, er miða í þessa átt, en þetta heyrir undir hans stjórnardeild. Að öðru leyti skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta f. h. minni hl., en jeg geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir afstöðu ríkissjóðs til þessa, og þeim útgjalda auka, er þetta leiðir af sjer.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg geri ekki ráð fyrir því, að það sje þýðingarmikið að ræða þetta mál á þeim grundvelli, er það hefir áður verið rætt á hjer í þessari hv. deild. Slíkar ræður mundu aðeins verða endurtekn-

ing á því, sem áður hefir verið sagt, og mundu ekki sannfæra þá hv. dm., er tekið hafa fasta afstöðu til málsins á undanförnum þingum.

Það hefir verið fært ýmislegt fram sem sönnun þess, að sjálfsagt væri að samþ. launauppbót til ljósmæðra. Ein ástæðan var sú, að víða vantaði yfirsetukonur í umdæmin og að þær fengjust ekki, vegna þess hve launin væru lág. Það má nú vera, að eitthvað sje til í þessu, en í heild sinni held jeg, að það sje nokkuð orðum aukið, hve margt vanti af ljósmæðrum í umdæmin. Jeg skal og játa, að það má vera, að hækkuð laun í ljelegri umdæmunum geti bætt eitthvað úr þessu, en þó aldrei fullkomlega. Nú þegar ákveðin eru laun sjerstaks flokks, verður, eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, að líta á tvent. Fyrst á getu ríkissjóðs til þess að launa starfsmenn hins opinbera eftir fylstu kröfu þeirra, og svo í öðru lagi, að ekki sje mjög mikið ósamræmi milli launakjara hinna ýmsu flokka.

Það mun hafa verið á Alþingi 1919, sem ákveðin voru laun ljósmæðra, um leið og ákveðin voru laun annara starfsmanna ríkisins. Sje jeg ekki, að ástæða sje til þess, að hægt sje að halda því fram með rökum, að Alþingi 1919 hafi gert upp á milli ljósmæðra og annara flokka, svo að þær hafi orðið ver úti en aðrir. Mjer hefði því fundist rjettast, að þetta mál biði eftir því, að launalöggjöfin verði endurskoðuð, svo meiri trygging verði fyrir því, að fult samræmi verði milli hinna einstöku stjetta meðal opinberra starfsmanna ríkisins.

Ef launakjör ljósmæðra eru borin saman við launakjör ýmsra annara starfsmannaflokka, svo sem hreppstjóra og oddvita, þá er það greinilegt misrjetti, ef þetta verður samþ., en laun þessara, er jeg nefndi, ekkert hækkuð. Það er víða svo, að laun hreppstjóra eru þetta 100—150 kr., en laun oddvita í 400 manna hreppum munu ekki vera nema 200 kr. Held jeg þó, að allir, er þekkja til, játi, að þeir hafa erfiðari störf en ljósmæður. Vil jeg þó á engan hátt gera lítið úr því starfi, er ljósmæður hafa með höndum, eða þeim vanda, er á þeim hvílir.

Hv. frsm. meiri hl. taldi sjálfsagt, að þessi deild samþ. þetta frv. til þess að vera í samræmi við það, sem hún hefði áður gert. Mjer skilst nú, að í frv. felist hinar fylstu kröfur, sem ljósmæðurnar hafa gert. En ef Alþingi treystir sjer til þess að verða við fylstu kröfum allra starfsmanna hins opinbera, þá er jeg hræddur um, að það verði nokkuð þungur baggi, sem með því verður lagður á þjóðina. Jeg fyrir mitt leyti geng út frá því, að ekki verði hægt að fullnægja hinum fylstu kröfum, er gerðar verða. Jeg lít svo á, að líka verði að taka tillit til þess, hvaða lífskjör þjóðin verður að sætta sig við. Jeg verð því að segja það, að mjer þykir til mikils mælst hjá hv. frsm. meiri hl., er hann telur sjálfsagt að samþ. þetta frv., en ekkert annað af slíku tæi.

Samkv. núgildandi lögum voru útgjöld ríkissjóðs til ljósmæðra á árinu 1928 45400 kr. Samkv. þessu frv. verða útgjöldin 94200 kr. Hækkunin verður samkv. því 48800 kr., eða m. ö. o., að útgjöld ríkisins til ljósmæðra hækka eftir frv. um 100%. Jeg vil nú aðeins spyrja: Er Alþingi tilbúið að hækka

laun allra opinberra starfsmanna ríkisins um 100%?

Jeg hefi gert athuganir um það, hvernig verði háttað launum ljósmæðra í 400 manna umdæmi eftir núgildandi lögum, eftir frv. og eftir brtt. mínum. 400 manna umdæmi mun vera heldur ofan við meðallag. Annars er þetta alveg tekið af handahófi. Munu mörg umdæmi vera stærri og mörg eru líka smærri. Laun ljósmæðrum í slíku umdæmi verða þá — jeg reikna með fullum launum og dýrtíðaruppbót — eftir núgildandi lögum 413 kr., samkv. frv. 700 kr. og samkv. brtt. þeim, er jeg flyt, 588 kr. Með þessu er sýnt, að með brtt. mínum er fengin mikil bót á kjörum ljósmæðra frá því, sem nú er. Sjerstaklega hafa þó brtt. mínar í för með sjer bætt kjör fyrir þær yfirsetukonur, sem eru uppi í sveit, enda hefir mjer skilist, að frv. væri aðallega flutt til þess að bæta kjör þeirra, er nú hafa lökust laun. Þetta fela brtt. mínar í sjer, því að þar er gert ráð fyrir því, að þær fái mesta hækkun, er nú búa við lökust kjör, en hinar, sem nú hafa hærri laun, fá minna. Þetta er í samræmi við launakjör þau, er læknum voru sett 1919. Þá var gert svo ráð fyrir, að læknar í ljelegum hjeruðum fengju hærri laun. Var það vegna þess, að rjett þótti, að þeir fengju mesta hækkun, er lægst voru launaðir og höfðu yfir höfuð erfiðasta aðstöðu.

Jeg hefi ekki haft tíma nje tækifæri til þess að athuga, hve útgjöldin til ljósmæðra hækka mikið eftir till. mínum, en jeg geri ráð fyrir, að það verði nokkuð yfir 50%. Og jeg verð að segja það, að eftir þeim undirtektum, er kröfur embættismanna um hækkuð laun hafa fengið hjer á þingi, þá virðist mjer ljósmæður ekki hafa ástæðu til þess að kvarta, ef þær fá þá hækkun, er brtt. mínar gera ráð fyrir. Þykir mjer það mjög ógætilegt að fara nú, þegar endurskoðunar launalaganna er ekki langt að bíða, að fullnægja fylstu kröfum eins flokks. Það getur dregið dilk á eftir sjer, og þætti mjer ólíkt hyggilegra að hafa óbundnar hendur í þessum málum, því jeg býst við því, að það verði nógu erfitt samt að samræma launakröfurnar síðar meir. Jeg þykist þess nú viss, að þessi hv. deild muni samþ. einhverjar launabætur handa ljósmæðrum, en jeg verð að halda því fram, að það skifti miklu máli, hvort frv. verður samþ. eins og það nú liggur fyrir eða hvort samþ. verða brtt. mínar.

Vitanlega eru hv. dm. sjálfráðir, hvað þeir gera, en jeg hefi talið skyldu mína að vara þá við svo mikilli hækkun sem farið er fram á, án þess að jeg vilji á nokkurn hátt beita hörðu gagnvart ljósmæðrunum. Jeg vil, að þær njóti allrar sanngirni og velvildar, enda þykist jeg með brtt. mínum sýna þeim fullan sóma.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það neitar því enginn, að í till. hæstv. fjmrh. felist nokkrar bætur á kjörum yfirsetukvennanna, en þær bætur eru ekki það veigamiklar, að jeg sjái ástæðu fyrir hv. deild að snúa frá því, sem hún hefir áður samþ., þeirra vegna. Það má líka lengi bíða, ef á að bíða eftir endurskoðun launalaganna. 1925 átti að endurskoða þau, en því var frestað. 1926 var því enn frestað, sömuleiðis 1928, og nú 1929 sjer enginn nokkra leið til að endurskoða

lögin. Þetta er nú 5. árið, sem dregið er að endurskoða lögin, og því er borið við, að ekki sje búið endanlega að ákveða gengi íslenskrar krónu. Og nú er sagt, að samningar á milli Framsóknarmanna og Íhaldsmanna um það hafi strandað í bili. Á næsta þingi verður því ekkert búið að gera út um festingu krónunnar, og þá er ekkert hægt að gera í launamálinu. Þessi skollaleikur getur staðið nokkuð enn, og altaf má finna sjer eitthvað til sem átyllu á móti endurskoðun launakjara starfsmannanna. Eftir þessu þýðir því ekki að bíða, og ef menn sjá, að einhver stjett á rjett á bættum launakjörum, er sjálfsagt að reyna að bæta þau.

Hæstv. ráðh. efaðist um, að það væri eins ilt að fá ljósmæður og af er látið, en hann vildi samt ekki til fulls vefengja það. Enda er skjallega hægt að sanna, að það vantar fjölda yfirsetukvenna úti um landið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi verða fylgt fylstu kröfum ljósmæðranna, ef frv. yrði samþ. Jeg skal ekkert segja um, hverjar þær eru. Jeg mundi fallast á þær, ef þær væru rjettmætar. Hinar rjettmætu kröfur eiga að ráða, hvort sem það eru fylstu kröfurnar eða ekki.

Þá bendir hæstv. ráðh. á, að gæta verði samræmis við aðra launaflokka. Það er vitanlega rjett, en hjer er ekki öðrum launaflokkum til að dreifa en hreppstjórum og oddvitum. Hæstv. ráðh. sagði, að þeirra störf væru meiri en störf ljósmæðranna. Jeg skal ekkert um það dæma. Jeg hefi hvorugu starfinu gegnt, en jeg hefði haldið, að það væri ólíkt ónæðissamara að vera yfirsetukona heldur en hreppstjóri. Og hreppstjórar eiga þó altaf von á því, þegar þeir láta af starfi sínu eftir 25 ár, að geta hengt á sig Fálkaorðuna. Hreppstjórastaðan er mjög eftirsótt, af því að hún gefur pólitísk ráð í sveitinni. En ljósmæðrastaðan er ekki eftirsótt. Vantar kannske í 30—40 hreppstjórastöður á landinu?

Ekki er alveg rjett, það sem hæstv. ráðh. sagði um fjárhæðina, sem greidd er úr ríkissjóði. Hann segir, að nú sjeu greiddar 45400 kr., en eftir frv. sjeu það 94200 kr. Þetta er dálitið hæpið hjá hæstv. ráðh. Hann gerir sem sje ráð fyrir því, að yfirsetukonurnar sjeu allar á hámarkslaunum, en getur hann hugsað sjer að þær verði allar samtímis á hámarkslaunum? Sennilegra væri að reikna, að helmingur ljósmæðra væri á hámarki launa. Þá lækkar upphæðin að miklum mun. Fjárhæðin getur því aldrei orðið 94200 kr. — og ekkert nálægt því —, nema í útreikningum hæstv. ráðh. Það er aðeins hugsanlegur möguleiki, en kemur aldrei fyrir í praksis. Sama er að segja um, að hjer verði um 100% launahækkun að ræða; það er heldur ekki rjett. Hæstv. ráðh. spurði, hvort jeg vildi hækka laun annara starfsmanna um 100%. Já, ef það væri rjettmætt.

Nú er ríkissjóður fullur af peningum, svo að ráðherrarnir vita ekkert, hvað þeir eiga að gera við þá. Hæstv. stj. neitaði um daginn að taka við 200 þús. kr. tekjuauka. Svo að ekki er hjer getuleysi um að kenna.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta. Ástæður hæstv. ráðh., fjárhagslega ástæðan og samanburður við aðra launaflokka, nægja ekki til

þess að rjett sje að fella þetta mál. Það á að samþ. frv. á þskj. 305 með nauðsynlegum formsbreytingum.

Halldór Steinsson: Á undanförnum þingum hafa verið flutt frv. í svipaða átt og þetta. Þau hafa hlotið misjafnar viðtökur, en yfirleitt má segja hv. Ed. til hróss, að meiri hl. hennar hefir jafnan verið með þeim. Hinsvegar hefir hv. Nd. ekki brugðist eins vel við þeim. En nú hefir Nd. með miklum atkvæðamun afgr. þetta frv. til Ed. En það lítur út fyrir, að Adam eigi ekki að vera lengi í Paradís, því að nú koma brtt. frá hæstv. fjmrh., sem rýra svo mjög gildi frv., að það verður lítils virði, ef þær verða samþ., og bæturnar hálfgerðar smánarbætur. Mjer finst, að ekki hefði átt að einblína á flísina hjá þessum starfskonum, þar sem maður er altaf að reka augun í ýmsa bjálka á sviði fjármálanna annarsstaðar. Jeg ætla ekki að endurtaka þau rök, sem færð hafa verið fyrir þessu máli, bæði á undanförnum þingum og í Nd. Jeg vil aðeins leggja áherslu á, að ljósmæðurnar hjer eru lægra launaðar en flestar aðrar stjettir þjóðfjelagsins. Hæstv. ráðh. gat bara nefnt tvær stjettir, sem væru jafnlágt launaðar. Jeg játa fúslega, að hæstv. ráðh. hefir á rjettu að standa hvað það snertir, enda er ástæða til að bæta kjör þeirra. En þótt einstöku starfsmenn kunni að vera lakar launaðir en ljósmæðurnar, er þar fyrir engin ástæða til að draga að bæta úr launakjörum þessara kvenna. Þó að miðað sje við til dæmis vinnukonur eða lausakonur, þolir það engan samanburð, hvað þær eru miklu betur launaðar en yfirsetukonurnar. Eftir að þær eru búnar að eyða miklum tíma og fje til náms, fá þær 200 króna laun á ári, hækkandi í 15 ár upp í 275 krónur, og fyrir 2 árum var veitt hálf dýrtíðaruppbót á þessa lágu upphæð, svo að hún varð eitthvað rúmar 300 krónur. Þetta eru sældarkjör ljósmæðranna.

Það þýðir ekkert að slá því fram, að ljósmóðurstörfin sjeu aukastörf. Hjer er um stöðu að ræða, þar sem konurnar eru alment mjög bundnar. Margar þeirra eru ógiftar og alveg einskorðaðar við það umdæmi, sem þær þjóna, og eiga því ekki kost á að leita sjer jafnarðvænlegrar atvinnu og aðrar konur. Þær geta í hæsta lagi gripið til kaupavinnu tíma og tíma á sumri, en allir sjá, að það er ekki arðvænlegt. Það má því ekki halda því fram, að hjer sje aðeins um aukastörf að ræða.

Jeg vil taka það fram, að nú eru 30 yfirsetukvennaumdæmi laus. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri orðum aukið, en eins og hv. 4. landsk. benti á, er hægt að sanna þetta skjallega. Eftir skýrslum ríkisgjaldanefndarinnar voru 210 ljósmæður á landinu árið 1926; af þeim voru 189 skipaðar, þar af 5 ólærðar. Og síðastliðið sumar var auglýst eftir 5 ljósmæðrum í einu, en engin sótti. Það vill engin kona læra ljósmóðurfræði, þegar hún á í vændum þessi smánarlaun. Afleiðingin verður sú, að starfinu fara að gegna ólærðar konur. En það er ósamboðið hverri menningarþjóð. Þetta er svo vandasamt og ábyrgðarmikið starf, að þó að það kunni að hafa komið fyrir, að ólærðum konum hafi tekist það

vel, er mikill ábyrgðarhluti og með öllu ósæmilegt að hafa ekki lærðar ljósmæður.

Hv. 3. landsk. sagði, að hjer væri stigið svo stórt spor og aðrir starfsmenn mundu koma á eftir og heimta það sama. Jeg sje ekki, að hjer sje um svo stórt spor að ræða. Jeg er ekkert hræddur um, að aðrir starfsmenn komi á eftir, nema þá ef til vill hreppstjórar og oddvitar. En af hverju má ekki bæta þeirra kjör?

Hæstv. fjmrh. sagði sem rjett var, að launakjör ljósmæðra hefðu verið ákveðin 1919 um leið og laun embættismanna, og virtist ólíklegt, að þingið hefði gert upp á milli þeirra. Það var nú samt svo. Jeg var í launamálanefndinni og get borið um, að hún tók þetta alls ekki til meðferðar. Enda sjest það best á því, að við laun yfirsetukvennanna var engin dýrtíðaruppbót ákveðin. Þeirra laun stóðu í engu sambandi við laun annara embættismanna ríkisins.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að það væri fylgt fylstu kröfum ljósmæðra, ef frv. yrði samþ. Það er alveg rangt. Jeg skal minna hæstv. ráðh. á það, að þegar þetta frv. kom fram í þeirri mynd, sem ljósmæður fóru fram á, var lágmarkið 400 kr., hækkandi upp í 700 kr. og auk þess eftirlaun. En það þótti ekki fært að bera það fram í þeirri mynd. Þetta er ekki nema helmingurinn af fylstu kröfum ljósmæðra. Jeg verð að segja, að jeg tel brtt. hæstv. fjmrh. varhugaverðar af tveim ástæðum. Fyrst og fremst rýra þær svo mjög þær umbætur, sem farið er fram á, að frv. verður lítils virði, og bæturnar smánarbætur. Þá má og telja það víst, að ef brtt. ráðh. verða samþ., þá er frv. strandað á þessu þingi. Ef jafnmiklum breytingum verður hleypt inn, má ganga að því vísu, að nú, þegar svo langt er liðið á þingtímann, muni hv. Nd. ekki afgr. mál, sem svo mikill ágreiningur er um, og jeg hygg, að hæstv. ráðh. muni ekki dyljast, að svo muni fara. Jeg vona því, að aðstaða hv. d. sje sú sama í þessu máli nú og á undanförnum þingum og hún samþ. frv. óbreytt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er búið að taka það svo rækilega fram, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, hafi átt því fylgi að fagna hjer í hv. d. á undanförnum þingum, að það mundi skjóta nokkuð skökku við, ef hv. d. feldi það nú. Jeg ætla að minsta kosti ekki að trúa því fyr en jeg tek á.

Það er þegar búið að taka fram alla aðalagnúana á brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 498, og ætla jeg ekki að fara lengra út í það. Jeg skal að vísu viðurkenna, að í þeim felast nokkrar bætur frá því sem nú er, en þær fara í aðra átt en kröfur ljósmæðranna. Jeg skal taka fram eitt atriði, sem ekki hefir verið minst á undir umr. þessum. Námstími ljósmæðraefna hefir t. d. verið lengdur úr 6 mánuðum í 9 mánuði. Námsstyrkurinn er að vísu 45 krónur á mánuði með dýrtíðaruppbót. En það er fjarri því, að sú upphæð hrökkvi fyrir nauðsynlegustu útgjöldum þeirra. Kostnaður, sem hver einasti ljósmóðurnemandi verður sjálf að bera, nemur 600—800 kr. Þar af fer oft allmikið í ferðakostnað. Kröfurnar, sem gerðar eru nú, eru alt aðrar en áður. Í skólanum verða nemendur meðal annars að vera svo bún-

ar sem fylstu hreinlætiskröfur mæla fyrir; fatnað þann verða þær sjálfar að leggja sjer til, og er það ekki lítill kostnaðarauki. Þau fyrirmæli eru nauðsynleg vegna þess, að ljósmæðurnar eiga síðar að vera talsmenn þrifnaðar og hollustuhátta úti um sveitir landsins og vinna þar með því ekki lítið gagn og menningarstarf.

Það hefir verið gerður samanburður á launum ljósmæðra og hreppstjóra og oddvita, og má vel vera, að sá samanburður sje á rökum bygður. En laun ljósmæðra hækka ekki fyrir það. Þær fá 7 krónur fyrir að taka á móti hverju barni og vinna kauplaust fyrsta sólarhringinn. Jeg skil ekki í, að hreppstjórar og oddvitar þurfi að verja jafnlöngum tíma til þess að ráðstafa einum þurfalingi eins og ljósmæður til þess að taka á móti einum nýjum heimsborgara. Ljósmóðurstarfið má aldrei skoða sem a u k a s t a r f. Ljósmæður geta t. d. alls ekki leitað sjer atvinnu utan síns umdæmis, nema þá örstuttan tíma í senn, og þurfa þær til þess samþykki hlutaðeigandi hjeraðslæknis. Heima fyrir geta þær auðvitað sint ýmsum störfum. Sjeu þær giftar, geta þær að jafnaði sint um heimili sitt, en þær verða að vera viðbúnar að fara að heiman þegar þær eru kallaðar. Ljósmæður verða að vera svo mentaðar í sinni grein, að þær njóti trausts og hylli almennings, því oft verða þær að koma í læknis stað; hann er eins og vitanlegt er, ekki sóttur nema eitthvað mikið beri út af.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að það mundu ekki vera um 30 ljósmóðurumdæmi laus, ef kjörin þættu eftirsóknarverð. Sem betur fer eru til bæði menn og konur, sem ekki leggja alt upp úr launum. Nú á tímum verða þó allir einnig að hugsa um þá hlið atvinnu sinnar, að hún gefi þeim nokkra tryggingu fyrir sæmilegri afkomu.

Það voru aðeins þessi fáu atriði, sem jeg vildi taka fram, og jeg vænti nú, að þessi hv. d., sem undanfarið hefir staðið nær óskift um þetta mál, taki því enn vel og samþ. frv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg hefði óskað, að þeir hv. þdm., sem mest hafa mælt með þessu frv., hefðu sýnt því þann sóma, að vera viðstaddir þessar umr. Jeg get til dæmis ekki komið auga á hv. frsm. meiri hl. (JBald) hjer í deildinni. Enda þótt jeg búist ekki við að geta sannfært hann, hefði hann málsins vegna gjarnan mátt hlusta á mig.

Hv. frsm. meiri hl. hjelt því fram, að ekki þýddi að bíða með launabætur handa yfirsetukonum eftir því, að launalögin yrðu endurskoðuð. Það hefði átt að gerast 1925, 1926 og síðan jafnvel á hverju ári. En þetta er ekki rjett með farið. Það voru ekki launalögin sjálf, sem átti að endurskoða 1925, heldur dýrtíðaruppbótin.

Hv. þm. taldi enga leið að bæta frv. og hv. þm. Snæf. kallaði mínar brtt. smánarbætur. Þetta eru vitanlega ekki annað en slagorð út í loftið. Eftir núgildandi lögum eru meðallaun ljósmæðra 413 kr. á ári, eftir minum brtt. 588 kr. og eftir frv. 700 kr. Mínar till. eru því miklu nær frv. en gildandi lögum.

Þá vildi hv. frsm. meiri hl. halda því fram, að mínir útreikningar væru

rangir. Það getur hann verið viss um að er ekki, en það má vera, að hann hafi misskilið mig. Þegar jeg talaði um kjörin í 400 manna umdæmi, þá átti jeg við full laun með aldursuppbót. Jeg hefi hjer fyrir mjer skýrslu um laun ljósmæðra á öllu landinu, bæði um grunnlaun, aldursuppbót og dýrtíðaruppbót. Þessi skýrsla lýgur ekki. Hún er gerð í fjármálaráðuneytinu nákvæmlega eftir þeim útborgunum, sem fram hafa farið síðasta ár.

Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að ríkissjóðurinn væri svo fullur, að ekki gerði til, þó að seilst væri nokkuð niður í hann, og á hv. þm. Snæf. mátti heyra, að honum væri það ljóst, að fleiri kæmu á eftir, en það gerði bara ekkert til. Það er eins og þessir hv. þm. sjeu ánægðastir með það, að ríkissjóðurinn væri altaf tómur.

Hv. þm. Snæf. taldi lítils virði þær launabætur, sem jeg vildi veita ljósmæðrum. Um það skal jeg ekki deila. En það er annað, sem við getum deilt um, og það er, hversu mikið starf ljósmæðra úti um landið er. Eftir þeirri skýrslu, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig, eru mörg umdæmi á landinu, þar sem íbúatalan nær ekki 200 manns. Hv. þm. Snæf. er nú læknir, og veit hann sjálfsagt vel, hvað það er mikið starf að vera ljósmóðir í þessum umdæmum. Hann veit sjálfsagt, hvað margar fæðingar koma á hverja 200 íbúa. En jeg get samt sagt honum það. Þær eru 4. Hv. þm. heldur fram, að þetta geti alls ekki talist aukastarf, en sannleikurinn er sá, að þetta er ekki og getur ekki orðið annað en smávægilegt aukastarf í flestum sveitaumdæmum. Við höfum vanist því í sveitum landsins, að ljósmæður fengju nokkru hærra gjald fyrir að vera hjá konum en skylt er, en þrátt fyrir það vil jeg launa þeim betur en öðrum sambærilegum starfsmönnum í sveitunum. Þetta kallar hv. þm. Snæf. smánarbætur.

Þá er það fært fram sem ástæða með þessu frv., að það vanti ljósmæður í mörg umdæmi á landinu, og hljóti það að benda á, að kjörin þyki ekki eftirsóknarverð. Jeg get játað, að þetta muni vera rjett, að það vanti ljósmæður í nokkur umdæmi, — hversu mörg hefi jeg ekki fengið upplýsingar um. En hitt hefi jeg fengið upplýsingar um, að ljósmæðraskólann sækja nógu mörg ljósmæðraefni, og þær útskrifast þaðan nógu margar til að fullnægja þörf landsmanna.

Hvers vegna er nú þetta svo? Jú, það er af því, að kjörin þykja ekki eins óaðgengileg eins og af er látið. Stúlkurnar vita vel, þegar þær fara í ljósmæðraskólann, að hvaða launakjörum þær hafa að ganga. Það eru sem sje alt önnur atvik, sem valda því, að þær fara ekki í þessar stöður. En er það ekki líka annað og meira, sem liggur á bak við þetta, að okkur, að sumra sögn, vantar ljósmæður? Jeg veit að minsta kosti til þess, og það er sannanlegt, að það hafa verið hafðar í frammi hótanir við þm. um, að ef þeir ekki greiddu atkv. á viðeigandi hátt, þegar um þetta launamál er að ræða, þá skuli verða sjeð um það, að þeir fái ekki ljósmæður í þau umdæmi, sem þeir þurfa að útvega ljósmóður fyrir. Ef þannig er í pottinn búið, þá er ekki von á góðu.

Hv. 2. landsk. þarf jeg ekki að svara mörgu. Hann talaði um, að námið væri

dýrt. Já, ríkissjóður styrkir það nú að nokkru, og jeg veit líka um ýms sveitarfjelög, sem hafa styrkt ljósmæðraefni sín til náms, og það tel jeg heilbrigt og rjett. Þá geta sveitarfjelögin valið til þess þær stúlkur, sem þau þekkja og hafa trú á til þessa starfs, og þær vita líka betur, að hverju þær ganga.

Um það, hvaða borgun yfirsetukonur fá á heimilunum, er það að segja, að það er rjett, að það er ákveðið. En þar með er ekki hægt að slá neinu föstu um, hvað borgunin verður mikil í raun og veru. Jeg veit, að fátækir foreldrar geta ekki borgað mikið, og það er ekki hægt að ætlast til þess, en jeg veit, að þeir, sem eru sæmilega efnum búnir, munu greiða þetta ríflega, og jeg tel það vel farið.

Jeg get alls ekki fallist á, að þetta frv. sje eina rjetta leiðin í þessu máli. En í mínum brtt. tel jeg að felist svo mikil bót á kjörum þessarar stjettar, að vel megi við hana una, þangað til fleiri stjettir koma til greina, að því er laun snertir.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. um, hvort jeg hafi ekki skilið hann rjett að því leyti, að hann hafi tekið ríkissjóðshlutann eins og hann er greiddur nú á þessu ári, og hann hafi látið reikna út dýrtíðaruppbótina eins og allar hefðu hámarkslaun. **(Fjmrh.:** Nei, eins og þau eru nú). Jeg held, að þá geti þetta ekki orðið eins mikið eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Ljósmæður eru auðvitað ekki allar á sama stigi hvað laun snertir. Jeg verð að segja, að mjer finst, að tölur hæstv. ráðh. sýni ekki það rjetta í máli þessu

Þá var annað, sem hæstv. ráðh. vjek að mjer. Hann sagði, að jeg hefði ekki farið rjett með, að það hefði átt að endurskoða launalögin 1925, heldur dýrtíðaruppbótina. En er þetta ekki eitt og hið sama? Er ekki dýrtíðaruppbótin hluti af launum?

Ef á að endurskoða launalögin yfirleitt á næsta ári, þá hugsa jeg, að breytt verði grundvellinum undir öllum launagreiðslum, og er sennilegt, að því verði ekki lokið á þessu ári. Hvers vegna á þá að bíða með þetta?

Jeg held, að jeg hafi aldrei neitað, að till. hæstv. ráðh. væru til hins betra frá því, sem nú er, en jeg tel þó alveg sjálfsagt, að deildin felli þær, með því líka, að áður hafa verið feldar hliðstæðar till. frá hv. 2. þm. N.-M.

Annað var það ekki sjerstaklega, sem hæstv. ráðh. vjek að mjer. Honum þótti að vísu jeg vilja seilast helst um of niður í ríkissjóðinn. En það er engin dygð, að vilja ekki seilast eftir fje úr ríkissjóði til nytsamlegra hluta.

Mjer skilst, að hæstv. ráðh. hafi játað, að það vantaði ljósmæður í mörg umdæmi, og ennfremur virðist mjer hann frekar styðja mitt mál en sitt með því dæmi, sem hann tók, að ýmsar sveitarstjórnir veldu og kostuðu ljósmæðraefni til náms.

Þó að nógu margar komi í skólann, þá sannar það ekki neitt. Það er svo um námsfólk á öllum sviðum, eins og hæstv. ráðh. benti á, að ýms atvik valda því, að það hverfur frá því, sem það einu sinni hefir hugsað sjer. Eins hygg jeg að sje með þessar stúlkur, margar hverjar. Þær hafa hugsað sem svo í upphafi, að þær mundu geta fleytt sjer áfram á þessu, en komist síðar að raun um eða sjeð fram á það,

að þess er enginn kostur með þeim launakjörum, sem ljósmæður eiga nú við að búa. Þær hafa komið í skóla með styrk frá heimilum sínum, eða frá sveitarfjelögum, en þegar þær eiga að standa á eigin fótum, verður þeim fyrst ljóst, að á þessu geta þær ekki lifað, og neyðast þá til að snúa sjer að einhverju öðru lífvænlegra.

Jónas Kristjánsson: Jeg vil aðeins minna á fáein atriði, sem máli skifta, en sem mjer finst, að ekki hafi komið fram í umr. Því hefir verið haldið fram, að starf yfirsetukvenna sje ekki annað en aukastarf; þær geti unnið öll venjuleg störf heima hjá sjer jafnframt því.

Þetta er alls ekki rjett. Ljósmæður verða að hafa hreinar og skurfulausar hendur og mega því ekki ganga í hvaða vinnu sem er, til dæmis í fjósi eða eldhúsi. Ef þær hafa ekki heilt og hreint hörund á höndum, stafar af því hin mesta hætta og getur orðið slys af. Yfirsetukonur geta að minsta kosti sjaldnast haft með sjer sótthreinsaða hanska, og er þá þess meiri nauðsyn á því, að þær hafi hreinar, ósprungnar og heilar hendur, en það er því aðeins hægt, að þær hafi ekki öll erfiðustu heimilisstörfin að annast, sem geta bakað þeim sár og sprungur á hendurnar. Eins og menn vita, eru húsfreyjur á fámennum heimilum oft einyrkjar, svo að til þess að geta sint yfirsetukonustörfum, verða þær annaðhvort að hafa kaupakonu eða vinnukonu, en þetta kaup, sem þær hafa, er lítið hærra, eða jafnvel lægra, en kjör algengra vinnukvenna í kaupstöðum, og þá sje jeg ekki, að það sje um svo glæsilega góð kjör að ræða. Það verður líka að gæta að því, að það er beinlínis hættulegt að borga þetta starf mjög illa, vegna þess að því lakar sem það er launað, því hættara er við, að í það veljist konur, sem tæplega eru verkinu vaxnar. Við læknar þekkjum það manna best, hve mikils virði það er, að hæfar konur veljist í þetta starf, því að þær þurfa oft að vera okkur til aðstoðar við að svæfa sjúklinga og gæta fárveikra sjúklinga á eftir, og þess vegna er það svo áríðandi ,að vel hæfar konur veljist í þessar stöður; en ef mjög er sjeð í launin af hálfu hins opinbera, þá er hætt við, að í þetta starf veljist þær konur, sem miður eru gefnar og sem síður eiga þá annars úrkosti. Það ber líka að athuga, að nú eru gerðar miklu meiri kröfur til yfirsetukvenna, að því er snertir þekkingu, hreinlæti o. fl. Það er líka svo, hvernig sem því annars er varið, að það er orðin miklu meiri hætta á bakteríu-afsýkingu, og þarf þess vegna miklu meiri varúðar við um alla sóttvörn nú heldur en var fyrir nokkrum áratugum síðan, eða meira hreinlætis þörf. Það eru nú gerðar margfalt meiri kröfur til yfirsetukvenna en var áður; þær verða að vera miklu lærðari og kunna störf sín miklu betur og miklu fleira í sambandi við þau, heldur en áður var, svo að það er ekki nema eðlilegt, að við læknar fylgjum þessu máli af áhuga, því að ljósmæður og læknar verða oft og tíðum að starfa mikið saman. Sömuleiðis fer best á því, að hver um sig sje sem færastur á sínu sviði.

Guðmundur Ólafsson: Það leiðir af sjálfu sjer, að það er sjaldnar, sem jeg tek til máls, af því að jeg er bundn-

ari við stólinn en aðrir þm. þessarar hv. deildar. En í svona sjerstökum tilfellum, þegar mikið er að gera í deildinni, get jeg ekki stilt mig um að taka til máls, og eftir því sem getur að líta í suðurstofu þessarar deildar, þá sjest það greinilega, að kvenfólkið hjer í Reykjavík hefir oft veitt minni eftirtekt því, sem hjer hefir fram farið, heldur en nú.

En það, sem mjer hefði þótt sjerstök ástæða til að harma, var það, að hv. frsm. minni hl. var ekki viðstaddur, þótt viskan rynni upp úr hv. frsm. meiri hl., sem auk þess fjekk ágæta aðstoð bæði hjá hv. þm. Snæf. og hv. 2. landsk. Nú þarf jeg ekki að segja hv. 2. landsk. það, að jeg þykist viss um, að hv. þm. sje mjög brjóstgóður, eins og sjálfsagt allar aðrar konur eru, og hefir því sjeð sára þörf á því, að berjast hjer fyrir bættum kjörum ljósmæðra, sem annars eru hjer til umr. á hverju ári, og að þeirra áliti vegna þess, að það er ekki farið jafnilla með nokkra af starfsmönnum ríkisins eins og þær. Vil jeg þá segja nokkur orð við hv. 2. landsk. út af hennar rökum, og láta það þá fylgja með, að jeg held, að það hafi ekki önnur rök verið færð fram fyrir þörf málsins, en hjá hv. 2. landsk., hitt var aðeins „fjoll“ út í loftið. — En svo kemur hv. 2. landsk. og fer að leiða okkur fyrir sjónir, hve dýrt nám þetta sje; það hafi áður verið sex mánuðir, en sje nú orðnir níu mánuðir! En hv. þm. getur þess þó um leið, að þær hafi samt styrk af opinberu fje, til að ljúka þessu námi, en segir, að það geti vel farið svo, að þær verði að kosta námið úr eigin vasa með svo sem 400—600 krónum. Ekki þykir nú þetta neitt ofboðslegt, þegar borið er saman við aðra starfsmenn hins opinbera, að minsta kosti held jeg, að hvorki hreppstjórar nje oddvitar geti rækt sín störf svo í lagi fari, ef þeir kosta ekki meiru til námsins.

Það er dálítið einkennilegt að hlusta á þetta, ef einhver starfsmannaflokkur þarf að fá bætt kjör sín. Jeg fyrir mitt leyti lít hreint ekki svo á, að þessi starfsmannaflokkur sje lakar launaður að tiltölu en aðrir starfsmenn hins opinbera. Það er líka gott, svo að jeg komist um leið að orðum hv. 4. landsk., að vera landskjörinn þingmaður og hækka svona ósjálfrátt — maður getur sagt óviljandi — í tigninni, án þess að vinna nokkuð til þess; það er svona altaf hlaðið undir mennina, og þeir þurfa ekki að fá neitt hærra kaup; það er kosturinn! (Hlátur í deildinni).

Þá sagði hv. 4. landsk., að ef starfsmenn ríkisins færu yfirleitt að fara fram á launahækkun, þá væri sjálfsagt að veita þeim hana, sem lægra væru launaðir. Með góðum upplýsingum gæti hv. þm. sjálfsagt fengið nógar ástæður til þess, og þegar svo þar við bætist, að hv. þm. er í þessum makalausa flokki, sem hvorki þarf nje vill spara fje ríkisins. En hvernig ætli nú niðurstaðan yrði með ríkissjóð, þegar svona góðhjartaðir menn og örlátir á annara fje en sitt, færu að gefa úr honum, öllum til hjálpar? Jeg er alveg viss um það, að þegar hv. 4. landsk. væri búinn að borga nokkrum starfsmannaflokkum jafnörlátlega og þeim, sem hjer er um að ræða, þá væri ekki einn eyrir eftir í ríkissjóði til annara þarfa hans.

Hæstv. fjmrh. var að bregða þessum hv. þm. um það, að hann vildi fara

nokkuð djúpt í ríkissjóðinn. Hv. þm. svaraði því með að segja, að hann teldi þá ekki betri, sem alt vildu spara og ekkert tímdu að láta af tekjunum til nauðsynlegra launa.

Þá kem jeg að hv. þm. Snæf. Jeg vil reyndar taka það fram, að jeg fann engar röksemdir í ræðu hv. þm., frekar en hjá hv. frsm. meiri hl., annað en það, að launin væru lág! Og jeg er sammála þessum tveim hv. þm., að því leyti, að þau geta verið fulllág og gæti verið gott að hækka þau hjá þeim ljósmæðrum, sem lægst eru launaðar. En það eru fleiri, sem þarf að hækka hjá, og jeg vil að minsta kosti halda það, að eftir tilkostnaði við námið hjá barnakennurunum, þá sjeu þeirra laun síst betri, enda mun líka vera frv. á leiðinni til að hækka þau.

Ein af ástæðunum — ef það var þá ekki eina ástæðan, — hjá hv. þm. Snæf. var sú, að yfirsetukonurnar væru fastar í umdæmunum; þær yrðu að vera það. En hvaða starfsmaður er það, sem ekki þarf að vera þar, sem hann á að gegna störfum sínum? Náttúrlega er það svo um hv. þm. Snæf., sem er læknir þar vesturfrá, að hann er nú hjer, en jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. verði að hafa mann fyrir sig. (**HSteins:**. Þetta er útúrsnúningur). Nei, það er enginn útúrsnúningur, og hv. 2. landsk. þótti þetta svo gild ástæða, að hann kom með það líka. (**IHB:** Þær geta ekki dvalið utan umdæmisins, sagði jeg). Það kom hv. þm. fyrst með á eftir, en það er nú svo, að allir starfsmenn hins opinbera verða að vera þar, sem þeim er ætlað að starfa.

Jeg vona, að þau orð, sem jeg segi hjer, verði til þess að þeir, sem mest hafa mælt með frv. og farið næstum því óvirðingarorðum um brtt. hæstv. fjmrh., þótt til hækkunar sjeu, fari nú samt að hugsa um, hvort ekki sje ástæða til að athuga málið ögn betur. En slík aðferð sem þessi er reyndar ekkert undarleg, þegar það er athugað, að öðrum megin eru tveir læknar og þriðji maðurinn er formaður jafnaðarmanna. Jeg man ekki betur, en að það orð hafi löngum legið á læknum, að þeir væru manna kröfuharðastir um laun og hafi fyrstir byrjað að knýja á ríkissjóðinn. En jeg verð að benda hv. deild á það, að hún verður sjálfsagt að ganga lengra á þeirri braut en það, að hækka laun eins flokks starfsmanna; við höfum svo marga starfsmenn lágt launaða, að við verðum að athuga, hvort við getum farið eins með aðra á. eftir.

Það er náttúrlega svo yfirleitt úti um landið, að umdæmin eru fámenn og starfið fjarska lítið, en jeg er ekki þar fyrir að segja, að það sje ekki mikils vert.

Hv. 2. landsk. sagði, að ef yfirsetukonurnar væru giftar, þá gætu þær unnið nokkurt gagn heima. Já, jeg held það líka, og þótt þær sjeu ógiftar, þá geta þær unnið mikið gagn! (Hlátur um alla deildina). Yfirsetukonan í minni sveit, sem jeg er kunnugastur, er altaf í kaupavinnu, og getur því unnið töluvert utan við starf sitt, þótt yfirsetukona sje og ógift.

Þá kom hv. 5. landsk. með það, hve hreinar og þvegnar um hendurnar þær þyrftu að vera. Slíkt ætti ekki að þurfa að taka sjerstaklega fram, því að við ættum öll að vera sem hreinust um hendurnar. En jeg er náttúrlega á þeirri skoðun líka, að það sje sjerstak-

lega mikilsvert um yfirsetukonur, að þær sjeu sem hreinlátastar með hendur sínar og sig sjálfar. En svo langt erum við nú komin í menningu, að við vitum þetta, þótt ekki sje verið að prjedika það fyrir okkur hjer á þingi. Og hreinlátar konur geta líka unnið mjög mikið án þess að spilla höndunum, ef forsjálni er beitt við að hreinsa þær, enda er það svo með yfirsetukonur, þar sem jeg þekki til, að þær nota hendurnar til flestra almennra starfa, þegar þær eru ekki að taka á móti börnum.

Hv. þm. Snæf. var að tala um það, og telur því víst nokkurn veginn sleginn föstu, að það muni vera 30 yfirsetukvennaumdæmi, sem eru laus. En það er víst eitt af því, sem er nokkuð ágiskun. (**HSteins:** Nei-nei). Að minsta kosti kemur það ekki vel heim, ef á síðastliðnu sumri hefir ekki verið auglýst nema eftir einum fimm yfirsetukonum. (**HSteins:** Jeg sagði í einu). Þetta mál fer vonandi áfram, þótt 3. umr. sje eftir, og þá þætti mjer gaman að fá vissu um þetta atriði málsins, því að jeg tel þessar frjettir mjög óábyggilegar.

Jeg held svo, að þeir hv. þm., sem ekkert sjá framundan nema nauðsynina á að hækka þessi laun jafnstórkostlega og þetta frv. fer fram á og telja hækkun, sem ekki fer nema hálfa leið, einskis virði eða jafnvel svívirðilega, ættu að segja okkur betur en þeir hafa gert, hvernig launakjör ýmsir lægra launaðir starfsmenn hafa, og hvort muni líta betur út þar. Jeg held einmitt, að yfirsetukonurnar sjeu síst ver launaðar en sumir aðrir starfsmenn hins opinbera, þótt ekki þurfi að tala um oddvitana, eins og gert hefir verið í þessu sambandi, vegna þess að þeir eru ekki launaðir af ríkissjóði.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. forseti ljet það í ljós, að jeg hefði ekki tekið svo mikinn þátt í umr. af hendi minni hl., sem jeg hefi gert á nokkrum þingum áður. Jeg held, að í fyrstu eitt eða tvö skiftin, sem þetta mál var hjer á ferðinni, hafi jeg haft þá skyldu sem fjmrh. að gæta hagsmuna ríkissjóðs, og svo þess, að ekki kæmist ósamræmi inn í launalöggjöfina.

Nú hefi jeg ekki fundið ástæðu til að taka þátt í umr. af hálfu minni hl., af því að mjer hefir fundist hæstv. fjmrh. gera grein fyrir því, sem þurft hefði að segja af hálfu minni hl., og jeg tel, að með brtt. hæstv. ráðh. sje að minsta kosti gerð sómasamleg skil um hækkun á þessum launum. Jeg mun því greiða atkv. með þeim brtt. og tel, að með því sje málinu ráðið til lykta að minsa kosti á mjög vel viðunandi hátt fyrir ljósmæðurnar, ef brtt. hæstv. fjmrh. verða samþ.

Mjer finst stundum bera á því hjer á þingi, þegar verið er að tala um launabætur, að menn sjeu svo fljótir að hlaupa út í öfgar. Í kaupdeilum annarsstaðar er venjulega verið að slást um það, hvort eigi að hækka um 10 eða 15%, en það vill oft verða svo hjer á þingi, að þegar svo er komið, að ástæða þykir til að stinga upp á launabótum, þá er ekki talað um minna en að margfalda með tveimur, — og þetta ætla jeg, að jeg hafi sagt á þinginu 1925. Þá var gerð sú rjetting á launakjörum yfirsetukvenna, að það var byrjað að greiða dýrtíðaruppbót, að minsta kosti af hluta ríkissjóðs,

sem ekki hafði verið gert áður, en þessi breyting þýddi þá um 30% hækkun á launum. Þetta finst mjer sæmileg hækkun, þegar talað er um launabætur, en hitt eru algerlega byltingar, þegar verið er að tala um að hækka einhver laun fyrst um 30%, og svo að tvöfalda þau skömmu síðar.

Það hefir farið fyrir mjer eins og hæstv. forseta, að jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að eyða tíma til að tala um þetta frekar, þar sem hæstv. fjmrh. hefir gert það, sem gera þurfti, að leggja fram þær tölur, sem hjer hefir verið deilt um, án þess að þær hafi komið fram í málinu áður. Annars verð jeg að telja, að hjer hafi komið fram rök, sem ekki geta staðist, eins og frá hv. þm. Snæf., þegar hann bar saman borgun fyrir aukastarf sem þetta við það, hvað aðrir geti haft fyrir alla vinnu sína árlangt, en það eru engin rök í svona málum.

Halldór Steinsson:* Jeg þarf ekki að svara hv. fjmrh. miklu. Hæstv. ráðh. vildi halda því fram í síðari ræðu sinni eins og hinni fyrri, að þetta starf, sem ljósmæður inna af höndum, væri svo lítið í sjálfu sjer, að launin væru meira en nóg. Okkur kemur sennilega aldrei saman í þessu atriði. Það er að vísu svo, að starfið er mismunandi. Við vitum t. d. að það á ekki saman nema nafnið, hve mikið prestar og læknar hafa að gera. Í sumum læknishjeruðum er það svo, að þar er lítið að gera, eða að minsta kosti ekki nægilegt fyrir einn hraustan mann, en í öðrum hagar svo til, að þeir komast varla yfir vinnuna. Sama er að segja um prestana, en þeir eru samt sem áður skipaðir embættismenn, og fólkið álítur nauðsynlegt að hafa presta, þótt hver þeirra hafi ekki mikið svæði að annast. Þess vegna er þetta fjarstæða, að ætla að sníða launin eftir því, hve starfið er mikið. Úr því að talið er nauðsynlegt að hafa ljósmóður í hverjum hreppi á landinu, þá verður um leið að launa henni svo, að hún fáist til að sitja þar. Það var líka fjarstæða hjá hæstv. fjmrh., að í þeim umdæmum, þar sem fæst er fólkið, sjeu ekki nema 4—5 fæðingar á ári. Svo hjelt hæstv. ráðh. því líka fram, að yfirsetukonur myndu ekki þurfa að vera nema 2—3 sólarhringa frá heimilum sínum í hvert skifti. Þetta er líka fjarstæða; þar, sem jeg þekki til, eru yfirsetukonur alstaðar miklu lengur að heiman, enda eru þær samkv. núgildandi lögum skyldar að vera eina viku hjá hverri sængurkonu. Það er vitanlega alt annað í kaupstöðum, þar sem þær geta gengið daglega til sængurkvenna sinna, en það á sjer ekki stað í sveitum.

Hæstv. fjmrh. hjelt því einnig fram, að ljósmæðraskólinn framleiddi nægilega margar yfirsetukonur, en jeg verð að álíta, að hann geri það ekki, af því að svona mörg umdæmi eru laus, því ef hann gerði það, þá getur þetta ekki stafað af öðru en að það verða svo mikil vanhöld á þessum nýju ljósmæðrum. En af hverju stafar það þá? Auðvitað ekki af neinu öðru en því, að þær treysta sjer ekki til að taka að sjer svona lágt launaðar stöður; þær heltast úr lestinni þegar þær sjá, að þær eiga þetta fram undan sjer, — ástæðan getur ekki verið önnur.

Þá vildi hæstv. fjmrh. í lok ræðu

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

sinnar sýna fram á það, að eitthvert ógurlegt afli lægi hjer á bak við, sem myndi knýja þetta mál inn á þá braut, sem bæði jeg og hv. frsm. meirihl. viljum halda því á, og taldi, að það myndi verða hafðar einhverjar hótanir í frammi við þá þm., sem ekki yrðu frv. fylgjandi. Jeg held, að þetta sje óþarfa hræðsla hjá hæstv. fjmrh.; fyrst og fremst er jeg viss um, að þetta hefir ekki átt sjer stað, (**Fjmrh.**: Svo?) og þótt slíkar hótanir kæmu fram, þá veit jeg, að hæstv. ráðh. álítur þm. svo sjálfstæða, að það gæti ekki haft nein áhrif á afstöðu þeirra til málsins.

Þá kem jeg að hv. þm. A.-Húnv., sem byrjaði á því að segja, að það, sem jeg og hv. frsm. meiri hl., hv. 4. landsk., hefðum sagt, væri eiginlega ekkert annað en „fjoll". Jeg hjelt nú, að hæstv. forseti væri svo mikill íslenskumaður, að hann hefði getað valið heppilegra orð, þegar hann fór úr forsetastólnum. En hinu vildi jeg svara, sem hæstv. forseti tók fram í ræðu sinni, að við hv. 4. landsk. hefðum engar ástæður fært fram fyrir þessu frv., því það er ekki rjett. Við höfum fært mörg rök, góð og gild, meðal annars það, sem við höfum bent á, að það er bein vöntun á ljósmæðrum. En málstaður hæstv. forseta var í eðli sínu svo ljelegur, að þess var enginn kostur að tefla honum fram sem rökum. Þess vegna grípur hæstv. forseti til þess örþrifaráðs, sem ávalt er síðasta hálmstrá rökþrota manna, að kalla það alt vitleysu, sem andstæðingurinn hefir sagt um málið. Hæstv. forseti sneri út úr því, er jeg sagði, að ljósmæður yrðu að sitja í umdæmi sínu. Auðvitað er það fyllilega rjett, enda mun hæstv. forseti vel hafa skilið, hvað jeg fór. Jeg átti vitanlega við það, að þær væru búsettar í sínu umdæmi eða ættu þar heima. Þá taldi hann ósamræmi í því, að af 30 lausum umdæmum hefði ekki verið auglýst nema 5. Sannleikurinn er sá, að þessar fimm auglýsingar voru einungis í einu einasta blaði, og jeg geri ráð fyrir, að eftir nokkurn tíma þar frá hafi verið búið að auglýsa þær allar. Þetta er því ekki neitt ósamræmi.

Jeg þarf svo ekki að fara langt út í það, sem hv. 3. landsk. sagði í ræðu sinni áðan. Hann taldi það öfgar, að meiri hl. lagði til, að launin væru hækkuð eins og frv. gerir ráð fyrir. Hann sagði, að eftir frv. næmi sú launahækkun vel helmingi, og það óx honum ákaflega í augum. Hann vildi einnig halda því fram, að launakjör ættu að miðast við vissar prósentur. En í þessu síðasta liggur sá stóri misskilningur hjá hv. þm. Það ber alls ekki að miða launakjör við prósentur, heldur við það, hvað er sanngjarnt, og launahækkun ber á sama hátt að miða við, hvort launin hafi áður verið sanngjörn eða ekki. Það er líka ofur eðlilegt, að hin sjálfsagða og rjettmæta hækkun launanna sje hlutfallslega nokkuð mikil, með því að laun ljósmæðra hafa algerlega staðið í stað frá 1919. Ef þau hefðu hækkað sem næmi 10—15% á ári, eins og launakjör sumra annara starfsmanna, þá væri nú ekki þörf á hlutfallslega svo mikilli hækkun.

Jeg held svo, að jeg þurfi ekki að svara fleiru að þessu sinni.

Jónas Kristjánsson: Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hæstv. forseta. Honum tókst að vekja hlátur og

kátinu í deildinni með því að tala þannig um „hreinar hendur“, að helst mátti á honum skilja, að hann áliti slíkt hjegóma einn. En jeg geri nú ráð fyrir, að það færi af mönnum brosið, ef læknir ætti að fara að gera holskurð á honum, og hefði kumlaðar og særðar hendur af erfiði, sem ekki væri unt að hreinsa til fullnustu. Þetta hefir sömu þýðingu fyrir ljósmæðurnar og þær, sem hjálpar þeirra njóta. Jeg þykist ekki þurfa að orðlengja frekar um þetta atriði; mönnum er það sjálfsagt ljóst, að hvort sem um er að ræða lækna, hjúkrunarkonur eða yfirsetukonur, þá eru hreinar hendur eitt hið allra nauðsynlegasta skilyrði, og hæstv. forseti getur því sparað sjer að gera gys að því.

En svo að jeg snúi mjer nú að efninu, þá horfir það til hinna mestu vandræða að útvega góðar ljósmæður í umdæmin nú á dögum, vegna þess hve þeim er ljelega borgað. Stúlkur fást ekki til þess að gefa sig til ljósmóðurnáms, nema þá helst þær, sem ekki eiga betri úrkosti. Af þessu stafar þjóðfjelaginu mikil hætta, því að það skiftir miklu að eiga vel hæfa og mentaða ljósmæðrastjett. En launakjör þeirra eru svo bágborin, að ef ekki er nú úr því bætt, þá horfir slíkt til vandræða. Hjúkrunarkonur, sem helst má bera ljósmæður saman við, að því er starfið snertir, hafa þetta 200—250 kr. á mánuði. Bæði barnakennarar og hjúkrunarkonur hafa betri laun, og jafnvel vinnukonur hjer í Reykjavík fá hærra kaup en yfirsetukonur alment. Verður að kippa þessu í lag, ella geta vandræði af hlotist fyrir þjóðfjelagið. Það verður að launa ljósmæðrum svo ríflega, að það fáist góðar og vel þar til fallnar stúlkur til þess að taka að sjer þessi störf. Þetta vil jeg biðja hv. þm. að hafa í huga, þegar þetta frv. kemur til atkvgr.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það eru einungis örfá orð að þessu sinni. Jeg finn mig knúða til að þakka hæstv. forseta fyrir þau ummæli í minn garð, að hin einu frambærilegu rök, sem flutt hefðu verið til stuðnings frv., hafi fólgist í ræðu minni áðan. Mjer finst skylt að þakka þessi ummæli og það gleður mig að heyra, að ræða mín hafi verið svona merkileg, þó stutt væri. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um málið að sinni. Get látið nægja að vísa til þess, sem jeg og aðrir meðmælendur frv. hafa sagt um málið, bæði við fyrri umr. og þessa. Einungis skal jeg taka það fram, að mjer virðist margir hv. þm. ekki gera sjer það fyllilega ljóst, hversu mikill og tilfinnanlegur kostnaður það er fyrir ungar og einatt efnalitlar stúlkur, að fara langa leið að heiman og stunda ljósmóðurnám í 9 mánuði, og eiga að því loknu enga atvinnu vísa, nema þá svona ljelega launaða. Þetta vildi jeg biðja hv. þdm. að leggja sjer ríkt á minni. Þetta eru í sjálfu sjer mikil rök í málinu.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að engum ofbyði þessi kostnaður. Það má vera, að ljósmæðraefnum yxi hann ekki svo mjög í augum, ef til mikils væri að vinna eða af miklum efnum að taka. En nú fer því fjarri, að svo sje venjulega. Það hefir þó rjettilega verið viðurkent, að störf ljósmæðra væru næsta þýðingarmikil. Hv. þm. A.-Húnv. sagði í ræðu sinni eitthvað á þá leið, að störf þeirra væru ekki *mik-*

il, en *mikils virði*. Ef það er rjett, að störf ljósmæðra sjeu ekki mikil, þá leiðir af því það, að aukatekjur þeirra eru að sama skapi litlar. Hinsvegar vita allir, hversu ljeleg hin föstu laun þeirra eru. Einhver hv. þdm. komst þó svo að orði, að laun ljósmæðra væru hneykslanlega há. (GÓ: Ekki voru það mín orð). Nei, engan veginn, en það er hýsna hart að þurfa að heyra slík orð af vörum nokkurs hv. þm. Hinsvegar hafa margir talið óráð að fara nú að hreyfa við þessum launaflokki, með tilliti til þess, að endurskoðun launalaganna í heild liggi fyrir á næstunni. En er nú hægt að ætlast til þess, að þessir verst launuðu starfsmenn þjóðarinnar geti beðið mörg ár enn án þess að gera sjálfsagðar og rjettmætar kröfur um jafnrjetti við aðra starfsmannaflokka? Er nokkur furða, þótt þeir starfsmenn ríkisins, sem verst eru launaðir allra, samanborið við þau störf, sem þeir inna af hendi, krefjist nokkurrar sanngirni af hálfu hins opinbera? Núverandi ástand getur ekki og má ekki haldast til langframa. Jeg vona, að hv. þm. skilji það, hversu ábyrgðarmikil störf lækna, ljósmæðra og hjúkrunarkvenna eru, og að launakjör þeirra verða að vera svo góð, að þau geti gefið sig að starfi sínu með elju og áhuga en þurfi ekki að hafa það einungis í hjáverkum og ígripum. Svo er og ekki lítils um það vert, að hæfar konur veljist til ljósmæðrastarfsins, en ef trygging á að fást fyrir því, þá verður að bæta laun þeirra. Þetta verða hv. þdm. að skilja. Kröfur ljósmæðra eru ekki einungis sanngjarnar, heldur felst og í þeim þjóðfjelagsleg hagsýni, og hv. þdm. ættu þó að minsta kosti að geta litið á þá hlið málsins.

Það hefir verið minst á handaþvott og „hreinar hendur“ í sambandi við þetta frv. En jeg vil aðeins benda þeim hv. þm. á það, að til er margskonar handaþvottur. Þætti mjer ekki ósennilegt að þeir, sem nú leggjast hvað fastast á móti framgangi þessa máls, muni síðarmeir ef til vill þurfa að grípa til „handaþvottar“ í einhverri mynd til þess að hreinsa sig af þeirri ávirðingu, að hafa orðið til þess að bregða fæti fyrir þetta mál. Annars mun ekki þurfa að taka það fram, að hreinlæti er einn öflugasti liðurinn í læknavísindum nútímans, svo að vel mættu hv. þm. láta ógert að hafa það í flimtingum. Það má ennfremur vera hv. þm. fullkunnugt, að t. d. hjúkrunarkonur mega ekki hafa sprungnar nje óhreinar hendur, og liggja til þess skiljanlegar og eðlilegar ástæður. Og jeg vildi aðeins óska þess, að öll þjóðin væri komin svo langt áleiðis á þessu sviði, að hún skildi, hvers virði það er að hafa hreinar hendur, og hvers virði hreinlæti er almennt. En til þess að þetta megi verða, verða læknar, ljósmæður og hjúkrunarkonur að ganga á undan með góðu eftirdæmi. Það er óhjákvæmilegt skilyrði þess.

Að hjer sje að ræða um byltingu, þótt farið sje fram á bætt launakjör ljósmæðra, er vitanlega slík firra, að jeg mun leiða hjá mjer að svara því. Slíkt má segja við börn, en ekki við roskið og fullorðið fólk, sem eitthvert skyn ber á þetta mál. Það lægi þá nær að kalla það bylting, þegar lögð eru niður embætti undir sparnaðaryfirskyni, en síðan stofnuð önnur ný

embætti í staðinn, sem hvert um sig er margfalt dýrara. Þess er skemst að minnast, að slíkt átti sjer stað.

Fjmrh. (Einar Árnason): Umr. um þetta mál eru nú farnar að dragast mjög á langinn, og geri jeg því tæplega ráð fyrir, að nokkuð þýði að bæta við þær. Enda hafa engin ný rök fram komið í málinu upp á síðkastið. Jeg mun því verða stuttorður. Þó hefir eitt nýtt komið fram í þessu máli, sem sje krafa um svo mikil laun ljósmæðrum til handa, að þær þurfi ekki að gefa sig í algenga vinnu. Þetta er alveg ný röksemd fyrir launahækkun ljómæðra, og skal jeg viðurkenna, að þetta skiftir nokkru máli að því er virðist í fljótu bragði. En það þarf ekki lengi að íhuga þetta atriði til þess að sjá, að slíkt er svo fjarri öllum veruleika, að engu tali tekur. Jeg held, að flestar ljósmæður í sveitum vinni algenga vinnu, eftir því sem kringumstæður krefja; þær eru húsmæður, ganga að eldhúsverkum, fjósverkum og heyvinnu, þegar á þarf að halda. Og jeg býst við, að við höfum seint efni á að launa ljósmæður svo, að þær þurfi ekkert annað að hafa fyrir stafni.

Það var ekkert sjerstakt í ræðu hv. þm. Snæf., sem jeg hefi ástæðu til að minnast á. Hann talaði um, að ef till. minar væru samþ., yrði málið að ganga til Nd., og gæti það orðið því að falli. En hann gleymir því, að jafnvel þótt frv. sje samþ. óbreytt eins og það er nú, þá verður það að ganga til Nd. eigi að síður. Enda er jeg þess fullviss, að þ a ð verður ekki málinu að falli.

Hv. frsm. meiri hl. dró það í efa, að útreikningar minir væru rjettir. Jeg skal þá taka dæmi af handahófi um einn hrepp í Árnessýslu. Fólksfjöldinn er 325. Laun ljósmóðurinnar eru 200 kr., að viðbættri aldurshækkun 50 kr. Þar við bætist dýrtíðaruppbót, sem er 100 kr. Samanlagt verða þetta 350 krónur. Þetta er eftir núgildandi launakjörum. Sama ljósmóðir fær eftir frv. 300 kr. laun, 100 kr. aldursuppbót og 160 kr. dýrtíðaruppbót, eða samtals 560 kr. laun. Í þessu tilfelli er launahækkunin sennilega heldur minni en alment, enda myndi það koma í ljós, ef víðar væri reiknað út, að áætlun mín væri ekki fjarri sanni.

Þá kem jeg að einu atriði, sem hv. frsm. meiri hl. drap á. Hann hjelt því fram, að þegar sveitarstjórnir gerðu ráðstafanir til þess að láta ungar stúlkur læra ljósmæðrastörf, til þess að setjast síðan að í þeirra umdæmi, þá benti þetta mjög á tilfinnanlegan skort ljósmæðra úti um sveitir landsins. Þetta þarf ekki endilega að vera svo. Þetta er blátt áfram eitt af þeim málum, sem sveitarstjórnirnar telja sjer skylt að hlutast til um. Með þessu vilja sveitarstjórnirnar hafa íhlutun með því, hverjar veljist til starfans, og sömuleiðis, að þær vilja ekki eiga á hættu að verða að bíða svo og svo lengi eftir því, að einhver sæki um. Þetta á sjer einkum stað um hinar afskektari sveitir. Það eru margvísleg mál, sem sveitarstjórnirnar láta sig skifta, og öll ganga þau afskifti þeirra í þá átt, að sveitarfjelögunum verði þetta eða hitt að sem mestu gagni. Það er algengt, að sveitarstjórnir útvegi ljósmæðrum verustað og setji þær þar, sem best hagar til. Þetta er í sjálfu sjer gott og eðlilegt. Jeg geri ráð fyrir, að í Reykjavík þekkist þetta ekki í

eins ríkum mæli og úti um sveitir lands; t. d. í sveitinni gera menn nauðsynlegar kynbótaráðstafanir fyrir stór svæði, en slíkt myndi ef til vill vekja hneyksli hjer í Reykjavík. Jeg verð að telja allar þvílíkar ráðstafanir mjög nauðsynlegar, enda mun það oft vera svo, að þar sem vantar yfirsetukonu í umdæmi, hefir sveitarstjórnin ekki gert eins og henni bar til þess að útvega hana. Og jeg er ekki í hinum minsta vafa um það, að þessu máli væri að fullu borgið, ef sveitarstjórnirnar tækju það í sínar hendur. Jeg tel það mun heppilegri leið en að hækka launin fram úr öllu hófi. Sú leið gefur ekki fullkomna tryggingu fyrir því, að ráðin verði bót á ljósmæðraeklunni úti til sveita.

Jeg skal svo að lokum taka það fram, að af minni hálfu er jeg reiðubúinn að slíta þessum umr., enda býst jeg ekki við, að þær færi mikið nýtt fram í dagsins ljós.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það er aðeins örstutt aths. viðvíkjandi dæmi og útreikningum hæstv. fjmrh. Hann hjelt því fram, að launahækkun ljósmæðra alment væri 100% samkv. frv. Sem dæmi tók hann svo ljósmóður, sem hefur nú í laun 350 kr., en fær eftir frv. 560 kr. Jeg fæ nú ekki betur sjeð, en að launahækkunin hjer sje aðeins 60%, en ekki 100%. (**Fjmrh.**: Í þessu einstaka tilfelli). Hvers vegna tók þá hæstv. ráðh. ekki annað heppilegra dæmi? Auðvitað af því, að það hefir varla verið til. Launahækkunin er nú ekki gífurlegri en þetta.

Hæstv. ráðh. gerði tilraun til þess að skýra, hvað kæmi sveitarstjórnum til að ráðstafa og útvega ljósmæður. Jeg hafði dregið þá eðlilegu ályktun, að þessu hlyti að velda raunverulegur eða fyrirsjáanlegur skortur á ljósmóður í því og því umdæmi. Jeg skil ekki, hvað það á að sanna hjá hæstv. ráðh., þótt hreppsnefndir skifti sjer af því, hvaða þarfanaut sjeu alin upp í sveitum. Jeg skil heldur ekki, hvað það kemur þessu máli við. Ef það á að sýna, að sveitarstjórnir hefðu sitthvað með höndum, sem ekki væri venja, að bæjarstjórn hjer í Reykjavík skifti sjer af, þá býst jeg nú við, að þessu megi líka snúa við og segja, að bæjarstjórnin hafi ýms mál með höndum, sem sveitarstjórnirnar hafa ekki, en það kemur þessu máli hreint ekkert við. En það er ómótmælanlegt, að þegar sveitarstjórnir kosta ungar stúlkur til ljósmóðurnáms, þá er það af því, að þær vilja á þann hátt tryggja það, að sveitin fái ljósmóður. Það var rjett ályktun, sem jeg dró af þessum ummælum ráðh. áðan.

Þá hjelt hæstv. forseti deildarinnar, hv. þm. A.-Húnv., mjög skemtilega ræðu, sem kom mönnum til að brosa, en um rök var ekki að ræða í máli hans. Jeg hygg, að þótt leitað væri með logandi ljósi, þá myndu engin rök finnast, fremur en ef farið væri í geitarhús að leita ullar. Hann ásakaði okkur jafnaðarmenn fyrir eyðslusemi á landsfje og að við vildum ekki spara. Já, það fer nú eftir því, hvers kyns sparnað er um að ræða í hverju einstöku tilfelli. Sparnaður getur verið góður og ekki góður. Til dæmis má nefna það, að fyrir nokkrum árum var stofnaður flokkur til þess að spara og halda í. Nú er sá flokkur orðinn leiður á sparnaðar- og íhaldsnafninu og vill gjarna losna við það nafn.

Sparnaður á landsfje er alment æskilegur, en í framkvæmdinni vill það hjá mörgum verða þannig, að þeir spara eyrinn, en kasta krónunni. Nýlega hefir t. d. þessi deild, og með atkv. hæstv. forseta, hafnað stórkostlegum tekjum fyrir ríkissjóð, og kom þó sá skattur ljett niður á landsmönnum.

Svo var hæstv. forseti að reyna að færa ástæður fyrir því, að ekki væri sannað að ljósmæður vanti í sveitirnar. Hæstv. forseti ætlar því sennilega að bíða með að trúa þessu, þar til við 3. umr., til þess að geta greitt atkv. með brtt. hæstv. fjmrh. En það er einmitt sterkasta röksemdin í þessu máli, að það vantar ljósmæður í mörg umdæmin, hvort sem hæstv. forseti vill nú fresta að trúa því þar til seinna eða ekki. Og af hverju fást þær ekki? Af því vitanlega, að kjörin eru ljeleg. Það gildir því alveg hið sama um þessi störf eins og flest önnur, að enginn fæst til þess að vinna þau, þegar of lítið er fyrir þau greitt.

Þá sagði hæstv. forseti, að jeg vildi láta alla launaflokka fá það, sem þeir heimtuðu. Þetta og því um líkt eru aðeins slagorð út í loftið. Ljósmæðurnar hafa t. d. farið fram á hærri laun en hjer er lagt til að þær fái. Í frv. er farin millileið á milli krafanna og kaupsins, sem þær hafa nú. Hitt getur svo hver og einn sagt sjer sjálfur, hvort það er t. d. hægt fyrir einhleypa konu, sem starfað hefir sem ljósmóðir í 15 ár, að halda sjer uppi fyrir 275 kr. á ári. Hjer er því ekki nema um lítilsháttar stuðning að ræða, en það getur altaf verið álitamál, hvað menn telji sómasamlegan stuðning, bæði í þessu tilfelli sem öðru. Jeg fyrir mitt leyti tel það sómasamlegan stuðning, ef ljósmæður, sem starfa í sveitum, fá 500 kr. í árslaun, en eins og allir hljóta að sjá, vantar þó mikið á það, að þær geti lifað af þeim launum eingöngu. Þær verða því að vinna mikið umfram þessi störf og má því til sönnunar benda á, að skrifstofustúlkur bæði hjer í Reykjavík og víðar, hafa frá 150—300 kr. á mánuði, og búðarstúlkur 100—200 kr. á mánuði, og er það síst talið of hátt kaup. Eru þó margar þeirra heima hjá foreldrum sínum og vandamönnum og þurfa því ekki að sjá fyrir sjer að öllu leyti. Hvað því snertir þessi umræddu laun yfirsetukvennanna, þá eru þau svo lág, að þau eru langt frá því að geta talist full laun til framfærslu hlutaðeigenda, og það varla þó að þau væru sett eins há og fylstu kröfur ljósmæðranna eru. Enda er það svo, að enginn ætlast heldur til, að þau verði svo há, að þær geti eingöngu lifað á þeim.

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætla alls ekki að segja mörg orð að þessu sinni, því að jeg vildi gjarnan, að draga færi að atkvgr. En jeg vildi benda hv. dm. á, að þegar jeg talaði síðast, þá óskaði jeg eftir rökum frá fylgjendum frv. þessa. Jú, hvað haldið þið að jeg hafi fengið? Ekkert annað en að það hafi verið slæmt mál á ræðu minni áðan. Það má vel vera, að jeg hafi sagt eitthvert orð, sem betur hefði mátt fara öðruvísi, en það voru sannarlega engin rök í máli því, sem hjer liggur fyrir til umr. Þá sagði hv. þm. Snæf., að mörg góð og gild rök hefðu verið færð fram með frv., en benti ekki á neitt annað en það, að ennþá vantaði ljósmæður í 30 umdæmi á

landinu. En eins og tekið hefir verið fram, er ekkert hægt um það að segja með vissu, hvort það er rjett eða ekki. Þá kom embættisbróðir hv. þm. Snæf., hv. 5. landsk. og fór að tala um „hreinu hendurnar“, og þótti ekki vel við eigandi, að brosað væri að þeim. Hann sagði líka hv. þm., að kaup ljósmæðranna væri yfirleitt ekki eins hátt og kaup vinnukvenna hjer í Reykjavík. Þetta má vel vera rjett, því að mjer er ekki kunnugt um, hvaða kaup vinnukonur hafa hjer. En hitt er víst, að ljósmæðraefnin vita, að hverju þær ganga, þegar þær sækja skólann.

Þá kem jeg að hv. 4. landsk., frsm. meiri hl., sem var með þrefalda aths. vegna ræðu forseta, sem hann sagði þó að engin rök hefði verið hægt að finna í. En rökin, sem hann kom með í þessari margföldu aths., voru hin sömu og ýmsir aðrir hafa komið með og þegar er búið að margsýna fram á, að sjeu mjög vafasöm, sem sje þau, að ennþá vanti ljósmæður í mörg umdæmi. Þá kom hv. þm. með það, að það væri ekki altaf gott að spara, því að sparnaðurinn gæti oft verið of dýru verði keyptur, og átti þar við, að sparnaður á launum ljósmæðra gæti orðið okkur dýr. En jeg fyrir mitt leyti er ekki mjög hræddur við þetta. Jeg geri nefnil. ekki ráð fyrir, að ljósmæðurnar ræki ekki störf sín jafnt eftir sem áður, hvort sem þær fá launaviðbót eða ekki.

Þá sagði hv. frsm., að jeg hefði verið með í því að fella allverulegan tekjuauka ríkissjóði til handa, sem hann hefði viljað rjetta fram, tekjuauka, sem eingöngu hefði átt að leggjast á kaupmannsgróða. Það, sem jeg sagði um þennan tekjuauka, var það, að jeg væri á móti, ef hann ætti að leggjast á einhvern hluta þjóðarinnar. Og jeg fyrir mitt leyti get ekki annað en talið kaupmennina með þjóðinni, því að jeg veit ekki betur en að þeir sjeu menn eins og við hinir.

Að okkur vanti menn í ýmsar stöður í þjóðfjelaginu, af því að við borgum ekki nóg, má vel vera að sje að einhverju leyti rjett, en það hjelt jeg að hv. þm. vissi, að svo háar má gera kaupkröfurnar, að það hreint og beint borgi sig ekki fyrir vinnuveitanda að láta framkvæma starfið, og má í því efni benda á dæmi hjeðan úr bænum frá því í vetur. Annars held jeg, að það verði dráttur á því, að við getum borgað embættis- og starfsmönnum okkar svo hátt kaup, að þeir telji það fullnægja þörfum sínum.

Halldór Steinsson:* Jeg gleymdi að taka það fram í fyrri ræðu minni, að mjer finst það galli á brtt. hæstv. fjmrh., að í þeim kennir ranglætis gagnvart þeim ljósmæðrum, sem sitja í lægst launuðu hjeruðunum, þar sem laun þeirra samkv. brtt. þessum geta ekki farið fram úr 400 kr. á ári. Þetta virðist mjer misrjetti, enda kemur það í bága við reglur, sem áður hefir verið farið eftir í þessum efnum, og á jeg þar sjerstaklega við laun læknanna, því eins og kunnugt er, hafa þeir læknar hæst laun, sem sitja í minstu hjeruðunum, og það verður að teljast sanngjarnt því að þeir hafa eðlilega minstan „praksis“. Brtt. hæstv. ráðh. eru því alveg gagnstæðar þessu. Þá vildi hæstv. fjmrh. halda því fram, að máli þessu væri engin hætta búin,

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

þó að brtt. hans yrðu samþ., og það þar af leiðandi færi til Nd. aftur, því að aðrar brtt. við það lægju hjer fyrir, sem sennilega yrðu samþ. Við þessu er það að segja, að brtt. þær frá meiri hl. fjhn., sem hjer er um að ræða, eru svo litilvægar, að þær geta engri mótspyrnu mætt í hv. Nd. Alt öðru máli er að gegna um brtt. hæstv. fjmrh., því að í þeim felast miklar efnisbreytingar á frv. Má því gera ráð fyrir, að Nd. felli þær burtu, því að miklar líkur eru á því, að hún vilji halda fast við sínar till. í málinu. En hvað verður þá um frv.? Það beinlínis dagar uppi og nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Brtt. þessar eru því beinlínis banatilræði við málið, svo framarlega sem þær verða samþ. Þetta vænti jeg að hv. þdm. geri sjer ljóst.

Hv. þm. A.-Húnv. þarf jeg ekki miklu að svara. Hann hjelt því fram, að það væri ekki mikið mark takandi á þessum kröfum frá læknum og sósialistum, því að læknarnir væru kröfuharðastir um launakjör o. fl., af öllum embættismönnum landsins. Þetta verð jeg að telja óverðug ummæli. Að minsta kosti verð jeg að halda því fram, hvað mig snertir, að jeg hafi ekki verið ósparari á landsfje, síðan jeg kom á þing, en t. d. hv. þm. A.-Húnv., eða hver annar.

Þá kom þessi hv. þm. fram með nýja kenningu, sem sje þá, að það væri betra að vera án ljósmæðra en launa þær sómasamlega. (GÓ: Þetta er hreinn og beinn misskilningur). Jæja, ef svo er, þá skal jeg ekki fara frekar út í þetta atriði, en aðeins geta þess, að það er meining mín, að landsmenn yfirleitt telji starf ljósmæðranna svo mikilsvert, að þeir telji það seint of launað.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að það var ekki rjett hjá þessum hv. þm., að engin rök hefðu verið færð fram með þessu máli. Hjer hafa einmitt verið færð fram gild rök því til framdráttar, þó ekki væru nema þau, að sýnt hefir verið fram á, að yfirsetukonur vantar í 30 umdæmi. Að vísu hefir þetta verið rengt af andmælendum frv., en það er hægt að sanna það skjallega, hvenær sem vill. Jafnframt hefir verið sýnt fram á, og það með fullum rökum, að þessar starfskonur væru lægra launaðar en allir aðrir starfsmenn hins opinbera.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. þm. Snæf. sagði í síðustu ræðu sinni, að brtt. hæstv. fjmrh. fælu það í sjer, að laun ljósmæðra í minstu hjeruðunum gætu ekki farið upp úr 400 kr. Þetta leikur á tveim tungum eftir því, hvort dýrtíðaruppbót er reiknuð með eða ekki. Eftir þeirri dýrtíðaruppbót, sem gilti síðastliðið ár, þá lætur nærri, að laun þeirra ljósmæðra, sem hv. þm. Snæf. sagði að yrðu fyrir mesta misrjettinu, myndu nema um 560 kr. Og ef litið er á hagskýrslurnar, þá lætur nærri, að laun yfirsetukvenna samkv. þessum till. verði jafnmörg hundruð og skýrslurnar gera ráð fyrir mörgum fæðingum á ári.

Þá hefir verið fullyrt, að ljósmæður vantaði í 30 umdæmi á landinu. Þetta hefir verið talið hægt að sann skjallega, en það hefir aldrei verið gert. Svipaðar fullyrðingar sem þessar heyrðust 1926, þegar mál þetta var til umræðu í þinginu. Ljet jeg því rannsaka í fjármálaráðuneytinu síðustu

launagreiðslukvittanir þessara starfskvenna, og kom þá í ljós, að til voru ljósmæður í nær því öllum ljósmóðurumdæmum landsins, til þess að taka á móti launum. Hvernig þetta er nú, veit jeg ekki.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Snæf. út af þeim ummælum hans, að samkv. till. minum yrðu þær ljósmæður, sem minst hefðu umdæmin, harðast úti; þeim hefir hv. frsm. minni hl. svarað. Þó vil jeg geta þess, að þessi ummæli hv. þm. voru mjög villandi, eins og bent var á, því að brtt. mínar stefna einmitt að því marki, að þær ljósmæður, sem hafa minstu umdæmin, fái sem mesta launabót.

Þá vildi hv. frsm. meiri hl. altaf efast um það, að skýrsla sú, sem jeg hefi látið gera um laun þau, sem ljósmæður hafa nú, og um laun þau, sem þær koma til með að fá samkv. frv. þessu, væri rjett, og að það væri því rangt, að launahækkunin væri sumstaðar 100%.

Þessu er því að svara, að það er ekki aðeins rjett, að launahækkunin geti í sumum tilfellum orðið 100%, heldur er hækkun útgjalda ríkissjóðs til sumra yfirsetukvennaumdæmanna á annað hundrað %.

Þá þýðir ekkert fyrir okkur hv. frsm. meiri hl. að vera að þrátta um það, hvort sveitarstjórnirnar eigi að vera að skifta sjer af þessum málum. Jeg fyrir mitt leyti tel rjett, að þær geri það. Jeg tel þær í þessum efnum hliðstæðar skólanefndum, því að eins og kunnugt er, gera skólanefndirnar altaf sitt til þess að fá einhvern ákveðinn mann fyrir kennara, enda þótt auglýst sje að forminu til eftir kennurum.

ATKVGR.

Brtt. 498 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JÞ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald, JKr, BKr.

Brtt. 402 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, BKr, EF, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald.

nei: JónJ, JÞ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 15. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 563).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Um frv. var viðhaft nafnakall, og sögðu:

já: HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald, JKr, BKr.

nei: JónJ, JÞ, JónasJ, PH, EÁ, GÓ.

Erlingur Friðjónsson: Jeg var með miðlunartill. í þessu máli við 2. umr., en er ekki ánægður með þetta frv. og greiði því ekki atkv.

Jón Þorláksson: Jeg vil benda hæstv.

forseta á að athuga 2. málsgr. 44. gr. þingskapanna, áður en hann lýsir úrslitum þessarar atkvgr.

Halldór Steinsson: Mjer finst, að þessi umrædda gr. þingskapanna fari alls ekki neitt í bága við það, að þessi atkvgr. verði úrskurðuð samkv. venju, því að ógreidd atkv. hljóta altaf að eiga að teljast með meiri hl.

Forseti (G. Ó.): Jeg tek mjer frest til þess að úrskurða þessa atkvgr. (**JÞ:** Viturlega mælt).

Erlingur Friðjónsson: Ef hæstv. forseti óskar þess, þá skal jeg greiða atkv., fremur en að setja þd. í vanda út af þessu máli.

Forseti (G. Ó.): Það var fram komin skýr neitun frá þm. gegn því að greiða atkv., svo að jeg get ekki verið að ganga eftir því frekar. Málið skýrist á sínum tíma.

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. enn tekið á dagskrá (úrslit atkvgr.).

Forseti (G. Ó.): Eins og hv. þdm. muna, frestaði jeg að fella úrskurð um þetta mál, þegar það var síðast á dagskrá hjer í deildinni. Sömuleiðis frestaði jeg úrskurði um 9. málið á dagskránni, um skipun barnakennara og laun þeirra. Beindi jeg þeim tilmælum til hv. deildar, að hún vildi greiða atkvæði aftur um það mál, en þess var ekki kostur, þar sem tveir hv. þm. andmæltu því. Mun jeg því að sjálfsögðu spara mjer að fara fram á, að deildin greiði atkv. á ný um þetta mál, því að mjög stendur líkt á með þessi tvö mál, enda mun jeg úrskurða þetta mál á sama grundvelli og með hliðsjón af sömu gr. þingskapanna sem við hitt málið. Jeg ætla þá að leyfa mjer að lesa upp 47. gr. þingskapanna, sem felur í sjer ákvæði, sem máli skifta í þessu sambandi: „Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.). En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita."

Í þessu tilfelli var það aðeins einn hv. þm., sem ekki greiddi atkv. Færði hann þær ástæður, sem jeg hafði þau orð um, að væru mjer óskiljanlegar, enda get jeg ekki metið þær að neinu. (**HSteins:** Hann færði fram ástæður á þessum fundi). Það kemur ekki til greina nú, úr því að hv. þdm. eru ekki fáanlegir til þess að greiða atkv. um málið nú á þessum fundi. Jeg tek því ástæðu hv. þm. Ak. ekki til greina. Verður því að líta svo á, að 14 atkvæðisbærir þm. hafi verið við atkvgr. Þar af greiddu ekki nema 7 atkv. með frv. En 47. gr. þingskapanna krefst ótvíræðs meiri hl. allra þeirra þm., sem á fundi eru og atkvæðisbærir. Með hliðsjón af því, verð jeg að úrskurða málið fallið, vegna þess, að ekki hefir fengist meiri hl. með því, er af 14 deildarmönnum atkvæðisbærum segja aðeins 7 já.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Sala á jarðarskikum til Neskaupstaðar.

Á 11. fundi í Ed., 1 mars, var útbýtt:
Frv. til laga um sölu á jarðarhluta Neskirkju og ríkissjóðs í landi Neskaupstaðar í Norðfirði (þmfrv. A. 53).

Á 13. fundi í Ed., 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta flyt jeg að tilmælum bæjarstjórnarinnar í Nesi í Norðfirði og fylgir því all-skýr greinargerð frá bæjarstjórninni, svo að jeg þykist ekki þurfa að láta fylgja því langa framsögu.

Fyrir síðasta þingi lágu tvö frv. líks eðlis, og gengu þau greiðlega í gegn um þingið. Jeg vænti þess því, að þetta frv. verði látið sæta svipaðri meðferð. Mjer þykir rjett að geta þess, að sá hluti, sem hjer er farið fram á að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar, hefir ekki verið eign Neskirkju frá fornu fari. Það var árið 1896—97, sem höfð voru makaskifti á 7 hundruðum að fornu mati úr jörðinni Nesi og kirkjujörðinni Grænanesi, sem er skamt fyrir innan bæinn. Þessi kirkjujörð er ljelegt kot, og sjest það best á því, að hún er eign ríkissjóðs enn. Eins og kunnugt er, eru flestar skárri jarðirnar seldar. Hins vegar er þessi hluti af Nes-jörðinni nú margfaldlega stiginn í verði við það, sem hann var þá er hann komst í eign kirkjunnar. Bæjarstjórnin ætlast auðvitað ekki til að fá þennan hluta keyptan nema við fullu verði. En það er skiljanlegt öllum, sem til þekkja á Norðfirði, að mjög er erfitt að koma skipulagi á bygð bæjarins, ef ekki fást meiri umráð yfir landi því, sem bærinn stendur á, en verið hefir hingað til.

Jeg get tekið það fram, að með tímanum hugsar bæjarstjórnin sjer, að bæjarsjóður eignist alt landið, sem bærinn stendur á, það er: alla jörðina Nes með hjáleigum. En það mun taka langan tíma að koma því í kring, því að enn eru ⅔ hlutar þess eign einstaklinga. Eigendur munu vera 17 að tölu. Jeg hygg samt, að þetta muni

ganga sæmilega greiðlega, ef bæjarstjórn hefir vilja á að nota tækifærin þegar þau gefast. Bærinn hefir þegar getað fest kaup á tveim hlutum, þótt ekki sjeu þeir stórir. Þetta verður sjálfsagt nokkuð dýrt, en við því er ekki hægt að gera. Jarðir þessar hafa stigið í verði fyrir atvik, sem ekki á neinn hátt hafa orðið fyrir tilverknað eigendanna, heldur fyrir framtakssemi íbúa kauptúnsins.

Jeg vænti þess, að frv. verði vísað til allshn., og þingið taki því vingjarnlega, einkum þar sem það kom greinilega í ljós á síðasta þingi, að þingið hafði fullan skilning á því, hversu þýðingarmikið er fyrir bæina að eiga það land, sem þeir standa á og að þeim liggur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 20. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 53, n. 136, 166).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 166. Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Svo sem nál. á þskj. 136 ber með sjer, hefir allshn. lagt til, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, verði samþ. með lítilsháttar breytingum. Nefndin viðurkennir það öll, að kaupstaðir þurfi nauðsynlega að eiga land það, er þeir standa á, ásamt hæfilegu landi til ræktunar og hagbeitar til afnota kaupstaðarbúum. Breyting sú, er nefndin leggur til, að gerð verði á frv., er í því fólgin, að undanskilin verði hæfileg lóð undir og kringum íbúðar- og geymslu-hús dánarbús Jóns prófasts Guðmundssonar. Jeg sje heldur ekki neitt, sem getur mælt á móti því, að lóð þessi verði undanskilin, en þar sem nefndin segir í áliti sínu, að ef hið opinbera teldi ástæðu til að kaupa það, þá ber ekki að líta á það sem ábending frá nefndarinnar hálfu, heldur sem hugsanlegan möguleika, að svo kynni að fara. Svo stendur nú á, að eigandinn er prestsekkja, og við vildum láta þetta koma ljóst fram, að n. vill ekki á neinn hátt gera núverandi eiganda þessa húss erfiðara að selja húseignina, þó sala á landi kirkjunnar yrði leyfð. 2. brtt. skýrir sig sjálf. Þar er aðeins vitnað til laga um sölu þjóðjarða. Það mun hafa komið fram brtt. á þskj. 166, en jeg mun ekki víkja að henni fyr en hv. flm. hennar hefir fært fram rök sín.

Jón Þorláksson: Það gladdi mig að sjá upphafið á áliti allshn. á þskj. 136, því þar viðurkennir nefndin, að kaupstaðir og kauptún þurfi að eiga land það, er þau standa á, ásamt nálægu landi til ræktunar. Jeg mintist þá þess, að er jeg var í Nd. kom þar fyrir svipað mál, og urðu nokkrar deilur út af. Var það hvort Siglufjarðarkaupstað skyldi selt land prestssetursins Hvanneyrar, og hallaðist jeg þá að því, að það skyldi gert, og yfirleitt hefi jeg hallast á þá sveifina við önnur slík tækifæri, og svo er því nú farið, en jeg vil ganga lengra en haldið er í frv. þessu, og því hefi jeg komið fram með

brtt. á þskj. 166. Jeg vil að leyft verði einnig að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar, að undanskildum nauðsynlegum lóðum handa því og öðrum opinberum byggingum. Því er líkt farið með Siglufjarðarkaupstað og Neskaupstað, að verið er í báðum stöðunum að gera skipulagsuppdrátt, og jeg tel rjett að undanskilja þegar í upphafi þær lóðir, er þarf til opinberra bygginga. Jeg vona, að hv. allshn. taki vel í þessa brtt. mína, samkvæmt stefnu sinni, og að hún fáist samþ. í þessari hv. deild.

Jón Baldvinsson: Það er engan veginn meining mín að hlaupa fram fyrir skjöldu og svara fyrir hv. frsm., hann mun sjálfur gera það, en jeg vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við sölu jarðar til Siglufjarðarkaupstaðar og afstöðu mína til þess máls. Á fyrstu þingunum, er jeg sat á, var jeg á móti sölu ríkissjóðsjarða til einstakra manna og er það enn. Sama var að segja um afstöðu mína, er bæjarfjelög eiga í hlut, þar eð mjög er hætt við því, að löndin lendi í braskarahöndum, og þá er það aðeins til bölvunar, að láta þau úr eigu ríkissjóðs. Jeg var á móti því, að Siglufjarðarkaupstað væri selt land kirkjunnar, því að þá sá jeg, að svo gæti farið, þar sem bærinn var þá að kalla *mátti í höndum Norðmanna*. En nú á síðari árum er þetta breytt, þeir menn komnir til valda í bæjarstjórn Siglufjarðar, sem líklegt er að sjá mundu í þessu sem öðru borgið hag bæjarins. En auðvitað gæti ríkissjóður leigt bænum landið með svo góðum kjörum, að betra væri en sala fyrir Siglufjörð. Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að hv. flm. brtt. (JÞ) skuli fara að skjóta þessu inn í við 2. umr., án þess að nefndin fái tækifæri til að athuga málið, því alt er þetta stærra mál en salan handa Norðfirði. Gjarnan má í þessu sambandi minna á, að oft hefir landið selt jarðeignir sínar fyrir mjög lágt verð, og hafa þær eignir sumar síðan orðið bröskurunum að bráð, og venjulega hafa þær þá lent í óhirðu og niðurníðslu. Hitt vil jeg taka fram, að þótt jeg geti fallist á að bæjar- og hreppsfjelög fá keyptar landeignir ríkissjóðs, þá geta þó verið undantekningar frá því, þegar um stórar eignir er að ræða.

Halldór Steinsson: Jeg vildi fara þess á leit við hæstv. forseta, að málinu yrði frestað, þar sem nýtt atriði er komið fram, sem nefnd þyrfti að fjalla um og athuga nánar. Legg jeg til, að því verði vísað til allshn.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er nú svo, að hv. 3. landsk. fer ýmsar leiðir til að koma sínum málum fram, en þessi leið finst mjer þó einkennilegust vegna þess, að hann kemur ekki með þessa brtt. sína inn í þingið fyr en eftir að málið er búið að vera 3 vikur í nefnd. Jeg kann ekki við þessa aðferð, og mjer finst hún koma illa heim við rjettlætistilfinningu þá, sem allshn. taldi valda fylgi sínu við sölu á landinu. Jeg get ekki varist þeirri hugsun, að hv. 3. landsk. sje með þessari brtt. að leggja stein í götu þessa frv. (JÞ: Nei alls ekki!). Því kemur hv. þm. þá ekki með sjerstakt frv. um þetta efni? Það þyrfti ekki að tefja hans áhugamál að neinum mun, og þá gat þetta frv. haldið áfram tafarlaust.

Á þessa till. hv. þm. er varla hægt að líta sem brtt., heldur miklu fremur sem viðauka við frv., þar sem það breytir engu í frvgr. Jeg hefði í forsetastól álitið rjettast að vísa brtt. frá af þeirri ástæðu. Jeg álít samsuðu sem þessa óheppilega, og jeg vil geta þess, að við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) höfum flutt sitt málið í hvorri deild, sama eðlis, af því að við töldum það heppilegra en að hnýta þeim saman, þar sem vera má, að eitthvað sje ver undirbúið í öðru tilfellinu. Jeg vil því mælast til, að hv. 3. landsk. taki till. sína aftur og komi fram með hana sem nýtt frv. Mun jeg styðja það. Jeg er ekki ánægður með, að umr. um frv. þetta sje frestað vegna þessarar till., sem naumast er hægt að skoða sem brtt. við frv. Að fresta umr. er að tefja það mál, sem hv. 3. landsk. telur þó vera sanngirnismál. Jeg vil því enn mælast til, að hv. 3. landsk. taki till. aftur og komi með hana í frumvarpsformi. Verður það að vísu seinna á ferðinni, en þar verður hv. þm. að gjalda þess, hve seint hann kom fram með það. Eins og jeg hefi sagt, mun jeg styðja það, en mjer finst óþarfi að tefja þetta mál með því.

Jón Þorláksson: Hv. 2. þm. S.-M. leggur algerlega skakkan skilning í mína afstöðu til þessa máls. Þingsköpin leyfa mjer enga aðra leið til að auka við frv. en að koma með brtt. Ef þau hefðu leyft mjer að koma með viðaukatill., þá hefði jeg gert það, en þá aðferð þekkja þau ekki, og var mjer því nauðugur einn kostur. En til þess að skemma ekki frv., þá kaus jeg að bæta við það nýrri grein og við 2. umr., þar sem hver gr. er þá borin upp til samþykkis sjerstaklega. Og af sömu ástæðu hefi jeg engu bætt inn í núv. frvgr., svo þær breytast ekkert. Ef mín brtt. verður samþ., þá breytist aðeins fyrirsögnin. — Það er fjarri tilgangi mínum að vilja leggja stein í götu þessa frv. með brtt. minni. En jeg vildi nota ummæli hv. allshn. um rjettmæti slíkrar sölu, til þess að bera þetta fram. Þau ummæli, sem hv. n. ljet frá sjer fara, voru almenns eðlis, svo ekki er hægt að lá mjer, þótt jeg notaði þau. En jeg hafði ekki ástæðu til að ætla, fyr en jeg sá nál., að sala á Hvanneyrarlandi til Siglufjarðar mundi fá betri byr en áður hefir verið. Var því ekki ástæða til, að jeg kæmi fram með þetta fyr en jeg hafði lesið nál.

Forseti (Guðmundur Ólafsson): Jeg vil svara þeirri aðfinslu hv. frsm. (IP), að jeg hefði átt að vísa brtt. á þskj. 166 frá, af því það væri viðaukatill., en ekki breytingartill. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjett, því ef brtt. verður samþ., þá breytist fyrirsögn frv. Hinsvegar sje jeg engan vinning við að koma með mál þetta sem sjerstakt frv. Ætti það ekki að orsaka skaðlegan drátt, þótt frv. væri tekið af dagskrá nú. Er ekki svo áliðið þings, að um stóra hættu sje að ræða. Ætti frv. þrátt fyrir það að geta komið til framhaldsumr. fyrir næstu helgi. — Tek jeg því málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Ed., 23. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 53, n. 136, 166).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Svo sem hv. deild ætlaðist til, þegar umr. um frv. þetta var frestað fyrir tveim dögum, þá hefir n. athugað brtt. á þskj. 166. Meiri hl. n. lítur svo á, að eins og þessi brtt. er fram borin, þá sje ekki rjett að hnýta henni aftan í frv., og leggur því til, að hún verði feld.

Brtt. er komin fram með öðrum hætti en venja er til. Það hefir engin ósk legið fyrir frá íbúum Siglufjarðar. Jeg hygg, að það sjeu 7 ár síðan frv. um sölu Hvanneyrar lá fyrir þinginu, og var því þá synjað. Síðan hefir ekki heyrst neitt frá Siglfirðingum um þetta. Hinsvegar er það ljóst, að sjeu aðstæður óbreyttar, þá er sennilegt að kaupstaðurinn óski kaupanna, en upplýsingar um óskir Siglfirðinga í þessu efni liggja ekki fyrir að þessu sinni. Og jeg tel ekki ástæðu til, að þingið bjóði þessa eign til sölu, þar sem það hefir synjað sölunnar áður.

Frá minu sjónarmiði er hjer farin mjög óvenjuleg leið til að koma fram sölu á kirkjujörð. Jeg lít svo á, að lögin um sölu kirkjujarða geri tvímælalaust ráð fyrir, að tekin sje ákvörðun í lagaformi um hverja jörð fyrir sig. Jeg veit, að allir lögfræðingar munu ekki líta svo á, en jeg get ekki skilið varúðarráðstafanir laganna öðru vísi. Í lögunum (nr. 50 1907) stendur svo í 2. gr. 2. mgr.:

„Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuþðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd telur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti."

Jeg álít, að þó að þingið vildi spara sjer erfiði með því að samþ. í einu að selja allar kirkjujarðir landsins, sem kauptún lægju á, þá gæti það ekki samrýmst þessum ákvæðum. Hvaða skilning er hægt að leggja í orðin „í hvert skifti", ef ekki þann, að þar sje átt við hverja jörð út af fyrir sig? Þetta er heldur ekkert óeðlilegt, því aðstaðan getur verið mismunandi. Það getur vel verið rjett að selja eina, en ekki aðra, og hefir löggjafinn viljað tryggja sjer það, að í hverju tilfelli verði það vendilega athugað, hvort selja skuli. — Allshn. hefir alls ekki átt kost á að kynna sjer þessa sölu á landi Hvanneyrar sjerstaklega. Það hafa engin gögn legið fyrir. Það væri því alls ekki gætt þeirrar varúðar, sem löggjafinn ætlast til, ef brtt. væri samþ. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. til, að brtt. verði feld.

Jeg skal taka það fram, að jeg mundi greiða atkv. með sölu Hvanneyrar, ef nægar upplýsingar væru fyrir hendi, og málið lægi fyrir í frv.formi. En þegar svona óvenjulegri aðferð er beitt til að koma sölunni fram, þá get jeg ekki verið með því.

Jeg býst við, að ræðufjöldi minn sje nú þegar úti, og verð jeg því að láta hjer við sitja. Jeg geri ráð fyrir, að hv. flm. brtt. (JÞ) andmæli einhverju af því, sem jeg hefi sagt, og skal jeg ekki fást um það. En það mun vera einsdæmi í þingsögunni, að sala á kirkjujörð fari fram, svo sem hjer er ráð fyrir gert. Læt jeg það því ráðast, hvort mín afstaða þykir athugaverðari en hv. flm. brtt. En brtt. verður til að tefja fyrir frv.; þegar það kemur til Nd. þá vantar allar upplýsingar um þessa sölu. Og kæmi mjer ekki ókunn-

uglega fyrir, þó afleiðingin yrði sú, að frv. næði ekki fram að ganga.

Jón Þorláksson: Mjer kom það ekki á óvart, þó heldur andaði kalt frá hv. frsm. (IP), þegar til þess kom að draga rökrjettar afleiðingar af afstöðu n. til frv. þess, er hann flytur, og um það er að ræða að láta aðra kaupstaði, sem eins stendur á fyrir og Nesi, verða sömu velvildar aðnjótandi og fá að kaupa lönd þau, er þeir liggja í, og löggjafinn hefir ráð yfir. — Mjer skildist af ræðu hans, að það væru aðallega þrjár ástæður, sem hann færði fram móti brtt. minni. Hin fyrsta var sú, að það vantaði ósk kaupstaðarins til kaupanna. Þetta er rjett; það liggur nú engin formleg ósk fyrir frá kaupstaðnum. En hún hefir komið fram áður, bæði þegar frv. það var á ferðinni, er hv. frsm. gat um, og einnig síðan. Þetta er einungis formleg ástæða gegn brtt., því ekki leikur neinn vafi á ósk kaupstaðarbúa. En fyrsta sporið er það, að stjórninni sje veitt heimild til að selja landið. Það verður því ekki neitt úr þessari mótbáru. — Í öðru lagi hjelt hann því fram — og með rjettu, — að lögin um sölu kirkjujarða gera ráð fyrir, að löggjafinn taki ákvörðun um sölu hverrar jarðar út af fyrir sig. Þetta er rjett, og er líka gert í brtt.; jörðin er þar nefnd. Það er rjett athugað hjá hv. frsm., að lögin gera ráð fyrir, að ekki verði heimilað í einu lagi að selja allar þær kirkjujarðir, er kauptún og kaupstaðir standa á, heldur verði greint um hverja í sínu lagi. Þessu er fullnægt í brtt. Hitt nær ekki neinni átt, að löggjafinn hafi verið að ákveða, hvaða ákvarðanir yrðu samferða í einum og sömu lögum. Fremur væri máske ástæða til að telja það óviðkunnanlegt, að í lagafrv. eins og þessu skuli vera sett sameiginleg ákvæði um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Raunar virðist mjer ekkert við það að athuga, þótt um það sjeu sett sömu lögin, og því er engin ástæða til aðgreiningar. Hv. þm. sagði, að þetta væri einsdæmi í þingsögunni, að heimiluð væri 2ja jarða sala, enda mun það svo að vísu, að fá dæmi þess finnist, að kaupstöðum eða þorpum hafi verið seldar kirkjujarðir. En þingið hefir þó, fyrir 22 árum síðan, heimilað í einum lögum að selja allar kirkjujarðir, að fám einum undanskildum. Þó að hv. þm. geti því máske fundið þeim orðum sínum stað, að aldrei hafi í einum lögum verið heimilað að selja 2 jarðir, verður hann þó að viðurkenna, að þingið hefir heimilað sölu einnar og margra, og þá getur ekki verið neitt athugavert við að heimila í einum lögum það, sem þar er í milli.

Þriðju ástæðuna gegn brtt. minni flutti hv. þm. hálf feimnislega fram. Hann sagðist vera hræddur um, að frv. yrði felt, ef brtt. yrði samþykt, en jeg get ekki skilið í því, að hv. þm. greiði fyrst atkv. með till., og felli svo frv. Hitt getur komið til mála, að hv. Nd. hleypi frv. þessu ekki í gegn, en brtt. mín mun þó ekki spilla fyrir því, því að hún er alveg sjerstæð, og ef hv. þm. fella sig ekki við hana, mun það koma fram í umræðunum, og þá geta þeir auðvitað látið brtt. mína falla, en samþ. frv. Af þessum ástæðum verð jeg að álíta, að ótti hv. þm. sje ekki á rökum bygður, þótt hann kunni að hafa látið hann í ljós af umhyggju fyrir frv. Fyrir mjer vak-

ir það eitt, að jeg vil greiða fyrir rjettu máli, og jeg lít svo á, að Siglufjarðarkaupstaður eigi rjett á því að kaupa það land, sem hann þarfnast, engu síður en aðrir kaupstaðir, en þar sem jeg sje, að tillaga mín sætir andúð fyrir það, að hún er flutt í sambandi við þetta frv., þá vil jeg ekki hætta henni lengra í þessari mynd, og tek jeg hana því aftur, en mun sjá svo um, að efni hennar komi hjer fram að nýju á annan hátt.

Páll Hermannsson: Það fjell nú að vísu botninn úr því, sem jeg hafði ætlað mjer að tala um, þar sem hv. 3. landsk. tók brtt. sína aftur, en það var líka annað atriði, sem jeg hafði ætlað mjer að minnast á, og því kvaddi jeg mjer hljóðs. Hv. frsm. allshn. tók það fram, að þegar um sölu slíkra jarða sem þessarar væri að ræða, yrðu allir hlutaðeigendur að vera sammála um kaupbeiðnina, og jeg er honum þar samdóma. En mjer þykir bresta á, að allar þær upplýsingar sjeu komnar fram, sem þurftu að liggja fyrir hendi. Það er upplýst, að Neskaupstaður vill kaupa landið, og álit yfirmanns kirkna í landinu liggur fyrir hendi, þótt ekki mæli það með sölunni, en jeg veit ekki til, að umboðsmaðurinn fyrir Múlasýsluumboði hafi nokkuð látið til sín heyra, eða að álit hans sje fengið. Úr þessu mætti þó fljótlega bæta, því það vill nú svo til, að hann á sæti hjer á þingi. Ennfremur er til samþykt, sem kölluð er Nes-samþykt, er snertir þessa eign. Gerðu eigendur samþykt þessa sín á milli, en eins og menn vita, eru eigendurnir margir. Hvað samþ. þessi felur í sjer, er ennþá ekki upplýst, en það gæti verið eitthvað, er þýðingu hefði fyrir málið. Jeg vil ekki bregða fæti fyrir frv. nú, og mun því greiða því samþykki mitt til 3. umr., en þá munu þessar upplýsingar fengnar. En þessa skýringu vildi jeg gefa, ef svo kynni að fara, að jeg greiddi öðruvísi atkv. við 3. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf aðeins að gera stutta aths. Hv. sessunautur minn (PH) taldi ýmsar upplýsingar vanta, sem nauðsynlegar væru til þess, að hægt væri að taka afstöðu til málsins. Nefndi hann þar á meðal umsögn umboðsmannsins, en jeg hefi nú ekki hirt um að afla hennar, þar sem sá maður á sæti hjer á þingi, og fær sjálfur að fjalla um málið. Hv. þm. nefndi það ennfremur, að til væri svokölluð Nes-samþykt, en hún er nokkurskonar samningur um skipulag og leigu lóða, er eigendur gerðu með sjer, og því sje jeg ekki hvaða þýðingu hún hefir í þessu máli. (**JóhJóh:** Samþyktin snertir ekki sölu). Nei, það gerir hún ekki, en annars mun hún vera til í stjórnarráðinu, og þar má efalaust útvega hana, og skal jeg þá upplýsa málið fyrir hv. deild við 3. umr. Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara fleiru, og get ekki gefið nánari upplýsingar, síst af öllu þegar jeg veit ekki, hvað þarf að upplýsa frekar.

ATKVGR.

Brtt. 136, 1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 166 teknar aftur.

— 136, 2 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 204).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., 26. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 204).

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og á sennilega engan talsmann hjer í deildinni. Þykir mjer því rétt að gefa dálitlar upplýsingar um jarðeign þá, sem hjer er talað um að láta af hendi, til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, sem frv. þetta fær til meðferðar.

Jeg verð að segja, að mjer þykir ekki líklegt, að Alþingi geti gengið fyllilega inn á efni frv., þegar á það er litið, hve þunglega það hefir tekið samskonar beiðnum undanfarin ár, og má þar til nefna beiðni um sölu á landi Hvanneyrar til handa Siglufirði, sem var hafnað, og sömuleiðis á sölu á landi til Vestmannaeyja kaupstaðar, sem einnig var hafnað. Vil jeg þó ekki segja með þessu, að ekki geti komið til mála að láta þessa eign af hendi, en jeg vil halda því fram, að sjerstakt mat þurfi að fara fram á henni áður en hún er seld. Og til þess að gera mál þetta ljósara fyrir nefndinni vil jeg geta þess, að þær 340 fornu álnir, sem hjer er um að ræða, og eru eign ríkissjóðs, gáfu af sjer kr. 37,00 árið 1910, en gáfu næstl. ár nokkuð á 6. hundrað. Er því ljóst, að landið hefir stigið allmjög í verði nú á síðari árum, þar sem tekjur ríkissjóðs af þessum fáu álnum hafa 14-faldast, og hlutfallsleg verðhækkun hefir auðvitað orðið á þeim 840 álnum, sem kirkjunni teljast. Af þessu hlýtur öllum að verða það ljóst, að alveg sjerstakt mat verður að fara fram á landi þessu, ef fara á fram sala á því.

Þá vil jeg geta þess, að enda þótt þessi sala fari fram, þá er á engan hátt bætt úr grasnytjaþörf fyrir kaupstaðinn, þar sem hann stendur á þessu landi og hefir þess sömu not, hvort ríkið á það eða bærinn.

Þessar bendingar vildi jeg gefa hv. nefnd, og finn svo ei ástæðu til þess að fara frekar út í málið.

Að eins skal þó getið þess, að með því að farga þessari eign kirkjunnar þarna, getur svo farið, að erfitt verði og útdráttarsamt að sjá presti þarna fyrir sómasamlegum bústað og hæli, þegar þetta síhækkandi verðmæti missist, og tún og grasnyt er frá honum tekin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 204, n. 450).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er þess efnis að selja Neskaupstað í Norðfirði þann hluta af kaupstaðarlóðinni, sem ríkissjóður á, og sumpart tilheyrir kirkjujarðasjóði og sumpart umboðssjóði. Meiri hl. allshn. telur rjett að selja þessa lóð, ekki síst þar sem þarna er um lítinn hluta af kaupstaðarlóðinni að ræða, en kaupstaðurinn hefir hinsvegar mikinn áhuga fyrir að ná þessari lóð undir sig, og hefir þegar keypt sumt, sem var í eign einstakra manna. Það má auðvitað segja, að þessi lóð eigi eftir að verða verðmeiri, en þingið hefir ekki til þessa sett það fyrir sig, enda virðist sanngjarnt að láta íbúana njóta góðs af þessu.

N. hefir athugað það, eftir því hvað þessi jarðarhluti gefur af sjer, hvað rjett mundi að selja þessa lóð háu verði, og gerir ráð fyrir um 30. þús. kr.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum fyr en jeg hefi heyrt ástæður minni hl., en eins og jeg tók fram í upphafi, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ.

Sveinn Ólafsson: Við 1. umr. þessa máls gat jeg um ýmsar misfellur á þessu frv. og gaf skýrslu um staðhættina á þessum stað, Nesi í Norðfirði. Jeg benti á það m. a., að með því að selja þennan jarðarhluta væri ekki aukið land eða landsnytjar kaupstaðarins, því að hann stendur á þessu landi. Ennfremur benti jeg á það, að prestssetrið, sem hjer er um að ræða, tilheyrir tveim sveitarfjelögum, sem sókn eiga að einni og sömu kirkju. Mjer virðist, að hv. allshn. hafi tekið lítið tillit til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í þessu máli. Hún færir þá einu ástæðu fyrir þessari sölu, að eðlilegt sje, að bæjarfjelögin ráði yfir þeim löndum, sem bæirnir standa á. Jeg get verið n. sammála um þetta, en þar með er ekki sagt, að eðlilegt sje að taka lönd kirkjunnar fortakslaust og selja. Fyrir nokkrum árum var prestssetrið Skorrastaður selt, en jafnframt eða áður voru kirkjunni afhent fyrir prestssetur 7 forngild hundruð, sem ríkið átti, úr jörðinni Nesi. Með því að selja þetta, er prestssetrið sama sem lagt niður, og prestinum gert svo erfitt um að dvelja þarna, að jeg gæti trúað, að það drægi úr þeim mönnum, sem annars hefðu ætlað sjer að sækja um þennan starfa. Það er líku saman að jafna um sölu á hluta ríkisins í þessu landi, en mjer finst ótilhlýðilegt að taka af prestinum þann hluta, sem honum hefir verið áskilinn.

Það er ekki rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að svo hafi ætíð verið farið að áður, þegar kaupstaðir hafa falast eftir slíkum kaupum, að prestssetrin hafi seld verið. Jeg minnist þess að minsta kosti, að Vestmanneyingum var synjað um slík kaup, og þegar prestssetrið á Akranesi var selt, var skilið eftir nægilegt land fyrir prestinn, og aðeins selt það, sem presturinn gat sjer að meinalausu verið án. Mjer finst, að hv. allshn. hafi tekið vetlingatökum á þessu máli og get ekki fallist á, að

þessi niðurstaða, sem hv. n. komst að, sje á rökum bygð eða nægri rannsókn. Einn vottur þess er það, að aftur og aftur hefir verið talað hjer um sölu á skika úr Neslandi. Þetta er mesti misskilningur. Jörðin er sameign margra manna og afnotin hlutuð eftir eign hvers eins og allar tekjur af henni.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að hæfilegt væri að selja þetta land á 30 þús. kr. Jeg verð að upplýsa það, að ef miðað er við þær tekjur, sem ríkið hefir undanfarið haft af þeim 340 álnum, sem það á eftir í þessari jörð, þá ætti söluverðið að vera 40—50 þús. kr. En frv. slær þann varnagla, að salan skuli fara fram eftir fyrirmælum l. frá 1907, um sölu kirkjujarða. Það vita nú líklega flestir hv. þdm., hvernig hagað hefir verið sölu kirkjujarða eftir þessum l. Venjan hefir verið sú, að reikna út söluverðið með því að miða við afgjald síðustu tíu ára, þannig að haft hefir verið fyrir augum meðaltalsafgjald og 4% vextir. Jeg veit, að ef meta á hluta ríkis og kirkju í þessu landi eftir þeim reglum, verður söluverðið lægra en jeg nefndi áðan, en ef miðað er við hið sanna eftirgjald verður það 40—50 þús. kr. eða jafnvel hærra, því að gjaldið vex með ári hverju. Þetta gjald, sem ríkið hefir eftir sinn hluta í þessari landeign, hefir vaxið upp úr 37 kr. upp í 540 kr. á síðustu 19 árum, og það heldur vitanlega áfram að vaxa. Þótt eigi væri nema vegna þessarra hluta, ætti að minsta kosti, ef um það er að ræða á annað borð að selja þessa jarðarhluta, að ákveða söluverðið í frv., en ekki að gera það með lauslegri skírskotun til l. frá 1907, um sölu kirkjujarða.

Þetta mál hefir hvorki verið borið undir hlutaðeigandi prest eða sóknarnefnd, svo að mjer sje kunnugt. Jeg hygg meira að segja, að hvorugur þessara aðilja hafi fengið að vita um það nema á skotspónum, en þeir ættu þó að hafa rjett á að láta uppi álit sitt, áður en kirkju-hlutanum er ráðstafað á þennan hátt. Hinn setti prestur, sem þarna er, hefir gert fyrirspurn um það, hvort að því ráði verði snúið, að selja kirkju-hlutann; get jeg af því ráðið, að hann muni hugsa sig um tvisvar, áður en hann sækir um þetta brauð, ef prestssetrið hverfur með öllu.

Vegna þessa alls, sem jeg hefi nú tekið fram, og vegna fleiri mála af svipuðu tæi, hygg jeg, að best væri að afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá, svo að hægt verði að athuga önnur skyld mál jafnframt þessu til næsta þings. Virðist mjer ekki rjett að flana að afgreiðslu þessa máls svo óviðbúið. Jeg hefi því hugsað mjer að bera fram svofelda rökstudda dagskrá:

„Með því að eigi liggur fyrir umsögn prests eða sóknarnefndar um sölu kirkju-hlutans úr Nesi og sala hans, ásamt ríkissjóðshluta jarðarinnar, er aðeins einföld eigandaskifti, en engin aukning á landsnytjum kaupstaðarins, og með því ennfremur, að líkt er farið um aðra bæi, sem á opinberum eignum standa, að þeir óska eftir eignarumráðum landsins, og æskilegt er, að lík skipun verði hvervetna í þessu efni, en ætla verður, að ríkisstj. fram til næsta þings geti undirbúið þetta mál og önnur af sama tæi í samræmi við ástæður á hverjum stað, telur deildin eigi

ástæðu til frekari aðgerða og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi afgreiðsla finst mjer eðlileg á þessu máli, með tilliti til annara mála af sama tæi, sem og vegna annara mála, er áður hafa verið afgreidd, en á alt annan veg. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, enda á jeg óhægt um vik vegna hæsi og kvefs.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett hjá hv. 1. þm. S.-M., að það stækkar ekki land kaupstaðarins, þótt lóðir þessar verði seldar, enda hefir enginn haldið því fram.

Það sem hjer er um að ræða er það, hvort selja eigi kaupstaðnum þetta land eða ekki. Meiri hl. allshn. leggur til, að það verði gert, eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni. Jeg viðurkenni það, að það kann að draga úr sumum, að þm. hlutaðeigandi hjeraða eru ósammála um þetta mál, en jeg get ekki gengið inn á, að ekki megi selja þetta land vegna prestsins. Jeg þekki þess ekki dæmi, að prestar fái jarðir í kaupstöðum, enda mundi slíkt verða nokkuð dýrt fyrir ríkið. Það eru sjerstakir samningar, sem gilda um stjórn þessara eigna; það getur vel farið svo, að hlutaðeigandi prestur verði ekki í þeirri stjórn, en hann á að fá tekjurnar af þessum lóðum, ef þær eiga að skoðast sem ábýli fyrir hann. Þess er varla von, að umsögn hafi komið frá hlutaðeigandi presti í þessu máli, því að hann er enginn, eins og stendur.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir ekkert á móti því, að jarðarhluti umboðssjóðs sje seldur, en mjer finst sama máli gegna með kirkjujarðasjóðshlutann. Það eina, sem er á móti þessari sölu, er, að ríkissjóður mundi við hana fara á mis við gróða af verðhækkun lóðanna. En það hafa svo oft verið seldar eignir ríkissjóðs, þó að það hafi verið vitað og auðsjeð fyrirfram, að verðhækkun — jafnvèl stórkostleg — hlaut að koma. Og jeg get ekki annað sjeð, en að íbúar Neskaupstaðar eigi talsvert mikla sanngirniskröfu á að fá þetta keypt, ef skoðað er, hvað gert hefir verið fyrir aðra. Annars er það náttúrlega ekki nema rjett hjá hv. þm., að það er hagkvæmt að skoða þessi sölumál öll í sameiningu, og frá því sjónarmiði gat jeg í raun og veru verið með þessari rökstuddu dagskrá. En jeg er yfirleitt með því að selja þessar eignir. Mjer finst það vera svo ákaflega eðlilegt, að kaupstaðirnir og kauptúnin vilji eiga sig sjálf, ef svo má að orði kveða, og ennfremur það land, sem þau þurfa í kring til ræktunar.

Sveinn Ólafsson: Mjer er það vel ljóst, að niðurstaða meiri hl. allshn. í máli þessu er að miklu leyti bygð á ókunnugleika á staðháttum þarna austur frá. Hv. frsm. sagði, að í kaupstað mættu prestar ekki búa og ættu ekki að búa á jörðum. Hví skyldi það? Jeg veit, að svo er að vísu ástatt í sumum bæjum, en hitt er algengt, að prestar í kauptúnum búi á jörðum eða jarðarpörtum, og á Nesi búa nokkrir menn litlu sveitabúi og hafa jarðnæði. Nú er svo ástatt með Nes, að ⅓ jarðarinnar eða 10 forngild hundruð, er í eign ríkis og kirkju. Einstakir menn eiga ⅔ hluta og þar af á bærinn 2 hndr., er fylgdu með eignum nokkrum, er bærinn hefir keypt af þrota-

búi einu. Þetta er alt og sumt, sem bærinn á, og jeg þori að fullyrða, að eigendur landsins eru yfirleitt ófúsir til að láta það falt, m. a. vegna þess, að land stígur þarna ört í verði og vill enginn því sennilega farga eign sinni og gróðavon. Hv. frsm. sagði, að presturinn mundi verða þarna lóðasali, ef kirkjan ætti landið eftirleiðis. Þetta er misskilið. Það er gengið frá þessu með samþykt milli allra eigenda eignarinnar frá 1914. Landið alt er óskift og enginn sjerstakur landskiki, sem kirkjan eða ríkið eiga. Allar tekjur af eigninni, aðrar en grasnyt sú, sem ábúöndum er úthlutuð eftir stærð jarðnæðis, skiftast eftir eignarhlutföllum milli allra eigenda og aðilja. Presturinn getur ekki út af fyrir sig selt eða leigt eina einustu lóð. Það gerir sjerstök nefnd, sem nefnist byggingarnefnd. En hitt er auðvitað, að presturinn, ef hann hefir afnot jarðarhlutans, fær lóðargjöld af þeim hluta, sem hann hefir umráð yfir. Eftir samþyktinni getur nefnd þessi mælt út lóðir í túnum einstakra manna og eins þá túni prestsins. Og bærinn getur fjór- til fimmfaldast áður en hann skortir lóðir. Það er engu ríkari ástæða til að svifta prestinn jarðarafnotum en aðra búendur þarna, en hugsanleg er takmörkun á grasnytjarjetti hans, þegar þrengist.

Eins og jeg tók fram áður, þá sje jeg út af fyrir sig ekkert athugavert við það, að ríkið selji bænum þær álnir, er það á sjálft í jörðinni, ef fylgt er þeim mælikvarða, sem jeg fyr nefndi. En að taka öll jarðarafnot frá prestinum að honum og sóknarnefnd fornspurðri, finst mjer mjög óviðfeldið og ekki rjettlátt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Mjer finst það sjálfsagt að afgreiða öll þessi mál á sama veg, en vera ekki að slíta eitt og eitt út úr og þá allra síst, eins og hjer er gert ráð fyrir, að eyða prestssetrinu. Alstaðar annarsstaðar, þar sem um sölu prestssetra hefir rætt, hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að presturinn hjeldi eftir nauðsynlegu landi handa sjer, en væri ekki öllu sviftur.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal fylgja fordæmi hv. 1. þm. S.-M. og tala ekki langt mál.

Jeg skal ekki rengja hann um það, að hann sje kunnugri staðháttum þar eystra en jeg. En hitt er varla rjett, að hann sje kunnugri staðháttum þar en hv. samþingismaður hans, er þar fram frv. (SvÓ: Og var knúður til þess af bæjarstjórn, sem hann á sjálfur sæti í). Jeg skil ekki í að hv. 2. þm. S.-M. láti neyða sig til að bera fram mál, sem hann er sjálfur andvígur. Báðir þessir þm. hafa átt tal við n. og reyndum við þar að rekja úr þeim garnirnar og mynda okkur skoðun eftir því.

Mjer er það ljóst, að ríkið á ekki að fara með þessar eignir sínar eins og braskari. Það hefir heldur ekki verið stefna Alþingis að halda í þær til þess eins að græða á þeim. — Það er rjett, sem jeg hjelt fram, að presturinn er lóðaleigjandi. En hitt hefi jeg aldrei sagt, að hann þyrfti að vera að vasast í að innheimta lóðagjöld. Sje gengið út frá því, að lóðirnar hækki í verði, þá leiðir af því, að aðalgróðinn lendir hjá presti, en hvorki hjá ríkissjóði eða bænum. Og jeg sje ekki, að þessum presti sje í nokkru

vandara en öðrum prestum, sem í kaupstað búa. Það er ekki einn einasti kaupstaðarprestur, sem hefir jörð til afnota, nema presturinn á Siglufirði, og það stafar af því, að hann fjekk brauðið löngu áður en bærinn fjekk kaupstaðarrjettindi. Annars finst mjer tæplega vera hægt að tala um jörð hjer. Þar sem hjer er nú kominn löggiltur kaupstaður, þá er hjer að ræða um byggingalóðir.

Ekki get jeg skilið hvernig hv. þm. getur sætt sig við að selja umboðshlutann frekar en hluta kirkjunnar. Ef hann er að hugsa um hag ríkissjóðs, þá er gróði hans mikið meiri af umboðshlutanum. Þetta er þá einungis umhyggja fyrir prestinum. En jeg get ekki fallist á að hún sje rjettmæt.

Hv. þm. sagði, að þetta mál væri slitið út úr samhengi við önnur samskonar. Alþingi hefir hingað til fylgt þeirri reglu, að taka hvern stað út af fyrir sig. Og jeg held að það sje sanngjörn regla, að lofa kaupstöðunum að eignast þær lóðir, er þeir þurfa til að byggja á. Jeg held að það reynist happadrýgra heldur en hitt, jafnvel þó ríkissjóður gæti þá grætt nokkra tugi þúsunda á mörgum mannsöldrum.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M. (SvÓ) samþ. með 13:8 atkv.

2. Sala á nokkrum hluta prestssetursins Hólma.

Á 18. fundi í Nd., 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á nokkrum hluta prestssetursins Hólma í Reyðarfirði (þmfrv. A. 87).

Á 19. fundi í Nd., 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Í grg. þessa frv. er tekið fram flest það, sem máli skiftir í sambandi við frv. Það er svo ástatt um Eskifjarðarkauptún, að landkostir eru þar minni en í nokkru öðru kauptúni á Austurlandi, og er það þó með fjölmennustu kauptúnum þar. Landið, sem kaupstaðurinn stendur á, er nærri alt eign einstakra manna, og eru það 2 gamlar hjáleigur úr landnámsjörðinni Eskifirði. Báðum megin kauptúnsins eru jarðir, sem tilheyra Reyðarfjarðar- og Helgustaðahreppum. Þorpsbúar hafa því orðið að leita á náðir granna sinna um landsnytjar og aldrei fengið eins mikið og þeim er þörf á, síst til ræktunar. Í nánd við kauptúnið er engin opinber eign nema prestssetrið Hólmar. En land staðarins er stórt, og mikið af því beitiland, sem nú er aðeins notað að litlu leyti, síðan fráfærur lögðust niður.

Í frv. er farið fram á að selja kauptúninu meiri hluta Hólmalands þegar við viðáttu er miðað. Undanskilið er talsvert af engjum, alt tún og varplandið, og þar að auki allmikið af beitilandi og að sjálfsögðu öll hlunnindi og ítök staðarins. Ætti presturinn ekki að þurfa á meira að halda til

búreksturs. En með því að selja þann hluta, sem hjer er farið fram á, mundi Eskifirði vera borgið með landsnytjar í næstu framtíð.

Jeg skal geta þess, að beiðni hreppsnefndarinnar á Eskifirði var upphaflega á þá leið, að fá alt landið keypt, og var sú beiðni studd af núverandi sóknarpresti, sem boðið hafði hreppsnefndinni kaup á öllum húsum og mannvirkjum sínum á jörðinni. Jeg vildi þó eigi ganga svo langt, en hefi nú leitað álits um frv., eins og það er borið fram, bæði hjá biskupi og hreppsnefndinni. Þykist jeg mega fullyrða, að biskup sje því eigi mótfallinn, og að hreppsnefndin muni láta sjer það lynda.

Á undanförnum þingum hefir verið samþ. sala nokkurra prestssetra eða hluta úr þeim; og það þó að eigi hafi borið eins brýna nauðsyn til og í þetta sinn. Vænti jeg því, að hv. deild líti með velvild á þetta nauðsynjamál Eskifjarðar og samþykki frv. Að lokinni umr. óska jeg að því verði vísað til hv. landbn.

Magnús Jónsson: Jeg vildi aðeins spyrja um það, hvort ekki hefði verið venja að vísa samskonar málum og þessu til allshn. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta frv. nú. En ekki get jeg stilt mig um að vekja athygli á því, að hjer um bil einu afskiftin, sem Alþingi hefir haft af kirkjumálum til margra ára, eru í því fólgin, að selja lönd undan prestssetrum og reita þannig af eignum kirkjunnar smám saman. Jeg skal samt ekki hafa neitt á móti frv. að svo stöddu. En af því að jeg heyrði að hv. flm. sagðist hafa talað við biskup um þetta mál, vildi jeg benda hv. nefnd á það, að hún ætti líka að leita álits hans, áður en hún tekur nokkra ákvörðun um málið. Og helst ætti æfinlega að liggja fyrir skrifleg umsögn hans áður en svona frv. eru afgreidd. Jeg sje ekki að þetta frv. snerti landbúnaðinn, því að hjer er aðallega um hagsmuni kauptúns að ræða. Ætti það því heima í allshn., en ekki geri jeg það að neinu kappsmáli.

Magnús Torfason: Út af orðum hv. 1. þm. Reykv. (MJ) vil jeg geta þess, að jeg kannast ekki við það fyrir hönd Alþingis, að það vilji sneiða af prestssetrum eða kirknafjám. Jeg hefi altaf skilið það svo, að Alþingi væri sannkristilegt í anda, eins og vera ber, og vildi styrkja kirkjur og kirkjunnar menn. Á þinginu í fyrra bar jeg fram frv., sem fór í þá átt að auka og bæta landareign eins prestakalls. En hvernig var því tekið? Með offorsi af kirkjunnar mönnum, en allur almenningur tók því tveim höndum og sýndi í því, að hann vill styðja kirkjuna í hennar góða og gagnlega verki.

Magnús Jónsson: Það var fjarri því, að jeg ætlaði að koma með almennan dóm um afstöðu Alþingis til kirkjunnar og hennar mála í þeim fáu orðum, sem jeg sagði áðan. En hv. 2. þm. Árn. (MT) getur ekki neitað því, að svo að segja á hverju þingi undanfarið, hafa komið fram frv. í þá átt, að taka hluta eða hlunnindi undan prestssetursjörðum. Það er skemst að minnast l. um sölu Mosfellsheiðarlands. (**TrÞ:** Það er óselt enn þá). Jeg er hæstv. forsrh. þakklátur fyrir, að svo er. (**TrÞ:** Það er hæstv.

dómsmrh., sem ber að þakka fyrir það). Ekki er mjer síður ánægja í því að tjá honum þakkir fyrir að hafa ekki látið söluna fara fram, enda hefði það sannast að segja verið heldur óheppileg ráðstöfun, ef svo hefði verið gert, þar sem nú er verið að leggja veg yfir landið.

Jeg veit ekki hvort hv. 2. þm. Árn. langar í Strandarkirkju-eldhúsdag út af þessu máli. Jeg sje það, að áheitunum heldur áfram, þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar voru í fyrra, enda er fólk svo hjátrúarfult, að lítil líkindi voru til, að áheitin mundu hætta af þeirri ástæðu. Það sem mig og hv. 2. þm. Árn. greindi á um, var það, hvort rjett væri að verja áheitapeningum eins og þingið samþ. í fyrra, en jeg nenni ekki að fara nú að rífast um þetta mál, og býst líka við, að hæstv. forseta þætti nóg um, því að það mál liggur allfjarri því, sem hjer er á dagskrá.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er kunnugt, að hreppsnefndin á Eskifirði hefir farið fram á að fá meira eða minna af Hólmalandi til ræktunar fyrir Eskifjörð. Presturinn mælir með því, jafnvel þó að um sölu á allri jörðinni væri að ræða, og ætlar að flytja til Eskifjarðar. Þetta sannar auðvitað ekki, að næsti prestur muni ekki vilja fá jörðina til ábúðar, en óhætt er að fullyrða það, að sú er stefna samtíðarinnar, að prestarnir vilja heldur búa í kaupstöðunum en sveitunum. Sú hefir reynslan orðið í flestum nágrannalöndum okkar. Í Noregi og Danmörku til dæmis, þar sem prestarnir hafa öldum saman haft góðar bújarðir til afnota í embættisnafni, hefir þróunin verið sú, að prestarnir hafa ekki óskað eftir að reka hin gömlu stórbú, enda hefir þeim veist það erfitt, og svo hafa jarðirnar verið bútaðar sundur og prestarnir orðið bæjamenn. Hjer á landi gætir þessa sama, t. d. með Garða á Álftanesi. Presturinn þar átti erfitt með að nytja þá miklu jörð og tók því þann kostinn að flytja til Hafnarfjarðar. Jeg held, að það sje ekkert á móti því frá formlegu sjónarmiði, að taka vel í málaleitanir sem þessa. Víðast hvar óska prestarnir þess sjálfir að láta af búskap, og það er ekki hyggilegt að láta bestu jarðirnar standa ónotaðar. Jeg vænti þess því, að þingið taki þessu frv. vel.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg þarf fáu að svara hv. 1. þm. Reykv. (MJ). Jeg kom ekkert inn á fylgi við kirkjuna nje hennar mál, og þarf ekki að tjá mig neitt um áhuga á þeim málum, enda kemur það þessu frv. ekkert við og stendur auk þess nær öðrum en mjer. Þó er flutningur frv. í þessari mynd fremur vottur um fylgi við kirkjunnar mál en áreitni við þá stofnun.

Eins og jeg tók fram í upphafi, er ætlast til þess í frv. að eftir verði sá hluti Hólmalands við söluna, sem verðmætastur og notadrýgstur er fyrir prestinn. Það er gert ráð fyrir að selja nokkurn hluta af beiti- og engjalandi jarðarinnar, sem prestinum er orðinn nytjalítill síðan hætt var sauðarækt og fráfærum, en aðaljörðin er eftir með flestöllum hlunnindum sínum og öllum verðmætustu landkostum.

Jeg sje ekki ástæðu til að koma inn á fleiri atriði úr umræðunum, en af

því að ágreiningur hefir risið um það, hvort vísa ætti málinu frekar til landbn. en allshn., vil jeg lýsa yfir því, að það er mín skoðun, að málið heyri beinlínis undir landbn. Það er ekki torskilið, að hjer er um hreint landbúnaðarmál að ræða. Kauptúnið á Eskifirði telur 700 manns. Það er landlaust með öllu og er því nauðsynlegt að fá þetta land til afnota. Landbn. ætti að vera færust til að meta, hvort þetta land fullnægir þeirri þörf og sömuleiðis það, hvort presturinn og búnaður hans er ekki sæmilega tryggður með því landi, sem eftir verður. Annars geri jeg það ekki að neinu kappsmáli, til hvaða n. málinu verður vísað.

Hákon Kristófersson: Jeg vil benda á það, að jeg tel það varhugaverða aðferð, að vera að laumast að prestssetursjörðunum og selja þær í smápörtum. Mjer finst betra að selja þær í einu lagi en að fara svona lævíslega að. Eða því gat kauptúnið ekki komist að samkomulagi við prestinn um að fá landið á leigu? Mjer skilst, að það hefði átt að vera hægt. Þó að núverandi prestur líti svo á, að landið sje sjer óhagstætt, er það engin sönnun fyrir því, að næsti prestur líti svo á það mál. Jeg er ekki að gera lítið úr nauðsyn kauptúnsins í Eskifirði til þess að fá þetta land, en jeg álít, að því hefði átt að vera nóg að fá landið á leigu.

Því hefir verið haldið fram af hæstv. dómsmrh. að prestarnir vilji vera lausir við að búa á kirkjujörðunum, og jeg býst við, að það sje einhver sannleikur í þessu. Þó er það svo víða á Vesturlandi, að prestarnir eru húsviltir og jarðnæðislausir, vegna þess að prestssetursjarðirnar hafa verið seldar. (**ÓTh:** Þeir hafa Móse og spámennina). Jeg veit ekki til þess, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sje neinn sjerstakur Móse handa prestunum og því síður hefir mjer skilist, að Móse og spámennirnir væru neitt fiflskaparmál. Og svo framarlega sem það er rjett, að prestarnir sjeu nytjamenn, ber að stuðla að því, að þeim líði sæmilega. (**ÓTh:** Hvað segir Móse núna?). Hv. 2. þm. G.-K. ætti nú að vera eins handgenginn honum og jeg, því að það mun varla eiga við hann eins og svo marga aðra, að sá tali mest um Ólaf kong, sem hvorki hefir heyrt hann eða sjeð. En ef háttv. þingm. er að líkja mjer við Móse Ísraelsmanna, þá er það mikil sæmd fyrir mig.

Annars vildi jeg aðeins benda þeirri hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, á það, að afla sjer frekari gagna en fyrir liggja, áður en horfið er að því ráði að selja þetta land, og þó að hv. flm. (SvÓ) segi, að hjer sje aðeins um beitiland að ræða, sem lítil eftirsjón sje í, get jeg upplýst það, að jeg þekki víða þar til, sem svo hagar, að bestu jarðir eru ónýtar án beitilanda. Mjer þætti best farið, ef til þess ráðs yrði tekið að leigja kauptúninu landið, en selja því það ekki. Og mjer þykir ósennilegt, að sá maður, sem var svo elskulegur að lýsa yfir því, að núverandi prestur segðist ekki þurfa á landinu að halda, ætli, að hann væri ekki líklegur til að leigja það með sanngjörnum kjörum.

Jeg held, að þetta mál eigi, eðli sínu samkv., frekar heima í allshn. en landbn. Það undirstöðuatriði, hvort kauptúnið þurfi í raun og veru á þessu

landi að halda, þarf að athuga, og ýms flein gögn, sem ekki hafa enn komið fram, nema umsögn hv. flm. (SvÓ), sem jeg rengi ekki, það sem hún nær.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg man ekki eftir því, að Alþingi hafi nokkru sinni tekið illa í beiðni sem þessa. Jeg álít það nauðsynlegt fyrir kaupstaðina að fá land til ræktunar og ósanngjarnt að neita þeim um það, þó að það verði til að rýra pretssetursjarðirnar. Jeg álít rjett, að það sje athugað í n,. hvort þetta hefir mikla skerðingu í för með sjer fyrir jörðina, en þó að sú verði niðurstaðan, finst mjer það svo mikil sanngirniskrafa hjá kauptúninu að fá landið, að ekki megi horfa í það. Jeg er yfirleitt fylgjandi beiðnum sem þessari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til landbn. feld með 11 : 11 atkv.

Frv. vísað til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 38., 40., 51., 53. og 57. fundi í Nd., 6., 9., 22., 24. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 87, n. 202 og 274).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Eins og hv. dm. er kunnugt, fer þetta frv. fram á að veitt verði heimild til þess að selja Eskifjarðarkaupstað hluta úr landi prestssetursins Hólma í Reyðarfirði. N. hefir nú athugað þetta mál ítarlega, og eftir að hafa kynt sjer álit viðkomandi sóknarprests, hefir meiri hluti hennar fallist á að mæla með því, að þessi heimild verði veitt.

Jeg hygg að flestir nefndarmenn líti svo á, að þar sem þessi kaupstaður er mjög landlítill og á allan hátt þröngt um bæinn, þá sje nauðsynlegt, að nokkuð sje úr því bætt. Er honum sjerstaklega brýn nauðsýn á því að fá land, er hann getur tekið til ræktunar. Og þar sem hjer er auk þess svo sjerstaklega ástatt, að presturinn leggur ekkert upp úr því að halda jörðina og mun þegar hafa boðið kaupstaðnum hana til sölu, ef heimild fengist, og þar sem það er mikils virði fyrir kaupstaðinn að fá þennan jarðarhluta, þá virðist meiri hl. n. ekki nema sjálfsagt að mæla með því að svo verði gert. Það mun einnig haga svo til þarna, að næstu jarðir við kaupstaðinn eru annaðhvort ekki fáanlegar, eða þá með slíku ofurverði, að slíkt getur ekki komið til mála.

Presturinn hefir sjálfur lýst þeim mun, er nú er á þessu höfuðbóli frá því er áður var. Hefir það gengið mjög úr sjer. Er nú svo komið, að prestinum er um megn að nytja það, bæði vegna fólksleysis og annarar erfiðrar aðstöðu.

Rjett er að geta þess, að biskupinn leggur á móti því, að þetta frv. verði samþ. En hann kemur hjer fram sem forsvarsmaður kirkjunnar og jarða hennar og verður því að skoðast sem

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

hlutdrægur aðili í þessu sambandi (**HK:** Hlutdrægur?)

Jeg vona svo, að hv. dm. geti orðið okkur meiri hl. sammála um þetta mál, þar sem þetta er svo nauðsynlegt fyrir kaupstaðinn.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Það mætti ætla, að jeg hefði ekki mikið að segja, þar sem hv. frsm. meiri hl. hélt ekki lengri ræðu en raun var á. Það á líklega að skilja það svo, að rök meiri hl. sjeu í nál. hans. Nú vil jeg með leyfi hæstv. forseta fara nokkrum orðum um þennan smíðisgrip. Mun hv. frsm. sjálfur hafa samið það, en það hlýtur að vera, að þeir sem undir það hafa ritað með honum, hafi gert það í ógáti. Því hefðu þeir athugað, hvað þar er ritað, mundu þeir aldrei hafa undirritað það, svo greindir menn sem þeir eru að mörgu leyti að minu áliti.

Þetta merkilega plagg byrjar á því, að n. hafi borist brjef frá sjera Stefáni Björnssyni. Hvað kemur það málinu við? Ekkert. En úr því hv. meiri hl. fór að geta þess, að hann hefði fengið brjef frá viðkomandi presti, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja, því hann segi ekki nema hálfan sannleikann í þessu og það á þann hátt, að nærri lætur að það sjeu hrein ósannindi, sem hann fer með. Því það er svo, að þessi sami heiðursmaður, presturinn, tekur aftur öll þau ummæli sín, er stóðu í bréfi því er meiri hluti nefndarinnar bendir til í áliti sínu, í öðru brjefi, sem hann skrifar biskupi. Hefi jeg þar með slegið niður, að nokkurt rjettlæti sje í því að vitna til þess brjefs, er hv. meiri hl. vill telja sönnunargagn. Svo segir í þessu merkilega nál.: „Í brjefinu er all-ýtarleg greinargerð á því, hve hlunnindi jarðarinnar af æðarvarpi og síldveiði hafi rýrnað tilfinnanlega á seinni tímum.“ Hvað kemur þetta málinu við? Þetta er vitanlega hreint og beint aukaatriði, sem hv. frsm. er að reyna að fálma eftir, eins og maður, sem er að drukna, reynir að fálma eftir hálmstrái, sem hann sjer. Hjer er alls ekki verið að ræða um það að selja æðarvarpið. Og það kemur þessu máli því ekkert við, þó hv. frsm. sje að reyna að vitna til þess. Hann er þar aðeins að reyna að villa hv. dm. sýn, með því að draga þessi aukaatriði fram á sjónarsviðið til þess, ef verða mætti, að með því drægist athygli hv. þingmanna frá aðalatriðum málsins. Ef það væri verið að tala um að selja þessa varphólma, sem eru í nánd við þetta land, sem hv. meiri hl. vill selja, þá væri rjettlátt að vísa til þess, en nú er alt öðru máli að gegna.

Jeg vænti þess, að hv. dm. hafi lesið nál. minni hl., sem bygt er á sannindum en ekki blekkingum og krókaleiðum eins og nál. meiri hl., sem aðeins á að vera til þess að blekkja og villa mönnum sýn. Enda er þar farið í kringum málsatriðin og sannleikann eins og vissar skepnur fara kringum heitt soð. Einnig vænti jeg þess, að hv. dm. hafi lesið brjef biskups, sem prentað er í nál. minni hl., en í því er kafli úr brjefi því, er sóknarpresturinn reit biskupi. Er það þessi sami heiðursmaður, sem hv. frsm. meiri hl. er að vitna til, sínu ranga máli til stuðnings. Ef nú hv. dm. að öllu þessu athuguðu líta á þetta með athygli og góðgirni munu þeir sjá, að hjer er á ferðinni mál, sem ekki má samþ. Það er svo hatramlega af stað farið að ætla sjer að selja alt land þess-

arar jarðar á annan veginn alveg heim að túngarði prestsins.

Þá bendi jeg á það í nál. mínu, hversu þetta mál er illa undirbúið og upplýst. Hefir það. t. d. ekki verið talfært við íbúa þess hrepps, sem þessi jörð liggur í. Má vel vera, að ekki sje framin nein lagaleysa, þó það sje ekki gert, en hins vegar hefði það þó ekki verið nema kurteisi að leita álits þeirra.

Nú hefi jeg aflað mjer nokkurra upplýsinga um þetta, og hefi jeg hjer í höndum ummæli frá þrem aðiljum: sóknarnefnd, hreppsnefnd og hreppsstjóranum. Eru þeir allir á móti því, að Alþingi samþykki þetta. Hefi jeg fengið um þetta símskeyti frá þessum aðiljum, og getur hv. frsm. meiri hl. fengið að sjá þau, ef hann rengir mig.

Þá leyfði hv. frsm. meiri hl. sjer að segja, að jeg væri hlutdrægur í þessu máli. (GunnS: Nei, jeg sagði að biskupinn væri það). Þeir ættu ekki að kasta steini, sem búa í glerhúsi. En jeg tók ekki betur eftir, en að hv. frsm. segði þetta um mig áðan. En hafi hann átt við biskupinn, þá var það því meiri óhæfa að ráðast svo að manni, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer hjer. Kemur það sjer vel að vera á þeim vettvangi að geta rekið slík ummæli ofan í þessa pilta, er þeir leyfa sjer slíkt.

Þó það sje dálítið örðugt að fara inn á þá hlið þessa máls, er snýr að prestinum persónulega, verður varla hjá því komist, því þar er sá upprunalegi grundvöllur þessa máls. En hann er sá, að presturinn var að reyna að selja Eskifjarðarkaupstað húseignir sínar, en kaupstaðurinn vildi helst ekki kaupa nema að landið fylgdi með. En svo slitnaði upp úr þessum samningaumleitunum, og þá gerðist presturinn strax andvígur þessari sölu. Sönnun þessa er að finna í þeim kafla af brjefi sóknarprestsins, sem tekinn er upp í fylgibrjefi biskups, er jeg hefi látið prenta með nál. mínu. Það er því svo, að þó það megi rjett vera, að búskapur allur sje mjög erfiður á jörð þessari, þá var það ekki aðalástæða þess, að presturinn var sölu þessari meðmæltur til þess að byrja með, heldur hitt, sem jeg hefi áður getið um. En nú er sá möguleiki úr sögunni, og er því óþarfi fyrir hv. frsm. að vera að skírskota til þess. Þá get jeg og getið þess, að mjer er kunnugt um það, að viðkomandi kaupstaður á kost á að fá jörð, sem liggur miklu nær honum heldur en þessi hjer um ræddi landshluti. (SvÓ kveður sjer hljóðs). Jeg þykist vita, að hinn virðulegi upprunalegi flm., er nú kveður sjer hljóðs, muni vegna þess er hann hefir nýlega gert í öðru máli, afturkalla hluttöku sína í flutningi þessa máls. Því hjer er ekki um meira rjettlæti að ræða en í því máli, er hjer var á dagskrá næst á undan.

Vænti jeg þess, að hv. dm. ljái máli mínu fylgi. Og til þess að sannfæra þá enn betur, ætla jeg að lesa upp símskeytin, sem jeg fjekk frá hlutaðeigendum. Hreppstjórinn segir svo:

„Þar eð mjer eru kunn einróma mótmæli hreppsbúa Reyðarfjarðarhrepps um sölu á Hólmalandi eða hluta úr því til Eskifjarðarhrepps, þá leyfi jeg mjer fyrir hönd hreppsbúa að mótmæla því til sölu. Oddur Bjarnason hreppstj. Reyðarfjarðarhrepps." (GunnS: Merkilegt plagg þetta!!). Það er merkilegra heldur en plögg hv. frsm. meiri hl., og allt það, sem hann segir. (GunnS: Jeg á eftir að tala).

Já, og jeg er ekkert hræddur við það, þó að hv. þm. tali á eftir mjer, því honum er margt betur gefið en að verja rangt mál.

Þá kemur umsögn hreppsnefndarinnar, er hljóðar svo: „Á fundi hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, sem haldinn var á Búðareyri 3. apríl, voru samþykt mótmæli gegn sölu á Hólmalandi. Einn hreppsnefndarmaður veikur í Reykjavík, annar gat eigi mætt sökum þess, að fundurinn var boðaður fyrirvaralaust. Í hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps: Sigurjón Gíslason, Jón Pálsson, Þorsteinn Jónsson."

Báðar undirskriftirnar eru staðfestar af stöðvarstjóranum. Svo ef hv. frsm. ætlaði sjer að mótmæla þessum skeytum á þeim grundvelli, að þau væru óstaðfest, þá hrek jeg það hjer með.

Jeg hafði litið svo á, að ef brýn nauðsyn væri til þess að selja jörðina, þá gæti þó komið til mála að selja hana alla. En slík nauðsyn var alls ekki fyrir hendi. En að ætla sjer að fara að selja þennan stóra hluta af henni, það nær vitanlega engri átt, og treysti jeg hv. deild til þess að samþ. það aldrei. Heldur vænti jeg þess, að hún geti fallist á þá rökstuddu dagskrá, er jeg ber hjer fram og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

> „Með því að mál þetta virðist að ýmsu leyti ekki nægilega undirbúið, enda eindregin mótmæli frá ýmsum aðiljum fram komin gegn sölunni, virðist deildinni ekki ástæða til að samþykkja lög um þetta efni að svo vöxnu máli og tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá."

Sjerstaklega er það með tilliti til málsins, sem hjer var afgr. næst á undan þessu, að jeg vona að hv. deild geti fallist á þessa dagskrá mína. Þessi tvö mál eru svo skyld, að það væri altof áberandi ósamræmi hjá hv. d., að afgreiða þau sitt með hvorum hætti.

Með því að jeg vil unna öllum sannmælis og rjettar, skal jeg geta þess, að það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl., enda stendur það og í niðurlagi nál. meiri hl., að álits biskups hafi verið leitað, og hafi hann verið mótfallinn sölunni. En þetta er líka hið eina, sem er fullkomlega rjett hjá hv. frsm. Hitt er alt villandi, og það svo mjög, að það líkist óþægilega ósannindum, sjerstaklega með tilliti til þess, að presturinn tekur alt aftur, er hann hafði skrifað n., í síðara brjefi sínu til biskups.

Jeg veit, að hv. frsm. er svo lögskýr maður, að hann skilur það, að þó gerð hafi verið drög að samningum, en svo ekkert orðið úr því, þá má ekki líta svo á, að það er til orða kom, sje bindandi fyrir aðilja. Svo er það og í þessu máli.

Jeg held að jeg láti hjer nú staðar numið og gefi hv. upprunalegum flm. frv. orðið, svo honum gefist kostur á að segja álit sitt í þessu máli. Vænti jeg þess, að ef hv. d. ekki fellir þetta alveg, þá vísi hún því sömu leið og næsta máli á undan, og sem hv. flm. stakk þá upp á í því máli. En vissast teldi jeg þó, að hv. d. fjellist strax á dagskrá mína, sem prentuð er á þskj. 274 og jeg las upp rjett áðan.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Sigurðsson):* Mig furðar á því, hve hv. frsm. minni hl. fer geyst í þessu máli, og

---

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

dettur mjer í hug í því sambandi, það sem sagt var um einn mann, að öll sókn hans hefði byrjað í bráðræði og endað í ráðleysi. Hann byrjar á því að segja, að það komi málinu ekkert við, hvað presturinn segir um þetta, en öll vörn hans byggist þó einmitt á því. Jeg sje, að jeg þarf að skýra þetta mál mjög nákvæmlega, ekki fyrir hv. þm. (HK) heldur deildinni. Hlutaðeigandi prestur samdi nákvæma skýrslu um málið og lagði þar til, að jörðin yrði seld, ásamt húseignum, sem hann átti þar. Þegar svo Eskfirðingar vilja ekki kaupa af honum þessi hús, semur hann nýtt álit um málið og snýst þá öndverður gegn sölu jarðarhlutans. En þrátt fyrir það er búist við, að af samningum verði, þegar búið er að ná samkomulagi við prestinn, og því er það vindhögg hjá hv. þm., að hjer sje verið að ganga á rjett ábúandans. Þá kem jeg að þeirri hlið málsins, er hv. þm. blandaði saman sölu Ness og þessa landshluta, en þar er ólíku saman að jafna, því að þar var að ræða um land, sem ábúandinn hafði full afnot af, en hjer er aðeins farið fram á að seldur verði nokkur hluti jarðar, sem enginn hefir gagn af.

Hv. þm. misskildi alveg orð mín, er hann hjelt því fram, að jeg hefði sagt, að hann væri hlutdrægur. Það sagði jeg ekki, og datt síst í hug, en hitt sagði jeg, að upp úr áliti biskups væri ekki mikið leggjandi, þar eð hann yrði að gæta rjettar prests og kirkju. Jeg vil undirstrika það, að þar sem ríkið á land að kaupstað, er það tvímælalaus skylda þess að láta kaupstaðarbúa njóta góðs af því. Það eina, sem hjer stendur á, er að fá samþykki prests fyrir sölunni, og jeg hygg, að það muni fást, þar sem hann missir engin hlunnindi við það, eins og t. d. dúntekju eða annað slíkt. Þá var það einnig ein af röksemdum hv. frsm. minni hl., að hreppurinn hefði lagt á móti þessu en það er nú altaf svo, að mótmæli koma frá þeim hreppum, sem verða að láta jarðarskika af hendi til kauptúna. Jeg sje svo ekki ástæðu til að eyða miklu af þingtímanum, eins og hann er nú orðinn dýrmætur, í orðalengingar um þetta mál, enda geri jeg ráð fyrir, að jeg hafi skýrt það nægilega fyrir hv. deild, að Eskifirði er nauðsynlegt að fá þennan jarðarhluta. Jeg mun ekki svara hnútum hv. þm. til mín, en geri ráð fyrir, að jeg geti samið eins vel nál. og hann. Læt jeg svo útrætt um málið að sinni.

Sveinn Ólafsson: Jeg get verið hv. meiri hl. allshn. þakklátur fyrir góðar undirtektir í þessu máli, og það sem meira er, jeg kann hv. minni hl. líka þakkir fyrir framkomu hans. Hann hefir nefnilega gert mjer greiða án þess að vilja það og vita, en greiði er það nú samt. Hann hefir birt í nál. sínu brjef biskups, en í því eru ummæli, sem bygð eru á misskilningi og ókunnugleika, en styðja mitt mál. Eitt atriðið, sem hann færir fram gegn sölunni er, að hjer sje seilst yfir 4 jarðir og inn í annan hrepp til þess að ná í land Hólma. Alt það land, sem að kauptúninu liggur, er í Helgustaðahreppi og Reyðarfjarðar. Þessir hreppar liggja að því sinn hvoru megin, og partur af kauptúninu hefir landsnytjar sínar ljeðar frá jörðunni Eskifirði í Reyðarfjarðarhreppi. Að hjer sje verið að seilast yfir 4 jarðir, sem nær

sje, er með öllu rangt, og ef yfir fjörðinn er farið, er skemmri leið til Hólma en t. d. að Eskifjarðarseli, sem liggur lengst inni í Eskifjarðardal og jafnvel skemmra en að Borgum. Svo er annað, sem kemur til greina, og það er, að þessar jarðir eru ekki falar, nema nú á þessum síðustu dögum hefir komið fram tilboð um að selja Borgir, litla hjáleigu og ófrjóa, sem þar að auki liggur á skuggahlið dalsins og erfiðara er að nota en Hólmanes. Að gera Borgir falar, er þó nokkur bót, en miklu meira og betra land þarf til að fullnægja þörfinni. Það er að vísu satt, að Borgir liggja svo nálægt, að þær má nota; en þar eru litlir hagar, sem að notum geta komið.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að svara hv. frsm. minni hl. frekar, því að það hefir hv. frsm. meiri hl. þegar gert vel og skörulega. Jeg vil þó benda á það, að þrátt fyrir öll mótmæli Reyðarfjarðarhrepps, hlýtur að reka að því, að landið verði tekið frá honum, fyr eða síðar, vegna þarfa þeirra, sem skortir alla grasnyt. Reyðarfjarðarhreppi er enginn skaði gerður, þótt Hólmanes verði selt. Hann ræður yfir nær ótakmörkuðu landi til ræktunar samt sem áður, og jörðin Hólmur verður eptir sem áður hið álitlegasta býli. Það eina, sem Hólmaland missir við þessa sölu, eru fjárhagar, eða það land, sem hentar fyrir búsmala, ef fært væri frá, og til vetrarbeitar. Þess vegna kemur ekki til mála, að hægt sje að bera þetta mál saman við næsta mál á undan á dagskránni. Með þessu er verið að bæta úr tilfinnanlegum landskorti, en í hinu tilfellinu var ekki um neitt slíkt að ræða. Jeg get ekki búist við því, að þeir, sem ókunnugir eru þarna eystra, geti um þetta dæmt, en jeg vildi óska þess, að hv. frsm. minni hl. ætti eftir að koma á þessar slóðir og sannfærast af sjón og raun um það, að hjer hefir honum skjöplast vegna ókunnugleika.

Hv. frsm. minni hl. gat þess, að presturinn hefði horfið frá fyrri skýrslu sinni í þessu máli, en af hverju gerði hann það? Af því að hann átti þar hús og mannvirki, sem hann bjóst við að losna við og geta selt, ef kauptúnið fengi alla jörðina, en þegar til tals kom að selja Eskfirðingum þennan hluta landsins, og húsanna þurfti þar ekki, þá snerist honum hugur og lagði þá móti sölunni. Þessar skýringar málsins eru nauðsynlegar þeim, sem ókunnugir eru málavöxtum.

Magnús Jónsson:* Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekki væri rjett að leggja mikið upp úr orðum biskups í þessu máli, því að hann væri hlutdrægur. Þetta er altof sterkt til orða tekið, og jeg vil segja hv. frsm. það, að hvað sem segja má um biskup, finnur hann hvergi á honum snöggan blett í þeim efnum, enda mun ekki finnast tillögubetri maður í garð ríkissjóðs en hann. Að þessari samviskusemi hans hefir kveðið svo mjög, að ýmsir hafa borið honum á brýn, að hann hjeldi rjetti presta of lítið fram, þegar ríkissjóður ætti í hlut. Það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að af sölu jarðarinnar verður ekki nema því að eins, að presturinn hafi gefið til þess samþykki sitt. En hversvegna er þá verið að hafa allan þennan skripaleik í frammi, þegar presturinn er búinn að neita um

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

samþykki sitt til sölunnar. Hver er meiningin með því, að fara að setja lög um þetta? Er það til þess að hægt sje að stelast að jörðinni, ef einhver prestur skyldi glepjast til að samþykkja þetta. Meiri hl. hv. nefndar virðist byggja alt álit sitt á einu brjefi, sem núverandi prestur hefir ritað, en hann gleymir því, að þessi sami prestur hefir skrifað annað brjef, þar sem hann lætur í ljós álit sitt á sölu jarðarhlutans og mælir eindregið á móti henni. Fyrra brjefið er alveg óskylt þessu máli, því að þá vildi presturinn selja jarðarhús, sem hann átti, en vildi feginn losna við, og jörðina vildi hann leigja kaupstaðnum. Jeg vil líta svo á, að hann hafi gert þetta í hagnaðarskyni, til þess eins að losna við þessi hús sín. Í þessu brjefi sínu segir hann, að eins og nú standi sakir, sje jörðin verðlítil, en þegar hann sjer að kaupstaðurinn vill ekki kaupa húsin, þá snýst hann öndverður gegn því að láta jörðina af hendi. Hann segir þá, að vegna breyttra búskaparhátta komi jörðin ekki verulega að gagni, en ef sauðfjárrækt aukist og fært verði frá, þá sje þessi hluti nauðsynlegur jörðinni. En nú vil jeg spyrja hv. þdm., hvort þeir eru við því búnir, að þetta geti ekki sótt í gamla horfið. Ef sá góði og gamli siður yrði tekinn upp, og ef landsmenn fengju að flytja fje sitt á fæti út til Englands, þá er þessi partur jörðinni nauðsynlegur. Jeg álít ennfremur, að hjer sje verið að skemma hið gamla, fornfræga höfuðból, og það ætti að vera metnaður okkar, að leika ekki forn setur illa, heldur halda þeim við. Það er auðsætt, að það á að fara eftir ástandinu eins og það er nú, en ekki eftir brjefi, sem að engu er hafandi sökum þess, að það er ritað í hagsmuna skyni. Jeg er ekki kunnugur þarna eystra, en eftir því, sem jeg fæ sjeð á landabrjefum, virðist mjer það rjett hjá biskupi, að hjer sje verið að seilast yfir nokkrar jarðir til að ná í þetta land. Kaupstaðurinn Eskifjörður stendur inst inni við fjörðinn, en Hólmar eru aftur á móti yst úti á tanganum (SvÓ: Það er ekki rjett að það sje seilst yfir 4 jarðir, heldur 2) Hv. þm. hefir nú játað, að til þess að ná í þetta land sje seilst yfir 2 jarðir, sem jeg álít, að kaupstaðurinn eigi frekar að reyna til að fá. Mjer virðast engar upplýsingar liggja fyrir hendi um það, hvort þær sjeu ekki fáanlegar, en hygg, að hitt sje þyngra á metunum, að hjer sje um peningaspursmál að ræða. Kaupstaðurinn sjer nefnilega hag sinn í því að fá þennan jarðarhluta keyptan af ríkissjóði, þar eð hann hyggur, að hann muni fá það land ódýrara en jarðir, sem eru í eign einstaklinga. Hv. þm. S.-M. hefir viðurkent, að önnur jörð sje föl, en segir að hún sje hrjóstug og liggi í skugga. En jeg lít nú á þennan hv. þm. sem málafærslumann síns hjeraðs og þar að auki er hjer um peningaspursmál að ræða, og því álít jeg, að ekki sje mikið leggjandi upp úr sliku, enda ættum við að bera svo mikla rækt til þessa gamla höfuðbóls, að ekki verði flanað að því að hluta það sundur, og það, að því er virðist, að ástæðulausu. Þar sem meiri hl. byggir nál. sitt á brjefi, sem þegar hefir verið afturkallað, sje jeg ekki, að álit hans hafi við rök að styðjast, og vona því, að hv. deild geri þessu máli sömu skil og því

næsta á undan, og samþykki í því rökstudda dagskrá.

Jörundur Brynjólfsson: Ef hjer væri um það að ræða, að Eskifjörður hefði of lítið land til umráða og ætti ekki kost á öðru landi nær en þessu, myndi jeg vera því fylgjandi, að hann fengi það, en eins og fram hefir komið, er ekki um það að ræða. Jeg get því ekki annað sjeð, en að hv. frsm. minni hl. og hv. 1. þm. Reykv. hafi hjer rjett fyrir sjer, og er þeim fyllilega sammála. Jeg vildi ennfremur bæta því við sökum þess að jeg hygg, að það hafi ekki komið nógu greinilega í ljós, að þessi jörð tilheyrir öðrum hreppi, og það getur verið hættulegt fyrir Reyðarfjörð að fá þá gesti til sín, sem Eskifjörður kann að senda þeim til vistar. Sjerstaklega þar, sem um allfjölment kauptún er að ræða og sem getur orðið miklu fjölmennara en það er nú.

Menn munu fara nærri um, hve þungum búsifjum slíkir nágrannar geta valdið hreppsfjelaginu, ef kauptúnið á kost á jarðnæði og er einrátt um hverjir búa á slíkum stöðum. Það hefir átt sjer stað hjer á landi, þó að það hafi ekki víða komið mikið að sök, að menn, sem ekki hafa verið sjálfbjarga, hafa verið settir á jarðnæði sem kaupstaður (Akureyri) á í annari sveit til þess að þeir yrðu sveitlægir þar. Það er vert að íhuga þetta, þegar talað er um að gera slíka breytingu, sem hjer er farið fram á. Fólkstala í Eskifjarðarhreppi var árið 1927 760 manns, og má vel gera ráð fyrir að fjölgi frá því sem er. Þó að ekki sjeu nema þessar ástæður fyrir hendi, nær engri átt að selja kauptúninu þennan jarðarhluta, og það því síður, sem kauptúnið getur fengið jarðnæði á jörðum, sem liggja nær því. Og um þetta á vitanlega að semja við hlutaðeigandi sveitarstjórn, en ekki Alþingi. Jeg vil undirstrika þau ummæli hv. 1. þm. Reykv., að okkur er skylt að sýna höfuðbólum þann sóma og þá ræktarsemi að búta þau ekki í sundur alveg að óþörfu. Jeg hirði ekki um að fara út í ummæli biskups í brjefi hans. En það er engan veginn veigalítil ástæða hjá biskupi, að landsnytjar kunni að rýrna, ef kauptúnið nær eignarumráði yfir jarðnæðinu. Jeg tek undir með hv. frsm. minni hl. (HK) um það, að jeg treysti hv. d. til að samþ. dagskrá þá, sem hann bar fram.

Sveinn Ólafsson: Jeg get ekki komist hjá að svara hv. 1. þm. Árn. (JörB) örfáum orðum, þó að mjer sje nauðugt að deila við hann. Hjá honum kennir óeðlilega mikils misskilnings á þessu máli. Jeg er viss um að hann hefir ekki kynt sjer það eins og skyldi. Hann var að tala um, að þetta væri hættulegt nágrenni fyrir Reyðarfjarðarhrepp. Nábýlið verður ekkert nær en það er, því að Reyðarfjarðarhreppur á land fast að kauptúninu. Nágrennið verður það sama.

Hv. þm. fullyrti, að Eskifjarðarhreppur ætti nóg land. Þetta er vitleysa. Hreppurinn á ekkert land. Einstakir menn eiga þarna tvær smájarðir, Lambeyri og Bleiksá, og á því landi stendur kauptúnið. Landsnytjar, sem kauptúnið fær að nota, eru bæði litlar og rýrar, og nú er svo komið, að mikill hluti af íbúunum getur hvorki haft kindur nje nautgripi. Fyrir þá fáu menn, sem eiga búfjenað, eru mestu vandræði með að koma honum fyrir á högum, alla hag-

beit verður að sækja til jarða í Helgustaða- eða Reyðarfjarðarhreppum. Það er því bygt á misskilningi, ef hv. 1. þm. Árn. heldur, að íbúar kauptúnsins eigi kost á ræktanlegu landi. Ríkið á ekkert land þarna nálægt nema Hólma og getur með sölu þessa hluta af Hólmalandi bætt þarna úr brýnni þörf.

Þá segir hv. þm. og hv. 1. þm. Reykv. (MJ), að þetta forna og fræga höfuðból verði skemt ósæmilega með sölu landsins. Jú, það minkar að vissu leyti, Hólmanes hverfur, en höfuðbólið Hólmar heldur áfram að vera til og verður stór jörð eftir sem áður. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að verið geti stórbú á Hólmum, þó að nesið sje selt, alt besta og verðmætasta landið verður eftir. Hv. þm. hafa vitnað í brjef biskups, þar sem hann segir meðal annars, að varpið muni rýrna. En hvernig má það verða? Umferð er daglega á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar fram hjá hólmunum og milli þeirra. Hún verður ekki meiri, þó að ræktað verði nokkurt land yfir á nesinu. Jeg hjelt, að fyrst og fremst bæri að líta á það, hvar nauðsynin væri. Og nauðsynin er einmitt hjá Eskfirðingum, því að Eskifjörður á ekkert land og þar er hin mesta örtröð. Auk þess er þetta hólmaland nær ekkert notað og varla túskildingsvirði, liggur mjer við að segja, eins og nú er ástatt, en getur orðið til mikilla nytja fyrir kauptúnið. Jeg hjelt, að sú þörf væri meira verð en sá hjákátlegi metnaður, að vilja láta útkjálka þessa höfuðbóls liggja í eyði, engum að gagni.

Kauptúnið á ekki kost á neinu landi til kaups, að því undanteknu, að síðustu daga hefir því boðist kaup á lítilli hjáleigu frá Eskifirði, Borgum, en það litla land er grýtt og votlent og ekki vænlegt til ræktunar, en auk þess mun verðið geysihátt. Þó að kauptúnið fengi þessa litlu jörð, er það svo langt frá því að hún fullnægi þörfum þess, að hún er ekki nema fjórði eða fimti hluti af því, sem þörfin krefur í bili.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. flm. vildi halda því fram, að hjá mjer kendi misskilnings um þetta mál. Jeg hefi samt ekki getað sannfærst um að svo sje. Hv. flm. segir, að nokkur hluti landsins, sem Eskifjörður liggur á, sje í Reyðarfjarðarhreppi. Sá hluti mundi þá heyra þeim hreppi til. En svo er nú auðvitað ekki. Hreppamörkum hefir verið breytt og Eskifjörður stendur nú á því landi einu, sem Eskifirði heyrir til. Fasteignamatsbókin sýnir þetta og samkvæmt henni er landrýmið ekki lítið. Þar stendur:

Bleiksá, 138 hndr.
Lambeyri I, 69 hndr.
Lambeyri II, 115 hndr.
Samtals 322 hndr. Og eins og menn sjá, er þetta hreint ekki lítið.

Hv. flm. vildi halda því fram, að engin breyting yrði, þó að bærinn eignaðist jarðnæði í annari sveit. Þetta er reginmisskilningur. Hverjir ráða, hvað bygt verður í Hólmalandi, eftir að Eskifjörður hefir keypt það, og hverjir búa þar? Ekki íbúar Reyðarfjarðarhrepps, þó að þeir geti orðið að sæta afleiðingum af þessu. Þeir hafa enga íhlutun, en verða að bera ábyrgð eftir tiltekinn tíma, ef fólkið þarf hjálpar við. Og það er höfuðatriðið í málinu.

Það væri ólíkt nær að fá hreppamörkum breytt, ef Eskifjörður vill fá aukið land út frá kauptúninu. Jeg er alveg hissa á hv. flm., að hann skuli ekki koma auga á þessa hættu. (SvÓ:

Það er engin hætta). Hvorugur okkar getur spáð neinu um það. En það verður að krefjast þess, að við sýnum alla varfærni í þessu efni, því að hjer getur verið um hættu að ræða fyrir hreppsfjelagið í Reyðarfirði, sem sjálfsagt er að koma í veg fyrir.

Það vill svo til, að ef þetta land er selt undan Hólmum, er tekinn fullur helmingur jarðarinnar. Þó að það sje kannske ekki notað mikið nú, er ekki hægt að segja um það, að hve miklum notum það getur orðið í framtíðinni. Og það liggur jafnlangt eða skamt frá Eskifirði eftir sem áður. Hv. flm. er að fara krókaleiðir í þessu máli og reyna að fá menn til að líta ekki á höfuðatriði málsins. Ef landinu er það mikið áhugamál að selja þennan jarðarhluta, á fyrst og fremst að gefa Reyðarfjarðarhreppi kost á að eiga hann. Jeg býst við, að áður en langt um líður verði farið að nota landið meira en nú er gert. Annars finst mjer skjóta nokkuð skökku við, ef landið er ekki túskildingsvirði, eins og hv. flm. sagði, en er þó svona bráðnauðsynlegt fyrir Eskifjörð.

Hv. flm. sagði, að það væri tilgangslaust að vera að geyma útkjálka þessa lands. En við höfum fengið nóga reynslu í þessu efni. Fyrrum voru margar jarðir látnar, af því að einungis var litið á augnabliksþörf, stundum ímyndaða, en ekki á framtíðina. Jeg vænti þess, að hv. d. sýni rjettlæti í þessu máli og viðurkenni, að okkur er skylt að gæta rjettinda þess sveitarfjelags, sem hlut á að máli, en það er fyrst og fremst Reyðarfjarðarhreppur.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg ætla fyrst að snúa mjer að hv. flm., sem var að þakka mjer fyrir þann greiða, að hafa birt brjef biskups. Mjer þykir vænt um þakklæti hans, en jeg vil segja, að hv. flm. átti ekki að ganga þess dulinn, að jeg vil, að hið sanna upplýsist í hverju máli.

Hv. flm. sagði, að afstaða mín til málsins mundi stafa af ókunnugleika og óskaði, að jeg ætti eftir að koma á þessar slóðir. Það er alveg rjett, að jeg hefi ekki þann kunnugleika, sem hv. þm. hefir, að því leyti, sem kunnugleiki fæst við að sjá staðinn. En jeg hefi athugað kortið og hugsað málið, svo að jeg get ekki talist því alls ókunnugur. Hv. flm. mintist á, að landsnytjar færu þverrandi á Hólmum. Hvernig mundi nú verða umhorfs þar, ef selt væri. Það má nærri geta, að ræktun verður aldrei framkvæmd á þessu landi nema með mikilli umferð, sem hlyti að raska þeirri kyrð, sem þar þarf að vera, vegna varpsins.

Það má benda á, að þó að þetta land yrði selt Eskifirði, yrði það ekki kaupstaðnum til hagræðis hvað beit snertir. Áður hefir verið bent á, að ef Eskifirði er þetta svo mikið áhugamál sem af er látið, þá gæti hann tekið landið á leigu.

Hv. 1. þm. Árn. hefir greinilega skýrt þá hlið málsins, sem snýr að Reyðarfjarðarhreppi.

Hv. flm. telur Borgir vera smákot. Það er þó metið á 5300 kr., en Bleiksá á 15300 kr. Þetta köllum við Barðstrendingar ekki smákot, hvað sem gert er í Suður-Múlasýslu.

Hv. 2. þm. Rang. hóf ræðu sína með því að segja, að jeg hefði byrjað mál mitt í bráðræði og endað í ráðleysi. Þetta geta þeir einir sagt, sem álíta sig öðrum fremur vitrari. Því ekki að furða þó hv. frsm. meiri hl. segi slíkt!

Reynslan mun sýna, hvort ræður hans eru bygðar á betri grundvelli en mínar í þessu máli. Hvernig er hægt að ætlast til, að jeg geti komið eins vel fyrir mig orði og þaulæfður málafærslumaður, sem bæði er gáfaður og vel mentaður? En hv. þm. á ekki að teinja sjer að gera lítið úr öðrum, þó að hann kunni að vera þeim fremri sjálfur. (**GunnS:** Jeg var að gjalda líku líkt). Nei, hv. frsm. var ekki að gjalda líku líkt. Jeg gerði ekki lítið úr hans hæfileikum til að semja greinilegt nál. Það ber vott um það, hve lítil rök eru fyrir hendi, þegar annar eins maður og hv. frsm. hefir ekki önnur rök fram að færa en brjef, sem alveg er búið að missa gildi sitt. Hann benti á, að alt ylti á samþykki prestsins, en hv. 1. þm. Reykv. hefir bent á, hve það er lítils virði. Mjer er ánægja að fá tækifæri til að leiðrjetta; ef hv. þm. heldur, að jeg hafi verið að gera lítið úr sjer. Nei, jeg hefi altaf viljað láta alla menn njóta sannmælis.

Hv. þingm. til glöggvunar, leyfi jeg mjer að lesa upp dálítinn kafla úr brjefi biskups, svo hljóðandi:

„Til frekari skýringar á þessum brjefkafla skal þess getið, að það sem komið hefir hreyfingu á þetta mál, er að prestinum á Hólmum hafði komið til hugar að leigja kaupstaðnum afnot prestssetursjarðarinnar gegn því að hann (kaupstaðurinn) keypti af sjer öll þau hús, sem presturinn á þar á staðnum, gáandi ekki að því, að slíkt er með öllu óleyfileg meðferð á húsum á prestssetursjörð, enda þótt prestur eigi þau sjálfur. En áður en presturinn hafði fengið bendingu frá mjer um, að slíkt væri óheimilt, þá gekk ofannefndur fundur á móti húsakaupum nema því aðeins að hreppurinn fengi a l l a jörðina keypta. En frv. þar að lútandi vildi flm. ekki bera fram og hefir í stað þess komið fram með það frv., sem hjer liggur fyrir um kaup á nokkrum hluta af landi Hólma."

Hv. þdm. munu að vísu hafa kynt sjer þetta áður, en til þess að þeim skyldi ekki falla þetta úr minni, vildi jeg rifja þetta upp áður en atkvgr. fer fram.

Hv. flm. vildi gera lítið úr þeim notum, sem Hólmar hefðu af landinu, en mikið má vera, ef land, sem liggur upp að túngarði jarðar, er ekki allmikils virði fyrir jörðina. En hv. 1. þm. Árn. (JörB) hefir farið inn á þessa hlið málsins og geri jeg hana því ekki að umtalsefni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá minni hl. allshn. á þskj. 274 samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MJ, ÓTh, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ. ÁÁ, GunnS, HG, HV, BSv.

Einn þm. (LH) var fjarstaddur.

3. Einkasala á lyfjum.

Á 18. fundi í Ed., 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á lyfjum (þmfrv. A. 86).

Á 20. fundi í Ed., 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er ekki nýr gestur hjer á Alþingi. Það hefir verið hjer á ferðinni áður og þá

einnig í Ed. 1921 var það lagt fram hjer sem stjfrv., og hafði þáverandi og núverandi landlæknir, Guðm. Björnsson, skrifað aths. þær, er fylgdu frv., og hefir að sjálfsögðu átt mestan þátt í samningu þess. Maður skal því ætla, að sá maður, sem haft hefir æðstu stjórn heilbrigðismálanna með höndum um langt skeið, hafi sjeð brýna þörf og hagsmuni fyrir setningu slíkra laga, enda virðast ástæður þær, sem frv. er rökstutt með, afarsterkar.

Hvað sem annars má segja um rjettmæti lyfjanotkunar, þá er hitt víst, að lyfjakaup eru stór útgjaldaliður hjá almenningi. Og þótt segja megi, að lyfjanotkun sje um of, þá hefir reynslan sýnt, að ekki er þægilegt að fá því breytt. Þess eru dæmi, að sumir af okkar allra bestu læknum hafa í byrjun ætlað sjer að draga úr lyfjanotkun með því að gefa sjúklingunum aðeins góð ráð í þeim tilfellum, er þeir töldu meðul óþörf eða gagnslaus. En reynslan hefir orðið sú, að sjúklingarnir hafa leitað til annara lækna og fengið meðul hjá þeim. Þessir læknar, sem draga vildu úr lyfjanotkun, hafa því bráðlega orðið að taka upp í sinn praksis að gefa út lyfseðla, þótt þeir væru sannfærðir um, að lyfin gerðu hvorki til nje frá. Hjer er aðeins um trú fólksins á lyfin að ræða. Og þeirri trú er ekki auðvelt að breyta. Lyfin verða því talsverður útgjaldaliður hjá almenningi, og spurningin er þá bara sú, hvernig hægt sje að lækka þann lið. Er það einn tilgangur þessa frv. — Annars liggja margar aðrar ástæður fyrir því. Skal jeg til glöggvunar leyfa mjer að lesa upp kafla úr grg. þeirri, sem fylgdi frv. 1921. Þar segir landlæknir m. a. — með leyfi hæstv. fors.: „Hinsvegar er það eins og hjer háttar til afarerfitt að tryggja sjer það, að þær vörur, sem lyfsalar flytja inn, sjeu jafnan ósviknar og óskemdar og í alla staði svo vandaðar sem vera ber. Og jafnframt leikur jafnan svo mikill vafi á um innkaupsverð þeirra, að það er mjög erfitt fyrir heilbrigðisstjórn landsins að ákveða útsöluverð lyfja svo að hvorugt vilji til, að þröngvað sje hag lyfsala, eða þeim ætlaður óþarflega mikill ágóði.

Af þessum ástæðum hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að það horfi þjóðinni í alla staði ótvírætt til heilla, að ríkið taki í sínar hendur allan innflutning og alla stórsölu á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum.“ Landlæknir getur þess í sömu athugasemd, að innkaup á þessum lækningavörum muni nema ¾—1 miljón kr.. Að vísu var það í mestu dýrtíðinni. En hinu má og gera ráð fyrir, að notkun hafi aukist sem svarar þeirri verðlækkun, sem síðan hefir orðið. Hjer sje því um alt að milj. kr. innkaup að ræða. Er því augljóst, að allmiklu getur munað, hvernig innkaupin eru gerð. Ef alt er á einni hendi, er samkvæmt algengri verslunarreglu trygging fyrir, að varan fáist með lægra verði heldur en ef margir kaupa sama magn í smáskömtum. Um það er ekki hægt að deila með rökum. Þá er og hægara að komast í bein sambönd við framleiðanda. Nú mun það vera svo, að mikill hluti lyfja er keyptur frá dönsku firma, Alfred Bentzon, sem er eitt af stærstu lyfsölufirmum. Það hefir selt hingað mest öll lyf og eins þau, sem framleidd eru í öðrum löndum, enda sagt, að það hafi fengið einkaumboð fyrir Danmörku og Ísland hjá ýms-

um verksmiðjum, þar sem þeir eru einna þektastir umboðsmenn í Danmörku. Hjer er því um hliðstætt dæmi að ræða því, sem var með áburðinn. Þar var líka firma í Danmörku, sem hafði umboð fyrir Ísland. En þegar ríkisstjórnin hjer tók söluna í sínar hendur, þá fjellust þýsku seljendurnir á að láta áburðinn án millilíða. Sennilega verður það eins í þessari grein og verður þá komist fram hjá þessum öðrum óþörfu umboðsmönnum, sem ekki tekst núna.

Nú hefir það gengið svo til í Danmörku og sennilega eins hjer, að þetta firma, Alfr. Bentzon, hefir lagt lyfsölum fje til að byrja með atvinnurekstur sinn. Lyfsalarnir hafa því orðið háðir þessu firma og lent í skuldafjötrum og setið í þeim alla tíð. Veit jeg ekki, hvort svo hefir gengið til hjer. En svo hefir það verið í Danmörku, eftir því sem dönsk blöð herma. Ef hægt væri að komast hjá millilíðum, eru líkur til að hægt verði að ná betra innkaupsverði en nú. Jeg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta nú. Vil aðeins vísa til hins rækilega álits landlæknis, er jeg gat um áður. Óska svo, að frv. þessu verði vel tekið og því að umr. lokinni verði vísað til allshn.

Jónas Kristjánsson: Maður er nú farinn að venjast því að sjá einkasölufrv. borin fram hjer á Alþingi. Þeim fjölgar ár frá ári. Það eru eins og nýir og nýir skollafingur, sem reyna að festa sig á rótum hinna og slást í einkasölulestina.

Jeg gæti nú samt látið vera að segja nokkuð misjafnt um þetta, ef það horfði til gagns fyrir land og þjóð. En svo er ekki að mínu áliti. Enda hafa þau einkasölulög, sem starfrækt hafa verið, sýnt, að þeir hagsmunir hafa ekki náðst, sem vonast var eftir.

Áður voru það lyfsalarnir einir, sem máttu panta lyfin, en læknar voru skyldir að kaupa af lyfjabúðunum. Þannig stóð þar til landsverslunin fór að afgreiða pantanir lækna. Hefi jeg engan heyrt kvarta undan því fyrirkomulagi, sem nú er, og virðist þá engin ástæða vera til að breyta. Hv. flm. vildi halda því fram, að varan yrði ódýrari. En honum tókst ekki að koma fram með neitt það, sem styddi skoðun hans. Ennfremur hjelt hann því fram, að varan yrði vandaðri. En jeg hefi enga trú á því, að lyfin verði vandaðri hjá þeim, sem enga þekkingu hafa á lyfjaverslun svo sem gert er ráð fyrir í frv., þar sem forstjóra Áfengisverslunar er ætlað að hafa þetta með höndum. Það eru því engar líkur til að betur gangi með þetta fyrirtæki en tóbaks- og steinoliueinkasölurnar, sem gáfu gagnstæða raun við það, sem vonast var eftir. Þar að auki mundi þetta valda óþægindum. T. d. er það svo með sáraumbúðir, sem almenningi er þörf á að sjeu sem víðast á boðstólum, en með einkasölu yrði ógreiðari aðgangur að þeim og þær sennilega dýrari. Þá er og annað, sem mælir móti einkasölu, og það er, að árlega eru lyfjabúðum og læknum send ókeypis sýnishorn af nýjum meðalategundum, sem þeir svo reyna að láta sjúklingum í tje ókeypis oft og einatt. Eru þau svo keypt áfram, ef þau reynast vel. Væri skaðlegt ef tæki fyrir þessa nauðsynlegu framþróun. — Er því margt að athuga við frv. þetta.

Þá er sjálf einkasöluhugsunin. Jeg

sje ekki að hún verði hjer frekar en annarsstaðar almenningi til hagsbóta. Jeg skil ekki, að það sje heppilegt að setja á menn þetta einokunarhelsi á öllum sviðum. Það er eitur í minum beinum, að framtak einstaklingsins sje heft, nema sýnt verði, að það sje þjóðinni til því meiri hagsbóta, en jeg hefi ekki trú á að það verði. Jeg vil ekki búa svo um, að hverri hendi, sem rjett er fram til framtaks, sje öxin vís, en að því virðist nú stefnt. Slíkt er að reiða vopn að heilbrigðri framþróun þjóðarinnar.

Jeg skil ekki í þeim mönnum, sem aldir eru upp við frelsi fjallanna, sem hafa verið smalar eins og jeg og andað að sjer fersku fjallaloftinu, jeg skil ekki í þeim, ef þeir geta verið með slíkum lögum, sem hefta frelsi og framtak manna. Það er betur hægt að skilja, að slíkar skoðanir þroskist í þrengslum og fátækrahverfum stórborganna. Jeg verð ætíð mótfallinn því að ganga inn á þá stefnu, og sjerstaklega, er ekki verður sjeð, að það sje neinum til gagns. — Hv. flm. sagði, að frv. þetta væri ekki nýr gestur hjer á Alþingi. En það er gestur, sem jeg vildi sem sjaldnast sjá.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg bjóst við að aths. við frv. þetta, en sist frá læknum. Jeg bjóst við að þeir mundu veita því stuðning, þar sem hjer er fullkomlega sjeð fyrir hag lækna og þeim trygð vörugæði. Meginástæður fyrir þessu frv. eru hinar sömu og athugasemdir landlæknis við frv. 1921. Ef því hv. 5. landsk. vill glíma við þær röksemdir, þá getur hann snúið sjer til landlæknis og sagt honum, að það sje tóm vitleysa, sem hann hafi talið málinu til gildis og hann hafi verið að smíða einokunarklafa með frv. 1921. Hv. þm. sagði, að þetta væri nýr skollafingur, en frv. er nú einmitt gamalt hjer í deildinni, og var þá borið fram og farið höndum um það af þeim, er best máttu hafa vit á því. Jeg skal því ekki rífast við hv. 5. landsk. um gildi frv., enda færði hann engin rök gegn því.

Hv. þm. sagðist engan lækni hafa heyrt kvarta undan fyrirkomulagi því, sem nú er. En jeg hefi heyrt lækna kvarta yfir því. Og í morgun hringdi nágrannalæknir hv. 5. landsk. til mín, og lýsti ánægju sinni yfir því, að þetta frv. væri fram komið og óskaði þess, að það yrði að lögum sem fyrst. Það eru því ekki allir læknar sammála um þetta.

Það má segja, að hv. 5. landsk. færði engin rök móti frv. önnur en þau, að hann kvaðst mótfallinn einkasölu alment. Nefndi hann máli sínu til stuðnings einkasölu á olíu og tóbaki. Hv. þm. sló því fram, að þessar einkasölur hefðu reynst illa, en færði engar sannanir fyrir því. En jeg vil nú benda hv. 5. landsk. á það, að hv. 1. þm. Skagf. (MG), sem hv. 5. landsk. trúir á og fylgir í öllum hlutum, var upphafsmaður tóbakseinkasölunnar og lýsti því yfir, að hún hefði uppfylt allar þær vonir, sem hann gerði sjer um hana í upphafi, þótt hann gerðist banamaður hennar með því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Jeg vil skora á hv. 5. landsk. að leita upplýsinga um þetta hjá þessu átrúnaðargoði sínu. Steinolíueinkasalan er nú að vísu nokkuð flóknara mál. En sá, sem flutti það inn í þingið, var hv. 1. þm. G.-K. (BK). Jeg get

því bent hv. þm. á það, að „autoritetin“ fyrir þessum einkasölum báðum er að finna í hans eigin liði. Ef hv. þm. trúir á þessi „autoritet“, sem jeg að vísu geri ekki, þá ætti hann að vera vel ánægður með einkasölufyrirkomulagið.

Þá sagði hv. 5. landsk. (JK), að eigi væri trúandi fyrir slíkri verslun mönnum, sem ekki væru fróðir í þeim efnum, og vitnaði í það, að eftir frv. væri forstöðumanni Áfengisverslunarinnar ætlað að sjá um kaup á lyfjunum. Það er rjett hjá hv. þm., að til þess er ætlast í frv., en hann veit einnig, að í lögunum um áfengisverslun ríkisins er það til tekið, að maður með lyfjafræðiprófi skuli hafa eftirlit með lyfjasölu áfengisverslunarinnar. Hygg jeg það vera í 4. gr. laga um áfengisverslun ríkisins. Ætti lyfjaverslunin því að vera í góðum höndum, og virðist mjer varla hægt að ganga lengra, en að umsjón sje falin sjerfróðum manni. (**BK:** En ábyrgðarlausum). Hv. 1. þm. G.-K. getur auðvitað slegið slíku fram, en ef eitthvað ber út af, yrði maðurinn annaðhvort látinn fara frá eða sæta ábyrgð, ef um stórvægilegt brot væri að ræða.

Að lokum vil jeg benda á það, að svo er til ætlast í frv. á þskj. 86, að einkasalan selji lyf í stórsölu til lækna og lyfsala. Að vísu er ætlast til, að lagt verði lítilsháttar gjald í varasjóð, ef töp yrðu á versluninni, en jeg tel sjálfsagt, að lyfin verði seld við svo vægu verði sem unt er. Mundi einkasalan því tryggja það, að gerð yrðu betri innkaup, og ennfremur, að varan væri betri.

Halldór Steinsson: Eins og hv. flm. gat um, lá frv. fyrir þinginu 1921, er gekk í svipaða átt og frv. það, sem nú er til umr. Fyrir því frv. voru aðallega þrjár ástæður.

Í fyrsta lagi átti það að tryggja, að ætíð væru nægar lyfjabirgðir í landinu. Þótti bera talsvert á því á stríðsárunum og næstu árum á eftir, að vöntun varð á ýmsum lyfjum, einkum hitalyfjum, er farsóttir og kvefpestir gengu. Ennfremur þótti það koma fyrir, að lyf reyndust skemd, svo sem veronal, aspirin o. fl.

Í þriðja lagi þótti mörgum meðulin of dýr og að lyfsalar auðguðust óhæfilega á þessari verslun á þeim árum, enda mátti heita að hún væri rekin sem einokun, þar eð lyfjabúðir voru aðeins örfáar á landinu. — Þetta voru ástæðurnar fyrir því, að stj. flutti frv. þetta 1921, og var það gert í samráði við landlækni, Guðmund Björnson.

Síðan hafa tímarnir breyst mjög mikið. Lyfjabúðum hefir fjölgað, t. d. eru þær orðnar fjórar hjer í Reykjavík og lyfjabúð í öllum kaupstöðum landsins.

Þegar samkepnin er orðin svona mikil, er um leið trygt, að eigi verða fluttar inn skemdar vörur. Einnig er það trygt, að nægar birgðir af lyfjum eru jafnan til í landinu. Og loks minkar gróði lyfsalanna eftir því sem samkepnin eykst, og geta þeir ekki lengur selt lyfin með okurverði, enda hafa lyfjabúðirnar nú taxta, eins og kunnugt er. Auk þess hafa þær eignast keppinaut, síðan hjeraðslæknum var leyft að panta meðul sín beint frá útlöndum.

Sje jeg þess vegna enga ástæðu til þess, eins og nú stendur á, að bera fram þetta frv., því að lyfin verða

hvorki ódýrari læknum nje almenningi með einkasölufyrirkomulagi, en það mun vera tilgangur frv. Hv. flm. hjelt því fram, að firma eitt í Danmörku hefði einokun á lyfjum og umboð fyrir nálæg lönd, og skiftu lyfjabúðirnar hjer á landi nær eingöngu við það firma. Jeg hygg að þetta sje ekki rjett hjá hv. flm., lyfjabúðirnar geta eins vel skift við t. d. England og Þýskaland og gera það líka. Þessi ástæða hans er því ljettvæg, en það kann að vera að þær skifti mest við Danmörku.

Þá vitnaði hv. þm. í landlækni í þessu máli, og spurði, hvort það hefði verið vitleysa, er hann lagði til 1921. Árið 1921 var frv. þetta rjettmætt, en eins og jeg benti á áðan, hefir margt breyst síðan. Jeg vil heldur ekki segja að frv . það, sem nú liggur fyrir, sje vitleysa, en það er nú með öllu óþarft. Þá finst mjer ótækt það, er segir í 4. gr. frv., að forstöðumaður áfengisverslunarinnar veiti lyfjasölunni forstöðu. Var það eitt af því, er landlæknir lagði mesta áherslu á, að það starf væri falið manni með lyfsalaprófi. En þetta mætti laga í nefnd. Eins og jeg hefi áður sagt álít jeg frv. óþarft eins og nú standa sakir, og get jeg þess vegna ekki greitt því atkv. mitt.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Snæf. hefir nú rakið tildrög þessa máls 1921 og ástæður þess þá. Hefi jeg ekkert við það að athuga og er þar sammála hv. þm. En svo bætti hann því við, að síðan hefðu tímarnir breyst mjög mikið. Sagði hann, að samkepnin væri nú orðin svo mikil um sölu á lyfjum, að engin hætta væri á því framar, að þau yrðu seld með okurverði. Þá sagði hann, að þar sem lyfjabúðir væru orðnar svo margar, væru ætíð nægar lyfjabirgðir í landinu, og af fjölda þeirra leiddi einnig það, að gróði lyfsalanna væri minni en áður var, þar eð þeir yrðu að leggja minna á vöruna samkepninnar vegna. Ef ástæður þessar eru athugaðar rjettilega, liggur í augum uppi, að þær hljóta allar að mæla með einkasölu lyfja. Samkepnin leiðir til þess, að varan verður dýrari. Lyfsalar eru orðnir svo margir, að þeir geta ekki allir haft nóg að gera. Hinsvegar eru þeir neyddir til þess að hafa margt starfsfólk, til þess að geta fullnægt viðskiftaþörfinni, er hún nær hámarki. Auk þess verða lyfsalar að greiða mjög háa húsaleigu, og yfirleitt er kostnaður við slíka verslun mjög mikill. En hvar eiga lyfsalar að taka það fje, sem með þarf til þess að standa straum af þessum gífurlega kostnaði? Ekki mega þeir tapa, þeir eru því neyddir til þess að leggja á vöruna.

Hjer er því enn ríkari ástæða til þess að halda fram einkasölu en áður. Eftir því sem lyfjabúðirnar hafa minna að gera, hafa þær minna fje í veltu. Af því leiðir, að birgðir verða minni en á meðan lyfjabúðirnar voru færri. Nú eru þær orðnar alt of margar og þrífast ekki. Er líkt á komið með þeim og smáverslunum hjer í Reykjavík, þær munu vera einhver lakasta atvinnugrein, sem hægt er að stunda. Afleiðing hinnar miklu „samkepni" hlýtur að verða sú, að almenningur fær vörurnar við dýrara verði.

Allar hinar breyttu aðstöður mæla því með einkasölunni.

Þá gat hv. þm. þess, að lyfjabúðirnar hefðu taxta, er þær seldu lyfin eftir. Mjer skilst af athugasemdum við frv. frá 1921, að það muni erfitt að ákveða þann taxta svo að hann yrði rjettlátur, og sömuleiðis að líta eftir því, að lyfjabúðirnar fylgi verðskránni. Hv. þm. mintist einnig á lyfjasölu áfengisverslunarinnar og að hjeraðslæknar og spítalar gætu skift við hana. Þetta er að vísu bót frá því, sem áður var, en það er ekki nægilegt. Því hver verslar í sínu horni eftir sem áður. Reykjavíkur Apótek, Laugavegs Apótek og áfengisverslunin senda pantanir sínar hver í sínu lagi, og afleiðingin er sú, að ekki næst lægsta innkaupsverð á vörunum. Væru hinsvegar allar lyfjapantanir sameinaðar, mætti vænta lægra verðs, því að eins og menn vita, þarf vist vörumagn til þess að fá lægsta verð.

Hv. þm. Snæf. sagði, að það mundi ekki rjett, að lyfjabúðirnar væru bundnar við eitt firma í Danmörku. Jeg sagði heldur ekki að þær væru bundnar við það firma, en aðalverslun þeirra mun þó vera við firmað Alfred Bentzon, annaðhvort beint, eða við þær verksmiðjur, er hann vísar þeim á, en hann tekur provision af viðskiftunum. Þannig er það oftast með kaupmennina, þeir eru svo stoltir yfir því að hafa bein sambönd, en í raun og veru situr þá einhver milliliður og hirðir háa provision af viðskiftum þeirra. (**JÞ**: Eins og hjá áburðarversluninni). Nei, þar kemur pólitíkin að gagni. Þýsk firmu myndu ekki láta íslenska ríkið borga dönskum verslunarhúsum provision af viðskiftum. Á svipaðan hátt myndi fara, ef einkasala á lyfjum kæmist á, enda yrði umboð Alfred Bentzons þá úr sögunni.

Jeg hefi nú athugað þau rök, er hv. þm. bar fram gegn frv., en að þeim yfirveguðum finst mjer að niðurstaðan hljóti að verða sú, að hentugra muni að kaupa lyf landsins í einu lagi en í smákaupum eins og nú er gert.

Halldór Steinsson: Jeg vil aðeins gera örstutta athugasemd. Við hv. þm. (JBald) getum aldrei orðið samferða á þessari einokunarbraut, er hann vill fara. Hann álítur, að þar sem samkepnin er mest, sje verðið hæst. Þýðir ekki að deila við hann um það, en jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Jeg tel samkepnina nauðsynlega til þess að fá gott verð.

Hv. þm. hjelt því einnig fram, að lyfin mundu fást ódýrari, ef þau væru keypt í einu lagi fyrir alt landið. Meðalforði lyfja, er þarf handa Íslandi, er eins og krækiber í ámu þegar borið er saman við þörf annara landa, og mun jafnast á við það er minni borgir erlendis nota af lyfjum árlega. Hygg jeg því, að hv. þm. sje of bjartsýnn um að takast muni að fá lyfin með lægra verði, ef keypt eru í einu lagi, þegar eigi er um meiri forða að ræða. Hvað því viðvíkur, að lyfsalar hjer skifti aðallega við Alfred Bentzon, þá gera þeir það eflaust vegna þess, að þeir álíta sig hafa hagnað af því og fá betri kjör þar en í Englandi og Þýskalandi.

Jónas Kristjánsson: Hv. 4. landsk. (JBald) mintist á tóbakseinkasöluna í sambandi við það mál, er hjer liggur fyrir, og hafði þau orð eftir hv. 1. þm. Skagf., að hún hafi gefist vel. Ef jeg man rjett, sagði hann, að tóbaks-

einkasalan hefði ekki brugðist sínum vonum. Annars þótti mjer það best við tóbakseinkasöluna, að hún seldi minna af tóbaki en áður var gert. Ástæðan fyrir því var sú, að með einkasölufyrirkomulagi er afgreiðsla jafnan lakari, og erfiðara er að fá vöru, sem líkar. Þótt það sje gott, að lítið sje selt af tóbaki, þá er slíkt ekki gott, ef um lyf er ræða, en jeg býst við því, að útkoman yrði sú sama, ef tekin væri upp einkasala á lyfjum.

Þá fanst mjer hv. þm. ekki taka nægilegt tillit til þess, að alt verð á lyfjum er ákveðið eftir gjaldskrá, er læknar og lyfsalar fara eftir. Einnig ber þess að gæta, að þótt lyfin væru keypt í einu lagi, yrði að sjá til þess, að landið skaðaðist ekki á sölunni. Býst jeg við því, að tilhneiging yrði til þess að hafa verðið heldur í hærra lagi, en afleiðing þess yrði sú, að lyfin yrðu dýrari almenningi en áður.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg gleymdi áður að geta um afstöðu landlæknis til þessa máls, en nú spurði jeg hann hver hún væri, og fjekk það svar, að hún væri sú sama og 1921. Vildi jeg aðeins upplýsa um þetta atriði, og einnig að í 4. gr. laga þeirra, er vísað er til í frv., er það tekið fram, að forstöðumaður lyfjaverslunarinnar eða aðstoðarmaður hans, skuli hafa lyfsalapróf.

Halldór Steinsson: Mjer þykir leitt að heyra, ef afstaða landlæknis er óbreytt síðan 1921 þrátt fyrir þær breytingar, er á hafa orðið. Annars leyfi jeg mjer að efast um, að hv. þm. fari rjett með orð landlæknis. Mín afstaða í þessu máli er gerbreytt síðan 1921, og þótt jeg leggi mikið upp úr orðum landlæknis í ýmsum málum, get jeg ekki átt samleið með honum í þetta sinn, svo framarlega sem hv. þm. hefir hermt orð hans rjett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:6 atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 314 og 343).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Allshn. gat eigi orðið sammála um þetta frv. Liggja því fyrir tvö nál. ásamt fylgiskjölum, sem bæði mæla með og móti frv.

Jeg ætla þá fyrst að minnast á frv. á þskj. 86. Meiri hl. allshn. hefir ekki fundið ástæðu til að breyta formi frv., en þó hinsvegar talið rjett að bæta orðinu „umbúðir“ inn í upptalninguna í 7. og 8. gr., þannig að einkasalan næði einnig til umbúða ásamt lyfjum og hjúkrunargögnum. Ríkisstjórnin ræður lyfjaskránni og sker úr, ef ágreiningur rís um, hvaða vörur heyri undir hana. Meiri hl. hefir ekki sjeð ástæðu til að breyta fleiru, nema hvað orðið „landsstjórn“ er felt úr 6. gr. og ríkisstjórn sett í staðinn til samræmis, eins og nú er orðinn siður.

Við fyrstu umr. þessa máls og eins í nefndinni var um það rætt, að forstjórastaða lyfjaverslunarinnar væri í höndum manns, sem ekki hefði tekið lyfsalapróf. En nú er því þannig háttað, að samkv. 4. gr. er það trygt, að forstöðumaður lyfjasölunnar hafi lyfsalapróf. Að vísu er það svo, að nú-

verandi forstjóri áfengisverslunar ríkisins hefir ekki slíkt próf. En í því tilfelli er, samkvæmt 4. gr. laga nr. 69, frá 1928, trygt, að aðstoðarmaður hans hafi slíkt próf, enda falli þá stjórn lyfjaeinkasölunnar undir hann. Jeg bendi á þetta út af aths. í brjefi landlæknis til n. á fskj. I, sem prentað er með áliti meiri hl. Með því að athuga 1. gr. frv. og 4. gr. laga um áfengisverslunina, tel jeg, að frá formsins hlið sje ekkert við þetta mál að athuga. Það er lögformlega trygt, að maður með lyfsalaprófi fer með framkvæmd lyfjaverslunarinnar, og ekkert annað hefir verið fundið að þessu frv., en að þetta væri ekki nægilega trygt. Það hefi jeg nú leiðrjett.

Þá kem jeg að aðaldeiluefninu, sem skoðanir skiftast um, hvort hentugt sje að hafa þetta verslunarform. Það eru aðallega Íhaldsfl. og svokallaður frjálslyndur flokkur hjer í landinu, sem þykjast berjast fyrir frjálsri verslun, og þeir kalla það frjálsa verslun, ef hver maður má versla, sem leyst getur borgarabrjef. Til allrar verslunar þarf að kaupa leyfisbrjef, og á meðan svo er, getur hún ekki talist alfrjáls. — Lyfjaverslunin er t. d. ekki alveg frjáls; til hennar þarf sjerstakt leyfi, sem erfitt er að fá hjer á landi. Þess vegna hefir í raun og veru verið hjer einkasala á þeirri nauðsynjavöru, þannig, að ein lyfjabúð hefir verið á hverjum stað utan Rvíkur, en aðeins tvær hjer í Reykjavík síðustu missirin. En flokkar þeir, sem teljast fylgja frjálsri verslun, virðast láta sjer ant um að lyfjasalan sje einokuð í höndum fárra manna, og það fremur en aðrar vörur. Hin mikla lyfjanotkun, sem altaf virðist fara vaxandi, er í raun og veru óþörf; en fólkið trúir á lyfin og vill hafa þau, og læknarnir hjálpa til að halda þeirri hjátrú við.

Það verður því að ganga út frá því, að lyfjaverslunin sje nauðsynleg fyrir almenning, og mörg lyf eru vitanlega bráðnauðsynleg; þess vegna verður að finna leið til þess að gera þau sem ódýrust. Lyfjaverslunin á ekki að vera fyrir lyfsalana og læknana og miðast við þeirra kröfur, heldur á hún að vera fyrir fólkið. Það er þetta, sem um er deilt milli nefndarhlutanna. Hin stærstu og helstu „autoritet" í heilbrigðismálum þjóðarinnar styðja álit meiri hl. nefnd. Landlæknir mælir með frv., enda er það að mestu samhljóða því frv., sem hann undirbjó 1921 og stjórnin lagði þá fyrir þingið. Hann leggur til, að gerð sje aðeins *lítilsháttar* formbreyting í einu atr. frv., en mælir með því að öðru leyti. Og það eru sterk meðmæli með þessu frv., þegar yfirmaður læknastjettarinnar í landinu leggur eindregið til, að það verði samþykt og lítur svo á, að það sje fullkomin ástæða til að ríkið hafi einkasölu á lyfjum. Þá er það annar aðili, stjórn Læknafjelags Íslands, sem hefir látið nefndinni í tje álit sitt á fskj. II með áliti meiri hl. Það er dálítið erfitt að átta sig á þessu brjefi frá formanni læknafjelagsins; í því eru ýmist meðmæli eða mótmæli gegn frv. En rauði þráðurinn í brjefinu er sá, að eins og nú standa sakir, þá sje okurverð á lyfjum í landinu, og telur stjórn læknafjel. það vera aðalatriðið í þessu máli, að unt sje að lækka hið afarháa verð, sem nú er á lyfjum, og gefa út sanngjarnan lyfjataxta. Telja þeir það mikinn kost, að

einkasalan geti fengið fulla vissu um innkaupsverðið og samið fullkominn og sanngjarnan taxta eftir því. Landlæknir mundi þá hafa fulla vitneskju um innkaupsverð lyfjanna og vita, hvað samsetning þeirra og blöndun kostar. Þó að stjórn læknafjelagsins telji þannig mikla galla á núverandi lyfjaverslun, þá leggur hún ekki með frv. og telur hæpið, að einkasalan bæti lyfjaverðið. Álit þessara beggja aðilja læknastjettarinnar er ekki fráfælandi. Með tilliti til þess er vel aðgengilegt að samþ. frv. Hvorutveggju finna að ástandinu eins og það er, læknafjelagið ekki síður, en það mælir með að úr því sje bætt með nýjum lyfjataxta. Þeir, sem líta á málið með heilbrigðri skynsemi, draga af þessu þá ályktun, að sú leið sem frv. bendir á sje rjett, til þess að tryggja, að verðið lækki á lyfjunum, birgðirnar verði nægar og varan góð.

Þriðji aðilinn í þessu máli eru lyfsalarnir sjálfir. Þeir voru ekki spurðir álits af nefnd., en hafa þó fundið ástæðu til að láta frá sjer heyra í brjefi, sem prentað er með áliti minni hl. nefndarinnar. Vitanlega þarf ekki að spyrja lyfsalana um þetta mál, þeir eru allir á móti frv. og vilja fá að selja lyfin hjer eftir sem hingað til með því „afarháa verði", sem stjórn læknafjelagsins talar um. Það er mannlegt þó að þeir vilji tryggja sig og ekki minka sínar tekjur. Um þá þarf ekki að ræða, menn geta verið rólegir, þó að þeir mæli á móti frv. Þeir verða af skiljanlegum ástæðum ekki teknir alvarlega eins og hinir aðiljarnir.

Jeg hefi minst á brjef stjórnar læknafjel., sem telur lyfjaverðið afar hátt, og það kveður alstaðar við, að lyfin sjeu seld okurverði. Í einu vikublaðinu var nýlega rakið verð á lyfjum í ýmsum löndum, og greinarhöf., sem mun hafa verið lyfsali, komst að þeirri niðurstöðu, að verð á lyfjum væri langhæst í þeim löndum þar sem salan væri alfrjáls, t. d. eins og í Ameríku. Þetta er mjög sennilegt; þegar lyfsalarnir eru fáir eiga þeir að geta selt lyfin ódýrara heldur en þegar margir eru orðnir um þá atvinnu.

En hvað er þá lyfjaverðið hátt hjer? Fyrir skömmu síðan talaði jeg við lækni utan af landi, og hann skýrði mjer frá því, að smáglös með asperíntöflum væru seld í lyfjabúðum á 1,50 kr., en sjálfur kvaðst hann selja þau á 90 aura; innkaupsverð á þeim væri 35 au. danskir, eða nálægt 50 au. ísl. hingað komið. Mjer þótti vissara að prófa þessa umsögn læknisins, þó að jeg tryði honum vel, og keypti í Reykjavíkur Apóteki 1 glas af þessum töflum. Þetta reyndist rjett, sem læknirinn hafði sagt; þar fengust tvennskonar glös, innihaldið var samskonar í báðum — 12 asperíntöflur — en umbúðirnar heldur dýrari um annað glasið. Það ódýrara kostaði 1,50 kr., en það dýrara 1,65 kr. Jeg tók reikning með fyrir glasið, og gerir ekkert til, þó hann birtist í þingtíðindunum; en þessi reikningur lítur þannig út:

Reykjavíkur Apótek.
Scheving Thorsteinsson.

Reykjavík, 1¾ 1929.

Kontant.

Kr. au.
1.65. An. 1 gl. Asperintöflur 1.65.

Sýnir þetta hversu afarmikill munur er á verði í lyfjabúðum í Reykjavík og hjá læknum út um land, sem þó hafa

miklu minni verslun. Gera má ráð fyrir, að kostnaðurinn sje nokkru meiri við lyfjasölu í bænum, en umsetning lyfjabúðanna er líka gífurleg og þessi verðmunur óeðlilega mikill.

Leikmenn eiga ekki hægt með að rannsaka verð á mörgum lyfjategundum, og veit jeg ekki, hvort læknar geta heldur fullkomlega dæmt um svona hluti. Sennilegt er, að það geti ekki aðrir en lyfjafræðingar dæmt um verð á lyfjablöndum. Landlæknir og læknafjelagið kvarta um erfiðleika á því að fá settan sanngjarnan lyfjataxta, og að örðugt sje að fá upplýsingar um innkaupsverð á lyfjum.

Þetta eru, ásamt öðru, mjög sterkar ástæður fyrir því, að ríkið taki lyfjaverslunina í sínar hendur, og að heilbrigðisstjórnin hafi eftirlit með henni; geti fylgst með og athugað, að lyfjaverðið sje ekki haft hærra en hæfilegt er til þess, að lyfjabúðirnar geti borið sig. Af þeim litla reikningi, sem jeg skýrði frá áðan, sjest, að það er talsverður gróði, sem lyfsalinn hefir tekið af almenningi fyrir þessa verslun með meðulin, ef verð á öðrum lyfjum er eitthvað svipað því, sem þetta einstaka dæmi sýnir. Eðlilegra virðist, að ríkið taki sjálft þann gróða í sínar hendur, og reki jafnframt að einhverju leyti smásölu á lyfjum, a. m. k. í stærri kaupstöðum. Þegar slík lyfjaverslun er komin á laggirnar á ríkið að reisa efnarannsóknarstofu í sambandi við hana, til þess að blanda lyf, sem mikið eru notuð, og selja síðan fyrir vægara verð en apótekin nú gera. Jeg get látið hjer staðar numið og beðið átekta þangað til hv. frsm. minni hl. hefir talað og gert grein fyrir afstöðu sinni.

Frsm. minni hl. (Jóhannes Jóhannesson): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er einn hlekkur í þeirri einokunarkeðju, er hv. jafnaðarmenn bera fram á þessu þingi og vilja fá samþykt. Jeg hefi nú ekki getað sjeð nje sannfærst um, að nokkur þau rök hafi verið fram borin fyrir rjettmæti þessa frv., að jeg geti sjeð ástæðu til þess að breytt sje núverandi fyrirkomulagi á sölu á lyfjum. Hin eina ástæða, sem við einhver rök kann að styðjast og færð hefir verið fram sem ástæða til breytingar á skipulaginu, nú er sú, að lyfin sjeu nú seld of háu verði. En bæði álit læknafjelagsins og lyfsalafjelagsins, sem prentuð eru með nál. meiri og minni hl. sýna ljóslega, að því má hæglega kippa í lag á annan hátt en þann, að taka einkasölu á lyfjum. Og óvíst er, að þótt sett væri ríkiseinkasala á lyfin, að sá tilgangur næðist að lækka þau í verði. Og eins og stjórn læknafjelagsins bendir á, þá hefir reynsla sú sem fengin er um einkasölu á víni og bóluefni ekki orðið svo glæsileg, að ástæða sje að taka einkasölu á öðrum lyfjum. Einkasalan á áfengi hefir verið hið mesta okur, að dómi læknafjelagsins.

Um hið háa verð lyfjanna er það að segja, að stjórn læknafjelagsins telur það stafa af því, að heilbrigðisstjórnin hafi ekki vandað svo verk sitt sem skyldi um samningu lyfjataxtans, hafi yfirleitt tekið upp danska taxtann án fullrar athugunar á því, hvað hjer væri hæfilegt verð. En eins og jeg gat um áður, þá þarf enga fyrirkomulagsbreytingu á sölu lyfja til að lagfæra þetta, og ætti það að vera fyllilega fært. Engin útgjöld við sölu lyfja sparast við einkasölufyrirkomu-

lagið, svo það ætti að nást eins lágt verð með óbreyttu fyrirkomulagi. Ef ríkið tekur að sjer söluna, þá þarf það að launa duglegum sjerfræðingi. Það þarf mikið og gott húsrúm, sem það hefir ekki nú til umráða. Og það þarf rekstrarfje, sem jeg veit ekki af að til sje handbært. Að vísu heimilar frv. ríkisstjórninni að taka lán til þessarar starfrækslu. En það er áreiðanlega hægt að beina lánsfje landsins til nauðsynlegri fyrirtækja en þessarar starfrækslu.

Þá má draga það í efa, að hægt verði að reka þessa einkasölu undir stjórn áfengisverslunar ríkisins, eins og hún er skipuð nú. Þótt einhver unglingur með lyfsalaprófi starfi þar nú, þá er sjáanlegt, að ekki er fært að fela honum forstöðu slíkrar verslunar. Ef sá maður, sem þá forstöðu hefir, á jafnframt að vera eftirlitsmaður við lyfjabúðir, þá þarf það að vera reyndur og ráðsettur maður, kunnugur öllum ástæðum.

Að þessum ástæðum öllum athuguðum hefi jeg lagt það til, að hv. deild felli þetta frv. Jeg get ekki sjeð neina þörf á því. Jeg verð að taka undir það með hv. 5. landsk. (JKr), sem hann sagði við 1. umr. þessa máls, að hjer sje um skollafingur að ræða, sem hv. stjórnarflokk sje ætlað að grípa í frá jafnaðarmönnum. En sá flokkur hefir nú nýlega sýnt það í öðru máli, að hann vill ekki taka um þeirra skollafingur, og vona jeg að eins fari um þetta frv., að það verði felt.

Máske hefði það verið rjett að koma fram með sjerstaka þál.till. um það, að heilbrigðisstjórnin færi verð á lyfjum svo niður, að það verði hæfilegt. En slíkt má taka upp síðar.

Hv. þdm. hafa nú átt kost á að kynna sjer nál. mitt og þau fskj., sem nál. meiri og minni hl. fylgja. Er nóg að vísa til þeirra. Jeg get þó tekið fram það, að jeg sje ekki betur en að álit læknafjelagsins sje eindregið móti þessu frv. Það telur að vísu verðið á lyfjum of hátt nú, en telur að það megi lagfæra án skipulagsbreytingar. Virðist augljóst, að í því felst engin trú á það, að bót verði ráðin á því, þótt þetta frv. verði samþ. Umsögn landlæknis, sem hv. frsm. meiri hl. lagði allmikið upp úr, er þess eðlis, að ekki er alt of mikið upp úr henni leggjandi. Það vill nú svo til, að landlæknir er í raun og veru faðir þessa frv. — Nú vill enginn bera út börn sín, og þá hann heldur ekki þetta fóstur sitt. En mjer finst þó skína út úr umsögn hans, að hann muni líta nokkuð öðrum augum á þetta mál nú en hann gerði þá. Er það og skiljanlegt þegar á það er litið, að allar ástæður hafa breyst síðan. Þá voru erfiðleikar og byltingar stríðsins öllum í fersku minni, og menn voru hræddir um, að skortur yrði á lyfjum og vildu fyrirbyggja það. Þá var og því frv., sem fram var borið, ætlað að gefa drjúgan skildinga í ríkissjóð. Var síst af öllu vanþörf á því 1921. En þrátt fyrir það, þótt miklu fleiri ástæður mæltu þá með frv. en nú, þá sá þessi hv. þd. sjer þó ekki fært að afgreiða það frv. Það komst til nefndar og var aldrei afgr. frá henni.

Nú eru þessar ástæður, sem þá voru fyrir hendi, fallnar. Trúi jeg ekki, að aðrir en hv. jafnaðarmenn hjer verði með þessu frv. Jeg veit að þeir verða með því, en það gera þeir ekki vegna þess, að þeir búist við því, að lyfin

verði ódýrari, heldur vegna þess, að stefna þeirra er einokun og ríkisrekstur á öllum sviðum.

Jón Jónsson: Eftir því sem fram hefir komið, þá dylst mjer það ekki, að ástæða mun vera til þess að gera ráðstafanir um lækkun á verði lyfja alment. Gild rök virðast hafa verið færð fyrir því, að verð á lyfjum sje nú óhæfilega hátt. En þegar farið er að athuga leiðir til að bæta úr því, þá verður um fleiri en eina að ræða, þótt frv. þetta sje sennilega ein þeirra. Eins og sakir standa, virðist eftirlit heilbrigðisstjórnarinnar vera fremur lítið. Skín það meðal annars út úr áliti læknafjelagsins. Virðist það ekki hafa verið reynt til þrautar, hvort strangara eftirlit heilbrigðisstjórnarinnar muni ekki geta leitt til þess, að verð á lyfjum lækki. Það er nú skoðun mín, að einkasala sje hlutur, sem ekki er æskilegur yfirleitt, nema þá þegar sjerstaklega stendur á. Svo getur verið, ef hringur hefir myndast um innlendu söluna svo segja megi, að einkasala sje þar komin á hvort sem er. Eða þá að ríkið tekur sölu á vissum tegundum, sjer til fjáröflunar. Svo var t. d. með tóbakseinkasöluna, sem jeg tel að hafi náð þeim tilgangi sínum, að vera tekjustofn fyrir ríkið. En þegar um einkasölu á lyfjum er að ræða, þá getur ekki verið um gróðafyrirtæki að ræða fyrir ríkissjóð. Sú vara er ekki vel fallin til þess. Ennfremur er sá annmarki á, að ríkið taki þetta að sjer, að allmikið fje þarf í það að leggja, sem verður þá fast í þessari verslun. Og eins og bent er til í áliti lyfsalanna, þá eru sum lyf, sem þola illa geymslu. Má því búast við, að meðul skemmist og verði að ónýta þau. Getur það orðið erfitt fyrir verslun, sem lítið er ætlast til að leggi á vöru sína. — Að þessu athuguðu þykir mjer rjett að reyna þær aðrar leiðir, er blasa við. Er þá fyrst, að strangara eftirlit sje haft með lyfjaverðinu. Og annað, sem miðar í sömu átt, er frv., sem fram er komið í hv. Nd. Er það um það, að heimila megi bæja-, sveita- og samvinnufjelögum sölu á lyfjum. Hefi jeg þá trú, að minsta kosti samvinnufjelögin muni stilla verði lyfja í hóf, ef þau annast sölu þeirra. Jeg hefi því hugsað mjer að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár, þar sem hert er á því, að hlutast verði til um, að lyfjataxtinn verði endurskoðaður og verðið lækkað fyrir almenning. Till. mín til rökst. dagskrár hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

> **„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á núgildandi lyfjataxta og athugi, hver ráð muni vænlegust til þess að lækka verð lyfja fyrir almenning, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."**

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Það er alveg rjett, sem hv. frsm. minni hl. sagði, og sem líka er minst á í brjefi læknafjelagsins, að það er okurtollur, sem lagður er á í áfengisverslun ríkisins. En hitt verður um leið að athuga, að þetta er með vilja gert. Er þetta því hvorki ástæða með eða móti frv. Þingið sjálft hefir ákveðið að hafa þetta svo. Það er líka verk þingsins að leggja háan toll á spíritus, og kemur því heldur ekki þessu máli við. Ef hv. frsm. minni hl. vill láta

lækka áfengið, þá verður hann að fá samþ. till. um að fella niður tollinn. (**JóhJóh:** Jeg talaði aðeins um lyfjaáfengi og lyfjaspíritus!). Hv. þm. gerði þau orð í áliti Læknafjelagsins að sínum orðum, að verð á áfengi væri hið versta okur. Og það á að tolla áfengið. En lyfin eiga að vera með vægu verði. Það var nú auðheyrt á ræðu hv. frsm. minni hl., að hann í raun og veru vill ekkert gera til að lækka verð á lyfjum. Hann gaf reyndar í skyn, að hið háa verð á lyfjum mundi stafa af slælegu eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar. En landlæknir hefir í áliti sínu frá 1921 gert glögga grein fyrir því, hversu erfitt sje að framkvæma slíkt eftirlit á annan hátt en með einkasölu. Jeg veit nú að vísu ekki hvort heilbrigðisstjórnin ræður svo eftirlit sitt sem skyldi. En hún fær harðan dóm, bæði hjá hv. frsm. minni hl. og hjá Læknafjelagi Íslands. En það virðist vera undarlegt að ásaka aðra, en vilja sjálfur ekkert gera til að kippa því í lag.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. um það, að hann tryði ekki neinum unglingi til að standa fyrir lyfjaverslun-inni, eða framkvæma það eftirlit með lyfjabúðum, sem ætlast er til að gert verði. Hann vildi fá reyndum og ráðsettum manni það starf í hendur. Jeg get nú best trúað, að þetta sje öfugt. Ungur maður, vel mentaður, mundi verða athafnameiri og duglegri til þessa starfs heldur en fullorðinn maður, sem stirðnaður væri í því ástandi, sem nú er og verið hefir. Sá yngri myndi verða röskari að bæta ástandið.

Þá leit svo út sem hv. frsm. minni hl. vildi, að fram kæmi þál.till. um að skerpa eftirlit með verði lyfja. En þá er einmitt komið að því aðalatriði, hve erfitt er að framkvæma slíkt eftirlit undir núverandi ástandi, sem er hið sama og það var 1921, þegar landlæknir lýsti því. Nú vill hv. frsm. minni hl. láta líta svo út sem landlæknir sje ekki með einkasölu á lyfjum. Er það hið sama sem að bera honum á brýn skort á einlægni. Hjer liggur nú álit landlæknis fyrir, og vísar hann í því til álitsins frá 1921. Og í þessu frv. er aðeins eitt atriði, sem hann felst ekki á.

Sú breyting er líka á þessu frv. frá því, sem var 1921, að ekki skuli leggja á lyfin, og felst landlæknir á þá breytingu.

Þá kallaði hv. frsm. minni hl. frv. þetta einokunarfrv. og þess háttar nöfnum. Slíkt heyrist nú svo oft, að það er hætt að hafa mikil áhrif. En svo sagði hann, að fylgi jafnaðarmanna við þetta frv. stafaði af því, að þeir óskuðu eftir einkasölu á öllu, og þetta væri einn hlekkur í þeirri keðju. — Hjer getur nú varla verið um þá ástæðu að ræða, þar sem þetta frv. lýtur hvorki að smásölu lyfjanna nje framleiðslu á þeim.

Þá mælti hv. 6. landsk. nokkur orð á móti frv. Hann var þó á því, að sá þungi dómur, sem upp hefir verið kveðinn gegn lyfjabúðunum um okurverð á lyfjum, væri rjettur. Kemur hann síðan fram með dagskrártill., — sem vísar málinu frá. Held jeg, að lítið vinnist með því, einkum þegar þess er gætt, að hvorki hann nje hv. frsm. minni hl., hafa á nokkurn hátt bent á það, hvernig þessu eftirliti eigi að vera fyrir komið, sem landlæknir telur svo erfitt að framkvæma. Trúi jeg því ekki, að það sem fulltrúi heilbrigðisstjórnarinnar segir um þetta

mál, sje ósatt. Hefi jeg á engan hátt reynt hann að því, að fara með ósannar staðhæfingar, enda trúi jeg honum betur í þessu máli en fullyrðingum hv. þm., sem talað hafa móti þessu frv.

Þá talaði hv. 6. landsk. um það sem ástæðu gegn frv., að meðul þyldu ekki að verða gömul og yrði þá að eyðileggja þau. Það er alveg rjett, að það á að eyðileggja meðul, sem orðin eru „forlegin", sem kallað er. En það var eins og að í þessari mótbáru hv. þm. feldist sú hugsun, að ekki væri nú alveg víst, að lyfjabúðirnar gerðu það æfinlega. Og ef það væri rjett, þá væri það vitanlega einn kostur einkasölu á lyfjum, að koma í veg fyrir það, að mönnum væru seld gömul og skemd lyf. —

Það getur vel verið, eins og hv. þm. hjelt fram, að einkasalan yrði að borga hærra kaup en nú tíðkast hjá lyfjaverslunum. Þær verslanir greiða nú a. m. k. lægra settum starfsmönnum afarlágt kaup. En það er kostur á hverri stofnun, ef hún greiðir starfsmönnum sínum lífvænleg laun.

Hv. 6. landsk. talaði um annað frv., sem væri á ferðinni hjer í þinginu, og lagt hefði verið fram í hv. Nd., og vel má taka til athugunar. En verði það til að fjölga lyfjabúðum mjög, tel jeg það til hins verra. — Því fleiri verslanir með þessar vörur, því hærra verð.

Jeg mun greiða atkv. á móti dagskrá hv. 6. landsk., þó að telja megi, að í henni felist umvöndun til stjórnarinnar og hvatning til þess að gera eitthvað. Að forminu til er þetta frávísun málsins, enda er engin trygging fyrir því, að ríkisstjórnin aðhafist nokkuð í málinu, og síst að hún taki það svo föstum tökum sem vera ber og nauðsyn krefur.

Frsm. minni hl. (Jóh. Jóhannesson): Það eru einungis örfá orð. Jeg gleymdi að geta þess, að í lögum frá 1921 var ákvæði um það, að á áfengi til lyfja mætti ekki leggja nema fyrir kostnaði. 1928 var þessu breytt, illu heilli, enda hækkaði lyfjaverðið þá stórum. Þessu þyrfti að kippa í lag sem bráðast.

Hv. frsm. meiri hl. vildi efast um, að reyndir og ráðsettir menn væru betri en ungir og óreyndir. Jeg vil halda fast við það, að reynsla og æfing sje mikið atriði og nauðsynlegt skilyrði til þess að geta staðið vel í sinni stöðu. Og jeg sný ekki aftur með það, að jafn þýðingarmikið starf sem yfirstjórn lyfjaeinkasölunnar, megi alls ekki fela undirmanni við áfengisverslunina, af þeim einföldu ástæðum, að slíkur undirmaður er ekki svo launaður, að trygging sje fyrir því, að hæfur maður veljist til starfans. Ennfremur benti jeg á, að ríkisstjórnin ætti ekkert húsnæði fyrir verslunina, og að það myndi taka nokkurn tíma að koma því upp, auk þess sem stjórnin yrði til þess að taka ríkislán, og það álít jeg tæplega gerandi.

Sami hv. þm. sagði, að það lægi þungur dómur yfir lyfjaversluninni í því, að allir væru sammála um, að lyfin væru dýr. Þetta þarf alls ekki að vera, því að enginn ber brigður á það, að lyfsalarnir selji eftir hinum setta taxta. Það, sem áfátt er, ber því að saka heilbrigðisstjórnina um, en ekki lyfsalana.

Þá las hv. þm. upp reikning yfir 1 glas af aspirin-töflum úr lyfjabúð Reykjavíkur, og bar verðið saman við

verð úti á landi. Mig undrar það ekki, þó lyfsalar í Reykjavík þurfi að leggja meira á vörur sínar en læknar úti á landi; þetta er aðalatvinna þeirra, sem þeir hafa lífsuppeldi af, en hjá læknum eru þetta einungis aukatekjur, auk þess sem lyfsalar, a. m. k. í Reykjavík, verða að reikna með mjög hárri húsaleigu og öðrum starfrækslukostnaði.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði ekki bent á leið til þess að gera lyfjaskrána sanngjarnari en hún er nú. Um þetta eru glöggar upplýsingar í brjefi Læknafjelagsins. Þar segir svo, meðal annars:

„Oss virðist þó, að heilbrigðisstjórninni ætti ekki að vera það ofvaxið, að vita um sannvirði lyfja með því skipulagi, sem nú er, annaðhvort með því að fá að rannsaka innkaupsreikninga lyfjabúðanna eða með því að leita upplýsinga frá útlöndum, að svo miklu leyti sem reikningar lyfjaverslunar ríkisins hrökkva ekki til þess að vita um verð á öllum lyfjategundum."

Að þetta hefir ekki verið gert, bendir ótvírætt á vanrækslu heilbrigðisstjórnarinnar.

Annars get jeg felt mig við dagskrá hv. 6. landsk. og mun greiða atkv. með henni, því að hún fer einmitt í sömu átt og jeg hefi bent á að fara eigi í þessu máli.

Halldór Steinsson: Þegar þetta frv., eða annað samhljóða þessu, var borið fram hjer á Alþingi 1921, þá lágu til þess einkum þrjár ástæður. Í fyrsta lagi þóttu meðalagæðin ekki nógu trygg á stríðstímunum, og í öðru lagi þótti ekki örugt nema lyfjavöntun gæti orðið í landinu þá og þegar. Í þriðja lagi þótti lyfjaverðið óhæfilega hátt. Úr þessu átti frv. 1921 að bæta. Nú eru tvær af þessum ástæðum fallnar burtu. Lyfin eru nú vönduð og nægilega mikil, og ekki þarf að búast við meðalaskorti, ef að líkindum lætur. En þá er þriðja ástæðan eftir, sú, að meðulin sjeu dýr, og þeirri ástæðu er nú flaggað í sambandi við þetta frv. Það má vel vera, að lyfin sjeu óþarflega dýr, en sú leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, stefnir ekki í rjetta átt, og er mjög hæpið að leiði til lækkunar lyfjaverðsins. Jeg vil í því sambandi benda á álit Læknafjelags Íslands, sem meiri hlutinn hefir látið prenta með nál. sínu. Fjelagið telur hæpið, að einkasalan bæti lyfjaverðið, og leggur á móti frv. af ýmsum ástæðum. Þetta álit sjerfróðra manna er því rík sönnun þess, að tilgangi frv. yrði tæplega náð, þótt þessi leið væri farin.

Hv. frsm. meiri hl. kvaðst eiga bágt með að átta sig á niðurstöðu brjefs Læknafjelagsins. Jeg get nú ekki betur sjeð, en að niðurstaða brjefsins sje í fullu samræmi við alt inntak þess. Fullkomin andúð gegn frv. skín út úr hverri línu brjefsins, og stjórn fjelagsins er frv. mjög andvíg. Það hefir verið stiklað á sumum línum brjefsins hjer við umræðurnar, og jeg ætla þá líka að stikla á öðrum línum þess, til þess að brjefið geti alt komið í þingtíðindunum. Þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp aðra málsgr. brjefsins. Hún hljóðar svo:

„Fjelagið vill þá fyrst benda á, að hæpið er, að landið geti tekið einkasölu á umbúðum o. þvíl. Undir þetta heyrir margt, sem allar almennar verslanir mega versla með og nota má til annars en lækninga eða hjúkrunar, t. d. grisja (gaze)."

Jeg skal benda á, að það er ótal margt fleira en grisja, sem almennar verslanir versla með, en heyrir til lækninga og hjúkrunar, það er fjöldi áhalda og umbúða, og væri það óneitanlega hart, að taka leyfi af verslunum til þess að versla með slíkar vörutegundir. Og þótt fjelagið álíti verð á lyfjum óþarflega hátt, þá telur það þetta frv. engan veginn leið til þess að fá lyfjaverðið lækkað. Hv. frsm. minni hl. las upp kafla úr brjefinu, þar sem bent er á hina einu skynsamlegu leið til þess að fá verðið lækkað. Jeg sje því ekki ástæðu til að lesa það upp aftur. Síðar í brjefinu segir svo:

„Mikil líkindi virðast oss ekki til þess, að einkasalan standi betur að vígi með að gera lyfin ódýrari. Vjer viljum þannig benda á: 1.) Að ólíklegt er að betri innkaup fáist á flestum lyfjum, þó þau væru keypt í heild fyrir alt landið.“ Ennfremur segir í brjefinu: „Mikill aukakostnaður hlyti að fylgja einkasölunni. Forstöðumaður hennar þyrfti að sjálfsögðu að vera *sjálfstæður lyfjafræðingur, sem ekki ræki neina lyfjabúð*, og hann þyrfti að launa. Gott og mikið húsnæði þarf fyrir allan lyfjaforðann. Mikið fje yrði bundið í versluninni, og vexti þarf að greiða af því. Talsvert af lyfjum yrði ónýtt við geymslu (of gömul).“ Brjefið endar síðan með þessum orðum: „Að öllu athuguðu teljum vjer hæpið, að einkasalan bæti lyfjaverðið frá því sem vera mætti með núverandi skipulagi, og getum því ekki mælt með frv., þrátt fyrir nokkra kosti.“

Mjer er ekki ljóst, hvað meiri hl. hefir þótst græða á því að láta prenta brjefið með nál. sínu. Jeg sje ekkert í brjefinu, sem verulega styður þeirra mál, en hinsvegar ærið margt, sem sterklega mælir gegn frv. Enda er það aðalatriði, að hægt sje að færa lyfjaverðið niður, og Læknafjelagið bendir á, að það megi gerast með því að setja sanngjarnari taxta. Og enginn minsti vafi er á því, að með núverandi skipulagi má hæglega komast að lyfjaverðinu erlendis, og með því finna rjettlátan grundvöll til þess að byggja lyfjataxtann á. Og ennfremur efa jeg ekki, þrátt fyrir ummæli landlæknis, að lækka megi lyfjaverðið, ef hyggilega er að farið. Jeg hefi ekki heyrt neinn lækni tala um, að þetta væri sjerstaklega örðugt, en hvað lyfjabúðirnar snertir, þá fylgja þær taxtanum, og sjá eðlilega ekki ástæðu til þess að selja lyfin ódýrara en þar er fyrirskipað.

Hv. frsm. meiri hl. bar saman verð á lyfjum hjer í bæ og úti um land. Sem dæmi tók hann asperin-töflur, og hafði það eftir einhverjum lækni, að slíkar töflur kostuðu í innkaupi 36 au. danska, eða sem næst 50 au. íslenskum. Jeg verð að segja, að sá læknir hefir fengið betri innkaup en venjuleg eru. Minsta kosti hefi jeg aldrei fengið asperín-töflur fyrir nálægt því svo lágt verð, og mjer þætti annars gaman að vita, hver þessi læknir er, sem hv. frsm. er að vitna í. Jeg hefi skift við áfengisverslun ríkisins, og mjer hafa þessar töflur verið reiknaðar á minst 100% hærra verð en þetta. Og satt að segja á jeg erfitt með að skilja í þessu lága verði læknisins. Jeg efast þó alls ekki um, að hv. þm. skýri rjett frá. (JÞ: Glösin eru ef til vill minni). Jeg býst við, að landlækni væri nokkurnveginn í lófa lagið, að komast að hinu raunverulega lyfja-

verði, en jeg veit ekki til, að hann hafi gert hina minstu tilraun til þess. Ef þetta væri gert, væri lyfjaokur um leið nokkurnveginn útilokað, því enginn myndi eiga undir slíku, ef öllum væri opin leið að vita hið raunverulega verð lyfjanna.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að jeg hefði haldið því fram við 1. umr., að lyfin væru ekki dýr, af því að samkepni væri frjáls. Þetta er eigi rjett með farið. Jeg sagði ekki, að lyfin væru ódýr, en einungis að lyfin þyrftu ekki að vera dýr, og þau þurfa þess ekki, ef eftirlitið er nægilegt, þ. e. a. s. ef settur er sanngjarn, ákveðinn lyfjataxti og sjeð um að farið sje eftir honum.

Jón Jónsson: Jeg vil gera nokkra grein fyrir, hvað felst í till. þeirri til rökst. dagskrár, sem jeg hefi flutt. Ætlun mín er, að fela ríkisstjórninni að sjá um, að endurskoðun á lyfjataxtanum fari fram hið bráðasta. Ef dagskrártill. þessi verður samþykt, þá ber stjórninni að taka þetta sem eindreginn vilja deildarinnar. Ennfremur er til þess ætlast, að stjórnin athugi alla hugsanlega möguleika til þess að færa lyfjaverðið niður, án þess þó að vörugæði rjeni, t. d. hvort sú leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sje heppileg eða fær. Og hvað því viðvíkur, að erfitt sje að endurskoða lyfjataxtann og finna hið raunverulega lyfjaverð, þá hefir minni hl. bent á, með skýrskotun til álits Læknafjelagsins, að slíkt sje ekki meiri örðugleikum bundið en svo, að vel sje tækilegt. Jeg geri því fastlega ráð fyrir, að ef till. mín verður samþykt, þá muni ekki alllítið ávinnast, og álít jeg þetta mál þá eftir atvikum sæmilega afgreitt af þessu þingi.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Þetta margumrædda og upplesna brjef Læknafjelagsins virðist ætla að reynast alveg ótæmandi og óþrjótandi náma. Báðir málspartar sækja þangað sitt hvað, sínu máli til stuðnings. Brjefið tvístígur á milli þess, að verðið sje óhæfilega hátt, og hins, að setja megi hagkvæmari taxta. Loks klykkir það út með þessum margupplesnu orðum: „Að öllu athuguðu virðist oss hæpið, að einkasalan bæti lyfjaverðið o. s. frv.“ Já, þeir eru langt frá því vissir um að einkasalan kynni ekki að bæta lyfjaverðið, en þeir telja það bara hæpið. Af þeim sökum geta þeir ekki ljeð frv. fylgi sitt, enda þótt þeir játi, að það hafi „nokkra kosti“. Mjer finst best að strika brjefið út sem röksemdir af beggja hálfu, því að innihald þess vegur nokkurnveginn sált.

Þá er einungis umsögn landlæknis, sem nokkurs er nýt, enda situr það illa á læknum deildarinnar, að gera lítið úr yfirmanni þeirra með því að taka ekki fult tillit til þess, sem hann leggur til málsins, og gefa í skyn, að hann hafi ekki hugsað þetta mál til hlítar. Jeg vil þó leyfa mjer að lesa upp kafla úr áliti landlæknis, eða athugasemdum hans, með frv. 1921. En með því að þetta álit hefir verið lesið upp við 1. umræðu þessa máls, vil jeg biðja skrifarana að taka það ekki upp, en hv. deildarmenn hafa hinsvegar gott af að heyra það afur, til frekari skilnings og athugunar. —

Hvernig yrði það nú í framkvæmdinni, þegar landlæknir ætti að fara að

rannsaka innkaupsverð lyfjanna? Jú, hann gengi t. d. niður í Reykjavíkur Apótek og spyrðist fyrir um innkaupsverð lyfjanna. Og til hvers ætti svo að nota þær upplýsingar? Auðvitað til þess eins, að færa verðið niður. Er þá eðlilegt að treysta á þær upplýsingar, sem eiga að verða til þess að þröngva kosti þeirra, sem gefa þær. Jeg segi nei, en ef einkasalan hefði slíka verslun alla með höndum, þá væru reikningar og velviljaðar upplýsingar ávalt fyrir hendi, og þá fyrst væru nokkur tök á að vita hið sanna lyfjaverð, og þá væri hægt að selja almenningi þau með sanngjörnu verði. Auk þess hefði einkasalan mikið verkefni við ýmsar rannsóknir, sem landlæknir getur ekki komist yfir. Býst jeg við, að þar væri ærið verk fyrir 1 mann. Auk þessa hefði einkasalan ýmislegt fleira á takteinunum, og m. a. væri ekki lítið verk að reikna út sannvirði lyfjanna áður en seld væru. En ef landlæknir ætti að finna sannvirði lyfja, yrði hann að byggja það á upplýsingum lyfsalanna sjálfra, og á slíkt væri aldrei að treysta. T. d. myndi honum verða sýndir innkaupsreikningar, þar sem meðulin væru reiknuð með verði, sem ekki væri ástæða til að vefengja. En þá ber á það að líta, að um áramót eru reikningar gerðir upp, og venjulega gefinn mikill afsláttur. Um hann þyrfti landlæknir ekkert að vita, og er ekkert víst, að hann fengi að vita um hann. En slíkur afsláttur getur orðið afarmikill af lyfjum. Jeg get ekki betur sjeð, en að þessar ástæður landlæknis sjeu ærið sterk rök fyrir þessu frv.

Þá langar mig til að svara hv. þm. Snæf. nokkrum orðum. Hann var á móti frv. 1921, og hann var einn þeirra manna, sem sáu svo um, að það sæi ekki dagsins ljós. (HSteins: Ekki rjett). Jæja, ætli það láti nú ekki nærri. Jeg hefi það einhvernveginn á tilfinningunni. Hv. þm. talaði um, að læknar fengju ekki alment eins góð innkaup á lyfjum og þessi læknir, sem jeg gat um. Um það get jeg ekki borið, en þetta tilfelli sýnir glögt, hve verðið er óhæfilegt hjer í Reykjavík. Þessi aspirín-glös, sem læknirinn keypti, voru af sömu stærð og hjer er venjulegast.

Þá sný jeg mjer að hv. 6. landsk. með dagskrártill. sína. Hann sagði, að mikið væri komið undir því, sem stjórnin segði um málið. En stjórnin er ekki viðstödd og getur því ekkert lagt til málanna, og þar af leiðandi mun hún ekki telja sig bundna af þessari dagskrá, þótt samþykt verði. — Jeg bið afsökunar á, að jeg tók ekki eftir hæstv. forsrh. Hann situr þarna úti í horni, og er spursmál, hvort maður þarf að taka eftir honum annarsstaðar en í sæti sínu. Ef stjórnin segir ekkert um málið, þá er dagskrá hv. 6. landsk. mjög þægileg og notaleg leið til þess að smeygja sjer undan að greiða atkv. um mál, sem þeim er illa við, en þora samt ekki að drepa. Till. er neikvæð lausn á málinu, en jeg sje ekki neina möguleika fyrir stjórnina að bæta úr ástandinu, sem nú er, nema farin sje sú leið, er frv. gerir ráð fyrir.

Þá var hv. frsm. minni hl. að tala um hina reyndu og ráðsettu menn, en jeg um hina ungu og duglegu. Jeg ætla aðeins að minna hv. þm. á þá reglu, er erlend stórfyrirtæki hafa nú alment tekið upp. En það er að láta hina „reyndu og ráðsettu“ þoka sæti fyrir

hinum ungu, áhugasömu og duglegu mönnum. Þetta hefir þótt gefast vel, sem og að líkindum ræður, enda þótt þeir verði að greiða gömlu mönnunum töluverð eftirlaun. (**JóhJóh:** Hvað er etatsráð Andersen gamall). Jeg býst við, að hann hafi þessa sömu reglu, að láta gömlu mennina fara og taka aftur unga í þeirra stað.

Þá var hv. þm. Seyðf. að afsaka landlækni, og sagði, að það væri ekki von, að hann vildi ganga á móti þessu afkvæmi sínu, af því að það væri nú svo, að enginn vildi bera barn sitt út. Út af þessum ummælum hv. þm. vil jeg benda honum á, að það hefir samt komið fyrir hjer á Alþingi, að þingmaður hefir að þessu leyti borið barn sitt út, og á jeg þar við hv. 1. þm. Skagf., flokksbróður hv. þm. Seyðf., þegar hann sjálfur gekk af tóbakseinkasölunni dauðri, sem hann þó hafði verið faðir að á þinginu 1921. En landlæknir er bara staðfastari, þar sem hann, þrátt fyrir það þó að hann sje í Íhaldsflokknum, vill ekki ganga á móti þessu barni sínu frá 1921.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 6. landsk. (JóniJ) samþ. með 9:3 atkv.

4. Einkasala á tóbaki.

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki (þmfrv. A. 198).

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 7:2 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg skal reyna að stilla svo í hóf ræðu minni, að hún dragist ekki fram yfir venjulegan fundartíma. Þó kemst jeg ekki hjá að fylgja frv. úr hlaði með nokkrum orðum, af því að hjer er um gamalt deilumál að ræða, sem um leið er afarstórt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð.

Það var á þinginu 1921, að mál þetta var borið fram í fyrsta sinni, og gerði það þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson, sem hafði látið undirbúa málið mjög rækilega, og var það þá fram borið sem stjfrv.

Að vísu var frv. þetta víðtækara, þar sem gert var ráð fyrir að taka einnig upp einkasölu á áfengi því, sem þá mátti til landsins flytja samkvæmt lögum. En í meðferð þingsins á málinu var áfengið felt niður, en frv. varð að lögum um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Um þetta mál segir svo í aths. við stjfrv. í A-deild Alþt. 1921, þskj. 6, bls. 50, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangurinn með einkasölu á tóbaki er að sjálfsögðu einkum sá, að útvega með því fje í ríkissjóð og ljetta þannig undir skattabyrði almennings. Er gert ráð fyrir, að tóbak, hvort heldur er vindlar, vindlingar, reyktóbak, neftóbak eða munntóbak, verði ekki, eða að minsta kosti ekki sem neinu nemur, dýrara en annars mundi, því að bæði mundi auðið að komast að betri innkaupum fyrir þann, sem hefir umráð yfir allri versluninni, en þegar hún er frjáls, og auk þess er það

vitanlegt, að eigi alllítið er lagt einmitt á þessa vöru af stórsölum. Það virðist á engan hátt athugaverð stefna, að ljetta skattabyrðina á þennan hátt, þar sem atvinna er með þessu eigi tekin af nema tiltölulega mjög fáum, því að smásala tóbaks verður að sjálfsögðu rekin eftir sem áður."

Ennfremur er í athugasemdunum gert ráð fyrir, hvaða tekjur yrðu af tóbakseinkasölunni, og er það sundurliðað þannig:

a. af allskonar tóbaki kr. 63579,20
b. — vindlum og vindlingum ..... — 142560,00

eða samtals um .... kr. 206139,20

Þó er aðgætandi, að þessi áætlun er miðuð við brúttótekjur, en þar sem ætlast var til, að áfengisverslunin yrði rekin í sambandi við tóbakseinkasöluna, þá er gert ráð fyrir, að kostnaður við þennan verslunarrekstur mundi nema um 30 þús. krónum, svo að nettótekjurnar áttu þá að verða um 180 þús. krónur, og virðist það mjög varlega áætlað.

Þessar áætluðu tekjur í aths. frv. áttu að fást með því, að meðalálagning á tóbaki væri 20%, en 30% á vindlum og vindlingum, og er þetta miðað við innflutning á tóbaki og vindlum fyrir árin 1917—1919.

Eins og kunnugt er, fór um frv. þetta svo, að lögleidd var einkasala á tóbaki 1921, en áfengið dregið út úr frv.

Nú þykir mjer hlýða að skýra frá því, hvernig tóbakseinkasalan fullnægði þeim tekjuvonum, sem áætlaðar voru í frv. stj., og verður þá best að láta tölurnar tala, eins og þær hafa verið birtar í reikningunum, en tóbakseinkasalan starfaði frá 1. jan. 1922 til 31. des. 1925.

Tekjur ríkissjóðs af tóbakseinkasölunni urðu þessi ár:

1922 ..... kr. 100000,00
1923 ..... — 200000,00
1924 ..... — 350000,00
1925 ..... — 490000,00

eða samtals þessi 4 ár kr. 1140000,00 eða að meðaltali á ári 285 þús. krónur, og er það talsvert hærra en gert var ráð fyrir á Alþingi 1921.

En auk þessara tekna, sem runnu beint í ríkissjóð, galt tóbakseinkasalan 70 þús. kr. í útsvar til Reykjavíkurbæjar. Útsvar þetta var dæmt á einkasöluna 1924, en margir litu svo á, að hún væri ekki útsvarsskyld. En þetta er rjett að taka til greina nú, af því að framvegis er ekki gert ráð fyrir að greiða nema mjög lágt útsvar í bæjarsjóði af opinberum ríkisrekstri.

Fyrst var allhörð mótstaða gegn frv. þessu, en þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson, fylgdi því fast fram, og urðu margir til þess að veita honum brautargengi, þó að þeir síðar snerust á móti málinu. Því var spáð af andstæðingum tóbakseinkasölunnar, að ríkið mundi engar tekjur af þessu hafa. Jeg man eftir því, að sumir hjeldu því fram, að hinn svokallaði „kaupmannsgróði" mundi aldrei nást, og tap verða á þessum ríkisrekstri í erfiðum árum. En reynslan varð önnur, eins og jeg hefi bent á, þar sem tekjur tóbakseinkasölunnar námu á ári nálega 300 þús. krónum.

Á þinginu 1924 kom fram till. um að afnema tóbakseinkasöluna, en jafnvel hv. 3. landsk. (JÞ) treysti sjer ekki

til að samþykkja þá till., af því að þá var ekki búið að sjá ríkissjóði fyrir öðrum tekjum í staðinn.

En svo kom þingið 1925, og þá var borið fram frv. um að afnema tóbakseinkasöluna, en jafnframt lagt til að hækka toll á tóbaksvörum sem því svaraði, að bera mætti uppi þann hagnað, er ríkissjóður hafði haft af einkasölunni.

Um þetta mál var mikið deilt, og eru mjer sjerstaklega í minni orð, sem fjellu af vörum föður tóbakseinkasölunnar, hv. 1. þm. Skagf., sem þá var atvinnumálaráðherra. Hann komst svo að orði, og er það prentað í B-deild Alþt. 1925, bls. 2933:

„Og fyrir mitt leyti (þ. e. MG) verð jeg að segja það, að verslunarhagnaðurinn hefir alls ekki brugðist vonum minum.“ Hann gat heldur ekki annað sagt, þar sem hagnaðurinn varð mikið hærri en formælendur málsins höfðu í upphafi gert sjer vonir um. En þrátt fyrir þann mikla hagnað, sem einkasalan hafði gefið, varð þó þáverandi atvinnumálaráðherra og faðir einkasölunnar til þess að bregða fæti fyrir þetta afkvæmi sitt, og hann gerði það á þann eftirminnilega hátt, að sitja hjá er lokasennan stóð, því án hlutleysis hans í atkvgr. hefði ekki verið hægt að afnema tóbakseinkasöluna á þinginu 1925.

Sem sagt, tóbakseinkasalan var afnumin 1925, og tollhækkun tóbaks tekin upp í staðinn. En þó að tollhækkun þessi hafi verið í gildi síðan, hafa tekjur ríkissjóðs að meðaltali orðið talsvert minni en hagnaður tóbakseinkasölunnar, ef gert er ráð fyrir svipuðum innflutningi og þau árin, sem einkasalan starfaði.

Þá ætla jeg með nokkrum orðum að víkja að frv. því, sem hjer liggur fyrir. Í grg., sem er all-ítarleg, er gert ráð fyrir um 200 þús. króna hagnaði, og verð jeg að álíta, að það sje varlega áætlað, þegar miðað er við innflutning tóbaks árin 1925—29. Þau ár hafa verið góð verslunarár, en tóbakskaup manna fara nokkuð eftir því, hvort menn hafa úr miklu eða litlu að spila, enda sjest þetta best á því, að innflutningur tóbaks hefir gengið í einskonar bylgjum. Þegar illa árar, er innflutningur lítill, en eykst jafnan í góðum árum.

Það er nú svo með þetta frv., að það er borið fram sem hreint tekjuaukafrv. fyrir ríkissjóð, og það er gert ráð fyrir því, að hagnaðurinn við þetta muni nema 200.000 kr. á ári, og það munar um minna. Auk þess er sú vara, sem hjer um ræðir, nautnavara, og alment mun litið svo á, að ekki saki, þótt á hana sje talsvert lagt, og það meira að segja svo mikið, að úr nautn hennar dragi. En þótt þessi vara væri seld með talsverðu álagi, eru engar líkur til þess, að verðið myndi hækka, því að ríkissjóður myndi komast að betri kaupum hjá erlendum framleiðendum eða kaupmönnum, heldur en einstakir kaupmenn, þótt þeir kunni að hafa komist að góðum kjörum.

Í þessu sambandi má geta þess, að árið 1926 mun innflutningur tóbaks hafa verið einna mestur, en það orsakaðist af því, að vörur voru litlar fyrirliggjandi hjá Landsversluninni og kaupmenn birgðu sig ekki upp fyrir lengri tíma, en svo þegar Lands-

verslunin hætti um áramótin 1925—1926, tóku kaupmenn að gera innkaup sín sjálfir, og keyptu þá auðvitað í stærri stíl en áður frá Landsverslun, þar sem erfiðara var þá um aðdrætti, er þeir urðu að kaupa frá útlöndum. En eftir árið 1926 minkaði innflutningur tóbaks aftur, og var 4—500000 kr. lægri, en það ár. Þeir, sem voru með því að afnema einkasöluna fullyrtu, að innflutningur myndi aukast, en hinir sögðu, að það myndi fara eftir árferði og hve færir landsmenn væru um að kaupa tóbakið. En hinsvegar gæti verið, að eitthvað yrði rifari innflutningur fyrsta árið eftir afnámið, því kaupmenn mundu þá taka til sín meiri birgðir en áður.

Jeg geri ráð fyrir því, að nú sje mótstaðan gegn einkasölu á tóbaki ekki eins mikil eins og hún var á árunum 1923—'25, því að þá gerði pólitískur flokkur í landinu málið að æsingamáli við kosningar, og jeg býst heldur ekki við því, að kaupmenn þurfi nokkuð að kvarta undan einkasölunni, því að jeg efast um, að jafnvel þeir hafi verið ánægðir með afnám hennar. Jeg geri ennfremur ráð fyrir, að næsta ár þurfi ríkissjóður á töluverðum peningum að halda, og það ekki síst þar sem verðtollurinn á að falla úr gildi næstu ár, en sú niðurfelling tekna mun nema æðimiklu, og þá væri ekki ónýtt að geta ausið úr öðrum lindum, og að ríkið hefði yfir góðum og þægilegum tekjustofni að ráða eins og tóbakseinkasölunni. Jeg vil nú ekki lengja fundinn mikið og ætla því að endingu að láta þá ósk mína í ljós, að frv. verði vísað til fjhn. að loknum umræðum.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 1. umr. (A. 198).

Jón Þorláksson: Jeg [illegible] að hugsa um að geyma mjer að taka til máls um þetta frv. þangað til við 2. umr., ef frv. fær að lifa svo lengi. (**JBald:** Þetta er alger uppgjöf íhaldsins í málinu).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8: 6 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 364 og 413).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Meiri hl. fjhn. hefir skilað nál. sínu á þskj. 413, og er þar gerð grein fyrir því, að hann telur ekki rjett að afgreiða, eins og stendur, verulegar breytingar á skattalöggjöfinni, með því að það mál er nú í höndum millibinganefndar, sem skipuð var samkv. ákvörðun síðasta Alþingis, til þess að endurskoða þá löggjöf. Af þessum ástæðum hefir meiri hl. fjhn. lagt til, að þetta mál verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo sem greinir á áðurnefndu þskj. Eftir grg. þeirri, sem frv. fylgir, er það flutt í þeim tilgangi að gera þær breytingar á tekjulöggjöfinni, sem telja verður grundvallarbreytingar, og er afstaða meiri hl. fjhn. miðuð við þetta.

Meira hefi jeg ekki að segja fyrir hönd meiri hl. fjhn. um þetta mál, nje

fyrir mína eigin hönd, því að jeg ætla ekki að fara að ræða afstöðu þessa frv. og efni þess að svo komnu máli. Aðeins vil jeg geta þess, að sá samanburður og tekjuvonaútreikningur, sem grg. frv. flytur, getur ekki staðist að mínu áliti, sjerstaklega þær framtíðartekjuvonir, sem eru bygðar á samanburði við afkomu Tóbakseinkasölunnar árið 1925, án þess að taka tillit til, að þá voru sjerstakar ástæður fyrir hendi, nje heldur til afkomu hinna áranna.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það er alveg rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. er flutt sem tekjuaukafrv., af því að við flm. þess álítum, að með þessu móti væri ríkissjóði sjeð fyrir miklum tekjuauka á hentugan og hagkvæman hátt. Og þess er vissulega ekki vanþörf. Tekjuaukningin, sem við gerum ráð fyrir að fáist með þessu móti, kemur mjög lítið við landsmenn, en hún kemur við þá fáu innflytjendur tóbaksins, hvort sem þeir eru nú 3 eða 4, því að þeir missa af nokkrum tekjum með þessu fyrirkomulagi. Það má auðvitað segja, að þessir menn greiði skatt, en þær tekjur, sem ríkissjóði aflast með því móti, komast ekki í námunda við þær tekjur, sem fást mundu samkv. þessu frv., eins og skýrslur Tóbakseinkasölunnar 1922—25 sýna. Það hefir aldrei verið neinn ágreiningur um það, að gamla einkasalan gaf þann árangur, sem hún átti að gefa. Tilgangur hennar var ekki annar en sá, að afla ríkissjóði tekna, og hann náðist. Það var því alveg óskiljanlegt, þegar flm. hennar ljetu kúga sig til að nema hana burt, og sviftu þannig ríkissjóð miklum tekjum.

Hv. frsm. meiri hl. fór ekkert út í efni þessa frv., en ljet þess getið með almennum orðum, að grg. frv. hefði ekki við rök að styðjast, hvað snerti þær tekjuvonir, sem þar er gert ráð fyrir, með samanburði við afkomu Tóbakseinkasölunnar gömlu, eða með öðrum orðum, að ríkissjóður muni ekki fá þær tekjur, sem þar er gert ráð fyrir. Nú getur enginn borið á móti því, með því að það er skjalfest, að þær tekjur, sem einkasalan gaf ríkissjóði þau 4 ár, sem hún stóð, voru að meðaltali nál. 300 þús. kr. á ári, og það var meira en í upphafi var gert ráð fyrir. Þegar við því teljum víst, að einkasalan muni ekki gefa af sjer minna en alt að ¼ milj., er það á fullum rökum reist, enda bygt á þeirri reynslu, sem gamla einkasalan gaf. Mjer finst því það, sem í grg. segir, standa óhrakið.

Inn á hina ástæðuna gegn þessu frv., sem mun meginástæða meiri hl. fyrir frávikningunni, skal jeg ekki fara, af því að jeg býst ekki við, að hv. meiri hl. n. sje sammála, hvað snertir stefnuna til þessa máls, þó að hann virðist sammála um að vísa málinu frá að þessu sinni.

Mergur þessa máls er sá, að það þarf að afla ríkissjóði tekna. Hingað til hefir það þótt gott að eiga 200 þús. kr. vísar á ári, og jeg skil ekki í þeim flokki, sem ber ábyrgð á fjármálunum, en vill þó ekki fá þessar tekjur ríkissjóði til handa. Nd. hefir nú skilað fjárl. með nokkrum beinum tekjuhalla, auk þess sem búast má við, að það bætist við ekki lítil fjárhæð, vegna

ýmissa nýrra l., og er því líklegt, að fjárl. verði nú raunverulega afgreidd með talsverðum tekjuhalla, því að ganga má að því sem vísu, að hjer í Ed. bætist eitthvað við. Og hvaðan á að taka peningana til hátíðahaldanna 1930? Það er ekki enn farið að gera áætlun um þann kostnað í fjárl., en hann hlýtur að verða mjög mikill, a. m. k. altaf nokkur hundruð þúsund kr. Það er vonandi, að það verði gott árferði þetta ár, eins og nú lítur út fyrir, og ríkissjóður fái miklar tekjur af tekjustofnum sínum, en við rennum alveg blint í sjóinn með það, hve miklar þær tekjur verða. Hitt vitum við með vissu, að útgjöldin verða mjög mikil 1930. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að öll rök hnigi að því, að ríkissjóður sje í fullri þörf fyrir þær tekjur, sem honum eru ætlaðar samkvæmt þessu frv., því að útgjöldin verða áreiðanlega svo mikil, að ef ekki verður kappkostað að útvega ríkissjóði einhverja tekjuauka, eru líkur fyrir verulegum tekjuhalla 1930.

Það er leiðinlegt fyrir hæstv. stj., sem sennilega getur ráðið örlögum þessa frv., að verða að feta í fótspor fyrirrennara síns, sem nú er málsvari hv. meiri hl. fjhn., og skilja við með mikinn tekjuhalla á baki í lok kjörtímabils síns, einkum ef svo er, sem jeg býst við að fullyrða megi, að stj. hafi hafnað vissum tekjum ríkissjóðs, er hún hafði heimild til að innheimta. Enn hefir ekkert frv. komið fram af stj. hálfu, til þess að tryggja ríkissjóði tekjur, og þarf hann þó vissulega á því að halda, eins og jeg hefi sýnt fram á. Það er eins og hæstv. stj. byggi alla von sína á skattanefndinni, sem nú situr á rökstólum. Þessi skattanefnd hefir nú starfað undir það árlangt, og ekkert frá henni komið, og heldur ekki að vænta að neitt komi frá henni fyr en á næsta þingi. Að bíða eftir áliti nefndarinnar og fresta framkvæmdum þessa máls um 1 ár þýðir það, að ríkið tapar 200 þús. kr. tekjum á sama tíma. Mjer finst ekki ástæða til að afneita öruggum og föstum tekjum, þó að þessi nefnd hafi ekki enn lagt blessun sína yfir málið. Það væri líka dálítið merkilegt, að fella þetta frv. nú, ef það kæmi svo upp úr dúrnum, eins og mjög sennilegt er, að meiri hl. skattanefndar legði til þegar á næsta ári, að tekin væri upp einkasala á tóbaki.

Að lokum get jeg ekki stilt mig um að benda á það, að hæstv. stj. hefir að mestu leyti látið undirbúa þetta mál í von um, að það næði fram að ganga. Fyrv. hæstv. fjmrh., Magnús heitinn Kristjánsson, gerði ráðstafanir til þess að semja frv. um þetta efni og hefði eflaust borið það fram á þessu þingi, ef honum hefði enst líf og heilsa. Mjer finst því, að hæstv. stj. hefði verið skylt að taka slíku máli vel, er það var fram komið, í stað þess að líta ekki við því, en fallast á till. fjandmanna málsins, sem altaf hafa verið öndverðir einkasölu í hvaða mynd sem er.

Annars mætti minna á, að Alþt. geyma sterk orð Framsóknarmanna, þar sem þeir lýsa því yfir hver á fætur öðrum, að þeir vilji fylgja einkasölu á tóbaki af því að sú aðferð sje mjög hentug í framkvæmdinni til þess að afla ríkissjóði verulegra tekna. T. d. segir Klemens Jónsson í ræðu á þingi 1925, sem prentuð er í Alþt. frá því ári, — **það eru aðeins fáein orð,**

sem jeg ætla að lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg get lýst því sem minni persónulegu afstöðu til þessa máls, að jeg fylgi einkasölu á tóbaki bæði af „principi“ og vegna þess, að jeg tel það hagnað“.

Jeg gæti raunar vitnað í fleiri ræður hv. Framsóknarmanna frá þessu þingi, þar sem þeir lýstu yfir með enn sterkari orðum fylgi sínu við málið. En fari nú svo, að frv. þessu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, eða á einhvern hátt komið fyrir kattarnef, þá geng jeg þess ekki dulinn, að um greinilega stefnubreyting er að ræða hjá Framsóknarmönnum þessarar hv. d., og þá lítill munur orðinn á þeim og upphaflegum flm. frv., hv. 1. þm. Skagf. (MG) er banaði gömlu einkasölunni, sínu eigin afkvæmi, sællar minningar. Og lítið verður þá úr stóru og sterku orðunum, er hæstv. atvmrh. (TrÞ) beindi til 1. þm. Skagf., rjett áður en gengið var til atkv. um það, hvort einkasalan skyldi lögð niður eða ekki 1925. Man þó eflaust margur, hve hv. þm. Str. (TrÞ) var þá þungorður í garð þáverandi atvmrh. (MG). En þau orð hafa þá verið markleysa ein, ef hv. Framsóknarmenn vilja ekki við þessu máli líta nú. Vík jeg ef til vill að þessu síðar. Að vísu hefir því verið fleygt, að þm. flokksins væru skiftir í málinu, en jafnhliða er sagt, að hæstv. fjmrh. (EÁ) hafi nýlega lýst því yfir í hv. Nd., að hann vildi ekki að einkasala á tóbaki yrði samþ. á þessu þingi. Og þar sem ætla má, að hann hafi talað fyrir hönd hæstv. stj., þá er sennilegt hver sje afstaða meiri hl. stjórnarflokksins til þessa máls.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg man ekki, hvort jeg hefi tekið það fram í þessari hv. d., en í hv. Nd. hefi jeg a. m. k. gert það, að jeg teldi ekki nauðsynlegt að samþ. frv. um einkasölu á tóbaki á þessu þingi. Og ástæðurnar eru sömu og þær, sem teknar eru fram í nál. hv. meiri hl. fjhn.

Eins og menn muna, var á þinginu í fyrra samþ. þáltill. um skipun milliþinganefndar í skattamálum. Var nefndin skipuð 3 mönnum og kosin af öllum stjórnmálaflokkum þingsins í þinglokin. Nefndin hefir enn ekki skilað áliti, en hinsvegar er í þáltill. tekið allnákvæmlega fram um verkefni hennar, og í d.-lið till., sem jeg, með leyfi hæstv. fors., ætla að lesa upp, er talað um ýms einkasölumál. Þar segir svo:

„Að athuga, hvort ekki megi afla ríkissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum, eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.“

Þarna er beint bending um það, að skattamálanefndin skuli taka einkasölumálin til athugunar og leggja álit sitt fyrir þingið.

Nú get jeg ekki sjeð, að brýn ástæða sje til að þingið grípi fram fyrir hendur n. um verkefni, er síðasta þing fól henni að rannsaka. Þess vegna hefi jeg lýst yfir því, að jeg væri á móti öllum breytingum, sem fram hafa komið á þessu þingi um skatta- og tollmál. Þær eru að vísu ekki margar, þessar breytingar, sem betur fer, en allar eru þær fram bornar af flokksbræðrum hv. flm. þessa frv. Jeg tel það illa farið, að hvert einasta

þing sje að grauta í þeim málum, sem ráð er fyrir gert að lögð verði fyrir eftir föstum reglum frá n., sem haft hefir þau til rannsóknar samkv. skipun þingsins.

Hv. flm. hefir borið fram till. um aukin útgjöld til embættis- og starfsmanna ríkisins, sem gleypa mundu hinar áætluðu tekjur hans af þessu frv. Sú eyðsla er þegar komin á þetta yfirstandandi ár og kemur líka á 1930.

Hv. frsm. minni hl. (JBald) furðaði sig á því, að sá flokkur, sem bæri ábyrgð á fjárhag ríkissjóðs, vildi svifta hann þeim tekjum, er áætlaðar væru með frv. þessu. Jeg hefi nú fært rök fyrir því, hvers vegna jeg vil ekki breyta að svo komnu. Hinsvegar get jeg líka sagt, að óhætt mun að slá því föstu, að ekki megi byggja á svo háum tekjum af tóbakseinkasölunni fyrsta árið, eða aldrei hærri en það, sem ríkissjóður þarf að greiða vegna hækkandi dýrtíðaruppbótar á laun embættismanna.

Með þessu er þó ekkert sagt um það, hvernig jeg muni snúast við þessu máli, er það kemur rækilega undirbúið af milliþinganefndinni.

Hv. frsm. minni hl. tók það fram, að stj. hefði undirbúið þetta mál. Þetta er að nokkru leyti rjett, að Magnús heitinn Kristjánsson undirbjó málið, og mjer er sagt, að hann muni hafa ætlað að bera það fram í þinginu, ef honum hefði enst líf og heilsa.

En þetta breytir ekki afstöðu minni á neinn hátt. Hv. frsm. minni hl. spurði mig að því áður en hann bar fram frv., hvort jeg vildi ekki flytja það. Jeg kvað nei við því og ljet jafnhliða í ljós, að jeg óskaði ekki eftir, að frv. yrði afgr. á þessu þingi.

En þó að segja megi, að málið hafi verið undirbúið af stj., þá var það nú svo, að sá ráðherranna, sem fór með fjármálin á undan mjer, hann tók málið ekki upp heldur.

Annars er ekki ástæða til að fara út í, hvaða líkur sjeu fyrir því, hvað miklar tekjur tóbakseinkasalan gefi ríkissjóði. Jeg geri ráð fyrir, þegar sú stofnun væri komin á fastan fót, að hún mundi gefa tekjur, sem um munaði. En það liggur ekki fyrir nú að ræða þá hlið málsins, og get jeg því látið hjer staðar numið um sinn.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Mjer kom ekki á óvart yfirlýsing hæstv. fjmrh. Hún er nokkuð svipuð þeirri afstöðu, sem jeg bjóst við að hann hefði til málsins og drap á í fyrri ræðu minni.

Hæstv. fjmrh. vill ekki þiggja þann tekjuauka ríkissjóði til handa, sem honum er boðinn með frv. þessu, og kýs heldur að bíða eftir áliti milliþinganefndarinnar í skattamálum, sem m. a. á að rannsaka möguleikana fyrir því, að ríkið taki að sjer einkasölu á ýmsum vörutegundum.

En það er dálítið öðru máli að gegna um tóbakseinkasöluna en aðrar væntanlegar einkasölur. Í fyrsta lagi hefir tóbakseinkasalan verið rekin áður um fjögra ára skeið með góðum hagnaði, og í öðru lagi liggur málið nú fyrir svo vel undirbúið, sem föng eru á, og varla að vænta, að milliþinganefndin búi það betur úr garði, þó að hún hafi það til athugun-

ar um eins árs skeið, því að ætla má að hún skili ítarlegu nál. fyrir næsta þing.

Ef það skyldi nú verða ofan á, að milliþinganefndin, eða meiri hl. hennar, tæki upp frv. um einkasölu á tóbaki og legði það fyrir næsta þing, þá væri enginn annar árangur af stefnu hæstv. fjmrh. en að ríkið misti tekjur um eitt ár og einmitt það árið, sem það hafði mesta þörf fyrir þær.

Hæstv. fjmrh. sagði með nokkrum drýgindum, að hann hefði lagst á móti öllum breytingum, sem fram hefðu komið á þessu þingi á skatta- og tolllögum. Jeg get vel skilið afstöðu fjmrh. sem gjaldkera ríkisins, þó að hann sje á móti því að leggja niður skattstofna. Það verður að álítast ekki nema mannlegt. Hitt er fátíðara, að gjaldkeri ríkisins leggi á móti því að fá peninga í ríkiskassann.

Hæstv. fjmrh. sagðist ekki vilja grauta í skattalögum. En jeg sje ekki betur en að hjer sje um heilsteypt mál að ræða og sjerstakan lið, og valdi engri grautargerð í skattamálum. Hann vildi líka setja framkomu þessa frv. í samband við till. þá, sem jeg hefi flutt um launabætur til embættismanna. Hæstv. fjmrh. má gjarnan gera það. Sú till. fer fram á aukin útgjöld, en með frv. þykist jeg hafa bent á tekjuauka, sem nægði til þess að greiða uppbæturnar svo að ekki hallist á.

Árangurinn af því starfi, sem varið hefir verið til þess að undirbúa þetta mál, virðist þá ætla að verða sá, að sumir hv. framsóknarm. og íhaldsmenn taki höndum saman og fallist í faðma til þess að koma frv. fyrir kattarnef. Það hefir eflaust fáa órað fyrir slíku bandalagi í þeim umr., sem urðu á milli þessara flokka um málið á þinginu 1925. Jeg má til með að biðja hæstv. forseta um leyfi til að lesa hjer upp úr Alþt. frá því ári nokkur vel valin kveðjuorð til föður tóbakseinkasölunnar, hv. 1. þm. Skagf., er hv. þm. Str., núverandi hæstv. forsrh., flutti af prestlegri mælsku, eins og vel við átti, við útför tóbakseinkasölunnar, og geta þá þessi orð verið jafnframt kveðja mín til hv. andstæðinga minna í þessu máli; en þessi ummæli hv. þm. Str. (TrÞ) hljóða þannig:

„Jeg býst við, að eftir örfáar mínútur fari fram atkvgr. í þessu máli, svo að þetta verða síðustu orðin, sem jeg fæ að segja. Jeg vil því enda mál mitt með örfáum orðum til viðbótar, sem þá eru kveðjuorð mín til föður þessa skipulags, sem, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) komst að orði, er skilgetinn faðir þess barns, sem nú er verið að bera út. Jeg ætla að kveðja hann með sögu úr fornu riti og það ljótri sögu. Það á ekki illa við, því það er ljótt mál, sem hjer á að koma í gegn, og ljótt verk, sem hjer er verið að vinna. Þessi saga er af því, að seint á Sturlungaöldinni fór Einar Ásgrímsson að Stað í Steingrímsfirði til þess að sækja heim Vigfús Gunnsteinsson. Sló hann hring um bæinn og kveikti í. Í liði Einars var Eyjólfur nokkur Rögnvaldsson. Rögnvaldur faðir hans var inni í eldinum, og það vissi Eyjólfur. Hann margbað föður sinn að ganga út, en það var árangurslaust. — Jeg efa ekki að hæstv. atvmrh. (MG) hefir gert margar tilraunir til þess að bjarga barni sínu, sem nú á að bera út. Jeg veit, að hann hefir margoft reynt að leiða flokks-

mönnum sínum fyrir sjónir, hvílíkt óhappaverk þeir væru að vinna, en það hefir ekki tekist, og því fer nú fyrir hæstv. atvmrh. (MG) eins og fór fyrir Eyjólfi. Eyjólfur sagði: „Brendu þá inni, djöfuls karlinn.“ Hæstv. atvmrh. segir: „Verði það þá borið út, barnið mitt.“

Svona eru þá endalokin á þessum þætti tóbakseinkasölunnar. Nú hjálpast þau bæði að því, Íhaldið og Framsókn, að bera barnið út.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg finn ekki ástæðu til þess að tala mörg orð um þetta mál, og síst af öllu um komediuspil hv. 4. landsk., sem þykist beita sjer af alefli og í alvöru fyrir því, að leggja niður tóbaksheildsöluverslun síns elskulega flokksbróður, hv. 2. þm. Reykv., en veit þó, að fyrirfram er ráðið, að frv. nái ekki fram að ganga, og getur því talað drjúgmannlega.

Jeg vil þó ekki láta fram hjá mjer fara óleiðrjettar stærstu missagnirnar í ræðu hv. 4. landsk.

Hann talaði um, að hæstv. fjmrh. kastaði frá sjer vissum tekjum með því að gleypa ekki við frv., og það tekjum, sem ríkissjóður mætti illa við að missa árið 1930. Hann miðar við tekjur af einkasölu, sem áður var, og tolli þeim, er þá var á tóbaki, en gætir þess ekki nægilega, að tóbakstollur var hækkaður þegar einkasalan var lögð niður. Sú tollhækkun, er kom í staðinn fyrir álagningu einkasölunnar, mun hafa gefið ríkissjóði fullkomlega eins mikið á ári, eða líklega heldur meira. En tekjuvon þessa frv. er ekki nálægt því að vera um 200 þús. kr. á ári, enda eru ekki færð nein rök að því í grg. þeirri, sem látin er fylgja frv.

Hv. þm. veit það með vissu, að af þessum áætluðu tekjum hlýtur rekstrarkostnaðurinn að greiðast, og hann er þó aldrei undir 100 þús. kr. á ári. Væri því núverandi tóbakstolli haldið, mundi það mála sannast, að tekjur einkasölunnar mundu ganga í sjálft sig vegna kostnaðarins við hana. Það er því ekkert útlit fyrir, að þessar tekjur fáist með því, að breyta frá því sem nú er, nema þá að hækka tóbaksverðið.

Það er sjerstaklega eitt atriði, sem gerir afstöðu hæstv. fjmrh. skiljanlega í þessu máli og hann drap lítilsháttar á í ræðu sinni. Það er sem sje vissa fyrir því, að fyrsta árið, sem slík lög og þessi eru í gildi, gefur einkasalan engan tekjuauka, heldur þvert á móti. Þetta stafar af því, eins og sýndi sig seinast, að þegar birgðirnar safnast á eina hönd, minkar mjög innflutningurinn. Fyrirliggjandi birgðir í landinu verða að eyðast, en vegna þess verður innflutningurinn minni fyrsta árið. Afleiðingin verður því sú, að tolltekjurnar minka, og vegur sú rýrnum ef til vill meira en upp á móti tekjum einkasölunnar fyrsta árið.

Þess vegna skil jeg vel, að hæstv. fjmrh. sje andvígur öllum breytingum í þessu efni og ekki síst á þeim tíma, sem ríkissjóði er sjerstaklega brýn nauðsyn á að halda óskertum tekjum sínum.

Páll Hermannsson: Hv. frsm. meiri hl. (JÞ) hefir í nál. og nú í ræðu sinni

túlkað alveg rjett, hvað fyrir okkur meiri hl. fjhn. vakir í heild.

Hinsvegar finst mjer, að hv. frsm. minni hl. (JBald) hafi í ræðu sinni farið út fyrir þann ramma, sem nál. okkar setur um afstöðu meiri hl. fjhn. til málsins, og giskað á fleira en þar er hægt að lesa. Hann talaði um stefnubreytingu okkar Framsóknarmanna á þessu sviði og sagði, að við litum öðrum augum á nauðsyn þessa máls en við hefðum gert áður, eða 1925. Jeg fæ nú ekki sjeð, hvað mjer viðvíkur, að hv. frsm. minni hl. hafi beina ástæðu til að sjá neina stefnubreytingu. Jeg var ekki á þingi þá og hefi heldur ekki látið uppi neitt álit um málið, svo að ágiskanir hans í þessu efni ná ekki til mín.

Aðstaða mín kemur greinilega fram í þskj. 413 og þeirri dagskrá, sem þar er, en þar er yfirleitt ekkert sagt um stefnu meiri hl. í málinu sjálfu, en það kemur þar fram, að meiri hl. kann illa við þau vinnubrögð, að skipa á öðru þinginu n. til þess að fjalla um ákveðin mál, en taka svo verkefnið frá þeirri n. á næsta þingi á eftir án þess nokkurt nál. hafi birst. Hv. 4. landsk. hefir því tekið sjer hjer bessaleyfi, sem hann hefir ekki fulla heimild fyrir. Hæstv. fjmrh. hefir fært rök fyrir þessu, svo að jeg þarf ekki að gera það betur, en jeg vildi láta það sjást skýrt og greinilega, að afstaða mín til málsins nú er ekki bygð á öðru en því, sem nál. ber með sjer, og er engum heimilt að búa til aðrar ástæður fyrir afstöðu minni.

Fjmrh. (Einar Árnason): Háttv. 4. landsk. var að tala hjer um barnaútburð. Jeg vil líta svo á, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje bæði borið fyrir tímann og getið í meinum, því að jeg verð að telja, að það sje millþinganefndarinnar að geta þetta barn, ef það á að verða til. Hv. 4. landsk. getur því ekki áfelt mig, þó að jeg vilji ekki fóstra þennan krakka, sem jeg álít að sje ekki vel undir kominn. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta mál, jeg er búinn að segja það, sem þarf um það, og læt það svo útrætt af minni hálfu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það var nú í fyrsta sinn við þessar umræður, að gerð var tilraun til þess að hafa á móti málinu með rökum, og var það hv. frsm. meiri hl., hv. 3. landsk., sem það gerði. Hann vildi gera það líklegt, að tekjurnar af einkasölunni yrðu litlar fyrsta árið, og bygði það á því, að mikið væri til í landinu af þessari vöru nú, svo að tekjur af tolli mundu minka til muna fyrsta einkasöluárið. Að þessu er vikið í grg. frv., og þar er gert ráð fyrir, að allra lægstu tekjur af tolli, með miklu minni innflutningi heldur en nú, geti aldrei orðið undir 85 þús. kr. á fyrsta ári. Auk þess sparast kostnaður við merkingu tóbaks, 35 þús. kr., og ýmislegt fleira, og má gera ráð fyrir því, að þó að innflutningur verði með minsta móti, þá færi hagnaðurinn áreiðanlega aldrei niður úr 160 þús. kr. fyrsta árið. Svo fer hann vaxandi með hverju ári og upp í ¼ milj. kr. og hærra ef góðæri eru, og auðvitað fer það altaf dálítið eftir árferði. Þetta eru engar gyllingar í grg. frv., heldur þvert á móti mjög varlega áætlað, og jeg var jafnvel í vafa um, hvort það væri rjett gagnvart málefn-

inu að áætla þetta svona lágt, því að það er áreiðanlega langt fyrir neðan það, sem virkilega verður. Ríkið getur líka trygt aðstöðu sína með því að takmarka innflutninginn árið áður en einkasalan tekur til starfa, og er það hægt með því að neita mönnum um að láta tóbakið liggja í tollgeymslu. Stj. getur betur sjeð fyrir þessu nú heldur en í frv. 1921. Þegar þessi landsverslun er komin upp, þá þarf hún heldur ekki að kaupa ruslið af kaupmönnunum, en getur látið þá liggja með það áfram, því að það gerir ekki annað en að eyðileggja söluna. Ein aðalröksemdin gegn gömlu Landsversluninni var einmitt sú, að hún verslaði með rusl, sem væri óbrúklegt, en þetta rusl voru einmitt leifarnar af vörum kaupmannanna, sem Landsverslunin hafði keypt af þeim, svo að þeir yrðu ekki fyrir skaða.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi ekki láta gera upp ástæðurnar fyrir afstöðu þeirra þremenninganna í meiri hl. n. frekar en gert er í nál. Mjer skildist þó á honum, að það væri ekki um stefnubreytingu að ræða, og hann mundi geta fylgt þessu máli, en bara ekki nú. Ef ekki er um stefnubreytingu að ræða, þá finst mjer undarlegt, að þessi hv. þm. og ýmsir hans flokksbræður skuli vilja fresta því, að taka við þessum peningum í ríkissjóðinn, sem einkasalan mun gefa af sjer. Hv. þm. sagði, að sjer væri illa við þau vinnubrögð, að taka fram fyrir hendurnar á milliþinganefndinni í þessu máli, og það sama kom líka fram hjá hæstv. fjmrh. Jeg get nú ekki betur sjeð, en að málið sje vel undirbúið, og það verður áreiðanlega ekki betur undirbúið eða í annari mynd, ef það kemur einhverntíma frá milliþinganefndinni, og taki hún það einhverntíma upp, þá byggir hún á þessu frv. Jeg get því ekki sjeð, að hjer sje um nein slæm vinnubrögð að ræða.

Jeg vil svo að síðustu taka undir það með hæstv. fjmrh. og gera þau orð hans að mínum, þar sem hann sagði, að þetta frv. væri fram borið fyrir „Tímann“, því að það blað hefir, næst Alþýðublaðinu, mest og best borið þetta mál fyrir brjósti. En þar sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri getið í meinum, þá vil jeg vekja athygli hans á því, að þar beinir hann skeytum sínum til fyrirrennara síns í fjármálaráðherrasessi, Magnúsar heitins Kristjánssonar, sem undirbjó þetta mál og ætlaði að bera það fram. Hæstv. ráðh. ætti því ekki að kasta kaldyrðum að þessum króa, sem við Alþýðuflokksmenn höfum fóstrað fyrir þá Framsóknarmennina.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá meiri hl. fjhn., á þskj. 413, samþ. með 10: 3 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Raforkuveitur utan kaupstaða.

Á 9. fundi í Ed., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða (þmfrv. A. 44).

Á 12. fundi í Ed., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Nú á síðari árum hafa orðið nokkrar framkvæmdir í því, að einstök heimili til sveita hafa komið sjer upp raforkustöðvum til notkunar fyrir heimilin. Eru þær yfirleitt svo stórar, að þær fullnægja þörfum heimilanna til ljósa, matreiðslu og heimilisiðju, þar sem um slíkt er að ræða, og til nauðsynlegustu herbergjahitunar. —

Það hefir nú fljótlega orðið ljóst, að slíkar stöðvar veita heimilunum einhver hin mestu lífsþægindi, sem um er að ræða til sveita. Má jafnvel heita, að mörgum finnist tilveran gerbreytt hjá þeim mönnum, sem þessi þægindi hafa fengið, samanborið við hina, sem ekki hafa fengið þau. Þar við bætist ennfremur, að á þeim býlum, sem hafa komið slíkum stöðvum upp, breytast ræktunarmöguleikarnir að stórum mun, þar sem ekki er lengur þörf á að nota áburðinn til eldsneytis.

Þrátt fyrir hina miklu kosti, sem stöðvar þessar hafa, fylgja þeim þó líka töluverðir gallar, sem einkum eru „teknisks“ eðlis. Án þess að jeg að þessu sinni ætli að fara mikið út í að ræða þá, vil jeg geta þess, að miklir örðugleikar hafa orðið á því við þessar smástöðvar, að fá sjeð um að spenna rafmagnsins haldist jöfn, þrátt fyrir mismunandi notkun. Á síðari árum hafa þó erlendar verksmiðjur gert ítarlegar tilraunir til þess að gera vjelarnar þannig, að spennan haldist jöfn, en enn sem komið er, hefir þó ekki tekist að bæta úr þeim galla til fullnustu. Þannig hafa sumar vjelarnar reynst illa, en aðrar vel, ef þær hafa verið hirtar af sjerfróðum mönnum. Meðan svo er, að ekki er hægt að halda spennunni nokkurnveginn jafnri, geta

t. d. ljósin ekki verið í lagi, og öllum raftækjunum er beinlínis hætta búin, og það því fremur, sem þessar smástöðvar hafa yfirleitt verið gerðar sem ódýrastar, og því margt til þeirra sparað. Er því ýmsum hlutum þeirra hætt við bilunum, og því jafnframt hætt við að þær endist ekki lengi.

Þótt menn geri sjer nú vonir um, að hægt verði að sigrast á þessum tæknisku erfiðleikum, þá er annar höfuðgalli þessarar tilhögunar sá, að fjöldi af býlum landsins er þannig settur, að þau eiga engan kost á þeirri orku, sem til þess þarf, að koma upp hjá sjer slíkri heimilisstöð. Fram hjá þessum örðugleika viljum við flm. sneiða með frv. því, sem hjer er til umræðu, þar sem við ætlumst til, að komið verði upp sameiginlegum raforkuveitum til almenningsþarfa. Erlendis hefir þessum málum verið líkt háttað og hjer, einstök heimili eða smáhverfi hafa í fyrstu komið upp hjá sjer raforkuveitum til eigin þarfa, en gallar smástöðvanna hafa komið þar fljótlega í ljós. Hefir það því orðið ofan á, að koma upp stærri stöðvum með orkuveitutaugum yfir stór svæði, og yfirleitt hefir stefnan í þessum málum orðið þar sú, að svæði þau, sem hvert einstakt orkuver nær yfir, hefir altaf verið að stækka. Þannig hafa t. d. ekki aðeins orkuver einstakra heimila verið lögð niður, heldur einnig stöðvar, sem eru stórar eftir okkar mælikvarða, stöðvar sem hafa jafnvel fullnægt stærri borgum en Reykjavík, ef kostur hefir orðið á orku frá stærra veri. Milliþinganefndin í vatnamálum, sem starfaði 1918, kynti sjer þessi mál mjög rækilega, og var hún ekki í neinum vafa um, að endanleg úrlausn þeirra yrði að vera sú, að hjer væri komið upp raforkuveitum til almennings þarfa. Þessi sannfæring milliþinganefndarinnar mótaði mjög starf meiri hlutans, og jeg get gjarnan sagt frá því hjer, að afstaða sú, sem hann tók um rjettindin til vatnsorkunnar, mótaðist ekki hvað síst af því, að honum var þá þegar ljóst, að fljótlega myndi koma að því, að almenningsþörf krefðist þess, að unt væri að fá fallvötn afarkostalaust til almenningsþarfa.

Af þessum ástæðum taldi meiri hluti nefndarinnar ekki rjett, að sá, sem land ætti að vatninu, gæti fengið aðstöðu til þess að selja orkuveitingarrjettinn afarverði. Eins og menn eflaust muna, varð einskonar málamiðlun ofan á hvað eignarrjett vatnsins snerti, þegar vatnalögin voru afgreidd, sem þó gekk ekki lengra en það, að meiri hluti milliþinganefndarinnar fjekk því framgengt, sem hann taldi mestu máli skifta, eins og 2. gr. laganna ber vitni um. Annars bera vatnalögin þess menjar, að milliþinganefndinni var fyllilega ljós þörf almennings á því, að fá raforkustöðvar til almennings nota. Eru í lögunum ýms ákvæði, sem eru nauðsynleg sem grundvöllur undir löggjöf um þau efni. Liggur því ekki fyrir nú að taka neitt af þeim ákvæðum upp í frv. þetta.

Mál þetta er í augum okkar flutningsmanna alþjóðarmálefni, sem ekki verður leyst til fullnustu nema með löngum tíma. Hjer er um það að ræða, að koma á umbótum í landinu, sem í okkar augum að minsta kosti verða að teljast hliðstæðar því, sem vita, síma og vegalöggjöf eru hver á sínu sviði. Við lítum ennfremur svo á, að þetta mál sje það áhrifamesta, sem nú

er hægt að koma auga á, til þess að gera sveitirnar byggilegar til jafns við bæina, og byggi jeg þá fyrir mitt leyti skoðun mína á þeim mismun, sem jeg hefi sjeð á lífsþægindum þeirra heimila, sem fengið hafa slíkar raforkustöðvar sem áður voru nefndar, samanborið við þau heimili, sem ennþá hafa ekki átt kost á að njóta slíkra þæginda.

Við flm. frv. höfum eigi sjeð möguleika til þess að koma fram með kostnaðaráætlanir á þessu stigi málsins. Slíkar áætlanir var eigi heldur unt að gera, þegar vegalögin voru sett fyrst, og þessi lög mundu eftir eðli sínu verða hliðstæð vegalögunum að því leyti, að kostnaðaráætlanir yrðu að leggjast fram smátt og smátt um leið og hjeruðin væru tekin fyrir. Við flm. hugsum okkur, að um tilkostnað ríkissjóðs af þessum framkvæmdum ríki samskonar fyrirkomulag og fylgt er um aðrar framkvæmdir ríkisins, sem standa yfir áratugum saman, að ríkið standi straum af þeim með fjárveitingum á fjárlögum eða með lánum, eftir því sem best hentar og ákveðið verður í hvert sinn.

Því næst skal jeg víkja nokkrum orðum að ákvæðum frv. sjálfs.

Það, sem við teljum fyrsta aðalatriðið í því, er að ríkið styðji fyrirtækin með því að leggja þeim til aðstoð kunnáttumanna, sem það annaðhvort hefir nú í þjónustu sinni eða tekur í þjónustu sína síðar. Ætti ríkið þannig að sjá um allan verkfræðilegan undirbúning orkuveitanna. Samkvæmt þeim grundvelli, sem lagður var með vatnalögunum, eru það hreppsnefndir og sýslunefndir og svonefnd orkuveitufjelög, sem eiga að hafa forsjá þessara mála utan kaupstaða. Þegar um orkuveitufjelög er að ræða, koma frumkvöðlar fjelagsstofnunar í stað sýslunefndar eða hreppsnefndar, þangað til fjelagið er fullstofnað. Eftir frv. því sem hjer liggur fyrir, eiga þessir aðilar að snúa sjer til stjórnarinnar, ef þeir æskja rannsóknar með tilliti til væntanlegrar virkjunar, og leggur hún þá til ókeypis verkfræðiaðstoð við rannsóknina. Jeg vil taka það fram, að jeg álít að orkuveitufjelögin þurfi ekki endilega að vera bundin við hrepp eða sýslu, heldur megi tveir hreppar eða fleiri gjarnan mynda fjelag út af fyrir sig, ef það hentar betur. Nú geri jeg ráð fyrir, að ríkið kosti þennan undirbúning að mestu. Og í samræmi við ákvæði vatnalaganna er svo fyrir mælt í frv., að vegamálastjóri skuli vera ráðunautur stjórnarinnar við þennan undirbúning. Meiri hluti vatnamálanefndarinnar lagði að vísu til, að yfirráð þessara mála yrðu falin sjerstakri vatnamálastjórn, en að svo komnu máli sjáum við okkur ekki fært að fara fram á neina slíka aukning á starfsmannahaldi, enda teljum við þess eigi brýna þörf, að svo stöddu, þótt það fyrirkomulag gæti verið æskilegt, er framkvæmdir aukast.

Hitt aðalákvæðið er um framlög ríkisins til framkvæmdanna sjálfra. Tvær ástæður mæla með slíkum framlögum. Í fyrsta lagi er það altítt, að ríkið leggi fram fje til fyrirtækja einstaklinga og hjeraða, ef álitið er að það muni koma almenningi að gagni, en hlutaðeigandi á erfitt með að koma því af stað í byrjun. Í öðru lagi stendur alveg sjerstaklega á um þau fyrirtæki, sem hjer ræðir um, vegna þess að óvenjulega miklir örðugleikar eru á að koma

þeim í framkvæmd. Veldur þar eigi síst strjálbýli landsins og fámenni. Nú leggjum við flm. til, að framlögum ríkissjóðs verði fyrst og fremst varið til þess að vega á móti þeim erfiðleikum, sem stafa af hinum sjerstöku aðstæðum hjer á landi, þ. e. strjálbýlinu. Því ætlumst við til, að ríkið ljetti einkum undir við kaup á efni til taugakerfisins eða háspennutauganna, sem stundum eru nefndar. Höfum við helst hugsað okkur að framlag ríkissjóðs yrði miðað við andvirði þess efnis.

Sje gengið út frá því að ríkið leggi fram fje, að því leyti, sem jeg nú hefi talað um, en hvert heimili beri jafnframt að sínum hluta það af hinu sameiginlega verki, sem eðlilegt má telja að verði eign þess, þykir okkur ástæða til að búast við, að framkvæmdir yrðu ekki ókleifar. Væntum vjer flm. þess, að óhætt sje að setja markið svo hátt, að kostnaður hvers heimilis, þar sem aðstaða er bærileg til að framleiða raforku til almenningsþarfa, fari ekki fram úr tilsvarandi heimilis, sem hefir miðlungs góða aðstöðu til heimilisvirkjunar fyrir sig sjerstaklega.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að kostnaðurinn við svona fyrirtæki falli með eðlilegum hætti í þrjá liði. Fyrst má þá telja aflstöðina sjálfa, sem kostuð verður í sameiningu af notendum aflsins. Það mun vera nokkurnveginn algild regla, að slíkar aflstöðvar verði því ódýrari á hvert hestafl, sem þær eru stærri. Fer það þó vitanlega nokkuð eftir aðstöðu til virkjunarinnar. Þau heimili, sem besta hafa aðstöðuna, geta ef til vill fengið ennþá ódýrara afl, með því að vera ein um virkjun, og svo slæm getur aðstaðan verið til að byggja stóra stöð, að hún verði nokkuð dýr í samanburði við stöðvar einstakra heimila. En aðalreynslan er samt sú, að því stærri sem stöðin er, því ódýrari verður hún tiltölulega.

Þá kem jeg að 2. lið kostnaðarins, en það eru veitutaugarnar. Það er einmitt þessi liður, sem mestum erfiðleikum veldur hjer í strjálbýlinu. Og þennan lið viljum við einmitt ljetta með framlagi ríkisins, til þess að jafna aðstöðumuninn. Jeg ætla ekki að slá fram neinum tölum um það, hvað slík taugakerfi muni kosta. Liggja þó fyrir ýmsar athuganir um það efni. En þess er að gæta, að sú ítarlegasta af þessum athugunum var miðuð við verðlag á þeim tíma, þegar það var miklu hærra en nú, n.l. árið 1920, og er því minna hægt á henni að byggja. En nú liggur einmitt fyrir það rannsóknarefni, á hvern hátt sje unt að draga úr kostnaðinum við taugarnar. Eitt atriði vil jeg nefna, sem miklu veldur um þann kostnað. Hingað til hefir nærri eingöngu verið notaður kopar í slíkar leiðslur. En til álita gæti komið, hvort eigi mætti komast af með járnþráð sumstaðar í greinum og álmum slíks taugakerfis, og mundi það draga úr kostnaðinum til mikilla muna. En við lítum svo á, að ef ríkið gæti ljett nægilega undir þennan lið kostnaðarins, væru mestu erfiðleikarnir yfirunnir.

Þá kem jeg að þriðja liðnum, en það er spennistöðin heima á hverjum bæ, heimtaug og innanbæjarveita. Spennistöð fyrir einstakt heimili er einfalt áhald og ódýrt. Mætti setja hana þar sem hentugast þætti með tilliti til þess, að allar leiðslur yrðu frá henni heim að bænum. Kostnaðurinn við spennistöð og heimtaug yrði ekki nema lítill hluti þess, sem orkuver til heimilis-

nota kostar, því að bæði fellur burtu aflstöðin sjálf, og svo er lega hennar bundin við fallvatnið, og það er sjaldan svo nálægt, að kostnaðarlaust sje að koma rafmagninu heim þaðan.

Okkur er það ljóst, flm. frv., að með því að ráðast í fyrirtæki eins og rafmagnsveitu, er verið að leggja á þjóðina byrði, sem að mestu leyti lendir á þeirri kynslóð, sem kemur fyrirtækjunum upp. En orkuveri og veitum er svo háttað, að mikill hluti þessa endist mannsöldrum saman. Vjelar, sem snúast dag og nótt, árum og áratugum saman, ganga að vísu úr sjer og þurfa endurnýjunar. En mestur hluti verksins kemur þó að notum um langan aldur. Og við verðum að horfa fram á örðugleika þessara fyrirtækja eins og þeir eru og fara að gagnvart þeim eins og öðrum framfaramálum og láta ríkið leggja á sig byrðar eftir getu, til þess að sem flestir landsmenn geti orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem það hefir í för með sjer.

Jeg skal taka það fram, að sumstaðar, einkum í afskektum sveitum og heimilum, sem fjarri eru bygðum, getur orðið ódýrara að virkja á annan hátt en hjer er gert ráð fyrir. Jeg geri því eigi ráð fyrir, að raforkuveitur þær til almenningsþarfa, sem frv. fer fram á, þurfi að teygja sig út í hverja sveit og hvern bæ. Jeg álít, að þessar tvær úrlausnir raforkumálsins, almennings- og einstaklingsorkuveita, eigi að haldast í hendur, eftir því sem við á.

En það er okkur flm. ljóst, að ef beðið verður með fjelagsframkvæmdir í þessu efni, verður það til þess, að fjöldi einstakra manna reisir stöðvar á bæjum sínum, og tekur þá eðlilega eigi þátt í fjelagsskapnum, þegar hann verður stofnaður. Það er ekki síst af þessum ástæðum, sem við álítum að aðgerðum í þessu efni af ríkisins hálfu beri að flýta.

Mun jeg svo eigi ræða mál þetta frekar að svo stöddu. Eftir efni frv. mundi það helst eiga heima hjá allsherjarnefnd. En hjer er um stórt fjárhagsatriði að ræða, og gæti jeg því vel gengið inn á, að frv. yrði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 184 og 238).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Fjhn. hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Þó er ekki svo að skilja, að mikið beri á milli í grundvallarskoðunum. N. er öll sammála um það, að ýta þurfi undir þessar framkvæmdir og styrkja þær. En meiri hl. n. telur málið svo lítið undirbúið og útgjöld eftir frv. svo óákveðin, að hann sjer ekki annað fært, en að vísa því til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings og athugunar, og gerir það því að till. sinni. Eftir frv. á stjórnin að leggja til kunnáttumenn til að mæla og rannsaka fallvötn og undirbúa rafvirkjun. Þessar kröfur geta áreiðanlega orðið svo víðtækar, að jafnvel öll hjeruð mundu svo að segja strax biðja um þetta, ef frv. verður samþ. Ennfremur gætu einstakir menn, er fallvötn eiga, krafist hins sama, ef þeir mynda um þau fje-

lagsskap. Þetta er nú aðeins upphaf málsins, en síðar kemur svo krafa um fjárstyrk til undirbúnings og framkvæmda verksins. Getur það, eins og bent er á í nál. meiri hl., orðið allmikil upphæð fyrir alt landið. Þannig mundi virkjun, sem rannsökuð hefir verið fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, eiga að fá styrk úr ríkissjóði alt að 1 milj. króna. Auk þess yrði ríkissjóður að hlaupa undir bagga og ábyrgjast lán þau, sem hjeruðin þyrftu að taka til þess að byggja orkuverin, því að óhugsandi er, að þau geti af eigin rammleik lagt fram eða útvegað hjálparlaust fje til þeirra.

Ef því ætti á þennan hátt að styrkja öll hjeruð landsins, er greinilegt, að ríkissjóður gæti ekki risið undir þeim útgjöldum, sem af því mundi leiða. En þótt meiri hl. sjái þetta, játar hann einnig, að slíka styrki geti verið rjett að veita, en til þess að slíkt geti orðið, þarf traustari grundvöll og meiri undirbúning en enn er fyrir hendi í þessu máli. Leggur meiri hl. því til, að sú leið verði farin, að fá stjórninni mál þetta til frekari undirbúnings, að öðrum kosti er hætt við að ríkissjóður og Alþingi verði í stöðugri klípu að ráða fram úr því, hvort eða hvernig sinna beri þeim umsóknum, er til þess berast. Hver þm. myndi þá koma með umsókn frá sínu kjördæmi og heimta styrk, alveg á sama hátt og nú rignir yfir þingið frv. um hafnargerðir og hafnarbætur viðsvegar á landinu, sem auðvitað eru nauðsynlegar, en ríkissjóður getur ekki staðið straum af í einu.

Jeg vil í þessu sambandi víkja að orðum rafmagnsstjórans í Reykjavík, hr. Steingríms Jónssonar, er hann ljet falla á fundi nefndarinnar, þegar mál þetta var rætt. Hann bjóst við því, að kostnaðurinn við virkjun fyrir alt landið til almennings þarfa, án þess þó að gert væri ráð fyrir rafmagni til hita, mundi verða um 75 milj. kr. Síðar hefi jeg átt tal við hann um þetta, og kvað hann þá að gera mætti ráð fyrir, að kostnaður yrði ef til vill ekki nema 71 milj. 500 þús. kr. — Nú er þetta auðvitað ágiskun, og er enginn vafi á því, að þessar tölur eru of lágar, einkum þegar þess er gætt, að hjer er ekki reiknuð þörf almennings á rafmagni til hita, en sú krafa mundi þegar koma fram, að fá rafmagn til hitunar, bæði í sveitum og kaupstöðum. Nauðsyn þess er mjög mikil til sveita, enda hefði það ekki lítið að segja, ef hægt væri að hita bæi í sveitum upp með rafmagni og gera híbýlin þannig vistlegri en þau hafa verið. Það hefir lengst af verið svo til sveita, að menn hafa orðið að „klæða af sjer kuldann", því að oft hefir ekki verið nema ein eldstó á bænum. Verður ekki reiknað, hve mikið böl þetta hefir af sjer leitt, og hver áhrif það hefir haft á heilsufar þjóðarinnar.

Nú, þegar efnafólkið í bæjum og sveitum getur veitt sjer öll þægindi nútímans, rafmagn til ljósa og hitunar eða þá miðstöðvarhitun, verður sú krafa sterkari og sterkari hjá öllum almenningi, að hann fái einnig hlutdeild í þessum miklu þægindum.

Jeg sje, að hv. minni hl. líkir máli þessu við framkvæmdir á vegalögunum. Hann segir svo í áliti sínu, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar vegalögin voru fyrst sett, var engin vitneskja

fyrir hendi um það, hve mikið mundi kosta að koma akvegi heim á hvern bæ. Samt voru vegalögin sett, og síðan hefir verið unnið að vegagerðinni nálægt 40 ár." — Þótt þetta í fljótu bragði kunni að virðast sambærilegt, þá er það þó eigi svo, við nánari athugun.

Það er hægt að hætta við vegarspotta, án þess að af því leiði verulegt tjón, en hinsvegar er ómögulegt að hætta við slíkt fyrirtæki sem þetta, er hjer um ræðir, í miðjum klíðum. Þegar byrjað hefir verið á orkuverinu og t. d. búið að kaupa allar vjelar, verður að halda áfram, þar til að stöðin er fullreist, og síðan verður að leiða rafmagnið heim til kaupandanna, því annars standa ef til vill miljónafyrirtæki arðlaus, en velta upp á sig þungum rentubyrðum. En um slíkar fjárhæðir er ekki að ræða í einstökum vegalagningum, og vegirnir koma líka að notum, svo langt sem þeir ná. Þetta tvent er því ekki sambærilegt.

Við getum tekið dæmi eins og Kjósarveginn. Árlega bætist við þann veg, og kemur hver vegarspotti að tilætluðum notum. En ef lítið fje er í ríkissjóði eitt árið, er hægt að lækka fjárhæðina til vegagerðar, og er þá ef til vill ekki lagður nema 5 km. langur spotti eitt árið, í stað þess, að áður hafa það verið 10 km. árlega.

Á þennan hátt er ekki hægt að reisa orkuverin. Þar má ekki fresta framkvæmdum árum saman, eftir að á þeim hefir verið byrjað.

Ennfremur gerir hv. 3. landsk. ráð fyrir því í frv. sínu, að heimilin eigi kost á því, að fá lán á sama hátt og með sömu kjörum og nú eru veitt þeim, er koma upp orkustöðvum á einstökum býlum. Svo að haldið sje við það dæmi, sem tekið hefir verið um raforku handa Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, þá ætti hvert býli að eiga kost á láni, vegna þeirra framkvæmda, sem gerð er á heimilunum.

Nú hefi jeg spurt forstjóra Ræktunarsjóðs, hvernig þau lán væru veitt, er sjóðurinn veitti einstaklingum til heimilisvirkjunar. Hann sagði, að sjóðurinn lánaði alt að helmingi alls kostnaðar, en þó væri ekki venja að lána út á áhöld innanhúss. Myndu slík lán handa áðurnefndum hjeruðum nema mörgum hundruðum þúsunda, og þyrfti þá til slíks að hafa handbært fje í Ræktunarsjóði, og þegar alt landið, eða stór hluti þess, hefir fengið rafmagn, er ekki vafi á því, að auka þyrfti að miklum mun lánsfje Ræktunarsjóðs.

Við þessu er ekkert að segja, ef sjóðurinn getur samt sem áður fullnægt þeim kröfum, sem aðallega eru gerðar til hans, en ef þetta yrði til þess, að draga úr hinu eiginlega starfi sjóðsins, teldi jeg ver farið.

Jeg er sammála hv. minni hl. fjhn. um það, að rjettara sje að hafa fáar en stórar orkustöðvar heldur en margar miðlungsstórar, og sjerstaklega er það varhugavert, ef hver hreppur færi að byggja sjer stöð, því að á þann veg yrði rekstrarkostnaður allur meiri. Hinsvegar er líklegt, að heimilisstöðvar einstakra manna geti borið sig, og verður því að leggja áherslu á að styrkja minstu og stærstu stöðvarnar.

En það er alveg órannsakað, hvernig máli þessu verður best komið í framkvæmd. Nú er mikið rætt um virkjun Sogsins, og er áætlun fullgerð, svo að ekki stendur á henni. Hitt hefir enn

ekki verið athugað, að hve miklu leyti Sogið gæti veitt rafmagn til hjeraðanna hjer sunnanlands. Finst mjer ástæða til þess, að ríkisstjórnin láti taka til athugunar, hvort rafmagn frá Soginu ekki fullnægi þörfum hjeraðanna á Suðurlandsundirlendinu að miklu leyti, svo og Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, og ef til vill Hnappadalssýslu, og athugaði þetta auðvitað með hliðsjón af því, hvað það kostar að byggja stöðvar fyrir hin einstöku hjeruð.

Ef hjeruðin og einstakir menn eru alveg látin ráða undirbúningi og framkvæmdum í þessu máli, getur farið svo, að þar verði hver höndin uppi á móti annari, eins og t. d. er um skólamál Sunnlendinga. Hvert hjerað mundi koma upp sinni stöð, og hver þm. kæmi með umsóknir um styrki til síns kjördæmis. Málinu væri þá komið í þann glundroða, sem ekki er vist að þingið gæti ráðið við, ef þeim tökum væri slept, sem meiri hl. álítur að Alþingi ætti að hafa í þessu máli.

Skoðun dómbærra manna á máli þessu er sú, að ríkið eigi að hafa hjer forgöngu á að athuga og undirbúa málið svo sem frekast er unt, enda sje það alls ekki nógu undirbúið nú til þess að hægt sje að setja um það lög, svo sem hjer er farið fram á.

Jeg hefi áður vikið að því örfáum orðum, hvaða aðalástæðu meiri hl. hefir fyrir því, að hann vill ekki samþ. frv. En þótt meiri hl. vilji ekki samþ. frv., er honum það engu að síður ljóst, að hjer er um mikilsvert mál að ræða, sem nauðsyn er á að halda vakandi. Stjórnin á að fela kunnáttumönnum að rannsaka það, á hvern hátt málinu væri ódýrast og best fyrir komið, hvernig ætti að virkja, og hvaða kostnað mundi af slíkri virkjun leiða fyrir hjeruðin, einstaklingana og ríkið.

Þá ætti einnig að rannsaka, hvernig raforkuveitum til almenningsþarfa væri hagað erlendis. Í Suður-Svíþjóð og jafnvel sumstaðar í Danmörku, hafa verið taldir erfiðleikar á því, að koma rafmagni heim á öll býlin, sökum strjálbygðar. Hvað mun þá verða hjer á landi?

Því hefir verið haldið fram, að reikna mætti 1½ km. að meðaltali á milli bæja. Sumir nefndarmenn meiri hl. álíta, að sú vegalengd sje áætluð alt of stutt, því að víða hagar svo til, sjerstaklega á útkjálkum landsins, að meðaltalsfjarlægð verður miklu lengri. En víða er líka þjettbýlt, svo að þetta getur jafnast upp.

Það er till. meiri hl., að málinu verði vísað til stjórnarinnar, en til þess að halda því vakandi, verði á fjárlögum veitt fje til þess að vinna að frekari undirbúningi.

Við höfum getið þess sjerstaklega í nál., að við óskuðum, að stjórnin hefði rafmagnsstjórann í Reykjavík, Steingrim Jónsson, með í ráðum, því að við teljum hann meðal þeirra, er mestan kunnugleika hafa á þessum málum.

Læt jeg þá lokið máli mínu og mun bíða átekta, þar til frsm. hv. minni hl. hefir gert grein fyrir sínum tillögum.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 44, n. 184 og 238).

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það gat því miður ekki orðið sam-

komulag um þetta frv. í fjhn. Meiri hl. n. hefir gert þá grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, að hann vilji vísa því til stjórnarinnar. Við í minni hl. sjáum enga ástæðu til þess að stöðva framgang málsins á þessu þingi, en við höfum borið fram eina brtt. á þskj. 184, sem felur í sjer gagngerða breytingu á 8. gr. frv. Þessi brtt. er að nokkru leyti fram komin eftir bendingu rafmagnsstjórans hjer í Reykjavík, hr. Steingríms Jónssonar, sem nefndin hefir ráðfært sig við um þetta mál. Hún gerir þá breytingu á frvgr. og þeirri meðferð, sem vegamálastjóri ríkisins hefir nú, samkv. 151. gr. vatnalaganna, að því er snertir orkunýting fallvatna, að í stað hans verði skipuð þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi stjórn raforkumála ríkisins undir atvinnumálaráðuneytinu. Í nefndina skulu skipaðir einn lögfræðingur, sem ráðherra tilnefnir, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, ef hann vill taka þar sæti, en annars rafmagnsfræðingur, er ráðherra tilnefnir; og þriðji maðurinn í nefndinni á að vera vegamálastjóri. Nefnd þessi nefnist orkumálastjórn, og er henni ætlað að taka við því starfi, sem vegamálastjóri og starfsmenn hans hafa nú í vatnamálum samkv. vatnalögunum. En höfuðbreytingin er sú viðaukatillaga, að þessari orkumálastjórn er ætlað, svo fljótt sem við verður komið, að gera tillögur um heildarskipulag á raforkuveitum til almenningsþarfa fyrir land alt. Þetta á orkumálastjórnin að gera og þeir kunnáttumenn í þessum efnum, er hún hefir í sinni þjónustu. — Þegar jeg ræði um frv., og hvort rjett sje að stöðva framgang þess í þinginu, þá geng jeg út frá, að brtt. okkar í minni hl. nefndarinnar sje í því fólgin; það geri jeg vegna þess, að meiri hl. n. hefir talið, að hún væri til bóta.

Við lestur nál. meiri hl. á þskj. 238, hefi jeg ekki getað fundið, að meiri hl. hefði neitt verulegt að athuga við einstök atriði í frv. Það kemur ekki skýrt fram í nál., sem meiri hl. byggir afstöðu sína á í þessu máli, að frv. fari fram á svo mikil útgjöld úr ríkissjóði, og að það sje hinsvegar ekki nógu vel undirbúið. En það er nú svo um frv., að ýms ákvæði þess fara í raun og veru í þá átt, að lögskipa um undirbúning þessara mála. Og svo sjerstaklega að gefa fyrirheit um fjárstyrk úr ríkissjóði, til þess að jafna aðstöðumun þeirra, sem búa fjær orkuveri, við hina, sem nær eru. En um upphæð þeirra fjárframlaga, og hvað mikið skuli veitt til þess á hverjum tíma, lætur frv. vera óbundið, þangað til að ákvæði verða um það gerð síðar. Jeg get ekki álitið, að það sje rjett af hv. meiri hl. n., þar sem hann viðurkennir, að þetta sje gott mál, að leggja til, að þessu frv. verði vísað frá vegna ónógs undirbúnings, þegar hann hefir ekki í nál. sínu getað bent á neitt varhugavert atriði í frv., eða nokkuð, sem honum þykir á skorta.

Enda fór það líka svo, að þegar frsm. meiri hl., hv. 4. landsk. (JBald), fór að gera grein fyrir ástæðum meiri hl., þá kom ýmislegt fram, sem benti á, að honum þætti málið sjálft athugavert. Hann talaði um ýmislegt og benti á margt, sem ekki getur breyst eða orðið öðruvísi, þó að málið verði látið bíða. Hann sagði, að allir mundu

koma í einu og biðja um aðstoð ríkisins til rafvirkjunar; en ætli að þeir komi síðar í einu fyrir það, þó að samþykt þessa frv. og framkvæmd verði frestað um stund. Jeg get ekki skilið annað en að fjöldinn hljóti að sækja jafnfast eftir því síðar.

Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að tillag ríkissjóðs til rafvirkjunar samkv. frv., myndi verða of hátt, og að auk þess yrði ríkissjóður að ábyrgjast stórlán til slíkra fyrirtækja, og mundi hann því eigi standast slíkar kröfur, sem til hans yrðu gerðar. Hv. frsm. meiri hl. sagði þó, að meiri hl. væri því samþykkur, að ríkið veitti stuðning þessum fyrirtækjum. Mjer finst nú ekki mikið samræmi í þessu. — Auðvitað má undirbúa þetta mál, ef menn eru sammála um, að ríkið taki einhvern þátt í framkvæmdum þess, og þá má á hverjum tíma taka ákvörðun um, hvaða styrkur verður veittur frá hálfu ríkisins.

En að því er snertir þá upphæð, sem ríkissjóður mundi verða að leggja til þessa framfaramáls, komu ýmsar áætlanir til greina í nefndinni, og meiri hl. hefir tekið ýmsar tölur upp í nál. sitt um það atriði. En þeim tölum verður að taka með fylstu varúð. Þó að síðar verði vitanlega eingöngu bygt á þeim rannsóknum, sem frv. gerir ráð fyrir í þessu efni, áður en til framkvæmda kemur, þá ætla jeg sem stendur að halda mjer við þær tölur, sem nefndar hafa verið, og leggja þær til grundvallar, svo að menn geti fylgst með því, sem ríkissjóði er ætlað að leggja fram samkv. frv.; en þar er hámark þess styrks, sem veita má úr ríkissjóði, miðað við aðkeypt efni (komið á land hjer) til veitutauga um orkuveitusvæðið, frá orkuveri að spennistöð notenda. Samkvæmt 1. lið kostnaðaráætlunarinnar í nál. meiri hl., fyrir alt landið, er um að ræða 7500 km., á 3000 kr. hver km., samtals 22½ milj. kr. — Eftir orðalagi frv. gæti ef til vill komið til mála, að ríkissjóður veitti styrk til þess kostnaðar, sem talinn er í 5. lið, við meginlínur til kaupstaða; en þó því aðeins, að þær línur hefðu einhverja þýðingu fyrir sveitir jafnframt. Þar gæti því eigi verið um að ræða meira en 3 milj. kr. fyrir ríkissjóð; og þar sem kaupstöðum er eigi ætlaður neinn styrkur til orkuleiðslu innan síns umdæmis, tek jeg eigi tillit til þessa, en geng út frá, að veitutaugar þær, sem styrks eiga að njóta, muni kosta 22½ milj. kr. alls, sem miðað er við 3000 kr. leiðslukostnað á hvern km.

Nefndin spurðist fyrir um það hjá rafmagnsstjóranum í Reykjavík, hvort líkur væru fyrir, að nokkuð mætti draga úr þeim kostnaði, og ennfremur um sundurliðun kostnaðarins; gaf hann nefndinni þau svör, sem vænta mátti, að í ytri álmum orkuveitukerfisins mætti komast af með stálþráð í leiðslurnar í staðinn fyrir koparþráð, t. d. þar sem ekki væri um meiri orku að ræða en handa einum hrepp. Stálleiðslurnar eru miklu ódýrari, þannig að þetta mundi lækka efniskostnaðinn niður í ⅓ af því, sem þessi áætlun gerir ráð fyrir. En þegar rafmagnsstjóri áætlar kostnað við veitutaugar 3000 kr. á hvern km., þá telur hann, að helmingur þar af sje efniskostnaður, fyrir staura, koparvír og einangrara. Það eru þá 1500 kr. á km., eða 11¼ milj. kr. fyrir landið alt, sem

sá hluti virkjunarinnar kostar, sem frv. ætlar ríkissjóði að styrkja, þ. e. útlent efni í orkuveitutaugarnar um alt land. — Nú eru ástæðurnar talsvert misjafnar. Þar sem stór sjóþorp koma inn í orkuveitukerfin, eru horfur á að fyrirtækin gætu borið sig með minna framlagi úr ríkissjóði en hámarki því, sem gert er ráð fyrir. Á sumum svæðum gæti styrkurinn af þessum ástæðum orðið lægri en 1500 kr. á km., þar við bætist svo sú lækkun á styrknum, sem nást kynni við það að nota stálvír í stað koparvírs, svo að eftir þessum áætlunum í nál. meiri hl. ættu framlög ríkissjóðs til landsins alls að geta orðið æði langt fyrir neðan 11¼ milj. kr. — Það er auðvitað ákaflega stór upphæð, ef ætti að leggja hana fram í einu. En það sýnist engin veruleg hætta á því, að framkvæmdir í þessu efni verði svo hraðfara, að kröfurnar um styrk úr ríkissjóði verði meiri en hann getur á sig lagt. Fyrirtækin eiga að öðru leyti að geta borið sig fjárhagslega, og þá mun efnisflutningur, önnur framlög og vinna einstaklinga við heimataugar, valda þeim það miklum erfiðleikum, auk kostnaðar og fjárútvegunar fyrir orkuveitufjelögin sjálf, þannig að þessar hömlur hljóta að tefja fyrir framkvæmdum. Ef ekki verður með nýrri löggjöf hraðað framkvæmdum á þessu sviði, þá er hjer um svo miklar tálmanir að ræða, að ekki þarf að óttast, að ríkissjóður geti eigi fullnægt þeim kröfum, sem til hans verða gerðar vegna þessara laga. Hitt er annað mál, þegar rannsóknir liggja fyrir um þessar framkvæmdir, hvort þá kunni eigi að þykja ástæða til fleiri ráðstafana til að hraða þeim.

En þessi upphæð, sem er eitthvað neðan við 11¼ milj. kr., er hún nú svo stór og fráfælandi? Ekki svo mjög, finst mjer. Hún sýnist ekki svo ægileg þegar hún er borin saman við framlög til vegamála, en til þeirra er varið 1 milj. kr. árlega, og enginn býst við að það muni lækka, heldur fara hækkandi. Þetta áætlaða framlag ríkissjóðs til orkuveitufyrirtækja, væri þá á borð við það fje, sem varið er til vegabóta á svo sem 8 árum. En sá er munurinn, og á það má líta, að þegar orkuveiturnar eru komnar upp, þá geta þær borið sig sjálfar, starfsreksturinn og viðhaldið að öllu leyti. Þess vegna kemur það ekki á ríkissjóðinn eins og viðhaldið á vegakerfinu. Mjer sýnist ástæður meiri hl. benda til þess, að þetta muni vera viðráðanlegt fyrir ríkissjóð í svo miklum mæli, sem það verður viðráðanlegt fyrir hjeruðin, sem eiga að bera uppi orkuverin og rekstrarkostnað þeirra ásamt heimleiðslum. Og það eitt er víst, að hvað sem þeirri mótbáru líður, að ríkissjóður þurfi mikið til að leggja, þá batnar ekki aðstaða hans við það, þótt málið sje dregið 1 eða 2 ár. Því lengur sem dregið verður að byrja á þessu, því harðara verður kallað eftir því, þegar farið er af stað. Það verður því til hægðarauka fyrir ríkissjóð, að á þessum framkvæmdum sje byrjað sem fyrst.

Hv. frsm. meiri hl. taldi nauðsynlegt, að ríkið hefði forgöngu í þessum málum. Fyrir því er nú sjeð með brtt. minni hl., sem gerir ráðstöfun til þess, að gerðar verði áætlanir um

þetta fyrir land alt. Og eftir þeirri heildaráætlun verður svo styrkur veittur. Verður því ekki styrkur veittur til annara orkustöðva en þeirra, sem eru í samræmi við þá áætlun. — Þá hjelt hv. frsm. meiri hl. því fram, að litlir möguleikar mundu verða á að veita bændum lán til síns hluta af starfrækslunni, þ. e. heimilistækja og heimtauga. Benti hann á, að þó ekki væri tekin býli nema í Borgarfirði, þá myndi þurfa að auka Ræktunarsjóðinn mikið til þess að geta annast um lán til þess hjeraðs. — En hjer við er nú fyrst að athuga, að Ræktunarsjóðurinn lánar ekki nema helming kostnaðar. Þá er ekki heldur víst, að allir þyrftu á láni að halda. Mjer telst svo til, að í Borgarfirði sjeu 640 býli. Og ef reiknað er með 2000 kr. á býli, þá eru það 640 þús. kr. fyrir þetta hjerað. Jeg veit nú ekki vel um ástæður Ræktunarsjóðs, en jeg veit, að hann á að geta lánað alls um 18 milj. kr. Að vísu gæti svo farið, að gera þyrfti ráðstafanir til þess að afla honum handbærs fjár á tímabili, og er það vel gerlegt og þarf ekki að breyta lögum hans til þess. Þá eru og nú fyrir þinginu frv. um lánsstofnanir fyrir landbúnaðinn, og upp úr þeim mætti sjálfsagt fá uppsprettu til nauðsynlegra lánveitinga í þessu skyni. Ef sjerstakur landbúnaðarbanki er stofnaður, svo sem nú er í ráði, er ekki hægt að segja hann fullkominn, nema að hann geti greitt fyrir nauðsynlegum lánum til orkuvera og orkuveita um landið, ef það mál er vel undirbúið og sýnt, að fjárhagslega óhætt sje að ráðast í það. Jeg vil gera ráð fyrir því, að frv. þetta sje tímabært, og að tekið verði tillit til þess í löggjöf þeirrar stofnunar, sem nú er á ferð í gegnum þingið.

Að því er snertir suðurhluta landsins, þá má geta þess, að Reykjavík er nú svo langt komin með rannsókn á virkjun Sogsfossanna, að þess vegna má taka til starfa um virkjun þeirra þegar vill. Og 1. júlí n.k. á að vera kominn úrskurður um kaup á vatnsrjettindum fossanna. Hamlar þá ekkert frá að byrjað verði á virkjun, nema ef það væru fjárhagslegar ástæður. En ef þessi virkjun gæti orðið til að greiða fyrir veitum á suðvesturhluta landsins, eða í Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum og svæðinu þaðan vestur í Mýrasýslu, og það er ekki ósennilegt, að þetta svæði alt ætti að sækja orku sína til stöðvar við Sogið — það er að vísu órannsakað enn, en kunnugur maður telur það sennilegt — þá er rangt, með það fyrir augum, að láta þetta mál dragast. Ef Reykjavík rjeði ráðum sínum um virkjun Sogsins, án þess að þessi möguleiki væri athugaður, þá gæti svo farið, að það yrði forhlaupin tíð að hagnýta sjer þennan möguleika, ef Alþingi nú vill ekki sinna því að setja löggjöf um þetta. — Um aðra landshluta býst jeg við að það kæmi í ljós við rannsókn, að það yrðu sumstaðar tiltölulega lítil svæði, sem gætu slegið sjer saman um orkuver, vegna staðhátta, máske einn hreppur eða fáir hreppar. Þetta yrði þó sjerstaklega þar, sem hjeruðin eru skorin sundur af fjöllum. En einmitt í þeim hjeruðum er oft gott um fallvatn fyrir einstök heimili. Og nú er sá skriður kominn á það mál, að einstök heimili virki fyrir sig, að ef þetta er dregið, þá má gera ráð fyrir, að efnamestu heimilin verði búin að

virkja, og veldur það erfiðleikum um endanlega úrlausn þessa máls. Vegna þess er rangt að skjóta afgreiðslu þessa máls á frest.

Að síðustu vil jeg bera upp þá málaleitun til hv. meiri hl. n., hvort hún sjái sjer ekki fært að taka aftur till. sína til 3. umr. Jeg er sem sje sannfærður um, að málið hefir gagn af hverri umr., sem fer fram um það. Hygg jeg, að ekki liggi neitt á að sálga því við þessa umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. minni hl. (JÞ) hjelt því fram, að ekki hefðu komið fram neinar aths. við frv. hans. En þetta er ekki rjett. Jeg nefndi framlag ríkissjóðs og undirbúning samkv. 2. gr. frv. Þar er sagt, að þegar æskt er eftir, þá skuli ríkisstjórnin láta fram fara rannsókn. Þessi ákvæði eru svo viðtæk, að einstakir menn geta smeygt sjer undir þau og krafist rannsóknar, án tillits til almenningsþarfar. Þannig geta máske fossaspekúlantar krafist athugunar á orku fossa og leiðslu frá þeim. Gæti það jafnvel orðið til þess, að gera vatnsrjettindakaup dýrari fyrir almenning, því að gjald fyrir orkuvatnið gæti hækkað, þegar búið væri að rannsaka aðstöðuna. Sama er að segja um tillag ríkissjóðs eftir 3. gr. frv., þar sem hann á að greiða fyrir aðkeypt efni til veitutauga um hjeruðin. En það mun nema sem svarar ½ kostnaðar við veitutaugarnar. Um þetta var talað í framsögu og einnig er farið allítarlega út í það í nál. meiri hl. Eftir rannsókn í Borgarfirði, myndi tillag ríkissjóðs til veitutauga nema 960 þús. kr. í því hjeraði. En svo er enn við það að athuga, eins og n. gekk út frá og hv. 3. landsk. gerir líka, að hvert heimili fær ekki meira rafmagn en nægir til suðu og ljósa. Þá vantar alveg til híbýlahitunar, nema þá til að ylja lítilsháttar haust og vor með afganginum, eins og rafmagnsstjórinn segir. Jeg held, að þeim heimilum, sem nú hafa komið sjer upp rafstöðvum, þætti þetta lítið. Ef miða ætti við rafmagn til allrar heimilisnotkunar, þá yrði þessi kostnaðarliður hærri en gert er ráð fyrir í nál. meiri hl., og þá þarf að byggja stærri orkuver. Ef þetta er tekið eins og gert er í áliti fossanefndarinnar frá 1919, á bls. 105, þá þyrfti um 65 þús. hestöflum meira, og kostnaðurinn yrði þá um 32 milj. kr. hærri en í nál. meiri hl. Í áliti fossan. er gert ráð fyrir því, að hæfileg rafmagnseyðsla á mann sje 875 watt, eða 1½ hestorka á túrbínumöndli. Þar er og gert ráð fyrir því, að meðalheimili þurfi 12 hestorkur til allra nota, ljóss, suðu og hita. Í áætluninni um rafveitu í Borgarfirði er ekki gert ráð fyrir meiri orku en 2 kw. á heimili, en í áliti sínu 1919 gerir Jón Þorláksson ráð fyrir því, að hvert heimili þurfi að meðaltali 8 kw.

Af þessu er auðsjeð, að áætlanir þær, sem meiri hl. kom með, eru alt of lágar. Og ekkert vit er í öðru, en miða stærð orkuvera við fylstu þarfir. Svo stórfelt fyrirtæki má ekki vera neitt hálfverk. Einkum er þetta áríðandi til sveita, þar sem upphitun er erfið og dýrir flutningar á eldsneyti. Í kaupstöðum er nokkru hægara um eldsneyti og þægilegri tæki, miðstöðvar, til að hita upp húsin með. Upphitun sveitabæja með raforku á því hjer að koma til greina við athugun málsins. En um leið eykst líka kostn-

aður við leiðslur og heimilistæki, auk þess sem orkuverin sjálf verða miklu stærri og dýrari.

Hv. aðalflm. (JÞ) vildi halda því fram nú í ræðu sinni, að frv. þetta gerði ekki ráð fyrir öðru en undirbúningi þessa máls. En í frv. er þó sagt fyrir um það, að ríkið skuli kosta allan tekniskan undirbúning þessa máls, og auk þess er sagt fyrir um það, hvern þátt ríkið skuli taka í framkvæmd verksins á hverjum stað. Hjer er því samkv. frv. um meira en undirbúning að ræða. Enda ef ekki væri um annað að ræða, þá gæti hv. flm. verið ánægður með, að frv. væri vísað til stjórnarinnar til undirbúnings. Steingr. Jónsson rafmagnsstjóri segir líka í brjefi til fjhn., sem prentað er á þskj. 184, að — með leyfi hæstv. fors.: „Ef hugsað væri til þess, að veita raforku um stóra landshluta, er nauðsynlegt, að fyrirfram sje rannsakað, hvar orkuverin eigi helst að vera, og í hvaða röð þau eigi að koma upp, m. ö o., það þarf að vera til ákveðið skipulag á þessu sviði. Það þarf einnig að vera gerð grein fyrir, hver eigi að eiga og reka orkuverið — —". Það er einmitt þetta sama og felst í orðum rafmagnsstjóra, sem er aðalástæðan fyrir till. meiri hl. n. í þessu máli. Ef farið væri að till. minni hl. n. og frv. þetta samþ., þá gæti svo farið, að hver og einn heimtaði rannsókn hjá sjer og framkvæmd, án þess fyllilega væri rannsakað, hvernig haganlegast væri að skipuleggja þetta. Hvert hjerað vildi máske vera út af fyrir sig, og hver fjörður sömuleiðis. Þetta mál alt þarf því að rannsaka nákvæmlega, áður en byrjað er á framkvæmdum. Má vel vera, að rjettara sje að setja löggjöf um þá rannsókn, heldur en vísa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings.

Þá tók hv. frsm. minni hl. til yfirvegunar útreikninga meiri hl. fjhn. um leiðslukostnað á öllu landinu. Komst hann samkv. þeim útreikningi að þeirri niðurstöðu, að það væri í hæsta lagi 11¼ milj. kr., sem kæmi í hluta ríkisins að greiða, ef leiðsla á hvern km. kostaði 3000 kr. Og hann áleit, að það gæti orðið minna, ef ódýr járnþráður væri notaður á afskektar línur. Jeg hefi nú áður minst á það, að jeg held, að leiðslan sje of lágt reiknuð á 3000 kr. Jeg sje, að rafmagnsstjórinn í Reykjavík gerir ráð fyrir því, að km. af háspennuleiðslu kosti 4000 kr. — Er það 1000 kr. hærra en við áætluðum. Á jeg þar við áætlun um rafmagnsleiðslur í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu. Og þar er gert ráð fyrir því, að ef leiðslan verður lögð yfir Hnífsdalsheiði, frá Bolungavík til Hnífsdals, þá muni hver km. kosta um 5500 kr. — Þetta vjelritaða plagg mun ekki hafa komið til þingsins fyr en eftir að nál. meiri hl. var komið í prentsmiðjuna.

Ef þátttaka ríkisins á að koma að haldi, þá má ekki fjárveiting ríkissjóðs vera minni en frv. gerir ráð fyrir, ef ekki miklu meiri. Býst jeg við, að flest heimili mundu eiga fult í fangi með að standa straum af öðrum kostnaði, vöxtum og afborgunum, nema tillag ríkissjóðs sje meira en í frv. Og ef ráðist verður í raforkuveitur út um sveitir landsins, þá er einsætt, að ríkið verður að hlaupa undir bagga, bæði með lánum, ábyrgðum og beinum fjárframlögum. Um þetta býst jeg við að við hv. 3. landsk. sjeum sammála, enda ber nál. meiri hl. vitni um það. Get jeg

í þessu sambandi bent á hafnir, sem ríkið lánar eða veitir fje til og ábyrgist aukreitis framlög hjeraðanna, sem flest þurfa að taka framlögin að láni. En þó er þetta tvent nokkuð ólíkt að því leyti, að hafnir gefa venjulega miklu meiri tekjur en raforkuveitur, enda þótt hinir óbeinu hagsmunir, þægindi og sá myndarbragur, sem fylgir aukinni notkun rafmagns, sje vitanlega mjög mikils virði. Hv. frsm. minni hl. mintist á virkjun Sogsins og sagði, að rjett væri að athuga áður, hvort ekki væri heppilegast að nota afl þess og veita orkunni um alt Suðurland, alt frá Vík í Mýrdal og vestur að Snæfellsnesi. Jeg tel líklegt, að afl Sogsins megi nota til þess að fullnægja raforkuþörf þessa svæðis. Jeg man ekki betur, en að hv. 3. landsk. hafi gert ráð fyrir þessu í ritgerð sinni um „Vatnsorku á Íslandi", sem hann reit í nál. meiri hl. fossanefndarinnar. Á þessu svæði býr meir en helmingur landsmanna, að því er talið er. Væri því rjett að rannsaka, hvort ekki væri heppilegast, að Reykjavík byrjaði þegar á virkjun Sogsins, því síðar má bæta við virkjun þess, ef hnigið verður að því ráði, að veita orkunni út um hjeruðin. Við getum annars ímyndað okkur hvernig framkvæmdum yrði hagað ef, samkvæmt frv., hvert hjerað ætti einungis að hugsa um sig í þessum efnum. Jeg býst við, að hvert hjerað myndi fyrst og fremst reyna að nota það vatnsafl, sem í heimahögum væri, það myndi auka hreppapólitíkina, og hvert einstakt hjerað reyna að pota sjer. Og frv., ef samþ. yrði, myndi ýta undir þessa hreppapólitík.

Ef hinsvegar ríkið ætti að hafa allan undirbúning með höndum, myndi rannsóknum hagað nokkuð á annan veg, t. d. hvort ekki væri tiltækilegt og hagkvæmast að veita orkunni úr Soginu út um Suðurlandsundirlendið, ellegar hvort ódýrast væri, að hvert hjerað bygði orkuver út af fyrir sig. Þetta er sá meginmunur, sem er á því, að láta ríkið eða sveitarfjelögin hafa rannsóknina á hendi.

Það er misskilningur hjá hv. 3. landsk., að brtt. minni hl. bæti mikið úr frv. Slík yfirstjórn, sem þar er gert ráð fyrir, er með öllu gagnslaus. Sú leið, sem við viljum fara, er að ríkið athugi virkjunarskilyrði, sjerstaklega með tilliti til þess, hvort hægt sje að veita orkunni út yfir stórt svæði. En frv. gerir ráð fyrir, að frumkvæðið komi frá hjeruðunum. (JÞ: Skárri var það nú ógæfan). Mjer hefir skilist hv. 3. landsk. vera mjer sammála um það, að betra sje að hafa fá, stór orkuver, heldur en mörg og lítil, ef virkjunarkostnaður er ekki gífurlegur í upphafi. Nú er Sogið hentugasta vatnsfall, hvað virkjunarskilyrði og aðstöðu snertir, sem fáanlegt er um þessar slóðir, og myndi sjálfsagt geta fullnægt raforkuþörfum sveita og kaupstaða um þetta áðurnefnda svæði.

Hv. frsm. minni hl. þótti þessar fjárhæðir ekki gífurlegar, sem nál. meiri hl. nefnir. Það er rjett, að 11¼ milj. er ekki mikil upphæð, ef talað er um langt árabil, en jeg vil benda á, að um slíkar framkvæmdir gegnir nokkuð öðru máli en um vegagerðir, því að vegagerðir er ávalt auðvelt að stöðva í miðju kafi, eftir hentugleikum, en byggingu raforkustöðva yrði ávalt að ljúka við, ef þær ættu að koma að notum, og ef það fje, sem í þær hefir verið lagt, á ekki að fara til ónýtis.

Þetta er sá mikli munur. Þó verður því ekki neitað, að sum ár mun ríkissjóður tæplega vera fær um að láta af hendi 1 milj. kr. til þessara framkvæmda, og halda auk þess uppi öllum öðrum framkvæmdum, sem að kalla. Ef ríkið á að hafa forystuna í þessum efnum, er áreiðanlega stutt að hagkvæmari og hagsýnni framkvæmdum. Ef hinsvegar hjeruðin ættu að sjá um þessi mál, er mjög hætt við, að sama yrði upp á teningnum og við lendingarbætur eða þvílíkar framkvæmdir, sem hjeruðin hafa með höndum með tilstyrk ríkissjóðs, en því miður oft með alt of litlu eftirliti ríkisins. Hafa slíkar fjárveitingar oft farið eftir dugnaði hlutaðeigandi þingmanna um fjárútveganir á þingi, en ekki altaf eftir nauðsyn. Mundi svo og fara í þessu máli, ef leið frv. yrði farin.

Ef hv. 3. landsk. vildi koma með löggjöf, þar sem ríkið ætti að hafa forystuna með allar rannsóknir og framkvæmdir, þá gæti jeg lagt henni fylgi mitt.

Hv. 3. landsk. sagði, að ekki þyrfti að auka veltufje Ræktunarsjóðs til muna, þótt hann tæki á sig lánveitingar í stórum stíl, vegna nýrra rafmagnsstöðva, en játaði, að ef mikil aðsókn yrði, þá væri óhjákvæmilegt að útvega sjóðnum handbært fje. En ef veitt væri stórfje úr sjóðnum til að koma á fót rafveitum, þá fer það fje áreiðanlega til alt annars en það var upphaflega ætlað til.

Hv. frsm. minni hl. spurði, hvort meiri hl. vildi ekki fresta till. sinni um að vísa málinu til stjórnarinnar til 3. umr. Hv. frsm. færði engar ástæður fyrir þessu, en vildi einungis draga málið á langinn. Jeg hefi ekki ráðgast um þetta við meðnefndarmenn mína, en í fljótu bili sje jeg ekki ástæðu til að fresta málinu frekar, og geri jeg því tæplega ráð fyrir, að nefndin verði við tilmælum þessum.

Jón Jónsson: Jeg er hv. flm. þakklátur fyrir þetta frv. Jeg er hv. 1. flm. alveg sammála um það, að fátt myndi breyta meira tilverunni í sveitunum en ef hægt væri að veita rafmagni inn á hvert heimili, til ljósa, suðu, hita og smáiðnaðar. Til þess að hrinda þessu stórmáli nánustu framtíðar áleiðis, þarf átök og árvekni allra þeirra manna, sem skilning og þekkingu hafa á þessu sviði, og efast jeg ekki um, að hv. 3. landsk. gæti orðið þar verulega að liði, margra hluta vegna, ef hann legði því krafta sína óskerta. Þetta frv. er í eðli sínu ákaflega merkilegt og ber þess órækt vitni, að hv. 3. landsk. og flokkur hans, sem jeg þori nú ekki að nefna, vill sýna meiri umhyggju fyrir velferð landbúnaðarins nú en raun var á, meðan hann var við völd. Er það út af fyrir sig ekki ámælisvert, ef alvara býr að baki. En þó að frv. sje þakkar vert, þá efa jeg mjög, að rjett sje að gera það að lögum að svo stöddu, enda getur það eigi að síður, þótt ekki verði að lögum, gert það gagn, að þjóðin taki að athuga þetta mál betur en hingað til. En ef setja á beina löggjöf um þessi efni, er einsætt, að að baki hennar verður að liggja sjerstök hvöt frá þjóðinni, að vel rannsökuðu máli, enda er hjer um svo geysilegt verkefni að ræða, að síst má rasa um ráð fram, hvað framkvæmdir snertir. Mjer virðist málið enn ekki vera á því stigi,

að slík lög sem þessi, þótt samþykt væru, gætu orðið almenningi nokkuð til gagns. Raforkuveitur til sveita eru ákaflega kostnaðarsamar, og því miður litlar líkur til, að í þær verði ráðist, nema þar sem alveg sjerstaklega stendur á. Jeg skal nú reyna að færa þessu nokkurn stað.

Samkvæmt áætlun rafmagnsstjórans í Reykjavík er gert ráð fyrir ½ hestorku á mann, til að fullnægja venjulegum raforkuþörfum. Tökum nú 8 manna heimili, sem ef til vill er of hátt að jafnaði, þá myndi hluti þess í orkuverinu kosta 2000 kr. Þá er leiðslan, og er gert ráð fyrir 1½ km. milli bæja, sem jeg býst við, að sje of lágt reiknað, eftir því sem jeg þekki best til, en ef gert er ráð fyrir þessari vegalengd, þá verður veitukostnaður 4500 kr. á bæ. Þá koma heimtaugar, hitunar- og ljósatæki, og eru þau áætluð 2000 kr. Alls verður þetta 8500 kr. á hvert heimili. Ef nú yrði ráðist í þetta, yrði að taka lán, sem næmi mestum hluta stofnkostnaðarins. Það sem heimilin yrðu þá að standa straum af, væru vextir og afborgun af láninu, fyrning, viðhald og rekstrarkostnaður af orkuverinu og veitunni. Fróðir menn telja fyrningu og viðhald ekki undir 2—4%. Rentu er ekki gott að segja um, en tæplega myndi hún vera mikið undir 6—7%. Árlegur kostnaður á heimili myndi eigi verða undir 850 kr., og alt að 1000 kr. Þó er það athugavert, að með þessu fengist þó ekki rafmagn nema til suðu, ljósa og „upphitunar að sumrinu". En við sveitamenn hitum ekki að jafnaði mikið upp að sumrinu, en hinsvegar tölu vert að vetrinum. Í fossanefndarálitinu frá 1919 er gert ráð fyrir meira rafmagni, eða alt að 1½ hestorku á mann, eða 12 hestorkum á 8 manna heimili. Fyrir þá hestorkutölu verður kostnaðurinn á heimili hvert 12,500 kr.

En lítum nú á það, sem sparast fjárhagslega, enda þótt þetta mál hafi fleiri hliðar en þá fjárhagslegu. Það er ekki gott að ákveða um það, hve miklu fje bændur eyða í ljós, suðu og þá litlu upphitun, sem þeir venjulega gera sjer að góðu, en mjer telst svo til, að þessi kostnaður sje alment ekki meiri en 3—400 kr. og mest upp í 500 kr. Af þessu sjest berlega, að rekstrarkostnaður slíkra fyrirtækja er gífurlega miklu meiri, jafnvel þótt ríkið legði eitthvað af mörkum. Jeg get því ekki sjeð, að hjeruðin gætu, jafnvel þótt þessi lög yrðu samþ., leyst þetta mál, vegna fjárhagsörðugleika. Hinsvegar er ekki hægt að neita því, að mjög æskilegt væri að fá rafmagnið með öllum þeim þægindum og aukinni menning, sem því fylgir. Þess má líka geta, að þar sem sjerstaklaga hagar til, t. d. þar sem stórar bæjarveitur eru, þar horfir málið nokkuð öðruvísi við. En þrátt fyrir þá örðugleika, sem á þessu máli virðast vera, er ekki ómögulegt, að nákvæm rannsókn kynni að leiða einhverja nýja möguleika í ljós. Þess vegna er það skylda þingsins að svæfa ekki málið, heldur hrinda því áleiðis. Jeg tel því æskilegt, að skilyrði til rafvirkjunar sjeu athuguð sem víðast á landinu, og þetta frv. ætti að geta orðið til þess að ýta nokkuð undir það. En að setja slík lög sem þessi, álít jeg algerlega þýðingarlaust að svo stöddu, enda líka full djarft að lofa svo háu fjárframlagi úr ríkissjóði, sem þar er gert ráð fyrir. Hjer gegnir nokkuð öðru máli en við vegalagn-

ingar, því að til þeirra er hægt að veita takmarkað fje, sem þó kemur að sínu gagni, en til rafvirkjunar þarf fjárveitingar í stórum stíl í hvert sinn, ef að gagni á að koma.

Þótt hv. 3. landsk. segi, að þessi fjárframlög sjeu ekki meiri en til vegalagninga, þá sannar það ekki neitt. Því meir, sem veitt er til vegalagninga, því minna getum við veitt til annara framkvæmda, því gjaldþol ríkissjóðs er takmarkað. En fari svo við nánari rannsókn, að frv. reynist heppilegt, þá mun jeg fyrir mitt leyti verða því samþykkur, en ekki fyr. Fyrir mjer er það aðalatriðið, að fá málið betur rannsakað. Jeg kysi helst þá leið, að frv. þetta væri afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem stjórninni væri falið að útvega kunnáttumenn til þess að framkvæma ítarlega rannsókn fyrir þau hjeruð, er þess óskuðu, gegn því, að þau legðu fram nokkurn hluta kostnaðarins. Væri þá bygt fyrir, að glannalega væri af stað farið, því að hjeruðin mundu tæplega æskja rannsóknar, nema líkur væru til að eitthvað yrði aðhafst. Má vera, að till. meiri hl. miði í sömu átt, en jeg vil spyrja meiri hl. nefndarinnar og hæstv. stjórn, hvernig hún hugsar sjer að haga framkvæmdunum í þessum efnum. Er til þess ætlast, að rannsóknir fari fram um alt land, án þess hjeruðin æski og leggi fram hluta rannsóknarkostnaðar? Ef svo er ekki, mun jeg bera fram rökstudda dagskrá um málið, því að jeg vil tryggja, að hjeruðin geti átt kost á fullkominni rannsókn á rafvirkjunarskilyrðum hjeraðsins með þolanlegum kjörum, ef þau vilja eitthvað á sig leggja.

Jafnvel þótt hugmynd meiri hl. sje að láta rannsókn fara fram á öllu landinu á kostnað ríkisins eingöngu, tel jeg vafasamt, að jeg geti fylgt honum; finst í fullmikið ráðist. Jeg hefi hugsað mjer, að rannsókn yrði aðeins framkvæmd fyrir þá menn eða þau hjeruð, sem beinlínis óskuðu eftir henni.

Páll Hermannsson: Jeg get ekki látið vera að fara nokkrum orðum um frv. það, sem hjer er til umr., fyrst og fremst sökum þess, að jeg á sæti í nefnd þeirri, sem málið hafði til meðferðar, og í öðru lagi sökum þess, að jeg tel það snerta mig og mína stjett sjerstaklega. Frv. þetta er fyrst og fremst merkilegt fyrir það, að með því er borin inn í þingið sú hugmynd, sem mikill hluti þjóðarinnar sjer í hillingu. Get jeg því verið hv. flm. þakklátur fyrir að hafa komið með frv.

Eins og kunnugt er, eigum við Íslendingar mikinn auð í fallvötnum okkar, auð, sem í framtíðinni mun bæta okkur upp þá miklu örðugleika, sem við eigum altaf við að búa, sem sje myrkrið og kuldann. Er því hjer um mjög þýðingarmikið mál að ræða, þar sem málið snýst um það, að taka þessi fallvötn í þjónustu almennings. Vil jeg því á engan hátt láta hrapa að því.

Eins og drepið hefir verið á undir þessum umræðum, hlýtur kostnaður sá, sem af umbótum þessum leiðir, að verða gífurlega mikill, bæði fyrir hið opinbera, og sjerstaklega þó fyrir einstök bygðarlög, um það, að málið yrði leyst fyrir alt landið. En inn á það atriði skal jeg þó ekki fara að þessu sinni, bæði sökum þess, að það hefir verið gert af öðrum hv. dm., og

ennfremur sakir þess, að slíkir útreikningar hljóta altaf að verða að meiru og minna leyti ágiskanir á þessu stigi málsins.

Þegar nú að mál þetta er svona stórt, eins og bent hefir verið á, þá hygg jeg, að allir megi vel við una, þó að ekki verði sett um það heildarlög þegar á því fyrsta þingi, sem það kemur fram á. Varasemin er líka þeim mun nauðsynlegri, þegar hjer er um að ræða það óskabarn, sem allir vilja hlynna sem best að.

Hv. aðalflm. frv. þessa drap m. a. á það, að sjer þætti það harla skrítið hjá meiri hl. fjhn., að vilja leggjast á móti undirbúningi og rannsókn þessa máls. Jeg get vel tekið undir það með hv. þm., að það væri undarleg aðstaða, og það hjá mönnum, sem kunna flm. þakkir fyrir framkomu málsins. En hjer er aðeins sá ljóður á, að þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Meiri hl. nefndarinnar er alls ekki á móti rannsókn málsins. Hann er þvert á móti hlyntur henni, enda þótt að hann telji ekki rjett að afgreiða frv. á þessu þingi sem lög. Því að í frv. er um annað og meira að ræða en undirbúning og rannsókn málsins, þar sem í 5. gr. þess eru beinlínis ákvæði um framlög úr ríkissjóði, sem að mínu áliti gætu ekki komið til greina fyr en ítarleg rannsókn hefði farið fram. Að jeg vil ekki flana að þessu máli, er fyrir þá sök, að jeg ann málinu alls hins besta. Jeg vil láta rannsaka það vel, áður en lagt er í framkvæmdir, til þess m. a. að koma í veg fyrir, að mistök verði á því í byrjun, því að slík mistök geta orðið ærið dýr, og jafnframt orðið til þess, að menn missi trú á málefninu, en slíkt tel jeg hinn mesta háska. Jeg vil því forðast alt það, sem getur orðið málinu til ógagns. En það tel jeg til ógagns fyrir málið, ef t. d. að sú yrði raunin á, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, gæti ekki átt við nema í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendinu, og yrði því að setja sjerstök lög fyrir hina ýmsu landshluta. Jeg er alls ekki að spá því, að þetta verði, en vara við, ef að því gæti dregið.

Annars skal jeg geta þess, að þegar jeg hefi hugsað um þessi rafveitumál, þá hefir aðallega vakað fyrir mjer, að virkjun fallvatnanna til þess að bæta úr myrkrinu og kuldanum hjá okkur, kæmi fyrst til verulegra greina, þegar bygðin hefði færst saman. Á jeg þar ekki við, að flytja saman hin strjálbygðu býli, heldur að býlunum fjölgi vegna aukinnar ræktunar landsins. Afstaða mín til þessa máls nú, byggist á varfærni og velvildarhug til málsins, því að jeg er t. d. sannfærður um, að sú fjárhagsáætlun, sem talin er að muni hæfileg fyrir Borgarfjörð og önnur þjettbýl hjeruð, er alt of lág fyrir önnur hjeruð, þar sem strjálbygðin er meiri. Jeg held því, að máli þessu sje ekki stefnt í neina hættu, þó að slíkt frv. sem þetta sje ekki afgreitt frá þessu þingi.

Hv. frsm. minni hl. (JÞ) benti á, að nú stæði fyrir dyrum virkjun Sogsfossanna fyrir Reykjavík, og gæti verið heppilegt fyrir Suðurlandsundirlendið, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að fá rafmagn frá þeirri aflstöð. Þetta má vel vera rjett hjá hv. þm., og sje jeg ekkert til fyrirstöðu, að það geti orðið, enda þótt frv. þetta verði ekki að lögum nú. Umræður þær, sem þegar hafa orðið

um frv., hljóta að gefa hlutaðeigendum bendingu um, hver sje vilji þingsins í þessu efni. Annars get jeg vel ímyndað mjer, að hefði frv. þetta verið borið fram án 5. gr. þess og þeirra ákvæða, sem eru í beinu sambandi við hana, að jeg hefði getað ljeð því fylgi mitt.

Hv. frsm. minni hl. spurðist fyrir um það, hvort við meiri hl. menn myndum ekki fáanlegir til þess að bíða til 3. umr. með till. okkar um að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því, að verða við þessum tilmælum, ef von er um, að eitthvað nýtt komi fram, sem flýtir fyrir rannsókn málsins, því jeg vil gera alt til þess að styðja að henni.

Af því að hv. frsm. meiri hl. fjhn. var ekki inni, þegar hv. 6. landsk. lagði þá spurningu fyrir meiri hl. nefndarinnar, hvort hann ætlaðist til að stjórnin ljeti fara fram rannsókn á þessu máli nú mjög bráðlega, skal jeg fyrir mitt leyti svara henni að nokkru, og nægir í því efni að vísa til niðurlagsins í nál. meiri hl., þar sem segir svo: „Telur meiri hl. fjhn. því óforsvaranlegt að afgreiða málið án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar. Vill meiri hl. beina því til ríkisstjórnarinnar, að láta slíka rannsókn fara fram og fá þar til hina hæfustu menn á þessu sviði, sem völ er á; hefir meiri hl. þar í huga m. a. rafmagnsstjórann í Reykjavík, hr. Steingrím Jónsson, og telur æskilegt, að ríkisstjórnin hafi hann með í ráðum um rannsóknir og undirbúning, ef þess er kostur. Er meiri hl. og fús til þess, að styðja að því, að veitt verði til þessara rannsókna nokkurt fje í fjárlögum, ef þess verður talin þörf.“

Þessi ummæli virðast mjer svo ótvíræð, að ekki verði um það deilt, að meiri hl. fjhn. vilji, að slík rannsókn verði gerð.

Fjmrh. (Einar Árnason): Aðeins örfá orð út af fyrirspurn hv. 6. landsk. Eftir niðurlaginu í nál. hv. meiri hl. fjhn. virðist mjer að ætlast sje til, að stjórnin láti fara fram rannsókn á því, hve mikið fje muni þurfa til þess að koma upp raforkuveitum fyrir alt landið. Slík rannsókn myndi áreiðanlega taka mikinn tíma og þar af leiðandi verða mjög dýr. Jeg býst því við, að stjórnin treysti sjer ekki til að láta framkvæma hana, nema þá því aðeins, að þingið veiti sjerstakt fje í því skyni. Aftur á móti er stjórnin fús til þess, að láta gera lauslegar athuganir á helstu stöðunum, ef það er hægt án mikils kostnaðar.

Mjer skildist, að hv. 6. landsk. hefði stungið upp á annari leið í þessu máli, sem sje þeirri, að stjórnin legði til menn og dálítið framlag, ef einhver hjeruð óskuðu eftir, að rannsakaðir væru hjá þeim staðhættir og aðrir möguleikar til raforkuveitu, þó gegn því, að hjeruðin sjálf legðu fram helming kostnaðarins. Við þessa till. hefi jeg ekkert að athuga og geri ráð fyrir, að ekki þurfi að gera neinar sjerstakar ráðstafanir til þess að heimila stjórninni fje til þessara hluta, ef ekki á að aðhafast meira en þessi till. gerir ráð fyrir. En hinsvegar gæti jeg hugsað mjer, að það þætti lítil úrlausn á þessu máli, ef ekkert annað verður gert.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 8. apríl, var fram

haldið 2. umr. um frv. (A. 44, n. 184 og 238).

Jónas Kristjánsson: Frv. á þskj. 44, um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, verður að teljast eitt af þeim stærstu málum, er fyrir þinginu liggja.

Er það algerð nýjung, að hjer á landi sje ráðist í svo stór fyrirtæki sem það, er frv. fer fram á, og orðin eru til alls fyrst. Þó hafa ýmsir framsýnir menn sjeð það í hillingum, enda er því svo farið um flest stór framtíðarmál, að þau fæðast fyrst í hugsun framsýnna hugsjónamanna, áður en þau koma til framkvæmda. Þetta er ekkert draumóramál. Slík fyrirtæki sem þetta, hafa verið framkvæmd í öðrum löndum. Vjer Íslendingar erum þar á eftir tímanum, eins og víða annarsstaðar, en betra er seint en aldrei, og nú á með frv. þessu að hefjast handa og leiða þannig í veruleikann drauma hugsjónamannsins.

Ýms fyrirtæki, sem framkvæmd hafa verið hjer á landi, hafa þótt gapaleg í byrjun, eins og t. d. að leggja símakerfi yfir landið. Þótti þá í mikið ráðist, en það fyrirtæki hefir komist í framkvæmd, og mun nú enginn sjá eftir því, að í það var ráðist, og munu allir viðurkenna, að það var framsýnn og stórhuga andi, er hratt því máli fyrst af stað. Hjer er ekki um fyrsta sporið að ræða, til þess að taka öfl náttúrunnar í þarfir framleiðslu og menningar, en það er þó svo stórt spor, að til þess að koma því áleiðis, verðum vjer að sameina krafta vora. Sannast þar hið fornkveðna, að sameinaðir sigrumst vjer á hverri þraut, en sundraðir bíðum vjer ósigur. Það, sem bagar okkur mest, er það, hve tvískiftir við erum, og það er mikið mein, þegar dægurmálin skifta svo kröftunum, að þau standa fyrir þeim málum, er nauðsynleg eru til að vinna að heill framtíðarinnar og komandi kynslóða.

Ísland hefir engin steinkol eða olíu í jörðu, eins og svo mörg önnur lönd, en við erum þó ekki gersneyddir þeim kröftum, sem í steinkolunum felast. Við vitum, að kolin eru samansafnað ljós sólar, sem náttúran hefir varðveitt. Við höfum önnur gæði, er komið geta að sama gagni, ef við þorum að ráðast í að beisla þau til notfæringar menningunni. Við höfum hvítu kolin, árnar, fossana, fallvötnin. Þau auðæfi getum við notfært okkur, ef við sameinum krafta vora og höfum dug og dáð til þess að byrja á þessum framkvæmdum. Því er líkt farið með okkur og kóngssynina og dæturnar í æfintýrunum, er þau lentu í tröllа höndum. Tröllin bundu þau við stóla og settu krásadisk á knje þeim, en fjötrar tröllanna meinuðu þeim að neyta rjettanna. Við höfum verið bundin af viðjum fáfræði og fátæktar. Í æfintýrunum kom altaf einhver frelsandi engill, til þess að leysa fjötra þeirra konungsbarna. — Þannig þarf vaxandi menning og vaxandi velmegun að leysa af okkur fjötrana, til þess að við getum notið krásanna í knjám vorum, fært okkur í nyt krafta náttúrunnar, sem annars renna til hafsins og verða engum að notum.

Sumstaðar á landinu eru menn þó farnir að notfæra sjer þessi öfl, en það er víðast í smáum stíl, nema í Reykjavík. Augu bænda eru að opn-

ast smám saman fyrir þörfinni, sumir þeirra hafa látið virkja lækinn, sem rennur við bæjarvegginn, og þetta rekur á eftir öðrum um að notfæra sjer þetta heimafengna afl.

En það er með þetta eins og flest annað. Einstaklingurinn fær litlu áorkað, en þegar margir sameina krafta sína til þess að hrinda þessu máli áleiðis, hverfa stærstu erfiðleikarnir úr sögunni. Síður er hætt við áföllum, slysum og skaða, ef rekstur slíkra fyrirtækja er falin kunnáttumönnum, og ef stór vötn eru virkjuð.

Því er svo varið, að þekking á þessum málum er yfirleitt lítil meðal almennings. Hinsvegar er tilkostnaður mikill við að koma þessum smástöðvum upp. Oft geta lítilfjörleg slys orðið til þess, að eyðileggja þessi litlu en dýru mannvirki. Þetta væri mikið óhapp fyrir bónda, sem búinn væri að koma upp raflýsingu á heimili sínu, og með ærnum kostnaði. Því er það betra og áhættuminna, að menn sameini kraftana um eitt stór-fyrirtæki, þar sem fjöldinn gæti góðs af notið, en kunnáttumönnum væri falin forsjá þess. Það yrði líka án efa ódýrara með því móti, en yrði þó of dýrt öllum þorra manna, nema ríkið rjetti hjálpandi hönd, og það fer frv. fram á. Það yrðu ekki lítil viðbrigði í sveitunum, ef hægt væri að lýsa og hita upp hvern bæ með raforku. Þetta mundi valda feikna breytingum til menningarbóta og gera höll úr hreysi. Það eru ekki holl nje góð áhrifin, sem dimmu og köldu húsakynnin hafa haft á kynslóðir íslensku þjóðarinnar á liðnum öldum og árum. Ekkert lyftir huganum eins til flugs og hendinni til starfa sem hlýindi og birta, en kuldinn og myrkrið dregur dáð úr öllum mönnum.

Ein ástæðan, og ekki sú veigaminsta, til þess, að fólk flykkist úr sveitunum til kaupstaðanna, er sú, að þar eru þessi skilyrði betri. Harðast hefir þó kuldinn komið niður á húsfreyjum í sveitum þessa lands. Þær eru bundnar við inniverkin, oft í dimmum og köldum húsakynnum. Svo er það víða til sveita, og er ekki ólíklegt, að slík aðstaða hafi haft veiklandi áhrif á íslensku þjóðina, og hún hafi ekki orðið eins bjartsýn, framtakssöm og áræðin, og ef hún hefði alist upp í hlýjum og björtum húsakynnum.

Þetta er því fyrst og fremst mál húsfreyjanna og hins uppvaxandi æskulýðs, enda mun það sannast, að þær munu best kunna að meta það, að mál þetta er nú komið hjer á dagskrá. Þess er því meiri þörf, sem vinnukraftur er nú svo dýr orðinn, að húsfreyjur verða að neita sjer um nauðsynlega aðstoð í bæjunum við hin mörgu og erfiðu heimilisstörf.

Nú hagar víða svo til í sveitum, að rekinn er einyrkjabúskapur. Þar verður húsmóðirin ein að gæta bús og barna, án allrar aðstoðar. Við slíkt er ekki unandi; það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að sveitirnar tæmist og fólkið flykkist í kaupstaðina. Æskan hemst ekki í sveitunum. En verði frv. þetta að lögum, þá mundi bregða öðruvísi við, æskan yndi kyr í sveitunum, þær bygðust að nýju, ræktunin tæki stórstígum framförum. Notkun rafaflsins sparar vinnu að stórum mun; húsfreyjunni yrði ljettara að komast af án hjálpar, ef hún fengi raforku til ljóss og suðu.

Það virðist svo, sem hv. meiri hl.

n. hafi ekki reiknað dæmið nema til hálfs. Þeir hafa ekkert tillit tekið til þess, hvað vinst við að taka rafaflið til notkunar. Þeir hafa reiknað það út í tölum, hvað það kosti, en ekki á það minst einu orði, hvað það færi í aðra hönd í sparnaði, vinnu, þægindum og aukinni ræktun. Fyrir þetta er mikið gefandi. Og jeg býst við og vonast eftir, að ekki líði á löngu, þar til svo fari með þetta mál sem fór með símann, að þó menn verði að gefa mikið fyrir það, þá verði þeir þó færri, sem vilja vera án þess. — Yfirleitt finst mjer hv. meiri hl. gera of mikla grýlu úr kostnaðinum, en taka of lítið tillit til hinna auknu þæginda, sparnaðar og heilbrigði, sem fæst í aðra hönd. Hv. meiri hl. heldur því fram, að allur vandinn væri leystur, ef ríkið tæki að sjer forgönguna og ræki öll orkuverin sjálft. Þessu er jeg ekki sammála. Jeg vil láta einstaklingsframtakið njóta sín á þessu sviði sem öðrum. En það er líka dálítið undarlegt, að hv. meiri hl. hefir valið sósíalista fyrir frsm. þessa máls. Jeg get vel skilið hans afstöðu til þessa máls, að hann er því mótfallinn. Hann er ekki að hugsa um sveitirnar, heldur sína liðsmenn í bæjunum. Mig undrar því, að sjá bændur fylgja sósíalistum í þessu máli, undrar á því, að þeir skuli ekki rjetta höndina í eigin barm og sjá nauðsyn þessara framkvæmda. Jeg verð því að segja, að þegar hv. 6. landsk. (JónJ) tók í sama streng, þá rak mig í rogastans. Jeg gerði ráð fyrir, að fáir yrðu þeir bændurnir í sveitum landsins, er ekki gleddust yfir þessu frv. Jeg get ekki nægilega lýst undrun minni yfir því, að bændur skuli gera sósíalistann að forystumanni sínum og fylgja slóð hans svo trúlega. Þeir verða að gæta þess, að með þessu frv., ef fram nær að ganga, verður tilraun gerð til að koma í veg fyrir það, að húsfreyjur þeirra sliti sjer út fyrir tímann með of miklu erfiði og innisetum, og skorti ljóss og hita. Sigur þessa máls er að mínu áliti sigur menningarinnar, sigur velmegunar og áframhaldandi ræktunar landsins. Þetta er mál æskulýðsins að því leyti, að þá verður hann alinn upp til meiri þroska en áður.

Hv. meiri hl. vill vísa máli þessu til stjórnarinnar. Jeg verð að segja, að hann ber meira traust til stjórnarinnar nú en hann gerði fyrir skömmu, er rætt var um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þá var ekki nærri því komandi, að vísa því til stjórnarinnar, þó sýnt væri með rökum fram á, að þess væri full þörf, þar sem málið var mjög ófullkomlega undirbúið samkv. játningu forsætisráðherrans sjálfs. Það kemur úr hörðustu átt, þegar bændur vilja tefja mál þetta og leggja það svo í mjúka gröf.

Jeg verð því að segja, að jeg er í hæsta máta óánægður með þessa framkomu bænda gagnvart frv. þessu, og jeg get trúað, að þeir fái ekki þýðar þakkir hjá húsfreyjunum, þegar þeir koma heim. Jeg vona, að þeir kvenskörungar lifi enn í sveitum þessa lands, að þær gjaldi þeim mönnum, er leggjast móti þessu máli, þurra þökk. Væri nær, að þær afhentu bændum sínum búrlyklana, eins og sagt var um systur Þórðar kakala, og byðu sig fram til þings við næstu kosningar í stað bænda sinna, er leyfa sjer að

leggja á móti þessu máli, sem mikla þýðingu hefir fyrir alla, en mesta fyrir þær.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. meiri hl. (JBald) var að reyna að finna einstök atriði í frv. til að setja út á, eftir að jeg hafði skorað á hann að gera það.

Fyrst fann hann það til, að heimild 2. gr. um rjett sýslunefnda, hreppsnefnda og frumkvöðla fjelagsstofnana til rannsóknar á fallvötnum, væri of víðtæk. Hún gæti þýtt það, að eigendur einstakra fallvatna fengju rjett til að láta rannsaka þau á ríkiskostnað sjálfum sjer til hagsbóta. En hv. frsm. hefir eigi athugað nógu vel, hvað í gr. stendur. Því eftir henni getur enginn krafist rannsóknar á fallvatni nema það verði haft til almenningsnota. Það segir sig sjálft, að enginn getur notað gr. til að fá ákveðið vatnsfall rannsakað sjerstaklega. Kunnáttumenn líta vitanlega á fallvatn það, er rannsóknar er beiðst á, og athuga aðstæður, en ef þeim líst það ekki verða hagkvæmasta úrlausnin fyrir þarfir umdæmisins, þá rannsaka þeir það ekki, heldur snúa sjer að þeim úrlausnum, er líklegri virðast.

Að því er það snertir, að frumkvöðlar fjelagsstofnana eru teknir með, þá skal jeg geta þess, að svo er frá vatnalögunum gengið, að þeir eru hliðstæðir á sínu sviði við hreppsnefndir og sýslunefndir. En með ákvæðum vatnalaganna er alveg fyrir það girt, að einstaklingur geti komið á stað þessari rannsókn og undirbúningi, hafi það einungis þýðingu fyrir hann sjálfan en ekki almenning. Því er heimildin ekki of rúm, ef halda á löggjöfinni á þessu sviði á þeirri braut, er vatnalögin afmarka.

Hv. frsm. meiri hl. vjek að fjárhagshlið málsins á nokkrum stöðum í ræðu sinni. Skal jeg reyna að taka það í samhengi. Hann sagði, að tillögin til veitutauga mundu verða hærri en hámark það, er jeg hafði giskað á í fyrri ræðu minni og bygt á nál. hv. meiri hl. Hann bygði það aðallega á tveim atriðum. Í fyrsta lagi væri áætlunin — einmitt áætlun sú, er hann hefir sjálfur tekið upp í nál. sitt — röng. Hvernig stendur á því, að hv. meiri hl. tekur þessar tölur upp í nál. sitt, ef hann gefur síðan frsm. sínum umboð til að segja hjer, að þær sjeu rangar? Hví leyfir hv. meiri hl. frsm. sínum að bera það fram, að áætlunin sje röng og villandi, þegar hann einmitt óskar sjerstaklega eftir því, að sama manni og áætlunina hefir samið, verði falið að aðstoða ríkisstjórnina við þessi mál? En það eru full rök fyrir því, að því er snertir veitutaugarnar, að þá sje áætlunin — 3000 kr. á km. — fullnægjandi. Og það eru líkur fyrir, að á sumum stöðum verði kostnaðurinn lægri, þar sem nota má járnþráð í stað koparþráðar. En hitt sannar ekkert, þótt spottar, sem lagðir hafa verið, hafi orðið kostnaðarsamari. Það þarf ekki að þýða annað, en að vegna sjerstakra kringumstæðna hafi verið þörf á að hafa gildari koparþráð en almennt er.

Hin ástæðan, er hv frsm. bygði á, var sú, að búast mætti við meiri notkun en rafmagnsstjóri gerði ráð fyrir. Það stafar af misskilningi er hv. frsm. gerir ráð fyrir, að aukin notkun hafi teljandi áhrif á kostnað við veitutaugar Vegna strjálbýlisins

hjer, verður það ekki hin raunverulega eyðsla, sem setur takmörk fyrir því, hve gilda þræði þarf. Til þess að veituþræðirnir verði nægilega sterkir og bili ekki í vondum veðrum, þurfa þeir að vera talsvert gildari heldur en það, sem þarf til þess að veita rafmagnsstraumnum. Veitutaugarnar, að undanteknum fáeinum stofntaugum, verða því fyllilega færar um að flytja það rafmagn, sem þörf er á. Og þó maður hugsi sjer, að eyðslan verði meiri en ætlað er, þá hefir það ekki teljandi áhrif á kostnaðinn við veitutaugarnar.

Í þessu sambandi kom hv. frsm. inn á það, að mannvirkin sjálf hlytu að verða dýrari en gert væri ráð fyrir, því yrði rafmagnsnotkunin meiri, þá yrði að virkja hærri hestaflatölu en rafmagnsstjóri hefði lagt til grundvallar í útreikningum sínum. Þessu til stuðnings, vísaði hv. frsm. í ritgerð eftir mig í Nefndaráliti fossanefdar, þar sem jeg geri ráð fyrir meiri notkun á mann en rafmagnsstjóri. Jeg skal taka það fram, að í þessari ritgerð er jeg ekki að gera útreikninga um, hver verði hin raunverulega rafmagnsnotkun á mann. Það sem jeg er að athuga þar, er það, hvort vatnsaflið í landinu sje áreiðanlega nóg, svo að óhætt sje að leyfa virkjun til stóriðju, eða annars en almannaþarfar. Til þess að vera viss um það, þá geri jeg ekki grein fyrir því, hver verði hin raunverulega rafmagnsnotkun á mann í náinni framtíð, heldur því hámarki, er ekki sje hugsanlegt að hún fari fram úr.

Það er svo alstaðar, að rafmagn til almenningsþarfa er fyrst og fremst notað til ljósa og hreyfivjela. Þar getur ekkert kept við rafmagnið. Þriðja tegund almennrar notkunar verður til matreiðslu. Eftir að búið er að leggja í kostnað við veitutaugar og innlagning rafmagnsins til ljósa, þá er hægt að sýna fram á, að ekkert eldsneyti getur kept við rafmagnið til matreiðslu í sveitunum. Vegna fólkseklu og kostnaðar við flutninga, þá verður sveitunum óaðgengilegra en bæjum hagnýting aðflutts eldsneytis. Það má því slá því föstu, að rafmagnið verði einnig notað til matreiðslu.

Fjórða notkunin verður til herbergjahitunar. Þar er það svo, að ekki er hægt að fullyrða, að notkun rafmagns muni svara kostnaði, og það jafnvel þótt veita sje komin til annarar notkunar. Rafmagnsstjóri hefir áætlað tiltekinn hluta rafmagnsins, er notaður verði til herbergjahitunar, og látið hv. meiri hl. í tje. Það er ekki hægt að segja fyrirfram, hvort sú notkun aukist eitthvað, en sú aukning hefir ekki í neinum mæli í för með sjer aukinn kostnað við veitutaugarnar. Sjálfar veitutaugarnar liggja bæ frá bæ og gildleiki vírsins ákvarðast ekki af rafmagnsnotkun, heldur af styrkleikaþörf. Sama stöð getur veitt raforku fleirum en einu hjeraði, og það er rjett, að ef rafmagn er notað mikið til hitunar, þarf aukna hestaflatölu. Hitt nær ekki nokkurri átt, sem hv. frsm. sagði, að kostnaðurinn, sem menn myndu verða að greiða við rekstur stöðvarinnar myndi verða 500 kr. á hestafl, eða eins mikill og kostnaðurinn við að koma stöðinni upp. Ef hann kynti sjer þetta nokkru nánar, myndi hann komast að þeirri niðurstöðu, að fyrstu 5000 hestöflin kosta mest, þau næstu minna og þau þar

næstu enn minna. Þetta gildir ekki fyrir neina einstaka stöð, heldur er þetta algild regla fyrir heildina. Jeg geng þess ekki dulinn, að svo getur auðveldlega farið, að notkun raforku til upphitunar geti aukist, og kostnaður á mann hvern verði því meiri en gert er ráð fyrir í áætlun rafmagnsstjóra, og nálgist þá það, er jeg hefi áætlað. Mjer virðist framkoma hv. meiri hluta hálf einkennileg, þar eð hann tekur áætlunina upp í nál. sitt, en segir svo í framsöguræðu, að á henni sje ekkert byggjandi, eða jafnvel, að þetta sje alt saman rangt. Jeg fyrir mitt leyti álít hana sanngjarna. Þá vil jeg víkja að því, að hv. frsm. hafði það eftir mjer, að lögin fjölluðu aðeins um undirbúning þessa máls, en það sagði jeg ekki. Þau voru mín orð, að frv. benti einnig á leiðir til framkvæmda þessa máls. 5. og 6. gr. fjalla um það. Um 5. gr. er það að segja, að í henni viðurkennir löggjafinn, að ríkið eigi ekki einungis að taka þátt í kostnaðinum, heldur líka við hvað eigi að miða framlag hins opinbera. Það á að ákveðast með tilliti til veitutauganna, og jafna þannig aðstöðuna fyrir mönnum, og hjálpa þeim til að yfirvinna þær hindranir, sem vegalengdirnar orsaka. Jeg sje ekki annað, en í raun rjettri sje óhætt að slá því föstu, að þarna vilji ríkið veita aðstoð strax í undirbúningi málsins, án þess þó að ákveða, hve mikil hún verði. Í nál. meiri hl. er ekki int að því einu orði, að þetta sje óheppileg leið, og á meðan að mótmæli koma ekki fram gegn því, er jeg sannfærður um, að í þessum þætti málsins eigi ríkið að leggja fram styrk sinn. Það er beinlínis skilyrðið fyrir því, að landsmenn yfirleitt geti orðið aðnjótandi þessara hlunninda. Öll aðalatriðin í mótbárum hv. frsm. voru hin sömu og áður, en þeim hefi jeg svarað í fyrri ræðu minni, og nægir því að vísa til hennar.

Þá er næst að taka til athugunar hverjar sjeu skyldur ríkisins og verksvið þess, að því er undirbúning framkvæmda snertir. Ef brtt. okkar við 8. gr. verður samþ., þarf einskis frekara við. Heildarskipulagi á að koma á í þessum efnum, og orkumálastjórnin skal hafa frumkvæðið að undirbúningi þess, og ef menn athuga málið nánar, sjá þeir, að ekki getur verið að ræða um neitt annað en að hún á að koma fram með uppástungur.

Hv. frsm. endurtók það, að í þessu fælist fjárhagsáhætta fyrir ríkissjóð, því að með þessu tæki hann á sig ábyrgð, en um það er ekki að ræða. Frv. ber það með sjer, að stjórnin hefir óbundnar hendur í þessu máli, og það er bygt á því, að þegar ríkið hafi lagt fram tillag sitt til veitutauga og einstaklingur sinn hluta, skuli tekjur fyrirtækisins vera það miklar, að það geti borið sig fjárhagslega. Hitt er annað, að stjórnin gæti beitt sjer fyrir því, að menn fengju lán með góðum vaxtakjörum, og flýtt með því móti fyrir framkvæmdum, en auðvitað yrði hún að athuga aðstæður hlutaðeigenda í hvert sinn ,er um slík lán væri að ræða.

Hv. frsm. kom fram með þá skemtilegu vitleysu, að það væri svo sem munur með vegagerðirnar, þær mætti altaf stöðva. Jeg gat ekki varist brosi, er hann sagði þetta, því að auðvitað er það svo, að menn leggja ekki út í framkvæmdir, nema að þeir sjái fyrir, hvort hægt sje að inna þær af hendi,

en hitt skiftir litlu máli, hvort verkið sje þess eðlis, að hægt sje að stöðva það, því að það er hrein meiningarleysa, að leggja út í annað en það, sem uþt er að ljúka við og koma í gegn.

Jeg hefi nú tekið helstu mótbárur hv. frsm. til athugunar, og læt því útrætt um þær, en hv. 6. landsk. kom honum til liðs, og skal jeg nú snúa mjer að honum. Jeg fann það á honum, að hann var öllu ákafari gegn frv., en hv. frsm., og taldi því það til foráttu, að hjer væri efnt til beins ríkiskostnaðar, en mótstaða hv. frsm. orsakaðist af því, að hjer var ekki farið fram á ríkisrekstur. Hv. 6. landsk. lofaði íhaldið og sagði, að því væri altaf að fara fram, því að nú ljeti það sjer annara um ýms mál, heldur en þegar það sat við stjórn. Þessi orð hv. þm. gæti jeg afsannað með því að telja upp ýms þau mál, er Íhaldsflokkurinn beitti sjer fyrir og leiddi til sigurs í sinni stjórnartíð, en læt mjer þó nægja með að benda honum á, að íhaldsstjórnin varð að eyða fullum helmingi af þeim tíma, er hún sat við völd, í að bæta úr því sem misfarist hafði og í ólag var komið hjá fyrirrennurum hennar. Þá kom hv. 6. landsk. fram með útreikning á því, hvort tilkostnaður og tekjur myndu standast á, en niðurstaðan varð sú, að þessar rafveitur væru svo kostnaðarsamar, að engin not myndu verða að því, þótt þessi lög yrðu sett. Hann reyndi svo að gera það kátlegt, hve lítið var ætlað til ljósa og herbergjahitunar í áætlun rafmagnsstjóra, en hann gerir ráð fyrir, að hvert heimili fái nægilegt rafmagn til að hita upp eitt herbergi á veturna. Það kann vel að vera, að þetta sje nokkuð lítil úrlausn, en hún er þó betri en engin. Meginhagnaðurinn felst þó í því, að við það að matreiða með rafmagni sparast eldsneyti til matreiðslu, og þótt hægt sje að segja, að þrátt fyrir þetta sje áburðarbrenslu ekki útrýmt með öllu, er þó eldsneytissparnaðurinn mikill, en það ætti að vera lyftistöng undir ræktun landsins. Ennfremur vil jeg benda hv. 6. landsk. á það, að eins og hann með tölum sannar, að samveitur borgi sig ekki, má sanna hverjum heimilisföður, að heimilisveita borgi sig ekki fyrir hann fjárhagslega. Grundvöllurinn fyrir því, að þessar rafveitur þorgi sig, er tvennskonar. Fyrst og fremst vinnusparnaðurinn, en jeg treysti mjer ekki til að reikna hann út í krónutali sem stendur, og svo er áburðarsparnaðurinn. Allir bændur hafa nóg land til ræktunar, og þar kemur áburðurinn að fullum notum, og hann eykur uppskeruna. Bændur sjá það og skilja, að ef þeir geta aukið brúttó-tekjur sínar með spöruðum eldivið, þannig að kostnaðurinn við veiturnar náist upp, borgar það sig fyrir þá að leggja á sig og sitt heimafólk aukna vinnu til ræktunar og nýtingar uppskerunnar, fyrir þau þægindi, sem rafmagnið veitir þeim innanhúss. Þetta er rjettur hugsunarháttur, og hvert það heimili, sem hefir fengið rafmagn inn til sín, fær þannig í aðra hönd tekjur, sem svara til kostnaðar, og hefir auk þess búið í haginn fyrir framtíðina og aukið afurðir jarðarinnar. Ótrúin hjá hv. 6. landsk. gekk svo langt, að hann vildi hafa hemil á, hvaða verkfræðingar væru fengnir til aðstoðar við rannsókn þessa máls.

Mjer fanst hæstv. fjmrh. gera of mikið úr erfiðleikunum á því að fram-

kvæma þá rannsókn, sem hjer um ræðir, ef brtt. við 8. gr. verður samþ., en það er ekki eins örðugt og hann áleit, enda er mjög auðvelt að inna þessa rannsókn af hendi á þeim hluta landsins, sem uppdrættir herforingjaráðsins ná til. Hitt er svo mikið verk, að gera áætlanir fyrir þann hluta landsins, sem uppdrætti vantar af, að það er spursmál, hvort ekki er rjett að vinda bráðan bug að því, að gera uppdrátt af því, sem eftir er, svo að ekki þurfi nú að fara að mæla fjarlægðir milli bæja, eða rannsaka hvaða vatnsföll sjeu hæf til virkjunar, en mál þetta þarf að taka föstum tökum og byggja rannsóknirnar á rjettum grundvelli. Það sem stjórnin vildi láta gera í þessu máli, — að gera lauslegar áætlanir á ýmsum stöðum, — tel jeg algerlega ófullnægjandi og ekki bygt á forsvaranlegum grundvelli. Hv. þm. N.-M. tók vingjarnlegast í þetta mál af meiri hl. Hann vildi láta taka frávísunaratkv. sitt sem vott um ást sína á málinu, en það þykir mjer nokkuð hæpið, og er jeg hræddur um, að hann fái menn ekki til að trúa því. Hann ætlaði þó að geyma atkv. sitt þangað til við 3. umr. Hann sagði, að sjer kæmi mál þetta þannig fyrir sjónir, að framkvæmd þess væri framtíðarhilling, og get jeg skilið það. Jeg er orðinn það gamall, að jeg man eftir því, að í æsku stóðu allar þær miklu framkvæmdir, sem hjer hafa orðið síðustu 25 árin, fyrir mjer í framtíðarhillingum, því að þá bar jeg ekki nógu mikið traust til landsins.

En þetta mál er ekki nýtt fyrir mjer. Það var allmikið rætt í milliþinganefndinni í vatnamálum. Að mínum dómi er ekki ein, heldur tvær leiðir til þess að vinna bug á þeim örðugleikum, sem eru á því, að raforkuveitur til almenningsþarfa geti borið sig sjálfar. Önnur leiðin — og sú, er jeg hugsaði mjer fyrstu árin eftir 1918 — er sú, að tekin yrðu stærstu fallvötnin til stórfelds og aflfreks iðjureksturs. Hefði svo verið gert, hefði litlu munað, þótt virkjuð hefðu verið í viðbót nokkur þúsund hestöfl til ljósa og hita. Sá kostnaðarauki hefði orðið svo hverfandi, að kostnaður við framleiðslu raforkunnar hefði orðið lítt tilfinnanlegur. En nú hefir farið svo, að eftirspurn eftir fallvötnum til virkjunar hefir orðið minni en við var búist, og þær undirtektir, sem slíkar málaleitanir hafa fengið, hafa ekki verið svo vingjarnlegar, að úr framkvæmdum hafi orðið. Jeg held því, að raforkuþörf landsmanna verði ekki fullnægt með stöðvum, sem bygðar eru í öðrum tilgangi.

Hin leiðin er sú, sem bent er á í frv., að ríkið hlaupi undir bagga með mönnum í þessu efni. Sú leið hefir þann kost fram yfir hina, að hún jafnar þann aðstöðumun, er fjarlægðin frá orkuverunum hefði valdið, ef fyrri leiðin hefði verið farin.

Jeg er sannfærður um, að framkvæmdir í þessu efni eru komnar úr hillingunum og niður í veruleikann hjer hjá oss. Það, sem einna mest hefir styrkt trú mína á þessar framkvæmdir er það, hvað bændur, sem komið hafa upp heimilisstöðvum, hafa viljað leggja á sig fyrir þær. Þeir, sem slíkt hafa gert, eru nú orðnir svo margir, að vel má skoða þá sem mælikvarða þess, hversu mikið sje rjett að leggja í sölurnar til að koma rafmagni heim á sveitaheimilin. Ef önnur býli vildu

og gætu lagt á sig eins mikið hlutfallslega, þá væru fjárhagsörðugleikarnir yfirstignir. Hvort þeir verða það eða ekki, er undir því komið, hvort menn vilja og geta lagt á sig það, sem þarf til rekstrar og viðhalds stöðvanna. Því hefir verið haldið fram, að bíða ætti með þessar framkvæmdir eftir því, að aukin ræktun færði bygðirnar saman, ekki þannig að sumir landshlutar leggist í auðn, heldur að bygðin verði þjettari á byggilegustu svæðunum. Jeg er hræddur um, að þetta eigi svo langt í land, að það komi ekki til greina, þegar um þetta mál er að ræða. Hitt er trú mín, að raforkuveiturnar yrðu til þess að flýta fyrir þessari breytingu að miklum mun.

Það hefir verið spurt, hvers vegna við vildum fresta frávísuninni til 3. umr. Það er vegna þess, að við viljum að brtt. minni hl. við 8. gr. fái að koma til atkvæða. Hvernig sem fer um málið, verður stjórnin að hefja undirbúning í því fyrir næsta þing. Það, sem um er að ræða, er hversu hátt markið skuli sett, — hvort gengið skuli út frá heildarskipulagi á raforkuveitum fyrir land alt. Ef frv. er samþ. við 2. umr. hjer, er það stjórninni árjetting og leiðbeining. Ef frávísunartillagan verður samþ. kemur brtt. ekki til atkvæða. Jeg held líka, að umr., þótt í annari deildinni sje, sjeu ekki þýðingarlausar fyrir málið. Jeg held því, að meinlaust sje að hleypa málinu til 3. umr., jafnvel þótt andstæðingar málsins treystist ekki til að láta það fara til hv. Nd., — eins og við flm. myndum helst hafa kosið, — af ótta við, að sú hv. deild muni ekki vísa frv. frá sjer.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vildi víkja lítið eitt að ræðu hæstv. fjmrh. (EÁ) á laugardaginn. Mjer fundust undirtektir hans við tillögur meiri hl. eigi eins góðar og jeg hefði óskað. Hann vildi fara varlegar en við. Við viljum styðja fjárveitingu til rannsókna í þessu máli. Hæstv. fjmrh. taldi sig því fyllilega samþykkan, en vildi, að hjeruðin legðu fram fje til rannsóknanna að nokkru leyti. Mjer finst mestu varða, að sjerfróðir menn rannsaki málið vel og vandlega. Má vera, að það taki nokkurn tíma, en jeg tel rjett að bíða eftir þeirri niðurstöðu.

Þetta hefi jeg þó ekki borið undir meðnefndarmenn mína, svo að það er frá mjer einum. Slík rannsókn getur þó ekki orðið fullnaðarrannsókn, en ætti þó að geta gefið hugmynd um, hvar á að byrja á framkvæmdum í þessu máli, svo að flestum komi að gagni, og með sem minstum tilkostnaði. Eitt af því, sem við höfum á móti frv., er það fyrirkomulag um rannsóknir, er það gerir ráð fyrir, og sem leitt getur til þess, að borist geta umsóknir frá 10—12 hjeruðum í einu um rannsókn. Gæti þá verið vandi að velja á milli, og því er rjettast að láta stjórnina hafa forgönguna. Einhver gögn um mál þetta hygg jeg að sjeu til hjá rafmagnsstjóranum í Reykjavík. Veit jeg að vísu ekki, hvaða tölur eru þar nefndar, en jeg veit, að þessi gögn eru til.

Mjer finst satt að segja, að stjórnin hafa tekið fullstirðlega í málið. Jeg fyrir mitt leyti er ráðinn í að vera með fjárveitingu á fjárlögum til undirbúnings þessu máli, og þar má ákveða, hve langt skuli ganga.

Hv. 5. landsk. hjelt fallega ræðu um málið og talaði um hillingar. En hv. 3. landsk. taldi framkvæmdir í þessu máli vera komnar niður á jörðina hjer hjá okkur. Hv. 5. landsk. talaði í líkingum og líkti íslensku þjóðinni við fanga í tröllahöndum, sem sæti með hendur bundnar á bak aftur og krásirnar í kjöltunni, uns einhver frelsandi engill kæmi og leysti hana úr viðjum. Á víst að skilja þetta svo, að þessir frelsandi englar sjeu Íhaldsmenn, og þá fyrst og fremst þeir, sem flytja frv. á þskj. 44; — hv. 2. landsk. (IHB), hv. 3. landsk. (JÞ) og hv. 5. landsk. (JKr). Þetta eru nú englarnir, sem komnir eru til að leysa oss úr böndum. Það hefði þótt fyrirsögn fyrir nokkrum árum, þegar Íhaldið var við völd, að það yrði að englum. Má vera, að það hafi eitthvað skánað síðan það veltist úr völdum, en jeg held, að það sjeu fallnir englar. En meðan Íhaldið sat að völdum, kom það ekki fram með svona mál. Hvaða mál kom hv. 3. landsk. með til almenningsheilla meðan hann var ráðherra? Jú, helstu bjargráðin hans voru fólgin í því, að reyna að lækka skattana á þeim, sem helst gátu borgað, og að reyna að koma upp nokkurskonar her, ríkislögreglunni, sem gat kostað ríkissjóð mörg hundruð þúsund á ári hverju. Þetta voru nú helstu bjargráðin þá.

En þegar Íhaldsflokkurinn sjer, að hann er búinn að tapa fylgi þjóðarinnar, þá kemur hann með hvert ágætismálið á fætur öðru, þá verður hann að frelsandi englum, sem vilja leysa þjóðina úr tröllahöndum. (JÞ: Er þetta öfund?). Jeg er aðeins að benda hv. 3. landsk. á, að skemtilegra hefði verið fyrir hann sjálfan, að meira samræmi hefði verið í framkomu hans meðan hann var ráðherra og eftir að hann varð fallinn engill. Þegar Íhaldsmenn sátu að völdum, sáu þeir ekki önnur bjargráð en að lækka skatta á þeim efnaðri og stofna her. Síðan er snúið við blaðinu. Í fyrra fluttu þeir frv. um atvinnurekstrarlán handa bændum og útvegsmönnum. Nú koma þeir með raforkuveiturnar og vilja heimila til þeirra svo miljónum skiftir á ári hverju og telja það ríkissjóði ekki ofvaxið.

Það mun vera sanni næst, að Íhaldsflokkurinn hafi fundið, að stefna sú, er hv. 3. landsk. lýsti í „Lögrjettu“ 1908, var að missa vinsældir með þjóðinni. Kosningarnar 1927 sýndu, að sú stefna var ekki vænleg til frambúðar. Þess vegna eru nú Íhaldsmenn að reyna að finna upp á hinu og þessu til að villa á sjer heimildir, eins og t. d. rafmagn inn á hvert heimili, rekstrarlán handa öllum og bann gegn kjallaraíbúðum. En ef Íhaldið kæmist að völdum aftur, er hætt við, að alt þetta yrði skammgóður vermir fyrir þjóðina. Enda hafa þeir haft þær útgöngudyr á þessu frv., eins og hv. 3. landsk. hefir þrásinnis bent á, að þingið geti ávalt takmarkað fjárveitingar til raforkustöðvanna eftir á, þótt frv. verði samþ. Þetta er leiðin, sem Íhaldið ætlar að fara, ef þjóðin yrði svo ólánssöm að fela því aftur stjórn mála sinna. Íhaldið horfir á sína pyngju, eins og hv. 3. landsk. sagði 1908. Þetta er sama tilraunin til að villa á sjer heimildir eins og þegar flokkurinn er að reyna að finna á sig aðra forgyllingu en hið illa þokkaða og ljóta nafn.

Þetta er gert í því skyni að veiða kjósendur út um sveitirnar. Þeir ætlast til, að kjósendur bendi á sig og segi sem svo: Þetta eru mennirnir, sem berjast fyrir ljósi, hita og góðum húsakynnum. En þetta fellur um sjálft sig, þegar framkoma Íhaldsins er nánar athuguð. Hverjir eru á móti Sogsvirkjuninni? Leitið — og þjer munuð finna alt Íhaldið í bæjarstjórn Reykjavíkur. Þó er ekki hægt að segja þar, að ekki sje til fje til framkvæmda, nje heldur, að sú virkjun muni ekki bera sig. Einasta mótbáran er sú, að þeir geti ekki samkvæmt sínu Íhaldseðli verið með þessum framkvæmdum fyr en þeir mega til.

Það mætti æra óstöðugan að telja upp allar þær framkvæmdir, sem Íhaldið hefir sýnt fullan fjandskap. (JÞ: Væri ekki rjett að hraða þessu máli, svo að Framsókn fengi að framkvæma það?). Þá myndi fljótlega sannast, að Íhaldið risi upp eins og veggur gegn fjárveitingum til þess. Það, sem fyrir Íhaldinu vakir, er aðeins að fá „húmbúgs"-heimild samþ., til að slá um sig með því á eftir.

Hv. 5. landsk. sagði, að Jafnaðarmenn væru á móti sveitunum. Jeg hefi nú unnið með þessum hv. þm. í landbn., og þar hefir hann verið eins og staður jálkur, þegar ræða var um mál sveitanna. Hann hefir staðið á móti flestum, ef ekki öllum, þeim frv., sem fram hafa komið til hagsbóta fyrir sveitirnar. Hann var á sínum tíma á móti frv. um Byggingar- og landnámssjóð, og um daginn reis hann öndverður gegn frv. stj. um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, og var þó það frv. sjerstaklega miðað við þarfir bændanna. Hinsvegar fylgdum við, þessir „vondu sósialistar", þessu frv., sem áreiðanlegur verður, eða a. m. k. ætti að geta orðið, til mikils gagns fyrir landbúnaðinn. Það virðist því vera svo í þessu sem öðru, að staðreyndirnar vitna á móti hv. 5. landsk.

Þá var hv. 5 landsk. að reyna að spilla á milli þm. og kvenna þeirra, sjerstaklega Framsóknarmanna, þar sem hann var að skora á konurnar að taka illa á móti bændum sínum, þegar þeir kæmu heim af þingi, ef þeir veittu þessu frv. ekki brautargengi! Jeg skal ekkert um það segja, hvernig honum tekst þetta, en ekki finst mjer það lýsa miklum bróðurhug hjá honum, að vera að reyna að spilla á milli hjóna.

Þá kem jeg að hv. frsm. minni hl. (JÞ). Hann fullyrti, að jeg hefði sagt, að frv. yrði til að hlynna að einstökum mönnum með rannsóknir og undirbúning undir virkjun. Þetta sagði jeg aldrei. Hitt sagði jeg, að einstakir menn gætu myndað fjelagsskap til málamynda utan um vatnsfall, sem þeir ættu, og með því móti öðlast rjett til að heimta rannsókn á kostnað hins opinbera. Þess vegna er það rjett, að einstakir menn geta heimtað rannsókn á vatnsföllum, sem þeir eiga, án þess að það sje til almenningsþarfa, ef þeir aðeins mynda málamyndafjelagsskap í því skyni, og svo á eftir selt sýslufjelögunum vatnsrjettindin, eftir að rannsókn hefir fram farið, og þá ef til vill með hækkuðu verði vegna virkjunarmöguleika, sem rannsókn hins opinbera hefir leitt í ljós.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að við í meiri hl. hefðum tekið rangar áætlanir upp í nál. okkar. (JÞ: Ekki sagði jeg nú það). Hv. þm. sagði, að þær

niðurstöður, sem jeg hefði dregið af áætlununum, væru rangar. Nú segir rafmagnsstjórinn í Reykjavík, Steingrímur Jónsson, svo í brjefi sínu, að hver km. í orkuveitunum muni kosta um 3000 kr., og í plaggi, sem nýbúið er að útbýta og fjallar um fyrirhugaða orkuveitu í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, er hver km. reiknaður á 4000 kr. í háspennulínu og leiðslan á milli hjeraða á 5500 kr. km., svo að það virðist síst of hátt að gera ráð fyrir, að hver km. í orkuveitunum kosti 3000 kr., ef miða á við þessa athugun, sem einnig er eftir rafmagnsstjórann í Reykjavík.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að það sannaði ekkert, hve dýr einstaka spotti væri á einhverjum einstökum stað, og mætti ekki leiða af því almenna reglu. Þetta getur satt verið, en jeg held, að þarna vestra sje ekki um sjerstaklega erfiða vegalengd að ræða. (JÞ: Jeg talaði ekki um það, heldur hve rafmagnsframleiðslan ætti að vera mikil). Hún er nú lítilsháttar. Það verða um 200—300 hestöfl, eða sem svarar 280 kw. (JÞ: Og dreifist niður á c. 2000 íbúa).

Hv. frsm. minni hl. hjelt því fram, að aukinn straumur hefði enginn verulegan áhrif á kostnaðinn við orkuveiturnar. Jeg fæ nú ekki betur sjeð, en að því sterkari sem straumurinn sje, því gildari verði vírinn að vera, og þar af leiðandi dýrari. Það er að vísu ekki nema ályktun leikmanns í þessum efnum. Einkum hlýtur þetta þó að hafa aukinn kostnað í för með sjer, ef miðað er við álit hv. 3. landsk. frá árinu 1919, þar sem hann gerði ráð fyrir 8 kw. eða 12½ hestafli fyrir hvert heimili, því að hjer er ekki miðað við meira en 2 kw. á hvert heimili. Jeg þykist vita, að hv. frsm. minni hl. muni svara þessu á þá leið, að það megi tapast af straumnum á þessum línum, en hann verður að gæta þess, að því stærri verða orkuverin að vera, því meira sem ónýtist af straumnum í leiðslunum.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að ekkert væri að marka útreikninga sína frá 1919. Já, það hefir oftast farið svo, að hann vill ganga frá því, sem hann hefir skrifað, þegar á að fara að nota það gegn honum sjálfum. Hann hefir gert ráð fyrir 1½ hestafli á hvern mann, eða 12 hestöflum á 8 manna heimili, sem yrði notuð til hita, lýsingar og suðu. Og mjer skildist á þessari ritgerð hans frá 1919, að ekki væri vafi á, að óhætt væri að leyfa mikla stóriðju, því að nóg vatnsafl mundi samt verða eftir til almenningsþarfa. En er þá nokkur ástæða til að efast um, að skynsamlegra sje að hafa orkuverin stærri, svo að hægt sje að veita sveitunum nægilegt rafmagn? Sá kostnaðarauki, sem af því mundi leiða, er hverfandi, þegar um er að ræða 75—100 milj. kr. fyrirtæki.

Hv. frsm. minni hl. hefir, eins og aðrir verkfræðingar, gaman af að nefna lágar tölur, enda veit hann, að það er ráðið til að teygja menn til þess að byrja á fyrirtækjum, sem þeir verða svo nauðugir-viljugir að halda áfram með, til að fá eitthvað fyrir peninga sína.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að jeg hefði reiknað sjálfur út, hversu mikla viðbót kostnaðar þyrfti til að fullnægja hitaþörfinni, og virtist hann ekki leggja mikið upp úr því. Það er nú alveg óreynt, hvor okkar er betri í margföldun, en jeg fór eftir áliti hans sjálfs

frá 1919, þar sem hann ætlar hverju heimili 8 kw., og reiknaðist svo, að þurfa mundi að stækka orkuverin sem svaraði 32 milj. kr. kostnaðarauka. Jeg skal játa það fúslega, að jeg er ekki fróður maður um þessi efni, en jeg get lesið það, sem aðrir hafa skrifað um þetta, og dregið mínar ályktanir af því. Hv. 3. landsk. álítur, eftir því sem jeg fæ út úr hans skrifum, að það sje hæfileg eyðsla á heimili, ef 1½ hestafl er á mann. Það er auðvitað engan veginn víst, að þetta verði til frambúðar nægilegt hverju heimili. Jeg hefi átt tal um þessi efni við einn þingbónda, sem notar rafmagn. Hann hefir 5 kw. eldavjel og notar rafmagnið ýmist á hana eða til hitunar, og svo að sjálfsögðu til ljósa, eftir að fer að hausta. Hann þarf 2—3 kw. til lýsingar, og þegar það er dregið frá 8 kw., eins og hv. 3. landsk. ætlar hverju heimili nóg, er ekki mikið eftir til hitunar og suðu, enda þykir mjer ekkert líklegra, en að 8 kw. sje of lítið handa öllum stærri heimilum, sjerstaklega þegar fólk er farið að komast upp á að nota þessa þægilegu orku til sem flestra heimilisstarfa.

Hv. frsm. minni hl. heldur því fram, að meiri hl. frv. sje undirbúningur til þess að geta byrjað á framkvæmdum í þessu efni. Jeg hefi sýnt fram á það, að ríkissjóður á samkv. 2. gr. frv. að bera kostnaðinn af þeim rannsóknum, er gerðar verða í þessu efni, og samkv. 5. gr. allverulegan hluta stofnkostnaðarins, og held því fram, að ekki eigi að ráðast í þetta fyr en sú yfirlitsrannsókn hefir verið framkvæmd, sem við í meiri hl. fjhn. leggjum til, að gerð verði. Hv. frsm. minni hl. segir, að ekki sje annað en að samþ. brtt. sína, til þess að kippa þessu í lag. Jeg get út af fyrir sig fallist á þá tilhögun, sem þar er gert ráð fyrir, að fela orkumálastjórn að framkvæma rannsókn í þessu efni, en önnur ákvæði frv. eru því til fyirstöðu, að jeg geti samþ. að setja þessa till. inn í frv., eins og sakir standa.

Hv. frsm. minni hl. var að spauga með það, að jeg hefði sagt, að hægt væri að stöðva vegagerð. Jeg benti á það, að ef byrjað væri að byggja rafmagnsstöð, væri ekki hægt að hætta í miðjum klíðum, nema stórtjón verði af. (JÞ: Það er leiðinlegt, eða hitt þó heldur). En ef fje vantar til framkvæmdanna? Það er alt öðru máli að gegna um vegagerðir. Það fje, sem varið er til vega, kemur strax að notum í þeim vegarkafla, sem búið er að leggja fyrir fjeð. Og þann veg er hægt að nota það sem hann nær. En þó að keypt væri túrbína, hefir hennar enginn gagn, fyr en búið er að byggja stöð og leggja leiðslur heim á bæina. Þetta er því ekki sambærilegt við vegagerðir. Það getur enginn kveikt ljós hjá sjer, þó að túrbína lægi einhversstaðar uppi í Borgarfirði, en aftur á móti geta allir haft not af þeim vegarspotta, sem lagður væri fyrir þær 20 þús. kr., sem t. d. túrbína kostar. Alt það, sem hv. frsm. minni hl. sagði í þessu sambandi, er því rangt og villandi.

Þá hjelt hv. frsm. minni hl. því fram, að jeg væri á móti þessu frv., af því að það bygðist ekki á ríkisrekstri. Þetta er hreinasti misskilningur. Jeg veit ekki betur, en að frv. geri ráð fyrir opinberum rekstri, og það skiftir í sjálfu sjer engu máli, hvort rafstöðvarnar verða eign hjeraða eða ríkis. Þetta er alt opinber rekstur. Jeg get

því ekki verið á móti frv. af þessari ástæðu.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri hægurinn á um framkvæmdir í þessu efni, ef hvert heimili vildi leggja svo að sjer eins og einstök heimili gera nú til að byggja einkastöðvar. Jeg er ekki viss um, að þetta sje rjett. Þar sem hentugar aðstæður eru og vatnsaflið rjett við hendina, er auðvelt um virkjun og ekki mjög kostnaðarsamt. Það má fá 10—12 hestafla stöð fyrir þetta 6—7 þús. kr. En nú kostar leiðslan á milli bæja 4500 kr., — svo að jeg taki 3000 kr. áætlunina — og heimleiðslan með áhöldum að minsta kosti 1000 kr., og er þá nærri komið upp í stöðvarverðið. Við þetta bætist svo afnotagjald, kostnaður við orkuverið og vextir af því fje, sem í því liggur, svo að það er ekki alveg víst, að hægt væri að koma upp orkuverum fyrir almenning, þó að gert væri ráð fyrir þessu í lögum frá Alþingi.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það væri næg ástæða til að fresta atkvgr., ef menn gætu fallist á brtt. hans. En hann verður að gæta að því, að till. er brtt. við frv., og verður ekki skilin frá því, svo að jeg sje ekki, að neitt sje unnið við að geyma atkvgr. Það væri alveg eins hægt að samþ. sjerstakt frv., sem væri orðað eins og brtt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. meiri hl. (JBald) er stöðugt hræddur við, að miklar umsóknir verði um rannsóknir í þessu skyni. En það er engin ástæða til að óttast umsóknir umfram það, sem felst í brtt. okkar minni hl. við 8. gr., og úr því að hv. frsm. meiri hl. er ekki á móti þessari brtt. að efni til, eru hinar mótbárur hans sjálffallnar.

Í mínum augum er það ekki þýðingarlitið, að sveitastjórnirnar fái tilefni til þess frá upphafi að gerast hvatamenn að undirbúningi þessa máls, því að þegar til framkvæmda kemur, er þetta viðskiftamál, sem tekur til hvers manns í umdæminu. Það er hætt við skilningsleysi af hálfu almennings, ef hjeraðsbúum er haldið utan við málið, svo að jeg hjelt, að menn gætu fallist á þann meðalveg, sem 2. gr. gerir ráð fyrir, að ætla hjeruðum og fjelögum framkvæmdirnar í þessu efni, en 8. gr. leggur þá skyldu á herðar forstöðunefndarinnar, að gera svo fljótt sem unt er uppástungur um heildarskipulag þessara mála.

Þá brá hv. frsm. meiri hl. sjer á leik, líkt eins og kálfarnir á vorin, yfirgaf sjálft málið og fór að tala um Íhaldið. Alt, sem hann sagði í því sambandi, var á tómum misskilningi bygt, enda skal jeg ekki fara langt út í það. Jeg er upp með mjer af fortíð minni sem fjmrh. í hvert skifti, sem jeg heyri, að andstæðingar mínir eru svo ráðþrota, að þeir geta ekki borið mjer neitt verra á brýn en að jeg hafi viljað lækka skattana á þjóðinni og hlúa að þeim atvinnugreinum, sem verkalýðurinn hjer í Reykjavík fyrst og fremst lifir og nærist á. Og jeg þori að segja, að það mundu fleiri fjmrh. verða montnir af því, ef ekki væri hægt að finna neitt lakara að þeim en þetta. En jeg verð að bæta því við, að þegar þetta er orðið eitt af aðalaðfinsluefnunum, er bilið farið að verða æði langt milli þeirra, sem svo tala, og hinna, er voru frumherjar þess, að þjóðirnar drægju völdin úr höndum

einvaldra konunga, og í hendur þjóðarfulltrúa, fyrst og fremst skattaálöguvaldið. Upp úr slíkri barátfu spratt enska parlamentið og áskildi sjer einu rjettinn til að leggja á þjóðina skatta, en jafnframt var brotið á bak það einveldi, sem konungur hafði áður til þess að leggja á nýja skatta. Þessi breyting, sem orðið hefir í löndunum, hefir miðað í þingræðisáttina og verið einskonar varúðar- eða varnarráð þjóðanna gegn órjettmætri skattaálagningu einvaldsherranna. Og þetta vald, sem þjóðirnar hafa skapað sjer, mega þær ekki misbrúka, heldur nota það til þess að ljetta af sköttum eftir því sem hægt er. Hv. frsm. meiri hl. virtist öfundast yfir því, að við, sem erum stjórnarandstæðingar, skulum bera fram ýms stórmál. En hvað á lengi að bíða eftir því, að hann komi með einhver ný stórmál? Hann var áður stjórnarandstæðingur og hafði þá fátt nýtilegt fram að bera, og síðan hann komst í stjórnarflokkinn og varð yfirstjórnari hæstv. stj., hefir ekki bólað á neinum nýjum eða merkum málum frá honum. En jafnframt því, að hann öfundar Íhaldsflokkinn fyrir að hafa flutt þetta mál, endurtekur hann andúð sína til flokksins á þann einkennilega hátt, að hann segist óttast, að ef framkvæmd þessa máls dragist þangað til Íhaldsflokkurinn komist til valda aftur, þá muni hann finna einhverja smugu, sem hann geti notað til þess að koma sjer hjá frekari framkvæmdum í málinu. Sem stendur er Íhaldsflokkurinn í minni hl. Hvers vegna vill hv. frsm. meiri hl. slá því á frest að framkvæma málið og nota ekki heldur tækifærið á meðan hann er í meiri hl., og sama sem í stjórn? Það er nú hvorttveggja, að hv. frsm. meiri hl. á bágt með að vera á móti málinu, enda hafa rökin mistekist. Ef hann ætlast til, að spádómar hans um sigur Íhaldsflokksins og getsakir í hans garð sje tekið alvarlega af þjóðinni, þá er hjer um rökvillu að ræða. Annars býst jeg ekki við, að hann sjálfur hugsi, að þetta verði tekið alvarlega af neinum.

Jeg ætla að leiða hjá mjer að tala um það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um afskifti bæjarstjórnarinnar af virkjun Sogsfossanna. Það er algerlega óviðkomandi þessu máli, sem hjer er til umræðu.

Næst var hann að tala um tölur, sem hann færði í letur í nál. sínu, og eru orðnar honum ógurlegur þyrnir í augum, eftir að jeg hafði sýnt honum fram á, að samkvæmt þessum tölum sje málið ekki svo ægilegt fjárhagslega, að rjett sje að fresta framkvæmdum af þeim sökum. Nú hefir hv. frsm. meiri hl. leitað í skjölum og skilríkjum að einhverju því, sem hann gæti notað til þess að hnekkja því, er hann hefir áður sagt og haldið fram. Og nú hefir hann náð í áætlun um, að einhver háspennutaug muni kosta um 4 þús. til 5500 kr. km. En hann hefir ekki leyfi til að nota þessar tölur sem álit rafmagnsstjórans í Reykjavík um kostnað veitutauga um landið yfirleitt og hefir heldur ekki spurt rafmagnsstjórann um það, hvort þetta væri ekki sjerstaklega kostnaðarsamar taugar. Jeg get líka bent á línu, sem kostað hefir 4 þús. kr. km., en henni er ætlað að flytja 280 kw., en það rafmagn er ætlað 1000 manns, eða 3—4 hreppum. En það er æði mikill munur á þeim veitutaugum, sem færa eiga fleiri hreppum raforku, og hinum, er leiða hana bæja milli.

Það er ekki nema eðlilegt, að hv. frsm. meiri hl. sje ekki sjerstaklega heima í „tekniskum“ atriðum, en þó kom mjer á óvart, að hann skuli ekki hafa skilið, að þegar um er að ræða veitutaugar um strjálbygðar sveitir, þá þarf þráðurinn að vera það gildari styrkleikans vegna, að hann geti tekið meiri straum en ætlað er að með þurfi.

Alt, sem hv. frsm. meiri hl. hefir flaggað með í þessu efni, er ekkert annað en tilraun hans til þess að rífa niður það, sem meiri hl. hefir sagt í nál. sínu. Jeg sje enga sjerstaka ástæðu til að fara að verja tölur hv. meiri hl., þó að hann stangist við sjálfan sig út af þeim. Um það á hann við engan nema sjálfan sig. Það eina rjetta er, að láta slíka dóma bíða þangað til sú rannsókn hefir farið fram, sem frv. miðar að.

Þá þótti mjer hv. frsm. meiri hl. taka sjer undarlegt starf fyrir hendur, er hann fór að kenna hv. þdm. það, sem allir vissu, og útlista nánar, að enginn gæti kveikt á túrbínu fyr en verkið og alt þar að lútandi væri komið í fullkomið lag. Þetta er ekki annað en það, sem allir vita, eða heldur kannske hv. frsm. meiri hl., að breyting á þessu verði með því að svæfa málið nú um óákveðinn tíma? Þetta verður ekki skilið sem ástæða með því að fresta málinu.

Þá fullyrti hv. frsm. meiri hl., að fjelagsveitur yrðu dýrari í framkvæmd en einstaklings veitur. Við skulum bíða rólegir og ekkert fullyrða um það, fyr en rannsóknir hafa leitt sannleikann í ljós. En þetta fælir ekki almenning frá að heimta rannsókn á fjelagsveitum, því að víða hagar svo til um virkjun og leiðslur, að það yrði einstaklingum ókleift kostnaðarins vegna, og fjelagsveiturnar því eina úrræðið.

Þá er það að lokum brtt. við 8. gr. og frávísunartill. hv. meiri hl. Hv. frsm. meiri hl. lýsti því yfir, fyrir sína hönd, að jeg vona, en ekki fyrir hönd hv. meiri hl. í heild, — ef taka má mark á orðum hv. 2. þm. N.-M. — að hann, hv. frsm., væri á móti því að fresta atkvgr. um frávísunartill. fram yfir það, að brtt. við 8. gr. væri samþ. En það er engin ástæða til þess vegna brtt., nema því aðeins, að menn vilji ekki aðhyllast hana. Hann sagði, að ef hv. þdm. væru á móti ákvæðum frv., þá ætti brtt. ekki að komast til atkv. En ef þeir eru á móti frv., hvers vegna koma þeir þá ekki hreint til dyra og fella 1. gr. Þá er um leið útilokað, að brtt. komist að. Þetta er masminst, ef hv. meiri hl. er svo andvígur frv., að hann getur ekki hugsað til að samþ. einstakar greinar þess við 2. umr. En jeg geri nú ráð fyrir, að þeir sjeu á þann veg á móti frv., að þeir vilji ekki lofa því að lifa svo lengi, að auðnast mætti að lagfæra 8. gr.

Hinsvegar heyri jeg, að hv. frsm. meiri hl. er svo andvígur frv., að hann getur ekki hugsað til að einstökum gr. þess sje gert svo hátt undir höfði, að frv. sje lofað að fljóta til 3. umr., en órjettmætt er það og í beinni mótsögn við sumt það, er meiri hl. hefir sagt um afstöðu sína til málsins.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að jeg vona, að hv. frsm. minni hl. (JÞ) eigi að minsta kosti eftir aths., sem jeg vænti að verði þá ekki svo mjög takmörkuð við hann, þá ætla jeg að leyfa mjer nú að beina til hans

nokkrum spurningum, sem varða fjárhagshlið málsins.

Nú má gera ráð fyrir, og það er hjer um bil víst, ef að byrjað yrði á þessum framkvæmdum, að þá mundu drífa að umsóknir úr öllum áttum. Allir mundu vilja verða þeirra hlunninda aðnjótandi, sem frv. er ætlað að veita. En það verður að teljast galli á frv., að þar er ekki reynt að gera sjer ljósa grein fyrir því, hve miklar kröfurnar muni verða. Þó er vissa fyrir því, að þær mundu brátt skifta tugum miljóna að krónutali. Það er því auðsjeð á frv., að ríkisstj. verður sumpart að útvega fje að láni, eða þá að leggja það fram úr ríkissjóði, til þess að geta staðið straum af þeim kostnaði, sem framkvæmd frv. hefir í för með sjer. Það, sem skiftir þá máli fyrir alla þingmenn, er það, hvernig má hugsa sjer að leysa fjárhagshlið málsins. Einkum hljóta forgöngumenn þessa frv. að hafa gert sjer það ljóst, áður en þeir fóru af stað með frv., á hvern hátt jafn stórvægilegt fjárhagsatriði yrði leyst, og það, sem hlýtur að leiða af framkvæmd frv.

Engum er kunnugra um það en hv. 3. landsk. hvað stór-framkvæmdirnar austanfjalls, sem með vissum hætti eru sambærilegar við þessar ríkisreknu fjelagsveitur, hafa kostað ríkissjóð, og er þó ekki sjeð fyrir endann á þeim óhemju kostnaði enn. Hann veit líka manna best um þá fyrirhyggju og athugun, sem átti sjer stað af hálfu verkfræðinganna, áður en í þær framkvæmdir var ráðist. T. d. eins og Skeiðaáveitan, sem verkfræðingarnir áætluðu að mundi kosta um 120 þús. kr., en varð í framkvæmdinni næstum ½ milj. kr., og er þó alls ekki fullgerð enn. Svo er Flóa-áveitan, sem nú er að mestu lokið. Enginn veit betur en hv. 3. landsk., hvað hún hefir kostað. Og þó er eftir að leggja vegi um áveitusvæðið, sem áætlað er að kosti um 200 þús. krónur, og nú er verið að reisa þar rjómabú, sem gert er ráð fyrir að kosti upp undir það eins mikið og vegirnir. Alt þetta fje, eða svo að segja, verður landssjóður að leggja fram. Og þó að hjer sje talið, að um arðberandi framkvæmdir sje að ræða, ber landssjóður enn nálega allan þungann.

Nú er það svo, að ekkert af þessum stórfyrirtækjum þarna austan fjalls hefir borið sig. Skeiðaáveitan hefir kostað svo mikið, að ef ætti að láta bændur greiða venjulega vexti af lánum þeim, sem til hennar voru veitt, þá mundu þeir verða gjaldþrota. Enga jörð er hægt að selja, því að enginn getur keypt fyrir það verð, sem þyrfti að selja. Er því ekki annað ráð fyrir höndum, ef jarðirnar á Skeiðunum eiga að byggjast áfram, en að Alþingi skerist í leikinn, og að ríkissjóður taki á sig byrðarnar. Að öðrum kosti er ekki annað sjáanlegt, en að hjeraðið leggist í auðn.

Flóaáveitan hefir að vísu reynst skárri, en þó hafa bændur ekki greitt enn neitt af áveituskatti jarðanna, enda álit margra, sem kunnugir eru, að það sje fyrirtækinu um megn, og er þó gjöldum þeim á margan hátt stillt í hóf, eftir því sem frekast má verða. Um vegalagningu Flóans segja kunnugir, að óhugsandi sje að jarðirnar geti nema að litlu leyti borið þann kostnað uppi.

Nú vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. 3. landsk., hvort hann hafi ekki

veitt því eftirtekt, að aðferðin, sem notuð var til þess að koma á stað Skeiðaáveitunni og Flóaáveitunni, er skyld þeirri aðferð, er frv. þetta ætlast til að gildi um þær framkvæmdir, sem þar eru nefndar? Því neitar enginn, að hjer var um æskileg fyrirtæki að ræða, frá vissu sjónarmiði, og ekki nema eðlilegt, að menn litu til þeirra hýrum augum fyrirfram, en villan var, að í þau var lagt, án þess að menn gerðu sjer ljóst, hvað þau mundu kosta, eða hvort þau mundu bera sig. Skeiðamenn eru yfirleitt dugnaðar og manndómsbændur, sem marga þraut hafa sigrað, en nú eru þeir að láta bugast undan þeim skuldaböggum, sem áveitukostnaðurinn hefir bundið þeim. Þó segja þeir, eins og satt er, að mistökin sjeu ekki þeim sjálfum að kenna, heldur ríkinu, og þó einkum verkfræðingunum, sem narrað hafi þá út í þessar stórfeldu framkvæmdir með fölskum áætlunum.

Þetta er sannleikur, sem engin tök eru að vefengja, enda er Skeiðaáveitan ein nægileg sönnun þess, að varasemi er oft nokkuð langt frá í kostnaðaráætlunum sumra íslenskra verkfræðinga. Á Skeiðunum var gert ráð fyrir, að verkið kostaði með öllu liðug 100 þús. krónur, en komst þó upp í ½ miljón króna.

Árnesingar hafa því sannarlega fengið dýrkeypta reynslu um vafasama gleði af framkvæmdum verkfræðinganna. Og ef ganga ætti að Flóa- og Skeiðamönnum nú, þá mundu þeir eiga minna en ekkert, þegar þeir væru búnir að borga fjelagsframkvæmdirnar þar, sem sambærilegar eru við umræddar rafveitur. Þeir bændur yrðu þá að hröklast slyppir og snauðir frá jörðunum.

Og nú leggur hv. 3. landsk. til, og flokkssystkini hans, að við höldum áfram á þessari sömu braut, aðeins mörgum sinnum glæfralegar, þeirri braut, sem Árnesingum hefir orðið að mestu tjóni. Það hljómar vel í munni, að með frv. þessu eigi að lyfta bændum til meira vegs, með því að leiða ljós og yl um sveitirnar. En hver á að leggja fje til þessara dýru rannsókna, sem helst sýnist eiga að vera nýr atvinnuvegur fyrir vinnulausa sjerfræðinga, og hvar á að útvega ríkinu alla þá peninga, allar þær miljónir, sem borga þarf fyrir virkjanir á ýmsum stöðum og langar og dýrar leiðslur um strjálbygðar sveitir landsins? Gerir hv. 3. landsk. ráð fyrir, að t. d. Flóa- eða Skeiðamenn, eins og efnahag þeirra er komið nú vegna sinna dýru fjelagsframkvæmda, að þeir geti staðið undir nýjum álögum? Jeg segi *nei og aftur nei!* Og jeg mótmæli því, að nokkrar minstu líkur sjeu fyrir því, að bændur geti risið undir að borga slík lán, sem framkvæmdir þessa frv. hafa í för með sjer. Sannleikurinn er sá, að með þeirri rafmagnskunnáttu, sem heimurinn enn býr við, er ekki hægt að láta rafveitur bera sig nema í þjettbýli. Bændur hafa sýnt hvað þeir geta, en þetta er þeim ofvaxið, eins og jeg mun koma að síðar.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að ekkert hefir farið jafnilla með Noreg eins og fjölmargar rafmagnsframkvæmdir, sem gert hafa ýmsar sveitir gjaldþrota. Og nú er lagt til, að við reynum að sækja í sama öngþveitið, sem Norðmenn harma nú

mest að hafa flanað út í. Yrði að því horfið, að ráðast í slíkar framkvæmdir, sem frv. fer fram á, er ljóst, að mörg sveitafjelög mundu á eftir verða að fara að eins og Skeiðamenn, að koma til Alþingis með bænarskrá um, að ríkið taki á sig skuldbindingarnar. Hjer er því í raun og veru ekki um annað en þjóðnýtingu að ræða, og hún það viðtæk, að stærri þjóðnýtingartill. hefir aldrei verið borin fram af sjálfum sósialistum, því að hjer er farið fram á að setja allan þjóðarauðinn í þessar framkvæmdir. Ef þetta yrði gert, mundi fljótlega koma að því, að ríkissjóður yrði að greiða árlega í vöxtum og afborgunum af erlendum lánum 4—5 miljónir á ári og meira síðar, og kemur þá að skattahliðinni, sem óhjákvæmilegt er að athuga í þessu sambandi.

Nú veit hv. 3. landsk. það vel, að þegar hann skildi við ríkissjóðinn, þá sýndu reikningarnir, að tvö síðustu árin hafði orðið tekjuhalli á ríkisrekstrinum. Jeg vil þá spyrja þennan hv. þm., hvar á að taka þessa peninga? Jeg get ekki sjeð nema eina leið til þess, og hún er sú, að láta hina efnaðri menn landsins borga þetta með auknum tekju- og eignarskatti. Tollaleiðin er alveg tæmd og engu hægt þar við að bæta. Geta nú efnamenn landsins bætt á sig þessum útgjöldum, nokkrum milj. árlega, til viðbótar við það sem fyrir er? Þessi auknu útgjöld hefir frv. í för með sjer. Þetta frv., sem óneitanlega væri skemtilegt að mega láta ganga fram, en það er hið stóra spursmál fyrir Íhaldsflokkinn, að geta bent á þær fjárhagsleiðir, sem gera það forsvaranlegt að ráðast í þessar framkvæmdir. Jeg vil óska þess, að hv. 3. landsk. geri grein fyrir því, hvaða skattar eiga að mæta þessum útgjöldum, og hvort hann getur hugsað sjer, að tekju- og eignarskatturinn standi undir þessu einsamall, og ef það er ekki, hvaða skattstofn vill hann þá taka?

Á þinginu 1925, þegar jeg kom fram með till. um það, að ljetta undir með mönnum, sem vildu byggja upp bæi sína, þá ætlaði hv. 3. landsk. alveg að sleppa sjer yfir þessum auknu útgjöldum ríkissjóðs og yfir því, hvað þetta væri eyðileggjandi og siðspillandi fyrir þjóðina. Um þetta er mjög ítarleg frásögn í Alþingistíðindunum frá 1925, og þar geta menn sjeð ummæli þessa hv. þm. Nú vil jeg spyrja hv. 3. landsk. að hverju leyti hann hefir öðlast nýja visku um hina siðferðilegu hlið þessa máls. Árið 1925 var það í hans augum eyðileggjandi og siðspillandi að láta bændur og nýbýlamenn fá lítils háttar styrk til að endurreisa býli sín, en nú vill hann sjálfur verja tugum miljóna í slíkar gjafir, og ætti það þó að vera enn þá meira siðspillandi samkvæmt þeirri skoðun, sem hann hafði 1925.

Þá skal jeg víkja að annari hlið þessa máls. Það hefir á undanförnum árum komið upp þróun í landinu á þessu sviði, sem jeg held að sje heilbrigð og sjálfsögð, og ekki ástæða til annars, en að gefa henni fullar gætur og gera ekki of lítið úr henni. Það hefir verið unnið að því af ýmsum hagleiksmönnum, sjerstaklega í Vestur-Skaftafellssýslu, að koma upp rafstöðvum á sveitabæjum, þar sem bæjarlækurinn gefur hentugt vatnsafl til virkjunar. Þessum stöðvum er altaf að fjölga, og í dag átti jeg t. d. tal við

einn af þessum hagleiksmönnum þarna að austan, sem hafði undirbúið byggingu 20 slíkra stöðva í vetur og 10 í fyrra vetur. Nú ætla 2 aðrir af þessum hagleiksmönnum úr Vestur-Skaftafellssýslu að flytja sig, annar austur og hinn vestur á land, og setja þar upp verkstæði. Þessa þróun á ríkissjóður að styðja. Út í þessi fyrirtæki leggja ekki aðrir en þeir, sem hafa aðstöðu og áræði til þess, og hefir þeim ekki verið hjálpað nema með aðgangi að lánum, sem Ræktunarsjóður hefir látið þeim í tje, en nú þarf að hlynna betur að þeim. Þessar stöðvar hafa yfirleitt gengið vel. Aftur á móti verður annað uppi á teningnum, þegar menn undan handarjaðri verkfræðinganna hjer í Reykjavík standa fyrir framkvæmdunum. Þá verða stöðvarnar miklu dýrari og verri, og í sumum tilfellum alveg ónýtar. T. d. er mjer kunnugt um, að ein sýsla á Norðurlandi ljet ginna sig til þess að reisa rafstöð eftir ráði verkfræðinganna hjer, og sú stöð varð um 200% dýrari heldur en hún hefði orðið, ef hinir skaftfellsku hagleiksmenn hefðu verið þar að verki. Nú hagar svo til, að þessum smá-stöðvum má koma upp um alt landið. Allar sýslur hafa góð skilyrði fyrir þær, og þó sjerstaklega Skaftafells-, Múla-, Þingeyjar-, Eyjafjarðar- og Húnavatnssýslur, svo og Austfirðir og Vestfirðir. Þessum framkvæmdum á að halda áfram í stærri stíl og styðja þá sjálfsbjargarviðleitni, sem þar kemur fram, því að þær stofna ekki landinu í fjárhagslegan voða, en hafa mikið gott í för með sjer.

Þessi þróun hefir ýtt undir Reykvíkinga með að fara sömu leið, en hv. 3. landsk. gat auðvitað ekki um það í sinni ræðu. Er nokkurt vit í því hjá íhaldsflokknum að ætla að beita sjer fyrir þessu frv., sem leggur svona þunga byrði á þjóðina, um leið og íhaldið hjer í Reykjavík berst með hnúum og hnefum gegn því, að ráðast í þá einu stórvirkjun á landinu, sem getur borið sig fjárhagslega? Þetta verður hv. 3. landsk. að útskýra, því að annars verða menn að líta svo á, að þetta sje bara leikur hjá honum, og honum sje ekki alvara. Sogið er best fallið til virkjunar af öllum vatnsföllum á landinu, og jafnvel í allri Evrópu, og í Reykjavík býr ¼ hluti landsmanna í 50 km. fjarlægð frá virkjunarstaðnum. Það þarf þá ekki nema 50 km. leiðslu til þess að koma aflinu til neytendanna, og þeir búa allir í örlítilli hvirfingu utan um Reykjavíkurhöfn. En nú um langan tíma hafa íhaldsmenn í Reykjavík barist með öllum vopnum, sem þeir höfðu yfir að ráða, móti því, að ráðist væri í þessa framkvæmd, sem er jafn eðlileg fyrir Reykjavík og fyrir bónda að virkja læk við bæjarvegginn. Þess vegna vil jeg segja, að sá sami flokkur, sem er mjög tregur til þess að leggja út í þessa virkjun, hann hefir engan siðferðilegan rjett til þess að láta raflýsa allar sveitir landsins á kostnað ríkissjóðs, en skera niður þá sjálfsbjargarviðleitni, sem hefir komið að svo góðum notum hingað til.

Jeg vil svo segja hv. 3. landsk. það, að það er ekki til sorglegri sjón hjer á þjóðina, um leið og íhaldið hjer í sem bændur hafa verið gintir út í glæfralegar framkvæmdir, sem binda þeim svo þungan skuldabagga, að þessir duglegu menn, sem þarna búa, eru að því komnir að flosna upp og

verða gjaldþrota fyrir þær framkvæmdir, sem heimskir atvinnuspekúlantar hafa gint þá út í. Þetta er þó ekki sjálfskaparvíti bændanna, og er aðeins hægt að ásaka þá fyrir það, að trúa verkfræðingunum, því að það er oft hættulegt að trúa verkfræðingum. (JÞ: Og jafnvel ráðherrum líka). Einkum þó, ef þeir eru líka verkfræðingar (hlátur).

Þetta frv. er ákaflega varasamt, sjerstaklega í fjárhagslegu tilliti. Eftir því kann að verða farið inn á sömu brautina með rafmagnið og í berklavörnunum, að setja alla á landsjóðinn. Þegar berklavarnalögin voru sett, var ekkert hugsað um fjárhagshliðina, og nýjum tollum var bætt á til að standa undir þunganum. En ef hjer væri tekin miklu þyngri byrði á bak ríkissjóðs, þá yrðu efnamennirnir að koma til sögunnar. Verði ráðist í þessar framkvæmdir, þá kemur það langharðast niður á bráð--stöndugum mönnum, sem hafa aflað efnanna með súrum sveita, eins og þeir sjálfir lýsa því. Þá yrði farið nokkuð djúpt niður í vasa þeirra. Jeg vil vara hv. 3. landsk. við þessu í tíma, svo að hann sje ekki of bjartsýnn, því að þessa byrði verður áreiðanlega að leggja á breiðustu bökin, ef ekki eiga af að hljótast landsvandræði.

Í þessu frv. liggur hvorki gæfa nje gengi þjóðarinnar, en rafmagnsmálið er stór-mál og framkvæmdir verða að aukast, en þjóðin má ekki hætta sjer út í vafasöm glæfrafyrirtæki, heldur verður þróun að eiga sjer stað. Síðastliðið haust vorum við hv. 3. landsk. á ferð í Vestur-Skaftafellssýslu, og þá sáum við glampa á þessa þróun heima á bæjunum gegnum regnið og náttmyrkrið. Sú þróun á að halda áfram og hana á að efla og styðja, þó með þeirri gát, að alt sje fjárhagslega forsvaranlegt og geti borið sig. Það á að forðast í þessu efni að láta glæfralegar áætlanir verkfræðinganna lokka sig út á brautir, sem hafa haft hin sorglegustu áhrif, eins og sýnir sig austanfjalls.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var framhaldið 2. umr. (A 44, n. 184 og 238).

Jón Jónsson: Það eru þegar orðnar miklar umr. hjer í deildinni um mál þetta. Tel jeg það vel farið, því málið er merkilegt og gott, og það skýrist við umr.

Hv. 5. landsk. talaði hjer með fjálgleik miklum um málið, og útmálaði með sterkum litum dimmuna og kuldann, sem húsfreyjurnar ættu nú við að búa og alla dýrðina, sem biði þeirra, þegar frv. væri samþ. Var helst á honum að skilja, að ekki þyrfti annað en samþ. frv. til þess að fylla sveitirnar með ljós og hita, svo að enginn flytti þaðan burtu. Blöskraði honum það, að bændur hjengju aftan í sósíalistum til að fella frv., taldi okkur illa þrifast og hótaði okkur loks með hjónaskilnaði þegar heim kæmi!

En í öllum þessum hugleiðingum forðaðist hv. þm. vendilega að gera nokkra minstu grein fyrir fjárhagshlið málsins. En hann verður að virða mjer til vorkunnar, þó jeg geti ekki verið með í því að setja lög um rafveitur, *áður* en hann hefir fært mjer heim sanninn um það, að okkur sje það kleift.

Mjer þykir það einkennilegt hjá hv.

þm., að hann skyldi hneykslast svo mjög á afstöðu minni til þessa máls. Þetta er hið fyrsta þing, sem jeg sit á, og þótt jeg sje enn tómlátur um málið, þá er hitt þó enn merkilegra, að hann, sem þegar hefir setið nokkur ár á þingi, skuli ekki hafa komið auga á þetta nauðsynjamál fyr.

Jafnaðarmanna-grýlan hygg jeg að sje nú farin að slitna dálítið. Það er síður en svo, að jeg skammist mín fyrir að fylgja jafnaðarmönnum í þeim málum, er þeir hafa rjett fyrir sjer, að mínum dómi; jeg tel það hreina skyldu mína. Og jeg get ekki viðurkent þau ummæli hv. þm., að jafnaðarmenn hjer á þingi hafi sýnt illvilja í garð sveitanna. Annars finst mjer að jeg sje engu nær skoðunum jafnaðarmanna í þessu máli en hv. þm. sjálfur. Við erum báðir hlyntir rannsóknum. Jeg vil að ríkið hjálpi þeim hjeruðum, er eitthvað vilja á sig leggja sjálf. Mjer virðist það ekki nema eðlilegt, að ríkið veiti einstaklingunum aðstoð sína við að koma á stofn fyrirtækjum sem þessum, en að það eigi ekki að reka þau, nema að sjerstaklega standi á. Samkvæmt till. minni hl. á ríkið að sjá um undirbúning málsins með því að skipa hina svonefndu orkumálastjórn og kosta allan undirbúninginn. Þar er því lengra gengið í jafnaðarmanna átt, en jeg vil gera, sem aðeins vil láta ríkið hjálpa þeim, sem vilja hjálpa sjer sjálfir. Hv. 3. landsk. þótti gæta einna mestrar mótstöðu gegn frv. hjá mjer. (JÞ: Af þeim, sem þá höfðu talað). En jeg talaði af velvilja í garð frv., eins og líka var skylda mín sem fulltrúa bænda hjer á þingi.

Hitt er annað mál, að jeg er ekki trúaður á það, að þetta verði sveitum landsins að miklu gagni, þótt frv. kunni að komast í gegn. Jeg hafði búist við því, að hv. 3. landsk. mundi sýna mjer fram á, að kostnaðaráætlun mín væri alt of há, og kæmi fram með nýjar tölur, skýrði þær og leiddi mig í allan sannleika, en það fór svo fjarri því að hann gerði það, að hann vjek ekki að því. Hann hafði ekkert við áætlun mína að athuga, heldur þvert á móti, því að hann sagði, að eftir fjárhagslegum mælikvarða mætti sanna, að rafveitur myndu ekki borga sig fyrir einn einasta bæ á Íslandi. Hv. 3. landsk. sagði, að vinnukraftur mundi sparast við raflýsingu, og jeg geng þess heldur ekki dulinn, en aftur á móti veit jeg ekki, hversu mikið er upp úr því leggjandi, eða hinu, að áburðarefni losni frá brenslu. Í fyrri ræðu minni gat jeg þess, að ef áburður er notaður til brenslu, verða bændur að kaupa útlendan áburð í staðinn, því að auðvitað er mjer og öllum ljóst, að það má ekki svelta túnin. Þá verða menn einnig að gera sjer grein fyrir því, hvað sje ódýrast til notkunar, kol, útlendur áburður eða rafmagn, og eftir þeirri niðurstöðu, sem þeir þá komast að, verða þeir að fara.

Hv. 3. landsk. talaði um það, að orkuver, sem hefðu yfir 500 hestorkur, væru ódýrari en hin minni, en það kemur vart til, að slík ver verði reist, nema að einhver iðnaður yrði settur í samband við þau, en náttúrlega mætti athuga möguleikana fyrir því samhliða. Í fyrri ræðu minni gat jeg þess, að jeg vildi að rannsókn á máli þessu yrði framkvæmd sem fyrst og sem nákvæmast, en það virðist svo sem hv. 3. landsk. telji það ekki stuðning við málið, en mjer segir svo hugur

um, að trú hv. þm. sje ekki sem sterkust í þessu máli, því að auðvitað á hvert mál að rannsakast sem allra best, og við þá rannsókn ættu kostirnir að koma í ljós. Rafmagnsmálið getur komið miklu góðu til leiðar, en það þarf að rannsakast nákvæmlega, og óskin þarf að koma frá hjeruðum og einstaklingum, en ríkið á að veita styrk til þess. Með tilliti til þess vil jeg leyfa mjer að koma fram með svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að ríkisstjórnin, eftir ástæðum, útvegi þeim hjeruðum, sem þess óska, hæfa menn til að rannsaka skilyrði fyrir sameiginlegri raforkuveitu, með þeim skilyrðum, að ríkið og hlutaðeigandi hjeruð kosti rannsóknina að helmingi hvort, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Með þessu þykist jeg hafa sýnt málinu fullan sóma, og jeg vil taka það fram, að jeg mun beita mjer fyrir því, að í mínu hjeraði verði hafist handa í þessum efnum. Ef svo skyldi fara, að dagskr. yrði feld, þá mun jeg þó verða fylgjandi till. meiri hl., þótt þær sjeu að mörgu leyti verri en þetta, sem hjer er farið fram á. Eins og sakir standa veit jeg ekki, hvort nokkur hreyfing er í sveitunum í þessa átt, en jeg býst við, að áhugi manna fari vaxandi.

Páll Hermannsson: Hv. 3. landsk. sagði í ræðu sinni í gær, að jeg hefði sagt, þá er þetta mál var hjer fyrst til 2. umr., að af ást á málinu vildi jeg stöðva það. Honum þótti þetta skrítið og vildi gera sjálfum sjer og öðrum gaman úr þessu. Það má vel vera, að jeg hafi komist þarna nokkuð klaufalega að orði, og það hefði máske verið betra að segja, að jeg vildi fara gætilega af umhyggju fyrir málefninu, eða eitthvað því líkt, en mjer virðist nú raunar, að margt fleira broslegt hafi borið hjer á góma. T. d. þetta mikla skraf um þann mun, er menn hafa viljað gera milli þessara tveggja nefndarhluta. Hv. 3. landsk. (JÞ) telur þau atriði frv., er að rannsókn lúta, aðalatriðin. Meiri hl. fjhn. vill rannsókn og býðst til að ljá aðstoð sína til fjárframlags úr ríkissjóði, er verja megi til slíkrar rannsóknar, en þó er okkur brugðið um óvild til málsins og að við viljum bregða fyrir það fæti. Það er einnig annað atriði í þessu máli, sem mjer virðist töluvert broslegt. Að því er jeg hygg kom það fyrst fram í ræðu hv. 5. landsk. (JKr). Það er hið mikla veður, sem gert er út af því, hver framsögu hafði á hendi fyrir meiri hl. nefndarinnar. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, hvað er við það að athuga. Hjer flytja 3 landskjörnir þm. frv. Hinn 4. hefir framsögu fyrir hönd nefndar. Þarna sje jeg ekkert athugavert. Allir þm. eru þó — eða eiga að minsta kosti að vera — þingmenn þjóðarinnar, og þá ekki síst landskjörnir þingmenn. Hv. 4. landsk. (JBald) hefir líka oft sýnt það, að hann hefir litið á málefni sveitanna með engu minni sanngirni en hver annar þingmaður. Af því að hv. þm. mintist á þetta vildi jeg nefna annað atriði í þessu sambandi. Hv. 3. landsk. hefir í blaði sínu „Verði“, 16. tbl., gert þetta að umtalsefni og viljað sýna fram á, hvað það væri óviðeigandi, að láta hv. 4. landsk. fara með framsögu í máli þessu. (JÞ: Þvert á móti, jeg sagði einmitt, að þetta ætti

svo vel við Framsóknarflokkinn). Já, en maður tekur það nú eins og það er talað. Að því leyti, er þetta snertir mig, veit hv. þm. að jeg átti dálitla sjerstöðu í fjhn., þar eð hún hafði þegar fjallað um málið, er jeg tók sæti í henni. Á þremur fyrstu fundunum hafði hún aðallega athugað það, og þá hafði rafmagnsstjóri verið kallaður þangað til þess að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar. Á fyrsta fundi, er jeg sat, var málið rætt, og á 5. fundi var rætt um það með öðrum málum. Óskaði jeg eftir að fá málinu frestað til 6. fundar, en þá var ekkert gert í málinu annað en að kljúfa nefndina. Á þessu sjá hv. þdm., að þess var ekki að vænta, að jeg hefði á hendi framsögu fyrir hönd nefndarinar um málið, sem jeg hafði kynst svo miklu miður en aðrir nefndarmenn. Jeg kann ekki við, að út af þessu sje gert svona mikið veður í opinberu blaði. Það var ekki nema eðlilegt, að sá hv. þm., sem hafði átt sæti í nefndinni allan tímann, hefði á hendi framsöguna. Jeg tel víst, að hv. 3. landsk. hafi ekki með þessum ummælum sínum í „Verði" verið að reyna að vekja tortrygni á mótstöðumanni, heldur sje um hitt að ræða, að hann taki ekki mína sjerstöðu til greina, eða þá, að hann hafi ekki veitt henni eftirtekt. Þá mun jeg víkja að málinu sjálfu, en þar er jeg og hv. 3. landsk. sammála í ýmsum atriðum. Í fyrsta lagi því, að stórar aflstöðvar þurfi að reisa, ef allir landsmenn eigi að geta átt kost á rafmagni framleiddu með vatnsafli. Á annan hátt verður þessu marki ekki náð. Vatnsorka, hentug til heimilisvirkjunar, er ekki fáanleg líkt því alstaðar á landinu. Stóru stöðvarnar eru því eina leiðin, þegar taka á tillit til allra. Í öðru lagi er jeg sammála hv. þm. um það, að ríkinu beri að sjá um rannsókn og undirbúning þessa máls. Í 3. lagi er jeg sammála hv. 3. landsk. um það, að ríkinu beri að styrkja framkvæmdir þessar, þegar byrjað er á þeim, og það einmitt á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, að ríkið eigi að jafna aðstöðumun, er fjarlægðir frá fallvatni valda. Í 4. lagi er jeg samdóma hv. 3. landsk. um það, að ef leyst verði ljósa og suðuspurningin, þá sje aðalatriðið leyst. Þegar að herbergjahitun kemur, þá efast jeg um, að rafmagn standist samkepni við miðstöðvar, þar sem menn hafa yfir að ráða mótaki, og auk þess eitt af þrennu: skógvið, rekavið eða sæmilegri aðstöðu til flutnings kola. Þó veldur hjer nokkru um, hversu mikill verðmunur reynist á þeirri raforku, er fæst eftir að stöðvar hafa náð ákveðinni stærð og hinu, sem fyrst er notað, m. ö. o. hversu miklu síðari 10 hestöflin á heimili verða ódýrari en hin fyrri. Í öllum þessum atriðum erum við sammála, en okkur greinir aftur á um annað. Hv. 3. landsk. gat þess, að jeg hefði sagt, að rafmagn til almenningsþarfa væri enn þá hillingar einar, og kvaðst hann líka hafa litið svo á í ræsku sinni, en nú væri hann þeirrar skoðunar, að tími væri kominn til starfa. Jeg fyrir mitt leyti efast mjög um þetta, en vil þó hvorki sanna það nje afsanna. Til þess að sannfærast þarf jeg að fá rannsókn, og hana sem ítarlegasta. Mjer nægir ekki það eitt, að vita hvað ríkið eigi að leggja fram mikið fje, heldur vil jeg einnig ganga úr skugga um, hver kostnaður-

inn verði á landsmenn, þegar rafmagn er komið til notkunar, og jeg vil sannfærast um það, að þjóðin geti risið undir þeirri byrði, er hún leggur á herðar sjer af þessum sökum. Jeg trúi því fyllilega, að að því dragi, að Íslendingar taki í sína þjónustu nægilegt fossaafl til heimilisnota á öllum heimilum landsins, en gætni mun engu spilla í þessum efnum fremur en öðrum.

Mjer er það ljóst, að það er fleira en þetta, sem kallar að í sveitunum. Mjer er ljóst, að það er jafnvel sumt, sem kallar að á undan þessu. Sveitirnar eru sumstaðar í skuldum, svo að þar má engu bæta við. Bústofninn er víða lítill og húsakynni ljeleg. Úr þessu gæti þurft að bæta áður. Hv. 3. landsk. sagði, að ekki þyrfti annað en að allir vildu leggja á sig hið sama og þeir hafa gert, sem bygt hafa einkastöðvar. Þetta er máske rjett að nokkru leyti, en það eru ekki allir, sem g e t a lagt þetta á sig. Aðstaða til virkjunar getur að vísu verið eins góð við garð fátæklingsins og þess, sem efnaðri er, en sú aðstaða verður tíðast að vera ónotuð. Bæði hefir verið erfitt að fá fje að láni til slíkra framkvæmda, en þótt slík lán hefðu fengist, hefði oft ekki verið hægt að bæta þeim ofan á aðrar skuldir. Meiri hluti þeirra manna, sem komið hafa upp einkastöðvum, eru efnamenn, þróttmeiri og framtakssamari en alment gerist, en þetta eru alt skilyrði, sem hafa áhrif á framkvæmdir manna.

Hv. 3. landsk. sagði, að ætlunin væri sú, að þessar stöðvar bæru sig. Jeg held að þær gerðu það að vissu leyti, en býst þó við, að þeim hlytu að fylgja aukin útgjöld frá því, sem nú á sjer stað. Því að jafnframt því, sem rafmagnið kemur í stað eldsneytis og ljósmetis og sparar vinnu við eldamensku og viðhald á ljósatækjum, hefir það líka í för með sjer aukin þægindi, sem leiða af sjer aukinn kostnað. Þessi auknu þægindi þurfa að verða eign sveitaheimilanna, og vona jeg að svo verði, en veit að víða brestur á, að slíkt geti orðið í nánustu framtíð.

Mjer finst, satt að segja, ekki bera mikið á milli nefndarhlutanna. Nefndin vill öll, að málið sje rannsakað, en minni hl. vill auk þess, að sett verði heildarlög um fjárframlög úr ríkissjóði. En það tel jeg óþarfa og óskynsamlegt, meðan ekki er fengin vissa fyrir, út í hvað er verið að ganga.

Hv. frsm. meiri hl. ljet á sjer skilja í gær, að Íhaldsflokkurinn bæri fram í pólitísku augnamiði umbótamál, sem honum væri engin alvara með. Hann hefir nú átt lengri sambúð en jeg við Íhaldsflokkinn hjer á þingi, og skal jeg ekki um segja, hvað hann hefir lært af þeirri reynslu. En mjer dettur ekki í hug að halda, að flokknum sje ekki alvara með þetta mál, enda teldi jeg annað meiri fúlmensku en jeg get ætlað nokkrum manni. En hitt finst mjer eðlilegt, að flokkur, sem er í minni hluta, líti bjartari augum á fjárhag og getu ríkissjóðs heldur en meiri hluta flokkur, sem ábyrgðina ber. Mjer fanst líka þessa verða vart í ræðu hæstv. dómsmrh. í gær. Mjer virtist sú ábyrgð, sem hvílir á meiri hlutanum, koma ljóst fram í ræðu hans, og því var hún kaldari útreikningur en venjulegt er um hans ræður, þegar um framfaramál, og þá ekki síst

framfaramál á sviði landbúnaðarins er að ræða. Það var ljóst, að þetta stafaði aðeins af því, að hæstv. dómsmrh. fann glögt til þeirrar ábyrgðar, sem er því samfara að leiða þjóðina út í framkvæmdir svo stórskornar, sem hjer ræðir um, þar sem veltur á mörgum tugum miljóna, eða jafnvel hundraði, þá er landið alt er haft í huga.

Jeg skal geta þess, að jeg hefði getað haft tilhneigingu til að láta þetta mál fara til Nd., til að vita, hvað sú hv. deild segði, enda þótt jeg kjósi ekki að það verði að lögum. En jeg tel það ekki forsvaranlegt að greiða atkvæði þannig að treysta þurfi því, að aðrir menn geri rjett, eftir að hafa sjálfur látið hjá rjetta ógert.

Jeg mun einnig greiða atkvæði á móti hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, af því að mjer finst hún ganga alt of skamt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Þar sem jeg er einn af flm. frv. á þskj. 44, sem svo mikið og margt hefir verið rætt um, get jeg ekki látið það fara gegnum þessa umr. án þess að segja um það nokkur orð.

Jeg álít, að frv. þetta, nái það fram að ganga, boði konum nýrri og betri tíma, og jeg veit, að þannig muni flestir óhlutdrægir menn líta á það.

Þegar á málið er litið alment, þá gegnir það mestu furðu, að ekki skuli öll hv. fjárhagsnefnd hafa getað orðið sammála um að leggja það til við þessa hv. deild, að samþykkja frv. þetta. En svo hefir ekki orðið. Meiri hluti hv. nefndar vill vísa málinu frá, af þeim ástæðum, að það sje ekki nógu vel undirbúið, að það verði ríkissjóði of kostnaðarsamt, og að „búast megi við, að kröfur um undirbúningsrannsóknir og síðan um fjárstyrk til raforkutauga, muni koma samtímis úr öllum áttum".

En þessar ástæður hafa nú verið vegnar og ljettvægar fundnar, enda reynsla fyrir því, að framkvæmdir, sem ríkið hefir staðið að á líkan hátt og hjer er gert ráð fyrir, t. d. vegalagningar, brúargerðir og símalínur, þetta hefir ekki komið alstaðar alt í einu. Það hefir unnist með tímanum og þá verið farið eftir því, hvar þörfin var mest, og þau hjeruð setið fyrir — vegum og síma.

Í nál. minni hl. fjhn. kemur það ljóslega fram, að ætlast er til, að unnið verði að raforkuveitum landsins á líkan hátt, sbr. nefndarálit hans, sem telur að löggjöf og framkvæmdir um raforkuveitur til almenningsþarfa eigi að byggjast á sama grundvelli: „Framkvæmdir verða þá með eðlilegum hætti, fyrstar þar, sem áhugi er mestur og aðstaða best til þess að fyrirtækið beri sig."

Er því óþarfi að gera ráð fyrir að uppfylla þurfi óskir allra hjeraða landsins um rafvirkjun á einu og sama árinu. Nei, hjer er fordæmið fyrir hendi, sem er vitarnir, vegirnir og síminn.

Sannfæring mín er sú, að væri hafist handa nú um að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, þá verði að tuttugu árum liðnum raftauganet landsins engu óvíðtækara en símanet landsins er nú, rúmum 20 árum eftir að fyrsta taugin var lögð.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem ekki er gert ráð fyrir að alt verði unnið í einu, sem að framkvæmdum lýtur, þá er ómögulegt að gera fyrirfram ábyggilegar kostnaðaráætlanir um raforkuveitur fyrir landið alt; þær kæmu smátt og smátt, jafnóðum og ákveðið væri að taka fyrir hvert einstakt orkuver.

Jeg vil taka undir orð hv. frsm. minni hl., að við þær áætlanir er mikill ljettir, að hafa við að styðjast landmælingar og uppdrætti danska herforingjaráðsins. Því miður er því verki enn ekki lokið, en jeg teldi það vel farið og nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstjórn sneri sjer að því, að láta framkvæma það, sem eftir er að mæla, og gera uppdrætti af norðausturhluta landsins (Eyjafirði, Þingeyjar- og Múlasýslum).

Í greinargerð fyrir frv. leggjum við flutningsm. þess áherslu á það, að almenn úrlausn málsins geti ekki orðið sú, að hvert einstakt býli á landinu **komi** sjer upp orkuveri til eigin nota. Fyrst og fremst er aðstaða til heimavirkjunar ákaflega misjöfn, á nokkrum stöðum ágæt, öðrum miður góð og víða ill eða ókleif. — Auk þess er efnahag alls þorra bænda ekki þannig varið, að þeir geti einir borið kostnaðinn.

Afleiðingin er þá sú, sem þegar er farin að koma í ljós, að einstaka efnaheimili, þar sem aðstaðan er góð, geta veitt — og veita sjer — þau miklu gæði, sem raforkuveitan hefir að færa.

Þetta verður svo í reyndinni þröskuldur á vegi fjelagsframkvæmda.

Með þetta fyrir augum verður nauðsynlegt að hefjast þegar handa um að gera raforkuveitumálið skipulagsbundið, og mælir það atriði fastlega með því, að málið verði ekki dregið á langinn, tafið eða svæft.

Hjer er um mjög veigamikla ástæðu að ræða, sem allir þeir, sem horfa eitthvað fram í tímann, ættu að geta fallist á.

Þótt fleira mætti fram bera frv. til stuðnings frá almennu sjónarmiði, mun jeg ekki lengja ræðu mína frekar með því, en snúa mjer að annari hlið málsins.

Það er sjaldgæft að heyra hjer á hinu háa Alþingi, að tekið sje tillit — í orði — til kvenþjóðarinnar og verkahrings hennar, í sambandi við umræður um hin ýmsu þjóðþrifamál, sem eru rædd á Alþingi. Mjer var það því mikið ánægjuefni, að hv. 5. landsk. þm. (JKr) í ræðu sinni mintist hvað eftir annað á þýðingu þá, sem það hefir, að raforkan eða „hvítu kolin" verði flutt inn á öll eða flestöll býli landsins.

Oft er nú á tímum talað um fólksekluna, sjerstaklega í sveitum landsins — og það ekki að ástæðulausu, og allir vita til hverra vandræða horfir í því efni. En þar sem það er svo, enn sem fyr, að

„Bóndi er bústólpi,
bú er landstólpi,
því skal hann virður vel" —

þá má ekki gleyma því, að kona bóndans, sem tekur sinn þátt í öllu striti hans og störfum, er einnig alls góðs makleg.

Það er vitanlegt, að húsmæður þessa lands, ekki síst til sveita, munu fagna því, að heyra, að fram er komið á Alþingi frv. til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa, og að frv. er ein-

mitt miðað við þarfir almennings til sveita. Og jeg er viss um, að konur munu fylgja gangi þessa máls með áhuga og bíða úrslitanna með eftirvæntingu.

Það gæti farið svo, að einhverjar konur yrðu þess minnugar, hverjir þm. hafa tafið þetta mál, þegar þeir koma til þeirra sem kjósanda næst. Það er í alla staði eðlilegt, að bæði konur og karlar kynni sjer, hverjir þm. hafi haft rjettan skilning á slíku máli sem þessu, og hverjir það eru, sem hafa verið með vífilengjur, þyrlað upp ryki og reynt að láta líta svo út, sem málið væri ekki nægilega undirbúið og varhugavert frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Þetta mál er þannig vaxið, að það ættu eigi að verða um það flokkadrættir og sundurlyndi. Þetta mál er menningarmál, og það mun sannast, að ef núlifandi kynslóð býr svo um, að rafmagnið verður eign hvers heimilis, fær hún að launum þakkir komandi kynslóða, fyrir að hafa þannig leyst þjóðina úr fjötrum myrkurs og kulda. Þó að þarfir okkar séu margar og miklar, þá hygg jeg, að sú þörf, sem hjer er farið fram á að bæta úr, sje ekki hvað minst aðkallandi. Myrkrið og kuldinn hafa legið eins og mara á þjóðinni, alt frá landnámstíð. En eins og oft hefir verið tekið fram, hefir þetta mikla þýðingu fyrir heilbrigðisástand þjóðarinnar. Hlý og björt húsakynni veita þroska og lífsgleði og efla lífsþróttinn, en þetta hefir mikil áhrif á starf og líf hvers einstaklings. Það búa nú of margir í rökum og dimmum húsakynnum, en besta leiðin til þess að vinna bug á því, er einmitt það mál, sem hjer er um að ræða, og er það því mjög óskiljanlegt, að það skuli ekki mæta meiri skilningi en það gerir hjá meiri hl. þessarar hv. deildar.

Það hefir lítið verið minst á það, hve raforkan ljettir undir með flest heimilisstörf, t. d. matreiðslu og upphitun, auk þess sem hún eykur hreinlætið að miklum mun. Jeg get talað um þetta af nokkurri reynslu. Sú var tíðin, að við þurftum að hreinsa þetta 20—30 lampa daglega í Kvennaskólanum, og jeg man, hvað okkur brá við, þegar rafljósin komu, og þessi liður var úr sögunni, og við gátum notað þann tíma, sem til þessa hafði gengið, til annars, sem okkur var ánægjulegra.

Það hefir verið tekið fram af ýmsum, einkum hv. 3. landsk., að það mundi spara áburðinn, sem jarðræktin má illa við að missa, þegar raforkan er orðin almenn, eigi aðeins til ljósa heldur einnig til hitunar. Við vitum, hvað miklu er brent af áburði eða taði, og allir vita, hvað það tefur ræktun landsins, ef þarf að nota áburðinn til eldiviðar.

Jeg hefi nú bent á það, hvílíkur vinnusparnaður er að rafmagninu, þá hreinlætisaukningu, sem það hefir í för með sjer, og hver áhrif það hefir á heilbrigði og heilsufar. Alt eru þetta svo mikilvægar ástæður, að Alþingi ætti sem fyrst að ljá þessu máli stuðning sinn. Og hvað sveitirnar snertir, þá er rafmagnið eitt af aðalleiðunum til að gera þær samkepnisfærar við kaupstaðina. Eins og nú er, flýr unga fólkið sveitirnar, enda er ekki nema eðlilegt í alla staði, að það, þegar það hefir komist upp á hlý, björt og góð húsakynni, kjósi heldur að búa þar,

sem þessu er að heilsa, og sæki þangað. Bak við þennan flótta unga fólksins úr sveitunum liggur óskin um bjartara og þægilegra líf og ákjósanlegri lífsskilyrði.

Það, sem sjerstaklega getur lyft þessu máli, er að mínu áliti sameinuð aðstoð ríkisstj. og fjárveitingavaldsins. Og það er engin fjarstæða, þó að gert sje ráð fyrir, að takast megi að koma því fram. Íslenska þjóðin hefir, þau rúml. 50 ár, sem hún hefir sjálf ráðið fjármálum sínum, lyft stærri Grettistökum en þessu. Og með aðstoð Alþingis tekst það, ef sú viljastefna verður ofan á, sem lítur á hag heildarinnar, en gleymir því, hvort málin eru borin fram af meiri eða minni hl. þings. Jeg vil minna menn á orð hins stórhuga skálds, Hannesar Hafsteins:

Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið,
boðorðið, hvar sem þjer í fylking standið,
hvernig sem stríðið þá og þá er blandið:
það er að elska, byggja og treysta' á landið.

Ef allir vildu hafa það fyrir markmið að vinna að velferðarmálum þjóðarinnar, er jeg viss um, að þingmeirihl. hefði tekið þessu máli betur en raun hefir á orðið. Þeir treystu á landið, mennirnir, sem brúuðu fyrstu stórárnar, í því trausti, að geta *með tímanum* brúað þær allar, lögðu fyrstu vegina, bygðu fyrstu vitana og lögðu fyrstu símalínuna. Því er mjer spurn: Eiga þingmenn nú ekkert af þessu trausti? Treystir enginn því, að þjóðin sje fær um að veita sjer rafmagn, sem gengur næst sólarljósinu að gæðum, og er skilyrðið fyrir ljósi, yl, hita, lífi, heilsubót og fleiri lífsþægindum. Jeg held, að það sjeu ekki öfgar, þó að jeg telji þetta upp og færi frv. okkar það til gildis. Meðferð frv. hjer í hv. d. sker úr því, hvort það eigi framvegis að vera einkarjettindi efnamannanna að njóta gæða og þæginda rafmagnsins. En ef sú leið verður farin, að láta afskiftaleysið og tregðuna ríkja áfram um þessi mál, munu þeir þm., sem að því stuðla, komast að raun um, eftir nokkur ár, að betra hefði verið að sinna þessu á því herrans ári 1929. Þá verður það þeirra að afsaka sig og iðrast synda sinna. En jeg vona í lengstu lög, að ekki komi til þess, að þetta mál verði svæft. Jeg vona, að enn lifi traustið á þjóðinni meðal þeirra fulltrúa hennar, sem Alþingi skipa.

Jónas Kristjánsson: Ræða mín í gær mun hafa hneykslað hv. frsm. meiri hl. (JBald) og hv. 6. landsk. þm. (JónJ). Þeim fanst jeg hafa talað með of miklum fjálgleik um þetta mál. Jeg skal ekki neita því, að mjer er þetta áhugamál, og jeg hefi reynt að opna á mönnum augun fyrir nauðsyn þess. Jeg hefi bent á, að þetta er menningarmál, mál aukinnar hreysti, mál æskunnar, mál húsfreyjunnar, eða í sem stystu máli: framtíðarmál þjóðarinnar.

Jeg þarf ekki miklu að svara hv. frsm. meiri hl. Röksemdir hans voru mestmegnis rangfærslur, og get jeg því hlaupið yfir þær að mestu leyti. Alt það, sem hann talaði um framkomu mína gagnvart landbúnaðinum, var með öllu rangt, enda lítur út fyr-

ir, að honum sje meira um það hugað, að segja eitthvað en að segja satt. Eins og hver og einn getur sannfært sig um af Þingtíðindunum, fylgdi jeg frv. um Landnáms- og byggingasjóð, og alt það, sem jeg hefi lagt til landbúnaðarmála hefir verið á heilbrigðum grundvelli með heill landbúnaðarins að marki, t. d. vildi jeg ekki láta flytja áburðinn — þegar það mál var á döfinni — til landsins á kostnað ríkisins, heldur láta ríkið styrkja bændurna til að flytja áburðinn heim til sín frá kaupstöðunum, enda er nú brtt. komin fram um þetta.

Hv. 6. landsk. hneykslaðist á bjartsýni minni og virtist vera fullkomlega ánægður með núverandi ástand. Það sem jeg talaði um köldu og óvistlegu bæina, fanst honum alt úr lausu lofti gripið. Jeg sje þó ekki ástæðu til að koma inn á það, en hann mintist á konurnar í því sambandi, og það er enginn vafi, að þær finna betur en karlar til nauðsyninnar á umbótum á þessu sviði, því að þær dvelja meiri hluta ævi sinnar undir þaki, og oft í vondum húsakynnum í mörgum, ef ekki öllum, sveitum þessa lands. Mjer dettur auðvitað ekki í hug að svara annari eins fjarstæðu og þeirri, að jeg sje að reyna til að spilla á milli hjóna, en jeg sný ekki aftur með það, að karlar taka oftast helst til lítið tillit til kvenfólksins eða velferðar þess í sveitum landsins. Jeg veit, hvað mæðurnar hafa að berjast við, þegar þær sitja yfir veikum börnum sínum í rökum, ljelegum, ljóslitlum og köldum húsakynnum, og hvað þær verða að leggja hart að sjer. Og jeg er viss um, að heilsufarið mundi stórum batna, ef þetta frv. næði fram að ganga. Það vita allir, hversu berklaveikin hefir farið vaxandi og fer enn þá, en fátæktin og ljeleg húsakynni eiga mikinn þátt í henni. Og jeg er sannfærður um það, að ef þetta kemst í kring, er stórt spor stigið til þess að ráðin sje bót á þessum sjúkdómi, sem leggur svo marga fyrst á sjúkrabeð og síðan í gröfina.

Jeg veit, að það er af skilningsskorti, að menn eru á móti þessu frv. Það vantar að vísu ekki, að sumir tali nógu fagurt, en því er nú ver og miður, að þeir hyggja flátt. (PH: Hverjir eru það?) Jeg skal skýra þetta nánar. Mjer skildist það á ræðu hæstv. dómsmrh., að hann liti svo á, að þetta væri með öllu óframkvæmanlegt, og eftir þá yfirlýsingu tel jeg það sama og að vera á móti þessu máli, að vísa því til stj.

Jeg verð að játa, að mjer þykir þessu frv. tekið kuldalega. Það er ekki skirst við að leggja fje til að útbreiða símann um sveitirnar, og er auðvitað ekkert við það að athuga; það er nauðsynlegt. En því verður ekki á móti mælt, að sveitunum er ólíkt meiri nauðsyn og þægindi að rafmagninu til suðu, hitunar og ljósa en símanum, þó að góður sje.

Jeg tók svo eftir, að í þessari rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, sje lagt til, að rannsóknirnar verði kostaðar að jöfnu úr ríkis- og sveitasjóðum. Jeg veit nú ekki betur, en að ýmsar mælingar úti um landið sjeu kostaðar að öllu leyti úr ríkissjóði. En því þá ekki að láta ríkissjóð kosta þetta líka, þegar nóg er innlendra manna til að framkvæma þessar rannsóknir? Það væri meira að segja ekki frágangssök, þó að fá þyrfti menn

utanlands frá til þess. Og jeg man ekki betur en að hjer hafi nýlega verið samþ., að borunaráhöld eftir heitu vatni skyldu keypt fyrir fje úr ríkissjóði. Mjer finst því, að þetta mál eigi ekki glaðlegum undirtektum að fagna, þar sem menn vilja ekki einu sinni láta kosta þessar rannsóknir af hálfu þess opinbera. Ef svo hefði verið, hefði jeg sjeð velvilja til málsins. En nú ekki. Mjer finst yfirleitt, að kappi sje kostað um að setja sem ægilegast ljón í veg fyrir framgang þessa máls.

Hv. 6. landsk. mintist á það, að jeg hefði ekki drepið á neinar kostnaðaráætlanir í sambandi við þetta mál. Jeg játa fúslega, að jeg er ekki kunnáttumaður á þessu sviði, en hv. 3. landsk. hefir skýrt þá hlið málsins svo rækilega, að þar er engu við að bæta. Jeg vil þó geta þess, sem jeg hefi orðið áskynja erlendis í þessum efnum. Mjer er kunnugt um, að í stórhýsum í Winnipeg í Canada, sem leigð eru út fyrir 20—30 fjölskyldur, hefir húseigandi hitunartæki til þess að veita leigjendum nægilegt heitt vatn. Þetta vatn var hitað upp með kolum sem eldsneyti. Einn þessara húseigenda skifti um hitunartæki og hitaði vatnið með rafmagni í stað kola, og eftir nokkra mánuði gat hann sýnt, að hitunin kostaði minna með rafmagni en kolum. Og þegar þetta þykir margborga sig annarsstaðar og þar sem lítið er um fallvatn, eins og t. d. sumstaðar á sljettlendi í Ameríku, þá má nærri geta, hvort ekki eru til möguleikar á að þetta gæti borgað sig hjer í okkar fossauðuga landi. Gamalt spakmæli segir líka, að sælla sje hjá sjálfum sjer að taka en sinn bróður að biðja. Þess vegna ættum við að reyna að nota þann mikla kraft, sem liggur í okkar mörgu fossum og fallvötnum, en hætta að sækja kol til útlanda. En svo er líka aðgætandi, að það getur verið ýmsum erfiðleikum bundið að kaupa kol í útlöndum og flytja þau hingað. Er þar skemst að minnast, að t. d. á stríðsárunum voru kol lítt fáanleg og þar að auki afar dýr. Það var því engin smáræðis upphæð, sem við urðum að greiða á þeim árum fyrir kol.

Jeg mintist í gær lítilsháttar á kostnaðinn við heimavirkjun og býst við, að enn sjeu ekki öll kurl komin til grafar um þann kostnað. Að vísu veit jeg ekki, hvað stórar leiðslur kosta, en sennilegt þykir mjer, að þær verði að tiltölu ódýrari en þær smærri. Jeg veit heldur ekki hvernig þær muni endast þessar heimavirkjanir, eða hvort lagt hefir verið til hliðar fje til þess að gera við þær ef þær bila eða endurbyggja þær þegar vjelarnar eru útnotaðar. En um hitt er jeg hræddur, að þessar heimavirkjanir sjeu að ýmsu leyti dýrar og ekki sagt, að auðvelt verði fyrir bændur að byggja þær á ný, þegar vjelarnar eru úr sjer gengnar. Þó vildi jeg óska, að svo færi ekki, heldur að öllu reiddi hið besta af.

Mín sannfæring er sú, þó að jeg geti ekki sannað það nú, af því að jeg er enginn sjerfræðingur á þessu sviði, að rafvirkjun og leiðslur í stærri stíl hljóti að verða hlutfallslega ódýrari fyrir notendur og áhættuminni en sú virkjun, sem gerð er aðeins fyrir eitt heimili eða tvö, en þá geri jeg ráð fyrir, að stjórn slíks fyrirtækis sje falin sjerstökum kunnáttumönnum og sjeð verði fyrir endurbyggingu stöðva og

öðru því, er með þarf, á þann hátt, að lagt verði til hliðar nægilegt fje á hverju ári, sem varasjóður, til þess að endurbyggja það, er með þarf, og sje fyrirtækið þannig trygt.

Þá var það sjerstaklega eitt í ræðu minni, sem hneykslaði hv. andstæðinga mína, sem sje það, að jeg hafði gefið í skyn, að frá sjónarmiði bænda væri það næsta óeðlilegt að hv. 1. landsk. væri falin framsaga í máli eins og þessu. Það getur nú verið svo, að menn sjeu mismunandi minnugir. En það hafa nýlega skeð þau atvik hjer í höfuðstaðnum, að ástæða hefði verið til að halda, að traustið á þessum manni, hv. 1. landsk., hefði eitthvað minkað hjá þeim hv. þdm., sem telja sig hingað komna til þess sjerstaklega að reka erindi bænda. Verkfallið, sem hv. 1. landsk. og aðrir foringjar jafnaðarmanna komu á stað í byrjun þessa árs, hefir kostað landið miljónir króna, og það á eftir að kosta bændur mikið fje í hærri kaupgreiðslu, og ef landbúnaðurinn á erfitt uppdráttar, eða hefir átt það, þá verður þetta þó enn tilfinnanlegra í næstu framtíð; svo að ekki er sjeð, að landbúnaðurinn þoli þá hækkuðu greiðslu, sem verkfallið, er hv. 1. landsk. kom af stað, hefir í för með sjer. Jeg ætla ekki að ala á sundurlyndi milli þessara flokka, og það gleður mig, að hv. Framsóknarbændur þessarar d. taka þessu vel og hafa nú gleymt og fyrirgefið samherjum sínum þessa ádrepu. En á hitt vildi jeg benda, að þar sem vitanlegt er, að atvinnurekstur bænda hefir tæplega borið sig undanfarið, þá mun afkoman síst glæsilegri framundan, þegar greiða verður mun hærra kaup vegna verkfallsins. Það var þetta, sem jeg átti við, er jeg ljet í ljósi undrun mína yfir því, að sá flokkurinn, sem heimtar að hann sje kallaður og skoðaður eini bændaflokkur þingsins, skyldi fela jafnaðarmanni að hafa orð fyrir sjer um þetta stærsta og mesta velferðarmál sveitanna á þessu þingi.

En hv. andstæðingar hafa aðra skoðun á afleiðingum verkfallsins. Jeg er sannfærður um, að bændur tapa við þær ráðstafanir, að vinna sú, er þeir þurfa að kaupa, verði dýrari, en takist hv. andstæðingum mínum að sannfæra mig um það gagnstæða, þá mun jeg gleðjast yfir því og (vera þeim þakklátur.

Það kann að hafa verið eitthvað fleira, sem ástæða hefði verið til að svara í umræðum hv. andstæðinga minna, en jeg held þó, að jeg verði að sleppa því í þetta sinn. Það mætti þá kannske koma að því síðar, ef tilefni gæfist.

Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir undirtektirnar kaldar, sem þetta mál hefir fengið hjá þeim flokki, sem telur sig reka erindi bænda. Jeg hefði þó kunnað betur við, að úr því að óskað er eftir rannsókn í þessu efni, þá væri hún kostuð alveg af opinberu fje. Í frv. er einmitt vel frá þessu gengið og get jeg ekki skilið, hvers vegna hv. meiri hl. hefir ekki getað fallist á það. (**Dómsmrh.**: Hann gengur lengra). Það er nú eftir því, hvernig á það er litið. En ef hv. meiri hl. meinar það, sem hann hefir talað, þá ætti hann ekki að vera á móti frv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er ekki nema að vonum, að alllangar umr. verði um þetta mál, því þó að maður gæti haldið, að fyrir hv. flm. væri hjer

aðeins um smámál að ræða, er ekki þyrfti að hika við að samþykkja, þá er hjer þó í raun og veru stórmál á ferðinni, sem veltur á tugum miljóna og jafnvel hundruðum fyrir þjóðina.

Hv. 2. landsk. (IHB) furðaði sig á, hvað kuldalega væri í málið tekið og hv. 5. landsk. (JKr) tók í sama strenginn. En mjer finst, að engan þurfi að furða, þó að ekki sje að þessu hrapað undirbúningslaust, því að með frv. er ekki farið fram á neitt smáræði, eins og bent hefir verið á. Fyrst og fremst er ætlast til, að ríkissjóður styrki virkjun ina með stórum fjárhæðum, en auk þess má búast við, að slíkar framkvæmdir komist hjer ekki á nema með stærri lánum, er ríkissjóður yrði að ábyrgjast, og það ef til vill fyrir mörg sveitarfjelög. Er því auðsætt, að slíkar framkvæmdir eins og þær, er frv. gerir ráð fyrir, geta því að eins orðið, að ríkissjóður standi þar undir að mestu eða öllu leyti.

Þess vegna tel jeg það óforsvaranlega ljettúð gagnvart ríkissjóði, ef hv. flm. hafa ætlast til, að frv. yrði samþ. nú. Jeg get heldur ekki trúað því, að það hafi verið alvara þeirra, eða þeir ætlast til að frv., eins og þeir ganga frá því, yrði að lögum á þessu þingi. Með þessu er ekki þar með sagt, að hjer geti ekki verið um stórt framtíðarmál að ræða. En það gildir það sama um það, eins og svo mörg önnur stórmál — og ekki síst sveitanna, að þau verða ekki framkvæmd í einum svip. Það dettur engum í hug að neita því, að það sje gott mál að leiða ljós og yl um sveitirnar, en þó liggur annað nær að gera: að byggja upp sveitirnar og gera híbýlin vistlegri en þau eru. Mjer finst það líkast því, sem byrjað væri að smíða negluna í skipið, ef miklu fje væri varið til þess að leiða ljós og hita í bæi þá, sem komnir eru að falli og tæpast hanga uppi, eins og því miður á sjer altof víða stað í sveitum landsins. Hins vegar er ekki nema gott til þess að hugsa, að slíkar framkvæmdir komist á, ef það verður ekki ofraun fyrir ríkissjóð, og það er það, sem rannsóknin á að leiða í ljós, á hvern hátt þetta verði framkvæmt svo, að ríkið og einstaklingarnir megi vel við una.

Annars var það sjerstaklega út af nokkrum orðum í ræðu hv. 5. landsk., að jeg kvaddi mjer hljóðs. Hann sló því fram, að ráðherrarnir hefðu talað flátt í þessu máli. (**Margir Íhaldsm.:** Það sagði hann ekki).

Þegar hv. 5. landsk. var spurður, við hverja hann ætti, þá svaraði hann skýrt og skorinort, að það væru ráðherrarnir, og það stendur skrifað hjá mjer. (**JKr:** Þetta er misskilningur, sem jeg skal leiðrjetta, þegar jeg svara aftur). En jeg vil ekki, að leikið geti á tveim tungum, hver afstaða mín er til þessa máls. Jeg vil ekki að frv. verði samþ. nú á þessu þingi, en jeg get greitt því atkv., að þetta mál verði rannsakað vel og vandlega, svo leiða megi í ljós, að fært verði að samþ. frv í þessu efni, án þess að ráðist sje í eitthvað, sem kalla má með öllu óframkvæmanlegt.

Það hefir verið ráðist í mörg stórfyrirtæki, sem kostað hafa ríkissjóð miljónir króna, en sem búið er að sýna sig, að orðið hafa sveitunum til meira niðurdreps heldur en ef aldrei hefði verið í þau ráðist. (**JÞ:** Svo sem hvað?). T. d. Skeiðaáveitan margumtalaða. (**JÞ:** Þetta er alger

misskilningur!). Og mín skoðun er, að rjettara hefði verið að þurka heldur upp Flóann, verja miljónunum til þess í staðinn fyrir að veita á hann vatni. Það hefði því ekki verið vanþörf á að athuga margt betur, áður en ráðist var í annað eins risafyrirtæki og Flóaáveitan var og er. Og það er með þessa reynslu fyrir augum, að jeg tel óforsvaranlegt að samþ. frv. eins og það er nú. Hinsvegar er stj. fús til að láta rannsaka þetta mál, ef þingið vill svo vera láta, og leggur að öðru leyti fram það fje, er til þess þarf.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að segja neitt frekar. Jeg vildi aðeins gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, svo að öllum mætti verða ljóst, hvað fyrir mjer vakir.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. mæltist til þess í gær, að jeg svaraði sjer með langri ræðu, en vissi þó, að jeg hafði haldið þær 3 ræður, sem þingsköp leyfa mjer við þessa umr. Jeg mun hlíta þingsköpum, eins og venja mín er, enda sje jeg enga ástæðu til að gera hv. andstæðingum mínum sláturstörfin auðveldari með því að segja nú við 2. umr. það sem jeg get sagt við 3. umr. En sje drápshugur hv. andstæðinga svo mikill, að frv. fái ekki að lifa til 3. umr., þá verður að taka því.

Jeg mun því aðeins nota þennan rjett minn samkvæmt þingsköpum, til þess að bera af mjer sakir. Þó er það ekki svo að skilja, að jeg þykist þurfa að bera af sjálfum mjer sakir, en hæstv. dómsmrh. veittist allmjög að stjettarbræðrum mínum, verkfræðingunum, og ætla jeg að þingsköp heimili mjer að svara þar til saka.

Hæstv. dómsmrh. endurtók ennþá einu sinni öfgar þær og blekkingar, sem honum og flokksbræðrum hans er svo gjarnt að bera fram, ef minst er á Skeiðaáveituna. Það er rjett, að frá verkfræðinganna hálfu var Skeiðaáveitan áætluð um 120 þús. kr., en kostaði um ½ milj. króna. En þegar miðað er við þessar tölur, þá er og skylda allra rjettsýnna manna að hafa jafnframt í huga, að frá því að áætlunin var gerð og þangað til verkið var framkvæmt, hafði verðlagið í landinu þrefaldast. Þess vegna þarf engan að furða, þó að kostnaðurinn færi fram úr hinni upphaflegu áætlun, og ekki verður verkfræðingunum kent um dýrtíðina í landinu á þeim árum, er verkið var framkvæmt. En þar sem báðir hæstv. ráðherrar, sem sæti eiga í þessari hv. d., hafa látið þau orð falla, að þessar framkvæmdir hafi orðið til niðurdreps bændum á áveitusvæðinu, þá er það mjög orðum aukið að því leyti, sem það er ekki algerlega rangt. Vegna óhapps, sem áveitufjelagið varð fyrir, varð verkið miklu dýrara en áætlað var í öndverðu, en þrátt fyrir það hefir þó framkvæmd áveitunnar orðið til þess að breyta búskaparlagi bænda á svæðinu og lyfta þeim. Jeg hefi hjer í höndum Búnaðarskýrslur Íslands fyrir árið 1927, og samkvæmt þeim hefir nautgripum fjölgað á Skeiðunum frá 1923—1927 um 40%. Þetta er álitleg byrjun og spáir góðu um þann möguleika, að framfleyta meiri nautpeningi, enda vona jeg, að þar verði framhald á, þrátt fyrir það þó að hæstv. dómsmrh., sem enga trú hefir á breyttum búnaðarháttum, geri alt sem hann getur, til þess að níða þessar framkvæmdir. Og jeg get bætt því

við, að jeg hefi bestu vonir um, að þetta fari ágætlega, og ekki síst vegna þess, að jafnvel undir þeim óheppilegu kringumstæðum, sem vikið hefir verið að, hefir Skeiðaáveitan artast sæmilega, og hefi jeg þann stuðning í öllu því, sem skjallega er upplýst um áhrif áveitunnar. Annars mun jeg við 3. umr. svara hæstv. dómsmrh. nánar í þessu efni, ef frv. verður þá leyft að fljóta þangað.

Hv. 6. landsk. kvaðst hafa búist við, að jeg mundi sýna fram á, að kostnaðaráætlun sú, sem hann hefði sett fram, væri of há. En jeg vildi hvorki gera svo mikið úr honum eða mjer, að við færum að togast á um kostnaðaráætlun, sem frv. fer fram á að gerð verði, og er því ógerð enn.

Hv. 2. þm. N.-M. vildi jeg segja það, að jeg fann ekki að hann væri í ræðu sinni með neinar ásakanir í minn garð. Hann var að reyna að afsaka, hvers vegna hann sjálfur hefði ekki orðið frsm. meiri hl. í stað hv. 4. landsk., og vildi jeg þá minna hann á það fornkveðna, að sá sem afsakar sig, hann ásakar sig, og hv. þm. hefir góðar og gildar afsakanir fyrir því, hvers vegna hann varð ekki frsm. hv. meiri hl.

Þá vildi jeg með örfáum orðum leiðrjetta það, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. um Flóaáveituna, að rjettara hefði verið að þurka upp Flóann heldur en að veita á hann. Það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. sje ekki vel ljóst, hvað unnið hefir verið í Flóanum, því þó að það sje í daglegu tali kallað áveita, þá er þó ekki síður um uppþurkun að ræða en áveitu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer finst, að hv. frsm. minni hl. hefði getað notað betur sinn þinglega rjett en hann gerði, til þess að rökstyðja mál sitt og sanna, að þau stóru fjárútlát, sem frv. fer fram á, sjeu á rjettum grundvelli reist. En þetta hefir hv. frsm. minni hl. forðast að gera. Hann hefði þó getað fylgt dæmi mínu um annað stórmál, er jeg bar fram, sem sje Byggingar- og landnámssjóð. Þegar jeg bar það frv. fyrst fram, ljet jeg því fylgja till. um tekjur, og svo var einnig um þáltill., sem jeg bar fram á þinginu 1927. Þá mælti hv. 3. landsk. nokkur orð í sambandi við þessa till. mína, er mjer þykja þess verð að lesast hjer upp, með leyfi hæstv. forseta: „Það er rjett hugsun hjá hv. 6. landsk. (JJ), að um leið og brotið er upp á máli, sem gera má ráð fyrir, að hafi til muna aukin árleg útgjöld í för með sjer úr ríkissjóði, þá þarf líka að útvega ríkissjóði nýjar tekjur.“ (D-deild Alþt. 1927, 702. dálkur).

Hv. 3. landsk. játaði það 1927, að þegar borin væru fram stór gjaldafrv., þá væri nauðsynlegt að því fylgdi a. m. k. bending um, hvernig afla skyldi tekna til þess að standast kostnaðinn. En það er svo fjarri, að hann eða meðflm. hans hafi sjeð nokkra nauðsyn til fjáröflunar í þessu skyni, og hv. frsm. minni hl. hefir skotið sjer undan og ekki svarað neinu um þetta, og hefir þó komið fram rökstudd dagskrá um að eyða málinu og önnur till. um að vísa því til stjórnarinnar. Báðar þessar till. byggjast á því, að framkvæmd frv. verði ríkissjóði ókleif, nema að aflað verði nýrra tekna. Ef ekkert kemur fram af hálfu hv. flm. sem bending um það, að ljetta undir

með ríkissjóði, þá verður það að skoðast sem hrein og bein uppgjöf þeirra, eða játning um það, að þeir hafi ekki gert sjer nokkra minstu hugmynd um, hvernig ríkissjóður ætti að standa straum af kostnaðinum við þetta miljónafyrirtæki.

Þetta er alvarlegra mál en svo, að menn eigi að leika sjer með það. Og þegar svo bætist við framkomu og frekju hv. flm., að þessi sami flokkur, sem að frv. stendur, hefir ekkert gert til þess að ljetta undir með þeim bændum, er á síðari árum hafa hafist handa um að raflýsa hjá sjer. Þvert á móti hefir t. d. aðalmálgagn flokksins, Morgunblaðið, hreytt ónotum í þann mann, Bjarna Runólfsson á Hólmi, sem mest og best hefir unnið að því allra Íslendinga, að koma upp rafvirkjun í sveitum og vekja áhuga bænda í því efni. Þegar svo ofan á alt þetta tómlæti Íhaldsmanna gagnvart sjálfbjargartilraunum bænda um að lýsa upp heimilin og gera þau vistlegri, bætist sú höfuðsynd, sem lýst hefir verið í dag, að meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem kunnugt er að skipuð er tómum Íhaldsmönnum, stendur á móti því, jafnlengi og þeir þora fyrir bæjarbúum, að notfæra sjer það fje, sem minni hl. bæjarstjórnarinnar hefir trygt til þess að hrinda í framkvæmd glæsilegustu og fjárvænlegustu stórvirkjun, sem enn hefir á dagskrá þjóðarinnar komið, sem sje virkjun Sogsfossanna, — þá fer mönnum að skiljast hvílíkan skollaleik er verið að leika hjer á Alþingi af þeim mönnum, sem frv. þetta hafa borið fram.

En málið er í sjálfu sjer gott og merkilegt og eflaust eitt af stærstu framtíðarmálum þjóðarinnar, sem bíður heppilegrar úrlausnar. Þess vegna má það ekki gjalda þess, þó að það sje að þessu sinni illa flutt og af enn minni heilindum þeirra manna, sem að því standa.

Í þessu sambandi vil jeg minna á það, sem danskur ráðherra er látinn segja í Alþingisrímunum við sendimenn, sem komu á fund hans með erindi Íslendinga. Þessum danska ráðherra eru gerð upp orðin við íslensku sendimennina á þessa leið:

„Jeg skal ykkar ættarstorð
ekki móti vera,
en fyrir sjálfra ykkar orð
ekki mikið gera.“

Þannig hygg jeg að verði aðstaða allra sannra umbótamanna til rafmagnsmálsins. Þeir munu styðja málið, þó þeir geri lítið með glæfralegar og vanhugsaðar atkvæðaveiða-tillögur.

Jeg vil nú gera ráð fyrir, að þessi Íhalds-vaðall um málið, án þess að gera nokkra minstu grein fyrir fjárhagshliðinni, geti aldrei orðið annað en einskonar kosninga-draumsjón þeirra, en þó láta þeir eins og þeir sjeu nú þegar búnir að hita og lýsa upp alla bæi í landinu. En málið er í sjálfu sjer gott, eins og jeg hefi tekið fram, og þess vegna má ljelegur flutningur þess nú, af hálfu Íhaldsins, ekki spilla fyrir því, en hann getur heldur ekki bætt fyrir því á einn eða annan hátt, því að alt, sem hv. flm. hafa haft fram að flytja, er ekkert annað en þekkingarlaust fum og fuður, þvert ofan í þá reynslu, sem fengin er um falskar áætlanir íslenskra verkfræðinga.

Stefnumunurinn á Íhalds- og Framsóknarflokknum er mjög mikill í þess-

um efnum. Við Framsóknarmenn gerum miklar kröfur til þess, að fyrirtækin sjeu gagnleg og standi á tryggum grundvelli. Við vorum t. d. með því að styðja hina aðdáanlegu sjálfbjargarviðleitni Akureyringa, Eyfirðinga og Þingeyinga í því, að koma Kristneshælinu upp, með því að leggja fram helming kostnaðar. Það var aftur á móti Íhaldið, að undanteknum 3 eða 4 mönnum, sem vildi slá á þessa framrjettu hönd í baráttunni gegn hvita dauðanum. Þegar frv. um Byggingar- og landnámssjóð kemur fram, þar sem á að greiða lága vexti, en borga allan höfuðstólinn, þá berst Íhaldið með hnúum og hnefum á móti því, og það svo kröftulega, að málið nær ekki fram að ganga fyr en Íhaldsliðinu er orðið ómáttugt að hefta framgang þess. Þarna er þó ríkið að hjálpa þarflegri sjálfsbjargarviðleitni, en ekki að leggja út í glæframensku- eða svindilfyrirtæki eins og þau, sem sumir verkfræðingar beita sjer fyrir. Þegar Íhaldið kemur fram með till. um að stofna til slíkra fyrirtækja, þá er ekki hugsað um annað en að gefa miklar gjafir í byrjun, og koma svo skellinum að lokum á ríkissjóð.

Árið 1925 sáu menn fram á það, að tekju- og eignarskattur mundi verða með hærra móti, aðallega af því, að þá ljet vel í ári. Nú hefði slík skattaaukning komið talsvert við pyngju ýmsra fylgifiska Íhaldsins, en þá gerir það sjer hægt um hönd og breytir lögunum um þessa skatta, svo að vinir þess þurfi minna að borga. Er það haft eftir þáverandi skattstjóra, Einari Arnórssyni, að þessi eftirgjöf hafi numið um 600 þús. kr. það ár, og mun það hafa runnið nær eingöngu til samherja og stuðningsmanna Morgunblaðsins. Hjer í þessu frv. fer það svo fram á að lokka menn út í fyrirtæki, sem hneppa þá í skuldafjötra, og vill skylda ríkissjóð til þess að leggja fram miljónir í þessi fyrirtæki, sem ekki bera sig. (Hávaði í suðurstofu Ed.). Jeg vona að hv. 3. landsk. (JÞ) sje ekki að verða geðbilaður þarna inni í herberginu, það væri mikill skaði fyrir land og lýð.

Að því leyti, sem hv. 3. landsk. reyndi að bera sakir af stjett sinni, þá var viðleitnin betri en árangurinn. Hann reyndi ekki að afsaka glapræði verkfræðinganna við vegalagningar, Eyrarbakkaspítalann, Flóaáveituna eða Skeiðaáveituna, en reyndi aðeins að verja sjálfan sig.

Af því að hv. 3. landsk. tók Skeiðaáveituna sjerstaklega til athugunar, vil jeg víkja að henni nokkuð nánar. Hann reyndi ekki að mæla á móti því, að eftir áætlun verkfræðinganna átti hún ekki að kosta nema liðug 100 þús. kr., en í framkvæmdinni fór hún upp undir ½ miljón. Þessu er ekki hægt að mótmæla. Lán áveitunnar eru í mestu vanskilum, og ekki hinn minsti neisti af von um það, að hlutaðeigandi aðiljar geti nokkurntíma borgað þau. Verði gengið að bændum á áveitusvæðinu með nokkurri hörku, verður það ekki til annars en þess, að þeir flæmast burtu af jörðunum og verða gjaldþrota. Alt er þetta að kenna illa mentuðum verkfræðingum og þeirra aumingjaskap. Og aumingjaskapur þeirra náði svo langt, að þeir fundu ekki klöpp, sem kostaði 120 þús. kr., og sem alla varð að sprengja. Þetta er aðeins dæmi til þess að sýna hve lítið er að marka gaspur og glamur

verkfræðinganna, þegar þeir vilja hrinda af stað framkvæmdum til þess að fá sjálfir atvinnu. Þetta væri ef til vill afsakanlegt, ef hægt væri að fóðra afstöðu þeirra á einhvern hátt, og þeir gætu horfið frá þessu, en það er ómögulegt. Skeiðaáveitan er einn allra auðvirðilegasti þáttur í verkfræðingastarfseminni hjer á landi, og er varla hægt að hugsa sjer annað eins. Þarna hafa margir verkfræðingar verið að verki, og þó hefir þeim mistekist svo hroðalega, að á sljettu landi, eins og þarna er, hafa þeir ekki látið grafa nógu margar holur, til þess að hægt væri að sjá, hvort undir væri klöpp eða mold á skurðsvæðinu. Hvaða vörn er svo færð fyrir þessu? Það er ekkert nema dýrtíðin, og hún á að afsaka alla þessa vanþekkingu og aumingjaskap verkfræðinganna. Það var reyndar alveg rjett, að það er dýrtíð á mannviti og þekkingu, sem er um að kenna.

Þá kom hv. 3. landsk. að járnbrautarmálinu og taldi, að ekki væri hægt að gera neina árás á Íhaldsflokkinn, vegna afskifta hans af því máli. Það er nú svo um það mál, að það sem er plús fyrir einn Íhaldsmann í því, er mínus fyrir annan. Þegar hv. 3. landsk. var landsverkfræðingur, rjeð hann til þess, að járnbraut yrði lögð austur yfir fjall, því að hún mundi borga sig, og hafði hann marga verkfræðinga á sínu máli. En hvað skeður? Það kemur fram einn leikmaður, kaupmaður hjer í bænum, sem er Íhaldsmaður, og deilir við verkfræðinginn og drepur málið í höndunum á honum, og nú er verkfræðingurinn kominn á skoðun hv. 1. þm. G.-K. (BK) og snúinn frá sinni fyrri skoðun. Þegar leikmenn geta tekið verkfræðingana, sett þá á hnje sjer og sannfært þá svona, þá sýnir það best á hverju er að byggja, þegar þessum mönnum er treyst.

Ef þetta frv. verður samþ., þá er það víst, að enginn hefir gott af því, nema verkfræðingarnir. Íhaldið hefir ekkert gott af því, því að þegar menn sjá, að þetta er ekki annað en „humbug", verður það ekki einu sinni agn um kosningar. Bændur hafa heldur ekkert gott af því, því að þetta mun aldrei komast í framkvæmd, en sitja aðeins við rannsóknir og bollaleggingar verkfræðinganna. Sjálfsbjargarviðleitni bændanna mun samt halda áfram eftir sem áður, þó að með þessu frv. sje verið að reyna að drepa hana og lokka bændur út á kviksyndi botnlausra glæfrafyrirtækja. Jeg býst helst við, að Íhaldsflokkurinn hafi ætlað að græða á þessu sem flokkur, en það verður víst nokkuð hæpið, því að óheilindin skína alt of mikið í gegn. Nái frv. fram að ganga, geta verkfræðingarnir mjelað sína köku við það að gera áætlanir, aðrir fá þar engin hlunnindi, og hefði hv. 3. landsk. átt að játa þetta hreinskilnislega.

Umhyggja hv. 3. landsk. fyrir verkfræðingunum kemur víða fram. Þegar hann var að tala um það hjerna um árið, að hita alla Reykjavík upp með heitu vatni alla leið ofan frá Hengli, þá ljet hann ummæli falla í þá átt á ákveðnum stað, sem hann kannast víst vel við, að það væru svo margir atvinnulausir verkfræðingar hjer í þessum bæ, að það mætti til að láta þá fá eitthvað að gera. Um þetta var svo skrifað í dönsk blöð, og þar var dáðst að þessum vitmanni, sem væri svona sniðugur, að hann ætlaði

að hita upp allan höfuðstaðinn með heitu vatni, en ekki minst á hina röksemdina, atvinnu handa atvinnulausum stjettarbræðrum tillögumanns. Nú geta allir brosað að þessari hlægilegu fyrirætlun, og hv. 3. landsk. verður að reyna að brosa líka, til þess að vera ekki altof einstæðingslegur innan um allan hláturinn. Þegar svo á að ráðast í framkvæmdir á þessu sviði, þá skal maður ekki halda, að verkfræðingarnir hafi uppgötvað þann sannleika, að þetta sje mögulegt. Fyrsti maður, sem rjeðst í slíkar framkvæmdir, var Sigurjón Pjetursson á Álafossi. Hann fór til allra helstu verkfræðinganna. (JÞ: Hann kom til mín). Hvernig gat hv. 3. landsk. misskilið mig, að jeg ætti við hann? En verkfræðingarnir rjeðu honum allir frá því, að eiga nokkurn hlut við slíkar hitaleiðslur, svo að hann varð að gera alt upp á eigin spýtur. (JÞ: Hann fór eftir mínum ráðum og mínum tillögum). Hann gerði þetta alveg í trássi við alla verkfræðinga og án þeirra aðstoðar, og jeg hefi vitnisburð Sigurjóns sjálfs fyrir þessu. Annars þykir mjer mjög svo eðlilegt, að hv. 3. landsk. reyni að bera á móti þessu, því að það er ilt til afspurnar fyrir verkfræðingana, að leikmaður skuli gera það upp á eigin spýtur, sem þeir treysta sjer ekki til.

Menn geta nú ef til vill sagt, að það sje nokkur útúrdúr að minnast á verkfræðingana, en það má ekki gleyma þeim í sambandi við þetta frv., því að langsamlega mestu fyrstu framkvæmdirnar yrðu svokallaðar rannsóknir verkfræðinga út um alt land. Þeir yrðu fyrstu atvinnuþiggjendur vegna frv. þessa, ef það næði fram að ganga. Þeir munu fúsir til þess að leggja út í svona fyrirtæki, sem er hreinasta hallærisráðstöfun fyrir allar stjettir þjóðfjelagsins nema þá, en þeir hugsa um það eitt, að fá eitthvað fyrir snúð sinn. Þessu til sönnunar skal jeg taka eitt mjög svo sláandi dæmi.

Í Vestur-Skaftafellssýslu er á, sem rennur gegn um hraun og fellur þar í einu lagi, en þegar hún kemur fram undan hrauninu, kvíslast hún í 4 eða 5 kvíslar. Að sjálfsögðu er langhægast að brúa ána í einu lagi upp við hraunið, og það má gera fyrir ein 20—30 þús. kr., en verkfræðingarnir, sem höfðu með þetta að gera, lögðu til, að áin yrði brúuð þar sem hún rennur í 4—5 kvíslum, og þar sem hver kvísl er breiðari heldur en öll áin, þar sem hún rennur í einu lagi. Þó er ekki nema lítill spotti á milli hraunrótanna og þessa fyrirhugaða brúarstæðis verkfræðinganna. Ár eftir ár er barist við að mæla fyrir þessari vitleysu, og verkfræðingarnir spígspora þarna og halda í vonina um það, að fá þetta barið í gegn. Svona gekk þetta alt Íhaldstímabilið og ekki nóg með það, heldur reyna blöð Íhaldsins að æsa Skaftfellinga upp í að láta gera 5 brýr fyrir eina, og ætla sjer meira að segja að reyna að fella núverandi þm. sýslunnar vegna þeirrar aðstöðu hans, að hann vill heldur láta ríkið byggja eina brú en fimm, úr því að sú eina gerir sama gagn. Svona er trúin mikil í þeim herbúðum á það, hvað heimska verkfræðinganna fái miklu áorkað.

Jeg vil nú vona, að hv. 3. landsk. fái einhvern tíma seinna, t. d. við 3. umr., tækifæri til þess að bera meiri sakir af verkfræðingastjettinni, því að jeg get tekið fleiri dæmi og lýst fleiri

vígum á hendur þeim, og jeg vil alls ekki leggja mína þjóð undir glæframensku þeirra og aumingjaskap.

Það á að styðja sjálfsbjargarviðleitnina og raflýsa sveitirnar fyrst og fremst úr þúsundum bæjarlækja og leggja áhersla á að efla sjálfsbjargarviðleitni í rafmagnsmálinu. Aftur á móti á að slá á atvinnuleit illa mentaðra spekúlanta, sem leggja út í fyrirtæki eins og Skeiðaáveituna, til óbætanlegs tjóns fyrir land og lýð.

Jón Jónsson: Jeg vissi ekki hvernig jeg átti að taka það, er hv. 5. landsk. (JKr) var að tala um það í ræðu sinni, að menn töluðu fagurt en hygðu flátt um þetta mál. Jeg hjelt fyrst, að hann ætti við hæstv. ráðh. með þessari ásökun. Mjer skildist það helst á orðum hans. En síðar upplýsti hann, að hann hefði með þessum orðum sínum átt við þá aðra, er um málið hafa talað af hálfu meiri hl. — Jeg fyrir mitt leyti vil algerlega mótmæla þessu hvað mig snertir. Og jeg get fullyrt, að í hinni rökst. dagskrá minni felst enginn flátskapur. Jeg ætlast fullkomlega til, að eftir henni verði lifað, ef hún nær samþ. þessarar hv. deildar. Og jeg ætlast til, að samkv. henni fái hvert það hjerað, sem fram á það fer, verkfræðilega aðstoð til undirbúnings orkuvera og rafmagnsleiðslu. Og einn hæstv. ráðh. hefir tjáð sig samþykkan því að það sje gert. Jeg tel því, að hjer sje ekki um neinn flátskap að ræða. Og jeg efast um, að í því sje fólginn minni áhugi fyrir þessu máli heldur en kemur fram í till. hv. 5. landsk., þótt hann vilji nú þegar ákveða kostnaðarskiftingu í framkvæmd verksins. Annars er nú hv. þm. nær sósialistum í till. sínum. Hann vill láta ríkið bera allan kostnað af undirbúningi þessa máls. En jeg vil skifta kostnaðinum og hjálpa aðeins þeim, sem vilja hjálpa sjer sjálfir. Hv. þm. er því sjálfur nær sósialistum, þótt hann segði, að jeg negldi mig aftan í þá. Og frá sjónarmiði hv. þm. ætti hann frekar að átelja það, að jeg fylgdi eigi nógu fast sósialistum í þessu máli, því að bæði hv. frsm. meiri hl. og hv. frsm. minni hl., sem fylgir í raun og veru stefnu sósialista í þessu máli, vilja láta ríkið bera allan kostnað af undirbúningi þessa máls. — Þá talaði hv. þm. um það hneyksli, að hv. 4. landsk. hefði verið valinn frsm. meiri hl. Um það er ekki mig að ásaka, enda naumast ásökunarvert. Ekki get jeg skilið hvers vegna hv. þm. var að draga verkfallið í vetur inn í umr. — Það er eðlilegt, að menn geti orðið ósamdóma um mál svo sem eins og verkföll. Þó ætti það ekki að standa fyrir því, að menn gætu staðið hlið við hlið og unnið saman, þegar skoðanir falla saman. Hitt væri óhæfilegt, ef hatrið gengi svo langt, að menn vegna ólíkra skoðana á sumum málum, gætu ekki unnið saman þegar skoðanir falla saman. Það tel jeg ganga of langt.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Ræður hv. flm. frv. hafa nú ekki gefið tilefni til langra andsvara. Jeg mun bara draga saman úr umr. það helsta, sem fram hefir komið.

Meiri hl. vill vísa málinu til stjórnarinnar á þeim grundvelli, að málið verði undirbúið undir frekari framkvæmdir síðar. En minni hl. vill fara lengra en þetta. Hann vill ákveða það

nú strax, hvernig kostnaði skuli skift þegar til framkvæmda kemur. Getur því ríkið ekki samkv. frv. skotið sjer undan þeim kröfum, sem fram koma, enda þótt miklar verði. — Þetta þótti mjer of langt farið, að jafnórannsökuðu máli.

Hv. 2. þm. N.-M. sagði það um Íhaldsflokksþingmennina, að hann vildi ekki ætla þeim þá fúlmensku að bera fram mál, sem þeim væri engin alvara með. Hann vísaði nú reyndar til þess, að jeg kynni að þekkja þá betur. Það er nú rjett, að jeg hefi talsverðan kunnleika á íhaldsmönnum fyrir langa sambúð, frekar máske en mikla samvinnu. Sú kynning tekur yfir mörg ár, bæði utan þings og innan. Og sú kynning einmitt styrkir það, sem jeg sagði í gær, um tilgang Íhaldsflokksins með þessu frv. — Hv. 5. landsk. sagði, að jeg mundi vera móti þessu frv. af þjóðnýtingar ástæðum. Moggi tekur síðan upp þá reginvitleysu. — En hjer er einmitt hv. 3. landsk. um að saka, ekki síður en mig, ef sök skal vera. — Því þeim hv. þm. (JÞ), sem mest hefir um þetta mál hugsað af flm. þess, dettur ekki annað í hug, en að á þessu verði opinber rekstur, sveita-, sýslu- eða hjeraðsrekstur.

Mjer finst að hv. 2. landsk. (IHB), sem talaði svo fagurt um nauðsyn heimilanna fyrir rafmagn, ætti að tala um fyrir sínum eigin flokki, sem hefir hjer í Reykjavík staðið á móti virkjun Sogsfossanna, þótt sannað sje, að það fyrirtæki geti staðið á eigin fótum fjárhagslega. Íhaldsmenn verða að skilja það, að þegar þeir standa á móti slíkum málum, þar sem þeir eru í meiri hl., að ekki er ástæðulaust þótt þeim væri brugðið um flátttskap í þessu máli. — Þá sagðist hv. 5. landsk. (JKr) hafa verið með Byggingar- og landnámssjóðnum. Jeg vil nú gjarnan taka yfirlýsingu hans um þetta gilda, en hv. þm. var áreiðanlega á móti búfjártryggingarlögunum. Og það er líka víst, að þál. um Byggingar- og landnámssjóð, er lá fyrir Sþ. 1927, komst ekki fram vegna mótspyrnu Íhaldsflokksins. Hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Skagf. töluðu báðir móti henni þá. Enda var sá flokkur ávalt á móti þeim lögum. Og það er engin dygð, þótt hv. 5. landsk., eða aðrir, sjeu með góðum og nauðsynlegum málum, þegar sýnt er, að mótstaða þeirra getur ekki lengur orðið málunum að falli.

Jónas Kristjánsson: Hv. 6. landsk. getur ekki breitt yfir framkomu sína í þessu máli, svo ekki sjáist í gegn, að þótt hann tali fagurt, þá er hugarfarið annað, eins og dagskrá hans ber vitni um. (**JónJ:** Stjórnin hefir lýst yfir því, að hún taki hana til greina!) Annað heyrðist mjer nú á hæstv. dómsmrh. Mjer heyrðist álit hans á verkfræðingum vorum á annan veg en þann, að hann treysti þeim til slíkrar rannsóknar. Og ef þeim er ekki treyst til þess, hver á þá að gera slíka rannsókn. Nei, þetta er alt út í loftið hjá hv. þm. Þá sagðist hv. þm. vilja hjálpa þeim, sem hjálpa sjer sjálfir. En jeg get ekki sjeð annað, en frv. byggist á því, þar sem notendur eiga að miklu leyti að kosta þetta sjálfir, þá hjálpa þeir sjer líka. En hv. þm. vill láta þá borga helming rannsóknarkostnaðar. Nú getur farið svo, þegar búið er að framkvæma rannsóknina, að ekki þyki borga sig að framkvæma verkið, vegna

dýrleika. Er þá ósanngjarnt að láta þá menn greiða þennan kostnað, sem ekkert gagn hafa af því. — Þá var hv. þm. að gleðja sig með því að halda fram, að verkfallið kæmi ekkert þessu máli við. — En þrátt hv. þm. er nú ekki meiri en svo, að hann felur sig og hágsmuni sinnar stjettar forystu þess manns, sem sýnt hefir með stefnu sinni og starfsemi í þjóðmálum, að hún ríður alveg í bága við velferð landbúnaðarins, svo að óvíst er, hversu lengi sá atvinnurekstur borgar sig. Jeg býst ekki við, að allir bændur undirskrifi þetta með hv. þm. Viðvíkjandi hæstv. fjmrh. er það að segja, að jeg átti ekki við hann í ummælum mínum, enda talaði hann ekki fagurt fyrir þessu máli. Jeg átti vitanlega við þá þm. eina, sem það gerðu, en vilja þó fella frv.

Jeg skal litlu svara hv. 4. landsk., enda ekki gott verk við hann að ræða, því hann er fljótur að fara út í aðra sálma og eignar öðrum hvatir og orð, sem ekki eru til. — Hann sagði, að jeg hefði verið móti Byggingar- og landnámssjóði, en viðurkennir nú, að jeg hafi greitt frv. atkvæði mitt, og hefir þannig jetið ofan í sig það sem hann áður fullyrti. Hann veit, að 1927 var um alt annað frv. að ræða, því þótt nafnið sje sama, þá skiftir miklu um form og fyrirkomulag. Þeir agnúar geta á því verið, að ekki sje hægt að fylgja því, þótt maður sje hlyntur hugmyndinni. Svo var um frv. 1927, sem hv. þm. flutti sjálfur. (**JBald:** Nei!) Hann flutti þó að minsta kosti frv. um að stofna 50 nýbýli á ári. Það frv. var að öllu leyti ómögulegt. — Skal jeg svo ekki stæla meira við þennan hv. þm.

Það kemur í ljós við afgreiðslu þessa máls, hve hlyntir menn eru frv. Þeir, sem samþ. rökst. dagskrána, vilja frv. feigt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal vera stuttorð. Hefi litlu að svara. En jeg vil gera tilraun til að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. undrast það, að mjer þyki undirtektir hv. meiri hl. deildarinnar í þessu máli kuldalegar. Já, það finst eflaust fleirum en mjer. Annarsvegar getsakir um óheilindi okkar Íhaldsmanna og hinsvegar kostnaðargrýlan, — þetta venjulega vopn, þegar leiða á athygli fjöldans frá góðu máli að aukaatriðunum. Einhver uggur er nú samt í stjórnarliðinu, að varlegra sje að leggjast ekki fast á móti þessu góða máli, sem eins og hæstv. fjmrh. tók fram í ræðu sinni, er *stór*mál.

Þá sagði hæstv. ráðh., að óforsvaranlegt væri að afgreiða þetta mál á einu þingi, og mætti eigi ætlast til þess. — En jeg var nú svo bjartsýn, að jeg vonaði eftir því, að mál þetta gæti á þessu þingi fengið einhverja þá afgreiðslu, sem ekki gæti kallast svæfing. Og jeg geri það enn, þótt ekki sýnist nú ástæða til að ala miklar vonir. — En jeg vil undirstrika, að það, sem frv. þetta fer fram á, er alls ekki óforsvaranlegt. Hjer er ekki um það að ræða, að fylgja þessu máli til málamynda. Hjer er um engan fláttskap að ræða. Hjer er um það eitt að ræða, að koma þörfu máli, einu af mörgum, eitthvað áleiðis. Jeg er ekki blind fyrir því, að fleira þarf að gera. Það þarf einnig að bæta húsakynnin, sem mjög víða eru slæm. En

einhversstaðar verður að byrja. Við lifum nú á rafmagnsöld. Og þó þetta frv. sje borið fram af minni hl., þá álít jeg, að ef vilji hefði verið til að athuga þetta mál einlæglega, þá hefði mátt finna heppilegri úrlausn en að vísa málinu til stjórnarinnar. Það má vera, að slíkt beri árangur. En oft er sú afgreiðsla vafasöm fyrir framgang mála. Jeg vil óska þess, að frv. fái að ganga til 3. umr. í von um, að samkomulag fáist um heppilega úrlausn málsins. Mætti þá vera, að sá grundvöllur fyndist, sem samkomulag gæti orðið um.

Jeg vil biðja hv. þingdm. að athuga það, að mál þetta er ekki gripið úr lausu lofti. Jeg hefi ekki blandað neinum tölum inn í umr. þessa máls, því að jeg er leikmaður á því sviði, og mun svo farið um fleiri hv. þdm. en mig. Það er ekki auðvelt að segja, hve mikið framkvæmdirnar allar myndu kosta, en það á heldur ekki að gera alt í einu, heldur smám saman, eins og t. d. hefir verið gert með símann. Ætli nokkur hallmæli þeim nú, er báru það mál fram til sigurs? Þannig mun og fara um þetta mál, sem hjer er rætt; það sigrar, enda þótt sumir óski því hægs andláts nú.

Þá sagði hæstv. fjmrh. — og það átti víst að vera skemtileg samlíking, — að frv. þetta væri svipað því og þegar neglan væri smíðuð fyrst í skip. Fyrst eru orðin til alls, á undan athöfnunum. Jeg er svo bjartsýn, að jeg trúi því, hvernig sem þessu máli lýkur nú, að það verði borið fram til sigurs áður en langt um líður. Og hver veit nema einmitt þeir, sem nú eru á móti þessu þjóðþrifamáli, sjái sjer einhverntíma slag á borði, og taki það upp að nýju.

Þá vil jeg biðja hv. þdm. að íhuga það, hve mikinn þroska þeir sýndu, ef þeir gætu litið fram hjá því, að það er minni hl. þings, er ber þetta málefni fram, og það mun sannast, að þökk og heiður þjóðarinnar munu þeir allir hljóta, er fylgja máli þessu fram til sigurs, hvort sem það eru jafnaðarmenn, Framsóknarmenn eða Íhaldsmenn.

Okkur Íhaldsmönnum hefir verið borið það á brýn, að við sjeum á móti því, sem liggi þó nær, virkjun Sogsins, til þess að fullnægja kröfum Reykjavíkur. Það mál er mjer alveg ókunnugt, og mun jeg því ekki ræða það. Þó hygg jeg, að þau rök, sem Íhaldsmenn hafa gegn virkjun Sogsins, muni fyllilega geta jafnast á við þær röksemdir, er frv. þetta hefir mætt hjer í hv. deild.

Þá finst hv. 4. landsk., að jeg hafi talað „fagurt“ um nauðsyn heimilanna á rafmagni, og hv. þm. ræður mjer til að tala um fyrir mínum eigin flokksmönnum. En nú vill svo vel til, að jeg þarf þess ekki, því að Íhaldsflokkurinn allur er þeirrar skoðunar, að raforkuveitur til almenningsþarfa sje eitt af stórmálunum, sem þarf að hrinda í framkvæmd.

Einhver hv. þdm. viðhafði þau orð, að við flm. töluðum fagurt, en hygðum flátt. Jeg ætla ekki að svara þeim ummælum; þau eru ekki þess verð, en mjer fanst óviðeigandi, að bornar væru fram slíkar getsakir í garð þeirra, er fylgja máli þessu af einlægum hug.

Erlingur Friðjónsson: Áður en máli

þessu verður vísað til stjórnarinnar, vil jeg láta fylgja því nokkur orð.

Það er kunnugt, að nokkrir kaupstaðir landsins, auk höfuðborgarinnar, eru þegar búnir að leiða til sín rafmagn til ljósa og lítilsháttar til iðju og suðu. Þessir kaupstaðir, sem þegar eru búnir að taka rafmagnið í þjónustu sína, hafa á undanförnum árum verið að velta því fyrir sjer, hvort þeir eigi að leggja í meiri framkvæmdir eða ekki á þessu sviði. Og það hefir komið fram, að sá bærinn, sem besta aðstöðu hefir til ódýrrar rafvirkjunar, Reykjavík, er tregur til þess að leggja meira fje í rafveitur en gert hefir verið. Af þessu mætti álykta það, að þeir, sem hafa reynsluna á þessu sviði, sjeu ekki ánægðir með árangurinn, og að rafmagnsnotkunin sje ekki eins glæsileg og sumir vilja halda fram. Jeg verð að segja það, fyrir þá reynslu, er jeg hefi haft í þessu máli, að jeg er ekki eins mikill loftkastalamaður og ýmsir aðrir hv. þingmenn.

Reykjavíkurbæ vex í augum að leggja fram 8 milj. kr. til rafvirkjunar, og má þá gera ráð fyrir, að aðrir kaupstaðir landsins leggi trauðla meira fje í rafvirkjun en ½—1½ miljón hver, eftir stærð kaupstaðanna.

Að þessu athuguðu vil jeg ganga út frá því, að kaupstaðir landsins, að frátöldum Vestmannaeyjum, muni samanlagt trauðla leggja meira fram til rafvirkjunar en 12 milj. kr. — Byggi jeg þetta á þeirri reynslu, sem fengist hefir hjer á landi í þessum efnum.

Ef gert er ráð fyrir, að kaupstaðirnir legðu fram ca. 12 milj. kr. til rafvirkjunar, — en þar býr hjer um bil ⅓ hluti þjóðarinnar, þá myndi rafvirkjun handa sveitum og sjávarþorpum nema um 60 milj. kr., eftir þeirri áætlun, sem hjer liggur fyrir, um kostnað við að rafvirkja alt landið, og þó er ekki gert ráð fyrir meiru en 300 vöttum af rafmagni á hvern íbúa.

Þetta er í mínum augum mjög dýrt fyrir þá notendur, sem búa utan kaupstaða, t. d. getur Reykjavík fengið helmingi meira af rafmagni fyrir hvern íbúa en gert er ráð fyrir í þessu frv., og þó fyrir lægra verð en þar er áætlað.

Þetta er eðlilegt, því að kostnaðurinn við að fá rafmagn fer mikið eftir því, hvort bygðin er strjál, sem rafmagnið er leitt um, eða aðeins er leitt á milli húsa í þjettbygðum kaupstað.

Ef við drögum frá öll kauptúnin, og ætlunin væri sú, að leiða rafmagn inn á hvert heimili í sveitum landsins, telst mjer svo til, að sá kostnaður, er af því myndi leiða, yrði um 40 milj. kr., en í sveitunum býr ⅓ hluti þjóðarinnar.

Hefi jeg þá komist að raun um, að hvert kw. kostaði alt að 4000 kr. Árlegur kostnaður fyrir hvert býli með 5 manna fjölskyldu, sem fengi 1½ kw., gæti þannig orðið 800—900 kr., þegar reiknað er með 15% af stofnkostnaði. Mjer finst þetta ekki glæsilegt, því að mjer er nokkuð kunnugt, hve mikið er hægt að gera með 1½ kw. rafmagns. En nú vil jeg spyrja: Er það hugmyndin fyrir flutningsmönnum frv., að menn sjeu sjálfráðir um að kaupa rafmagnið, eða á að skylda þá til þess?

Ef á að skylda menn til þess að kaupa rafmagnið og greiða hlutfallslegan kostnað af rekstri þessarar allsherjar rafmagnsstöðvar, fer þetta að verða ófrjálslegra en svo, að jeg geti verið fús á að ganga inn á þá braut.

Fylgi hinsvegar engin skylda um kaup á rafmagninu, er hætt við því, að margur bóndinn muni láta rafmagnið fara fram hjá koti sínu. En það breytir áætluninni allóþægilega, ef annarhvor eða þriðji hver bóndi vill ekki nota rafmagnið.

Með þessum orðum get jeg verið með að vísa frv. til hæstv. stj. Vænti jeg þess, að hæstv. stjórn skorti ekki þá gætni, er hafa verður um mál þetta, svo að ekki verði rasað um ráð fram í málinu.

En því miður geri jeg ekki ráð fyrir, að sú gullöld sje rjett fram undan okkur, að rafmagn verði leitt inn á hvert sveitaheimili í landinu, fyrir það verð, sem tiltækilegt er að greiða fyrir það.

Páll Hermannsson: Það hafa þegar orðið langar umræður um þetta mál, enda er það þess vert, að það sje athugað sem best.

Jeg gat þess í dag, að jeg myndi ef til vill fús til þess að greiða frv. þessu atkv. til 3. umr., ef jeg gæti gert mjer von um að fengjust nýjar upplýsingar í málinu. Nú virðist mjer umr. hafa fallið þannig, að tæplega muni að vænta nýrra upplýsinga, og mun jeg því fylgja till. þeirri, er hv. meiri hl. n. flytur.

En um leið og jeg get þessa, vil jeg lýsa yfir því, að jeg er reiðubúinn að vinna að því með hverjum sem er, að koma inn á fjárlögin hæfilega háum lið til undirbúningsrannsókna í þessu skyni, og með þeim tilmælum til stj., að þannig skuli því fje varið.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 6. landsk. (JóniJ) feld með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, EÁ, GÓ.

nei: BK, EF, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JKr, PH.

Till. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 238, um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, HSteins.

2. Fiskiveiðasjóður Íslands.

Á 9. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands (þmfrv. A. 43).

Á 11. fundi í Nd., 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Frv. þetta er að mestu samhljóða því, sem fram kom á síðasta þingi um sama efni. En þá fór svo, að eigi vanst tími til að afgreiða málið. Þess vegna höfum við flutningsmenn þess frv. leyft okkur að bera fram á ný í frumvarpsformi tillögur um endurbætur á Fiskiveiðasjóði Íslands. Þar sem svo stutt er síðan málið var hjer á ferðinni, þarf jeg ekki að fara langt út í það að skýra nauðsynina á því, að Fiskiveiðasjóðurinn sje efldur svo, að hann samsvari kröfum tímans. Get jeg látið mjer nægja að vísa til álits minni hl. sjútvn. í fyrra og grg. frv.; og raunar líka til þess, sem fram kom frá

meiri hl. nefndarinnar, því að hann viðurkendi einnig nauðsyn umbóta í þessum efnum.

Jeg býst við, að hv. þdm. sjeu okkur flm. sammála um það, að bátaútvegurinn sje, þegar hann er skynsamlega rekinn og gengur vel, ein aðallyftistöng þjóðarbúskaparins, og því beri að styðja hann og greiða fyrir honum eftir mætti. Vona jeg, að þetta þing finni til þess einhver þau ráð, sem viðunandi eru fyrir lausn þessa máls. Vænti jeg þess því fremur, sem mjer er kunnugt um, að sjútvn. þessarar hv. d. er skipuð mönnum, sem allir hafa áhuga fyrir velferð þessa máls. Jeg veit líka, að í hv. Ed. er komið fram annað frv. um þetta efni, sem raunar gengur nokkuð í aðra átt; en því treysti jeg, að úr þeim tillögum, sem hjer koma fram, megi finna sæmilega lausn málsins.

Skal jeg svo eigi fjölyrða frekar að sinni, en legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 40. og 45. fundi í Nd., 9. og 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 43, n. 248 og 284, 347).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg mun takmarka mál mitt sem mest í þetta sinn, sumpart vegna þess, að jeg er ekki vel frískur, og í öðru lagi fyrir þá skuld, að mál þetta hefir legið fyrir á undanförnum þingum og er því orðið töluvert rætt.

Það má segja, að málið hafi átt frekar erfitt uppdráttar, en það hefir ekki komið til af því, að ekki væru nægilega margir, sem áhuga hefðu á að efla Fiskiveiðasjóðinn og breyta honum til bóta, heldur hefir málið ekist undan fyrir skoðanamun á aðferðum til þess að ná markinu.

Svo sem kunnugt er, hefir sjóður þessi starfað í 23 ár, en þó orðið að litlu liði fyrir þá atvinnugrein, sem hann sjerstaklega átti að styðja, sem sje smábátaútveginn. Er það hvorttveggja, að hann hefir haft litlu fje yfir að ráða, síðan teknar voru frá honum þær tekjur, sem honum voru upphaflega ætlaðar, sem sje sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar, enda hefir fje hans að meira leyti verið lánað til stærri hafnarmannvirkja en til bátaútvegs. Sjóðurinn hefir ekki síðari árin haft annað en stofnfje það, 100 þús. kr., sem ríkissjóður lagði honum upphaflega og árlega tillagið úr ríkissjóði 6000 kr. En þrátt fyrir það, þó að sjóðurinn hafi ekki haft meira fje úr að moða en þetta, þá er hann þó orðinn nú hart-nær 700 þús. kr., sem mestalt er í skuldabrjefum. Nokkuð af þessu fje er að vísu í útlánum hjá skipaeigendum, en þó er meginhluti þess í hafnarlánum, þar af hjá Reykjavíkurhöfn, að því er mig minnir, nokkuð á þriðja hundrað þúsunda. Útveginum sjálfum hefir því sjóður þessi orðið að litlu liði, og hefir kveðið svo ramt að um mistök á stjórn þessa sjóðs, að mjer er ekki kunnugt um, að eitt einasta lán úr honum hafi verið veitt til míns kjördæmis, þar

sem þó er ca. 1/6 hluti af allri bátaútgerð landsins, og það útvegur, sem að mestu hefir vaxið upp á síðustu 24 árum. Það eina sem mjer er kunnugt um, að gengið hafi til Austurlands úr sjóði þessum, eru nokkur hundruð krónur, sem veittar voru manni þaðan, til þess að sækja sýningu erlendis. Líkt hygg jeg að megi segja um Norðurland. Það litla sem sjóður þessi hefir styrkt útveginn er þá hjer í grend við Reykjavík, og ef til vill eitthvað á Vestfjörðum. Afleiðingin af því, að sjóðurinn hefir ekki getað ljett undir með bátaútveginum, sem einna mest hefir dafnað á þessum síðustu árum, hefir svo orðið sú, að fjöldi af útgerðarmönnum smábátanna hefir orðið að nota verslanir og kaupmenn fyrir milliliði, til þess að ná í rekstrarfje og oft á tíðum líka stofnfje til útvegsins. Með öðrum orðum, þeir hafa orðið að sæta hinum ótryggustu og verstu kjörum um stofnlán og rekstrarfje. Fyrir þessar sakir er líka hagur þessara manna víða um land mjög erfiður. Þeir hafa átt ilt með að skapa sjer lánstraust, af því m. a., að það helsta, sem þeir hafa haft að bjóða til tryggingar lánum, sem sje bátarnir, voru með farmannalögunum frá 1914 gerðir óveðhæfir vegna sjóveðanna, sem á þeim hvíla. Hefir þetta því útilokað útgerðarmenn marga frá beinum viðskiftum við bankana, og neytt þá til þess, sem jeg gat um áðan, að leita á náðir kaupmanna og verslana um fje til kaupa á bátum og rekstrar. Ekki verður ljóslega sjeð hverjir vextir hafa verið af slíkum lánum, en það er víst, að þeir hafa verið háir hjá mörgum.

Nú hefir svo farið, að meiri hl. sjútvn. hefir orðið sammála um að bræða saman þær tvær aðalstefnur, sem áður hafa komið fram, annarsvegar stofnlánasjóð og hinsvegar eingöngu rekstrarlánasjóð. Meiri hl. vill taka tillit til beggja stefnanna. Þó er það svo, að eftir tillögum hans, sem um fjáröflunaraðferð víkja frá frv. á þskj. 43, verður sjóðurinn tiltölulega lítils megnugur fyrst í stað, sjerstaklega verður þó lítill hluti sjóðsins til rekstrarlána. En af því að nokkur von er um, að sá útvegur, sem er sameinaður landbúnaði í sjávarsveitunum, muni eiga von á stuðningi frá rekstrarlánafjelögum, sem ráðgert er að starfi í sambandi við fyrirhugaðan Búnaðarbanka, þá þykir meiri hl. n. von um, að bætt verði svo úr fyrir útvegsmönnum smábátanna, að hagur þeirra hljóti að breytast til batnaðar. Stofnlánadeildin verður hinsvegar mun öflugri en sjóðurinn er nú, þar sem henni er auk gamla sjóðsins ætlað að fá 60 þús. kr. tillag úr ríkissjóði árlega næstu 10 árin. Sú ½ milj. kr., sem meiri hl. ætlar ríkissjóði að leggja fram í rekstrarlánadeild um leið og lögin öðlast gildi, verður að sjálfsögðu að líta á eins og fyrsta fótmálið til að afla þessum útvegi rekstrarfjár með aðgengilegum kjörum.

Jeg vil nú ekki ætla, að nokkur hv. þdm. sjái eftir þessum framlögum til Fiskiveiðasjóðs eða telji þau ríkissjóði ofvaxin eða óskyld. Þau eru raunverulega smáræði eitt í samanburði við það, sem ætlast er til með frv. til laga um Búnaðarbanka Íslands, að ríkissjóður leggi fram til hins aðalatvinnuvegarins. Og ef tekið er tillit til þess, að nær helmingur af öllu því, sem útflutt er úr landinu, er afrakst-

ur bátaútvegsins, þá virðist hjer ekki til mikils mælst.

Af þessum ástæðum m. a. vænti jeg, að frv. þessu verði vel tekið og að hv. þdm. greiði svo götu þess, að það megi komast í gegnum þingið, því að ástand það og hornrekuháttur, sem nú ríkir um smábátaútveginn, má ekki lengur bíða lagfæringar.

Jeg sje nú enga ástæðu til þess að fara út í hverja einstaka grein frv., því að jeg býst við, að hv. þdm. sjeu löngu búnir að kynna sjer þær, og ekki síst, þar sem fyrir síðasta þingi lá frv. mjög líkt þessu. Þó vil jeg bæta litlu við, áður en jeg lýk máli mínu.

Afleiðingarnar af því, að smábátaútvegurinn hefir orðið að sæta svona þungum kjörum með rekstrarfje og alt lánstraust á undanförnum árum, eru m. a. þær, að heill her manna hefir gefist upp við atvinnureksturinn, mist atvinnutækin og sópast inn í fylkingar öreigalýðsins víðsvegar um landið og að því er mjer virðist til lítilla þrifa fyrir þjóðfjelagið. Hafa þannig margir efnilegir menn orðið að sleppa voninni um sjálfstæðan atvinnurekstur og sjálfstæða stöðu, en lifa af náðarbrauði annara. Að fyrirbyggja slíkt ástand er það, sem jeg tel mestu máli skifta, og legg því mesta áhersluna á. En það verður ekki með öðru móti en því, að hlynna að smábátaútveginum, svo að hann geti orðið sjálfstæður atvinnuvegur og óháður milliliðum við lánsstofnanir, þar sem annars hefir verið bygt á heilbrigðu fyrirkomulagi. Bátaútvegurinn með þeim stuðningi, sem meiri hl. ætlar honum, á að geta verið efnalitlum, dugandi mönnum ómetanleg hjálp til þess að ná marki sjálfstæðis og óháðrar stöðu.

Klofningurinn í sjútvn. stafar af því, að meiri hl. leggur til, að niður falli sjóveðrjettur í bátunum eða víki fyrir veðrjetti Fiskiveiðasjóðs, þegar skip eru honum veðsett. Þetta olli einnig ágreiningnum á síðasta þingi í þáverandi meiri hl., en er nú gert að megin mótspyrnu, og heldur minni hl. því fram, að með þessu sjeu dýrmæt rjettindi tekin frá sjómönnum.

Með þessu gerir hv. minni hl. aukaatriði að aðalatriði, því að með því að láta sjóveð víkja fyrir veði sjóðsins, er lítilvægum hagsmunum vikið til fyrir stórvægilegum hagsmunum, og vissulega eru þau tilfellin fá, að fiskimenn á smábátum hafi þurft að nota sjer sjóveðrjettinn, enda verður hann ekki frá þeim tekinn eftir till. meiri hl., nema í þeim einstöku tilfellum, þegar bátur er veðsettur Fiskiveiðasjóði. Líka má geta þess til árjettingar, að sú stjórnskipaða milliþinganefnd, sem hafði þetta mál til meðferðar 1927, lagði einnig til, að lögunum væri breytt í þessa sömu átt. Enda er það svo um marga þessa efnaminni útgerðarmenn, sem tilgangur frv. einkum er að hjálpa, að þeir hafa ekkert annað veð frambærilegt en bátana. En að því er tryggingu verkalauna snertir, þá er eðlilegt, að fyrir þeim verði sjeð á annan hátt en þann, að fella niður veðhæfi bátanna, og virðist það oftast munu vera auðgert með samningum. Enda verður þess að gæta, að þegar um hlutarráðningu er að ræða, þá er engin þörf fyrir sjóveð. Það er aðeins sá hluti háseta og annara, er að smábátaútgerð vinna, sem þetta skiftir nokkru og notað geta sjóveðrjett. En fyrir öryggi þeirra má sjá á annan hagkvæmari hátt en þann,

að ræna bátana veðhæfi þeirra gagnvart þessari og öðrum lánsstofnunum.

Jeg mun svo ekki fleira mæla að sinni, en bíð átekta þar til mótmæli koma fram. Jeg býst nú við því, að þessu máli verði yfirleitt vel tekið og verði afgreitt bæði fljótt og vel og sem líkast því, sem meiri hl. sjútvn. leggur til.

Jóhann Jósefsson: Sem einn flm. að þessu frv. vil jeg leyfa mjer að þakka hv. sjútvn. og hv. frsm. hennar það lið, sem hún hefir veitt þessu frv., og jeg í öllum aðalatriðum gat fallist á. Að vísu sýna þær brtt., sem fyrir liggja frá n., allmiklar breytingar á frv. En höfuðstefnunni er þó haldið, þeirri, að efla Fiskiveiðasjóðinn að mun, svo hann sje betur fær um að styrkja útveginn en verið hefir undanfarið. Þetta var það mark, sem kept var að á síðasta þingi með frv. því, sem þá lá fyrir og ekki komst fram, sama markmið og nú er að stefnt á þessu þingi.

Við í meiri hl. n. fjellumst á það, að sleppa úr frv. útgáfu vaxtabrjefa að þessu sinni. Þótti okkur ekki heppilegt að halda því til streitu nú, þar sem líka er á ferðinni á þessu þingi stórfeld lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem ætlað er að gefa út vaxtabrjef.

Það hefir nú lengi vakað fyrir sjútvn. að reyna að efla Fiskiveiðasjóðinn, svo að hann gæti orðið til eflingar sjávarútveginum. 1927 kom fram í Ed. þáltill., sem skoraði á ríkisstjórnina að undirbúa lánsstofnun fyrir bátaútgerðina, sem væri hliðstæð Ræktunarsjóði Íslands og veitti lán með aðgengilegum kjörum. Var skipuð nefnd til að gera till. um þetta, og lá umsögn hennar fyrir síðasta þingi. Þar er bent á ýmsar leiðir til úrlausnar þessu máli. Líka hefir Fiskifjelag Íslands gefið upp álit sitt og drepið á aðalannmarkana, sem verið hafa á Fiskiveiðasjóðnum. Fiskifjelag Íslands er sá aðili, sem bær er að gefa óhlutdrægt álit í þessu máli. Það hefir verið ráðunautur um lán úr sjóðnum um langt skeið.

Nú var það tilgangur frv. þess, er jeg var meðflm. að, að lána eingöngu til smærri skipa- eða bátakaupa og iðnaðarfyrirtækja í sambandi við fiskveiðar.

Nú hefir komið fram annað frv. í Ed., þar sem farið er fram á, að Fiskiveiðasjóður Íslands sje notaður til rekstrarlána handa sjávarútveginum. Þetta tvent hefir nú verið reynt að sameina í sjútvn. Nd. Og árangurinn er sá, að við höfum fallist á að skifta Fiskiveiðasjóðnum í 2 deildir, skipakaupadeild og rekstrarlánadeild. Þessi rekstrarlánadeild á að veita þeim mönnum opinn aðgang að lánum, sem ekki hafa annað en afla sinn að láta sem veð, eins og hinum, sem meira hafa að láta í veð en afla sinn.

Jeg get nú kannast við það, að n. hefir hjer ekki komið fram með bót allra meina í þessu efni, en telur þó, að þetta geti orðið drjúgt spor í áttina. Og henni er það ljóst, að það er veruleg bót frá því ástandi, sem nú er. Það er ekki einhlítt til framkvæmda, að hver komi með uppástungur, sem stefna sín í hverja áttina, og alt detti svo niður vegna sundurlyndis. Þetta var meiri hl. sjútvn. ljóst. Og þetta var það, sem sameinaði hann að því verki, að gera þessar

tillögur, sem geta orðið bót til bráðabirgða og grundvöllur til að byggja ofan á og færa út síðar, eftir því sem geta leyfir og þörf krefur. — Þetta vildi jeg segja þeim til athugunar, sem festa augun um of við það, að till. meiri hl. sjútvn. ráði ekki nema að nokkru leyti bót á þeirri þörf, sem fyrir hendi er. Þeim verður að vera það ljóst, að fyrst verður maðurinn að læra að skríða, áður en farið er að ganga. Það er ekki hægt að klífa hamarinn í einu, heldur verður að feta sig stall af stalli, taka því nú, sem ástæðurnar leyfa að gert sje og samkomulag getur orðið um. — Jeg efast að vísu ekki um góðan vilja hjá hæstv. stjórn og hv. þingflokkum til þess að gera þetta sem best úr garði. En eftir því, hvað ríkið verður nú á sig að leggja til hjálpar landbúnaðinum, þá má gera ráð fyrir því, að orka þess sje tæmd í bili. Er því ekki þess að vænta, að það einnig geti í sama vetfangi gert stofnun sem þessa svo sterka, sem þörf er á. Jeg vildi gjarna, að það væri hægt, en loka hinsvegar ekki augunum fyrir því, hver geta ríkisins er í þessu efni, og get þess vegna fylgt þessu, þótt ekki sje stærra af stað farið. Hv. frsm. hefir nú lýst því, hvað fyrir n. vakir um fjáröflun til þessa sjóðs. En meiri hl. n. var það vel ljóst, að sú fjáröflun mundi ná skamt, og þyrfti því annaðhvort að finna nýjar tekjulindir til hans síðar eða bæta honum þær tekjulindir, sem hann hefir áður haft og síðar mist. 1907 var honum ætlað 10% af útflutningsgjaldi síldar, en það var aftur afnumið 1919. — Með lögum frá 1920 var Fiskiveiðasjóði ætlaður ⅓ hluti af þeim sektum, er fengist vegna landhelgibrota togaranna. En þá tekjulind hefir hann líka mist. Sú skoðun hefir nú komið fram hjá Fiskifjelagi Íslands, að Landhelgisjóði bæri að greiða þetta þann tíma allan, sem þetta hefir gilt. Hvort sem horfið verður að því síðar, að taka upp þessi fyrri rjettindi Fiskiveiðasjóðs, eða aðrar leiðir verða fundnar honum til tekjuöflunar, þá er jeg þess fullviss, að Alþingi mun sjá sjer skylt að greiða fyrir því, að þessi stofnun geti hið fyrsta náð tilgangi sínum, ekki síður en það sjer fyrir lánsþörf landbúnaðarins. Hvorutveggja þessa atvinnugrein þarf að styrkja. Og jeg álít þessar till. svo drjúgt spor í áttina, að við þær beri að sætta sig í bili, þar til Alþingi sjer sjer fært að gera aðra og meiri umbót á þessu sviði.

Jeg veit, að það er sjerstaklega ein till. meiri hl. n., sem mætt hefir mótspyrnu ýmsra manna. En það er, að lán Fiskiveiðasjóðsins gangi fyrir öðrum lánum hvað veð snertir, og þá líka hverskonar sjóveðum. En þetta ákvæði var óhjákvæmilegt að taka upp, vegna þess að annars er Fiskiveiðasjóði ókleift að taka báta sem gilt veð fyrir lánum. Þannig hefir gjaldkeri sjóðsins tjáð mjer, að eitt sinn hafi verið út frá því brugðið að taka veð í öðru jafnhliða bátnum. Afleiðingin varð sú, að á bátinn fjell sjóveð, og Fiskiveiðasjóðurinn tapaði öllu sínu láni. Sú stefna hefir því verið upp tekin, að lána ekki út á skip, nema fasteignarveð fylgdi, sem út af fyrir sig væri fullgott veð fyrir láninu, hvað sem skipsveðinu liði. Jeg hefi oft verið milligöngumaður um slík lán, og jeg

veit, að stjórnendum sjóðsins hafa oft fallið svo orð, og það rjettilega, að veð í skipum sje einskis virði meðan á þau geti hlaðist sjóveð fyrir vangoldin laun skipverja. — Af þessu er það augljóst, að þótt Fiskiveiðasjóður verði aukinn eins og nefndin leggur til, eða meira, þá hafa þó efnaminni menn, sem ekkert veð hafa að láta nema skipin, svo að segja engan aðgang að lánum úr honum meðan þetta ákvæði stendur, sem fyrirbyggir, að hægt sje að lána út á skipin eingöngu. Efnalitlum mönnum verður því jafnerfitt eftir sem áður að eignast skip eða báta, og tilgangur þessa frv. næst þá ekki.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni. Jeg vildi benda á, að það er hin mesta nauðsyn að gera bátana veðhæfa, því að annars er gagnslítið að efla sjóðinn. Og því er farið fram á að breyta þessu, að ætlast er til, að Fiskiveiðasjóðurinn geti orðið stoð og stytta smærri útgerðarmanna.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það hafa nú tveir hv. þm. úr meiri hl. sjútvn. haft framsögu fyrir brtt. n. á þskj. 248. En áður en jeg fer út í till. sjálfar, vil jeg fara nokkrum orðum um málið alment.

Það var rjettilega fram tekið hjá hv. frsm. meiri hl. (SvÓ), að mál þetta átti örðugt uppdráttar á síðasta þingi. Margar till. komu þá fram, og voru sumar þess eðlis, að lítill slægur var í þeim. Hitt var þó öllum ljóst, að fjáröflun til sjávarútvegs landsmanna var stórt og þýðingarmikið mál, sem hugsa þyrfti til hlítar hvernig leyst mætti verða. Þetta mál hefir nú á þessu þingi verið nokkuð rætt, þar sem það hefir blandast saman við umr. um fjáröflun til landbúnaðarins. Hafa í þeim umr. fallið mörg vinsamleg orð um það, að einnig beri að rjetta sjávarútveginum höndina á sama hátt. En þær till., sem fram komu á síðasta þingi og enn hafa komið fram á þessu þingi um eflingu Fiskiveiðasjóðsins, eru á þann veg, að undrum má sæta, að tekist hefir að bræða þær andstæður saman í eitt. Hefði slíkt einhverntíma verið kallaður bræðingur, enda er það sannkallaður „íhalds-framsóknar" bræðingur! Líti maður á þskj. 43 frá hv. þm. Vestm. og flokksmönnum hans og beri það saman við brtt. meiri hl. sjútvn. á þskj. 248, þá má segja, að ekki standi steinn yfir steini af því, sem var í frv. — Hjer verður því eiginlega um nýtt frv. að ræða, ef brtt. verða samþ. Mjer þykir undarlegt, að hv. flm. frv. skyldu geta gengið inn á þennan bræðing, sem sýnir algerðan stefnumun frá því, sem var í frv. Er mjer líka kunnugt um það úr sjútvn., að þetta afkvæmi átti við harða fæðingu að stríða. — Er mjer og eigi heldur grunlaust um það, að lítt mundu sumir nefndarmennirnir harma það, þótt þessi getnaður þeirra yrði ekki langlífur. Er það og eigi óeðlilegt, því hjer er skamt stigið til umbóta og því lítils árangurs að vænta. Jeg skildi því við hv. n., og hefi jeg gert grein fyrir minni skoðun á þskj. 284.

Það, sem vakir fyrir mjer, er það, að þar sem um stórfelda byltingu er nú að ræða í peningastofnunum landsmanna, þá vil jeg taka skrefið fult um það, að lánsstofnunum öllum sje komið í fullkomið og æskilegt horf fyrir

alla landsmenn. — Þótt menn hafi hjer skiftar skoðanir á ýmsu, þá eru þó allir sammála um, að það þurfi að koma peningamálum landbúnaðarins í fast og hagkvæmt horf. Og ef Búnaðarbankinn verður settur á stofn, þá mun það leiða til stórfeldra framfara í landbúnaðinum. En það liggur í hlutarins eðli, að taka þarf einnig föstum tökum á peningamálum sjávarútvegsins.

Jeg býst við, að það verði nú sagt, að sjávarútvegurinn hafi haft aðgang að þeim peningastofnunum, sem fyrir eru í landinu. Það hefir löngum klingt í eyrum, að mest af töpum bankanna hafi orðið á sjávarútveginum, og er ef til vill nokkuð satt í því. En hver hluti útgerðarinnar er það, sem aðgang hefir haft að bönkunum? Það er stórútgerðin, togaraútgerðin, og einstaka sinnum hin stærri vjelbátaútgerð. En hin smærri vjelbátaútgerð hefir algerlega farið varhluta af fje bankanna, nema ef til vill sumir þeirra manna, sem næstir búa bönkunum. En úti um land fá útgerðarmenn veltufje sitt að langmestu leyti hjá kaupmönnum, sem þá ráða verðlagi útlendra vara, svo sem á öllu því, er útgerðin þarfnast, og skamta verðið fyrir fiskinn eftir sínum geðþótta og hirða þar með þann arð, sem ella mundi lenda í höndum fiskimannanna sjálfra, og þeirra, sem fleyturnar eiga. Þetta fyrirkomulag gerir útgerðarmennina miklu háðari verslununum en æskilegt væri.

Sá hluti þjóðarinnar, sem á við þessi ókjör að búa, er sennilega talsvert stærri en nefndin gerir sjer grein fyrir. Útvegurinn í landinu fer hröðum fetum vaxandi. Og það er ekki síst vjelbátaútgerðin, sem hleypt hefir fjöri í hann. Einkum fer litlu, opnu vjelbátunum óðum fjölgandi, og lítur út fyrir, að þeir eigi sjer framtíð fyrir höndum, a. m. k. fyrst um sinn. En það kostar nokkurt fje að afla þessara tækja. Hæfilega stór, opinn vjelbátur, vel út búinn, fæst varla fyrir minna en 4000 kr. Flestum fiskimönnum er um megn að leggja það fje fram úr eigin vasa. Rekstrarfjeð verða þeir að fá hjá kaupmönnum, og oft með óhagstæðum kjörum, eins og jeg gat um áðan. Peningastofnun, er mynduð yrði fyrir bátaútveginn, þyrfti því að geta lánað bæði andvirði bátanna að nokkru leyti og rekstrarfje. Til þess þarf allmikið fjármagn og meira en hægt er að leggja fram eftir tillögum nefndarinnar.

Jeg vil minna á aðra tegund skipa, gufubátana, sem notaðir eru til línuveiða. Þeim fer einnig fjölgandi, og er talið arðvænlegt að gera þá út. En hafi fiskimenn ekki ráð á að kaupa vjelbáta, eiga þeir þó enn örðugra með að afla sjer slíkra skipa. En það er svo um fiskimannastjettina, eins og aðrar stjettir, að hún lítur mjög á hvað best borgi sig í hvert sinn. Ennfremur er það mikið atriði fyrir fiskimennina, að geta verið á skipum, þar sem hægt er að láta sjer líða sæmilega, en þeim kostum eru flest línugufuskipin búin. Jeg held því, að það sje dálítið varhugavert að einskorða lánin alveg við ákveðna tegund eða stærð skipa. Gæti verið, að ekki þætti síður ástæða til þess að lána til stærri skipa heldur en þeirra, sem eru undir 30 smál. Ætti stjórn lánsstofnunarinnar að hafa sem óbundnastar hendur í þessu efni, því að vel má svo fara, að það, sem gefur

arð í ár og hin næstu, þyki ekki jafnarðberandi síðar. Breytingarnar eru svo stórstígar nú á tímum, að ekki er hægt fyrirfram að ákveða, hvað best verði. En lánunum verður fyrst og fremst að verja til þeirra skipa, sem reynslan sýnir að hagkvæmust eru.

Skal jeg þá snúa mjer beint að nál. meiri hl. Þar er þess getið, að Fiskiveiðasjóður sje nú um 700000 kr. Ekki þarf nýja löggjöf til að ráðstafa því fje, enda er það rjettilega tekið fram í nál., að mestur hluti þess sje bundinn í útlánum. Flest eru lánin til langs tíma, bundin í hafnargerðum og öðrum slíkum lánum, og mjög takmarkaðar upphæðir, sem koma árlega. En svo á ríkið að leggja fram 60 þús. kr. á ári, og það yrði sú raunverulega upphæð, sem hægt væri að verja til nýrra skipakaupa. En nú á líka að lána af þessu fje til iðjufyrirtækja í sambandi við útgerð. Mætti þá gera ráð fyrir, að veitt yrðu 2 lán á ári, eins og meiri hl. gerir ráð fyrir, um 35 þús. til iðjufyrirtækis og 25 þús. til kaupa á skipi, og sjá allir, hvaða gagn er að öðru eins. (JJós: Sjóðurinn hefir meira fje en þetta). Já, vexti og afborganir af lánunum, en það yrðu engar stór upphæðir. Menn geta gert sjer í hugarlund, hvort þörfinni yrði fullnægt með þessu móti. Aðsóknin að lánunum yrði vafalaust mikil. En jeg er hræddur um, að fáir yrðu bænheyrðir.

Jeg hefi bent á það, að sjóðnum sje ætlað að styðja ýmiskonar iðju í sambandi við fiskveiðar. Mikill áhugi er nú vaknaður á því, að hagnýta það af fiskinum, sem nefna mætti aukagetu framleiðslu, svo sem lýsi, hrogn, bein og hausa. Enginn vafi er á því, að sú hagnýting fer í vöxt í framtíðinni. En til þess þarf vjelar. Slíkar vjelar þyrftu að vera til í hverri veiðistöð. Er mikið á boðstólum í Ameríku af vjelum, hentugum í smáar verksmiðjur, er koma mætti á stofn í minni veiðistöðvum. En til þess að slík fyrirtæki geti komist á, þarf allmikið fje.

Meiri hl. nefndarinnar gerir ráð fyrir að mynda aðra deild í sjóðnum, rekstrarlánadeild. Til hennar á ríkissjóður að leggja ½ milj. kr., eitt skifti fyrir öll. Þegar áætla skal notin af þessum lánum, er rjett að taka til hliðsjónar þann skipastól, sem nú er í landinu. Skip undir 12 smál. eru nú 1141 á öllu landinu, samkv. „Hagtíðindum". Af þeirri tölu eru 650 róðrarbátar og 491 vjelbátar. Þetta er það, sem í daglegu tali er kallaður smábátaútvegur. Í meðalári lætur nærri, að þessi skip afli helming þess fiskjar, sem hjer kemur á land. Allir sjá, hvaða gagn svo mikilli útgerð er að því, að fá ½ milj. kr. rekstrarlán. Ef hv. meiri hl. væri það áhugamál, að smábátaútvegurinn geti staðið á eigin fótum, þá ætti hann að stíga stærri spor. Það er hverjum vitibornum manni ljóst, að öllum þeim mönnum, sem að þessum útvegi standa, verður ekki forðað frá því, að flýja á náðir kaupmannanna, eins og þeir nú verða að gera, með ½ milj. kr. sjóði.

Í nál. mínu hefi jeg ekki gert ráð fyrir, að togaraútgerðin fengi lán úr væntanlegum fiskiveiðabanka. Núverandi lánsstofnanir ættu að geta fullnægt lánsþörf hennar. Enda hefir hún trygt sjer um langt skeið viðskifti við bankana, og það í mjög stórum stíl. Er þar og um svo fjárfreka útgerð að ræða, að hætta er á, að hún gleypti

mestan hluta af því fjármagni, sem Fiskiveiðabanki hefði til umráða. Hin nýja peningastofnun á að vera handa þeim, sem minni máttar eru og hingað til hafa eigi haft aðgang að bönkunum, eða þá að mjög litlu leyti.

Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) gaf í skyn, að það, sem einkum hefði valdið klofningi í nefndinni, væri það, að hjer væri gengið inn á óvanalegt svið í löggjöfinni, með því að draga úr gildi sjóveða. Jeg skal játa, að þessi ástæða er þung á metunum hjá mjer. En jeg get heldur ekki fallist á till. meiri hl. um fjárframlögin; þykir þar altof skamt gengið. En jeg skal koma aftur að sjóveðinu. Og til þess að vekja athygli hv. deildar á því, hvað hjer er í raun og veru um að ræða, skal jeg leyfa mjer að lesa upp — með leyfi hv. forseta, — þann kafla siglingalaganna frá 1914, sem fjallar um sjóveð. Geta hv. þm. þá gert sjer grein fyrir, hvað sjóveð er í raun og veru. En það efast jeg um, að þeir hafi allir athugað til hlítar. Í 236. gr. siglingalaganna segir svo:

„Þessar kröfur eigi sjóveðrjett í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.

2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til, fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.

3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 166. gr. og 2. liður 223. gr.), sjólánskröfur, svo og bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á ferð.

4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fjekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 12. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón af svikum, hirðuleysi eða gáleysi þeirra manna, sem ráðnir eru til þess að vinna í skipsins þarfir við skyldustörf þeirra, sbr. 13. gr., og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefir greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgst greiðslu á, og loks endurgjaldskrafa sú, sem um er rætt í 3. málsgrein 225. greinar.

Sjóveðrjettur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol nje aðrar vjelarnauðsynjar; sjóveðrjettur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brúttó) farmgjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af. Sjóveðrjettur fyrir sjólánskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því, sem sjólánsbrjefið til tekur, sbr. 180. gr.“

Eins og sjá má af því, sem jeg nú hefi lesið, eru ákvæðin um sjóveð í 4 liðum. Kaup skipshafnar er þar talið svo rjetthátt, að það er sett í 2. lið, næst á eftir björgun skips. Og mjer er ekki kunnugt um, að nokkur siglingaþjóð hafi gengið inn á að rýra þennan rjett sjómannanna. Í alþjóðalöggjöf eru jafnvel ennþá harðari kröfur gerðar í þessu efni. Á Norðurlöndum var fyrir nokkru lögtekin samþykt, sem gerð hafði verið í Genf, og er hún í mörgu strangari en ákvæðin í siglingalögunum íslensku.

Hv. meiri hl. hefir vitnað í álit milliþinganefndarinnar frá 1927, máli sínu

til stuðnings. Jeg hefi persónulega átt tal við einn nefndarmannanna, og sagðist hann hafa verið mótfallinn því, að fella niður ákvæðin um sjóveðin, þótt hann gerði ekki ágreining um það í nefndarálitinu. Jeg hefi líka átt tal við ýmsa ráðandi menn peningastofnana í landinu, og hafa þeir talið takmörkunina mjög óríettláta. Jeg held raunar ekki, að till. hv. meiri hl. stafi af neinum illvilja, heldur miklu fremur hinu, að hann hafi ekki hugsað málið niður í kjölinn. Hjer er um það að ræða, að fella niður rjett, sem gilt hefir hjá okkur síðan 1892, og jafnvel lengur, — ekki frá 1914, eins og hv. frsm. sagði. (SvÓ: Jeg sagði það aldrei). Þennan rjett má ekki með nokkru móti afnema. Oft og einatt hefir orðið að grípa til þessara laga, til þess að sjómenn fengju greiddar samningsbundnar greiðslur. Jeg man eftir einu dæmi seint á stríðsárunum. Maðurinn, sem leigði skipið, fór illa út úr útgerðinni og skipið var sett fast fyrir kaupi skipverja, og skipseigandi varð að greiða það. Annað dæmi get jeg nefnt frá árinu 1927. Skipið, sem um er að ræða, hafði aflað mjög vel, en útgerðarmaðurinn hafði fleiri fyrirtæki með höndum, og varði andvirði aflans til greiðslu í þeirra þágu, svo að ekkert var til að greiða skipverjum með, þrátt fyrir mikinn og verðmætan afla. Hefði sjóveðið ekki verið til þá, myndi skipshöfnin hafa gengið slypp af skipinu. Mennirnir fengu sitt að lokum, fyrir ákvæði laganna. Allir sjá, hversu hraparlegt ranglæti það hefði verið, ef þessir menn hefðu tapað kaupi sínu fyrir það eitt, að sjóveðið hefði verið af þeim tekið. En annað eins gæti oft átt sjer stað, ef sjóveðrjettinum væri kipt burtu, eins og hv. meiri hl. fer fram á. Jeg hefði gaman af að sjá, hversu upplitsdjarfur hv. meiri hl. yrði, ef hann ætti að standa frammi fyrir íslensku sjómannastjettinni eftir slíka ákvörðun, án þess að tryggja henni á nokkurn hátt það kaup, sem hún með lífshættu hefir unnið sjer inn. Með þessu væri stigið stórt spor aftur á bak í þeim tryggingarráðstöfunum, sem löggjafarvaldið gerir vegna vinnulýðsins í landinu. Við þurfum að auka kauptryggingu verkalýðsins, en ekki að rýra eða nema í burtu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að kaupgreiðslu til sjómanna mætti tryggja með samningum. En finst hv. frsm. ekki nóg um deiluefni milli útgerðarmanna og sjómanna, þó að ekki sje bætt við enn einu samningsatriði? Það er líka hætt við, að slíkir samningar myndu aldrei ná yfir alla hlutaðeigendur.

Sem kunnugt er, hefir sú stefna nokkuð verið uppi á seinni árum, að ráða menn á skip upp á hlut. Gæti slíkt fyrirkomulag haldist, að hluti af aflanum yrði látinn ganga upp í kaupgreiðslu, myndu að sama skapi þverra líkurnar fyrir því, að nokkurntíma þyrfti að ganga að skipinu, ef trygt væri, að umráðamenn skips og afla gætu ekki farið með hlut háseta eftir geðþótta. Mætti skipið þá teljast fyllilega veðhæft, þó að sjóveðið hjeldist óbreytt.

Jeg vil líka benda á það, að sjóveðrjetturinn mun tæplega vera eins víðtækur og sumir hafa haldið fram. Á það bendir dómur, sem nýlega er genginn, út af úttekt skips, þar sem ákveðið er, að sjóveðrjettur gildi ekki fyrir matvælaúttekt skipa við veiðiskap, t.

d. síldveiðitímann fyrir Norðurlandi. Aðalatriðið er, að trygt sje kaup mannanna, sem á skipunum vinna.

Þá skal jeg koma að öðru atriði. Nefndin hefir breytt ákvæðinu um, að stjórn Landsbankans skyldi hafa umsjón með sjóðnum, og með þeim forsendum, að eigi myndi á hana bætandi störfum. Vill nefndin í þess stað fela stjórn Búnaðarbankans þetta starf. Jeg held nú satt að segja, að stjórn þess banka muni hafa svo mikið á sinni könnu, að þetta myndi verða bjarnargreiði við hana. Jeg geri líka ráð fyrir, að bankastjórar Búnaðarbankans verði skipaðir með það fyrir augum fyrst og fremst, að þeir hafi nána kynningu og þekkingu á landbúnaði, en síður á sjávarútvegi.

Jeg hygg því, að ekki fari vel saman að láta þessa stofnun hafa þessi mál með höndum. Það þarf að fela sjerstökum mönnum, er hafa náin kynni af fiskiveiðum og fiskimönnum, eru kunnugir útgerð í hvívetna og bera hag fiskimannanna fyrir brjósti. Jeg get því ekki fallist á þessa till. frekar en annað frá hv. meiri hl.

Sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., mun að samríma þetta frumvarpi um veðlánasjóð fiskimanna, er nú liggur fyrir hv. Ed. Þar er gert ráð fyrir 2 milj. kr. höfuðstól, og sú hálfa milj., sem þetta frv. gerir ráð fyrir í sama skyni, mun lítið bæta úr því hlutverki, sem þeim sjóði er ætlað að inna af hendi. Það mun sannast í reyndinni, að þetta er altof lítið fje fyrir útveginn, svo að nokkrum notum komi, eins og Veðlánasjóðnum er ætlað að gera. Tilgangur hans er að hjálpa mönnum til að kaupa sjer fleytur og koma aflanum í peninga. Þessi stofnun verður því að vera starfrækt sem víðast á landinu, ef hún á að geta náð tilgangi sínum. Jeg er ekki sjerfróður í bankamálum, en jeg álít, að þetta mál sje ekki nóg undirbúið eins og er, og að það eigi að undirbúa það og rannsaka fyrir næsta þing, og þá að stiga stærra spor en þetta frv. gerir ráð fyrir, enda er það till. mín, að málinu verði vísað til stj., til frekari undirbúnings. Mjer hefir virst svo, af ræðum manna hjer í hv. deild, að það sje almennur vilji, að koma málinu í góða höfn, en með því á jeg við, að svo stórt spor sje stigið, að þessi stofnun geti komið að fullum notum. En till. hv. meiri hl. sjútvn. ganga ekki lengra en svo, að skref verði stigið í þessa átt. Fiskimennirnir hafa orðið að bíða svo lengi eftir þessari stofnun, að jeg hygg, að þeir muni geta beðið eitt ár enn, sjerstaklega, ef þeir geta átt von á með því móti að fá stofnun, sem eitthvert lið er í.

Jeg hefi þá fært rök fyrir afstöðu minni til þessa máls, en áður en jeg sest niður, vildi jeg svara nokkrum orðum þeim almennu athugasemdum, sem fram hafa komið hjá þeim tveim hv. flm., sem talað hafa.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að sjóðurinn mundi lítils megnugur til rekstrarlána, eftir sem áður, og sýna þau ummæli hans, að hann er mjer sammála um það, að of skamt sje stigið í þessu efni samkv. frv. Hann sagði ennfremur, að stofnlánasjóðurinn yrði öflugri eftir frv. en hann er nú. Þetta má vel vera, en hv. frsm. meiri hl. ætti að vera það kunnugt, að Fiskiveiðasjóðnum hefir lítið verið varið til skipakaupa, heldur að mestu leyti til hafnarlána.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að með þessu móti væri verið að bjarga heilum hópi manna úr öreigafylkingunni, sem hjer hefði verið til lítils þrifnaðar. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvað hann meinar með því, að stefna þessum ummælum til fiskimannanna. Mjer finst þetta köld orð og ómakleg í þeirra garð. Þó að fiskimennirnir sjeu að vísu ekki eigin húsbændur, þá hafa þeir þó fært þeim, sem framleiðslutækin eiga, gull í þúsundum. Ef hv. frsm. meiri hl. kallar það óþrif, að þessir menn sækja gull í skaut Ægis, til handa þjóðinni, þá veit jeg ekki, hvað hann fer. Jeg get verið honum sammála um það, að rjett sje að stofna til skipulags hinnar jöfnu skiftingar afrakstursins, en hitt get jeg með engu móti fallist á, að þeir menn valdi óþrifum, sem svo eru settir í þjóðfjelaginu, að þeir þurfa að vinna hjá öðrum.

Um sjóveðin hefi jeg áður talað, en mjer finst eins og hv. frsm. meiri hl. hafi það á meðvitundinni, að hann sje að vinna óhappaverk í þessu máli, því að hann sagði, að ekki væri til önnur leið út úr þessu máli, en að afnema sjóveðin, en viðurkendi hinsvegar, að ekki mætti grípa til þeirra nema í ítrustu neyð.

Jeg get látið þetta nægja út af ræðu hv. frsm. meiri hl., sem var að öðru leyti hófleg, en jeg verð að svara hv. þm. Vestm. nokkrum orðum. Hann mælti nokkur hlýleg orð fyrir brtt. meiri hl. sjútvn., og bjóst jeg þó varla við því af honum, vegna hins mikla áhuga, sem hann virðist hafa haft í þessu máli. En mikið má fyrir sættina vinna, og sannast hjer sem fyr, að á þeirri nóttu urðu þeir Heródes og Pílatus vinir. Tveir menn úr milliþinganefndinni, sem skipuð var 1927, hafa viðurkent það fyrir mjer, að þeir hafi ekki viljað ganga frekar til verks, fyr en búið væri að komast að einhverri niðurstöðu um skipulag peningamála fyrir landbúnaðinn. Og einn af nefndarmönnum lýsti yfir því við mig, að hann væri því algerlega mótfallinn, að sjóveðin væru látin falla niður. (**JJós:** Álit milliþinganefndarinnar lá fyrir þinginu í fyrra, og þar lýsti hún sig því samþykka fyrirvaralaust, að sjóveðin yrðu lögð niður). Þó að hv. þm. Vestm. virðist sætta sig við þessa lausn, viðurkennir hann þó, að þetta sje ekki endanleg lausn í þessu stórmáli, enda gat jeg búist við því frá fulltrúa eins mesta útgerðarhjeraðs landsins. En hinu gat jeg ekki búist við af fulltrúa sjómannastjettarinnar í Vestmannaeyjum, að hann vildi svifta þá rjetti, sem þeir eiga að lögum, er tryggir þeim kaup sitt. En nægjusemi hans með dvergsjóðinn sýnir óheilindi hans í málinu.

Jeg skal engan dóm á það leggja, hvað ríkisstj. ætlar sjer að gera í þessu máli, en mjer virðist sem ekki ætti að verða skotaskuld úr því, að útvega fje, ef nægur áhugi til umbóta er fyrir hendi.

Hv. þm. Vestm. er á sömu skoðun og hv. frsm. meiri hl., að ekki sje hægt að leysa þetta mál, nema með því að afnema sjóveðin. Jeg fæ nú ekki sjeð, að þess sje þörf, eins og jeg hefi tekið fram áður. Hann heldur því fram, að sjóveðin komi að engum notum fyrir þá, sem efnaminni eru. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje rjett. Þótt efnalitlum mönnum gangi tregt að afla sjer fjár til skipakaupa, sem stafar meðfram af því, að engin lánsstofnun hefir

veitt lán sjerstaklega til þess með hagkvæmum kjörum, þá hefir mjer ekki virst svo, að þeir væru mestu bragðarefirnir með að hafa af mönnum kaup sitt. Sjóveðin eru til tryggingar því, að sjómennirnir fái kaup sitt greitt, hvort sem þeir vinna hjá ríkum eða fátækum. Það kemur að vísu sjaldnar til greina, þar sem hlutaskifti eru, að til sjóveðanna þurfi að grípa, en þó mundi hlutargreiðsla ekki ávalt trygg, ef sjóveð væru afnumin. Jeg hefi enga trú á því, að bankarnir hætti að lána mönnum fje til skipakaupa, á sama hátt og þeir hafa gert, þó að sjóðurinn verði stærri en till. meiri hl. gera ráð fyrir, eins og hv. þm. Vestm. vill vera láta.

Eins og sjest í nál. mínu, hefi jeg leyft mjer að bera fram rökstudda dagskrá í þessu máli, og vænti jeg þess, eins og þetta mál er í pottinn búið, að það verði best leyst á þann hátt. Jeg ber það traust til hæstv. stj., að hún láti rannsaka þetta mál rækilega, og verði búin að undirbúa það fyrir næsta þing. Og jeg hefði satt að segja búist við, að hv. frsm. meiri hl. bæri svo mikið traust til sinnar eigin stj., að hann gæti fallist á till. mínar.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Hv. frsm. minni hl. er búinn að tæma deildina, og er varla ómaksins vert að svara honum, meðan við erum tveir einir, en jeg verð þó að gera það með nokkrum orðum. Meiri hl. ræðu hans var að vísu svo vaxinn, að óþarft er við hann að kljást, og það því fremur sem þessi hv. þm. fylgdi frv., eins og það liggur fyrir nú, athugasemdalaust á síðasta þingi. Hann skrifaði að vísu undir þá með fyrirvara og kvartaði yfir því, að óheppilegt væri að fella sjóveðin niður, en gerði þó engan ágreining um það efni. Nú get jeg að sjálfsögðu ekki ásakað þennan hv. þm. fyrir að hafa skoðanaskifti; hann hefir rjett til þess, ef honum þykir sem hann hafi fengið æðri og betri þekkingu.

Hv. frsm. minni hl. var að reyna að skopast að því, að í nál. meiri hl. væru leiddar saman tvær ólíkar stefnur, sem fram hefðu komið í þessu máli. Jeg tel það nú fremur þroskamerki en afturfarar, er menn geta komið sjer saman um mikilvægt mál og láta ekki smámunina verða til fyrirstöðu samkomulagi.

Hv. þm. taldi, að meiri hl. n. hefði átt mjög erfitt með að koma sjer saman um ákvörðun. Þetta er fjarstæða. Öll málamiðlun gekk friðsamlega og þrautalaust, og frv., eins og það er skýrt af mjer og hv. þm. Vestm., er ljós vottur þess, að ekki hefir mikið borið á milli.

Hv. frsm. minni hl. lagði áherslu á það, að það yrði að stíga sporið fult og koma upp stofnun, sem fullnægði þörfum sjávarútvegsins, og að Fiskiveiðasjóðurinn yrði að geta tekið að sjer allan rekstur smá- og stórútvegsins. Jeg vil nú spyrja: Er ekki betra, úr því að við höfum nú ekki fjármunalega getu til að koma slíkri stofnun á fót, að stíga eitt spor í áttina heldur en ekkert og fresta enn um óákveðinn tíma að gera nokkuð í þessu máli? Jeg kannast við það, að Fiskiveiðasjóðurinn er nú ómáttugur þess að hjálpa bátaútveginum svo að gagni komi. En af því leiðir einmitt það, að hann verður að efla nú þegar, til þess

að hann geti orðið að liði, þótt ekki fylli hann allra þörf. Og hvað er því til fyrirstöðu, að hann verði styrktur meira síðar, þegar efni leyfa og reynslan sker betur úr um þörf. Það er rjett, að rekstrarlánadeildin er svo smávaxin, eftir till. n., að bersýnilegt er, að þurfa muni að efla hana síðar meir mikið. En með hliðsjón af því, að jafnhliða þessu er gert ráð fyrir að lögfesta Búnaðarbanka, og lánsfjelög í sambandi við hann, virðist mega ætla, að hjer verði að mun bætt úr skák fyrir þeim, sem mest hafa farið á mis við stuðning lánstrausts.

Hv. frsm. minni hl. taldi óviturlegt að binda lánveitingar við ákveðna stærð skipa, eins og gert væri í till. meiri hl. Þarna er hv. frsm. kominn í baksegl við sjálfan sig, því að í fyrra vildi hann þessa takmörkun, og hún er því sjálfsagðari, sem minna er fjármagnið til lána.

Um sjóveðin og afnám þeirra hefi jeg talað áður, og sje því ekki ástæðu til að fara frekar út í það, en vitna til þess, sem jeg áður hefi sagt um það efni. Jeg vil þó benda á það, að í nefndinni, sem athugaði þetta atriði 1927, var einn lögfræðingur, skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, og hann lagði til, eins og hinir nefndarmennirnir, að sjóveðin yrðu feld niður, eða færð aftur fyrir veðrjett sjóðsins. Jeg vil líka benda á það, að í nál. þeirrar n. er þess getið, að svipað fyrirkomulag sje á Þýskalandi. Þar er fiskiveiðastofnun starfrækt í sambandi við landbúnaðarráðuneytið, og bátarnir veðhæfir. Það stendur ekki í þessu nál., eins og hv. frsm. minni hl. sagði, að bátarnir sjeu undanþegnir sjóveði, því að þá væru þeir ekki veðhæfir. Hjer er því ekki eindæmi um að ræða. Okkur í meiri hl. sjútvn. hefir aldrei til hugar komið, að fella ætti sjóveðin alment niður. Ákvæði frv. ná aðeins til þeirra báta, sem lán fá úr sjóðnum, og snerta ekki aðrar fleytur.

Hv. frsm. minni hl. fanst jeg hafa farið óvirðingarorðum um hina vinnandi stjett í landinu. Hafi nokkru sinni verið snúið út úr, þá gerði hann það með þessu. Jeg sagði, að skortur á þeim stuðningi, sem þessum sjóði væri sjerstaklega ætlað að veita, hefði oft orðið til þess, að útvegsmenn hefðu orðið að hafa kaupmenn að milliliðum, bæði um stofnfjár og rekstrarlán, og því að sæta verri kjörum en ella, og stundum neyðarkjörum, en að afleiðingin hefði ósjaldan orðið sú, að þeir hefðu gefist upp á sjálfsbjargarviðleitninni og horfið inn í fylkingar þess öreigalýðs, sem til lítils þrifnaðar hefði orðið í þjóðfjelaginu. Með vinnulýð á jeg við bændur, búalið og starfandi menn, en þá menn tel jeg kjarna þjóðarinnar. Öreigalýður er aftur samsafn óreiðu- og óreglumanna í fjölmenni bæjanna. Og held jeg að hv. þm. verði að játa það í hjarta sínu, ef ekki opinskátt, að skríll stórborganna sje ekki til þrifnaðar í neinu þjóðfjelagi. Um það þýðir ekki að þrátta.

Hv. frsm. minni hl. gerði mjer þann greiða að minnast á brtt. 347, sem mjer hafði sjest yfir í minni fyrri ræðu. Meiri hl. sjútvn. hefir, sem sagt, að gefnu tilefni, borið fram þessa brtt. við 8. gr. frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 248. Bankaráð Landsbankans hafði sem sje kvartað yfir því, að meiri hl. lagði það til, og legg-

ur til í frv. á þskj. 248, að stjórn sjóðsins skuli falin Landsbankanum. Færðist bankaráðið undan að taka við stjórn sjóðsins og kvað það tæpast sameinanlegt við önnur störf, sem bankinn hefði á hendi. Út af því hefir svo meiri hl. n. borið fram brtt. á þskj. 347 um það, að atvinnumálaráðuneytið hafi á hendi stjórn sjóðsins fyrst um sinn, en síðar verði hún falin Búnaðarbanka Íslands, þegar hann tekur til starfa. Undanfarið hefir stjórn Fiskiveiðasjóðs verið undir atvinnumálaráðuneytinu, og er því ekki annað eðlilegra fyrst í stað, meðan ekki er önnur stofnun tiltæk, en að hún verði þar áfram, ef þetta verður að lögum. En hinsvegar virðist ekki eiga illa við, að Búnaðarbankinn hafi þetta á hendi, þegar hann er tekinn til starfa, og að minsta kosti er þá tækifæri til dreifingar fjárins gegnum lánafjelög þau, sem gert er ráð fyrir að standi í sambandi við þann banka. Þessi tilhögun á stjórn bankans, á meðan hann ekki tekur algerlega stakkaskiftum, virðist líka að því leyti heppileg, að hún verður þá samferða þeirri útlánastarfsemi fyrir útveginn, sem hægt er að tengja öðrum þræði við landbúnaðinn, eða lýtur að rekstri bænda, þeirra, sem hvorttveggja stunda, landbúnað og fiskiveiðar. Sömuleiðis er þetta fyrirkomulag öldungis í samræmi við þá tilhögun, sem verið hefir á þessu hjá Þjóðverjum, eftir því sem milliþinganefndin hefir skýrt frá í áliti sínu, að stjórn fiskiveiðasjóðs Þjóðverja hefir verið lögð undir landbúnaðarráðuneytið þar.

Jeg ætla ekki að elta meira ólar við hv. frsm. minni hl. út af þessu og tel ekki, að það geti leitt til neinna frekari skýringa á málinu, hvort þrætt er um það lengur eða skemur, og því síður ástæða til að ræða það lengi eða mikið, þegar svo örfáir menn eru viðstaddir.

Hjeðinn Valdimarsson: Það mætti búast við af umtali því, sem verið hefir á undanförnum þingum um að hjálpa útgerðarmönnum kringum land, að eitthvað yrði gert, en jeg verð að segja það, að hjer sannast hið fornkveðna: Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist hlægileg mús, því að jafnvel í samanburði við það frv., sem Íhaldsmenn hafa borið fram í þinginu, þá er þetta frv. eins og halakliptur hundur, það er kliptur af því allur síðari hlutinn, en bútar af því og minni háttar atriðin standa eftir, þó gerbreytt. Jeg er hissa á því, hvernig hv. flm. þessa frv. hafa getað sætt sig við þessa meðferð, og bendir það á, að þeim hafi ekki verið sjerstakt áhugamál að koma þessu frv. fram, því eins og málið kemur frá n., þá er það, svo jeg noti orð síðasta ræðumanns (SvÓ) í öðru sambandi, „til lítils þrifnaðar í landinu."

Það eru tvær aðferðir, sem talað hefir verið um á síðustu þingum í þessu máli, að lána út á skip og báta, aðallega til að kaupa þá, og að lána rekstrarfje, eins og frv. hv. 4. landsk. (JBald), um veðlánasjóð fiskimanna, fer fram á, en bæði þau frv., sem jeg hefi nefnt, ganga lengra en þetta. Eins og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) hefir þegar bent á, þá eru í frv. því, sem nú er í hv. Ed., ætlast til þess, að höfuðstóll veðlánasjóðsins nemi 2 milj. kr., auk Fiskiveiðasjóðsins gamla til

rekstrarfjárlána, og munar þó um þá upphæð. Hinsvegar er í frv. til l. um Fiskiveiðasjóð auk Fiskiveiðasjóðsins gamla ætlast til 100 þús. kr. tillags í 5 ár. En það, sem meira er um vert, er, að Fiskiveiðasjóði er leyft að gefa út skuldabrjef fyrir ferföldu stofnfjenu, eða fyrir 4 × 1200 þús. kr. = 4 milj. 800 þús. kr. En eins og frv. er nú klipt og skorið, yrði stofnfjeð auk gamla Fiskiveiðasjóðsins aðeins 60 þús. kr. á ári í 10 ár og síðan 30 þús. kr. árlega, og 500 þús. kr. lán úr ríkissjóði, en engin skuldabrjefasala, og af þessu stofnfje fara 500 þús. krónurnar einar til rekstrarlána. Er því sama sem ekkert af því fje, sem sjóðnum er ætlað til afnota, handbært sem stendur, því að Fiskiveiðasjóður, sem er um 700 þús. kr., er nú nær allur bundinn í löngum lánum, svo að það verður tiltölulega lítill hluti, sem þessi kynslóð getur notað af honum. Þessar 60000 kr., sem sjóðurinn fær til skipakaupa á ári, eru eins og krækiber í ámu. Það, sem hjá Íhaldsmönnum, í frv. þeirra, hefði komið til gagns, var það fjármagn, sem fengist hefði með skuldabrjefasölu, og hefði fljótlega munað um það, ef það hefði náð að verða 4—5 milj. kr. Þótt það sje ekki mikið af öllu því fje, sem útvegurinn notar, þá er það þó nokkuð, í stað þess sem það, sem hjer er nefnt, er blátt áfram hlægilegt, þegar um það er að ræða, að mynda Fiskiveiðasjóð Íslands, sem á að vera banki fyrir bátaútveginn. Slíkur dvergbanki getur seint orðið að gagni. Það, sem hægt væri að lána út á báta til bátakaupa, sýnist ekki vera fyrst um sinn annað en þetta 60000 kr. framlag úr ríkissjóði, og þær 500000 kr., sem ætlaðar eru til rekstrar, en það verða allir að játa, að það mun ekki verða mikið fyrir þann aragrúa af bátum, sem eru kringum alt land, og mun það fjármagn aldrei geta leyst bátana undan því oki, sem það þarf að gera, að sækja sjer lán til kaupmanna til rekstrar. Jeg hefði talið æskilegasta lausn þessa máls, að því hefði verið vísað til stjórnarinnar á sama hátt og hv. 4. þm. Reykv. hefir bent á, í trausti þess, að hæstv. stjórn myndi undirbúa þetta mál þannig, að það verði ekki neitt „humbugs"-mál eins og það frv., sem hjer liggur fyrir. Slíkir sjónhverfingaleikir eiga ekki við á Alþingi.

Það getur verið vafasamt, hvort á að taka stórútgerðina með. Hv. 4. þm. Reykv. vildi halda því fram, að hún ætti að vera sjer. Jeg hefi ekki athugað það, en það gæti þó margt mælt með því, að hafa hvorttveggja í sameiginlegri peningastofnun, og þá virtist mjer, ef farin væri sú leið, að þá ætti að reyna að gera ýmislegt meira til þess, sem ekki er gert hjer í frv., hvað þá í brtt. hv. n., að styðja að því, að koma á hentugri eignarumráðum á bátaútveginum heldur en víða er á landinu. Það er reyndar svo sumstaðar, að mennirnir, sem eru á bátunum, eiga þá sjálfir, og er æskilegt að það gæti orðið sem víðast, en aftur á móti ekki þannig, að það sje einn maður eða verslun, sem eigi flesta bátana, svo að mennirnir, sem eru á þeim, hafa ekki aðra hagsmunavon en að hirða laun sín. Hægt væri að hjálpa til slíkrar sameignar með því að láta slík samtök njóta lægri vaxta en þá menn, sem gera þetta eingöngu í fjárgróða skyni. Jeg verð að segja það, að í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er

gert ráð fyrir því, að það verði nokkuð lægri vaxtakjör hjá þessum sjóði, heldur en er á peningamarkaðinum yfirleitt, að jafnaði ekki nema 5½%, en hinsvegar sje jeg ekki vel ástæðuna til þess, að svo langt yrði farið undir almenn vaxtakjör, þegar enginn munur er á gerður, hvort lántakendur eru vel eða illa staddir. Það er engin ástæða til þess, ef menn eru ekki fjárhagslega illa staddir, að fara að nota fje ríkisins til þess að veita þeim lán undir venjulegum vöxtum. Aftur á móti gæti verið mikil ástæða til þess, ef þyrfti að styrkja fátæka menn til þess að koma fótunum undir atvinnu sína. En hjer er látið ganga jafnt yfir rjettláta og rangláta í því efni.

Þá vil jeg aðeins minnast á þá brtt., sem hjer er fram komin, að leggja þessi fjármál undir Búnaðarbankann. Jeg hugði, að það hefði komið fram við þær umr., sem verið höfðu hjer í deildinni áður, að yfirleitt væri hv. þm. þeirrar skoðunar, að Búnaðarbankinn ætti að vera fyrir landbúnaðinn, en nú virðist hv. sjútvn. vera komin á þá skoðun, að best muni fara á því, að rugla alveg saman reitunum. Það var till. í þessa átt á sínum tíma hjer í deildinni, en náði þá ekki fram að ganga, en ef þetta nær fram að ganga, þá er sem frsm., hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. n. haldi, að það sje eitthvað vissara fyrir sjávarútveginn að komast undir landbúnaðinn heldur en að vera út af fyrir sig. Það er engin afsökun, þó að svo kunni að vera í Þýskalandi, að lítilsháttar lánadeild fyrir fiskiveiðar sje undir landbúnaðarráðuneytinu, því að allir vita, að sjávarútvegur Þjóðverja er mjög lítilvægur, samanborið við aðra atvinnuvegi, og þar sem þessi atvinnugrein er lítil, er venjan sú, að láta hana heyra undir landbúnaðarráðuneytin. En hjer á Íslandi, þar sem sjávarútvegur er aðalatvinnugreinin, væri eðlilegast, að sjálfstæð skipun væri gerð um hennar mál eins og landbúnaðinn.

Jeg get ekki látið hjá líða, að benda hjer á síðasta málslið brtt. á þskj. 347: „Útlánsfjenu skal skift sem jafnast milli útgerðarhjeraða eftir útgerðarmagni báta.“ Þótt þetta líti vel út á pappírnum, þá er þetta eitt nóg til þess að gera sem minst úr gagni því, sem af frv. mætti verða, vegna þess, að því víðar sem peningunum er dreift, þess minni von er um að nokkur maður geti haft gagn af útlánsstarfsemi þessa dvergbanka.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða mikið meira um þetta, en aðeins benda á eitt atriði, sem um hefir verið deilt hjer, það er um sjóveðrjett í bátunum. Það er vitanlegt, að ef þessi ákvæði, sem meiri hl. sjútvn. leggur til að verði samþykt, ná fram að ganga, þá leiðir af því, að sjóveðrjettur gengur á eftir venjulegum veðum í bátunum til skipakaupa eða rekstrarlána. En til hvers hafa sjóveð annars verið veitt? Til þess að tryggja greiðslur fyrir ýms algerlega nauðsynleg verk fyrir bátana, sem ekki má láta fyrirfarast að vinna. Björgunarlaun og hafnsögumannslaun ganga t. d. fyrir öðrum kröfum, því að það gerir að minsta kosti það að verkum, að þeir, sem leggja fram starf sitt og leggja oft líf sitt í hættu, fái laun sín greidd, en ef lán peningastofnana og fleira á að ganga fyrir, þá verður

miklu óvissara um greiðslu fyrir þá, sem leggja í að bjarga skipshöfn og skipi. Jeg álít það afskaplega hættulegt fyrir bátana, ef venjuleg lán til þeirra eiga að ganga fyrir slíkum kröfum. (**SvÓ:** Bjarga menn þá vegna launanna? — **JJós:** Það er líka til nokkuð, sem heitir vátrygging). Menn bjarga stundum eingöngu vegna launanna, þar sem ekki er um mannslíf heldur eignir að ræða, en jafnvel þar sem ekki er bjargað vegna launanna, er enginn vafi á því, að slík ákvæði eru sett í lögin til þess að þeir, sem bjarga, fái greidd laun sín, enda hygg jeg þess tiltölulega fá dæmi, þegar bjargað er bátum, að ekki sje krafist endurgjalds fyrir, þegar einstakir menn eiga í hlut. Þá vil jeg svara því, sem hv. þm. Vestm. skaut inn í um vátryggingar, að það hefði verið æskilegt að fá umsögn vátryggingarfjelaganna um þetta atriði, en mjer er ekki kunnugt um, að hv. n. hafi beiðst umsagnar þeirra um það atriði, að kröfurjettur skipstjóra og skipshafnar fyrir kaupi sínu fjelli niður, sem einmitt mest hefir verið um deilt hjer. En ef tveir aðiljar eiga peninga hjá útgerðarmönnunum, og annar er peningastofnun, sem lánar fje í margvíslegu skyni, en hinn eru menn, sem leggja fram vinnuafl sitt og oft hætta lífi sínu við vinnuna, þá get jeg ekki annað skilið, en að þeir menn eigi að vera rjetthærri heldur en sá aðili, sem aðeins leggur fram peningana. Það er þessi skoðun, sem er undirstaða þess, að sá aðili hefir verið látinn svo rjetthár um sjóveð, eins og í 232. gr. sjólaganna getur. Hv. meiri hl. sjútvn. leyfir sjer að taka þessa tryggingu af sjómönnunum og lætur þá ekki fá neitt í staðinn. Jeg hygg þó, að þegar rætt var um þetta mál á þinginu í fyrra, og ýmsir töldu þess mikla þörf að fá þessu breytt þannig, að hægt væri að fá fult veð í bátunum, hafi tiltölulega fáum dottið það í hug, að það mundi koma fram á þessu þingi till. um að svifta sjómenn sjóveðinu og láta ekkert í staðinn koma, og með sömu þingmönnum, er hafa verið að skerpa veðin fyrir verkkaupi í landinu. Það eru ekki nema tvö ár síðan samþyktur var viðauki við lög um greiðslu verkkaups í landinu, til þess að tryggja mönnum kaup sitt, og í fyrra, þegar kom fram frv. um að láta verkafólk á sjó og landi hafa veð í síldinni, þá voru þessir sömu hv. þm. því samþykkir. En hjer er svo gengið í þveröfuga átt, þar sem verið er að svifta menn rjetti, sem þeir hafa haft um langan aldur og hafa hjá öllum öðrum þjóðum. Maður skyldi þá halda, að þetta væri af þeirri ástæðu, að það sýndi sig, að sjómenn, sem væru á bátunum, fengju yfirleitt ávalt kaup sitt, svo að aldrei yrði að ganga að sjóveði í bátunum, og að það væri því óþarfi, enda virðist mjer helst að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) líti svo á. Jeg veit ekki hvernig þetta er á Austurlandi. Það getur verið, að ástandið sje gott þar, sem fullkomin hlutaskifti eru, en hjer syðra er því ekki að heilsa, víðast hvar, og ekki við síldveiðarnar nyrðra. Jeg veit, að það hefir oft komið fyrir, bæði sunnanlands og norðan, að skipshafnirnar hafa orðið að ganga að sjóveðinu fyrir kaupgjaldinu, af því að þær hefðu ekki fengið kaup sitt greitt annars. Jeg vil spyrja hv. frsm. (SvÓ) og hv. meiri hl. n.: Á hvern hátt á þá að tryggja sjómönn-

um það, að þeir fái kaup sitt, ef á að láta sjóveðið svo langt aftur sem hægt er, og hægt er að lána út á hálft verð bátsins með veði á undan? Hv. frsm. meiri hl. vildi helst benda til þess, að hægt væri að tryggja sjómönnunum þetta með samningum, eða einhverskonar öðrum tryggingum, en þetta er náttúrlega sett í löggjöfina til þess að gera kaupgreiðsluna algerlega örugga, svo að hver maður út af fyrir sig þurfi ekki að vera að deila um þetta þegar hann ræður sig, og þannig á það líka að vera. Það er, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, nægileg deiluefni á milli útgerðarmanna og þeirra, sem ráða sig hjá þeim, þótt ekki sje verið með löggjöfinni að fá þeim fleiri atriði til þess að deila um.

Jeg er viss um það, að ef þessi lög næðu fram að ganga, sem mjer sýnist eftir öllum sólarmerkjum að verða muni, þá myndi af þessu atriði verða mögnuð óánægja í landinu.

Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta að sinni, en vænti þess, að þetta mál nái ekki fram að ganga í því formi, sem það er nú. Jeg álít, að það sje engu síður nauðsynlegt fyrir þingið að koma á fót góðri lánsstofnun fyrir sjómenn, sjerstaklega fyrir smábátana, sem oft eiga erfitt með að ná sjer í lán, heldur en stórútgerðina, en jeg hygg, að það verði ekki gert á þennan hátt, sem nú var um rætt. Hinsvegar ber jeg það traust til hæstv. fors.- og atvmrh., að hann bæði muni það og efni, sem hann talaði hjer um fyrir skömmu, að undirbúa slíkt mál fyrir næsta þing, bankastofnun, sem fullnægi þörfum bátaútvegsins á svipaðan hátt eins og Búnaðarbankinn þörfum landbúnaðarins.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 43, n. 248 og 284, 347).

Pjetur Ottesen: Það hefir farið svo, að þetta mál hefir tekið miklum breytingum í hv. sjútvn. frá því, sem upphaflega var til ætlast af flm. frv. Meiningin með flutningi þessa frv. var sú, að efla Fiskiveiðasjóðinn, svo að hann gæti betur int af hendi það hlutverk sitt, að veita mönnum lán til bátakaupa og að bæta aðstöðu manna í landi til þess að vinna úr fiski og fiskúrgangi og að koma upp íshúsum. Þetta átti að vera höfuðverkefni sjóðsins samkv. frv. eins og það var flutt upphaflega, og var það annar liðurinn í viðleitni Íhaldsflokksins til þess að bæta úr lánsþörf bátaútvegsmanna. Hinn liðurinn var sá, eins og hjer hefir verið minst á í öðru sambandi, að veita bátaútvegsmönnum rekstrarlán, sbr. rekstrarlánafrv. það, sem borið var fram að tilhlutun Íhaldsflokksins á síðasta þingi.

En eins og hv. frsm. sjútvn. hefir skýrt frá, hefir frv. verið gerbreytt þannig, að nú er Fiskiveiðasjóðnum ætlað að vinna það tvöfalda hlutverk: í fyrsta lagi að lána til bátakaupa og til þess að koma upp verksmiðjum til að vinna úr fiskúrgangi og til þess að koma upp íshúsum. Í öðru lagi á sjóðurinn að taka að sjer rekstrarlánastarfsemina. Í þessu augnamiði er sjóðnum ætlað ákveðið fjármagn til þess að starfa með. Árlegt fjárframlag úr ríkissjóði er nú hækkað til fasteignaveðlánastarfseminnar úr 6 þús. kr. upp í 60 þús. kr. á ári í 10 ár,

en 30 þús. kr. á ári úr því. En til rekstrarlánastarfseminnar á ríkissjóður að leggja fram ½ miljón króna.

Þó að þessi aukning á sjóðnum nái harla skamt á leið til þess að mæta lánsþörf bátaútvegsmanna eins og nú er komið, og þó að þetta fjármagn, sem hjer er um að ræða, sje ekki nema lítill hluti þess fjármagns útvegsmönnum til handa, sem gert var ráð fyrir í tillögum þeim, sem bornar hafa verið fram í þessu skyni af hálfu Íhaldsmanna, þá ber þó að viðurkenna það, að þetta er þó nokkur bót frá því, sem nú er, fyrir þá, sem annars hafa aðstöðu til þess að nota sjer þessi lán, en sú tilhögun er á lánum þessum samkv. tillögum sjútvn. að þeir, sem eru á afskektum stöðum, hafa mjög erfiða aðstöðu til þess að notfæra sjer þessi lán, einkum rekstrarlánin, en þó mundi till. meiri hl. n. um það, að láta Landbúnaðarbankann, þegar hann er kominn á fót, eða rekstrarlánadeildir hans, hafa á hendi útlánin, bæta þar nokkuð úr, ef samþ. yrði.

Eins og menn rekur minni til, urðu allsnörp átök um það hjer í deildinni fyrir skömmu, hvort veita skyldi bátaútvegsmönnum rekstrarlán úr Landbúnaðarbankanum í fjelagi með landbændum, en þeim viðskiftum lauk þannig, að þeir, sem andstæðir voru þeirri tvímælalaust heppilegu ráðstöfun, báru hærri hlut, svo að þær tillögur voru feldar. Það er þess vegna alveg sýnt, að þess verður ekki auðið á þessu þingi að komast lengra áleiðis til þess að bæta úr lánsþörf bátaútvegsmanna, og þó að hjer sje um tiltölulega litla úrlausn að ræða, þá er hjer þó lagður grundvöllur, sem hægt verður að byggja á framtíðarlánsstofnun fyrir bátaútveginn, og má um þetta segja, að mjór er mikils vísir og að hálfnað er verk þá hafið er.

Með tilliti til þessa er það mín skoðun, að tvímælalaust beri að samþykkja þessar tillögur. Með þeim, eða samþykt þeirra, er málinu bæði beint og óbeint töluvert þokað áleiðis.

Minni hl. sjútvn., hv. 4. þm. Reykv., hefir borið fram rökstudda dagskrá um að vísa málinu til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Þykir honum hjer um svo þýðingarlitlar umbætur að ræða, að hann vill ekki samþ. þær þess vegna. En öll framkoma þessa hv. þm. og hinna sósialistanna hjer í deildinni, bendir ekki til þess, að þeim sje mjög umhugað um það, að greiða úr fyrir bátaútvegsmönnum á þessu sviði, þó að þeir tali fagurlega um þessi mál. Þegar um það var að ræða nú fyrir skömmu hjer í deildinni, hvort bátaútvegsmenn ættu að eiga þess kost að fá aðgang að rekstrarlánum úr Landbúnaðarbankanum í fjelagi við landbændur, þá voru þeir fremstir í flokki með að drepa þær tillögur, og lögðu þannig sitt lóð í skálina til að loka þeim möguleika fyrir bátaútvegsmönnum. Nú leggja þeir til, að koma þeirri úrbót, sem felst í þessu frv., einnig fyrir kattarnef. Og alt er þetta gert með því yfirskyni, að þeir vilji annað og meira. Vitna þeir nú óspart í orð, sem hæstv. atvmrh. ljet falla um það, þegar hann var að berjast á móti því, að bátaútvegsmenn fengju rekstrarlán úr Landbúnaðarbankanum, að hann mundi þess ekki ófús að undirbúa fyrir næsta þing frv. um lánsstofnun fyrir bátaútveginn. En jeg verð að segja

það fyrir mitt leyti, að það bendir sannarlega ekki á mikinn áhuga eða einlægan vilja til að greiða úr lánsþörf bátaútvegsmanna, að vilja nú í skjóli þessara lausaralegu ummæla hæstv. atvmrh. varpa fyrir borð öllum þeim tillögum, sem komið hafa fram á þessu þingi til þess að bæta úr þessari brýnu þörf, þó að með þeim sje sporið ekki stigið til fulls.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en treysti því, að Alþingi samþykki þó nú að þessu sinni þennan vísi til úrlausnar á lánsþörf bátaútvegsmanna í trausti þess, að upp af þessum stofni vaxi lánsstofnun, sem áður en langt um líður verði þess megnug, að fullnægja lánsþörf bátaútvegsins í landinu og stuðla að eðlilegri þróun hans.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta mál nú. En þó get jeg ekki komist hjá að svara hv. 2. þm. Reykv. nokkrum orðum. Mjer voru sem sje mikil vonbrigði að ræðu hans. Jeg hafði búist við, að hann legði eitthvað uppbyggilegt til þessa máls, en mjer virtist honum fara líkt og Steinvöru kerlingu, er hún talaði við Þangbrand, að hann reyndi að snúa öllu í villu, en engu til rjetts vegar. Hann lagði aðaláhersluna á það, að sjómönnum væri gerður sá bjarnargreiði með frv. þessu, að sjóveðrjetturinn væri feldur niður. En þetta er gersamlega rangt hjá hv. þm. Sjóveðrjettinum er aðeins vikið aftur fyrir veðrjett sjóðsins, þegar skipið stendur í skuld við Fiskiveiðasjóðinn, og þetta gildir aðeins um skip þau, sem sigla hjer með ströndum fram, en alls ekki um þau, sem sigla til útlanda. Að segja að sjóveðrjetturinn sje feldur úr lögum með þessu, nær því engri átt. Sömuleiðis er það fjarstæða ein að halda því fram, að þessi færsla veðrjettarins geti orðið til þess, að mönnum verði síður bjargað úr sjávarháska. Hverjir leita öðrum lífsbjargar úr sjávarháska í launa skyni? Mun nokkur það lítilmenni að deila um kaup fyrir að bjarga nauðstöddum bróður úr lífshættu áður björg er veitt? Slíkar röksemdir sem þessar hjá hv. þm. sæta því hinni mestu furðu.

Þá taldi hv. þm., að með þessu væri alið á sundurþykkjunni, sem væri á milli útgerðarmanna og sjómanna. Þessu er því til að svara, að jeg þekki ekki til neinnar sjerstakrar sundurþykkju milli þeirra manna, sem við bátaútveginn vinna og hlutum skifta. Er þetta því út í hött talað hjá hv. þm.

Að hjer sje að ræða um svo lítilfjörlegan styrk fyrir útgerðina, að ekki taki að sinna honum, finst mjer hin mesta fjarstæða, og því til sönnunar vil jeg benda á það, að eftir frv. og brtt. meiri hl. verður til útlána úr sjóðnum árlega um 120 þús. kr.: 60 þús. kr., sem ríkið leggur fram, innborgaðir vextir af lánum gamla sjóðsins og afborganir þeirra lána um 60 þús. kr. Er þetta talsverð aukning frá því sem verið hefir, þar sem aðeins hefir verið um að ræða 20—30 þúsundir til útlána árlega. Þegar nú þess er gætt, sem frv. gerir ráð fyrir, að ekki verður lánað nema helmingur kaupverðs, þá ætti þessi upphæð að nægja til þess að kaupa árlega 30 opna vjelbáta af vanalegri stærð og

12 stærri vjelbáta þiljaða, t. d. 10 rúmlesta stóra. Og ef reynslan yrði sæmileg af þessari fyrstu tilraun, ætti að mega bæta ofan á þann grundvöll, sem lagður verður með lögum þessum.

Jeg mun ekki lengja mál mitt að sinni meira en orðið er. Jeg vil geta þess, að meiri hl. nefndarinnar hefir komið sjer saman um að taka aftur brtt. á þskj. 347 til 3. umr. Henni verður ef til vill að einhverju breytt milli umr.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþ. til 3. umr. með brtt. þeim, sem eru á þskj. 248. Mun jeg svo eigi tefja tímann lengur, enda þótt ástæða hefði verið að tína til fleira úr ræðum andstæðinganna en jeg hefi gert.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg gerði þegar í 1. ræðu minni grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Eins og nál. meiri og minni hl. bera með sjer, er mikið djúp staðfest á milli þeirra í málinu.

Hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) telur, að með þessu frv. sje fullnægt fjárþörf sjávarútvegsins um óákveðinn tíma. Jeg lít hinsvegar svo bjartsýnum augum á málið, að jeg tel betra að láta það bíða eitt ár, til þess að hægt sje að veita því góðan undirbúning, og stiga síðan talsvert stærra spor í þessum efnum heldur en til er ætlast í frv. því, sem fyrir liggur. Jeg hefi því meiri ástæðu til að vera bjartsýnn í þessu máli, þar sem hæstv. atvmrh. hefir látið það í ljós í umræðunum um Búnaðarbankann, að hann væri fús á að vinna að þessu máli með fylsta velvilja. Mjer finst því afstaða hv. frsm. meiri hl. bera vott um vantraust á hæstv. stjórn í þessu máli. Sjávarútvegurinn hefir orðið að bíða lengur en þetta eina ár eftir slíkri lánsstofnun, sem hjer um ræðir.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði í það, að jeg hefði í fyrra skrifað undir nál. það, er meiri hl. skilaði, með fyrirvara. Þetta er rjett, en þá stóð málið þannig, að minni hl. gat alls ekki fallist á till. hv. frsm. (SvÓ), sem voru svipaðar og nú, en jeg gerði ekki meiri ágreining en þann, að skrifa undir nál. með fyrirvara, sem þýddi frá minni hálfu algerða andstöðu við málið, ef ákvæðin um sjóveðin yrðu ekki feld burtu. Ennfremur var augljóst, að málið myndi ekki ganga fram, en jeg gat þess jafnframt, að fyrirvari minn lyti að sjóveðunum og óánægju með þær tillögur, sem þá lágu fyrir. En sá minni hl., er þá var, vildi ekki fylgja till. meiri hl. þá, þótt hann geri það nú, og skil jeg ekki þá stefnubreytingu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að jeg væri að skopast að samvinnu Framsóknar og Íhalds í þessu máli. Það er ekki rjett, en hitt er satt, að mjer finst dálítið hjákátleg samvinna þessara tveggja flokka þegar um er að ræða að rýra rjett fiskimannanna.

Ein af meginástæðunum til þess, að jeg get ekki fylgt frv., er sú stefna, að láta sjóveðin niður falla fyrir lánum úr Fiskiveiðasjóðnum. Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að ekki væri rjett, að þau væru feld niður með öllu. En sjóveðsrjetturinn er svo mjög skertur með ákvæðum frv., að hann verður næstum einskis virði, þar sem heimilt er að lána úr sjóðnum út á alt að helming virðingarverðs skips með 1. veðrjetti. Nú er reynsla fyrir því, að komið hefir fyrir, að helming-

ur skipsverðs hefir ekki nægt fyrir því, sem útgerðin hefir skuldað í kaupgjaldi. Fyrir nokkru síðan var togari kyrsettur fyrir kaupi skipshafnar, og var seldur á uppboði. Fór svo, að uppboðsandvirðið gerði eigi betur en að hrökkva fyrir því, er á skipinu hvíldi. Jeg á hjer við togarann „Clementínu". (ÓTh: Er það virkilega rjett?) Það má vera, að eitthvað örlítið meira en kaup mannanna hafi hvílt á skipinu, en skipið seldist ekki nema fyrir sjóveðskröfunum er á því hvíldu. Þó man jeg ekki hvort þær náðust allar. Hefði hjer ekki verið sjóveðsrjettur, hefði skipshöfnin ekkert fengið af kaupi sínu.

Ef nú á að fella niður þennan rjett gagnvart lánum úr Fiskiveiðasjóði, verður afleiðingin auðvitað sú, að aðrar lánsstofnanir, sem lána til skipakaupa, krefjast hins sama. Hjer er lævís tilraun á ferðinni til að kippa burtu þeim rjettindum fiskimanna, að sjóveðsrjettur þeirra sje fullkomin trygging eins og verið hefir. Þetta eitt út af fyrir sig væri næg ástæða til þess, að jeg væri á móti frv.

Hvarvetna meðal útlendra þjóða hefir sjóveðsrjettur fiskimanna verið talinn nauðsynlegur til að tryggja þeim kaup sitt. Býst jeg við að geta lagt fram fullkomin skilríki um þetta við 3. umr. Nú á að kippa þessum rjetti burtu hjer hjá oss eftir frv. að dæma. Engir af hv. nefndarmönnum nema hv. frsm. meiri hl. hafa minst á þetta atriði, en jeg geri ráð fyrir, að þeir sjeu þar á sama bandi. Þetta er árás á verkalýðinn af hálfu meiri hl. sjútvn., sem virðist vera að reka erindi atvinnurekenda.

Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um það hjá lögfræðingum hjer í bænum, hve miklu sjóveð hafi numið undanfarið. Síðustu þrjú árin hefir ein lögfræðiskrifstofan haft til innheimtu sjóveðskröfur fyrir 180 þús. kr. Skip þau, sem gengið hefir verið að sjóveði í á þessum tíma fyrir áðurnefndri upphæð, eru tveir línuveiðarar, einn togari, og 18 skip yfir 18 smálestir. Mennirnir, sem kröfurnar áttu, voru 143 alls. Er það skoðun lögfræðinganna, að þeir hefðu lítið eða ekkert fengið af kaupi sínu ella. Þessi rjettur er feldur niður, eða sama sem feldur niður, með frv., eins og jeg hefi sýnt fram á, þar sem hann er settur aftur fyrir 1. veðrjett í helmingi skipsins. Til sjóveðs er venjulega ekki gripið fyr en að útgerðarmenn standa allslausir uppi, og eins og dæmin sýna er þá undir hælinn lagt, að skipið seljist fyrir kröfuupphæðinni, ef helmingur af andvirði skipsins er trygt með 1. veðrjetti.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta gilti aðeins gagnvart Fiskiveiðasjóðnum. En þó sjóðurinn stækki og lánmöguleikar hans aukist, má telja víst, að þetta ákvæði fylgi með, svo að sjóveðsrjettur sjómanna verði niður feldur með öllu, eftir því sem þeim skipum fjölgar, er lánað er út á úr sjóðnum.

Jeg get svarað þeim hv. þm. Borgf. (PO) og hv. frsm. meiri hl. samtímis. Jeg var, satt að segja, hissa á því, hve hv. þm. Borgf. var nægjusamur. Jeg hjelt, að hann væri kröfuharðari fyrir hönd sjávarútvegsins en þetta. Hann sagði að vísu, að þetta gæti orðið grundvöllur að öðru meira, er síðar kæmi. En jeg er hræddur um, að ef málið verður afgreitt í þessu formi,

verði það til þess að spilla því, að róttækar breytingar nái fram að ganga á næstu þingum.

Það má vel vera, að hv. frsm. meiri hl. hugsi sem svo, að þetta fyrirkomulag verði að duga hans daga. En jeg er kröfuharðari en svo. Þetta þing hefir samþykt lög um Búnaðarbanka með 60 miljóna fjármagni, og enginn mun efast um, að nokkur vandræði verði á að afla þess fjár, sem hann þarfnast. Fje það, sem lánað er til styrktar landbúnaðinum, verður að vera í löngum lánum og kemur seint inn aftur. Hinsvegar skilar sjávarútvegurinn sínum lánum fljótt aftur. Hann er miklu fjárfrekari en landbúnaðurinn, en gróðinn hinsvegar miklu fljótteknari. Held jeg, að eigi ætti að verða skotaskuld úr að afla sjávarútveginum lánsfjár, eins og landbúnaðinum. Hefir þegar verið bent á ýmsar leiðir til þess, t. d. vaxtabrjefasölu, eins og milliþinganefndin 1927 benti á.

Þá vil jeg nokkuð minnast á vaxtakjörin, sem hv. frsm. meiri hl. og hv. þm. Borgf. töluðu um. Jeg verð að taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að jeg sje ekki ástæðu til þeirra ívilnana í vaxtakjörum, sem frv. ætlast til að sjeu veittar þar. Þetta yrði til þess að auka eftirsóknina eftir þessum lánum afskaplega. En þegar til á að taka er ekkert að lána. Jeg tel rjett, að þessi sjóður veiti lán með svipuðum kjörum og aðrar lánsstofnanir í landinu. Með því væri ekki misrjetti skapað milli manna um lánskjör.

Þá fór hv. þm. Borgf. að hallmæla okkur, sem viljum fara aðra leið en hann í þessu máli, fyrir það, að við hefðum verið á móti því, að Búnaðarbankinn lánaði fje til smábátaútgerðar. Jeg álít, að lán til sjávarútvegs og landbúnaðar eigi að vera aðskilin. Jeg var og er sannfærður um það, að hægt er að koma upp svo stórri lánsstofnun fyrir sjávarútveginn sem með þarf. Og jeg hjelt, að hv. þm. Borgf. gæti fylgt okkur þar að málum. Við viljum á allan hátt stuðla að því, að svo geti orðið, en ekki svæfa málið með því að samþykkja það frv., sem fyrir liggur. Jeg veit, að engum er það ljósara en hv. þm. Borgf., hve útvegurinn er orðinn stór og þarf mikið fje til umráða. Það lánsfje, sem sjóður eins og sá er frv. fjallar um, er eins og dropi í hafið, miðað við þá þörf, sem hann á að uppfylla.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á útreikninga hv. frsm. meiri hl., þegar hann var að tala um lán úr skipakaupadeild. Í því skyni ætlaðist hann til, að lánaðar væru 120 þús. kr. til kaupa á alt að 50 smá-vjelbátum. En hann gleymir öðru hlutverkinu, sem er að lána til iðjuvera á landi. Til þess verður ekkert fje eftir samkvæmt þessum útreikningi hans. Þetta sýnir hve mjög rök hans eru í lausu lofti.

Jeg þykist vita, að vitnað verði í álit milliþinganefndarinnar frá 1927. Það er alveg rjett, að fiskveiðabanki Norðmanna varð fyrir talsverðum áföllum á stríðsárunum. En það var ekkert einsdæmi um hann, því að þar í landi rak hvert bankahrunið annað, og þau voru öll afleiðing fjárkreppunnar í landinu eftir stríðið. Þeir atburðir ættu ekki að hræða okkur Íslendinga frá því að stofna fiskiveiðabanka. Reynsla Norðmanna hefir ekki aðra

þýðingu í þessu máli, en að vara okkur við því, sem áfátt var hjá þeim í skipulaginu.

Jeg get nú að skaðlausu stytt mál mitt. 3. umr. þessa frv. er enn eftir. Vænti jeg þess, að fá enn tækifæri til að gefa hv. frsm. (SvÓ) ýmsar upplýsingar um þetta mál. Jeg þykist vita, að hann telji framgang þess öruggan og að svo muni vera, þar sem tveir stærstu flokkarnir hafa runnið saman því til stuðnings. Má telja víst, að það komist a. m. k. út úr þessari hv. deild, hvernig svo sem hv. efri deild kann að taka því. Má því með nokkrum rjetti segja, að þýðingarlitið sje fyrir mig að fara mörgum orðum um það. Jeg vildi þó eigi láta undir höfuð leggjast, að láta allan landslýð vita, hver undirstaða þessa frv. er í raun og veru, þ. e. að kippa burt sjóveðunum. Það skín í gegnum álit milliþinganefndarinnar frá 1927, hve henni er þetta atriði ákaflega viðkvæmt mál. Hún bendir þar á, að samningar geti komið í stað sjóveðs, en getur alls ekkert um, hvernig þeir samningar eigi að fara fram, og það hefir hv. frsm. meiri hl. eigi heldur gert, enda hygg jeg, að sú leið myndi oftast ókleif. Það er mitt síðasta orð í þessu máli að þessu sinni.

Ólafur Thors: Jeg skal ekki lengja mikið umræður um þetta mál, enda eru öll höfuðatriði þess þegar fram komin. Jeg kveð mjer hljóðs eingöngu til þess að lýsa yfir því, að undirskrift mína undir nál. meiri hl. má eigi skilja svo, að jeg sje fullkomlega ánægður með till. hans. Frv. Íhaldsmanna á þskj. 43 þótti mjer síst ganga of langt, en þó hefir nú verið mjög úr því dregið. Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið til að binda enda á þá togstreitu um Fiskiveiðasjóðinn, sem átt hefir sjer stað hjer í deildinni um langan tíma. Þing eftir þing hefir þessu máli verið hreyft, og þing eftir þing hefir það verið óútkljáð. Þó að jeg uni því illa, sem nú á að gera, uni jeg hinu þó ver, að ekkert sje gert. Jeg álít, að þær ráðstafanir, sem meiri hl. nefndarinnar vill gera, komi að nokkrum notum, og jeg vænti, að þess verði ekki langt að bíða, að þær komi að talsverðum notum sem grundvöllur undir lánsstofnun fyrir smábátaútveginn.

Í stuttu máli: Jeg vil binda enda á þá tilgangslausu deilu, sem átt hefir sjer stað um þetta mál. Það verður gert með því að lögfesta það frv., sem nú liggur fyrir. Þeir, sem vilja efla sjávarútveginn, eiga þá opna leið til að stækka sjóðinn með tíð og tíma.

Jeg gat þess, að jeg myndi eigi blanda mjer í almennar umr. um þetta mál. Þó geri jeg eina undantekningu. Það hefir verið látið í veðri vaka, að nefndin vildi afnema sjóveð skipshafna. Það hefir verið talað rjett eins og öll sjóveð sjómanna á íslenskum skipum væru afnumin. (**SÁÓ:** Það sagði jeg aldrei). Hv. 4. þm. Reykv. sagði það ekki, en það kom greinilega fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. En hjer er ekki um annað eða verra að ræða en það, að færa veðrjett skipshafnarinnar aftur fyrir veðrjett sjóðsins í þeim skipum, sem hann lánar til. Nú má ekki lána úr sjóðnum nema helming skipsverðs, og ætti því ekki að vera nein veruleg hætta á ferðum fyrir skipshöfnina.

Á það hefir verið bent, að mótor-

bátar sjeu, eins og nú standa sakir, alveg óveðhæfir. Engin lánsstofnun vill nú veita lán gegn veði í slíkum skipum. Með því að gera þessa breytingu á sjóveðunum, fæst aukið fjármagn til smábátaútgerðarinnar. Aukið fjármagn skapar aukna atvinnu og hærra kaup, og það er sú bjarta hlið þessa máls, sem að sjómönnunum snýr. Jeg get hinsvegar sagt það, að jeg myndi vera því hliðhollur, að sett yrði einhverskonar löggjöf til frekari tryggingar á kaupi sjómanna. Nýlega setti Alþingi lög til tryggingar kaupi verkamanna í landi. Ef til vill er erfiðara að koma slíkum tryggingum við viðvíkjandi kaupi sjómanna, en þó hygg jeg, að finna megi ráð til þess, og beini þeirri ósk til hv. minni hl., að hann beri fram frv. um það.

Haraldur Guðmundsson: Hv. ræðumaður, sá, er síðast talaði, lauk máli sínu með því, að hann væri óánægður með frv. Mig furðar ekki á þessum ummælum, því að frv. þetta bætir á engan hátt úr lánsþörf bátaútvegsins. Hv. þm. (ÓTh) sagði, að það væri spor í áttina til umbóta. En það er rangt. Frv. breytir engu til batnaðar frá því, sem nú er. En það er spor í áttina til bölvunar. Það rýrir eða gerir að engu þá tryggingu, sem sjómenn nú hafa fyrir því að fá kaup sitt skilvíslega greitt. Það er tekið fram í till. meiri hl., að sjóveðrjettur skuli færast aftur fyrir veðrjett Fiskiveiðasjóðs. Jeg ætla, að ekki þurfi langar útskýringar á því, hvað þetta atriði þýðir. Lánin geta hrúgað á sig vöxtum og innheimtukostnaði, svo að veðrjettur sjómannanna verði blátt áfram einskis virði.

Jeg hafði í fyrstu álitið, að þessi frumvarpsómynd væri fram borin til að friða samvisku þeirra manna, sem að því standa. En við nánari íhugun get jeg varla ímyndað mjer, að samviska þeirra sje þannig innrjettuð, að þetta geti verið henni fróun. Jeg hallast því fremur að því, að tilgangurinn sje fyrst og fremst sá, að rýra tryggingar sjómanna fyrir kaupgreiðslum. Og þess þarf enginn að ganga dulinn, að verði gerð undantekning viðvíkjandi Fiskiveiðasjóði, þá koma aðrar lánsstofnanir á eftir og heimta, að sjóveðin verði einnig færð aftur fyrir þau stofnlán, sem þær veita.

Hv. 2. þm. G.-K. sagðist vilja gera einhverjar ráðstafanir til að bæta sjómönnum það tjón, sem þeir kynnu að bíða af þessum ráðstöfunum. Þetta hafa fleiri flokksmenn hans sagt, en þeir hafa bara ekki látið svo lítið, að benda á neinar slíkar ráðstafanir. Þeim hefði a. m. k. verið skylt að leggja fram greinargerð fyrir úrræðum sínum, og helst að koma fram með frumvarp um aðra tryggingu um leið og þeir stinga upp á því að rýra sjóveðin.

Jeg sagði áðan, að með þessu frv. væri á engan hátt bætt úr þörf bátaútvegsins til lánsfjár. Það er síst ofmælt. Skal jeg nú gera nánar grein fyrir þessu.

Eftir frv. myndast stofnlánadeildin fyrst og fremst af því fje, sem nú er í Fiskiveiðasjóði, en það mun vera um 700 þús. kr. Ennfremur á ríkissjóður að leggja henni 60. þús. kr. árlega fyrstu 10 árin og 30 þús. kr. á ári eftir það. Nú er fje Fiskiveiðasjóðs mestmegnis bundið í lánum og kem-

ur ekki inn nema lítið af því árlega. Lánin úr þessari deild geta því ekki numið nema 60 þús. kr. árlega auk þess, sem innheimtist af vöxtum og afborgunum. Þetta er jafnt hámarkslánveitingu til eins manns, 25 þús. + 35 þús., samkv. frv., og sjá allir, hvað bátaútveginn dregur um annað eins.

Þá á rekstrarlánadeildin að fá til umráða ½ milj. kr. Þetta er að gera gys að bátaútvegsmönnum, hæðast að fjárþörf þeirra. Sje sú upphæð borin saman við starfsfje togarafélaganna, sem nú eru í landinu, eða þær 50—60 milj., sem Búnaðarbankinn getur fengið til umráða, þá er beinlínis hlægilegt að halda því fram, að deildin geti bætt að nokkru úr starfsfjárþörf bátaútvegsins. Önnur eins kák-löggjöf getur ekki orðið til neins annars en að tefja þarflegar umbætur á þessu sviði.

Jeg hefi hjer fyrir framan mig fiski- og hlunnindaskýrslur landsins fyrir árið 1927. Í þeim skýrslum eru taldir alls á landinu: 650 árabátar með 2697 mönnum, 491 vjelbátar með 2363 mönnum. Alls 1141 bátur með 5060 mönnum. — Í sömu skýrslum eru talin á landinu 185 mótorskip með 1906 mönnum alls. Flest þeirra munu vera undir 30 smál. — Hafa þá verið á landinu alls 1326 bátar og mótorskip með 6966 mönnum.

Úr lánsþörf þessara 6966 manna á svo að bæta með hálfri miljón króna. Og til aukningar og viðhalds á skipastól, sem telur á þriðja þúsund, á að verja 60—100 þús. kr. árlega! Svo fráleit tillaga getur ekki einu sinni fróað hina allra lítilþægustu samvisku. Hún sýnir greinilega, að hugur fylgir ekki máli hjá hv. stuðningsmönnum þessa frv.

Nú er rjett að athuga það verðmæti, sem þessi skipastóll færir í land. Árið 1927 nam hluti smábátaútvegsins af sjávarafla landsmanna því, sem hjer segir: Afli árabáta 6,8%, afli mótorbáta 22,4% og afli mótorskipa ca. 10,8%. Þannig hefir bátaútvegurinn lagt til um 40% af fiskafla landsmanna árið 1927. Fyrir þessum atvinnurekstri á, hvað starfsfje snertir, að sjá með sjóðkrili því, sem hjer er til umræðu. Jeg get ekki sjeð, að hv. nefnd hefði á ömurlegra hátt getað skopast að sjálfri sjer en með því að bera þetta úrræði sitt á borð fyrir Alþingi. (SvÓ: En hinar lánsstofnanirnar?) Þær eru til, og draga heldur úr þessum lánveitingum og vísa á Fiskiveiðasjóðinn. Reynslan mun sýna það.

Þetta sama ár, 1927, var andvirði sjávarafla hjer á landi upp úr skipum 30 milj. kr. 40% af þeirri upphæð eru 12 milj. Atvinnuvegi, sem framleiðir verðmæti fyrir 12 milj. kr. árlega, á nú að vísa á ½ milj. kr. rekstrarlán. Jeg hygg það síst ofmælt, að hjer sje ekki um bót að ræða, heldur afturför, því að eins og jeg tók fram, er nokkurnveginn víst, að bankarnir, sem hingað til hafa liðsint bátaútveginum að nokkru leyti, muni hliðra sjer hjá að veita lán til þess atvinnurekstrar, en vísa á Fiskiveiðasjóð.

Jeg verð því að hallast eindregið að till. hv. minni hl. um, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, og henni falið að undirbúa það fyrir næsta þing. Og eftir undirtektum hæstv. forsrh. hygg jeg, að meira skilnings sje að vænta hjá honum í þessu máli en hv. sjútvn. Eftir ummælum þeim, sem hæstv. ráðh. hefir látið falla, tel jeg óhugsandi annað, en að stjórnin myndi

flytja frv., sem gengi miklu lengra en þetta.

Jeg skal eigi teygja þessar umræður lengur. Aðeins vil jeg taka það fram út af því, sem sagt hefir verið um sjóveð og áhættu lánsstofnana, að mjer virðist mönnum hætta til að gleyma því, hverjir það eru, sem mesta áhættuna bera af þessum atvinnuvegi. En það eru vitanlega sjómennirnir. Þeir hætta fyrst og fremst lífi og limum og því næst daglegu brauði sínu. Jeg sje ekki nokkra sanngirni í því að rýra það litla öryggi fyrir kaupgreiðslum, sem þessum mönnum er veitt í núgildandi löggjöf. En verði á annað borð stigið eitt spor í þá átt, er áreiðanlega skamt að bíða þess næsta. Allar lánsstofnanir, sem fje lána til skipa, myndu fljótlega heimta sjóveðin niður feld, ef Fiskiveiðasjóði væri veitt þessi sjerstaða.

Jóhann Jósefsson: Það er rjett, að við, sem stöndum að áliti meiri hl., höfum ekki fullyrt, að frv. bætti úr allri vöntun lánsfjár til bátakaupa, enda fær tilraun okkar til framhalds á stækkun Fiskiveiðasjóðs heldur harðan dóm hjá ýmsum hv. þm.

Jeg skal ekki lasta þann stórhug, sem kemur fram í ræðum hv. frsm. minni hl. (SÁÓ) og hv. þm. Ísaf. (HG), þegar þeir ætla að gera alt til fullnustu í einu hendingskasti. En þó að jeg beri tilhlýðilega virðingu fyrir þessum afkastamönnum, vil jeg andmæla þeim digurbarkalegu ummælum hv. þm. Ísaf. (HG), að engin umbót felist í till. nefndarinnar. Þessi hv. þm. endurtók sömu vitleysuna sem hv. 4. þm. Reykv. hjelt fram, að stofnlánadeildin hefði ekki nema 60 þús. kr. árlega í handbæru fje. Hv. 4. þm. Reykv. sagði fyrst, að þessi upphæð væri hæfilegt lán handa tveim mönnum. En nú bætir hv. þm. Ísaf. gráu ofan á svart, og segir, að hún sje ekki nema handa einum lánbeiðanda.

Þessir hv. þm. hafa enga þekkingu á Fiskiveiðasjóðnum, og þessar fullyrðingar þeirra grundvallast einungis á þekkingarleysi þeirra. Þeir láta sig heldur ekki muna um það, að segja umráðafje sjóðsins helmingi minna en það yrði eftir till. meiri hl. Fjeð er nú 60—80 þús. kr. eftir því sem dregst inn af skuldabrjefum Hafnarsjóðs Reykjavíkur, og ef 60 þús. kr. er bætt við þá upphæð, ætti jafn þjálfaður bankamaður og hv. þm. Ísaf. að geta komið því saman, hve umráðafje sjóðsins yrði mikið eftir till. meiri hl. Undanfarið hefir sjóðurinn lánað meðal annars út á 20—30 smál. mótorbáta, og hafa lánsupphæðir sjóðsins numið 10—12 þús. kr. til hvers einstaks lántakanda. Þótt lánað yrði 15 þús. kr. út á hvern bát, mundi það fje, er meiri hl. ætlast til að sjóðurinn hafi til lána, endast til fleiri lánveitinga en þessir þm. vilja vera láta.

Það sem þessum tveim hv. þm. og fleirum úr þeirra hópi virðist vera kappsmál er það, að gera sem minst úr till. nefndarinnar. Þó hefir n. lýst yfir því, að sjóðurinn yrði miklu smáskornari en nefndin hefði óskað, en hv. andmælendur vilja gera úr sjóðnum enn smáskornari stofnun en hann yrði eftir till. meiri hl.

Þá kom hv. þm. Ísaf. með þá einkennilegu kenningu, að ef þetta frv. yrði samþ., mundu lánsstofnanir þær, sem nú lána til bátaútvegsins, kippa að sjer hendinni og vísa til Fiskiveiða-

sjóðs. — Fiskiveiðasjóður var í upphafi stofnaður sem dálítil hjálparstoð fyrir bátaútveginn, en ekki sem útvegsbanki, og geta þeir sannfærst um þetta, sem vilja lesa stofnskrá sjóðsins.

Hjer er ekki verið að gera neina tilraun til annars. Við, sem heldur viljum efla sjóðinn, höfum sagt, að við værum að reyna að bæta hann dálítið, en við höfum hvergi sagt, að verið væri að gera úr honum fullnægjandi stofnun fyrir bátaútveginn. Sem betur fer á bátaútvegurinn aðstoð víðar en hjá Fiskiveiðasjóði. Ýmist hafa bankarnir lánað beint, eða fyrir milligöngu kaupmanna og kaupfjelaga, fje til rekstrar á bátunum, en þeir lána nú yfirleitt ekki fje til þess að kaupa mótorbáta. Þetta mundi að sjálfsögðu haldast óbreytt, þótt Fiskiveiðasjóður yrði efldur, en sjóðnum væri þá ljettara um að fullnægja að einhverju leyti höfuðmarkmiði sínu, að styðja menn til þess að eignast báta og þau áhöld, er þeir þurfa.

Jeg varð var við þá skoðun hjá hv. þm. Ísaf. (HG) og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), að þeir voru svo ósanngjarnir, að bera meiri hl. n. það á brýn, að hann væri að gera sjer leik að því, að hafa af sjómönnum þann rjett, er sjóveðslögin veita þeim. Slíkur hugsunarháttur er engum sæmandi öðrum en þeim tveim hv. þm. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) lýsti yfir því, að hann hefði skrifað undir nál. meiri hl. í fyrra, vegna þess að hann þóttist viss um, að þetta næði ekki fram að ganga. — Slíkir menn hafa eðlilega tilhneigingu til þess að sjá lævísi í annara gerðum.

N. þorði ekki að hafa kröfur sínar til þingsins frekari að svo komnu máli. En ef hv. þm. Ísaf. (HG) vill koma með brtt. um að efla sjóðinn meira, þá hefi jeg að minsta kosti ekki svo bundnar hendur, að jeg gæti ekki greitt atkv. með þeim kröfum. — Þessir tveir hv. þm., sem hafa kastað hnútum til þeirra, sem eitthvað vilja reyna að gera, hafa vissulega ekki rjett til þess að fyrirdæma alt hjá öðrum, nema þeir kæmu með einhverjar þær till., er betri væru og þingið fengist til að ganga að. Meiri hl. hefir margsinnis lýst yfir því, að við flytjum ekki þessar till. til þess að koma í veg fyrir það, að okkur hugmeiri og vitrari menn geti gert betri till. um breytingu á Fiskiveiðasjóðnum. Við höfum heldur ekki lagt þetta til, til þess að hindra, að stj. gæti komið fram fullkomnari lánsstofnun handa sjávarútveginum, eins og hún hefir látið í veðri vaka. — Það er ekkert því til fyrirstöðu, þó að þetta frv. verði samþykt, að stj. beri fram frv. á næsta þingi um fullkominn sjávarútvegsbanka, þrátt fyrir þetta. En ef það skyldi nú dragast úr hömlu, sem mjer finst nú ekki óhugsandi, að þessi stofnun kæmi á næsta þingi, sje jeg ekki að neinn skaði sje gerður með því að efla Fiskiveiðasjóðinn. Það sjer víst enginn nema hv. þm. Ísaf., að það sje til tjóns, að sjóðnum er gert helmingi hægara fyrir að veita stofnlán og að honum er veitt ½ milj. kr. til rekstrarlána. Jeg fyrir mitt leyti get ekki litið þeim augum á hlutina, að jeg geti fallist á það, að hjer sje um enga bót að ræða, en það leyfði hv. þm. Ísaf. sjer að segja. Hann álít-

ur kannske, að ½ milj. í einu lagi og 60 þús. kr. í tíu ár geri engan mun.

Hv. 4. þm. Reykv. sagðist vera svo bjartsýnn, að hann tryði hæstv. atvmrh. til þess að koma á fullkominni lánsstofnun fyrir sjávarútveginn. — Jeg hefi enga tilhneigingu til þess að rengja yfirlýsingu hæstv. ráðh., en jeg er ekki eins svartsýnn og hv. þm. á það, að ekki megi efla Fiskiveiðasjóð, af ótta við, að það verði til tjóns, því að það kalla jeg svartsýni. Hv. þm. lýsti einnig yfir því í fyrri ræðu sinni, að hann vildi heldur bíða í von um þetta stærra skref. — Við meiri hl. menn vonumst líka eftir stærra skrefi, og við þurfum engan kinnroða að bera, þótt við leikum okkur ekki að því að bera fram till., sem við vitum, að þingið muni ekki samþykkja. Og hjer kemur skoðanamunurinn í ljós. Minni hl. er ánægður með að gera háar kröfur, hvernig sem undirtektirnar verða, en meiri hl. hefir valið þá leið, að feta sig áfram smátt og smátt, en halda um leið öllum leiðum opnum til frekari bóta.

Það er ekki meining meiri hl., að hjer sje um fullkomna lánsstofnun að ræða fyrir bátaútveginn. Það er óþarft að leggja okkur þau orð í munn, því að við höfum marg-lýst yfir þessu, bæði munnlega og skriflega, að hjer er aðeins um það að ræða, að efla sjóðinn og byrja á vísi til rekstrarlána úr sama sjóði.

Það er því alveg ósæmandi hv. þm. Ísaf. að halda því fram fyrir okkar hönd, að hjer sje um fullkomna lánsstofnun að ræða, og aðrar lánsstofnanir muni þá draga að sjer höndina. Jeg veit ekki hvaða hugsanagang hv. þm. ætlar bankastjórunum að hafa, en mín reynsla af kynningu við þá er sú, að þeir mundu ekki nota fyrsta tækifæri, sem byðist, til þess að reka af höndum sjer viðskiftamenn bankanna, þá sem bátaútveg stunda.

Það umstridda í þessu máli er sjóveðsákvæðið. Þessir hv. þm. þykjast hafa einkarjett á því, að bera hag sjómannanna fyrir brjósti, en það er óþarft að gera till. meiri hl. n. lítilfjörlegri en þær eru fyrir því. Það er vitanlegt af því sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það sem aðallega er haft á móti eru sjóveðsákvæðin. Þær eignir, sem hjer um ræðir, eru ekki veðhæfar eins og er, og þarf ekki annað en benda á skýrslu Fiskifjelagsins og tillögur milliþingan. þessu til sönnunar. Lánsstofnanirnar komust að raun um þetta og kiptu að sjer hendinni með lán út á skipin eingöngu. Jeg vil enn leggja áherslu á það, að hjer er aðeins um Fiskiveiðasjóðslán að ræða, og vísa algerlega þeim blekkingum jafnaðarmanna á bug, að hjer sje farið fram á, að sjóveðsákvæðin alment verði lögð niður.

Það er mikil trygging í því fyrir sjómenn, að sjóveðsákvæðin sjeu í gildi, en það er ekki nema ein hliðin. — Það hefir komið fyrir, að þetta ákvæði hittir aðra fyrir en það átti að hitta. — Sumir „spekúlantar" hafa tekið bát á leigu og safnað að sjer sjómönnum, sem aldrei hefðu farið til þeirra, ef ekki fyrir sjóveðsákvæðin. — Hefir þá stundum farið svo, að bátseigandinn hefir orðið að kaupa sitt eigið skip laust aftur, vegna sjóveðsákvæðisins. En eins og menn vita, eru það ekki altaf auðugir menn, sem eiga þessa vjelbáta, og mega því illa við slíku höggi.

Þessi ákvæði gera það að verkum, að sjómenn þurfa ekki að vera kritiskir á það, hjá hverjum þeir ráða sig, og ráða sig jafnvel til óreiðumanna, sem þeir hafa enga trú á. Þetta er skuggahliðin á sjóveðsákvæðinu.

Hinsvegar vil jeg taka það fram, að það er þörf á slíkri tryggingu á ýmsum sviðum, og jeg er reiðubúinn að taka höndum saman við hvern sem er, til þess að tryggja mönnum á sjó og landi, að þeir geti átt kaup sitt víst undir öllum venjulegum kringumstæðum. — En þegar um er að ræða menn, sem ekkert hafa að byggja á annað en dugnað sinn, og fá því enga áheyrn hjá Fiskiveiðasjóði um lán vegna ákvæðanna um sjóveðin, virðist mjer rjett að fella niður sjóveðsákvæðin til þess að gera þeim kleift að koma þessum fyrirtækjum af stað.

Á hinn bóginn verður það ekki álitið annað en holt, að verkamenn hafi það yfirleitt fyrir augum, er þeir ráða sig, hvernig horfur fyrirtækisins eru og hvaða líkur atvinnurekandi hefir til þess að standa straum af kostnaðinum.

Jeg held því, að hv. 4. þm. Reykv. ætti að ráðfæra sig betur við þann vitra mann, sem hann kvaðst hafa átt tal við, og sem áleit hægt að finna aðra leið en þessa, til að fá góða úrlausn þessa máls. Það þarf að finna ráð er tryggi skilvísa greiðslu verkalaunanna á annan hátt en þann, að gera skipin óveðhæf. Það þarf að leysa þetta tvent: að gera skipin veðhæf og tryggja sjómönnum kaup sitt. — En þegar síðara atriðinu á að ná á kostnað hins fyrra, þá tel jeg að meira beri að meta, að gera skipin veðhæf í Fiskiveiðasjóðnum, sem annars yrði lokaður fyrir öllum efnaminni mönnum, sem ekki hafa annað veð að láta en skipin. Jeg vil heldur, að framþróun þessa atvinnuvegar og framtaki einstaklinganna sje gefið svigrúm til hæfilegra framkvæmda, heldur en að þetta sjóveðsákvæði standi óbreytt.

Hv. andmælendur þessa frv. og brtt. meiri hl. sjútvn., eru allir jafnaðarmenn. — Fyrir utan þennan höfuðagnúa, er þeir telja á málinu og jeg hefi nú um rætt, þá hafa þeir og gert alt of lítið úr umbótaákvæðum frv. Og jeg verð að segja það, að mjer virðist aðstaða hv. jafnaðarmanna alleinkennileg í þessu máli. Þeir neituðu um daginn smábændum þeim, sem útgerð stunda samhliða sveitabúskap, um það, að verða aðnjótandi þeirra lána, sem tengd eru við Búnaðarbankafrv. Þessum umbótum, sem hjer er rætt um, eru þeir líka mótfallnir. — Þeir vilja slá öllum umbótum á frest. Þeir vilja ekkert hjálpa smærri útgerðarmönnum. Jeg öfunda þá sannarlega ekki af þessari afstöðu sinni.

Þá var enn eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem rjett er að minnast á. Hv. þm. þóttist hafa átt tal við einhvern málsmetandi mann, sem hefði sagt, að ekkert vit væri í því að miða lánin við ákveðna stærð skipa. — En það sem rjeði því, að þessi stærð var ákveðin var það, að ekki var hægt, með ekki stærri lánsstofnun, að hjálpa öllum. Takmarkalínu varð því að draga, og þótti rjett að miða við 50 smál. Fordæmi var og fyrir þessu. Í Noregi er fiskiveiðabanki (Den norske Stats Fiskeribank), sem lánar eigi út á stærri skip en 50 smál. Sá banki

byrjaði starf sitt með 5 milj. kr. höfuðstól, og þó þótti þar rjett að lána eigi út á stærri skip en þetta, enda eru lánin ætluð mótorskipum, sem sjaldan fara yfir þessa stærð. — Í ákvæðum laganna um norska bankann er tekinn vari á því, að ekki hlaðist önnur sjóveð á bátana en þau, sem vátryggingarfjelögum er skylt að greiða. Hlaðist slík veð á skipin, sjóveð eða annað, eru lánin þegar fallin í gjalddaga. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að sjóveðin rýrðu ekki öryggi lánanna út á skipin. Hv. þm. getur nú rætt það atriði við bankastjórana, sem lánin eiga að veita. Þeir munu segja annað. Og í fiskibankalögunum norsku, 44. gr., er bankanum áskilinn rjettur til að segja upp skipaláni, ef sjóveð, sem ábyrgðarfjelögum er ekki skylt að greiða, fellur á skipið. Óliklegt er, að það ákvæði sje þar sett alveg út í bláinn. Jeg get sagt það sama og aðrir hv. þm. hafa sagt, að jeg get verið þakklátur ríkisstjórninni, ef hún vill undirbúa fyrir næsta þing lánsstofnun, sem fullkomnari er en þetta. Þetta frv., þó samþ. verði, þarf á engan hátt að standa fyrir því máli. Og jeg get fullyrt það fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að hún með þessari úrlausn hefir á engan hátt tekið endanlega afstöðu gagnvart fiskibankafyrirkomulaginu í framtíðinni. En á meðan sú niðurstaða er ekki fengin, er miklu betra en ekki neitt að efla fiskiveiðasjóðinn nú svo sem hægt er og hjer er bent til. Ætti það, eins og jeg hefi áður sagt, aldrei að skaða endanlega úrlausn þessa máls.

Haraldur Guðmundsson: Eftir ræðu hv. þm. Vestm. hefði jeg nokkra tilhneigingu til að tala við hann um sjóveð. Þessi hv. þm. mælti nú fagurt, og ljest vilja vera með því, að tryggja sjómönnum kaup sitt. — En till. hans benda í aðra átt. Með þeim vill hann draga úr tryggingu þeirri, sem sjómenn hafa nú fyrir skilvísri greiðslu á kaupi sínu. Hann þykist vilja tryggja hvorttveggja: kaupið og veðgildi skipanna fyrir Fiskiveiðasjóðinn, en telur þó, að sjóveðrjettur sjómanna verði að víkja fyrir þörf lánsstofnunarinnar. Vill hann því vinna það til, að skerða þá tryggingu sem í sjóveðinu felst fyrir sjómennina. Og hjer mun meira á eftir fara, því að rök hans öll með því að færa veðrjett Fiskiveiðasjóðsins fram fyrir sjóveðið, hníga og að því, að hið sama verði gert gagnvart öðrum lánsstofnunum, sem lána út á skip. Jeg vil nú benda hv. þm. á það, hve ólíka aðstöðu lánsstofnun hefir til þess að fá sitt uppborið, eða sjómennirnir, sem á skipunum vinna til að ná kaupi sínu. Þegar Fiskiveiðasjóður hefir lánað út á 50% af verðmæti skips gegn 1. veðrjetti og sjómennirnir verða að láta selja skipið, til þess að fá kaup sitt, þá er erfitt fyrir þá að tryggja sinn hag, því þótt þeir vildu bjóða í skipið, til þess að fá sitt uppborið, þá hafa þeir oft og einatt engin efni á því að kaupa skipið, og gætu ekki sett nauðsynlegar tryggingar fyrir greiðslu kaupverðsins. Gætu þeir því venjulega engin not haft af sjóveðrjettinum, þegar svo mikið væri komið á undan honum. Hann yrði þeim oft einskis virði með öllu. Sjóðurinn aftur á móti gæti hæglega keypt skipið og þyrfti engu að tapa, þótt sjóveð gengi fyrir, því að engar líkur eru til

að sjóveðin nemi 50% af verði skipsins. Það er að vísu rjett, að sjóveðið leggur nokkrar kvaðir á veðhæfi skipsins. En með gætnum eiganda og lánveitanda má mjög draga úr þeirri hættu. Það getur vel verið, að það dæmi, sem hv. þm. tók um bátinn, sem eigandinn leigði og þurfti að kaupa út, sje rjett. En það sýnir aðeins, að óvarlegt hefir verið af eiganda bátsins að lána slíkum óreiðumanni hann. Var og eðlilegra og rjettmætara að eigandinn yrði þar fyrir skakkaföllum en sjómenn þeir, er á honum höfðu unnið. Og hvernig eiga sjómenn, sem ráða sig á skip, að vita, hvort þau eru veðsett Fiskiveiðasjóði eða annari lánsstofnun, hvort þeir hafa sjóveð fyrir kaupi sínu eða ekki? Eiga þeir að heimta að sjá veðbókarvottorð áður en þeir ráða sig? Læt jeg svo útrætt um þetta atriði.

Hv. þm. tók það oft fram, 10—20 sinnum að minsta kosti, að hann væri ekki ánægður með frv. og þætti það ganga skemra en hann hefði óskað. En hvernig stendur þá á því, að ef 4 af 5 hv. sjútvn. mönnum vildu meira, að þeir bera fram þetta smásmíði, en ekki frv. um lánsstofnun eins og þeir telja að þörf krefjist og geta leyfi? Er það af því, að þeir sjeu hræddir um að þessi hv. þd. muni ekki vilja fallast á að gera meira? Jeg get varla hugsað mjer það. Jeg held, að þó till. hv. n. væru nokkru rífari, þá yrðu ekki neitt verri undirtektir, heldur þvert á móti. Lögin um Fiskiveiðasjóðinn eru að því er jeg hygg sett 1905, áður en mótorvjelar og togarar voru komnir í notkun hjer. Þau þóttu smásmíði þá. Og nú, 24 árum síðar, á að gera á þeim breytingar, sem að sínu leyti eru langtum smávægilegri en lögin voru í upphafi. Hjer er ekki um kyrstöðu að ræða, heldur beina afturför. Samtímis því, sem veita á 50—60 miljónir til landbúnaðarins, á að bæta úr rekstrarfjárþörf bátaútvegsins með ½ — hálfri — miljón króna, og til endurnýjunar og viðbótar þessa skipastóls og til iðjuvera í landi 60 þús. kr. á ári í nokkur ár. Smátt er skamtað og ójafnt mjög. — Það eru bein ósannindi, að jeg hafi sagt rangt frá um þetta mál í fyrri ræðu minni. Jeg sagði áður og segi enn nákvæmlega rjett um það, hvað sjóðurinn á að aukast samkv. till. hv. sjútvn. Að jeg nefndi eigi tekjur sjóðsins af núverandi eignum sínum, stafar af því, að þær eru á engan hátt till. hv. nefndar að þakka, heldur eldri lögum. Með því getur hún ekki puntað upp á sig, nema ef ætti að þakka henni það, að hún hefir ekki gert till. um að svifta Fiskiveiðasjóðinn þeim eignum, sem honum hafa áskotnast á þessum 25 árum, sem hann hefir starfað. (**JJós:** Það var samt rangt hjá hv. þm., að einn maður gæti fengið 60 þús. að láni úr sjóðnum!) Nei, það er ekki rangt. Hv. þm. (JJós) ætti að vita, hvað í frv. stendur. Hámark á lánum til bátakaupa er 25 þús. kr. og til iðnreksturs í sambandi við útgerð 35 þús. kr. Það verður samtals 60 þús. kr. hámark til eins manns. Það er ekkert nema blekking að vera að tala um núverandi tekjur sjóðsins í þessu sambandi, því að þær eru ekki nefndinni að þakka. — Þegar þessi sjóður var stofnaður, var hann eingöngu ætlaður til skipakaupa. Hafa menn þá verið miklu stórhugaðri og sjeð betur þörf þessarar stofnunar en hv. sjútvn.

gerir nú. Ef hlutföllin ættu að vera hin sömu nú, þá ættu tillögin að vera margfalt hærri. Hv. frsm. sagði að vísu, að þetta mundi ekki fullnægja þörfinni fyrir lán til bátaútgerðarinnar. Er það mála sannast. — En hvernig á svo að skifta þessu milli manna? — Nú lána bankarnir gegn 7½% vöxtum, en Fiskiveiðasjóðurinn á að lána gegn 6% vöxtum. Hvernig á svo að gera upp á milli lánbeiðenda? — Á eitt hjerað að verða lánanna aðnjótandi, en hin fái svo ekkert? — Þessi upphæð, sem hægt er að lána, er svo hverfandi lítil, að það er í raun og veru ekki nema handa einum eða svo. Hinir verða þá að sætta sig við þau ókjör, sem bankarnir veita. Jeg öfunda sannarlega ekki stjórn sjóðsins, að eiga að skifta þessu.

Þótt það sýnist lítið koma þessu máli við, þá vil jeg þó minna í þessu sambandi á lög um almennan ellistyrk. Takmark þeirra laga var að tryggja gamalmennum áhyggjulausa afkomu á elliárunum. En svo var frá þeim lögum gengið, að enginn hefir orðið að neinu bættari. Þetta dæmi sýnir glögglega þann megingalla, sem er um marga löggjöf hjer. Þótt meiningin virðist góð, þá eru lögin svo úr garði gerð, að um kák eitt verður að ræða. — Hjer er einmitt verið með sama skammar kákið. (ÓTh: Er ekki þessi lánsstofnun til áður? Er verið að skapa hana nú?) — Jú, að vísu, en nú á að umbæta hana, og sú umbót er sem dropi í hafið, hún svarar ekkert til hinnar raunverulegu þarfar, en tefur fyrir fullkomnum umbótum. (ÓTh: Þetta verða þá tveir dropar til samans, sá er munurinn!) Já, þetta eru sannkallaðar dropalækningar, einskisvert kák, til að fróa móðursjúka þingmenn. Alt miklu smátækara en efni standa til. — Þessar kák-lagasetningar tefja aðeins fyrir fyllri framkvæmd málanna, eins og verið hefir með ellistyrkinn. — Þetta er það hættulega í þessu frv., auk niðurfellingar sjóveðsins.

Hv. flm. talaði um, að það sæti lítt á mjer og hv. 4. þm. Reykv., að vera að finna að þessu frv. og gera svo sjálfir engar tillögur um að bæta úr þessari þörf. Þetta er alveg rangt, og hv. þm. veit það ofurvel sjálfur, þótt hann kjósi heldur að segja ósatt. — Hv. 4. landsk. (JBald), samflokksmaður minn og hv. 4. þm. Reykv., hefir í Ed. í samráði við okkur komið fram með frv. um að auka Fiskiveiðasjóðinn um 2 milj. kr. og leggja þær í rekstrarlán til fiskimanna. Í því frv. er sú hlið málsins tekin, sem mest kallar að, rekstrarlánahliðin. Smábátaútveginn stunda nú um 7000 menn, og magn aflans nemur 40% af öllum afla landsmanna. Er því hin brýnasta þörf að tryggja þessum mönnum með hagkvæmum lánum að geta fengið fullvirði fyrir afla sinn, í stað þess að selja hann blautan fyrir það, sem kaupmaðurinn skamtar.

Hv. frsm. vill að vísu segja, að þessi útgerð sje ekki rekstrarfjárlaus. Mennirnir geti fengið lán, ýmist beint frá bönkunum, eða þá frá verslunum þeim, er þeir skifta við, samvinnufjelögum eða kaupmönnum. Er það ekki þarna, sem hundurinn er grafinn, sem fiskur liggur undir steini, vildi jeg sagt hafa.

Nú er fjöldinn af bátaútgerðarmönnum upp á náð og miskunn kaupmanna kominn. Bankarnir eru þeim

yfirleitt lokaðir, en standa kaupmönnum opnir. Kaupmenn lána þeim útgerðarvörur og vörur til heimilisþarfa, en taka svo aflann upp í skuldina. Á því leikur ekki vafi, að þorri bátaútgerðarmanna er bundinn á skuldaklafa kaupmanna. Það er fyrst og fremst aðkallandi að losa þá af honum. Að því miðar frv. um veðlánasjóð fiskimanna. En jeg get vel hugsað mjer, að þeir menn, er hugsa svo, að forsjá þessara mála sje best komin hjá kaupmönnum, telji litla þörf á slíkri stofnun, og þess vegna vilji þeir gera Fiskiveiðasjóðinn gagnslausan með öllu, eins og frv. meiri hl. sjútvn. ber með sjer. Þeir vilja halda sjómönnum á skuldaklafanum.

Pjetur Ottesen: Það hefir verið skýrt tekið fram af meiri hl. sjútvn., að hann liti á það sem höfuðatriði þessa máls, að með þeirri breytingu, sem hjer er lagt til að gerð verði á Fiskiveiðasjóðnum, sje lagður grundvöllur að frekari eflingu sjóðsins. Hjer sje aðeins um byrjun að ræða. Það er því ástæðulaus fyrirsláttur hjá sósialistum þessarar deildar, að á þetta frv. beri að líta sem nokkra frambúðarskipun þessa máls. Þessu hefir hv. 4. þm. Reykv. og fjelagar hans dróttað að frsm. meiri hl. Þeir hafa gert það þrátt fyrir það, þó að hv. frsm. hafi skýrt og skorinort lýst yfir því, að hann áliti þetta aðeins sem byrjunarstig. Það kalla þeir einungis fals og blekkingu. Jeg tel það frámunalegt, að menn með slíkum hugsunarhætti skuli hafa flotið inn á Alþingi.

Hv. þm. Ísaf. hefir slegið því föstu, að hjer sje ekki um neina úrlausn að ræða fyrir bátaútveginn. Þetta gerir hann, þó að það standi skýrum stöfum, að auka eigi sjóðinn að verulegum mun, og hann freistar að rökstyðja þessi ummæli sín með því, að það muni ekki koma að liði, því að bankarnir muni þá fremur vísa útgerðarmönnum á bug og benda á þessa stofnun. Þessi tilgáta hv. þm. er fjarstæða einber, og er aðeins getgáta út í loftið og gerð í blekkingarskyni.

Hv. þm. sagði, að nú væri verið að setja á stofn lánsstofnun með 50 milj. kr. fyrir landbúnaðinn. En hvernig var þar af stað farið? Fyrsti grundvöllur þeirrar stofnunar má telja að hafi verið lagður 1924, ef frá er talinn ræktunarsjóðurinn gamli. Það fjármagn, sem gert var ráð fyrir að sú stofnun hefði til umráða, var allmiklu minna en það fje, sem Fiskiveiðasjóðnum samkv. þeim tillögum, sem fyrir liggja, er ætlað að vinna með. Á þessum grundvelli er nú verið að byggja 50 milj. kr. lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, og sú þróun hefir orðið á 5 árum. Má þá ekki einnig gera ráð fyrir, að veruleg þróun eigi sjer stað í þeirri stofnun, sem nú er verið að ræða um að leggja grundvöll að? Jeg fyrir mitt leyti geri fullkomlega ráð fyrir því.

Jeg verð að segja það, að mjer virðist fulltrúar sósialistanna hjer í deildinni hafa dálítið einkennilegar aðferðir til að sýna áhuga sinn á að bæta úr lánsþörf bátaútvegsmanna. Þeir leggjast á móti öllum tillögum, er fram hafa komið í þá átt. Þar speglast best áhugi þeirra. Og þetta gera þeir undir yfirskyni stórhuga og brennandi áhuga!

Hv. þm. Ísaf. og hv. 4. þm. Reykv.

hafa margoft haft þau orð um grundvöll þann, er hjer er verið að leggja, að hann væri hlægilegur. En hvað er það nú, sem er eiginlega hlægilegt í þessu máli? Að mínu viti er það eitt hlægilegt, af því, sem fram hefir komið, að þeir menn, er berjast með hnúum og hnefum gegn öllum þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið hjer í deildinni til að bæta úr lánsþörf smábátaútvegsins, að þeir menn skuli tala um brennandi áhuga á að bæta úr þeirri þörf!

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg tel rjett að svara strax þeim ræðumanni, er nú settist niður, með fáum orðum. Hann sagði, að við jafnaðarmenn hefðum barist á móti allri viðleitni í þessa átt hjer í þessari hv. deild. Jeg veit ekki, hvernig hv. þm. fer að finna þeim orðum sínum stað. Jeg veit ekki betur en við sjeum að berjast fyrir fullkomnara skipulagi og virkilegum framförum í þessu máli, en móti öllu káki. Mig undrar, að hv. þm., sem er fulltrúi fyrir sjávarútvegskjördæmi, skuli geta verið því fylgjandi, að svo sje frá gengið, að ekki komi að gagni. Því hv. þm. sjer, og enda viðurkennir, að þessar till. eru gagnslausar með öllu. Mig undrar, að hv. þm. skuli ekki vera stórlátari fyrir hönd kjördæmis síns en svo, að hann skuli ljá því eyra. Og mig undrar, að þessi sami hv. þm. skuli vera á þing kominn fyrir atbeina fiskimanna á Akranesi. — Hv. flm. sjálfum er það ljóst, að það verða ekki stigin stór skref á næstu þingum, ef þessar till. ná fram að ganga nú. En við jafnaðarmenn munum hvorki blikna nje blána fyrir framkomu okkar í þessu máli. Við höfum sýnt, að við erum ekki síður hollir stjett þeirri, er á sjávarútvegi lifir, en hv. þm. Borgf. — Frekar skal jeg ekki svara honum.

Þá kem jeg að hv. frsm. meiri hl. Þykir mjer ilt, að hann skuli ekki vera viðstaddur, en svo mörgu fáránlegu hjelt hann fram, að ekki verður fram hjá gengið.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 43, n. 248 og 284, 347).

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það er nú orðið svo langt síðan þetta frv. var hjer á dagskrá, að það er farið að fyrnast yfir þær umr., sem þá fóru fram, svo að jeg er nú vísast búinn að gleyma því, sem jeg vildi sagt hafa. En jeg hefi þó nokkra punkta, sem jeg skrifaði upp þá, og sje, að jeg á ósvarað hv. þm. Vestm. um nokkur atriði. Jeg sje, að hv. þm. hefir lagt mikið upp úr því, að milliþinganefndin 1927 taldi sig sjá marga galla á Fiskiveiðasjóðnum. Það er nú rjett. Hún sá marga galla á honum. En hún gerði lítið til þess að bæta úr þeim. Þetta sjest líka á frv. því, er þeir sendu frá sjer, og að þeir voru sjer þess meðvitandi. Þeir segja — með leyfi hæstv. fors.:

„Þær breytingar, sem frv. gerir á Fiskiveiðasjóðslögunum eru:

1. Hækkun á tillagi ríkissjóðs næstu 5 árin.
2. Ákvæði um það, að lána megi til útgerðar, í stað þess, að nú eru lánin bundin við skipakaup og veiðarfærakaup.
3. Ákvæði um það, að veðrjettur

Fiskiveiðasjóðs gangi fyrir öllum tryggingum í skipinu, þar á meðal fyrir sjóveðrjetti samkvæmt 11. kafla siglingarlaganna."

Þetta eru í höfuðatriðum þær breytingar, sem milliþinganefndin gerði. Og svo segir í grg., að þessum sjóði sjeu ætluð ný hlutverk. Þar stendur, með leyfi hæstv. fors.:

„Það virðist rjett, að lánin yrðu yfirleitt fyrst og fremst notuð til viðgerða á bátum og bátavjelum og til veiðarfærakaupa, svo og til bygginga lifrarbræðslustöðva, beinamjöls- og fiskúrgangsstöðva, fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa, íshúsa og kælihúsa, bryggjugerða og dráttarbrauta o. s. frv., en að til kaupa á nýjum bátum yrðu þau ekki veitt, nema að svo miklu leyti, sem fjeð þyrfti ekki alt til þess, sem nú var sagt."

Af þessu er það auðsjeð, að milliþinganefndin hefir sjeð, að fje Fiskiveiðasjóðsins mundi hrökkva skamt, og þess vegna hefir hún alveg gengið fram hjá því að leggja til, að fje verði veitt úr honum til skipakaupa. Enda er það svo, að þótt ekki sje um önnur verkefni að ræða en þau, sem milliþinganefndin bendir til, þá eru þau svo stór, að ærið fje þarf til. Jeg hygg nú, að milliþinganefndin hafi haft í huga stofnun á borð við það, sem Ræktunarsjóðurinn var þá, en þá var hann vitanlega miklu smávaxnari en sú miljónastofnun, sem Búnaðarbankinn er nú orðinn. Ef milliþinganefndin sæti að störfum nú, þá hefði hún annað og stærra við að miða till. sínar en hún hafði 1927, og því er líklegt, að till. hennar myndu verða alt aðrar nú, hún mundi verða miklu stórtækari í till. sínum.

Jeg var áður búinn að ræða um till. meiri hl. Hv. þm. Vestm. sagði, að þær gætu orðið að gagni. Jeg neita því heldur ekki, að þær kunni að koma að einhverju liði. En það gagn verður þó hverfandi lítið. Mikill meiri hl. þeirra manna, sem þurfa að fá lán, munu ekkert geta fengið. Hinir njóta að vísu góðs af þessu, sem lánin fá, en þeir verða fáir, og með þessu verður skapað misrjetti milli þeirra manna, sem lánin fá, og hinna, sem ekkert geta fengið.

Hv. þm. sagði, að við þetta mætti sætta sig, þar til stjórn og þing hefðu undirbúið og samþ. annað fullkomnara fyrirkomulag. En jeg hefi nú einmitt deilt á hv. meiri hl. n. fyrir það, að hann hefir ekki viljað skora á stjórnina að undirbúa fullkomna lánsstofnun. Og þegar litið er til þess, hvað hv. meiri hl. gerir litlar kröfur fyrir þessa stofnun, þá er varla annað hægt en að efast um áhuga hans fyrir því, að efla þennan sjóð. Og fari svo stjórnin eftir kröfum meiri hl., þá mun hún geta komist hjá því, að undirbúa og gera till. um stórfeldar umbætur á þessari lánsstofnun. Eftir undirtektum hæstv. stjórnar, mætti gera ráð fyrir, að hún væri fús til að undirbúa þetta mál myndarlega, ef hv. deild sýndi vilja sinn í þá átt. Nú eru í rauninni engar líkur til þess orðnar, að frv. þetta nái fram að ganga, þótt till. hv. meiri hl. verði samþ. hjer. Vona jeg því, að hæstv. stjórn búi stærri lánsstofnun í frumvarpsformi undir næsta þing, þrátt fyrir slælega framgöngu hv. meiri hl. í málinu.

Milliþinganefndin sá hættuna fyrir sjómenn af því, að sjóveðrjetturinn

væri lagður niður, en hún stóð ráðþrota um það, hvernig úr því væri hægt að bæta. Hv. þm. Vestm. sagði, að hásetar yrðu að gera gangskör að því að athuga, hvort lán úr Fiskiveiðasjóði hvildi á skipinu, áður en þeir rjeðust á það, og tryggja sig fyrir því, að þeir fengju kaup sitt. En á greiðfæra leið benti hann ekki. Jeg hefi nú bent á það áður, að 180 þús. kr. hafa verið innheimtar hjá einum lögfræðingi á 3 árum, með því að ganga að sjóveði í skipunum, en sem ella myndu hafa tapast. Þetta hefir skifst niður á 143 menn, svo það má sjá minna grand í mat sínum en það, ef þessir menn, sem yfirleitt hafa verið fátækir sjómenn, hefðu tapað þessari upphæð, sem þeir hefðu eflaust gert, ef lög um sjóveð hefðu ekki gilt. Í útgerðarfyrirtæki ráðast stundum menn, sem ekki standa í skilum, eða geta ekki staðið í skilum. Sjómennirnir, sem til þeirra ráðast, eiga þá jafnan á hættu að fá ekkert, ef þessi rjettur er af þeim tekinn. Þetta gildir ekki síður um mótorbáta en stærri skip, því vanskil um kaup munu vera tíðari á smáu bátunum, einkum mótorskipum, þó þess sjeu dæmi, að það hafi einnig hent á hinum stærri.

Þessa hættu virðist hv. meiri hl. ekki hafa sjeð, en milliþinganefndin 1927 sá hana, því hún segir, — með leyfi hæstv. fors.:

„Auðvitað gerir þetta skipshöfn ótryggara að ná kaupi sínu hjá útgerðarmanni, ef hann lendir í fjárhagskröggum, en skipshöfnin verður þá að tryggja sig á annan hátt, ef Fiskiveiðasjóðsveð hvílir á skipinu, þegar hún ræðst á það.“

Milliþinganefndin sjer því hættuna, ef sjóveðinu er slept, en stendur ráðþrota um það, hvernig sjómenn eigi að tryggja sig. Um þá er ekki verið að hugsa.

Hv. þm. Vestm. sagði, að skipshöfnin þyrfti að ganga úr skugga um það, áður en hún rjeðist á skipin, hvort forgangslán hvildi á skipinu. En menn hugsa ekki um það, þegar ráðning á sjer stað. Menn hugsa meira um það, að ráðast hjá aflaformanni, eða hreint og beint að tryggja sjer einhversstaðar skiprúm, til þess að geta náð sjer í einhverja atvinnu, og ráðning er oft fljótlega gerð, en almenningur hefir lítil tök á að fylgjast með því, hvort veð er á skipunum eða eigi, og því síður að kynna sjer fjárhagsástæður útgerðarmannsins. Menn ranka þá fyrst við sjer, þegar ógæfan er skollin á. Menn athuga það sem sagt ekki fyrirfram, hvort kaupið er trygt eða ekki. Þetta hafa líka aðrar þjóðir sjeð, og því hefir þar sem hjer þótt nauðsynlegt að tryggja mönnum kaup sitt, án þess að þeir þurfi að framkvæma rannsókn um það í hvert skifti, hvort óhætt er að ráða sig á skipið eða eigi. Ennfremur gæti þetta haft aðra þýðingu. Þegar mannekla er, þá mundu menn meira, að öðru jöfnu, sneiða fram hjá þessum skipum, sem sjóveðrjetturinn ekki fylgir, meðan hann er ekki afnuminn af öllum skipum. Gæti slíkt komið sjer illa fyrir þá menn, sem fyrir því yrðu, er þannig stæði á. Einnig gæti þetta líka orðið til þess, að efnalitlum útgerðarmönnum veittist erfitt að fá menn á skip sín. Þegar skipin væru veðsett Fiskiveiðasjóði, mundu þessir útgerðarmenn venjulega enga tryggingu hafa að gefa fyrir skilvísri kaup-

greiðslu. Gæti því afleiðing kenninga hv. meiri hl. orðið sú, að fátækari menn fengju enga háseta á skip sín, vegna þess að þeir hafa enga tryggingu að láta.

Þá sagði hv. þm., að verslanir mundu lána mönnum til útgerðar eins og þær hafa gert, þótt þeir gætu ekki fengið lán úr sjóðnum. Jeg get vel skilið hv. þm. í sambandi við stefnu hans í þessu máli. Honum mun ekki mikið keppikefli, að lánsstofnun, sem allir útvegsmenn geti flúið til, komist upp. Hann mun ekkert hafa á móti því, að gamla sleifarlagið haldist að miklu leyti óbreytt. Mjer er sagt, að hann og aðrir kaupmenn í hans kjördæmi geri mikið að því, að hjálpa sjómönnum til útgerðar og í viðskiftum, eins og þeir munu orða það, lána salt, veiðarfæri og annað til útvegsins, gegn því, að hafa svo 1. kröfu til aflans með því verði, sem þeim þykir fært að gefa fyrir hann. Jeg get vel skilið, að hv. þm. vilji, að þessi verslun standi áfram, og sjest þá út frá hvaða forsendum hv. þm. getur fylgt þessum tillögum. — En jeg er á annari skoðun í þessu efni. Allir, sem hafa kynt sjer þetta fyrirkomulag, álíta, að smábátaútvegurinn eigi að losna við þessa einokunarverslun kaupmannanna, og ástæðurnar verði að breytast þannig, að fiskimenn og smærri útvegsmenn þurfi ekki á þeim að halda, því þeir eru bæði óþarfur og skaðlegur milliliður.

Þessar tillögur, sem fyrir liggja, bæta ekki nema að örlitlu leyti úr lánsfjárþörf bátaútvegsins. Og það er þegar öllum vitanlegt, hversu mikil hún er víðsvegar um land. Jeg verð að segja það, að þeir útvegsmenn eru nægjusamir, sem þessum tillögum fylgja, enda er það ekki af umhyggju fyrir almenningi, að þeir gera það. Það er ekki aðeins, að menn þurfi á lánsfje að halda vegna útgerðartækjanna, skipanna og veiðarfæranna, heldur einnig til þess að verka fiskiafurðir sínar og koma þeim í verð. Þetta kostar mikla peninga, meðan framleiðslan er ekki seld, það er öllum ljóst; og þó eru fylgismenn frv. svo barnalega bjartsýnir, að þeir álíta, að þessi lítilfjörlegi stuðningur, sem heitið er með þessu frv., hafi mikla þýðingu fyrir fiskiveiðarnar.

Fiskiveiðasjóðurinn er nú um 700 þús. kr., og er að mestu bundinn í útlánum til langs tíma, aðeins örlítill hluti þess fjár mun vera bundinn í skipum. Það hefir mjög lítið bólað á því, að Fiskiveiðasjóðurinn hafi tapað á lánum. Það mun aðeins vera kunnugt um eitt eða tvö dæmi þess, að sjóðurinn hafi tapað láni. Hitt má segja með fullum rjetti, að sjóðurinn hafi lítið lánað til skipakaupa. En það, sem hann hefir lánað út í því skyni, hefir reynst mjög áhættulítið, að undanskildu þessum áðurnefndu tilfellum, og hafa þó sjóveðin verið óskert í sambandi við þau lán. Jeg hygg, að það sje hin mesta grýla hjá meiri hl. n., að ómögulegt sje að lána til skipa, vegna áhættunnar, og með öllu ástæðulaus.

Að bjóða bátaútvegsmönnum þá úrlausn, sem felst í þessum tillögum, er að láta þá hafa steina fyrir brauð. Og um leið eru hinar vinnandi stjettir sviftar þeim möguleika um ófyrirsjáanlegan tíma, að fá fullkomnari lánsstofnun fyrir þennan atvinnuveg en nú er völ á. (**JJós:** Vill þingmaðurinn

ekki nefna einhverja lánsstofnun, sem lánar nú til rekstrar mótorbáta? Slík lán fást hvergi). Það hefir verið bent á, að bankarnir hafi lánað til mótorbátaútvegsins undanfarin ár í gegnum kaupmenn og stærri útvegsmenn, sem þeir svo af náð sinni hafa lánað út aftur til hinna, sem minna lánstraust hafa haft. Munu það vera allálitlegar upphæðir, og þó að nú sje tekið fyrir það að einhverju eða miklu leyti, sem virðist hafa verið þörf á, þá bæta þessar tillögur ekkert úr þeirri lánsþörf, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja þessum atvinnurekstri. Skal jeg svo láta málið útrætt að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Þetta mál hefir fengið ómaklega meðferð frá hálfu fulltrúa verkalýðsins hjer í þessari hv. deild. Það er undarlegt, hvað hv. frsm. minni hl. hefir lagt málið í einelti. Hann er fjórum sinnum búinn að halda hjer sömu ræðuna við þessa umr. málsins, og hefir hún verið hrakin í hvert skifti. Nú er búið að þvæla þetta mál á þremur fundum hjer í deildinni og tefja framgang þess. Og þegar slík mótspyrna kemur frá þeim, sem telja sig fulltrúa smærri útgerðarmanna og verkamanna, þá má segja, að sá heggur, sem hlífa skyldi.

Þær bætur á lánakjörum, sem í frv. felast, eru einmitt fyrir þá landsmenn, sem reka smábátaútveg og eiga oftast engan kost á lánsfje annarstaðar án afarkosta. Sú viðbára, að þessi úrlausn sje svo lítilfjörleg, að ekki taki því að samþykkja hana, er einskis virði. Efling sjóðsins eftir frv. er ferföldun stofnlána, auk ½ miljónar kr. til rekstrarlána, sem engin hafa verið hjá sjóðnum til þessa. Þetta er að vísu lítið, borið saman við þá þörf, sem fyrir er, en allur fjöldinn af hinum betur stæðari útgerðarmönnum hefir viðskifti við bankana áfram, eins og að undanförnu, og greiðir þá sjóðurinn fyrir þeim, sem eru minnimáttar fyrst og fremst, eins og vera ber. — Jeg tel það heppilegra að fara hægt á stað og leita lags um að bæta og efla þessa stofnun smátt og smátt, heldur en að gera þegar í upphafi þær kröfur, sem ekki eru líkur til að hægt sje að fullnægja, eða verði samþyktar.

Jeg vil ekki taka hjer upp alt það, sem sagt hefir verið af andmælendum þessa máls, enda hefi jeg ekki verið við allar umræðurnar um það. En jeg verð að segja það, að framkoma verkalýðsforingjanna, og þá sjerstaklega hv. frsm. (SÁÓ), er mjer óskiljanleg. Virðist helst sem hann og flokksbræður hans sjái hilla undir það með þessu frv., verði það að lögum, að þeim mönnum fækki, sem vegna atvinnuerfiðleika og lánsfjárskorts verða að hverfa inn undir verndarvæng forsprakka og leiðtoga verkalýðsins, niður í hvirfingu öreigalýðs. Jeg get ekki skilið þá öðruvísi, en að þeir óttist, að verkalýðsfjelagsskapurinn þynnist, ef einstaklingarnir fá aðstoð til þess að verða sjálfstæðir atvinnurekendur og útvegsmenn með tilstyrk þessa fiskiveiðasjóðs.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira. Það er hv. minni hl. að kenna, hvernig þetta mál hefir verið þvælt og dregið á langinn um skör fram.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 284, frá

minni hl. sjútvn., feld með 16:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, HG, HV.
nei: SvÓ, ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, MG, MT, ÓTh, PO.

Níu þm. (BSv, ÁÁ, BÁ, EJ, HJ, LH, MJ, SE, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 248,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 248,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 248,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 248,4 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 248,5 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 248,6 (ný 6. gr.) samþ. með 16:3. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, ÓTh, PO, SvÓ, ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, MG, MJ.
nei: SÁÓ, HG, HV.

HK greiddi ekki atkv.

Átta þm. (BSv, ÁÁ, BÁ, EJ, HJ, LH, SE, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 248,7 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 347 tekin aftur.
— 248,8 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 248,9 (ný 9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 248,10 (ný 10. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 248,11 samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 559, 585).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 585. Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv. — Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 593) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg vildi leyfa mjer að minna á það, að við 2. umr. þessa máls var tekin aftur brtt. á þskj. 347, frá sjútvn., og frestað til 3. umr. — En það mun hafa gleymst að taka hana upp að nýju. Vil jeg því gera það nú. Hinsvegar legg jeg það á vald hæstv. fors., hvort koma á fram með skriflega brtt., eða hvort hin prentaða á þskj. 347 getur gilt eins og hún er. Að öðru leyti mun jeg ekki minnast á frv. að þessu sinni frekar. Ekki heldur á þær brtt., sem fyrir liggja, fyr en þá máske er jeg hefi heyrt mælt fyrir þeim.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 585. Sú fyrsta er á þá leið, að orðin: „alt að 50 rúmlesta“ falli niður. — Jeg gerði grein fyrir því við 2. umr., að jeg álít óheppilegt að ákveða þetta með lögum, heldur finst mjer þetta eiga að vera á valdi stjórnar sjóðsins. — Þá er 2. brtt. við 4. gr. b, um að aftan við liðinn komi: „íshúsa og kælihúsa“.

Það er eftir frv., að mjer finst, dálítið óljóst, hvað telja má til „iðjuvera“. Nú hefir milliþinganefndin frá 1927 talið rjett að styrkja smærri íshús til að geyma beitu. Það er kunnugt, að það er tilfinnanlegur skortur á geymslum fyrir beitu í smærri verstöðvum og jafnvel hinum stærri einn-

ig, og jeg álít einmitt, að sjóðurinn ætti að stuðla að því, að koma þeim upp. Því ekkert háir útveginum meira nú en einmitt beituekla og dýr beita, sem stafar af vöntun á frysti- og geymsluhúsum.

Þá er loks 3. brtt. við 6. gr., um að orðin: „þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti", falli niður, og er nú komið að aðaldeiluatriðinu. Jeg hygg, að greinina megi skilja svo, að sjóveðrjetturinn standi óbreyttur sem 1. krafa á undan veði Fiskiveiðasjóðs, ef þetta verður felt niður. Þetta ákvæði, sem hjer er um að ræða, hygg jeg að ekki geti samrýmst við núgildandi lög um sjóveðrjett, og vil jeg vænta þess, að þessi till. mín verði samþ. Jeg hefi áður gert skýra grein fyrir ástæðum hennar.

Jeg skal taka það fram, að jeg er mjög óánægður með þá afgreiðslu málsins, sem út lítur fyrir að það fái hjer í hv. deild, en vildi þó koma að smá leiðrjettingum, sem jeg tel óumflýjanlegt að sjeu gerðar um leið og það fer út úr deildinni. Það er nógu mikill gallagripur fyrir því.

Viðvíkjandi till. meiri hl. skal jeg taka það fram, að jeg tel alls ekki heppilegt nje heldur eðlilegt að fela Búnaðarbankanum stjórn sjóðsins. Jeg tel miklu heppilegra að fela stjórn Landsbankans stjórn Fiskiveiðasjóðsins. Bankastjórar Landsbankans eru miklu kunnugri sjávarútveginum yfirleitt og hafa líka betri aðstöðu til að vera það en hin væntanlega stjórn Búnaðarbankans, sem eðlilega verður valin með tilliti til þekkingar á landbúnaði sjerstaklega. Jeg hefði því fyrir mitt leyti helst kosið, að stjórn Landsbankans yrði falin stjórn sjóðsins, enda þótt mjer sje kunnugt um að henni mun mjög óljúft að bæta þeim störfum á sig.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal geta þess um brtt. á þskj. 585, að þær hafa ekki legið fyrir sjútvn., og verður því það, sem jeg segi um þær fyrir minn eigin reikning sagt, en ekki n., því hún hefir aldrei tekið ákvörðun um þær.

Fyrsta brtt. lýtur að því, að nema í burtu hámarksákvæði um stærð keyptra skipa, og leiðir hún til þess, ef samþykt verður, að þenja verksvið sjóðsins út yfir alla útgerðina og gera hann með því gagnslausan. Með samþykt hennar mundi líka verða fullkomið ósamræmi við 1. gr., sem miðar starf sjóðsins við bátaútveg eingöngu. Till. þessi er því aðeins fleygur til skemdar málinu.

Þá er 2. brtt., um að bæta aftan við b-lið 4. gr. orðunum: „ishúsa og kælihúsa". Hv. flm. þessarar brtt. (SÁÓ) tók fram, að nauðsynlegt væri að ætla þessum stofnunum lán, og taldi að þær gætu ekki komist að eftir frv. Jeg lít nú hinsvegar svo á, að þetta sje alls ekki útilokað eftir frv. eins og það er nú. Þó að jeg hafi ekkert á móti till. efnislega, þá sje jeg enga ástæðu til að samþ. hana, með því að þessar stofnanir geta að sjálfsögðu komið og koma til greina eftir frv. eins og það nú er.

Þá er 3. brtt. um að fella niður ákvæði 6. gr. um forgangsrjett skipaveðs í sjóðnum fyrir sjóveðsrjetti. Hv. þm. (SÁÓ) heldur því fram, að ef þetta sje ekki felt niður, þá muni sjóveðrjetturinn glatast þeim, sem eiga hann að lögum. Um þetta atriði var

rætt við 2. umr. og var þá tekið rjettilega fram og sýnt, að sjóveð g l a t a s t ekki þess vegna, heldur verður það aðeins að víkja aftur fyrir veð Fiskiveiðasjóðs í þeim skipum, sem lánað hefir verið út á úr honum. – Það er líka bert, að ef þessi brtt. verður samþ., þá verður b-liður greinarinnar ónothæfur með öllu og frv. óframbærilegt.

Jeg vil ekki fara frekar inn á þessa deilu um sjóveðrjettinn almennt. En mjer þótti nokkuð djúpt tekið í árinni með því, að drótta því að meiri hl. sjútvn., að vjer vildum eyðileggja sjóveðrjettinn yfirleitt og stefndum að því. Slíkt er auðvitað hreinasta *fjarstæða og lúaleg getsök.* Sjóveðrjetturinn á að víkja fyrir þeirri þörf, sem brýnni er en sjóveðrjetturinn er oftast, og þó aðeins þegar svo stendur á, að skipakaupaveð við Fiskiveiðasjóð hvílir á skipi, og þau geta þó aðeins tekið til helmings af virðingarverði skips. Auk þess verður það að muna, að á smærri skipum eru menn oftlega ráðnir gegn hlut, og kemur þá ekki til þess, að nota þurfi sjóveð, kaupgjalds vegna.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir nú lagt á móti brtt. minum.

Fyrstu brtt. mótmælti hann á þeim grundvelli, að með henni væri verið að opna gátt fyrir stærri skipum. Mjer finst hinsvegar, að með þessu lýsi hann vantrausti á stjórn sjóðsins, enda er alls ekki svo mikið fje í sjóðnum, að hann geti lánað út á allar tegundir og stærðir skipa. En frv. veitir heimild til alt að 50 smál. stærð, sem er mjög vafasamt, hvort rjett er að binda við. Það verður að vera undir áliti sjóðstjórnar á hverjum tíma og þeirra, sem lánanna óska, hvaða tegund skipa nota á.

Þá segir hv. þm., að eftir 4. gr. frv. sje heimilt að lána til kælihúsa, en svo er alls ekki. Það er skýrt tekið fram í frv., hvaða greinir skuli styrkja, og kælihús alls ekki tekin með, en þörfin fyrir þau ætti að vera öllum ljós.

Þá kom hv. þm. að síðustu brtt. minni og rifjaði upp gamlar umr. um það mál. Nú er að því að gæta, að það á að setja reglugerð samkv. þessum lögum, og má þá taka þetta atriði með.

Hv. þm. telur, að sjómönnum sje engin hætta búin af þessu og talar um, að jeg drótti því að sjer, að hann vilji eyðileggja sjóveðrjettinn. Hið fyrra, að sjómönnum sje engin hætta búin, er vitanlega fjarstæða, og um hið síðara er það að segja, að jeg tel, að hjer sje verið að opna leið í þá átt, að eyðileggja sjóveðrjettinn, því að ef byrjað er á þessu með Fiskiveiðasjóðinn, þá er löggjöfin að gefa bendingu um, að sjóveð sje ónauðsynlegt. Jeg er viss um, að ef þetta spor er stigið nú, þá koma fram kröfur um hið sama á fleiri sviðum.

Hv. þm. segir, að á þessum smærri skipum sjeu flestir hásetar ráðnir upp á hlut. Þetta fer auðvitað eftir gengi fiskiveiðanna. Þegar útlitið er gott í byrjun vertíðar, þá vilja útgerðarmenn ekki ráða menn upp á hlut, heldur greiða kaup. Jeg skal benda á mjög stórt fiskiver hjer á landi, þar sem ganga um 100 vjelbátar og eru flestallir þar ráðnir upp á kaup, að minsta kosti þeir, sem eru aðkomumenn í

plássinu. Og jafnvel þótt hlutaskifti sjeu, er oft full nauðsyn á sjóveði. Það hefir oft verið farið þannig með hlutinn, að hásetar hafa enga tryggingu haft í öðru en sjóveði. Þetta hefi jeg áður tekið skýrt fram, og jeg verð að segja það um hv. 1. þm. S.-M., að jeg gruna hann hjer meira um græsku en um skilningsleysi. Hann veit vel, hvað hann er að fara, þótt hann með þessari stefnu sinni sýni sjómannastjettinni opinberan fjandskap, og betur hefði hann getað varið sínum síðustu árum en hann nú gerir, með því að hrista af sjer íhalds-blinduna, sem virðist hertaka hann með hverju árinu sem líður.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Jeg nenni ekki að svara hjer olnbogaskotum, en vil aðeins segja það út af fullyrðingum hv. þm. (SÁÓ) um, að hlutamenn hafi stundum ekki að öðru að hverfa en sjóveðum, að ef útgerðarmaður rænir eða stelur hlut háseta síns, þá á hlutamaður aðgang að gripdeildarmanni, en alls ekki að sjóveði, og sjóveðrjettur til tryggingar kaupgreiðslu á ekkert skylt við þann skaðabótarjett, sem til verður út af óheimildartaki.

Jeg vil ekki tefja málið með óþarfri málalengingu, en á móti 2. brtt. hv. þm. hafði jeg ekki annað en það, að jeg tel að hún sje óþörf. Í greininni felst óbreyttri, eins og jeg áður gat um, allur sami rjettur til að lána fje sjóðsins til frystihúsbyggingu, sem fengist getur með brtt. Jeg skal hinsvegar játa, að greinin spillist ekkert við það, þó brtt. sje samþ. Hún er óþörf en meinlaus, og get jeg því látið hana hlutlausa.

ATKVGR.

Brtt. 585,1 feld með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, GunnS, HG, HK, HV, IngB, JAJ.

nei: JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, HStef, JJós, JÓl, JS, BSv.

Sex þm. (ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 585,2 samþ. með 14:2 atkv.

— 585, feld með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HV, SÁÓ, HG, HK.

nei: IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, HStef, BSv.

Sjö þm. (ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 593 feld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JJós, JÓl, MT, PO, SvÓ, ÞorlJ.

nei: HG, HV, JAJ, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ.

BSv og IngB greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HJ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 594).

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins benda á það, áður en málið fer í n.,

að með þessu frv. er gengið inn á nýjar brautir í löggjöfinni. Rauði þráðurinn, sem gengið hefir í gegnum lög þau, er sett hafa verið um sjávarútveginn alment, hefir verið sá, að tryggja fólk það, er vinnur að sjávarútvegi. Í þessu frv. er vikið frá þeirri reglu, með því er rjettur sjómanna skertur, gerður minni en hann hefir verið hjer á landi hingað til og minni en hann er hjá nágrannaþjóðunum.

Mesta trygging sjómanna hefir verið sú, að þótt útgerðarmaðurinn hafi ekki getað staðið í skilum með umsamið kaup, þá hafa þeir átt aðgang að skipi því, er þeir voru skráðir á. Það er óhjákvæmilegt, ef þetta ákvæði verður niður felt, að geysileg óvissa ríki hjá öllum fjöldanum af þeim mönnum, er atvinnu stunda á hinum smærri skipum. Það hefir verið svo mikið um málaferli út af brigðum á slíkum kaupgreiðslum, að jeg þekki málaflutningsmann, sem á 1—2 árum hefir innheimt slíkar kröfur fyrir nær 200 þús. kr. Jeg get ímyndað mjer, að slíkar kröfur nemi um 100 þús. kr. vel flest ár. Ef þessi trygging er niður feld, þá er greinilegt, að þessir menn verða að vera án kaups yfir sumarmánuðina. En það kemur aftur niður á sveitarfjelögunum.

Um frv. að öðru leyti má segja það, að heldur er hjer úr litlu fje að spila til kaupa á skipum og bátum, og þeir munu verða fáir, sem komast að þeim vildarkjörum, að fá lán úr sjóðnum. Auðvitað lít jeg svo á, að rjett sje að láta hv. sjútvn. hafa málið með höndum, og sjá til, hvort hún getur ekki soðið eitthvað úr því, sem gagn er að.

Ingvar Pálmason: Þótt þetta frv. fari til nefndar, tel jeg rjett að fara um það nokkrum orðum, aðallega sökum ummæla hv. 4. landsk. Hann vildi benda nefndinni á það, að athugandi væri, að ekki væri rjett að afnema sjóveð á smærri fleytum. Með þessu frv. er verið að reyna að ljetta undir með smærri útveg og tryggja það, að stærri útvegur beri hann ekki ofurliði, en kaupgreiðslur verða auðvitað samningsatriði meðal hlutaðeigenda. Það er alveg rjett hjá hv. 4. landsk., að sjómenn hafa notað sjóveðsrjett sinn oft og einatt til þess að fá kaup sitt goldið, en það sannar ekki, að þess vegna þurfi ekki að afnema það, en kaup þeirra á að vera hluti af afla, og ef hægt er, á að tryggja það með öðru. Hinsvegar sjá það allir menn, að það er einn af megingöllunum og aðalorsök þess, hve erfitt smábátaútvegur á uppdráttar, að þessi veðrjettur skuli hvíla á honum, því að þá er ekki hægt að fá lán gegn sama veði, nema kannske eitthvað lítið eitt. Jeg get kannast við það, að þetta er mjög misnotað, og jeg álít, að það beri vandlega að athugast, ef vel á að vera. Meðan þessi sjóveðrjettur helst, eru miklir annmarkar á rekstri smáútgerðarinnar, en þessu ætti að breyta þannig, að sjómenn væru aldrei ráðnir nema upp á hlut. Jeg hjó eftir því, að hv. 4. landsk. sagði, að ef slík lán sem þessi ættu að koma að notum, þá ættu samvinnufjelög sjómanna að fá þau. (**JBald:** Jeg átti þar við veðlánasjóð fiskimanna). Þetta getur ekki átt sjer stað, ef þau vilja ekki fá sjóveðrjettinn afnuminn, því að þá hafa þau ekki önnur veð að setja en báta. Jeg vil ennfremur benda á það, að frv. hv. 4. landsk. fer í þá átt, að sjómenn

fái tryggingar í skipunum, en nú á kaupið að vera hlutur af aflanum, og þá virðist það nokkurnveginn örugt, að þeir fái sitt, ef þeir fastsetja aflann, og frekari tryggingar virðast því óþarfar. Jeg mun því ekki geta fylgt því, að smábátaútgerð verði heimiluð lánskjör, ef hún getur svo ekki notið eigna sinna. Það er að taka aftur með annari hendinni það sem gefið er með hinni. Jeg geri ráð fyrir, að ekki verði hægt að afgreiða mál þetta í lagaformi á þessu þingi, því að enn er óvíst, hvernig sjútvn. kann að fara með það, en tíminn mun þegar vera orðinn nokkuð naumur.

Jeg vil aðeins geta þess að endingu, að stefna sú, sem hv. 4. landsk. fylgir, er hann vill halda við sjóveðrjetti í smærri skipum, gengur aðeins í þá átt, að halda fram hagsmunum sjómanna, en traðka rjett útvegsmanna undir fótum. En jeg skil ekki í því að sjómenn hagnist mikið, þótt smáútvegur legðist í kaldakol. Jeg mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en jeg taldi rjett, að láta ekki ummælum hv. 4. landsk. ómótmælt, því að þessar tvær stefnur, sem hjer eru uppi, geta ekki samrýmst.

Jón Baldvinsson: Hv. síðasti ræðumaður játaði, að það væri að vísu rjett að setja kauptryggingu handa sjómönnum, til þess að þeir skyldu ekki verða af launum þeim, sem þeir hefðu unnið fyrir, en hann vill, að sjóveð í bátum verði undanskilið, og að hásetar fái tryggingu í afla. Jeg vil nú benda honum á, að það er síst betri leið, og hún er ótryggileg fyrir sjómenn og getur aukið erfiðleika bátaeigenda. Það er algengt nú orðið, að útvegsmenn veðsetja væntanlegan afla, til þess að fá lán handa útveginum, og eins er það með síldina, að hún er oft seld fyrirfram, og sjómenn eru því mjög illa settir með að fá kaup sitt greitt, ef á bjátar, þar sem þeir í slíkum tilfellum geta ekki trygt sjer kaup sitt í afla. Til þess að hægt verði að koma þessu á, þyrfti gagngerða breytingu, og mín skoðun er sú, að það fyrirkomulag, sem verið hefir, sje í alla staði hentugra útvegsmönnum, enda ber þess að gæta, að sjóveðrjettur getur staðið fyrir fleira en kaupi. Hitt álít jeg ósanngjarnt, að útgerðarmaður, sem ekki vill ráða háseta sína upp á hlut, heldur gegn ákveðnu kaupi, geti svo neitað að borga verkalaun, en greiði andvirði aflans upp í aðrar skuldir svo sem dæmi eru til. Það er líka vitanlegt, að þegar svo ber undir, verða sjómenn að leita rjettar síns til dómstólanna, en þeir hafa ekki tök á því að hleypa málum sínum þangað, sjerstaklega ef þeir ættu það á hættu, að þau færu fyrir Hæstarjett, því að það er ekki fyrir nema ríka menn að greiða þann kostnað, sem af því leiðir. Hver málaflutningsmaður myndi þó taka málið að sjer, ef sjóveð væri fyrir hendi, en jeg býst við, að þeir myndu ógjarnan vilja eyða tíma sínum í vafasöm mál, það er að segja, þegar engar tryggingar væri að hafa til skuldalúkningar. Það kann vel að vera rjett hjá hv. þm., að sjómenn eigi að vera upp á hlut, en það mun vera samkvæmt samkomulagi aðilja, hvort sjómenn eru upp á kaup eða hlut, enda munu margir útgerðarmenn kjósa frekar að greiða kaup, í þeirri von, að báturinn fiski svo mikið, að það borgi sig bet-

ur fyrir þá. Það sem hingað til hefir verið ein stærsta meinsemdin í þessum mótorbátaútvegi, er það, hvað bátarnir flestir hafa verið illa hirtir, svo að þeir hafa fljótt orðið ónýtir, og í því liggur nokkuð af því tapi, sem útvegsmenn hafa orðið fyrir, og þau fjárhagsvandræði, sem smávjelbátaútvegurinn hefir átt við að stríða. Hv. þm. sagði, að bátar væru í rauninni ekki veðhæfir, en hann gáir ekki að því, að þeir eru veð fyrir talsverðum hluta af rekstrinum, fyrir mannakaupinu. Því eru menn öruggari að ráða sig á skipin, að þeir vita, að þeir hafa tryggingu fyrir kaupi sínu. Það sjá allir, að engin sanngirni mælir með því, að útvegsmaður, sem á bát, sem á eru 5 menn, taki lán út á hann í bankanum eða Fiskiveiðasjóði, en segi svo við mennina: „Kaup ykkar getið þið ekki fengið, þið megið ganga að mjer, ef þið viljið, því að jeg á ekkert til.“ Þetta hefir komið fyrir, en mest hefir þess gætt við síldarútveginn.

Ingvar Pálmason: Það er náttúrlega ekki ástæða til að ræða mikið um þetta mál við þessa umr., en það eru nokkur atriði í ræðu hv. 4. landsk., sem jeg get ekki látið ósvarað. Hann viðurkendi það, að það gæti verið rjett, að allir sjómenn væru upp á hlut, en þá ætti hann að vera mjer sammála um afnám sjóveðsins, því að það er aðalþröskuldurinn. Sjómenn munu frekar vilja ráða sig upp á kaup heldur en hlut, eins og sakir standa, sökum þessa sjóveðs, en allir hljóta að sjá, að miklu rjettlátara er að hafa þá upp á hlut heldur en fast kaup, enda geta þeir altaf haldið í rjett sinn með því að banna sölu á fiskinum, ef þeir óttast að þeir muni verða beittir brögðum. Hv. 4. landsk. gat þess, að það væri venja að veðsetja og fá lán út á óveiddan fisk, en það þekki jeg ekki. Jeg veit það, að við eystra verðum fegnir, ef við fáum lán út á fisk, sem þegar er veiddur, og mjer þykir það einkennilegt, ef svo er ekki hjer. Hvað því viðvíkur, að útgerðarmenn geti veðsett þann fisk, sem er trygging sjómanna fyrir kaupgreiðslum, þá varðar það við lög, því að þá er það eign annara, sem veðsett er. Þess vegna er þetta sagt út í bláinn, en hefir ekki við rök að styðjast. Hv. 4. landsk. hjelt því fram, að vond útkoma smábátaútvegsins væri því að kenna, að bátar og vjelar væru illa hirtar. Þarna hygg jeg að hv. þm. dæmi af litilli þekkingu. Í það minsta er því ekki þannig farið þar, sem jeg þekki til, og á Austurlandi mun enginn útvegsmaður hafa farið á höfuðið sökum þess. Jeg get sagt hv. 4. landsk. það, að sjálfur á jeg vjelbát, sem nú er orðinn 15 ára gamall, og viðgerð á honum hefir kostað mig 800 kr., en mjer er sagt, að hann muni geta dugað önnur 15 ár. Þetta er þó engin undantekning, heldur er það svona yfirleitt á Austfjörðum. Það, sem hefir kollvarpað smábátaútveginum, er hið háa kaup, sem greitt er á togurunum, því að smábátaútvegurinn getur ekki staðið straum af því. Síðan þessu var breytt og farið var að ráða háseta upp á hlut, bera bátar sig sæmilega, þótt ekki fiskist nema 100—150 skp. yfir vertíðina. Að endingu vil jeg leggja sjerstaka áherslu á það, að ef smábátaútvegurinn á að geta þrifist, verður að ljetta af sjóveðinu.

Erlingur Friðjónsson: Jeg skal ekki lengja mikið umr., en mig langaði til að segja nokkur orð um málið í sambandi við þær deilur, sem hjer hafa farið fram í deildinni.

Eins og kunnugt er, hafa raddir um að afnema sjóveð ekki komið fram fyr en nú á síðustu árum, en að sjómenn geri kröfur sínar í skip, er bein afleiðing af því, að ekki hefir verið hægt að greiða kaup það, sem þeim hefir borið með rjettu. Útvegsmenn hafa sagt máli sínu til stuðnings, að þessi sjóveðsrjettur væri mjög bagalegur fyrir þá, því að þeir gætu ekki fengið það lán til útgerðarinnar, sem þeir þyrftu nauðsynlega með, þar eð lánsstofnanir bæru því við, að kaup háseta gengi fyrir öllu. En ef sjóveði þessu væri af ljett, mistu sjómenn það tangarhald, sem þeir hafa á útvegsmönnum til að fá kaup sitt greitt, og allur rjettur væri af þeim tekinn.

Það er vitanlega hægt að færa rök fyrir því frá sjónarmiði útgerðarinnar, að það er ilt fyrir hana að liggja undir þessari sjóveðskvöð. En það gegnir alveg sama máli með lánsstofnanirnar. Það er líka ilt að þurfa að hlíta því, að þær taki veð sitt. Hjer er um það að ræða, að skipshöfn lánar vinnu sína gegn tryggingu sjóveðsins, og fær kaup sitt með því að taka það, þegar ekki er hægt að fá það greitt á annan hátt.

Það er hægt að leysa þetta mál frá hendi útgerðarinnar með því að ráða skipshafnirnar upp á hlut, en ekki kaup. Er það títt, að sjómenn vilja þetta heldur, ef hlutaskifti eru sanngjörn. En útgerðarmenn hafa ekki viljað koma þessu skipulagi á útgerðina, og af því leiðir, að sjóveðin hafa lent í höndum skipshafnanna, þegar útgerðin hefir ekki getað greitt sjómönnunum kaup sitt.

Mjer er ekki kunnugt um, að sjóveð sjeu látin í smábátum undir 12 smálestum, enda eru flestir bátar hjer þetta 12—50 smálestir. En samkvæmt þessu frv. eru bátar frá 50 tonnum og þar fyrir neðan undanþegnir sjóveðinu. Hvers eiga þeir nú að gjalda, sem ráða sig á 12—50 tonna báta? Hví eru sjóveðin leyst af þessum 12—50 tonna bátum, en haldið í hinum stærri skipum, fyrst tilgangurinn er ekki að kippa sjóveðunum með öllu af skipunum? Það mega menn þó vita, að sjóveðin geta engu síður orðið hásetum að liði á skipum, sem eru undir 50 tonnum en yfir.

Mjer þykir það hróplegt ranglæti, að hjer skuli eiga að fara að ganga inn á þá braut, að taka af sjómönnunum þennan rjett, sem þeir hafa haft í ómuna tíð, og færa hann í hendur útgerðarmanna, án þess að nokkuð komi í staðinn. Það verður ekki sjeð, að nokkuð rjettlæti þetta, nema sú óreiða, sem verið hefir á útgerðinni á síðustu árum, þannig að margir útgerðarmenn hafa ekki getað staðið í skilum við háseta sína, svo að hásetarnir hafa orðið að ganga að sjóveðunum. Þegar þetta er orðið tilfinnanlegt fyrir lánsstofnanirnar, sem missa með þessu móti af veði sínu í hendur sjómönnunum, þá kemur fram krafan um að losa útgerðina við þessa kvöð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 594, n. 681 og 690).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. á þskj. 681 og 690. Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Það er nú svo ástatt um þetta mál, að það hefir verið lítið rætt í sjútvn., þar eð það kom svo seint til hennar, og auk þess kom fram hjer í Ed. annað mál mjög skylt, sem var frv. til l. um veðlánasjóð fiskimanna, og var það sent til fjhn.

Það kom í ljós í sjútvn., að hún gat ekki orðið sammála um þetta frv. um Fiskiveiðasjóð Íslands, því að minni hl. vildi leggja til, að frv. gengi fram óbreytt, en meiri hl. taldi á því ýmsa annmarka, og sá ekki ástæðu til að mæla með frv. eins og það liggur fyrir. Það er nokkuð vikið að því í nál. meirihl., og skal því aðeins bætt við, að jeg álít, að í frv. um veðlánasjóð fiskimanna felist nokkur þau atriði, sem ekki hafa verið tekin til greina sem skyldi í þessu frv., en sem jeg tel þó að þyrftu að komast inn í lagafyrirmæli um slíka stofnun, sem hjer er um að ræða. Auk þess tel jeg, að fje það, sem Fiskiveiðasjóðnum er ætlað til starfrækslu, sje svo lítið, að mjög lítil not geti orðið að því, ef hann á að fullnægja báðum þeim hlutverkum, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sje að vera lánsstofnun til skipakaupa fyrir smærri útveginn og vera lánsstofnun til rekstrarlána fyrir sama útveg. Það er kunnugt öllum, sem til þekkja, að sjávarútvegurinn er töluvert fjárfrekari til rekstrar heldur en t. d. landbúnaður. En ef maður ber saman þetta frv. og lögin um búnaðarbankann, sem afgr. eru frá þessu þingi, er óliku saman að jafna. Hjer er ekki nema lítið starfsfje, sem Fiskiveiðasjóður á að hafa, móts við það fje, sem Búnaðarbanki skal ráða yfir.

Þetta telur meiri hl. einn höfuðgalla á frv., auk þess sem hann telur, að þegar löggjöf er sett um þetta efni, þá sje nauðsynlegt, að inn í hana sjeu sett þau ákvæði, er geri þessar lánveitingar svo hagkvæmar sem verða má fyrir þá, sem nota eiga.

Meiri hl. n. hefir því hallast að því, að vísa nú báðum þessum frv. til stj. með tilmælum um, að hún undirbúi lög um fullkomna lánsstofnun fyrir smærri útveg landsmanna, og leggi fyrir næsta þing frv. um það efni.

Í sambandi við þessa till. meiri hl. vil jeg víkja því til hæstv. stj., að jeg og meiri hl. sjútvn. ætlast til þess, að við samningu slíks frv. sje líka tekið tillit til þess frv., sem hefir legið breytingalaust fyrir hv. Ed. á þessu þingi og var borið fram að mestu leyti samhlj. á þinginu 1928. Jeg hefi fulla ástæðu til að ætla, eftir þeim orðum, sem hæstv. atvmrh. (TrÞ) hefir látið falla hjer á Alþingi í vetur, að hann muni verða fús til þess að undirbúa slíka löggjöf. Í því trausti, að svo verði, hefir meiri hl. lagt til, að báðum þessum málum verði vísað til stj.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Það má segja, að þessi vesalings atvinnuvegur, smábátaútvegurinn, eigi ekki sjerlega upp á pallborðið hjá sumum hv. þm. Á þinginu í fyrra komu fram þrjár tilraunir til þess að bæta hag þessa útvegs.

Í fyrsta lagi var flutt frv. um rekstrarlánafjelög, sem meðal annars fól í

sjer þau ákvæði, að bátaútvegurinn gæti fengið hagkvæm lán. Það er öllum kunnugt, hvernig fór um það frv., að það dagaði uppi hjer á þingi.

Önnur tilraunin var sú, að hv. 4. landsk. (JBald) kom hjer í Ed. fram með sama frv., sem hann flutti hjer nú, um veðlánasjóð fiskimanna. Það dagaði einnig uppi.

Þriðja tilraunin er frv. um Fiskiveiðasjóð í Nd., sem heldur ekki varð útrætt, en mikið ósamkomulag varð um. Þetta kalla jeg allharkalega aðferð við þennan mikla útveg, sem rekinn er af smábátum hjer á landi.

Á þessu þingi hafa komið fram tvær tilraunir í þessa átt, sem sje frv. frá hv. 4. landsk. (JBald) um veðlánadeild, og svo þetta frv. um Fiskiveiðasjóð. Þó að það frv. bæti ekki úr öllum þeim þörfum, sem þessi útvegur hefir, þá verð jeg að segja, að það er mikil bót frá því, sem er. Og ef byrjað væri í smáum stil, væri altaf hægt að bæta við. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að það kom fram í Nd. brtt. við Búnaðarbankann, sem fól í sjer, að einmitt smábátaútvegurinn gæti orðið nokkurra hlunninda aðnjótandi. Þessi till. var feld. Það eru með öðrum orðum allar dyr lokaðar fyrir þessum útvegi. Hvað á það að ganga lengi? Það er búið að þvæla um þetta mál á þingi í þrjú ár, og jeg sje ekki, hvaða alvara er í mönnum að ráða bót hjer á, ef nú á þessu þingi á að tefja þá einustu tilraun, sem úr þessu getur komið þessum atvinnuvegi að notum, og sem allir viðurkenna, að sje til bóta. Þess vegna vil jeg fastlega mælast til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins segja, út af því frv., sem er næst á dagskrá og skylt er þessu, að jeg verð að sætta mig við þessa meðferð málsins, úr því sem komið er, að því verði vísað til stj. Jeg get það frekar fyrir það, að hæstv. atvmrh. hefir gefið alveg skýlausa yfirlýsingu undir umræðunum um Búnaðarbankann í Nd., að hann skyldi nú milli þinga taka til rannsóknar og láta undirbúa frv. um lánsstofnun fyrir bátaútveginn og leggja fyrir næsta þing. Og vegna þessa loforðs ráðh. kom jeg ekki með sjerstakt nál. um veðlánasjóð fiskimanna úr fjhn. En það að frv. lá frá þingbyrjun og til þingloka hjá n., var af því, að meiri hl. n. leit svo á, að það ætti að bíða þangað til frv. um Fiskiveiðasjóð — sem er um svipað efni — kæmi hingað frá hv. Nd., og mætti þá hafa hliðsjón af báðum frv. við afgr. málsins. Jeg kaus því heldur að bíða, svo sem jeg sagði áður.

Jeg vil að lokum lýsa óánægju minni yfir einu ákvæði um Fiskiveiðasjóðinn, en það er niðurfelling sjóveðsins, svo sem jeg hefi áður vikið að.

Annars verð jeg að láta staðar numið um þetta mál, og sætta mig við að láta það fara til stj., með tillití til hinnar skýlausu yfirlýsingar frá hæstv. atvmrh. um að undirbúa málið undir næsta þing.

ATKVGR.

Till. á þskj. 690, frá meiri hl. sjútvn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, JBald, GÓ.

nei: JÞ, JKr, BK, HSteins, IHB, JóhJóh.

3. Veðlánasjóður fiskimanna.

Á 8. fundi í Ed., 26. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna (þmfrv. A. 40).

Á 11. fundi í Ed., 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta mál var borið fram hjer á síðasta þingi, og lá hjá nefnd nokkra hríð til athugunar. En það var ekki tími til að ganga frá málinu þar, og því það ráð tekið, að vísa því til stjórnarinnar, í von um, að hún mundi taka málið til yfirvegunar til næsta þings og gera till. sínar um það.

Nú er hvorugur hæstv. ráðherra viðstaddur og jeg hefi ekki talað við þá um málið, og veit því ekki, hvað stjórnin hefir gert í því. En svo mikið er víst, að engar till. eru enn komnar frá henni. Hins vegar er komið fram frv. í Nd., sem einnig ætlar að nota fiskiveiðasjóðinn sem stofn. Er það svipað frumvarpi, sem þar var á ferð í fyrra. Mjer er og sagt, að von sje á þriðja frv., sem fer fram á að nota fiskiveiðasjóðinn sem lánsstofnun með einhverri annari tilhögun.

Það, sem felst í þessu frv., sem jeg ber fram, er eingöngu að lána mönnum út á veiddan afla. Jeg veit, að það mun líka þörf á að lána mönnum til útgerðarinnar, áður en byrjað er á verkinu; en þeir, sem þess þurfa, eiga aðgang að bönkunum, og munu þar fá nokkur lán, svo sem til veiðarfærakaupa og annars slíks. Það eru líka til lög, sem heimila bönkunum að lána út á fisk gegn veði í fiski, sem er í sjálfsvörslu útgerðarmanns. Lánastarfsemin samkv. þessu frv. er hugsuð á sama hátt en ætlast til, að það sjeu deildir víðsvegar um landið, sem starfa í fiskiverunum. Með því móti verður hægt að lána hinum smærri útgerðarmönnum og hlutatökumönnum út á fiskinn á hverjum stað, sem annars ekki ná til lánsstofnana, og eiga engan annan kost en að selja fiskinn kaupmönnum, sem vilja kaupa hann á hverjum stað, og með því verði, sem þeir vilja fyrir hann gefa.

Þetta mál hefir vakið talsverða athygli kringum landið. Jeg hefi fengið fjölda brjefa um það frá sjómönnum og smærri útgerðarmönnum, sem óska þess að málið komist áleiðis, af því að það er hjer um bil ómögulegt fyrir þessa menn að ná til nokkurra þeirra, sem vilja lána þeim út á fiskinn, þótt vitanlegt sje, að hann sje það eina verðmæti, sem þeir eiga yfir að ráða. Og fiskurinn er í sínu verði, ef ekki er lánað út á hann meira en gangverðið er, eða fyrirsjáanlegt að það verði. Þetta er hættulaust, en gerir verslun miklu hagkvæmari og auðveldara að skapa fiskimönnum atvinnu við að verka fiskinn. Og sennilega verður upp úr því stofnað til samvinnu milli manna um að selja fisk í stórum hlutum, svo að menn þurfi ekki að neyðast til þess — eins og nú — að selja í smápörtum til kaupmanna, sem selja svo til útlendra millilíða eða fiskkaupmanna í landinu. Mundu menn þá að öllum jafnaði fá talsvert hærra verð fyrir fiskinn.

Það er talinn mikill hagnaður að því að verka fiskinn og selja fullverkaðan, þó að sá hagnaður sje að vísu breytilegur í einstökum árum.

Um þetta mál var rætt alment og ítarlega á síðasta þingi, og jeg sje ekki ástæðu til að víkja frekar að því nú. Því var tekið vel þá.

En jeg hefði æskt eftir, að hæstv. atvmrh. hefði verið hjer viðstaddur, til að segja frá aðgerðum stjórnarinnar í málinu síðan í fyrra.

Það er svo mikið verk að samræma till. þær viðvíkjandi Fiskiveiðasjóði, sem fyrir þinginu liggja, og koma upp fiskiveiðabanka, að jeg býst varla við, að það verði gert í þingnefnd. Það yrði að vera verk stjórnarinnar, eða að minsta kosti nefndar, sem starfaði milli þinga.

Hins vegar getur þingið afgr. eina grein af þessu máli, sem er alveg heilsteypt, svo sem þetta frv.

Jeg legg til, að frv. verði vísað til sömu nefndar og fjallaði um það í fyrra, en það var hv. fjhn.

Halldór Steinsson: Því verður ekki neitað, að þessar greinar sjávarútvegsins, minni mótorbátar og róðrarbátar, eiga erfitt uppdráttar, og að fylsta þörf er, ef hægt væri, að bæta kjör þeirra, til dæmis með lánsstofnun eins og hjer er farið fram á. Því verður heldur ekki neitað, að tilgangurinn með þessu frv. er góður, a. m. k. eftir því sem marka má á 1. gr., þar sem stendur:

„Tilgangur sjóðsins er að gera mönnum, sem fiskiveiðar stunda á vjelbátum og árabátum, sem arðsamastan afla sinn, með því að gera þeim mögulegt að verka hann sjálfir."

Ef frv. alt í heild sinni væri bygt á þessum góða tilgangi, þá væri vel farið. En það er öðru nær en að svo sje. Mjer getur ekki betur skilist, en hjer komi fram í frv. í heild sinni mjög mikið skilningsleysi á þessum hlutum. Ef ekki skilningsleysi, þá að minsta kosti of mikið áhugaleysi og viljaleysi hv. flm. (JBald) gagnvart þessari grein sjávarútvegsins.

Þó að ekki sje venja við 1. umr. að fara út í sjerstakar greinar, þá verð jeg samt að drepa á 2—3 greinar, til þess að sýna hvað frv. er illa útbúið, svo að það alls ekki getur náð tilgangi sínum.

Þá er fyrst, að eftir 3. gr. frv. er ætlast til, að aðaldeild þessa veðlánasjóðs sje í Reykjavík, en svo sjeu settar á stofn deildir út um landið, en megi þó ekki vera fleiri í byrjun en 25. Það er nú ljóst, að 25 deildir fyrir jafn útbreiddan atvinnuveg sem smábátaútvegurinn er, geta ekki komið að notum nema tiltölulega mjög litlum hluta þeirra manna, sem þessa atvinnu stunda, eða stunda í framtíðinni.

Þá kem jeg að aðalgrein frv., 6. gr. Sú grein gerir frv. alveg óhæft og gerir 1. gr. að engu. Þar stendur:

„Lán veitist aðeins út á afla, sem ætlaður er til verkunar sem þurkaður saltfiskur til útflutnings."

Jeg skil þessa grein svo, að það megi ekki lána úr þessum sjóði út á annað veð en afla. En slíkt er að mínu áliti alveg ótækt. Það getur staðið svo á, að sjómaður þurfi nauðsynlega lán til sinna lífsnauðsynja, en hafi ekki nægilegan afla fyrir hendi, en annað veð. Er þá nokkur meining í því, spyr jeg, að neita manninum um lán, ef hann getur boðið annað fullgilt veð? Það finst mjer ekki. Með öðrum orðum: greinin gerir það að verkum, að sjóðurinn, þótt stofnaður verði, kemur alls ekki að verulegum notum, ef ekki má lána út á nema verkaðan afla. Þá er

ekki hægt að veita lán fyr en í lok vertíðar. En nú stendur einmitt svo á, að flestir þessara manna, sem um er að ræða, þurfa að fá lán í byrjun vertíðar, — þurfa að fá lán til þess yfir höfuð að geta lifað meðan á vertíð stendur. Efnahagur þeirra er að jafnaði ekki svo góður, að þeir þurfi ekki að vera upp á lán komnir, meðan vertíð stendur yfir. Slík lán eru það eina, sem getur bjargað þessum útvegi, til þess að sjómaðurinn geti staðist þann kostnað, sem hann þarf að hafa yfir vertíðina, bæði kaup á veiðarfærum og ýmsu, sem að útgerð lýtur, og eins sínar eigin lífsnauðsynjar.

En í sjálfu sjer er það ekkert þakkarvert, þótt sjómönnum sje boðið lán út á verkaðan fisk. Það geta þeir fengið víðar enn í þessari lánsstofnun, sem hjer um ræðir. Og það er heldur ekki aðalatriðið, heldur hitt, að sjómenn geti fengið lán í byrjun vertíðar, til þess að geta eignast verkaðan fisk.

Það eru náttúrlega ýmsir fleiri smærri gallar á þessu frv., þótt þetta sje aðalgallinn, sem að minni meiningu gerir frv. ótækt. Það er t. d. það, að sje fiskur fluttur burt af staðnum og seldur, þá sje skuldin kræf og gengið verði að manninum um borgun. Jeg geti búist við, að í mörgum tilfellum mundi sjóðnum blæða fyrir þetta. Það er svo um allan þorra þessara manna, að þeir eru eignalitlir, og ef sjóðurinn hefir við ekkert annað að styðjast en þennan afla, þá er hætt við, að stundum kæmu skellir. Yfirleitt er afli ótryggasta veð, sem hægt er að fá í þessu tilfelli.

Hv. flm. var að segja, að fleiri frv. hefðu komið fram í þessa átt. E. t. v. á hann við Fiskiveiðasjóðinn í Nd. En því frv. er ætlað nokkuð annað verksvið. Og þó að það sje fram komið, er engu minni ástæða til að tryggja þessari grein sjávarútvegsins rekstrarlán.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Snæf. (HSteins) tók sæmilega á móti þessu frv., er það var á ferðinni hjer í fyrra, og virtist vera ánægður með það þá. En nú kveður við annan tón. Nú telur hann frv. óalandi og óferjandi með öllu.

Það, sem okkur greinir á, er það, að hann vill hjálpa kaupmönnum og bátaeigendum, en jeg ber hina fyrir brjósti, sem taka kaup sitt í aflahlutum og eiga ekki aðra úrkosti en að selja aflann við því verði, sem kaupmennirnir ákveða. En jeg er hræddur um, að hv. þm. Snæf. hafi talað of mikið við kaupmenn í kjördæmi sínu um málið milli þinga, en of lítið við fiskimennina, og að það valdi þeirri breytingu, sem orðið hefir á hugarfari hans til frv. Að minsta kosti get jeg ekki skilið ummæli hans á aðra leið en að þau stefni til fulls fjandskapar við málið.

Hv. þm. fór út í einstakar gr. frv. í ræðu sinni. Jeg er hræddur um, að hann hefði orðið þungur á brúnina, ef þm. hefðu leyft sjer slíkt við 1. umr., þegar hann sat í forsetastól, sællar minningar. Hv. þm. segir, að hinn góði tilgangur frv. sje eyðilagður með hinum seinni gr. þess. Hann mun víst aðallega eiga við 6. gr., en hún fer fram á að lána út á afla, svo að fiskimenn sjeu ekki tilneyddir að selja kaupmönnunum fiskinn við því verði,

sem þeir setja á hann. Hann hefir það út á þetta að setja, að mest þörf sje lána áður en útgerðin byrjar; með öðrum orðum, að fyrst og fremst þurfi að sjá útgerðarmönnum fyrir lánum. En það er ekki tilgangur þessa sjóðs að lána út á fasteignir. Þeir, sem þær eiga, geta snúið sjer til bankanna og veðdeilda. En jeg vil ekki fara frekar út í þetta atriði. Það lýsir því fádæma skilningsleysi á eðli þessa máls og kjörum fiskimannanna. Hv. þm. álítur, að fyrirkomulag sjóðsins sje hættulegt, og muni leiða til tapa á honum, þar eð ekki sje um neina tryggingu að ræða. En hvað segir þessi sami hv. þm. um þá starfsemi bankanna, að lána stórútgerðarmönnum, útgerðarfjelögum og fiskikaupmönnum út á fisk í sjálfsvörslu, svo sem nú er gert? Þessi lán eru alment talin trygg í alla staði. Hv. þm. Snæf. hlýtur því að álíta, að fiskimennirnir sjeu óáreiðanlegri og verri menn yfirleitt en stórútgerðarmennirnir og fiskikaupmennirnir, því að hann hlýtur að vita, að bankarnir lána þeim út á fiskinn. En það er mótsögn, að trygt sje að lána stórútgerðarmönnum út á væntanlegan afla, en ekki að lána fiskimönnum út á það sama. Það, að hv. þm. Snæf. álítur hættulaust að lána kaupmönnum með þessu fyrirkomulagi, sýnir það eitt, að það eru þeir, sem hann ber fyrst og fremst fyrir brjósti.

Jeg gat þess áðan, að jeg hefði fengið tilmæli víðsvegar að, um að taka þetta mál upp að nýju. Þau tilmæli komu frá hlutamönnunum, fiskimönnunum sjálfum, en ekki frá kaupmönnum, sem hafa aðgang að bönkunum og hafa svo mikinn fisk undir hendi, að það borgar sig fyrir þá að fara í lánsstofnanirnar; en það gerir það ekki fyrir hina fátæku fiskimenn, sem hafa aðeins umráð yfir nokkrum hundruðum punda af fiski. Eina leiðin til að hjálpa þeim, er sú leið, sem farin er í þessu frv.

Hv. þm. Snæf. sagði, að það væru of fáir staðir, sem nytu góðs af þessum sjóði, ef stofnaður væri. Í frv. er gert ráð fyrir vissum deildafjölda innan sjóðsins, og ef hv. deild vill koma með breytingar í þá átt, að fjölga þeim, þá skal ekki standa á mjer. Það er fjarri því, að jeg sje á móti því, að sjóðsdeildirnar verði fleiri. Og að þeirri breytingu er jeg fús að vinna í samvinnu við hv. þm. Snæf. En hitt get jeg ekki tekið vel upp hjá honum, þegar hann gerir fiskimönnunum svo rangt til, að telja þá verri skuldunauta en kaupmenn.

Halldór Steinsson: Það bryddir nú sem fyr á gömlum galla hjá hv. 4. landsk. (JBald). Hann hleypur nú sem fyr með rangfærslur og útúrsnúninga. Hann segir, að jeg sje snúinn í þessu máli. Það er mesti misskilningur. Jeg er því hlyntur sem fyr. Hv. þm. segir, að jeg sje að bregða sjer um skilningsleysi. Jeg hefi alls ekki gert það alment. En þegar hann kemur nú í annað sinn með sama vanhugsaða frv., verður ekki hjá því komist að vekja athygli á því, að skilningurinn á þessu máli er ekki sem bestur hjá þessum hv. þm.

Hv. þm. fór að minnast á kaupmennina, án þess að jeg gæfi hið minsta tilefni til slíks, svo að jeg hefi ástæðu til að halda, að það sjeu einmitt kaupmennirnir, sem hafa hleypt þessum geðofsa í þingmanninn, svo að

hann ætlar alveg að springa. Hv. þm. heldur, að jeg sje svo velviljaður kaupmönnum, að jeg líti með þeirra hagsmuni fyrir augum á þetta mál. Jeg veit ekki á hverju hann byggir þetta. Jeg hefi ekkert tal átt við þá um málið, og jeg fæ ekki sjeð, hvað þeim kemur þetta við. Jeg fullyrði það, að jeg er eins hlyntur fiskimönnunum og hv. 4. landsk., og jeg vil styðja að því, að einhver lánsstofnun, sem þeim kemur að notum, komist á fót.

Hv. 4. landsk. er mjög ánægður með 6. gr. frv., og telur hana ákjósanlega í alla staði. Þar er jeg honum ekki sammála. Hann segir, að bankarnir láni útgerðarmönnum út á fiskinn, og það sje alveg hliðstætt því fyrirkomulagi, sem gert sje ráð fyrir í þessu frv. En hjer er alt öðru máli að gegna. Stærri útgerðarmenn eiga miklar eignir, sem þeir hafa að veði á bak við lánin. Þetta kemur ekki til greina í þessu tilfelli.

Mjer er það fullkomlega ljóst, að sjómenn eiga ekki greiðan aðgang að bönkunum, og jeg veit, að þeir mundu deyja drotni sínum bankanna vegna. Þess vegna verður ekki hjá því komist, að þingið hlutist til um að sett verði á stofn sjerstök rekstrarlánadeild fyrir smábátaútveginn, en með alt öðru sniði en hjer er farið fram á.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. Jeg tel rjett, að málið verði athugað í nefnd, og er ekki vonlaus um, að frv. mætti laga svo, að það gæti komið að einhverjum notum.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það gleður mig, að það kveður við annan tón nú en áðan hjá þm. Snæf., því að mjer fanst hann æstur á móti frv. í fyrstu ræðu sinni, og vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið, þegar hann var að romsa upp hálfgerðum skömmum um mig og frv.

Jeg er hræddur um, að hv. þm. Snæf. hafi eiginlega aldrei skilið tilgang þessa frv., eða svo virðist, nema svo sje, sem til hefir verið getið, að hann sje aðallega að hugsa um kaupmennina, en þetta frv. er aðallega fyrir sjómennina. Og þegar hann er að tala um, að lán verði illa trygð eftir frv., getur það ekki verið af öðru, en að hann áliti þá verri skuldunauta en kaupmennina, og jafnvel að hann tortryggi sjómennina um að taka veðið og selja það, í stað þess að borga skuldina. (**HSteins:** Kaupmennirnir setja meiri tryggingu). Því þá það? Það er sama, hvort lántakandinn heitir Copland, býr í Reykjavík og setur 2000 skippund að veði, eða þá að hann heitir Jón Jónsson, býr á Snæfellsnesi og setur ekki nema 2 skippund að veði. Tryggingin er sú sama í báðum tilfellum, þegar jafnhá fjárhæð er lánuð út á hvert skippund af fiski hjá báðum. Hv. þm. finst bara, að þeir menn, sem lifa af vinnu sinni, sjeu svo miklu óráðvandari en hinir. Annað er ekki hægt að fá út úr orðum hans.

Jeg ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni, en aðeins að bæta því við, að mjer finst hv. þm. Snæf. sýna þessu frv. talsverðan óvilja, og mjer kom það á óvart, bæði vegna afstöðu hans til málsins í fyrra, og svo vegna þess, að slík lánsstofnun sem þessi gæti komið að miklu gagni fyrir sjómennina í kjördæmi hv. þm.

Halldór Steinsson: Jeg vil vísa á bug þeim órökstuddu staðhæfingum

hv. 4. landsk., að jeg telji sjómenn óráðvandari en fólk alment. (**JBald:** Þetta er rökrjett, eftir ummælum þm.). Nei, Þetta er útúrsnúningur og eitt dæmi af mörgum um óheiðarlega meðferð þessa hv. þm. á þingræðum.

Það, sem okkur ber á milli, mjer og hv. 4. landsk., er það, að hann vill veita lánin í lok vertíðar, en jeg í byrjun hennar. Það er þetta, sem hv. þm. getur með engu móti skilið. Ef lánin eru veitt fyrirfram, geta þau komið að verulegum notum fyrir allan þorra fátækra sjómanna, sem þurfa á lánum að halda, til þess að geta lifað. Hitt dugar þeim ekki, að fá lánin í lok vertíðar. Og það er þetta, sem er aðalgalli frv.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gæfi fundarhlje, til þess að hv. þm. Snæf. gæti kynt sjer frv. betur. Það stendur ekkert í frv. um það, að ekki megi veita lán úr sjóðnum fyr en í vertíðarlok. Það er t. d. hægt að hugsa sjer, að lán verði veitt eftir fyrstu viku vertíðarinnar. (**HSteins:** En ef ekkert aflast fyr en í síðustu viku vertíðarinnar?). Þetta sýnir vel á hvaða hundavaði hv. þm. Snæf. fer í þessu máli. (**HSteins:** Nú skyldi jeg tala, væri jeg ekki dauður). Það er gott fyrir þm., að svo er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40).

Jón Baldvinsson: Jeg vísa til þess, sem jeg sagði um þetta mál undir umræðunum um Fiskiveiðasjóð Íslands, sem var til umræðu áðan.

Ingvar Pálmason: Ef hv. deild telur það nauðsynlegt, vil jeg leggja til, að þessu máli sje, samkv. því, sem niðurstaðan varð um næsta mál á undan, vísað til hæstv. stj.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stj. samþ. með 8:6 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Lánsfjelög.

Á 1. fundi í Nd., 18. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um sveitabanka (stjfrv. A. 1).

Á 5. fundi í Nd., 22. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frumvarp stendur í beinu sambandi við það frv., sem hjer var til umræðu næst á undan. (Frv. til l. um landbúnaðarbanka Íslands). Sami maður hefir unnið að báðum frv.

Jeg sje ekki ástæðu til að ræða frv. nánar, en vísa til greinarg. þess, og leyfi mjer að leggja til, að því verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til hv. landbn.

Halldór Stefánsson: Þegar frv. um rekstrarlán var hjer til umræðu á síðasta þingi, gat jeg þess, að jeg hefði minni trú en margir aðrir á nauðsyn og gagnsemi þeirra ráðstafana, sem farið var fram á í því. Nauðsyn slíkra rekstrarlána handa bændum virðist mjer mjög vafasöm. Mjer er ekki kunnugt um, að bændur hafi á undanförnum tíma átt örðugt með að fá rekstrarlán, a. m. k. ekki þeir, sem hafa staðið í skilum, og jafnvel þótt skilunum hafi verið að meira eða minna leyti ábótavant. Mjer er þess vegna ekki fullljóst, hvers vegna þessi leið er farin.

Í umræðunum um rekstrarlánafrv. í fyrra kom það fram, að aðaltilgangur þess ætti að vera sá, að vinna á móti verslunarskuldunum. Og jeg hefi orðið var við, að margt manna hefir fest trú á því, að svo myndi verða. Mjer þykir þessi trú satt að segja nokkuð barnaleg. Jeg sje ekki, hvernig það eitt má verða til að vinna á móti skuldasöfnun, að veita nýtt og aukið lánstraust. Það er að hengja skóarann fyrir skraddarann. Það er ekki lánstraustsleysið, sem er ástæða til skuldanna, heldur hitt, að ekki hefir verið nógu varlega farið með það lánstraust, sem menn hafa haft. Það er ekki trúlegt, að hægt sje að draga úr skuldunum með því einu, að auka lánstraustið. Og ef menn halda, að það hafi höfuðþýðingu í þessu sambandi, hvort lánstraustið er hjá peningastofn-

un eða viðskiftaverslun, þá er reynsla um það ekki óþekt hjer á landi. Stórútgerðin hefir fengið bankalán til atvinnurekstrar síns. Og hvernig hefir farið? Hafa engar skuldir orðið þar? Hvað segir reynslan? Stórskuldir og stórtöp. Nei, ástæðan til skuldanna er eigi sú, að menn hafi ekki getað fengið rekstrarlán. Hún er sú, að lánstraustið hefir verið misnotað, bæði af lánveitendum og þeim, sem lánin hafa tekið. Sú misnotkun þarf ekki að stafa eingöngu af óskilsemi. Örðugleikar lífsins valda blátt áfram mestu um hana.

Jeg get ekkert höfuðmein fundið í því, að bændur fái lán hjá þeim verslunum, sem þeir skifta við, milli kauptíða. Meinið er, að slíkum lánum hefir eigi verið haldið innan hæfilegra takmarka. Jeg er þeirrar skoðunar, að skuldasöfnun þurfi meira aðhald frá hálfu löggjafarvaldsins en hún hefir nú. Það, sem þurfi að gera, sje að setja hömlur við því, að lánstraustið sje misnotað. Þess vegna flutti jeg á þingi í fyrra tillögu um að stytta fyrningarfrestinn. Hún fann þá eigi náð fyrir augum hv. þingmanna. Raunar var hún aldrei endanlega afgreidd, en af undirtektum nefndar þeirrar, sem hana hafði til meðferðar, ræð jeg það, að hún hafi átt litlu fylgi að fagna.

Nú vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún beri þetta frv. fram í þeim tilgangi fyrst og fremst, að draga úr skuldaversluninni og hvort hún álíti, að það muni koma að haldi til þess. En eins og jeg hefi áður sagt, sje jeg ekki, að verslunarlán sjeu sjerlega hættuleg, ef aðeins er staðið í skilum með þau á rjettum gjalddögum.

Þá skal jeg geta þess, að mjer þykir rekstrarlánin verða nokkuð bundin, eftir frv. Skilyrðið fyrir láni á að vera það, að lántakendur gangi í fjelag með sameiginlegri ábyrgð. Einstökum mönnum er fyrirmunað að fá þessi lán. Jeg mundi æskja þess, að þetta ákvæði yrði rýmkað, svo að einstökum mönnum yrði ekki ókleift að fá þessi lán. Sömuleiðis mundi jeg kjósa, að starfsemi þessara sveitabanka yrði nokkru víðtækari, ef þeir verða stofnaðir á annað borð. Teldi jeg heppilegt, að þeir önnuðust öll stutt lán, og einnig bústofnslán, og hefðu að öðru leyti milligöngu um sem flestar tegundir viðskifta fyrir landbúnaðarbankann.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Háttv. þm. N.-M. spurði, hvort þetta frv. væri flutt til þess að koma í veg fyrir skuldaverslunina. Jeg get svarað því svo, að talið er, að sú leið, sem bent er á í því, sje heppileg leið til að beina lánsfje til sveitanna. Það fyrirkomulag, sem í frv. felst, hefir verið reynt í öðrum löndum og gefist vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 1, n. 216, 241, 276).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg

get að mestu látið nægja með að vísa til nál. á þskj. 216, því að þar er gerð ítarleg grein fyrir málinu og þeim brtt., sem nefndin hefir að gera við frv. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um málið. Nefndin var öll sammála um, að hjer væri um merkilegt mál að ræða, og að nauðsyn bæri til að greiða fyrir bændum og láta þeim fje í tje, og greiða á þann hátt fyrir viðskiftum. Þetta er öllum ljóst, og því er ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Hinsvegar leist nefndinni það dálítið óvarlegt, eins og frv. fer fram á, að heimila sveitabönkum að reka sparisjóðsstarfsemi víðsvegar um land. Nefndin vill ekki neita því, að bankarnir fái við það meira fjármagn, og að bændur kunni að fá við það meiri hjálp til framkvæmda, en efast hinsvegar um, að allrar varfærni verði gætt, ef svo á að verða, og fyrir þá sök vill hún þrengja nokkuð starfssvið bankanna, þannig að þeim sje ekki heimilt að taka á móti sparifje til að ávaxta eða lána út. Þetta er höfuðbreytingin, sem nefndin vill gera á frv., og þótt menn kunni að finna að því, að með þessu móti renni minna fje út um sveitir landsins heldur en eftir frv., mun þó vera hyggilegra að gæta allrar varúðar, enda má altaf, þegar reynsla er fengin, breyta ákvæðunum og heimila þetta síðar. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um frv. alment, heldur víkja að einstökum brtt., sem nefndin flytur.

Um 1. brtt. þarf ekki að fjölyrða frekar, þar eð samskonar till. var feld við atkvgr. um lög Landbúnaðarbankans, og ef þessi yrði samþykt, myndu þau ákvæði reka sig hvort á annað. En verði frv. um Landbúnaðarbankann breytt síðar, væri hægt að koma fram með brtt., er gengi í þessa átt. Þessi till. er því tekin aftur.

2. brtt. er aðeins orðabreyting, sem leiðir af breytingu nafnsins á frv., en b-liðurinn miðar að því, að sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans geti veitt beint lán til þeirra fjelaga, sem nefnd eru í greininni, án þess að hafa útibú eða aðra milliliði.

3. brtt. fer í þá átt, að e-liður falli niður, en hann er um það, að sveitabankar taki við innlögum með sparisjóðskjörum, og megi svo lána fjeð út aftur. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það,

Í 4. brtt., á þskj. 216, hefir fallið niður sú brtt., er nefndin vildi gera við 5. gr., en hana er aftur að finna á þskj. 276.

5. brtt. er við 7. gr. og gengur í þá átt, að greinin verði orðuð upp, en þar er ekki um verulega efnisbreytingu að ræða. Nefndin leit svo á, að betur færi á að orða hana þannig, og jeg sje ekki ástæðu til að rekja efni hennar frekara, en læt mjer nægja að vísa til hennar.

6. brtt. við 8. gr. er þess efnis, að 2. mgr. skuli orðuð nokkuð á annan veg en gert er í frv. Vill nefndin, að sú stofnun, sem veitir fjelaginu lán, skuli halda glöggan reikning yfir lán manna, og hvað hver lántakandi eigi að greiða í vexti. Er þetta til stórra þæginda fyrir lánsfjelagið, sem hefir viðskifti við þá stofnun, og enginn efi er á því, að brtt. er til bóta.

7. brtt. er við 11. gr., og samkvæmt henni skal sú grein falla niður. Þar eru ákvæði um sparisjóðsstarfsemi

sveitabanka, en um það hefi jeg áður talað í ræðu minni, og sje því ekki ástæðu til að ræða um það frekar.

8. brtt. er við 14. gr. Er þar gert ráð fyrir, að menn geti veðsett framleiðslutæki og jarðarafurðir, en nefndinni þykir helst til langt gengið, ef mönnum er heimilt að veðsetja verkfæri, búpening og jarðargróðann. Þess vegna hygg jeg, að ekki sje miklu slept, þó að þetta ákvæði verði látið falla niður, og ekki verði heimiluð veðsetning þessa, enda mun mönnum finnast það nokkuð hæpið, að hægt sje að veðsetja garðávexti og annað þesskonar. C-liðurinn er þess efnis, að síðasta mgr. 14. gr. falli niður, en hún gengur út á það, að sveitabankar skuli hafa lögtaksrjett fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Landbn. lítur svo á, að ekki sje hyggilegt að heimila bönkunum jafn auðvelda leið til innheimtu á útistandandi skuldum, og það má gera ráð fyrir, að þessar peningastofnanir eigi svo mikla fjármuni útistandandi, og innheimta þess fjár getur orðið mönnum til mikilla óþæginda umfram það, sem hún á að vera. Finst nefndinni rjett, að þessar stofnanir fari hina venjulegu leið með innheimtu fjár, enda eru það sárfá gjöld, sem má taka lögtaki, og öll eru þau heldur smá.

9. brtt. lýtur að því, að lögin skuli öðlast gildi þegar í stað.

10. brtt. er afleiðing af þeirri brtt., að fjelög þessi skuli kallast lánsfjelög, en ekki sveitabankar.

Þá er enn ein brtt. eftir, sem jeg vildi víkja nokkru nánar að. En það er um það ákv. 7. gr. frv., sem felt verður burt, ef 5. brtt. n. verður samþ. En það er 2. málsgr. 7. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. fors.: „Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.“ Frv. gerir ráð fyrir því, að hver fjelagsmaður verði skuldlaus einu sinni á ári, að undanteknu því, þegar um kaup á dýrum landbúnaðaráhöldum er að ræða. N. getur ekki felt sig við þetta. Hún telur best, að öll lánin samkv. þessu frv. sjeu greidd árlega, án undantekninga. Landbn. getur ekki fallist á, að rjett sje að blanda lánum til lengri tíma, eða alt að 5 árum, saman við þau lán, sem greiðast eiga upp árlega, því enda þótt hægt sje að halda þessu tvennu aðskildu í viðskiftum hvers fjelagsmanns, þá orsakar það skuld hjá lánsfjelaginu út á við um hver reikningslok. En því er n. mótfallin. Hún telur best, að bæði fjelagsmenn og fjelag geti verið skuldlaus um hver reikningslok.

Þá telur og n., að þetta geti orðið lántakendum sjálfum til óhagræðis. Ef þeir, sem búa við þröngan fjárhag, hafa tekið lán til verkfærakaupa, sem staðið getur í 5 ár, þá mundi það leiða af sjer það, að hin árlegu rekstrarlán yrðu af skornum skamti, vegna vandkvæða á því, að þeir geti lagt fram hæfilegt veð fyrir því rekstrarláni, sem þeir hafa þörf fyrir. Landbn. vill því nema þessa lánsheimild burt, og hafa einungis eina tegund lána bundin við þessi lög, sem sje rekstrarlánin.

Hins vegar telur landbn. það sjálfsagt, að afla beri peninga til að lána bændum til verkfærakaupa. Það er nú að vísu gert ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn láni fje til allra þarfa bænda, ef gild trygging er fyrir hendi.

En þær kringumstæður geta verið fyrir höndum, að ekki væri vel sjeð fyrir því á þann hátt einan. Landbn. vill því gera fyrir þessari þörf með því að bera fram brtt. við frv. um bústofnslánadeild, um að hún veiti einnig lán til verkfærakaupa. Að vísu er ekki hægt að segja, að verkfærin sjeu beinlínis bústofnsauki. En þau eru það þó óbeinlínis, því góð verkfæri eiga máske ekki hvað minstan þátt í því, að skapa skilyrði fyrir aukinn bústofn. Landbn. álítur, að vel geti orðið sjeð fyrir þessari þörf á þennan hátt, en vill ekki blanda lánum til verkfærakaupa saman við rekstrarlánin. Landbn. hefir ákveðið, að koma fram með brtt. við frv. um búnaðarbanka, fyrir 3. umr., er fari í þessa átt.

Um brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 241 geymi jeg mjer að ræða, þar til hv. tillögumaður hefir talað fyrir þeim. Mun jeg þá fyrir hönd landbn. gera aths. við þær.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. landbn. fyrir góða vinnu, er hún hefir lagt í þetta frv. Jeg vil og þakka henni fyrir það, að hún leggur til, að frv. verði samþ., þó með nokkrum breytingum sje, sem eru á þskj. 216.

Um þær er nú alment það að segja, eins og líka hv. frsm. landbn. tók fram, að þær leiða til meiri varfærni en samhliða ákvæði frv. Hjer er um nýja starfsemi að ræða, og skiftir vitanlega miklu máli, að vel sje farið af stað. Ber því eigi að lasta, þótt varlega sje farið í byrjun, enda má liðka síðar, þegar meiri reynsla er fengin. Aðalatriðið er, að vel sje farið af stað, og kemur þá síðar í ljós, hverju þarf að breyta. Og af þeim ástæðum vil jeg eigi gera það að miklu ágreiningsefni nú, þótt mjer finnist landbn. hafa gengið fulllangt í varfærni á sumum sviðum með brtt. sínum.

Eins og hv. frsm. (JörB) gat um, þá kemur 1. brtt. á þskj. 216 og brtt. á þskj. 276 ekki til atkv., vegna afgreiðslu frv. um búnaðarbanka. En í framhaldi af því, sem jeg sagði þá, vil jeg leyfa mjer að benda á það, sem Böðvar Bjarkan lögmaður segir í aths. sínum um 4. gr. a-lið. Þar er þá skýringu á þessu að finna, sem jeg álít alveg rjetta. Hann segir svo, með leyfi hæstv. fors.: „Fjelagsmenn verða allir að stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu. Er ætlast til þess, að ekki aðeins bændur taki þátt í fjelagsskapnum, heldur engu síður þeir kaupstaðarbúar og sjávarbændur, sem jafnframt stunda jarðrækt eða einhverja tegund búskapar. Hins vegar þykir ekki fært að láta þessi fjelög ná til annara, svo sem kaupstaðarbúa og útvegsmanna, sem engan landbúskap stunda.“ Jeg vildi minna á þetta, svo að það komi fram, hvernig þetta er hugsað. Vona jeg, að fyrir 3. umr. verði fram komin till., sem allir geti orðið sammála um.

Sú brtt. landbn., sem jeg tel lang þýðingarmesta, er 3. brtt., þar sem lagt er til, að feld verði úr frv. heimildin fyrir sveitabankana til að taka við sparisjóðsfje. Jeg vil halda því fram, að það, að sveitabankarnir megi taka móti sparifje manna, sje önnur þungamiðja frv. Og það, að þurfa ekki að taka alt rekstrarfjeð að láni utan að,

heldur fá nokkuð af því af sjálfu fjelagssvæðinu sem ávöxtunarfje, mundi bæði gera sveitabankana aflmeiri og sjálfstæðari. Og jeg er alveg viss um, að þetta ákvæði verður aftur tekið upp í framtíðinni, þótt það verði felt úr frv. nú. Og í trausti þess, að allir verði sammála síðar um nauðsyn þess, vil jeg ekki gera þetta að fullu ágreiningsatriði við n. nú. En um mjög mikla skerðingu er hjer að ræða.

Jeg gleymdi að minnast á 2. brtt. n. Hún er um nafnið. Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvaða nafn verður valið. En jeg verð að játa, að mjer þykir nafn Böðvars Bjarkans, Sveitabankar, fallegra og glæsilegra en nafn það, sem hv. landbn. leggur til, að tekið verði upp. En brtt. n. er sennilega gerð í samræmi við 3. brtt. hennar. Gæti máske orðið samkomulag síðar um að taka upp nafnið sveitabanki, ef þessum stofnunum verða veitt þau rjettindi, að taka á móti sparifje til ávöxtunar, sem hv. landbn. vill nú nema úr frv.

Þá fer 5. brtt. n. í sömu átt og hinar, um að draga úr starfssviðinu, þar sem hún, ef samþ. verður, fyrirbyggir það, að lána megi fje samkv. lögunum til kaupa á landbúnaðarverkfærum. Jeg hefði ekki getað fallist á þessa brtt., ef ekki væru líkur til, að bætt verði úr þessu með því að setja tilsvarandi ákvæði inn í Búnaðarbanka-lögin. — Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að lánbeiðnir til verkfærakaupa hafa verið svo miklar nú og í fyrra, að grípa hefir orðið til sjerstakra ráða til að fullnægja þeim. Í fyrra var það Vjelasjóðurinn, sem hljóp undir bagga til bráðabirgða, og nú hefi jeg gert sjerstakar ráðstafanir til þess, að hægt sje að fullnægja eftirspurninni. Nú hefir verið beðið um hjálp til kaupa á yfir 20 dráttarvjelum. Þetta hefir verið gert með það fyrir augum, að bankastofnun landbúnaðarins geti tekið þessi lán að sjer síðar.

Þá er það enn í samræmi við stefnu hv. landbn., að hún vill afnema úr 14. gr. frv., að veðsetja megi framleiðslutæki og jarðarafurðir. — Það má nú máske líta svo á, að það sje nokkuð langt gengið, að gera framleiðslutækin og jarðarafurðirnar að veði fyrir lánum úr þessari stofnun. En þetta mál hefir þó tvær hliðar. Og hin hliðin er sú, að hverju gagni bændum gæti orðið þessi heimild. Með því að nema þetta burt, er þrengt að kosti lántakenda með að fá fje til rekstrar síns, sem gæti orðið þeim til mikilla hagsmuna. Jeg álít, að af brtt. n., þá gangi þessi ekki síst of langt í að þrengja kosti lántakenda.

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg vil ekki setja mig harðlega á móti brtt. landbn. En jeg vona, að það, sem nú verður þrengt í frv., verði aftur rýmkað, þegar reynsla er fengin á þessari starfsemi, a. m. k. eins og nú er í frv.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 241, sem eru allfyrirferðarmiklar, bæði að efni og formi. Jeg mun nú ekki halda mig svo mjög við hinar einstöku brtt., eins og þær liggja fyrir, heldur fara nokkrum orðum um þau efnisatriði, sem þær eru bygðar á.

Það er þá fyrst, að jeg vil gera ráð fyrir því, að þær stofnanir, sem milligöngu eiga að hafa um rekstrarlán, verði einnig látnar hafa milligöngu um

bústofnslán. Er margt líkt um þau lán, og sömu ástæður hægt að færa fram með báðum. Ein höfuðástæðan fyrir milligöngu þessara stofnana er sú, að greiða með því fyrir viðskiftum almennings þannig, að hann eigi aðgang að stofnun, sem hann getur auðveldlega náð til, en þurfi ekki að skifta við stofnun í fjarlægð, út á ysta landshorni. Þetta á jafnt við um bústofnslánin og rekstrarlánin.

Þá er og það líkt, að hvorttveggja lánin eru veitt til stutts tíma og álíka trygging fyrir báðum, sem er þess eðlis, að náinn kunnugleik þarf á högum lántakanda og tryggingu þeirri, er hann getur í tje látið, og eftirlit með henni. — Með þessu móti, ef verksvið milligöngustofnananna er fært út á fleiri lántegundir, næst það, sem er mikilsvert atriði um öll lán, sem standa eiga stuttan tíma, að auðvelt sje að nálgast þau og hægra að koma af sjer greiðslu.

Þá er það annað höfuðatriði, að lagt er til, að mynda megi samskonar fjelagsskap um bústofnslán, sem frv. gerir ráð fyrir um rekstrarlán. Fjelagsskapur á borð við þetta, sem jeg legg til, er ekki nýr. Hann er allvíða þektur, að minsta kosti á Austurlandi. Þar hefir hann reynst vel, komið að góðu liði og engin áföll nje erfiðleikar verið samfara starfrækslu hans. En þessi samtök hafa haft afarerfiðan aðgang að lánsstofnunum. Bjargráðasjóður hefir að vísu nú undanfarið veitt þeim lán, en hann hefir takmarkað fje til umráða. Jeg geri með tillögum mínum ráð fyrir því, að fjelagsskap til bústofnskaupa megi mynda á sama grundvelli og til rekstrarlána. Hygg jeg, að þetta fyrirkomulag sje hentugt og geti eins komið til greina um bústofnslán eins og um rekstrarlán.

Þá er þriðja atriðið það, að jeg vil gera ráð fyrir því í lögum þessum, að umboðsskrifstofur þær, sem um getur í 65. gr. Búnaðarbankafrumvarpsins, geti verið milliliðir um lán, samskonar og þær stofnanir aðrar, sem nefndar eru í frv. þessu. Mjer finst að öllu leyti eðlilegt að nota umboðsskrifstofur bankans sjálfs til milligöngu um lántöku. Það getur verið þannig ástatt, að ekki sje þægilegt að ná til milliliða þeirra, sem frv. gerir ráð fyrir. Gæti þá verið haganlegra, að bankinn hefði þar umboðsskrifstofur. Þá gætu þær skrifstofur einnig tekið á móti sparisjóðsinnlögum fyrir hönd sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans og verið þannig einskonar útbú frá bankanum, sem almenningur gæti skift við, og í raun og veru landeðlilegasti milliliðurinn. Ættu þær þá jafnframt að taka á móti sparifje manna. Það veitir hvöt til sparnaðar og getur orðið til að bjarga mörgum eyri frá eyðslu, að menn eiga handhægan kost á að koma fje á vöxtu.

Fjórða aðalefnisbreytingin er sú, að jeg vil heimila, að rjetturinn til lána frá þessum stofnunum sje ekki eingöngu bundinn við lánsfjelög, heldur hafi og einstakir menn aðgang að þeim líka. Mjer þykir ekki rjett að gera það að skýlausri skyldu fyrir rjetti til lána, að ganga í lánsfjelag, ef einstaklingarnir hafa hæfilegt veð að bjóða fyrir láni sínu. Það er náttúrlega nokkur fyrirhöfn og umsvif samfara því, að vera í þessum fjelagsskap, og miklum mun frjálslegra, ef menn eiga kost á að eiga bein viðskifti um

þessi rekstrarlán, þó að fjelagsskapur geti og verið nauðsynlegur fyrir þá, sem erfiðasta aðstöðu eiga.

Á þessum fjórum efnisatriðum byggjast till. mínar, og er því skiljanlegt, af hverju þær eru svo fyrirferðarmiklar, en þær eru svo bundnar saman innbyrðis, að jeg sje ekki ástæðu til annars, ef 1. og 2. brtt. er feld, en að taka hinar aftur.

Jeg sje ekki brýna ástæðu til að fara út í brtt. n., þó að jeg hafi að vísu hugsað mjer það. Jeg vil þó geta þess, að mjer þykja fæstar brtt. n. til bóta, þó get jeg ef til vill fallist á 4. og 5. brtt.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get verið þakklátur hæstv. forsrh. fyrir undirtektir hans við brtt. n., því að mjer virtist hann geta fallist á þær í öllum aðalatriðum, og þar með á þær ástæður, sem n. færir fyrir þeim. Jeg get tekið undir þau ummæli hæstv. ráðh., að það væri ekki nema ánægjulegt, ef síðar yrði fjallað um þetta mál, að færa út starfsvið þessa fjelagsskapar og leggja honum meira fjármagn en n. nú gerir till. um. En þar sem þetta er á byrjunarstigi, áleit n. hyggilegast að fara hægt af stað. Með vaxandi þekkingu og reynslu kemur í ljós, hvernig þessu verður best fyrir komið, og það er aðalástæðan til þess, að n. hefir fært starfsemina meira saman en gert er í frv.

Nafnið á frv. á vel við eftir þeirri starfsemi, sem þessari stofnun er ætlað samkv. frv., en þegar því hefir verið breytt í það horf, sem n. leggur til, verður það nafn betra, sem n. gerir till. um, að tekið verði upp.

Viðvíkjandi þeirri takmörkun, sem felst í 14. gr., um veðsetningu, þá er það að segja, að jeg býst ekki við, að það komi að mikilli sök, þó að ekki megi veðsetja þessa hluti, sem þar eru taldir upp, nema ef vera kynni fyrir þá, sem eiga lítils úrkosta og hafa lítil fjárráð, sem og fyrir þá, sem standa í einhverjum stórræðum, t. d. þá menn, sem taka stórar lendur til garðræktar eða stór svæði til að afla heyja, sem þeir svo selja. Jeg hygg, að fyrst í stað verði svo lítið um þessa starfsemi, að ekki komi að sök, þó að hún sje ekki tekin með í frv. að þessu sinni.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um ræðu hæstv. forsrh., enda virðast skoðanir hans og n. svo líkar, að ekki gefst ástæða til þess.

Jeg ætla þá að víkja að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Eins og vænta mátti, hefir hann gert grein fyrir þeim og reynt að rökstyðja þær. Jeg skal taka það strax fram, að n. hefir ekki getað fallist á brtt. hans, en eins og hann tók sjálfur fram, eru þær svo bundnar innbyrðis, að ef ekki verður fallist á eina þeirra, þá koma hinar ekki til greina.

Jeg gerði grein fyrir því í fyrri ræðu minni, hvers vegna n. vill ekki blanda neinni annari starfsemi saman við rekstrarlánin, og því ekki heldur bústofnslánunum. Það er ekki af því, að n. geti ekki fallist á nauðsyn þessarar starfsemi, heldur af því, að hún telur nauðsynlegt, að þessu sje haldið sundurgreindu, enda geta menn snúið sjer til Landbúnaðarbankans með þessi erindi. Jeg get bætt því við, að hv. 1. þm. N.-M. gerir ráð fyrir því, að menn geti fengið rekstrarlán, hvort sem þeir eru í þessum fjelögum eða

ekki. N. álítur, að þessi breyting, ef gerð verður, verði til að rýra gildi þessa máls. Með þessu móti yrði þeim gefinn kostur á lánum, sem eiga besta úrkosti af sjálfsdáðum, þeim, sem eru ekki fjelagslega sinnaðir o. s. frv., en hinsvegar gert þrengra fyrir þá, sem erfiðara eiga með að fá fje til þarfa sinna. N. álítur því, að þessi breyting verði til stór-spillis á frv. Annars rekast þessar brtt. hv. 1. þm. N.-M., að því er jeg fæ best sjeð, all-óþyrmilega á 45. gr. l. um Landbúnaðarbankann. Þar segir svo, í 3. málsgrein: „Ekkert lán má veita gegn veði í búfje, öðru en kúm, nema eigandi fjárins sje fjelagi í fóðurbirgðafjelagi, sem bankastjórn tekur gilt. Getur og bankastjórn sett það skilyrði fyrir lánveitingu, að fjelagar, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgist bústofnslánadeild það tjón, er hún kann að verða fyrir vegna fóðurskorts þess búfjár, er hún hefir að veði frá fjelagsmönnum.“ Mjer sýnist þessi ákvæði reka sig á það, ef mönnum utan fjelaganna er lánað fje í þessu skyni, og er jeg hræddur um, að svo mundi verða í reyndinni, að rekstrarlánafjelögin yrðu að bera ábyrgð á þessum lántökum að einhverju leyti. Og þótt með þessu móti yrði auðveldara fyrir bændur að afla sjer fjár til að auka bústofn sinn, virðist n. þeir agnúar á þessum till., að ekki sje rjett að samþ. þær.

Jeg hefi áður getið þess, hvers vegna n. vill ekki blanda sparisjóðsstarfseminni saman við rekstrarlánin. Jeg hygg, að þeim, sem á annað borð hafa hug á að spara, muni ekki verða skotaskuld úr að koma peningum sínum í banka eða sparisjóð til ávöxtunar, svo að það virðist með öllu óþarft að gera ráðstafanir í þessa átt. Annars er þetta ekkert atriði, sem máli skiftir.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. hv. 1. þm. N.-M., því að eins og hann tók sjálfur fram, eru þær svo bundnar innbyrðis, að ein fellur með annari. Hann drap á það, að hann teldi till. landbn. ekki til bóta, nema ef vera kynni 4. og 5. brtt. Þessu gat jeg vel búist við, því að till. hans ganga í gagnstæða átt við till. n.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að umr. fari nú að lúkast úr þessu.

Frs.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru aðeins örfá orð í sambandi við brtt. 1. þm. N.-M. (HStef). Mjer finst það koma skýrt fram, hvað fyrir honum vakir. Honum er það ljóst, hversu mikið atriði það er, að gera bændum sem greiðastan aðgang að lánum til að auka bústofn sinn. Á það verður að leggja aðalhersluna, samhliða því að auka umbætur á jörðunum. Þessari hugsun, sem virðist liggja á bak við brtt. hv. 1. þm. N.-M., er jeg sammála, því að það verður að stefna í þá átt, að hjálpa bændum sem mest á þessu sviði. Hinsvegar vil jeg benda á það, að hjer er um frumsmíð að ræða í 4. kafla frv., og því ekki hyggilegt að ganga lengra en þar er gert. Við eigum svo margt eftir að gera enn á þessu sviði. Jeg vona t. d., að frv. til. l. um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna nái samþ. þingsins. Þá eiga búfjártryggingalögin eftir að koma til framkvæmda og aukinn fjelagsskapur og ráðstafanir um fóðurtryggingar. Er svo margt eftir ógert í landbúnaðarmálunum enn sem kom-

ið er, að ekki verður ráðist í alt í einu, enda hefir þetta ekki fengið nægan undirbúning nje verið rannsakað til hlítar. Og jeg álít því, að það þurfi að endurskoða fyrirmælin um lán til þessa þegar á næsta eða næstu þingum. Fjórði kafli frv. er alger frumsmíð, og þótt jeg sje samþykkur þeirri hugsun, sem fyrir 1. þm. N.-M. vakir, álít jeg tæplega rjett að ganga inn á þessa braut, eins og sakir standa.

Halldór Stefánsson: Jeg býst ekki við, að mikið tjái að deila við hv. landbn. út af brtt. minum, því að hún mun hafa svo mikil ítök í hv. d., þegar til atkvgr. kemur. En jeg verð að segja það, að mjer þóttu þær ástæður, sem hv. frsm. n. (JörB) færði fram gegn till. minum, vera veigalitlar og ekki rjettar.

Hv. frsm. játaði það, að það gæti verið gagnlegt að styðja að því, að gera þessi lán greiðari, en þóttist hinsvegar ekki vilja blanda saman rekstrar- og bústofnslánunum. Þetta er á hreinasta misskilningi bygt. Lánin verða veitt algerlega sjer í lagi; rekstrarlánin eftir þeim reglum, sem þar um gilda, og bústofnslánin sömuleiðis eftir þeim reglum sem um þau gilda. Hjer er engu blandað saman, nema hvað það verður sami milliliðurinn, er veitir hvortveggja þessi lán, og jeg fæ ekki sjeð, að það sje nokkuð athugavert við það.

Hv. frsm. n. taldi, að það mundi rýra hið almenna gildi þessa frv., ef einstökum mönnum yrði veittur rjettur til lána, og færði það til, að þeir menn myndu nota sjer þetta og ganga ekki í fjelögin, er væru einstrengingslegir og ófjelagslyndir. Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja: Myndu þessir menn láta kúgast til að ganga í fjelögin vegna þessara laga? Jeg held, að ekki sje hægt að gera ráð fyrir því. Þeir myndu standa utan við fjelögin eftir sem áður, en fara á mis við að njóta þessara lána og leita sjer annara úrræða.

Þá taldi hv. frsm. n., að till. minar rækjust á 45. gr. l. um Landbúnaðarbankann. Jeg gerði að vísu ráð fyrir, að svo kynni að vera, að athuga þyrfti till. minar í sambandi við frv. um Landbúnaðarbankann, þó að jeg tæki ekki sjálfur eftir því, að þetta rækist á. En þetta, sem hv. frsm. færði til, er á misskilningi bygt, því að sú málsgrein, sem hann las upp, fjallar ekki um rekstrarlánafjelög, heldur fóðurbirgðafjelög, og það er vitanlegt, að sá er fengi rekstrarlán, getur verið í fóðurbirgðafjelagi, og meira að segja verið skyldur til þess.

Hv. frsm. n. vildi gera lítið úr þeim ástæðum, sem jeg færði fram fyrir því, að það gæti verið gott að eiga hægan aðgang að stofnunum, er ávöxtuðu fje, og færði hann það til, að mönnum yrði ekki skotaskuld úr því að koma fje sínu á vöxtu, ef þeir á annað borð hefðu hug á því. Þetta má vel vera, ef um mikið fjármagn er að ræða; en það sem fyrir mjer vakti, var það, að þeim mönnum, er lítið fje eiga og lítið fje áskotnast, gæti orðið það hvöt til sparnaðar, ef þeim er auðvelt um að ná til stofnana, er ávaxta fje. Þó að ekki sje um beina örðugleika að ræða nú, til að fá ávaxtað fje sitt, eru þeir þó svo miklir, að menn, þegar um lítið er að gera, láta það oftast vera, til að hliðra sjer hjá þeim umsvifum, að koma fje sínu á

vöxtu og geta náð til þess aftur. Þetta á einkum við um smærri upphæðir. Hitt tel jeg vafasamt, að þeir menn, sem eiga fje svo að verulegu nemi, láti það liggja á vöxtum heima fyrir, þar sem öllum er vitanlegt um það.

Jeg hefi þá minst á höfuð-mótbárur hv. frsm. n. gegn till. mínum, og læt þetta nægja.

Mjer þótti vænt um, að hæstv. forsrh. tók vel í till. mínar að efni til og taldi þá hugsun, sem liggur þeim til grundvallar, rjetta og þess verða, að hún kæmist til framkvæmda, þegar tímar liðu. Mjer þótti gott að heyra þetta, því að það gefur mjer vonir um, að þótt till. mínar nái ekki fram að ganga í þetta sinn, muni þær þó að meira eða minna leyti koma til framkvæmda síðar meir. Mjer er það ekkert höfuðatriði, hvort till. mínar ná fram að ganga nú eða síðar. En hinu held jeg föstu, að sú tilhögun, sem jeg sting upp á, gæti orðið að meira liði og svarað betur tilgangi málsins en frv. eins og það er. Enda get jeg ekki sjeð, hvaða ástæða er til að bústofnslánin þurfi að skifta beint við bankann sjálfan, en megi ekki skifta við þá milliliði, sem bankinn notar þó fyrir sig um rekstrarlán. Hinsvegar get jeg skilið, og virt hv. n. það til vorkunnar, þó að hún vilji fara varlega. Það vil jeg líka gera, eins og sjá má á því, að jeg mun styðja sumar till. hv. n., sem lúta að því að fara varlega, og bygðar eru á skynsamlegri hugsun. Og jeg get bætt því við, að öllum þeim till., sem jeg tel að verða megi til varúðar um rekstrarlán bænda vil jeg fylgja.

Jeg mun svo ekki fjölyrða frekar um málið, enda hefi jeg nú notað ræðurjett minn. Og jeg mun taka því með jafnaðargeði, þó að till. mínar nái ekki samþ. að þessu sinni, en mjer þótti vænt um að heyra frá hæstv. forsrh., að hann álítur till. mínar bygðar á rjettri hugsun, því að það gefur mjer þá von, að sú stefna er kemur fram í þeim sigri þegar stundir líða.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er ástæðulaust að eyða mörgum orðum út af þeim skoðanamun, sem er á milli hv. 1. þm. N.-M. og landbn.

Hv. þm. vill, að einstakir menn jafnt sem fjelög eigi kost á að fá rekstrarlán. Ef þetta yrði samþykt, gæti það leitt til þess, að þeir, sem best eru stæðir fjárhagslega, fengju lán aðeins fyrir sig, án þess að bindast nokkrum fjelagsskap með öðrum. Samstarf og samhjálp í þessum efnum myndi verða minni, eftir þessari tilhögun, ef samþykt yrði, heldur en ella, og álítur landbn., að það sje mjög óheppilegt. Hún leggur því á móti þessari till. hv. 1. þm. N.-M.

Hv. 1. þm. N.-M. fanst jeg blanda saman restrarlánum og lánum til bústofnsauka. Ma vera, að jeg hafi ekki gert þess svo glögga grein, sem þurft hefði, hvað mjer þótti áfátt um að hafa þessa tilhögun á starfi þessara stofnana, sem hv. 1. þm. N.-M. vill viðhafa.

Jeg veit vel, að fjármunir, sem fengnir eru til að kaupa bústofn fyrir, að slíkum lánum í lánsfjelögum er ekki blandað saman við rekstrarlánin. En lánin, sem veitt eru til bústofnskaupa, þau standa í nokkur ár, eða nokkur hluti þeirra, sem skuld á nafni rekstrarlánafjelagsins og á

ábyrgð þess að nokkru leyti. Eftir till. þm. má veita einstökum mönnum utan fjelags lán til að kaupa bústofn. Það má veita einstaklingum, sem eru í bústofnslánafjelagi, sem þm. gerir ráð fyrir að verði, lán til að kaupa bústofn á ábyrgð allra þeirra manna, sem eru í bústofnslánafjelagi. Ennfremur getur stjórn Búnaðarbankans, eftir því sem 45. gr. þess frv. er nú orðið, gert það að skilyrði fyrir láni til bústofnskaupa, að allir, sem eru í sama fóðurbirgðafjelagi, beri ábyrgð á lánum, sem veitt eru til bústofnskaupa. Það getur þannig orðið svo í framkvæmdinni, að þeir menn, sem eru í bústofnslánafjelagi, að þeir beri ábyrgð á búfjárkaupalánum fjelaga sinna, og ennfremur bera þeir ábyrgð á búfjárlánum annara manna, af því þeir kunna að vera í sama fóðurbirgðafjelagi. Þetta er því tvöföld samábyrgð, og satt að segja ekkert fýsileg. Þessu er landbúnaðarnefndin algerlega mótfallin.

Nefndin telur best á því fara, að láta bústofnslánadeildina vera með því sniði, sem ráð er fyrir gert í frv. um Búnaðarbanka, og blanda því á engan hátt saman við starfsemi rekstrarlána fjelaganna. Það myndi bara verða til þess að rýra lánstraust þeirra, sem stæðu í skuld við bústofnslánadeild, til þess að fá rekstrarlán.

Háttv. þm. taldi að jeg hefði sagt, að þessar brtt. hans um bústofnslán kynnu að reka sig á ákv. 45. gr. Jeg fullyrti nú ekkert um þetta. En í framkvæmdinni verður það nú svo, að mönnum mun ekki þykja girnilegt að ganga inn í alla þessa ábyrgðarflækju.

Jeg held þess vegna, að hv. deild gerði best í því, að samþ. ekki þessar breytingartillögur.

Jón Sigurðsson: Mig langar að segja hjer örfá orð, án þess þó að jeg ætli með þeim að fara að aðstoða hv. frsm. (JörB), enda er hann sjálffær að halda á málinu fyrir n. hönd.

Jeg vildi þá byrja með að láta gleði mína í ljósi yfir því, hve hugmyndin um aukin rekstrarlán landbúnaðinum til handa virðast eiga hjer nú miklum vinsældum að fagna. Jeg er sannfærður um, að engin tegund lána verður jafn alment notuð eins og rekstrarlánin, enda mun þörf þeirra vaxa í framtíðinni og þau þá koma til að ná til hvers manns, sem í sveitum býr, og jafnvel margra kaupstaðabúa líka, og gera þeim kleift að haga verslun sinni og viðskiftum á alt annan og hagfeldari veg en nú er.

Jeg vil líka tjá hæstv. atvmrh. þakkir fyrir það, hvernig hann tók í till. n. Hafði jeg þó búist við, eftir því sem honum fórust orð í gær, að honum þætti n. fara of varlega í till. sínum. En við vildum fara gætilega á stað og láta reynsluna skera úr, hvort auka þyrfti við síðar. En um þá till. nefndarinnar fór þó annan veg en búast mátti við. Var henni illa tekið, svo tillagan fjell, og þess vegna er bústofnslánadeildin hreinn óskapnaður, eins og hún er nú, en það liggur hjer ekki fyrir.

Þá þótti mjer og vænt um þá yfirlýsingu hæstv. atvmrh., sem jeg falaðist eftir í gær, um afstöðu þeirra manna til að njóta rekstrarlána, sem stunda sjó að einhverju leyti. Svör hæstv. ráðh. voru skýr og ljós, — gagn-

stætt því, sem svör hans voru í gær, — nú lýsti hann því eindregið yfir, að kaupstaðarbúar, sem hefðu einhverja landbún.framleiðslu, ættu að sjálfsögðu að fá rekstrarlán. Jeg er vel ánægður með þessa yfirlýsingu ráðh., þó að hún komi seint.

Þá voru það bústofnslánafjelögin, sem hv. 1. þm. N.-M. var að tala um, sem jeg vildi minnast lítillega á. Jeg get tekið undir með hv. þm., að slíkur fjelagsskapur er góð hugmynd og gagnleg, en mjer er ekki kunnugt um, að þessi fjelög hafi tíðkast annarsstaðar en á Austurlandi. Og þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að slík fjelög gætu fengið lán til þess að auka bústofn bænda, þá mun það hafa verið venjan, að viðkomandi hreppsfjelag væri lántakandinn. En eftir brtt. hv. 1. þm. N.-M. skilst mjer, að það sjeu bústofnslánafjelögin sjálf, sem eiga að taka lánið, hvert fyrir sig. Nú er það svo, að ef fjelögin eiga að njóta slíkra hlunninda, þá virðist mjer óhjákvæmilegt, að löggjöfin setji einhver skilyrði þar um, eða semji einskonar ramma utan um slík ákvæði. En samkvæmt brtt. hv. þm. er ekki um neinn slíkan ramma að tala. (**HStef:** Hann felst í brtt. mínum). Það er þá a. m. k. mjög óljóst orðað, ef á að vera hægt að draga slíkt út úr till. hans. Fjelagsskapur þessi er að vísu með líku sniði og gert er ráð fyrir með rekstrarlánafjelögin, en lögformlega er því ekki yfirlýst.

Jeg skal játa, að jeg er því hlyntur, að fjelög þessi hafi aðgang til bústofnslána. En mjer skilst, að þá þyrfti að setja lög um það, hvernig slíkum fjelögum yrði fyrir komið til staðfestu því, að þau geti notið fullnægjandi lánstrausts.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Mjer skilst, að allir sjeu orðnir ásáttir um það, að till. n. sjeu til bóta, og vænti því, að þær nái fram að ganga.

Halldór Stefánsson: Það var út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. (JS), að jeg vildi benda á, að hann virðist ekki hafa kynt sjer brtt. minar ítarlega, er hann segir, að engar reglur eða rammi sje um það, hvernig bústofnslánafjelögunum skuli fyrir komið.

Hann virðist ekki hafa tekið eftir brtt. minni við 4. gr., sem setur sömu reglur um stofnun bústofnslánafjelaga og gert er ráð fyrir að gilda skuli um rekstrarlánafjelög. Bústofnslánafjelögin eru því jafn rammalaus eins og rekstrarlánafjelögin, eða þá jafnvel römmuð, hvernig sem hann annars vill orða það.

ATKVGR.

Brtt. 241, 1 feld með 14 : 2 atkv.
— 241, 2—13 teknar aftur.
— 216, 1 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 216, 2a samþ. með 16: 2 atkv.
— 216, 2b samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 216, 3 samþ. með 17: 2 atkv.
4. gr. svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 276 tekin aftur.
— 216, 4 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 216, 5 (ný 7. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 216, 6 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
9. og 10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 216, 7 (gr. falli niður) samþ. með 17:1 atkv.
12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 18:2 atkv.
Brtt. 216, 8a samþ. með 14:8 atkv.
— 216, 8b samþ. án atkvgr.
— 216, 8c samþ. með 15 shlj. atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 216, 9 (ný grein) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 216, 10 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um lánsfjelög.

Á 40. og 46. fundi í Nd., 9. og 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 290, 302, 374).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 374. Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Jeg ber hjer fram brtt. á þskj. 374, sem er í þrem liðum, en er þó eiginlega ekki nema ein brtt. Hún er aðeins um fyrirsögn frv., um það, hvað þessi fjelög eiga að heita. Nú eru þau kölluð lánsfjelög, en jeg sje að nafnið er mjög líkt nafninu á l. nr. 62 frá í fyrra, sem eru um hlunnindi fyrir lánsfjelag. Mjer finst það vera alveg óþarfi, að láta tvenn l. bera sama nafn, og þar sem það kemur fram í frv., að þessi fjelög eru skilgreind sem rekstrarlánafjelög, þá finst mjer rjettast að láta þau bera það nafn.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): N. hefir ekki átt kost á að bera sig saman um brtt. hv. 1. þm. Reykv., en þar sem ekki er um meira atriði að ræða, þá skiftir það ekki miklu máli. Það er rjett, að nafnið, sem n. lagði til, er mjög líkt heitinu á þessum l. frá í fyrra. Það er aðeins sá munurinn, að nafnið er í fleirtölu eftir okkar frv., en í eintölu á l. frá í fyrra. N. hefir því óbundin atkv. um þetta, og býst jeg við, að menn láti sjer á sama standa um svo smávægilegt atriði. Þó þykir mjer það heiti, sem frv. nú hefir, betra.

N. hefir sjálf leyft sjer að bera fram brtt. við 14. gr., og er það aðeins breyting á einu orði, að í staðinn fyrir „ráðherra" komi atvinnumálaráðherra. Það var upphaflega tilætlunin, að þetta heyrði undir atvmrh., en til þess að taka af öll tvímæli, kom n. fram með þessa brtt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það komu fram 2 brtt. við nafnið á Landbúnaðarbankanum, og þetta er önnur brtt. við nafnið á þessu frv. Mjer er í rauninni alveg sama, hvort nafnið verður tekið, en þegar frv. er komið til hv. Ed., þá mun jeg reyna að koma upprunalegu nöfnunum á þessar stofnanir, því að Landbúnaðar-

banki og Sveitabanki eru langsamlega fallegustu nöfnin.

ATKVGR.
Brtt. 374, 1 feld með 14:7 atkv.
— 374, 2—3 teknar aftur.
— 302 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 380).

Á 52. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., og til landbn. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, EF, IP, JBald, JónJ, JónasJ, JKr, PH, GÓ.
nei: BKr, HSteins, IHB, JóhJóh.
JÞ greiddi ekki atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., sama dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 380, 479, 603, n. 623, 667 og 670).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. á þskj. 667 og 670. Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jónas Kristjánsson): Þetta frv. um lánsfjelög er nátengt frv. um Búnaðarbanka, þar sem þessar stofnanir eru eiginlega ein deild af honum, enda varð það samferða Búnaðarbankafrv. í Nd. Þetta frv. hefir samt átt erfiðara uppdráttar hjer, þar sem það er nú orðið hálfum mánuði á eftir hinu. —

Jeg hefi gert grein fyrir áliti mínu á frv. í nál. á þskj. 623, og tek þar fram, að mjer finst sjálfsagt, að frv. verði að lögum nú, eins og bankafrv., því fremur sem það er fult eins merkilegt og bankafrv. sjálft. Það, sem þetta frv. stefnir að, er aðallega það, að útvega bændum rekstrarlán, til þess að þeir geti í framtíðinni verslað skuldlaust meira en verið hefir, haft fulla gát á sínum verslunarmálum og tekið út fyrir peninga, í stað þess að hafa vöruskiftaverslun. Þegar jeg skrifaði nál., var ekkert álit komið frá meðnefndarmönnum mínum, en jeg vissi, að þeir voru ekki sömu skoðunar og jeg, og gerði jeg því ráð fyrir, að jeg yrði minni hluti n., en hinir nefndarmennirnir yrðu samferða. Það hefir samt ekki orðið. Þeir hafa skrifað tvö nál., hvort á sinn veg.

Mjer þykir frv. hafa tekið miklum breytingum til hins betra í Nd., og vona því, að það verði samþ. sem líkast því, sem það kom þaðan. En jeg get ekki aðhylst nál. á þskj. 670, af því að mjer finst það stefna í öfuga átt við aðalatriði frv., sem sje að fyrirbyggja skuldaverslun.

Jeg ætla ekki að fara mikið inn á brtt., sem fram hafa komið við frv., meðan hv. frsm. hafa ekki gert grein fyrir sínu áliti. Þó skal jeg minnast nokkuð á einstök atriði.

Það, sem mjer þykir athugavert við brtt. á þskj. 670 er, að þessari grein

landbúnaðarbankans er heimilað að taka við sparisjóðsinnlögum. Á þann hátt er tekið frá þeim sparisjóðsstofnunum, sem fyrir eru, og það tel jeg illa farið. Það getur að miklu leyti eyðilagt starfsemi sparisjóðanna. Það má vera hv. frsm. vel kunnugt, að sparisjóðir, bæði í hans sveit og minni, standa með miklum blóma. Þeir hafa starfað um langt skeið og safnað talsvert miklu fje í varasjóð, og yfirleitt verið til mikillar hjálpar sem bankastofnun. Jeg býst þess vegna við, að jeg flytji brtt. við 3. umr., þess efnis, að þetta verði felt í burtu, og sparisjóðirnir fái að starfa samhliða þessum hluta landbúnaðarbankans og hver í skjóli annars. Í samræmi við það hefði jeg óskað þess, að samvinnufjelögin yrðu ekki gerð að milliliðum á milli Búnaðarbankans og lánsfjelaganna, af því að jeg er hræddur um, að þá yrði erfitt að útiloka vöruskiftaverslun. Jeg segi þetta ekki af kala við samvinnufjelögin, heldur þvert á móti af góðvilja, af því að jeg álít tryggara fyrir samvinnufjelögin að hafa ekki slíka milligöngu með höndum. Jeg held, að happasælast sje að aðgreina sem mest verslun með útlendar og innlendar vörur, því að það er það, sem með þarf, til þess að hægt sje að koma á reglulegri peningaverslun. Það þarf að fyrirbyggja vaxandi skuldasöfnun. Jeg álít verslunarskuldir eitthvert mesta böl þjóðarinnar og þungan bagga fyrir landbúnaðinn. Ef þessu hefði fyr verið kipt í lag, mundi hagur manna standa miklu betur en nú er. Menn yrðu áhugasamari um að versla skuldlaust, ef þeir hefðu peninga til að versla fyrir. Það mundi auka skilsemi manna og glæða ábyrgðartilfinningu þeirra og sjálfstæðishvöt.

En þó að jeg telji frv. gott, finn jeg þó smáagnúa á því, sem mjer finst hægt að laga ennþá. Jeg mun þannig greiða atkv. með brtt. við 13. gr. á þskj. 667, um að lausafjárveð þurfi að víkja fyrir forgangskröfum í búi skuldunauts. Þótt jeg telji nokkra galla á frv., mun jeg fylgja því, en hinsvegar fylgja þeim brtt., er jeg tel til bóta.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Jónsson): Jeg verð að afsaka, að dregist hefir fyrir nefndinni að afgreiða þetta mál. Það var lagt fram 22. apríl, en einmitt um það leyti byrjuðu aðalþingannirnar, og jeg hefi talið mjer skylt síðan að ganga af kappi að störfum í fjvn.

Hins vegar get jeg ekki sjeð, að þessi dráttur komi svo mjög að sök, þar sem til er ætlast, að þessar stofnanir, lánsfjelögin, fái sitt aðallánsfje frá Búnaðarbankanum. Búnaðarbankinn tekur ekki til starfa fyr en á næsta ári, og því verða lánsfjelögin ekki stofnuð fyr, hvort sem er. Auk þess býst jeg ekki við, að þessi lánsfjelög rjúki upp víða um land þegar í stað, enda er öll framför best með gætni.

Jeg vil ekki fara mikið inn á málið sjálft, en vil þó taka það fram, að jeg tel vafasamt, að það sje hagnaður fyrir þá sveitabændur, sem í samvinnufjelögum eru, að taka peningalán, til að geta borgað út í hönd. Jeg myndi telja æskilegast, að ástæður bænda og afurðasala væri þannig, að þeir gætu þetta af eigin rammleik. En jeg tel vafasamt, að mikill hagur sje að því, að taka lánsfje til þess. Bændur í samvinnufjelögum, sem hafa mikil bankaviðskifti, hafa svo góða að-

stöðu þar, að jeg tel vafasamt, að þeir fengju betri kjör með lánsfjelaga-fyrirkomulaginu. Hvort sparnað leiddi af því fyrirkomulagi, skal jeg ekki segja um, en fremur finst mjer það ólíklegt. Jeg held, að fyrir gæti komið, að þegar menn væru búnir að borga úttekt sína með lánsfjenu, að þeir freistuðust til að taka vörur að láni í viðbót, og væri þá síðari villan verri hinni fyrri. Jeg stend ekki einn uppi með þessa skoðun. Jeg hefi hjer fyrir framan mig umsögn Söfnunarsjóðsstjórans, síra Vilhjálms Briems, sem kunnur er fyrir gætni og glöggskygni í þessum efnum. Hann segir svo:

„Þá er að minnast á sparisjóðs eða rekstrarlánadeildina. Sú var tíðin, að jeg taldi rekstrarlán æskileg fyrir landbændur, en síðan hafa aðstæður breyst, svo að jeg lít svo á, að þeirra sje ekki þörf. Nú eru kaupfjelög komin víða um sveitir, og eiga þau mun hægara um vik að afla sjer rekstrarlána en einstaklingar. Þess utan er öflug heildsala fyrir kaupfjelögin komin á laggirnar, þar sem er Samband íslenskra samvinnufjelaga. Sambandið hefir góð bankasambönd, svo að þau kaupfjelög, sem við það skifta, eru vel sett með lán hjá því, eða fyrir þess milligöngu, á milli kauptíða. Jafnvel þó kaupfjelögin ekki vildu nota sjer aðstöðu og aðstoð Sambandsins, eru þau nú á tímum ekki í neinu hraki með að afla sjer rekstrarlána. Það hefir t. d. Sláfurfjelag Suðurlands sýnt með því fyrirkomulagi á sínum lántökum, sem það hefir um margra ára skeið viðhaft í viðskiftum sínum við Landsbankann. Annars munu kaupfjelögin löngum hafa viðhaft svipað fyrirkomulag til lántöku. T. d. Kaupfjelag Skagfirðinga þegar fyrir aldamót, en það hafði þá ekki að neinum banka að hverfa, heldur varð að snúa sjer til L. Zöllner's um lántökur. Hann annaðist þá kaup og sölu fyrir fjelagið. Vel má vera, að lánin hafi verið dýrari en þurft hefði, ef banki hefði verið í landinu, sem hefði getað veitt þau, en engu að síður voru viðskiftin svo góð, að jeg hefi aldrei haft betri verslun en þau ár, sem jeg var í því fjelagi."

Þetta segir maður, sem er færari að dæma um þessa hluti heldur en jeg. En þó vil jeg ekki fyllilega taka undir það með honum, að slíkra stofnana sje alls ekki þörf. Jeg held að heppilegt geti verið að dreifa lánsfje frá Búnaðarbankanum til bráðabirgðaþarfa út um sveitir landsins. Við keppum að því í kaupfjelögunum, að allir sjeu skuldlausir um áramót, og slíkt er nauðsynlegt. Nú stendur oft svo á, að allar afurðir bænda eru ekki seldar um áramót, og er þá hentugt að geta átt kost á þessu lánsfje til að greiða skuldir sínar að fullu. Jeg get hugsað mjer fleiri tilfelli, þar sem slík lán kæmu að góðum notum, t. d. ef bændur hefðu heyjað vel og vildu því eigi lóga svo miklu sem venjulega. Þá væri þeim gott að geta fengið lán, til þess að þeim yrði kleift að geta aukið bústofn sinn. Líka gætu slík lán verið hentug við greiðslu kaupgjalds o. fl. Vera má líka, að slík lán geti verið hagkvæm til að hreppa betri verslunarkjör en ella, en þó hefi jeg litla trú á því þar sem kaupfjelög eru fyrir.

Samt sem áður efast jeg ekki um, að þar sem þroskuðustu mennirnir eru, geti slík lán komið að liði. En jeg vil leggja áherslu á, að gera löggjöf

þessa sem best úr garði. Erlend fjelög, er ganga í þessa átt og sniðin eru eftir þýskri fyrirmynd og eru í samvinnuformi, hafa reynst mjög vel.

Mjer fanst frv. upphaflega vera vel undir búið, enda var höfundur þess manna færastur til að gera það vel úr garði, þar sem hann ber ágætt skyn á þessi mál og hefir lengi verið starfsmaður hjá samvinnufjelögum og bönkum. Jeg tel því, að það hafi verið viðurhlutamikið af þinginu að fara að breyta frv. fyr en reynslan hafði sýnt, hvaða gallar væru á því. Jeg tel þá breytingu t. d. til skemda, að lánsfjelögin megi ekki taka sparisjóðsfje til ávöxtunar. Jeg sje ekkert á móti því, að svo sje gert. Ef bændur fá traust á þessum stofnunum, þá er eðlilegast að þeir leggi sparipeninga sína í þær, enda er eðlilegast, að sparifjeð starfi þar sem eigandi þess er. Þetta fje ætti að fást með hagkvæmari kjörum en fjeð frá Búnaðarbankanum. Það er því rangt að draga afl úr sjóðnum með þessari breytingu.

Þá finst mjer sú breyting óheppileg, að breyta nafninu „sveitabanki" í „lánsfjelag". Það er lítilfjörlegra heiti og miðar fremur að því, að draga úr trausti þessara stofnana.

Þá hefir sú breyting verið gerð á frv. í Nd., að gert er ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn veiti lánin beint, en áður var til ætlast, að hann veitti þau gegnum kaupfjelög og sparisjóði. Þessa breytingu tel jeg bæði til bóta og skemda. Að vísu er ávalt gott að fækka milliliðunum. En hinsvegar má gera ráð fyrir, að óhentugra sje fyrir Búnaðarbankann að skifta við mörg lánsfjelög úti um land, er hann þekkir ekki til, heldur en þektar stærri stofnanir. Þó get jeg fyrir mitt leyti fallist á að láta þetta ákvæði standa óbreytt.

Sú breyting hefir einnig verið gerð í Nd., að lánin megi alls ekki standa lengur en 1 ár. Jeg er á þeirri skoðun, að heppilegast sje, að lánin standi yfirleitt ekki lengur en þetta, svo að menn sofni ekki á þeim, en ef bændur verja lánsfjenu t. d. til að kaupa sjer dýr verkfæri, getur þeim orðið erfitt að lúka þeim á einu ári. Þegar svo stendur á, ætti að mega skifta greiðslu lánanna á nokkur ár, því að þó að Búnaðarbankinn veiti slík lán til lengri tíma, þá er erfitt fyrir þá, sem í fjarlægð búa, að sækja lánin þangað, og því betra að geta fengið þau í sveitabankanum.

Þá er refsingin við vanskilum alt of ströng að mínum dómi. Öll vanskil eiga að varða brottrekstri eftir breytingum Nd. Allir sjá, hve ósanngjarnt þetta ákvæði er, ef gert er ráð fyrir því t. d., að maður leggist veikur og geti því ekki goldið lán sitt á rjettum gjalddaga. Jeg vil að hjer gildi sömu ákvæði og í samvinnufjelögunum um það, að aðalfundur ráði brottrekstri manna.

Þá finst mjer það ákvæði miða að því, að draga úr sjálfstæði fjelaganna, að sú stofnun, sem veitir þeim lánið, eigi að hafa á hendi alla reikningsfærslu fyrir fjelagið. Jeg vil, að fjelögin sjeu bygð sem mest neðan frá, ráði sjálf forstöðumenn sína og hafi reikningshaldið á hendi sjálf. Mjer finst það ærið úrhendis, að Búnaðarbankinn annist vaxtareikning lánsfjelaga á Norður- og Austurlandi. Skil jeg ekki þær röksemdir, að hægara sje

að fylgjast með hag fjelaganna fyrir menn á öðrum landshornum heldur en heima í hjeraði.

Þá sje jeg ekki ástæðu til að banna að lána út á framleiðslutæki og jarðarafurðir t. d. hey, eins og leyft var upphaflega frv. Bændur hafa ekki svo mikið til að veðsetja, að rjett sje að banna þetta.

Jeg tel það mjög óheppilegt, að hv. Nd. skuli hafa felt lögtaksrjett lánsfjelaganna niður. Þetta verður til að gera allan málarekstur erfiðari og dýrari en ella.

Jeg hygg í fám orðum sagt, að ekki hafi verið rjett að breyta frv. mikið frá því, sem það var í upphafi, því að það var þá sæmilega undirbúið. Ef færa á frv. í sitt fyrra horf, verður afleiðingin að vísu sú, að málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi, en þá yrði málið jafnframt svo vel undirbúið, að hægt væri að stofna lánsfjelögin um leið og Búnaðarbankinn tekur til starfa.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni, en vil hleypa að hv. frsm. 2. minni hl. (JBald) og ræða mikilla brtt., hv. 1. þm. G.-K., áður en jeg tala meira í málinu.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það má segja, að landbn. hafi tvístrast í allar áttir í þessu máli, og er það raunar meira en að líkum lætur, þar sem ekki ber svo ýkjamikið á milli.

Jeg hefi flutt eina brtt. við 13. gr., en þar segir svo, að lausafjárveð þurfi ekki að vikja fyrir forgangskröfum í þrotabúi skuldunauts. Geri jeg till. um, að þetta sje felt niður, þar sem jeg tel það mjög varhugavert, ekki síst fyrir sánþega. Er gert ráð fyrir, að hægt sje að veðsetja sjerstakan flokk búpenings, án þess að lýsa hverri einstakri skepnu, eins og nú tíðkast, og til að tryggja þetta, eru feldar niður forgangskröfur þær, er nú hvíla á að lögum. Hv. frsm. 3. minni hl. (JónJ), vill ganga enn lengra í því, að tryggja lánsfjelögin gegn tapi, með því að fjelögin hefðu lögtaksrjett fyrir kröfum sínum. En jeg tel mjög tvíbent að tryggja lánsfjelögin þannig, því að það yrði án efa til að rýra lánstraust þeirra einstaklinga, sem í fjelögunum eru. Það hefir ávalt verið viðurkent til þessa, að kaupgjald ætti að ganga fyrir öðrum kröfum, og þann rjett verkalýðsins vil jeg ekki láta rýra. Jeg held líka, að þetta ákvæði gæti komið sjer illa þar sem svo kynni að geta staðið á, að ríkissjóður ætti kröfu á opinberan starfsmann, og yfirleitt tel jeg ákvæðið í frv. skaðlegt fyrir almenn viðskifti og lánstraust einstaklinga.

Það kann að vera, að jeg geti fallist á eitthvað af till. hv. 6. landsk., en þessi till. um lögtaksrjett er svo varhugaverð, að jeg mundi greiða atkv. gegn frv., ef hún yrði samþ., þótt jeg telji frv. annars til gagns. Jeg álít, að þetta ákvæði myndi rýra lánstraust þeirra manna, sem í lánsfjelögum væru, svo að enginn þyrði að eiga neitt fje hjá þeim, en jeg er ekki viss um, að lánsfjelögin geti komið í stað allra annara lánsstofnana, svo sem sparisjóða og banka.

Jeg tel mikils um vert, að brtt. mín við 13. gr. nái samþykki, og að feld verði niður 2. málsgr., svo sem segir í nál. minu.

Jeg er ekki viss um, að jeg gæti fylgt frv., ef þannig yrði niður feldur for-

gangsrjettur verkafólks að ná kaupi sínu úr dánar- og þrotabúum.

Það er rjett, að nú er langt liðið af þingi og erfitt að koma málinu áfram, ef samþ. eru brtt. við það. Hinsvegar tel jeg alls ekki vonlaust, að það næði fram að ganga á þessu þingi fyrir því, og hygg jeg að flestir mundu fúsir að veita afbrigði til þess að flýta fyrir framgangi þess. Jeg játa, að samþ. þess er ekki eins þrýn eftir að búið er að samþ. Búnaðarbankann, og hitt get jeg tekið undir með hv. 6. landsk., að bankinn verður ekki fær um að starfa mikið áður en næsta þing kemur saman. Annars mun jeg alls ekki setja fótinn fyrir frv., nema í því verði þessi háskalegu ákvæði, sem jeg hefi getið um.

Björn Kristjánsson: Jeg tek það fram þegar í upphafi, að það sem jeg segi er fyrir minn eigin reikning.

Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. við þetta frv. og er öðru nær en að þær sjeu svo margar sem þörf væri á, því í raun og veru þyrfti að semja frv. um, úr því farið var að setja það í það mót, sem því er nú skapað, eða samvinnufjelags-mótið.

Í ástæðum fyrir frv. þessu er með rjettu lokið miklu lofsorði á löggjöf þýsku bændakaupfjelaganna, sem kend eru við F. W. Raiffeisen. Það var líka óhætt að lofa þessi þýsku lög og fyrirkomulagið á kaupfjelögunum þar, því svo mikla viðurkenningu hlaut þessi Raiffeisen fyrir lög sín og starf, að honum var reistur stór minnisvarði á veglegum stað, er hann var látinn.

Það er sýnilegt, að sambandslögin frá 27. júní 1921 eru að ytri grindinni til samin með hliðsjón af Raiffeisens lögunum, en kjarninn fjekk ekki að fylgja með, sá kjarni, sem komið gat kaupfjelagsskapnum að mestu haldi. Það væri of langt mál að skýra það hjer, en verður ef til vill gert á öðrum stað síðar. Sambandslögin urðu því æði mergsvikin.

Eins og menn sjá, er hjer um ófullkomna drætti að lögum að ræða, en engin heildarlög um þetta efni, en vísað í mörgum atriðum til samvinnulaganna frá 1921, sem eru mjög óljóst samin og villandi, og hefði því þurft að endurbæta þau og það í meginatriðum.

Það verður því erfitt fyrir almenning að átta sig á því, hvað verða eiginlega hin gildandi lög lánsfjelaganna, ef þetta frv. verður óbreytt að lögum. Jeg tel öllum almenningi það ókleift, og jafnvel þessari hv. deild, að vita hvað í þeim felst. Það ætti þó að vera lögð áhersla á, að þau lög væru glögglega samin, sem ætlast er til að nálega hvert mannsbarn á landinu eigi að skilja. Sú umhyggja fyrir almenningi kemur þó fram í Raiffeisens lögunum, sem eru svo ítarlega og greinilega samin, að hver læs maður getur haft þeirra not.

Þar var sannarlega lind, sem ausa mátti af, ef ætlast var aðeins til að semja holl og heilsteypt kaupfjelagslög fyrir landið. En því miður var áherslan lögð á alt annað.

Í Raiffeisens lögunum er ekki einungis sjeð fyrir því, að auðga fjelagsmennina fjárhagslega, heldur líka andlega og siðferðilega. Það lægsta í mannseðlinu komst þar ekki að.

Jeg legg til að orðið „samvinnukaup-

fjelag“ falli burtu. Kann jeg illa við, að Alþingi Íslendinga setji þau upp til hópa á bekk með bönkum og sparisjóðum, að því er snertir stjórnsemi og fyrirkomulag, enda eru þau enn í bernsku og eiga eflaust eftir að læra mikið, svo framarlega sem land þetta á að njóta glæsilegrar framtíðar þeirra vegna.

Þessi fjelög hafa heldur ekki neina þörf fyrir fje úr þessum banka, með því að Landsbankinn lánar þeim og sambandi þeirra alt, sem þau þurfa árlega. Hygg jeg, að það muni vera kringum 10 miljónir kr. á ári, þegar mest er, og mun standa eftir af þeirri upphæð óborgað um 4 milj. kr. um hvert nýjár, samtals hjá kaupfjelögum og Sambandinu. Og svo góðsamur hefir Landsbankinn verið við þessa viðskiftamenn sína, að hann hefir gefið þurfandi kaupfjelögum upp skuldir í allstórum stíl, í staðinn fyrir að láta Sambandið ábyrgjast skuldirnar og borga þær samkvæmt tilætlun Sambandslaganna. Sambandið hefir því í næði getað safnað í sambandssjóðinn. Svona kjör býst jeg ekki við að nýi bankinn geti gefið kaupfjelögunum.

En það eru líka aðrar hliðar á þessu. Hjer er sagt, að aðeins samvinnukaupfjelög eigi að njóta lánanna. En samvinnukaupfjelög eru samkv. samvinnulögunum frá 1921, þau kaupfjelög, sem hafa takmarkaða ábyrgð í kaupfjelögum, hversu stór sem þau eru, og sem þar á ofan hafa ábyrgð fyrir sambandi þeirra, ef þau eru í Sambandinu, og það eru þau flest. Samkvæmt þessu ákvæði geta þau kaupfjelög einskis láns notið, sem stofnuð eru á heilbrigðasta grundvellinum, svo sem Kaupfjelag Borgfirðinga, sem hefir aðeins ábyrgð innan hrepps, og Kaupfjelag Hafnfirðinga, sem enga ábyrgð hefir á sínum fjelagsskap. Og loks eru það pöntunarfjelögin, sem var langhollasti kaupfjelagsskapurinn, því þau hjeldu viðskiftamönnum sínum til að borga upp í topp á hverju ári og höfðu miklu meiri áhrif á hagstæða verslun kaupmanna en núverandi kaupfjelög hafa.

Allar þessar tegundir, er jeg nú hefi nefnt, eru útilokaðar frá lánum úr þessari stofnun samkv. frv.

Þá er enn ný hlið á þessu ákvæði. Það er sagt í 1. gr., að bankinn veiti „rekstrarlán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda.“

Nú eru sum samvinnufjelög alveg laus við það, að stunda nokkurn landbúnað, svo sem t. d. kaupfjelagið Herjúlfur í Vestmannaeyjum, sem er í sambandinu, o. fl. Það á að fá lán í bankanum en ekki t. d. Kaupfjelag Borgfirðinga, sem er hreint bændakaupfjelag.

Þá er ekki óverulegasta atriðið eftir. Hvernig ætlar bankinn að fá bankahæfa tryggingu hjá þessum samvinnukaupfjelögum, þegar hver einstaklingur stendur í *solidariskri* ábyrgð með öll sín efni fyrir skuldum kaupfjelags síns og skuldum allra *annara* kaupfjelaga sem í Sambandinu eru, og sem vitanlega langt yfirstíga allra þeirra efni.

Banki gæti ekki lánað slíkum fjelögum nema gegn tryggu fasteignaveði, eða þó að minsta kosti gegn ábyrgð Sambandsins, en þá ætti ákvæði um það að standa í lögum.

Loks vil jeg geta þess, að að minsta

kosti 12 af þessum samvinnukaupfjelögum eru svo fjárhagslega illa sett, að þau mundu vera búin að lýsa sig gjaldþrota, ef þau hefðu þorað það samábyrgðarinnar vegna. Þeir menn í samábyrgðarfjelögunum, er eiga eitthvað til, veigra sjer við að gefa upp bú sín fyr en þeir eru dauðir, en þá eru líka reiturnar hirtar.

Eins og jeg sagði í upphafi, álít jeg það fyrir neðan sæmd Alþingis, að setja áreiðanleika-stimpilinn á þessi fjelög og þetta kaupfjelagsfyrirkomulag, þótt undantekningar megi finna þar eins og annarsstaðar.

Önnur brtt. mín er bein afleiðing af hinni fyrri.

Kem jeg þá að 3. brtt. Eins og menn þekkja er nú talið óumflýjanlegt, eins og siðgæði manna í viðskiftum nú er komið, að taka skuldabréf og fulla veðtryggingu, ef menn eða stofnanir lána öðrum fje. Og veðtrygging hjer á landi felst að mestu leyti í jörðum, eða húsum í kaupstöðum og verslunarstöðum. Löggjöfin mælir svo fyrir, að meta beri allar fasteignir, og varðar það við hegningarlögin, ef mat á fasteignum er ekki samviskusamlega gert. Þá ákveða lögin, að svo og svo mikið megi lána út á fasteignina, miðað við matið, ef opinberar stofnanir eiga í hlut, svo að víst sje, að þær geti tekið fulla borgun í veðinu, ef lántakandi stendur ekki í skilum. Og mjög þung refsing liggur við, ef eigandi veðsins veðsetur tveimur lánveitendum veðið með s a m a veðrjetti, svo sem kunnugt er.

Þá er ennfremur lánað út á h a n d v eð, verðmæta hluti, svo sem verðbrjef og annað, sem skýlaust verðmæti er í, og eru slík lán veitt með jafnmikilli gætni og út á fasteignir, og loks er lánað út á sjálfskuldarábyrgð einstakra manna, þar sem veðeign hrekkur ekki til. Er þá óbeinlínis lánað út á lausafje manna og manngildið. Ætlast löggjöfin auðvitað til, að eigur manna sjeu svo miklar, samanborið við lánsupphæðina, að lánið sje jafntrygt og að trygt fasteignarveð væri sett að veði fyrir láninu.

Ekkert opinbert mat fer fram á efnahag eða manngildi manna, er þeir ganga í ábyrgð, heldur meta lánsstofnendur sjálfir hversu mikið er hættulaust að lána út á hvert nafn ábyrgðarmanna. Fer það auðvitað eftir gætni, þekkingu og samviskusemi forstjóra stofnananna, hvernig þeim tekst þetta vandasama mat. Það verður ekki annað sjeð en að Íslendingum takist þetta mat hrapallega illa.

Þannig hafa tvær lánsstofnanir hjer strikað út lán á fáum árum, sem nema upp undir 20 milj. kr. (**JónJ**: Var það hjá samvinnufjelögum). Nei, ekki sjerstaklega. Jeg er aðeins að tala um málið alment. Mátti heita, að það væri alt út af skökku mati á gildi efna þeirra og manngildi, sem gengu í sjálfsskuldarábyrgð, og var tap stofnananna þó mun meira. Þetta sýnir, að sjálfskuldarábyrgðarmennirnir hafa í raun og veru margveðsett eignir sínar, fastar og lausar, með sama veðrjettinum, og sýndu þar með, vegna bjartsýni sinnar í peningamálum, fávisku og ábyrgðartilfinningarleysis, fullkomna sviksemi, sem ætti engu síður að varða við lög en að veðsetja tveimur eða fleirum fasteign sína með sama veðrjetti.

Hvernig ætli að fari, þegar bændum verður leyft að veðsetja, samkv. frv.

Búnaðarbankans, bústofnslánadeildinni kýrnar sínar samkv. hreppstjóraeignar- og veðbókarvottorði.

Það er til þess að leggja þó einn stein í götu þessara ábyrgðarsvika, að jeg legg til, að 3. brtt. mín verði samþ., að enginn má ganga í lánsfjelag, sem á að hafa lögþvingaða samábyrgð, sem er í öðru fjelagi, sem hefir slíka samábyrgð. Geri jeg þessa till. í samræmi við Raiffeisens lögin, 5. gr.

Kem jeg þá að 4. brtt. við 4. gr. Í lögunum um samvinnufjelög, 3. gr., 10. lið, er svo ákveðið, að innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóði sje ekki útborgað við fjelagsslit, heldur afhent öðrum til ráðstöfunar, til annara samskonar fjelaga, er síðar kunna að stofnast, og þar sem vísað er í frv. þessu til þessara laga í þessu efni sem öðru, hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa brtt.

Mjer finst, að efnahag bænda sje þannig háttað, að þeir sjeu ekki færir að safna upp verslunararði fyrir eftirkomendurna, sem enginn veit um nú hvernig farið verður með. Mjer finst nær liggja, að þeir geti losað sig úr verslunarskuldunum.

Að vísu gera Raiffeisens lögin ráð fyrir þessari sjóðsöfnun handa eftirkomendunum, en í 64. gr. þeirra laga er fjelagsfundi gefið vald til að skifta sjóðnum upp meðal fjelagsmanna við fjelagsslit, ef þeir allir samþykkja, en það ákvæði finst ekki í samvinnulögunum.

Þýsku lögin gera ráð fyrir þessu einmitt vegna þess, að sum fjelögin eru stofnuð af fátækum mönnum, sem ekki mega við því, að safna í sjóði fyrir eftirkomendurna.

Kem jeg þá að brtt. við 4. gr. e. Í sambandslögunum, 8. gr., segir, að fjelagsmaður, sem fer úr samvinnufjelagi, beri ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, sem á því hvíldu, er hann gekk úr fjelaginu, þó ekki lengur en tvö ár frá næstu áramótum, nema mál hafi risið út af skuld, er biði úrskurðar dómstólanna. Það geta því vel liðið þrjú ár áður en úrsegjandi leysist úr ábyrgð sinni, sem er óhæfilega langur tími, og hlýtur að lama alt viðskiftalíf einstaklinganna. Auk þess eru engar höfuðreglur fyrir því í samvinnulögunum, við hvað ábyrgðin á að miðast, og hafa því risið upp málaferli og mikill ágreiningur á sumum stöðum á landinu út af þessu.

Jeg legg því til, að ákveðin og aðgengileg ákvæði sjeu gerð um þessi efni.

a) Að úrsögn sje gild frá næstu áramótum, ef úrsegjandi segir sig úr með 6 mánaða fyrirvara fyrir áramót.

b) Að hann fái innieign sína greidda innan 6 mánaða frá áramótum, ef nokkur er, og

c) að allir fjelagsmenn beri reikningshalla að jöfnu miðað við höfðatölu, samkv. ákvæðum Raiffeisens laganna og samkv. íslenskum kröfurjetti, þar sem ábyrgðarmönnum, sem ábyrgjast in solidum er skylt að borga að jöfnu þá ábyrgðarskuld, sem ábyrgðarmenn, fleiri eða færri, hafa tekið að sjer að ábyrgjast.

Verði þessi breyting ekki samþykt, falla lánsfjelögin undir ákvæði samvinnulaganna, sem jeg hefi nú lýst.

Kem jeg þá að 6. brtt., að á eftir e-lið komi nýr f-liður, um að lánsfje-

lög megi mynda sjer samband innan einnar sýslu, án ábyrgðar lánsfjelaganna.

Breyting þessi er einnig gerð til þess að lánsfjelögin í þessu efni falli ekki undir ákvæði samvinnulaganna, samkvæmt tilvísuninni til þeirra í 4. gr. eða byrjun gr.

Í Þýskalandi eru samböndin mörg, og það er gert til þess, að samkepni geti haldist uppi, líkt og verslunin væri rekin af kaupmönnum. Það mundi því verða mesta afturför í versluninni, ef lánsfjelögin mynduðu aðeins eitt samband fyrir alt landið, og yrðu háð því, en það geta þau orðið, ef till. þessi er ekki samþ. Sambönd þessi, innan sýslu, hugsa jeg mjer sem hlutafjelög í samræmi við svonefnda Raiffeisen banka, sem geta starfað með litlu veltufje, þar sem stofnfjelögin sjálf eiga að veita alla trygginguna og veltufjeð, ef rjett er á haldið, enda ganga þýsku lánsfjelögin, sem jeg hefi nefnt, ekki í neina ábyrgð fyrir sambönd sín, og gróði sambandanna þó mjög takmarkaður. Aftan við till. ætlast jeg til að skeytt verði brtt. á þskj. 603, um að þessi fjelög njóti sömu hlunninda og S. Í. S. gerir nú um skattfrelsi og því um líkt.

Kem jeg þá að 7. brtt. um það, að lánsfjelögin megi ekki ræða á fundum sínum eða gera ráðstafanir um málefni trúarbragða eða stjórnmálalegs eðlis. Er þessi gr. orðrjett tekin úr Raiffeisen lögunum. Þó vil jeg geta þess, að framan af gr. hefi jeg slept þessum orðum: „Fjelagið skal reist á kristilegum og ríkishollum grundvelli", af því jeg vissi ekki hvernig þau orð kynnu að hljóma hjer. En jeg skal lýsa yfir því, að jeg skal bæta þeim orðum inn í við 3. umr., ef fram kemur nokkur ósk um það hjer í hv. deild.

Ísland er fátækt og fáment land, þar sem hver, að heita má, þekkir annan. Baráttan fyrir því að geta lifað er hörð, og þess vegna ríður á að blanda ekki óviðkomandi, æsandi málefnum inn í fjárhagsviðskifti manna. Hingað til hefir það verið grundvallaratriði meðal verslandi manna og lánsstofnana í löndum, sem siðuð mega teljast, að blanda ekki pólitík inn í slíka starfsemi. Af því mundi leiða svo mikil spilling og efnalegt tjón einstaklinganna, sem langan tíma mundi þurfa til að uppræta aftur, ef það þá yfir höfuð tækist. Jeg vænti því, að hv. d. hafi ekki á móti þessari till.

Þá kem jeg að síðustu brtt., við 13. gr. — Eins og hv. d. þekkir, hefir það verið stefna þingsins um langt skeið, að sníða viðskiftalög vor eftir viðskiftalögum Norðurlanda. Þannig höfum við sniðið víxillög okkar eftir þeim, almenn viðskiftalög, tjekklög og eflaust lögin um veð frá 4. nóv. 1884 o. fl. Það þykir hollara fyrir landið að hafa viðskiftalögin og rjettarfarið, að því er þau snertir, í sem mestu samræmi við lög þeirra landa, er við skiftum mest við. Og óneitanlega er okkur það hollast. Það þótti ekki lítil rjettarbót 1887, er mönnum var bannað með lögum að veðsetja alt, sem þeir áttu og eignast kynnu, og yfir höfuð var mönnum bægt frá að gera mikið að því, að veðsetja lausafje sitt, á þann hátt, að telja varð upp hvern hlut, sem veðsettur var, því annars var veðsetningin ógild.

Þetta var auðvitað gert til að gera fátæklinginn sjálfstæðari en hann áð-

ur var. Nú á að fella þessi ákvæði úr gildi, að því er viðskiftamenn lánsfjelaganna snertir, sem verða þó ekkert annað en almenn viðskiftafjelög. En ofan á þetta bætist, að lánsfjelögin eiga að hafa forgangsrjett fyrir öllum kröfum í þrotabúi skuldunauts. Þetta nær vitanlega engri átt. Hingað til hafa forgangsskuldir í þrotabúum verið aðallega þessar, samkv. 82.—85. gr. skiftalaganna frá 1878, sem jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa hjer upp:

„Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga: — a) Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi úrskurðuðum af skiftaráðanda. — b) Skiftakostnaður, það er gjöld, sem rísa af skiftunum sjálfum og löglegum samningum, sem skiftaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera vegna skiftanna. — c) Skiftalaun. Kröfur þær, sem nefndar eru í staflið a og b ganga fyrir skiftalaunum (staflið c)."

Jeg þarf ekki að lesa lengra, en vildi aðeins gefa hv. þdm. svolitla hugmynd um hvert stefnir.

Þetta á nú alt að vikja fyrir viðskiftaskuldum lánsfjelaganna, sem vitanlega nær ekki nokkurri átt. Þennan forgangsrjett hafa hvorki sparisjóðir, bankar eða söfnunarsjóðir, og hvers vegna ættu þá lánsfjelögin fremur að hafa hann?

Þá er niðurfærslan á þinglesturs- og stimpilgjöldum mjög óákveðin, virðist fara betur á því, að nefna ákveðna niðurfærslu í lögunum sjálfum, og niðurfærslan er mjög eðlileg, þar sem hjer verður jafnan um stutt lán að ræða. Ekki er í þessu frv. gert ráð fyrir að skrásetja eigi þessi fjelög, en þess mun ekki gerast þörf, þar sem vísað er í samvinnulögin, og skyldan til þess því ákveðin þar. Þar sem fjelög þessi eru svo smá, tel jeg rjett, að skráningin sje ókeypis, og verður þá líka síður vanrækt.

Eins og jeg hefi áður vikið að, þyrfti fleiru að breyta, t. d. stjórnarfyrirkomulaginu, og færa það í samræmi við Raiffeisen lögin. Eftir þeim lögum geta t. d. engir stjórnarmeðlimir úthlutað sjálfum sjer lán eftir þörfum hjá fjelagi sínu. Það geta þeir gert eftir samvinnulögunum og lögum kaupfjelaganna og nota það líka óspart sumstaðar.

Eitt nýmæli er þó í þessu frv. til bóta. Það er að skylda lánsfjelögin til að afhenda lögreglustjóra árlega skrá yfir meðlimi fjelagsins, sem veitir sjálfsagt viðskiftaöryggi, þar sem lögþvinguð samábyrgð er notuð. Þetta ákvæði er líka í Raiffeisen-lögunum. En þetta sjálfsagða tryggingarákvæði vantar alveg í samvinnulögin frá 1921. Enginn óinnvígður getur því vitað um, hver er í hinni almennu samábyrgð og hver ekki, sem gerir alt viðskiftalíf svo óheilbrigt, að enginn getur lengur gert annars bón, eða vitað neitt um, hvað hann er að gera, er hann veitir öðrum lán út á hans ærlega andlit, eða gegn sjálfskuldarábyrgð.

Svona er nú ástandið hjer. Eða hvernig ætti t. d. Búnaðarbankinn í Reykjavík að geta vitað um það, hverjir eru í ábyrgð fyrir samvinnufjelagi eða hverjir ekki, þegar hann enga vitneskju getur fengið um það frá lögreglustjóra, sem ætti að geta vottað um það eins og að gefa veðbókarvottorð fyrir fasteign, úr því hin almenna samábyrgð í samvinnufjelögunum er líka lögþvinguð?

Jeg er ekki vanur að tala mikið og yfir höfuð aldrei venja mín að halda langar ræður, en í þetta sinn fanst mjer jeg ekki geta komist hjá því að skýra þetta mál lítilsháttar, frá mínu sjónarmiði.

Jeg geri ekki ráð fyrir að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, enda skildist mjer á hv. 4. landsk. (JBald), að hann ætlast til, að hv. d. samþ. nú þær brtt., sem hún vildi fallast á, en málið yrði svo saltað til næsta þings. Enda mætti skoða frv. sem alveg umskrifað, ef meginið af þeim brtt., sem nú liggja fyrir, næðu samþ.

Jeg hefi þá gert grein fyrir mínum brtt., en vildi þó minnast lítilsháttar á sumt, sem fram kom í ræðu hv. 6. landsk., og bið því hv. d. afsökunar á því, að jeg lengi ræðu mína dálítið.

Eins og oft kom fram í ræðu hv. 6. landsk., fanst mjer honum ekkert liggja á frv. sem þessu, því að Landbúnaðarbankinn mundi duga í bili. Jeg get vel skilið þetta, því að eins og oft hefir verið skýrt frá, hafa kaupfjelögin ótakmarkað lánstraust í Landsbankanum og þurfa því ekki frekara lánsfje. En þeir, sem halda slíku fram, verða líka að líta á hag fjöldans, og ekki síst landskjörnu þm. eins og hann, ætti þó að bera hag allrar þjóðarinnar fyrir brjósti.

Hv. 6. landsk. sagði aðstöðu þeirra manna góða, sem í kaupfjelögum eru, vegna Sambands íslenskra samvinnufjelaga. En eins og kaupfjelögin eru rekin, eru þau ekki til slíkra þjóðþrifa fyrir landið eins og þau gætu verið, á meðan þau viðhalda láns- og vöruskiftaverslun.

Þessa skulda- og vöruskiftaverslun þarf að afnema, enda hefir það verið gert alstaðar annarstaðar í hinum siðaða heimi. T. d. var þessu breytt á Englandi upp úr 1871. Þar hafði sá siður tíðkast, að greiða verkamönnum og starfsmönnum kaup sitt í vörum. En svo var sett þingnefnd með rannsóknarrjetti, til þess að rannsaka slíkar kaupgreiðslur, og upp úr því fjekst svo það, að bannað var með lögum að verkamönnum væri greitt kaup sitt í öðru en peningum.

Mjer finst skorta á, að þeir menn, sem telja sig vera að beita sjer fyrir framförum og mannfjelagsbótum á öllum sviðum, skuli ekki einnig beita sjer fyrir að útrýma hinni illræmdu láns- og vöruskiftaverslun.

Með þessu vil jeg þó ekki segja, að allir kynnu að fara vel með lánsfje í byrjun. En hitt er spá mín, að almenningi lærist einhvern tíma að fara betur með fje. En það lærist ekki fyr en skulda- og vöruskiftaverslun er að fullu útrýmt.

Jeg er því ekki á sömu skoðun og Vilhjálmur Briem að neinu leyti, eftir því sem hv. 6. landsk. hjelt fram. Enda hefi jeg átt meira við viðskifti á þessu landi en hann, bæði sem kaupmaður, kaupfjelagsstjóri og bankastjóri, og get því af margra ára reynslu talað um þetta efni.

Þá sagði hv. 6. landsk., að hann og fjelagar hans keptu að því, að allir fjelagar sjeu skuldlausir við áramót. Þetta er mjög góð regla, enda veit jeg að Húnavatnssýsla er vel stæð og geri ráð fyrir, að undir góðri stjórn, þar sem myndarfólk og myndarmenn fylgjast að ráðum, verði málunum vel skipað. En á það skortir mjög, að kaupfjelagsskapnum sje svo vel stjórnað alstaðar í landinu.

Þá sagðist hv. 6. landsk. ekki vilja draga úr afli kaupfjelaganna með því að banna þeim að hafa sparisjóð. Jeg vil benda á, að í Þýskalandi eru ákvæði um það, að lánsfjelög megi hafa sparisjóð. Og samvinnufjelögin leyfa kaupfjelögum að hafa sparisjóð. En hvaða trygging er fyrir því, að þau fjelög, sem jeg nefndi, og verst standa, geti haft sparisjóðsstarfsemi með höndum? En þetta liggur í því, að stjórnarfyrirkomulag þessara litlu kaupfjelaga hjer er alt annað en trygt, enda er stjórnarfyrirkomulagið hjer miklu ótryggara en á Þýskalandi.

Þá vildi hv. 6. landsk. ekki una við nafnið, en jeg kann vel við það, og betur en „banka"-nafnið. Enda er þetta þýðing úr Raiffeisen lögunum, en þau nefna ekki frumfjelögin banka, heldur aðeins sparisjóðs og lánsfjelög, en samband, sem er á borð við S. Í. S., nefna þau banka. Þetta er því rangþýtt hjá höf. frv., og kann jeg því illa við að kalla þennan fjelagsskap banka.

Þá þótti hv. 6. landsk. of stutt að lána ekki nema til eins árs í senn. En jeg tel alveg nóg að miða rekstrarlán bændum til handa við eitt ár. Ef um dýr verkfæri er að ræða, þá eru nógar leiðir opnar til þess að greiða þau. Viðskifti manna við lánsfjelögin eiga að vera hrein og bein, og að borga upp að minsta kosti einu sinni á ári. Enda tel jeg nauðsynlegt, að þjóðin læri að þekkja einn gjalddaga á ári, og fari eftir því. Þetta er ein aðallækningin á óskilsemi þjóðarnnar, og henni fyrir bestu að notfæra sjer hana, svo að takast megi sem fyrst að útrýma allri skulda- og vöruskiftaverslun.

Þá var það eitt atriði enn, sem hann mintist á, að það gerði fjelögin ósjálfstæðari, að aðrir haldi reikninga þess. Um þetta er jeg honum samþykkur, að betur mundi á því fara, að fjelögin sjálf hefðu reikningshaldið með höndum.

Jeg ætla þá ekki að svo stöddu að andmæla fleiri atriðum í ræðu hv. 6. landsk., enda er jeg honum í flestu ósammála. Ef hann eða aðrir hv. þdm. óska fleiri upplýsinga, brtt. minum viðvíkjandi, þá er jeg fús á að gefa þær, en læt þetta duga um sinn.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Jónsson): Hv. 1. þm. G.-K. hefir nú haldið langan fyrirlestur, og efast jeg ekki um, að honum gangi gott til með þessari göfugu hugsjón, sem fyrir honum vakir, að útrýma allri vöruskiftaverslun og skuldaverslun. Slíka viðleitni er manni skylt að virða, hvaðan sem kemur, en um leið og jeg viðurkenni, að nauðsynlegt sje að stefna að því, að útrýma verslunarskuldunum, þá get jeg ekki orða bundist um það, að mjer þótti anda kalt frá hv. 1. þm. G.-K. til samvinnufjelaganna. Það er einmitt eitt af aðalverkefnum samvinnufjelaganna að stuðla að því, eftir getu sinni, að útrýma verslunarskuldum. Og þó að kannske mætti segja, að þetta hafi mistekist enn að nokkru leyti, eða við ekki kent þess eins fljótt og æskilegt hefði verið, þá stefnum við þó í rjetta átt, t. d. með sjóðsöfnun og öðru þess háttar, en þar er grundvöllurinn, sem bygt verður á í þessu efni.

Annars verð jeg að andæfa ýmsu í ræðu hv. 1. þm. G.-K., því að hann sagði mörg ósannindi orð um samvinnufjelögin og starfsemi þeirra. Hann hjelt því fram í upphafi ræðu

sinnar, að Landsbankinn hefði gefið samvinnufjelögum eftir stórfje, í stað þess að láta S.Í.S. borga.

En setjum svo, að S.Í.S. hafi ekki borgað nema helminginn af því, sem því bar að borga, þá mótmæli jeg algerlega sem staðlausum stöfum, að S.Í.S. hafi þegið slíka eftirgjöf. Menn mega ekki rugla saman því, sem kann að hafa gerst í einstökum kaupfjelögum. Þeim skuldbindingum, sem kaupfjelag Húnvetninga tekur á sig, ber kaupfjelag Skagfirðinga ekki ábyrgð á að neinu leyti, nema í viðskiftum við S.Í.S., svo að þessu leyti er samábyrgðin ekki eins víðtæk og hv. 1. þm. G.-K. vill halda fram.

Hv. þm. vildi halda því fram, að bankarnir hefðu tapað ekki svo litlu af þessum 20 milj. kr. á samvinnufjelögunum. Jeg býst nú samt við, að hv. þm. eigi erfitt með að finna þessum orðum sínum stað, þó að hann sje ef til vill kunnugur þessum málum. Bankarnir hafa aðallega tapað á kaupmannastjettinni, en það er alveg áreiðanlegt, að þeir hafa ekki tapað einum einasta eyri á Sambandinu.

Þá talaði hv. þm. um, að Sambandið nyti einhverra fríðinda hjá Landsbankanum. Jeg býst nú ekki við, að það njóti þar neins, sem hægt er að kalla fríðindi, frekar en aðrir góðir viðskiftamenn, en Sambandið er áreiðanlega stór og góður viðskiftavinur Landsbankans. Sambandið þarf heldur engin fríðindi. Það hefir nóg lánstraust alstaðar. Jeg get nefnt það sem dæmi, að Sambandið stendur í stöðugum viðskiftum við tvo stóra banka í Englandi og fær hjá þeim alt lánsfje, sem það þarf til ensku viðskiftanna.

Hv. þm. talaði um, að jeg mætti ekki líta eingöngu á hag samvinnufjelaganna í þessu máli. Það hefi jeg heldur ekki gert. Í þessu sambandi ber að líta á hag allra bænda, hvort sem þeir eru í samvinnufjelagi eða ekki. Það álít jeg líka, að sje gert í frv., þar sem öllum er gefinn kostur á að mynda með sjer slíkt fjelag, bara ef þeir fullnægja skilyrðunum. T. d. geta menn í Borgarfirði, sem ekki eru í Sambandinu, eins orðið aðnjótandi þessarar lánsstofnunar eins og menn í Húnavatnssýslu, sem eru í því, en þeir verða þá að fullnægja skilyrðunum. En það er hv. þm. sjálfur, sem ætlar að útiloka alla samvinnumenn í landinu. (**BKr:** Það er ekki jeg, heldur frv., sem útilokar þá). Það er einmitt þm. sjálfur, sem gerir það með till. sinni. Þar segir svo í brtt. hans við 1. gr. a:

„Eigi geta þeir menn orðið fjelagar, sem standa beint eða óbeint í sjálfskuldarábyrgð fyrir önnur fjelög eða fjelagssambönd."

Jeg veit ekki, hvernig er hægt að orða þetta ljósara. Hv. þm. ætlar greinilega að útiloka alla þá menn, sem eru í samvinnufjelögum. Nú er áreiðanlega mestur hluti bænda í samvinnufjelögum, og ef nú á að útiloka þá alla, þá veit jeg ekki, til hvers frv. á eiginlega að vera.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, hvað samvinnufjelögin væru yfirleitt illa stödd, og sagði, að 12 af fjelögunum í Sambandinu mundu vera búin að lýsa gjaldþroti, ef þau þyrðu það vegna Sambandsins. Þetta er nú nokkuð líðlega kritað hjá hv. þm. Jeg þekki þetta áreiðanlega eins vel og hann, og hefi betri aðstöðu, þar sem jeg fer árlega gegnum hagskýrslur allra fjelag-

anna í Sambandinu, og það er að mínum dómi mjög fjarri því, að þau sjeu svo illa stödd sem hv. þm. vill vera láta. Mikill meiri hluti fjelaganna á miklar eignir og mikið fje í sjóði, en aðeins örfá getur maður sagt, að sjeu illa stödd.

Jeg sje, að nú er komið að hættutíma, og veit ekki, hvort hæstv. forseti leyfir mjer að halda lengur áfram, og læt jeg því máli mínu lokið í bili.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

2. Atvinna við siglingar.

Á 1. fundi í Nd., 18. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (stjfrv. A. 20).

Á 3. fundi í Nd., 20. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins geta þess, að frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk stjórnar Fiskifjelags Íslands, og hefir hún samið frv. og greinargerð þess. Leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Pjetur Ottesen: Enda þótt þetta frv. kunni að eiga upptök sín hjá Fiskifjelaginu, verður ekki annað sagt, en að þar andi kalt til bátaútgerðarinnar. Það á að gera það að skyldu hjer eftir, að hafa stýrimann á hverjum bát, sem er 12 smálestir eða þar yfir. Í gildandi lögum er ekki skylt að hafa stýrimann á minni skipum en 20 smálesta, og að hið sama gildi um 30 smálesta skip, ef þau koma að landi daglega. Það er því ekki um litla breytingu að ræða, ef það á að vera ófrávíkjanleg skylda, að hafa stýrimann á öllum bátum, sem eru 12 smálestir og þar yfir. Það er fært fram sem ástæða, að með núgildandi ákvæðum um þetta efni sje skipstjóraefnum gert ókleift að fá skipstjóraskírteini, með því að skylda þá til þess að hafa verið stýrimenn í minst 8 mánuði. Þessi ákvæði hafa valdið þeim örðugleikum, sem leiddu til þess, að stjórnin hefir orðið að veita undanþágu frá lögunum.

Jeg minnist þess, að fyrverandi stjórn fjekk töluvert aðkast fyrir að hafa orðið við tilmælum bátaeigenda um veiting á undanþágum frá þessum lögum. Mjer er ekki kunnugt um, hvort núverandi stj. hefir veitt nokkrar undanþágur, en svo mikið er víst, að hún hefir orðið vör við, að þetta veldur allmiklum óþægindum. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að ekki er hyggilegt að láta sitja við það, sem er, í þessu efni, en jeg lít svo á, að eðlilegra væri að leysa þessi vandkvæði á annan hátt, t. d. með því að draga úr eða fella jafnvel alveg niður ákvæði um, að þeir einir geti fengið skipstjóraskýrteini, er verið hafa stýrimenn minst 8 mánuði á skipi eigi undir 12 rúmlestir. Þó að það verði gert, fæ jeg ekki sjeð, að það skerði það öryggi, sem vera verður. Hins vegar verður ekki á móti því borið, að hjer er ver-

ið að leggja kvaðir á bátaeigendur, kvaðir, sem talsverðu nema, og er því undarlegt að sjá það frá stjórn Fiskifjelagsins, að þessum stýrimönnum mundi ekki verða greidd svo há aukaþóknun, að það dragi útgerðina neitt verulega, — eins og segir í greinargerð hennar fyrir frv. En þessi ummæli Fiskifjelagsstjórnarinnar benda til þess, að sú stofnun sje ekki í svo nánu sambandi við bátaútgerðina og nauðsynlegt væri.

Á Akranesi er það aðalreglan, að menn sjeu ráðnir upp á hlut, eða „part", sem kallað er, og mundu þeir, sem samkvæmt þessari breytingu væru skyldaðir til að hafa stýrimann, samkvæmt þeirri reglu, sem þar er um kaup stýrimanna, verða að greiða honum hálfan hlut fyrir, og þó að þeir gerðu ekkert annað nje meira í raun og veru en að bera stýrimannsnafn. Miðað við það, sem hásetar hafa stundum borið úr býtum yfir vertíðina, þ. e. frá nýári til 11. maí, mundi þetta geta numið fyrir útgerðina um 1000—1500 kr. á bát, og sje það borið saman við afkomu bátaútvegsins yfirleitt, verður með engu móti sagt, að slíkur aukaskattur dragi útgerðina ekki neitt verulega. Þessi þóknun verður vitanlega hlutfallsleg á öðrum tíma árs, en hve miklu þessi aukaskattur mundi nema á hvern bát á ári, er náttúrlega ekki gott að segja, en samkv. því, sem jeg hefi nú bent á, að verða mundi á vertíðinni, miðað við staðhætti á Akranesi, þá er öllum ljóst, að þetta mundi verða allverulegur skattur.

Jeg vil þess vegna leiða athygli hv. sjútvn. að því, að taka til athugunar, hvort ekki sje hægt að leysa þau vandkvæði, sem hjer er um að ræða, á annan heppilegri hátt en þann, að leggja svo háan skatt á útgerðina, sem jeg hefi nú lýst.

Jeg minnist þess, að þegar ákvæðinu um, að ekki þyrfti að hafa stýrimann á minni skipum en 30 rúmlestir, var breytt á þinginu 1925, þannig að ekki þyrfti stýrimann á minni skipum en 20 rúmlestir, að þá þótti þetta ógerningur, nema sú heimild væri við höfð, að þetta næði ekki til þeirra báta, sem kæmu að jafnaði daglega úr róðri, þó að þeir væru alt að 30 rúmlestir. Þetta var samhuga álit þingsins þá, og jeg fæ ekki sjeð, að nein breyting hafi orðið hjer á frá því, sem þá var.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil taka það fram, að jeg viðurkenni það ekki, að kalt andi til bátaútvegsins frá stj. (**PO:** Jeg sagði það ekki). Nei, jeg veit það. Hv. þm. Borgf. (PO) beindi þessu til stjórnar Fiskifjelagsins. En jeg lít svo á, að Fiskifjelagið eigi að vera hið sama fyrir sjávarútveginn og Búnaðarfjelagið er fyrir landbúnaðinn. Og það er ekki nema eðlilegt, að þingið fái að sjá framan í þær óskir, sem stjórn Fiskifjelagsins ber fram, og þar er ríkisstjórnin næst til atbeina. Hinsvegar er ekki hægt að framfylgja þessum lögum án óþæginda fyrir sjávarútveginn, og ef hv. þm. Borgf. og hv. sjútvn. fallast á að laga ósamræmið á einhvern annan hátt, geri jeg ekki ráð fyrir, að stj. setji sig á móti því. En ef framfylgja á þessum l. eins og þau eru, verður það ekki gert án mikilla óþæginda fyrir sjávarútveginn.

Jón Ólafsson: Mjer þykir hv. þm. Borgf. (PO) taka alvarlega frekt til

orða um Fiskifjelagið. Jeg held, að hv. þm. hafi ekki áttað sig almennilega á þessu máli, og þó að einhver kostnaður verði af þessari breytingu, efast jeg mikillega um, að hann verði svo mikill sem hv. þm. vill vera láta. Auk þess er á það að líta, að það getur oft orðið bagalegt, ef þeir efnismenn, sem eru á smærri skipunum, geta ekki þar öðlast rjettindi til að verða stýrimenn á stærri skipum. Það er þetta, sem Fiskifjelagið vill leitast við að kippa í lag með þessu frv. Þetta fyrirkomulag, sem nú er, er alveg óþolandi. Þeir menn, sem eru á smærri skipunum, þó að úrvalsmenn sjeu, verða að fara af þeim og á stærri skipin, og vera á þeim í átta mánuði til þess að öðlast stýrimannsrjettindi, ef útgerðin neyðist þá ekki til að smíða undir þá bát til þess að missa ekki af þeim í annara þjónustu. Ef sú breyting, sem frv. fer fram á, nær fram að ganga, gætu þeir verið á smærri skipunum, þangað til þeim byðist „pláss“ á stærri skipum.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að svara hæstv. forsrh. Honum fer eins í þessu máli og í málinu á undan, að hann skýtur öllu frá sjer til þeirra, sem undirbjuggu frv.

En jeg þarf að svara hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) nokkrum orðum. Hann vildi efast um, að jeg færi rjett með þann kostnaðarauka, sem útgerðinni væri gerður, ef þetta væri lögfest. Jeg benti á skýrt dæmi frá vetrarútgerðinni á Akranesi, og á meðan hann ekki vefengir það, legg jeg ekkert upp úr mótmælum hans.

Hv. 3. þm. Reykv. vill láta smáútgerðina bera óþarfa kostnað, til þess að þessir menn sjeu betur — eins og hann orðar það — undirbúnir að taka við stærri skipum. Það er eins og hæfileikar þessara manna komi ekki greinilega í ljós, nema þeir hafi gengið í gegnum þennan hreinsunareld áður. Jeg hjelt þó, að hv. 3. þm. Reykv. ætti að vera það ljóst, að hæfileikar manns til sjómensku koma jafnt í ljós, hvort sem hann uppfyllir skilyrðin um siglingatímann sem háseti eða stýrimaður. Það má ekki gleyma því, að þó sú þekking, sem stýrimannaprófið á að vera trygging fyrir, sje að sjálfsögðu nauðsynleg þeim, sem á að stýra skipi, þá er það og höfuðatriði fyrir útgerðina, að hafa góða fiskimenn, og þeir, sem það reynast, komast auðveldlega áfram, annað hvort af sjálfsdáðum eða fyrir atbeina útgerðarinnar.

Hv. 3. þm. Reykv. þótti þetta of miklum erfiðleikum bundið, eins og nú er, en eins og jeg benti á áðan, er með öllu hættulaust að fella umrætt skilyrði gildandi laga alveg niður.

Magnús Torfason: Það þýðir ekki að deila um þetta mál við þessa umr. Og jeg býst við því, að nefndin muni athuga, hvað best hentar í þessu efni. Jeg skal játa það, að þetta frv. gladdi mig mikið, vegna þeirrar reynslu, sem jeg hefi fengið í sjódómsmálum á undanförnum árum. Því verður ekki neitað, að eftirtekt háseta á því, sem gerist í sjóróðri, hefir stórum hnignað. Jeg tók eftir því á þessum 17 árum, sem jeg var á Ísafirði, að þessu var á alt annan veg farið fyrst en síðast. Það var eins og eftirtektin minkaði, er menn komust á vjelbátana. Menn vissu ekki einu sinni á hvaða miði þeir höfðu verið, eða hve lengi á leiðinni.

Jeg tel það því æskilegt og til góðs, að jafnan sje á hverjum bát einhver maður, auk formannsins, sem hefir þá skyldu, að taka eftir því, sem við ber, og getur tekið við stjórninni, ef formaðurinn forfallast eitthvað. Það er óttalegt að hugsa til þess, að enginn af heilli skipshöfn sje fær um að leysa formanninn af hólmi, ef eitthvað verður á um hann. Jeg endurtek það þess vegna, að jeg er þakklátur fyrir, að þetta frv. skyldi koma fram.

Pjetur Ottesen: Jeg býst við því, að ræða hv. 2. þm. Árn. (MT) sje nokkurskonar áframhald af þingsetningarræðu hans um daginn. Hann er að áminna mig fyrir óþarfa málalengingar. En jeg vil benda hv. þm. á þann aðstöðumun, sem hjer er með okkur. Hann er í sjútvn., sem fær mál þetta til meðferðar, en jeg ekki. Þar getur hann því látið ljós sitt skina í þessu máli og öðrum, sem það snerta.

Hv. þm. heldur því fram, að eftirtekt sjómanna sje að fara aftur. Jeg skal ekkert um það dæma. Það getur verið rjett, miðað við þá staðhætti, sem hann þekkir. En jeg veit, að það er í mótsögn við þá reynslu, sem fengist hefir, þar sem jeg þekki til. Þetta er líka eðlilegt. Eftirtekt háseta verður að vera vakandi, engu síður en formanns. Á Akranesi verður að sækja fiskinn svo langt á vetrum, að róðurinn tekur næstum yfir sólarhring. Á hverjum bát eru þetta 4—5 menn, og verða þeir því að skiftast á um að vaka. Það kemur því engu síður í hlut hásetans en skipstjórans að vera á verði um það, að haldið sje rjettri stefnu, enda er ráðningu manna á bátana hagað þannig, að ávalt sjeu á hverjum bát nægilega margir menn, sem fengið hafa fulla leikni í að stýra eftir áttavita og halda bát í rjettu horfi. Þetta, sem hv. 2. þm. Árn. var að segja, á því ekki við fiskimenn við Faxaflóa, og ætla jeg, að svipað sje ástatt um þetta, þar sem sjósókn er svipuð og þar. Og þó að lærdómurinn sje nauðsynlegur, er hann hvergi nærri einhlítur, enda eru þess mörg dæmi, að hásetar hafa orðið að taka við stjórninni, er formanninn brast, og farnast vel.

Jón Ólafsson: Jeg skal ekki vera langorður. Kostnaðarhliðin er ekki eins ægileg og virðist, fljótt á litið. Það er vafasamt, hvort það er sparnaður í hverju tilfelli, að hafa ekki bestu menn, sem völ er á, á bátunum. Og jeg held, að það sje ekki forsvaranlegt, þegar um langan róður er að ræða, eins og t. d. af Akranesi til Snæfellsness, og búast má við hrakningum og illviðri, að hafa ekki nema einn kortlærðan mann á bát. Þeir þurfa að vera tveir, til þess að skiftast á um vaktir. Auk þess er á það að líta, að það er mikill bagi fyrir útgerðina að verða að missa af góðum manni fyrir það eitt, að hann verður að fara á stærri skip til þess að öðlast stýrimannsrjettindi. Það er ekki alt komið undir því, að spara kaup yfirmanna, þegar um aflabrögð er að ræða. Þar er oft eins mikið undir einum komið og mörgum.

Jeg held, að það sje ekki rjett hjá hv. þm. Borgf., að það andi kalt frá stjórn Fiskifjelagsins til smábátaútvegins. (**PO:** Það gerir það í þessu frv.). Hitt er satt, að ekki var hægt að leita álits allra hjeraða í þessu efni,

og jeg hygg, að þetta frv. sje einkum bygt á umkvörtunum eins hjeraðs, og allmargra skipstjóraefna, sem fyrir þessar sakir hafa orðið að hröklast skip af skipi, til þess að öðlast umrædd rjettindi.

Jóhann Jósefsson: Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, vil jeg taka það fram sem málsvari Vestmannaeyinga, að jeg sat fund í haust, þar sem forseti Fiskifjelagsins var að ræða um þessi mál við almenning austur þar. Jeg heyrði hann ekki bera þetta atriði undir álit þeirra, sem þar voru við staddir. Má þó vel vera, að álits manna hafi verið leitað um það annarsstaðar, en í Vestmannaeyjum var það áreiðanlega ekki gert.

Hvað frv. þetta snertir, þá er með því verið að ýta inn í löggjöfina ákvæðum, sem snerta stórútgerðina, en eiga alls ekki við smábátaútveginn. Og hvað undanþáguna snertir, þá held jeg, að hún hafi ekki valdið neinum vandræðum til þessa. En eigi að fara að skylda menn til þess að hafa stýrimann, auk formanns, á 12 tonna bátum, þá hlýtur það óhjákvæmilega að hafa allmikinn aukinn kostnað í för með sjer fyrir eigendur bátanna, og jeg fyrir mitt leyti tel það óþarfa, því að reynslan er sú, eins og hv. þm. Borgf. benti á, að það eru eins oft duglegir hásetar sem bjarga ástandinu, þegar mikið bjátar á, eins og margir yfirmennirnir.

Hv. 2. þm: Árn. sagði, að það gleddi sig að sjá þetta frv., því að það gæti beinlínis verið óttalegt, þegar formanna á bátum misti við, að enginn væri til þess að taka við stjórn. Hvað snertir 12 tonna báta, þá held jeg, að engin ástæða sje til þess að óttast slíkt, að minsta kosti veit jeg engin dæmi þess, að skipshöfn á slíkum bátum sje svo illa valin, að ekki sje altaf einhver hásetanna fær um að taka við stjórn. Öryggi þeirra er því, að mínum dómi, ekkert aukið, þó að fyrirskipað verði að hafa stýrimenn á þeim. En smábátaútveginum yrði óneitanlega töluvert íþyngt með slíkri fyrirskipun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15: 3 atkv., og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Sjómannalög.

Á 26. fundi í Nd., 19. mars, var útbýtt:

Frv. til sjómannalaga (stjfrv. A. 31).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og getið er um í grg. þessa frv., þá var hjer í þessari deild í fyrra samþykt áskorun til ríkisstjórnarinnar, um „að láta endurskoða siglingalög nr. 56, frá 30. nóv. 1914, og leggja fyrir næsta þing breytingar á lögunum, er gangi í svipaða átt og sjómannalög þau, er nú gilda á Norðurlöndum".

Samkvæmt þessari þál. skipaði

stjórnin þá Kristján Bergsson, forseta Fiskifjelags Íslands, og Sigurjón Á. Ólafsson, alþingismann, formann Sjómannafjelags Reykjavíkur, til þess að takast þetta starf á hendur, og hafa þeir samið þetta frv. og það, sem hjer er næst á dagskrá. Ennfremur var fenginn þeim til aðstoðar sá lögfræðingur, sem ætla má að beri allra manna best skyn á þessa hluti, en það er Ólafur prófessor Lárusson.

Jeg vil gera ráð fyrir, með því að svo mikil vinna hefir verið lögð í þetta frv., að hjer sje ekki aðeins um miklar, heldur og góðar breytingar að ræða, sem jeg ekki skal gera grein fyrir í einstökum atriðum, því til þess brestur mig þekkingu.

Jeg vil mælast til, að hv. deild láti þetta frv. ganga til þeirrar n., sem að rjettu á um það að fjalla, sem er sjútvn., að þessari umr. lokinni.

Ólafur Thors: Eins og hæstv. forsrh. gat um, hefir hann skipað þá forseta Fiskifjelags Íslands og formann Sjómannafjelagsins til að undirbúa þetta mál. Jeg hygg, að það hafi nú verið öllum ljóst þegar í stað, er þeir heyrðu um skipun þessa, að það hafi ekki verið á færi þessara manna, að gera þetta mál svo úr garði, að sæmilega færi, enda hefir raunin orðið sú, að þeir gáfust upp við málið, og fengu til þess hæfan mann, Ólaf prófessor Lárusson.

Jeg geri ráð fyrir að undirbúningur þessa máls hafi kostað ríkissjóð talsvert fje, og er ástæða til að finna að því, að þessu fje hefir verið á glæ kastað. Það liggur í augum uppi, að ekki muni vera á annara færi en hinna gleggstu lagamanna að fjalla um slíka flókna lagabálka. Í öðrum löndum hefir það verið svo, að nefnd hinna færustu manna hefir verið skipuð til að fjalla um siglingalögin.

Jeg læt þessar aðfinslur nægja að sinni, en vil svo hinsvegar geta þess, að jeg tel, að það komi ekki til nokkurra mála, að þetta Alþingi geti leitt slíkt stórmál til lykta, einkum þar sem bæði þetta frv. og hið næsta á dagskránni eru lögð svo seint fyrir þingið, og jeg hefði í sjálfu sjer talið eðlilegt, til þess að tefja ekki störf þingsins, að hæstv. atvmrh. hefði látið það nægja að sjá um, að þm. fengi í þinglokin frv. þetta til athugunar fyrir næsta þing. Með því hefðu þeir getað athugað málið í ró og næði milli þinga og leitað upplýsinga fróðra manna um það. Tel jeg að störf þingsins sjeu eingöngu tafin með því, að þetta frv. er nú lagt fram, þar sem vitanlegt er, að ekki vinst tími til að afgreiða það.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg er sammála hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) um, að það sje rjett að njóta aðstoðar góðs lögfræðings við samning slíks frv. sem þessa. Það hefir verið fenginn til þessa verks sá maður, sem menn hyggja að hafi mest til brunns að bera á þessu sviði, en hitt er jeg ekki sammála hv. þm. um, að nægilegt sje að leita lögfræðilegrar aðstoðar, og að það hafi ekki verið sjálfsagt að fara þá leið, sem stjórnin fór, að snúa sjer til þeirra manna, sem höfðu sjerþekkingu á starfi þeirra, sem lögin eiga að gilda um. Það var rjett hjá stjórninni að snúa sjer til fulltrúa þeirrar stjettar, og fá þeim svo góða aðstoð sem hægt var. Jeg held því, að aðfinslur um undirbúning þessa máls,

sjeu ekki á rökum bygðar, og hefði verið rjettara hjá hv. þm., ef hann hefði haft sjerstakar skoðanir um það, hvernig málið átti að undirbúa, að taka það fram, þegar þessi ályktun var samþykt í fyrra.

En um það, hvort þetta mál verði leitt til lykta á þessu þingi, skal jeg ekki segja. Jeg játa það, að þótt jeg beri þetta frv. fram, þá hefi jeg enga sjerþekkingu á því, og get því ekki um það dæmt, hvort tiltækilegt sje að koma þessu máli fram nú.

Jeg skal svo ekki deila frekar um þetta við hv. 2. þm. G.-K., en vil aðeins geta þess, þar sem hv. þm. benti á, að þetta frv. kæmi seint fram, að þar sem þingið hafði falið stjórninni að undirbúa málið, þótti rjettara að það væri látið koma fram sem stjfrv. Jeg skal ennfremur geta þess, að þetta frv. var sett í póst, til þess að verða sent utan 25. febr., til að leggjast fyrir hans hátign konunginn, en það eru ekki nema eitthvað tveir dagar síðan tilkynning kom um, að búið væri að leggja það fyrir konunginn og að leggja mætti það fram sem stjfrv.

Hv. þm. sagði, að þetta frv. hefði helst ekki átt að leggja fram nú, en jeg býst við, að það hefði kannske heyrst eitthvað annað, ef frv. hefði ekki verið lagt fram, því að Nd. skoraði á landstjórnina í fyrra að leggja það fyrir næsta þing. Jeg lít svo á, að úr því að möguleikar voru á því, væri það skylda stjórnarinnar að leggja það fram, og láta hv. þm. fá tækifæri til að kynnast því, hvort sem það verður afgreitt á þessu þingi eða ekki.

Ólafur Thors: Jeg er hæstv. forsrh. sammála um það, að það var nokkur ástæða til að tryggja það, að sjerfróðir menn yrðu til aðstoðar þeim lögfræðingum, sem ríkisstjórnin fengi til að vinna þetta verk. En þá sjerþekkingu mátti tryggja sjer ríkissjóði að kostnaðarlausu. Hæstv. forsætisráðh. viðurkennir, og leggur áherslu á, að sjerþekking hafi verið nauðsynleg. Hvers vegna gaf hæstv. ráðh. þá ekki skipstjórafjelaginu „Öldunni“ og fjelagi útgerðarmanna kost á því, að eiga mann í þessari nefnd?

Þetta mál er aðiljum svo mikið áhuga- og hagsmunamál, að það var þeim ekki ofætlun að standa straum af þeim kostnaði, sem þurfti til að tryggja sjerfræðilega aðstoð. Jeg veit, að skipstjórafjelagið og útgerðarmannafjelagið hefðu með ánægju orðið við þeirri beiðni, að leggja til mann í n., og jeg efa ekki, að Sjómannafjelag Reykjavíkur hefði gert hið sama, og jeg tel heldur ekki, að forseta Fiskifjelagsins hefði verið ofþyngt, þótt hann hefði tekið þátt í starfi þessarar n., án sjerstakra launa. Þá yrði kostnaðurinn, sem ríkissjóður ætti að standast, sá einn, að greiða fyrir lögfræðislega aðstoð.

Jeg hefi ekki átalið, að Ólafi prófessor Lárussyni var falið að vinna þetta verk, þótt nokkur kostnaður verði auðvitað af því. En þar sem hæstv. ráðh. var að undrast yfir því, að jeg skyldi ekki bera fram áskorun til hæstv. stj. um ákveðna skipun væntanlegrar n. á síðasta þingi, þegar þál. var samþykt, þá voru þær orsakir til þess, að jeg var alveg grunlaus í þessu efni. Jeg hafði talið sjálfsagt, ef sjerfræðingar væru fengnir til aðstoðar, að þá ættu allir aðiljar þar fulltrúa, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Hæstv. ráðh. taldi þær ástæður til þess, hversu seint þetta frv. væri lagt fyrir þingið, að það hefði verið sent til konungs fyrir fjórum vikum síðan, og væri fyrst komið aftur fyrir fáum dögum. Jeg efa ekki, að hæstv. ráðh. skýri þar rjett frá, en jeg hefði haldið, að þó að svo hefði verið, þá væri samt greiðfær leið fyrir hæstv. ráðh. til að gefa hv. þd. kost á að kynna sjer frv. Ráðherrann gat vel látið þm. fá þennan lagabálk, en jafnframt fyrirskipað þagnarskyldu. Veit jeg, að þetta hefir verið gert með önnur mál, t. d. með frv. um landbúnaðarbankana báða. Þau munu að vísu ekki hafa verið send öllum þm., en nokkrir þeirra hafa fengið að sjá þau. Auk þess hygg jeg og, að flestir kaupfjelagsstjórar þeirra kaupfjelaga, sem eru í S.Í.S. muni hafa fengið að fjalla um það mál, áður en það kom fyrir konung.

Jeg hygg ekki, að hæstv. atvmrh. hefði orðið fyrir neinum ávítum, þó hann hefði ekki lagt þetta frv. fram á þessu þingi. Hæstv. ráðherra veit vel, að hann hefir ekki ávalt orðið við áskorunum, er beint hefir verið til hans um að leggja fram ýms mál. Má þar til nefna till. til þál., sem samþykt var hjer í þessari deild í fyrra, þess efnis, að hæstv. stjórn legði fyrir þetta þing frv. til laga um ellitryggingar. Hæstv. ráðh. hefir nú að vísu gefið skýringu á því, hvers vegna hann hafi ekki gert það, sem sje vegna þess, að málið var ekki nægilega undirbúið. En það sýnir þó, að hann lítur svo á, að honum sje ekki skylt að leggja mál fyrir Alþingi, sem að hans áliti eru ekki nægilega undirbúin, enda þótt sjerstaklega hafi verið á hann skorað.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil geta þess út af því, er hv. 2. þm. G.-K. sagði, að jeg get ekki fallist á það, að útgerðarmenn hafi ekki átt fulltrúa í nefndinni, því jeg verð að líta svo á, að forseti Fiskifjelagsins sje fullgildur fulltrúi útgerðarmanna í þessu máli. Annars voru nú þessar aðfinslur hv. þm. ekki fluttar af neinni grimd, heldur munu þær frekar hafa verið fluttar til þess að sýnast.

Mjer skildist svo á orðum hv. þm., að það væri aðallega tvent, er hann vildi ásaka mig fyrir. Annað var það, að frv. þetta hefði verið borið of seint fram. Hitt var það, að það hefði komið of snemma. Þetta virðist nú óneitanlega nokkuð skrítið, en svona var það samt. (**ÓTh:** Það getur vel samrýmst!). Jeg býst því við, að maður verði að fara þann gullna meðalveg, og draga af þessu þá mjög svo rjettu ályktun, að jeg hafi borið frv. fram á hæfilegum tíma.

Sigurjón Ólafsson: Jeg skal nú ekki fara inn á efni þessa máls, heldur aðeins gera að umtalsefni þau ummæli, er hv. 2. þm. G.-K. hafði um mig. Hann sagði, að við nefndarmennirnir tveir, forseti Fiskifjelagsins og jeg, hefðum verið að gefast upp við þetta starf, og því orðið að fá lögfræðing okkur til aðstoðar. Jeg veit nú ekki hvaðan hann hefir þetta, en vilji hann fá góðar og áreiðanlegar upplýsingar um þetta, þá er best og beinast fyrir hann að leita til prófessors Ólafs Lárussonar, sem getur frætt hann um það rjetta í þessu máli.

Svo vil jeg benda hv. þdm. lítils-

háttar á það, hvernig meðferð þessara mála hefir verið hagað hjá nágrannaþjóðunum, því jeg býst ef til vill við, að þeim sje það ekki fullljóst. A. m. k. veitti hv. 2. þm. G.-K. ekki af því, að fá fræðslu í þeim efnum. Var því svo hagað, að í nefnd voru skipaðir fulltrúi sjómanna og fulltrúi útgerðarmanna, og loks lögfræðingur af hálfu ríkisins. Jeg verð því að líta svo á, að því hafi verið hagað eins hjer, því Kristján Bergsson hlýtur að teljast fullgildur fulltrúi útgerðarmanna samkv. stöðu sinni sem forseti Fiskifjelagsins, sem er fjelag útgerðarmanna en ekki sjómanna.

Viðvíkjandi því, að þetta frv. geti ekki gengið í gegn á einu þingi, þá er því til að svara, að á öllum Norðurlöndum hafa þessi mál verið afgreidd á einu þingi. Þingin í þeim löndum hafa, eins og vitanlega er rjett, bygt aðallega á áliti þeirrar nefndar, er undirbúið hefir málið í hverju landi, og gert mjög smávægilegar breytingar á frv. þeim, sem nefndirnar lögðu fyrir þingin. Við, er störfuðum að undirbúningi þessa frv., höfum að mestu leyti þrætt þá löggjöf í aðalatriðum, er samþykt hefir verið í nágrannalöndunum, og ætti því að vera óhætt að byggja á því, er við höfum gert, enda fór þingsályktunartillagan fram á það, sem samþykt var hjer í deildinni í fyrra. En hitt kemur mjer ekki á óvart, þó hv. 2. þm. G.-K. hafi sitthvað að athuga við þá löggjöf.

Þegar siglingalögin frá 1914 voru samþykt, hafði engin nefnd um þau fjallað, sem skipuð væri fulltrúum atvinnuveganna, heldur var einum lögfræðingi falið að semja frv., ef jeg man rjett, og fór það síðan í gegn á einu þingi. Var það Jón próf. Kristjánsson, er samdi það frv.

Annars eru, eins og tekið er fram í greinargerð frv., lög Norðurlanda í þessum efnum mjög svipuð, og einn merkasti þátturinn í samvinnu Norðurlanda um löggjöf. Nú voru Skandinavisku siglingalögin endurskoðuð fyrir nokkrum árum. Var það gert í sameiningu af Dönum, Finnum, Svíum og Norðmönnum, og var nefnd skipuð af hálfu hvers lands fyrir sig til þess. Íslandi mun hafa verið boðið að taka þátt í þessari endurskoðun, en því mun ekki hafa verið sint. Hefir því ávalt setið við sama hjá okkur, og við því dregist aftur úr. Er slíkt slæmt, því að best er, að sem svipaðastar reglur gildi í þeim löndum, sem jafn náið samband er milli eins og milli okkar og Norðurlandaþjóðanna. Annars er sú stefna mjög hávær, og þegar farið að vinna að því, að sjómanna- og siglingalöggjöf verði alþjóðleg.

Hvað snertir vinnubrögð okkar nefndarmanna, þá getur frv. sjálft sagt til um það. En víst er um það, að æskilegri mann en prófessor Ólaf var ekki hægt að finna, og var okkur það mikil ánægja, að fá samþykki stjórnarinnar til þess að hann starfaði með okkur.

Ólafur Thors: Hæstv. fors.- og atvmrh. sagði, að forseti Fiskifjelagsins hefði verið fullgildur aðili útgerðarmanna í þessu máli. En ef svo var, hví var hann þá ekki líka fullgildur aðili sjómanna? Annars hafði hann ekkert umboð frá útgerðarmönnum, og

jeg fæ ekki sjeð, að það hafi við neitt að styðjast, að líta á hann sem sjálfsagðan umboðsmann útgerðarmanna. Jeg hlýt því að mótmæla þessari skoðun hæstv. ráðh.

Þá var hæstv. ráðh. að spauga með það, að jeg hefði bæði sagt, að þetta frv. hefði komið of snemma fram og of seint, og yrði hann því að ályktа, að hann hefði gert alveg rjett í því að fara hinn gullna Framsóknar-meðalveg. En þó þetta líti nokkuð einkennilega út hjá mjer, þá er það þó rjett. Frv. kom of seint til þess, að það yrði útkljáð á þessu þingi, en óþarflega snemma til þess að takast til meðferðar á næsta þingi. Til þess hefði verið nóg að útbýta frv. meðal þm. rjett í þinglokin. En með því að koma nú fram með það, verður það aðeins til þess að tefja tíma þingsins.

Jeg vil ekki fara að rökræða þetta mál neitt við hv. 4. þm. Reykv. Jeg var ekkert að finna að vinnubrögðum hans. Hitt veit jeg, að hann er alls ekki maður til þess að vera í slíkri nefnd (SÁÓ: Þm. veit ekkert um það), og jeg geri honum enga skömm til, þó jeg segi, að hann hafi ekki þekkingu til þess. Aldrei sagði jeg heldur, að próf. Ólafur Lárusson væri ekki hæfur til þess að starfa í slíkri nefnd. Hann er einmitt gott sýnishorn þess, hvernig menn á að velja í svona nefndir, en hv. 4. þm. Reykv. er ágætt sýnishorn þess, hvernig menn eiga ekki að vera þar. (SÁÓ: Þetta er bara oflof). Er það lof um mann að segja, að hann sje ólíkur Ólafi próf. Lárussyni?

Þá sagði hv. 4. þm. Reykv. frá því, að það tíðkaðist erlendis við skipun slíkra nefnda og hjer um ræðir, að í þær væru skipaðir hæfir lögfræðingar, er svo nytu aðstoðar þeirra manna, er sjerfróðir væru, eftir því er henta þætti, en einmitt þessu hefi jeg haldið fram.

Ennfremur tók hann undir það með hæstv. forsrh., að forseti Fiskifjelagsins gæti ekki verið fulltrúi sjómanna. En það geta þeir karpað um, forseti Fiskifjelagsins og hv. 4. þm. Reykv., hvort svo sje eða ekki.

Þá taldi hv. 4. þm. Reykv. sjálfsagt, að þetta frv. yrði strax samþykt, vegna þess að aðrar þjóðir hefðu samþykt athugasemdalítið frv. um líkt efni frá samskonar nefndum. Jeg efast nú ekkert um það. En hitt efast jeg heldur ekki um, að þær nefndir hafa verið betur skipaðar en sú, er hjer hefir starfað. Jeg mun því ekki loka augunum og segja já og amen við þessu frv. Því enda þótt nefndin hafi að mestu sniðið frv. eftir og fylgt ágætri löggjöf nágrannaþjóðanna, þá er það engin sönnun fyrir ágæti þess. Að vísu efa jeg ekki, að þýðingin sje góð hjá hv. nefnd, en það er þá heldur ekki þakkandi, því þetta er ugglaust einhver sú dýrasta þýðing, er hjer þekkist. En til þess þó að geta dæmt fyllilega um ágæti þýðingarinnar, verður maður líka að hafa frumtextann, en jeg býst við því, að þeir sjeu fáir, hv. þdm., er hafa kynt sjer hann. En kjarni málsins er sá, að reynslan hefir sýnt, að það er varhugavert að miða löggjöf vora um of við löggjöf annara þjóða, sökum þess að staðhættir eru hjer að mörgu leyti alt aðrir. Það er því engin sönnun fyrir ágæti þessa frv., þó að það sje ágæt þýðing

á löggjöf, sem er hagkvæm fyrir aðrar þjóðir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg verð að segja það, að jeg er hissa á ummælum hv. 2. þm. G.-K. viðvíkjandi undirbúningi þessa frv. Því ef maður athugar hans eigin orð, kemur það í ljós, að hann hefir ekkert nema gott að segja um forseta Fiskifjelagsins. Ennfremur hefir hann játað, að það sje venja í öðrum löndum, að slík nefnd sje skipuð fulltrúum allra aðilja og rjett sje, að framfylgja því hjer. Hvað lá þá beinna við en að stjórnin skipaði formann Sjómannafjelags Reykjavíkur í nefndina? Á þriðja manninn í nefndinni, Ólaf próf. Lárusson, hefir hann rjettilega borið mikið lof. Jeg fæ því ekki betur skilið, en að hann hafi fært stjórninni hina fylstu traustsyfirlýsingu fyrir valið í nefndina, og jeg verð að segja, að það er ekki í fyrsta skifti, sem hann þakkar stjórninni verk hennar.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í þær umræður, er hjer hafa orðið um þetta mál. Jeg vil aðeins mótmæla þeim orðum, er fjellu áðan hjá hv. 4. þm. Reykv. þar sem hann sagði, að Fiskifjelagið væri fjelag útgerðarmanna. Þetta er alveg rangt. Það er stofnað og starfrækt til þess að vinna fyrir sjávarútveginn í heild sinni, en ekki sjerstaklega fyrir útgerðarmenn.

Ólafur Thors: Það er dálítið einkennilegur skilningur á orðum mínum, sem kom fram í síðustu ræðu hæstv. fors.- og atvmrh. Jeg veit satt að segja ekki, hvernig jeg á að haga orðum mínum, svo að hann taki þau ekki sem traustsyfirlýsingu. Jeg vítti, hvernig nefndin var skipuð og þann óþarfa kostnað, er af því leiddi. Í hana vantaði sem sje umboðsmenn frá siglingafjelögunum, útgerðarmönnum og skipstjórum.

Ef hæstv. forsrh. telur þetta gælur, þá verð jeg líklega að klappa honum með handarbakinu næst, svo að honum þyki jeg ekki of mjúkhentur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Siglingalög.

Á 26. fundi í Nd., 19. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914 (stjfrv. A. 150).

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get að öllu leyti skírskotað til þess, er sagt var um það mál, er var á dagskrá næst á undan þessu (Frv. til sjómannalaga), því þetta hefir að öllu leyti haft sama undirbúning. Legg jeg svo til, að því verði

vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Hveraorka.

Á 1. fundi í Ed., 18. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku (stjfrv. A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 20. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. lá fyrir þinginu í fyrravetur, en þá vanst ekki tími til að afgreiða það.

Það er full ástæða til að koma á gleggri löggjöf en verið hefir hingað til um hveraorku og notkun hennar, með því að nú á síðustu missirum hafa verið gerðar tilraunir, með sæmilegum árangri, til aukningar hverahitans með aðferð, sem ekki er áður þekt, og á jeg við þær boranir, sem gerðar hafa verið af bæjarstjórn Reykjavíkur í hveralandinu við bæinn. En frv. miðar að því, að koma skipulagi á þessa hagnýtingu. Þykist jeg vita, að því muni verða vel tekið af hv. deild. Mjer sýnist eðlilegast, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 77).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allsherjarnefnd lítur svo á, að rjett sje að setja nú þegar lög um notkunarrjett hveraorku, og hefir því fallist á frv. það, sem hjer liggur fyrir, með dálitlum breytingum.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er aðallega í því fólgin, að orða um 2. gr. frv., og er það meira gert til samræmis en að greininni sje gerbreytt. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir, að landareign, sem hveraorka er í, geti skifst á milli tveggja aðilja, en nefndin leit svo á, að fyrir gæti komið, að fleiri en tvær jarðir gætu átt ítök í hverasvæði, og þótti henni því rjett að taka tillit til þessa. Er því aðalbreytingin við 2. gr. frv. fólgin í því, að fá ákvæði inn í hana, sem gerir ráð fyrir, að laugavatn eða hverahiti geti fundist þar, sem tveir eða fleiri geti átt lönd að.

Þá leggur nefndin til, að aftan við 6. gr. verði bætt nýrri málsgrein. Frv.-grein þessi gerir ráð fyrir, að leiguliði geti hagnýtt sjer hveraorku, þó að landeigandi vilji ekki leggja neitt fje fram til hagnýtingar orkunni, en hún segir ekkert um, hvernig fara eigi að, þegar leiguliði fari frá jörðinni. Úr þessu vill nefndin bæta og tryggja rjett leiguliða á þann hátt, að hann

fái endurgjald fyrir kostnaði sínum eftir sömu reglum og gilda um aðrar jarðabætur.

Þá er þriðja og síðasta brtt. nefndarinnar, og má segja, að hún sje ekki stórvægileg. Í frv. er gert ráð fyrir, að ágreining, sem verða kunni út af bótum fyrir landspjöll og óþægindi, sem leiguliðar og landeigendur eru skyldir að þola, þar sem orkan á að koma til afnota, skuli útkljá með mati, og að því er virðist dómkvaddra manna, en í 10. gr. er það beint tekið fram, að mat samkvæmt henni skuli framkvæmt af úttektarmönnum. Þetta finst nefndinni ósamræmi, því að hún sjer enga ástæðu til þess, að láta ekki sama gilda, hvað þetta snertir, um öll möt, sem frv. gerir ráð fyrir, og ber því fram brtt. um að orðið „úttektarmenn" í 10. gr. falli burt.

Þá vil jeg geta þess, að í frv. eru nokkrar prentvillur, sem verða leiðrjettar, þegar það verður prentað um.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta, og eins og nál. á þskj. 77 ber með sjer, leggur allshn. til, að það verði samþ. með þeim breytingum, sem þar eru taldar og jeg nú hefi nefnt.

Jón Þorláksson: Frv. þetta felur í sjer ýms ákvæði, sem hafa meiri og minni þýðingu, að því er snertir möguleika landsmanna í framtíðinni til þess að notfæra sjer jarðhita. Mjer virðast þó ýms atriði í því, sem vert sje að gefa frekari gaum en gert er í nál. Vil jeg þá fyrst nefna smávægilegt atriði. Í lögum þeim, sem nú gilda um þessi efni, sem eru vatnalögin, er í 10. gr., b-lið, svo að orði kveðið: „Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi, skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði."

Þessi skylda helst að vísu eftir frv., en þó með þeirri takmörkun, að samkvæmt því eru það aðeins hjeraðsstjórnir og landsstjórn, sem fá þennan rjett gagnvart landeiganda, en eins og nú standa sakir fær hver einstaklingur hann, sem kemur upp til sundlaug til almenningsþarfa. Þetta er að vísu smávægilegt atriði, en mjer finst engin ástæða vera til þess, að nema burtu hinn almenna rjett, sem nú gildir í þessum efnum.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi minnast á. Það er að mínum dómi miklu stórvægilegra, og jeg vil segja höfuðatriði þessa máls. Eins og frv. þetta liggur fyrir nú, virðist mjer það ekki koma nógu skýrt fram, hver sje rjettur landeiganda og hver rjettur hins opinbera um þann jarðhita, sem fást kann með borun. Hvað snertir jarðhita, sem fæst á þennan hátt, þá finst mjer ótækilegt að gera á nokkurn hátt erfiðara fyrir en nú er, að unt sje að taka hann til almenningsnota. En mjer finst einmitt, að með 1. gr. frv. sje rjettur landeiganda í þessum efnum færður út frá því, sem hann er í vatnalögunum, því að í frv.greininni segir, að landareign hverri fylgi rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum, laugum og jarðhita, sem á henni eru. En í vatnalögunum nær þessi umráðarjettur ekki nema yfir hveri, laugar og ölkeldur. Þetta ákvæði um jarðhitann í 1. gr. er því nýtt, og liggur

því næst að skilja það svo, að það sje svo víðtækt, að í því felist rjettur landeiganda yfir öllum jarðhita, sem hægt er að ná í landareigninni, og því sömuleiðis yfir þeim jarðhita, sem fást kann með borun.

Í 12., 13.—14. og 15. gr. frv. eru ákvæði um jarðhita, sem fást kynni með borun, en þar er ekkert tekið fram, að landeiganda beri borgun fyrir þann jarðhita, og máske dregur það úr ákvæðum 1. gr. frv., að landeiganda beri borgun fyrir slíkan jarðhita eftir eignarmati. Að vísu stendur í 13. gr. frv. að lögreglustjóri geti veitt borunarleyfi, og þarf því ekki að sækja um það til landeiganda, og svo stendur ennfremur í þessari grein, að sá sem hafi fengið borunarleyfi, fái einkarjett á leyfissvæðinu til jarðhitarannsókna og forgöngurjett til virkjunar þeim jarðhita, er hann finnur, enda greiði hann árgjald til ríkissjóðs, eftir því sem nánar verði tiltekið í leyfisbrjefinu. Mjer virðist því, að það muni helst verða ofan á, eftir samanburð á þessum ákvæðum, að sá sem vildi taka jarðhita, sem fæst með borun, til virkjunar, þyrfti auk leyfis stjórnarvaldanna einnig að fá jarðhitann tekinn eignarnámi af jarðeigandanum. En með því er of langt gengið, því að slíkt væri ekki í samræmi við grundvallaratriði námulaganna.

Jeg vildi nú spyrjast fyrir um það hjá hæstv. stjórn, hvernig hún líti á þetta atriði, og jafnframt að leiða athygli hv. nefndar að þessu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg býst við, að það sje rjettast út af því atriði í frv., sem hv. 3. landsk. (JÞ) mintist á, að það sje aftur tekið til athugunar í nefnd til 3. umr., og mætti þá fresta frekari umræðum um það að sinni. Annars skal jeg geta þess, að þetta frv. er fram komið samkv. till. frá Nd. Alþingis 1927, og undirbúið og samið af Klemens Jónssyni í samráði við verkfræðinga.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Út af ræðu hv. 3. landsk. (JÞ) vil jeg segja nokkur orð. Hann gat þess fyrst í ræðu sinni, að samkv. 10. gr. vatnalaganna er laugaeigandi skyldur að láta af hendi vatn til sundlauga án endurgjalds. Það er rjett, að nefndin athugaði þetta, en hefir ekki tekið um það fullnaðarákvörðun, heldur hugsað sjer að láta það bíða til 3. umræðu. En hún er fús til að athuga, hvort ekki sje rjett að láta þetta ákvæði vatnalaganna einnig koma fram í þessum lögum.

Að því er snertir síðara atriðið í ræðu hv. 3. landsk., þá virðist mjer frv. talsvert ljósara en hv. 3. landsk. telur það vera. Í fyrstu gr. frv .er það skýrt tekið fram, að rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum fylgi hverri landareign, en þó með þeim takmörkunum, sem settar eru síðar í frv. Og þessi takmörk eru sjerstaklega í 4.—10. gr. frv. Þar er t. d. kveðið svo á, að landeiganda sje óheimilt að spilla hverum eða laugum á landi sínu með ofaníburði, framræslu eða á annan hátt, nema það sje af sjerstökum ástæðum óhjákvæmilegt. Sömuleiðis að landeigandi sje skyldur til að leyfa þeim mönnum, sem ríkið gerir út til að rannsaka hveraorku, óhindraðan aðgang að landareigninni.

Jeg skil frv. á þá leið, að landeigandi hafi fyrst og fremst borunarrjettinn, en geti hann eigi nje vilji sjálfur framkvæma borunina, má hann ekki hindra aðra í að gera það. Þá er það tekið fram viðvíkjandi leyfishafa, að borunin megi ekki eyðileggja fyrir öðrum aðstöðu til hagnýtingar á orku, sem kann að vera utan svæðisins. Ef borun leyfishafa leiðir af sjer tjón fyrir jarðeiganda, þá á hann rjett á fullum bótum fyrir það, en að öðrum kosti ekki. Að öðru leyti falla öll rjettindi til hita-orkunnar til þess, sem borunina framkvæmir; þó með þeim takmörkunum, sem sett eru í borunarleyfinu. Eignast hann þá að sjálfsögðu fullan umráðarjett þeirrar orku, sem hann framleiðir með boruninni, nema að því leyti sem það kann að hafa spilt þeirri hitaveitu, sem áður var.

En eins og jeg hefi tekið fram, tel jeg sjálfsagt, að þetta mál verði athugað rækilega. Sú löggjöf, sem hjer er um að ræða, er mjög mikilsverð, og efast jeg ekki um, að allir hv. þdm. vilji leggja sig fram til að gera hana sem best úr garði.

Jón Þorláksson: Jeg get ekki annað sagt en að jeg sje ánægður með undirtektir hv. frsm. nefndarinnar og skilning hans á frv. Hv. frsm. les alt það út úr frv., sem jeg tel rjett, að það feli í sjer. En jeg vil þó benda hv. nefnd á það til athugunar, að jeg teldi betur fara, að orðið „jarðhiti“ í svigum í 1. gr. falli niður.

Í öðru lagi vil jeg leiða athygli nefndarinnar að því, að mjer finst, að eftir skilningi hv. frsm., ætti að breyta orðalagi í 3. málslið 12. greinar þannig, að fyrir orðið forgöngurjettur komi aðeins rjettur. Forgöngurjett mætti skilja svo, að leyfishafi gengi aðeins fyrir öðrum um kjör og kosti af hálfu landeiganda. Orðið felur það í sjer, að fleiri geti komist þar að en hann. En jeg hygg, að það hafi verið meining þess, sem samdi frv., að borunarmaður ætti að eignast þá orku, sem hann framleiðir með boruninni; enda virtist mjer frsm. vilja skilja það á sama hátt. Jeg er ánægður með, að það sje á valdi stjórnarinnar, að þeir, sem leita eftir hitaorku í þágu almennings — sveita eða kaupstaða — fái fyrst og fremst þetta leyfi, og að tryggður sje rjettur þeirra.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg vildi aðeins minnast á aths. hv. 3. landsk. (JÞ) um orðið „jarðhita“ milli sviga í 1. gr. frv. — Jeg tel mjög tvísýnt, að rjett sje að fella þetta orð niður, og tel, að þetta orð geti ekki komið að sök, af því að greinin tekur fram, að rjettindin sjeu ákveðin með þeim takmörkum, sem lögin setja. En sje orðinu slept, virðist mjer að falli niður rjettur jarðeiganda til borunar. En jeg skil anda laganna svo, að landeigandi eigi þennan rjett, og framkvæmi hann sjálfur borunina, þá eigi hann líka orkuna án sjerstaks leyfis. Komi það í ljós, að landeigandi hvorki geti nje vilji nota þennan rjett, þá fellur hann burtu. En nefndin mun athuga þetta nánar til 3. umr.

Jón Þorláksson: Aðeins örstutt athugasemd. Jeg vil benda háttv. nefnd á það til athugunar, að mjer virðist tvísýnt eftir 12. gr. frv., að landeigandi megi selja forgangsrjett til borunar;

enda gæti verið varhugavert, að rjettur hans næði svo langt, að honum væri heimilt að versla með hann. (JBald: Það er ekki ætlast til þess).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 77, 1 samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 77, 2 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 77, 3 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 91, 101, 104).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Samkvæmt því, sem fram kom við 2. umr. þessa frv., þá hefir allshn. leyft sjer að koma fram með 2 brtt., og eru þær á þskj. 101.

Sú fyrri, sem er viðbót við 5. gr. frv., er tekin upp úr vatnalögunum, eins og reyndar fyrri hluti þeirrar gr. er. Að vísu telur n., að það hefði nægt, sem fyrir var, en telur þó rjett, út af því umtali, sem um þetta hefir orðið, að láta síðari hl. gr. fylgja með.

Hin brtt. n. er við 12. gr. Er það að vísu orðabreyting, en má þó á vissan hátt skoðast sem efnisbreyting. En þess ber að gæta, að prentvilla hefir komist inn í þessa brtt. Þar stendur: „forgangsrjett", en á að vera „forgöngurjett". En jeg býst nú ekki við, að það komi að sök, ef hæstv. fors. vill bera brtt. upp með fyrirvara um þetta.

Jeg býst nú ekki við, að um brtt. á þessu þskj. verði miklar umr. nje mikil andstaða gegn þeim.

Þá eru enn nokkrar brtt. við frv. á þskj. 104, frá hv. 3. landsk. (JÞ). Allshn. hefir ekki haft aðstöðu til að taka afstöðu til þeirra. En frá mjer sjeð eru þær sumar hverjar heldur til bóta, en þó ekki allar. Sú 1. er um að úr 1. gr. falli orðin „innan þinglýstra takmarka". Þetta hefir nú held jeg ekki mikla þýðingu, en þó held jeg það óþarft, því að jeg veit ekki betur, en að til sjeu lög, sem gera að skyldu, að öll landamerki sjeu þinglýst.

2. brtt. á þskj. 104, um að fella burt orðið „(jarðhita)" get jeg ekki fylgt, en n. hefir óbundið atkv. um hana.

Um hinar er það að segja, að jeg álít þær heldur til bóta. 4. brtt. er sjálfsögð og í samræmi við okkar till., þótt okkur hafi sjest yfir að koma fram með hana. Tvær þær síðustu eru orðabreytingar, sem vera má að sjeu til bóta.

Jón Þorláksson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 104, til viðbótar brtt. þeim, er hv. allshn. ber fram á þskj. 101, en þeim er jeg samþykkur.

Jeg skal þá víkja nokkuð að brtt. mínum. Sú 1. er við 1. gr., að orðin „innan þinglýstra takmarka" falli burt. Það skiftir sennilega ekki miklu máli, hvort þessi brtt. er samþ. eða

ekki. En burtfelling þessara orða er til samræmis við vatnalögin. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að það sje meiningin að binda þennan umráðarjett aðeins við þær landeignir, sem hafa þinglýst landamerki. En nú er það svo, að ekki er áskilið um allar landeignir, að þær hafi þinglýst landamerki. Þannig er það með lóðir kaupstaða og kauptúna, annara en Reykjavíkur. Þá mun og svo vera um ýmsa almenninga, að þar mun ekki vera um þinglýst landamerki að ræða. En svo hefir einnig komið fyrir, að landamerkjum hefir verið þinglýst, sem þó er ágreiningur um. Og jeg tel ekki rjett, að mönnum sje með þinglýsingu þrætuparta gefinn í lögum þessum rjettur til hagnýtingar hveraorku. Er það eitt rjett, að hverkaorkan fylgi landeign eins og hún verður eftir að ágreiningur er jafnaður. — En jeg skal þó játa, að þetta skiftir ekki miklu máli.

Þá er 2. brtt. á þskj. 104, að úr 1. gr. falli orðið „(jarðhita)". Er það einnig gert til að samræma þetta frv. vatnalögunum. Þar er viðurkendur rjettur manna til rennandi vatns, eða þess vatns, sem er á yfirborði jarðar, þar með taldir hverir og laugar. En þar er engin skýring um eignarrjett á jarðhita. Ef því þetta orð væri látið standa, þá mætti líta svo á, að verið væri að teygja ákvæði um eignarráð lengra en annars mun vera tilætlunin með þessu frv., þannig að allur sá hiti, sem hægt er að leiða að yfirborði jarðar, sje jafnlögmæt eign landeiganda og hverir og laugar eru nú. Þessi brtt. er og í samræmi við 12.—14. gr. frv., því með brtt. hv. allshn. við 12. gr. er það fyllilega ljóst, að rjettur landeiganda til jarðhita getur horfið yfir til þess, sem borunarleyfi fær. Mjer finst því ekki rjett að gefa það í skyn í 1. gr., að rjettur landeiganda verði meiri en hann áður hefir verið og verður eftir 12.—14. gr. þessa frv.

Um 3. brtt. á þskj. 104 vona jeg að verði enginn ágreiningur. Það er ákveðið í 12. gr. frv., að leyfishafi greiði árlegt gjald í ríkissjóð. Brtt. fer fram á það, að gjald þetta megi falla burt, ef virkjað er til almenningsþarfa eingöngu. Eru samsvarandi ákvæði um þetta í vatnalögum og sjerleyfislögum.

Annars vil jeg aðeins leiða athygli hv. þdm. að því, að í 12. gr. eru notuð 2 orð um framkvæmd á notkun jarðhita, sem jeg tel þó að eigi að merkja hið sama. Í tveim stöðum er talað um „hagnýtingu" hitans, en í einum stað er talað um „virkjun" þess jarðhita sem finst. Jeg skil það svo, að þessi orð merki hið sama, að það sje ekki einungis um vinslu hreyfiorku að ræða, heldur og líka bein not hitans, t. d. til upphitunar o. fl.

1. brtt. mín við 14. gr. er bein afleiðing af brtt. hv. allshn.

En svo eru tvær síðustu brtt. á þskj. 104, við 15. og 16. gr. frv. að í stað „til virkjunar" komi „til orkunýtingar". Þarna virðist orðið virkjun notað í annari og þrengri merkingu en í 12. gr. Í 15. gr. segir: „Til virkjunar jarðhita, sem borað hefir verið fyrir, þarf leyfi ráðherra, ef meira en 500 hestöfl (hreyfiafl) eru, og fara að öllu leyti með sem vatnsafl væri eftir vatnalögum". Þarna skilst mjer, að leita þurfi leyfis ráðherra í samræmi við vatna-

lögin og sjerleyfislögin, ef um svo stórfelda orkunýtingu er að ræða. En brtt. mín á að fyrirbyggja það, að þetta gildi, ef vatnið er t. d. leitt í hús til upphitunar, því mjer skilst það ekki vera meiningin með frv. Ef sá skilningur er rjettur, er einnig rjett, að fyrir orðið virkjun komi orðið orkunýting.

Jón Jónsson: Þetta frv. hefir hlotið nokkuð misjafnar undirtektir. Það kom fyrir Nd. snemma á þingi í fyrra. En þar fjekk það slæmar undirtektir og var svæft í nefnd. En nú hefir því hjer verið tekið opnum örmum. Mjer finst frv. þetta athugavert að því leyti, að það tryggir að mínu áliti ekki nægilega vel eignarrjett manna yfir löndum sínum. Að vísu segir 1. gr. frv. svo, að jarðhiti fylgi landeign hverri, en mjer finst það ekki nægilega trygt með frv., að landeigandi fái fullar bætur af þeim, er nýtt getur jarðhitann skv. frv. Hv. 3. landsk. vill nú líka láta strika út úr 1. gr. orðið „jarðhita". En jeg get ekki fallist á, að það sje rjett. Jeg lít á jarðhitann sem hver önnur gæði, sem jörð fylgir og eigandi jarðar hefir keypt með jörðinni. Hitt er annað mál, þótt ríki og sveitafjelög geti tekið þann hita í sínar þarfir, þegar heill almennings krefur, svo sem er um ýms önnur gæði, enda mun það heimilt eftir núgildandi lögum. En hitt er álitamál, hvort rjett er að hleypa hverjum einstakling að þeim rjetti, að mega bora innan annara manna landeigna eftir jarðhita í gróðaskyni fyrir sjálfan sig.

Þá vildi jeg leyfa mjer að beina einni fyrirspurn til hv. allshn., út af orðalagi 2. málsgr. 12. gr. frv. Þar er kveðið svo að orði, að lögreglustjóri skuli skyldur að tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi, áður en leyfið er veitt. Jeg veit nú ekki, hvort þetta ber að skilja svo, að í þessu ákvæði felist forgangsrjettur fyrir landeiganda til að framkvæma sjálfur hið fyrirhugaða verk. Ef svo er, þá kemur það óskýrt fram. Eftir frv.gr. er svo að sjá, að það eigi aðeins að láta landeiganda vita af þessu. En jeg tel rjett, að landeigandi ætti forgangsrjett, og væri veittur nægilega rúmur tími til ákvörðunar um það, hvort hann vill eða getur notað hann, t. d. eitt ár. Ef svo er ekki gert, þá tel jeg að rjettur landeiganda sje ekki vel trygður. Jeg hygg, að það geti verið álitamál, hvort samþykkja skuli þetta frv. Og jeg skal játa, að jeg hefi ekki lagt mig mjög mikið eftir því, þar sem jeg hefi ekki átt við þá staðhætti að búa, að þeir hafi gefið mjer sjerstakt tilefni til umhugsunar um þetta efni. En mjer finst þó mikið álitamál, hvort rjett sje að veita hverjum sem vill heimild að löndum annara manna vegna þessarar starfrækslu, nema þá að hæfilegt gjald komi fyrir þennan rjettindamissi til landeiganda.

Þá tel jeg og, að ákvæði 12.—14. gr. geti orðið til mikilla óþæginda fyrir hið opinbera, hjeraðsstjórnir og ríkisstjórn, þar sem greiða skal borunarmanni fult gjald fyrir unnið verk og bætur fyrir rjettindamissi, ef taka þarf orkuna til almennra þarfa.

Jeg held, að ekki væri skaði skeður, þótt þessar gr., 12.—14., væru feldar úr frv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það eru aðeins örfá orð, vegna fyrirspurnar hv. 6. landsk. Hann spurði, hvað meint

væri með tilkynningu þeirri til landeiganda, sem um getur í 12. gr. frv.

Jeg lít svo á, að í þessu sje fólgin viðurkenning á rjetti landeiganda til þessara gæða, og vil því ekki fella þetta orð niður úr 1. gr. frv. En jeg veit ekki, hvort hv. samnefndarmenn mínir eru mjer sammála í þessu atriði, því að það hefir ekki verið rætt sjerstaklega í n. Jeg álít, að landeigandi eigi rjett til þessara gæða, ef hann getur fært sönnur á, að hann geti notfært sjer hann. Auðvitað má setja takmark um það, hvenær hann eigi að vera búinn að nota rjettinn, en jeg álít það ekki til bóta. Landeigandi er að mínum dómi fyrsti aðili í þessu máli, og það má ekki veita öðrum borunarleyfi, nema landeigandi hafi ekki getað fært líkur fyrir, að hann gæti hagnýtt sjer þennan rjett.

Mjer hefir ekki gefist tilefni til að fara fleiri orðum um þetta, en jeg vil árjetta það, að jeg get ekki fallist á, að felt verði niður orðið „jarðhiti". Og jeg býst við, að þeir, sem vilja fella niður 11.—13. gr. frv., vilji enn síður missa það.

Jón Þorláksson: Hv. 6. landsk. vildi gera það úr brtt. minni við 1. gr. frv., að jeg vildi fella burt eignarrjett landeigandans að jarðhitanum. Þetta er misskilningur. Jeg held því fram, að rjettur jarðeigandans eigi, samkv. löggjöfinni, að halda áfram að vera sá sami og hann nú er, og get ekki fundið neina ástæðu til breytinga á þessum grundvallaratriðum, þó að tekið sje fyrir að greiða fyrir hagnýtingu jarðhitans. En rjettur landeigandans er ákveðinn í vatnal. frá 1923. Þau lög voru undirbúin af milliþinganefnd á árunum 1917—19, og þó að þá nefnd greindi á um margt, var öll nefndin sammála því, að telja hveri, laugar og ölkeldur til landsgæða. Um jarðhitann tók nefndin ekkert sjerstakt fram. Sú stj., sem lagði vatnalagafrv. fyrir þingið, naut stuðnings þess flokks, sem hv. 6. landsk. þm. taldi sig til þá, og frv. var samþ. óbreytt, hvað þetta atriði snertir, af þinginu. Þetta var árið 1923, og hefir síðan haldist óbreytt. En smátt og smátt hefir mönnum orðið ljósara, að hægt er að hagnýta jarðhitann betur, og bæta þannig úr brýnni þörf, sem ekki hefir verið hægt að fullnægja alt frá landnámstíð. Það, hve mikla þýðingu það hefir, að allur fjöldi manna geti hagnýtt sjer þennan hita, sýnir, að ekki er rjett að gera rjett landeigandans ríkari en hann er nú. Jeg skil ekki þann hugsunarhátt hv. 6. landsk., að ekki megi veita einstökum mönnum rjett til borunar, af því að þeir muni þá taka upp á því að gera það í gróðaskyni, vegna þess, að ef rjettur landeigandans er aukinn frá því, sem nú er, mundi hann auðvitað gera þetta sama, og taka þannig rjettinn frá almenningi, sem hefir brýna þörf fyrir þennan hita. Ef landeigandinn aftur á móti hefði þennan rjett nú, mundi jeg beygja mig undir það, en á frv. er bersýnilegt, að hjer er um aukningu á rjetti hans að ræða.

Jón Jónsson: Jeg get verið þakklátur hv. frsm. (IP) fyrir það svar, sem hann gaf við fyrirspurn minni, því að það gekk í þá átt, sem jeg hafði kosið: að landeigandi hefir forgangsrjett til að leita að jarðhita í landareign sinni og starfrækja hann.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. landsk.

(JÞ) sagði um jarðhitann, vil jeg taka það fram, að jeg hefi hvergi orðið þess var, að vatnal. ræddu beint um hann. Jeg er að vísu ekki löglærður maður, það skal jeg fúslega viðurkenna, en jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að þau fjalla svo að segja eingöngu um rennandi vatn, svo að með þeim hefir engu verið slegið föstu um rjett manna til að hagnýta sjer jarðhita. En jeg tel jarðhitann eitt af þeim gæðum, sem hverri jörð fylgja, og skoða hann þess vegna sem eign landeigandans. Og þegar verið er að setja löggjöf um þetta efni, finst mjer sjálfsagt, að það sje tekið skýrt fram.

Þá þótti hv. 3. landsk. það ósamræmi hjá mjer, að jeg skyldi ekki vilja auka rjett einstakra manna til að starfrækja jarðhita í annars manns landi, en hinsvegar kveða skýrt á um rjett landeigandans. Þetta finst mjer ekki ósamræmi. Jeg tel rjett, að landeigandi hafi forgangsrjett til að hagnýta sjer þessi gæði sinnar eigin jarðar, og að ekki eigi að veita öðrum þennan rjett, nema með samþykki hans.

Jón Þorláksson: Jeg get ekki fallist á, að brtt. mín fari fram á að taka þann jarðhita frá landeigendum, sem þeir nú eiga. En í frv. eru sett nauðsynleg ákvæði, með tilliti til reynslu nútímans, um það, hvernig fara skuli með þann jarðhita, sem ekki hefir komið fram á yfirborðið og liggur svo djúpt, að ekki næst til hans nema með borun. Og það er aðeins um þetta atriði, sem ágreiningur er á milli mín og hv. 6. landsk. Okkur greinir með öðrum orðum á um það, við hvað eigi að binda eignarrjett á hita, en hann er þess eðlis, að hann hlýtur að vera bundinn við þann hlut, sem heitur er. Þegar hitinn kemur upp á yfirborðið, má auðvitað segja, að landeigandinn eigi allan þann hita, sem þar er, en löggjöfin hefir ekki slegið neinu föstu um það, hve djúpt eignarrjettur á hita nái. Það hefir verið gert, að því er málma snertir, og jeg er hræddur um, að þetta sje miðað við það. En þó að því sje slegið föstu, að Jón Jónsson eigi einhverja jörð, er ekki þar með sagt, að hann eigi allan þann hluta jarðkúlunnar, sem er á milli miðdepils jarðar og blettsins, sem hann býr á.

Páll Hermannsson: Mjer þykir rjett að gera grein fyrir atkvæði mínu. Það hefir verið minst á það af hv. 3. landsk., að landeigendur ættu ekki að lögum þann hita, sem fengist með borun í þeirra landi. Þetta er að minni hyggju rjett, og stafar af því, að það er nýtt hjer á landi, að hiti fáist upp á yfirborðið á þennan hátt. Hvað þetta snertir, er því þessi lagasetning nýmæli.

Hv. 3. og 6. landsk. þm. (JÞ og Jón J) virðist vera á gagnstæðri skoðun. Hv. 3. landsk. vill ekki auka rjett landeigandans, en það vill hv. 6. landsk. gera. Um þetta má auðvitað deila. Mjer finst eðlilegast, að fara mitt á milli, þannig að jarðeigandinn hafi forgangsrjett til að leiða hitann upp á yfirborðið, sjálfum sjer og landareign sinni til gagns, en sje skyldur til að láta þennan rjett af höndum til annara, ef hann getur ekki nje vill ráðast í þetta sjálfur. Mjer finst þetta í samræmi við eignar- og afnotarjett á því, sem á yfirborðinu er. Jeg mun því greiða atkv. á móti öðrum lið brtt. á þskj. 104, en hún ræðir um að felt verði niður orðið „jarðhiti“ úr 1. gr.

frv. Jeg vil skilja þetta atriði svo, að jarðeigandi hafi forgangsrjett til að hagnýta sjer jarðhita í landareign sinni. Annars er þetta óskýrt í frv., en jeg er samþykkur þeirri skoðun, sem virðist felast í því.

ATKVGR.

Brtt. 104, 1 samþ. með 9:2 atkv.
— 104, 2 samþ. með 8:2 atkv.
— 101, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 101, 2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 104, 3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 104, 4 samþ. án atkvgr.
— 104, 5 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 104, 6 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv., og afgreitt til Nd.

Á 23. fundi í Nd., 15. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 115).

Á 26. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Þó að þetta virðulega frv. sje litlum kostum búið, þykir mjer þó hlýða, að gera því nokkur skil við þessa umr.

Eins og hv. þm. muna, var mál þetta flutt á þinginu í fyrra, og þá borið fram hjer í hv. Nd. Þá var því vísað til hv. allshn., en sem betur fór, sást það ekki framar.

Nú hefir verið farið öðruvísi að, frv. borið fram í hv. Ed., og það siglt þar svo miklum hraðbyr í gegnum deildina, eins og það væri eitthvert allra sjálfsagðasta nauðsynjamál þingsins.

En jeg lít öðrum augum á frv. þetta, og tel það eigi lítið erindi að sigla í gegnum þingið. Með því vil jeg þó ekki segja, að í því felist ekkert, sem nýtilegt megi kalla, en agnúarnir eru svo miklir á frv., að það yrði til stórspillis frá því, sem nú er, næði það fram að ganga og verða að lögum.

En þó að agnúarnir væru margir á frv., er það var lagt fyrir hv. Ed., þá hafa þeir þó aukist stórum í meðferð deildarinnar. Það er eins og ekki hafi þótt nóg rjettarskerðing í hinu upphaflega frv., og því nauðsynlegt að auka við hana. Verður því ekki annað sagt, en að hv. Ed. hafi verið þar vel að verki.

Að vísu ber 1. gr. frv. með sjer, að hún hefir ekki tekið miklum stakkaskiftum í meðferð deildarinnar.

Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp 1. gr., eins og var í frv.:

„Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.“

Úr gr. eru feld niður orðin „innan þinglýstra takmarka“, og má sú breyting saklaus kallast.

En öðru máli er að gegna um orðið „jarðhita“, sem áður stóð í svigum í gr., eins og til frekari skýringar á því, er við væri átt. Þetta orð er nú felt úr gr., og er það í fullu samræmi við það, sem sumir hv. Ed. þm. vilja vera láta. Svo vendilega er frá þessu gengið, að landeigendur ráða ekki lengur afrensli frá hverum og laugum. Að vísu lítur svo út, að menn hafi heimild til að nota hveri og laugar í landareign sinni til heimilisnytja, en þegar það mál er krufið betur til mergjar, virðist sá rjettur einkar hæpinn. Enda

skín alstaðar út úr frv., að aðrir hafi fult eins mikil ráð yfir þessum rjettindum eins og jarðareigandi. En slík ákvæði sem þessi höggva nærri stjórnarskránni og brjóta jafnvel í bág við hana, eins og jeg kem að síðar.

Að landeigendur megi engu ráða yfir afrensli frá hverum og laugum, er tekið fram í 2. gr. frv., þar sem það er sagt beinum orðum, að farvegi þess vatns, sem frá hverum og laugum rennur, megi ekki breyta. Nú er það svo, að margir hafa notað þetta vatn til áveitu, og hafa af þeim ástæðum orðið að breyta farvegi laugavatnsins á ýmsan hátt. Samkvæmt frv. er landeiganda þetta óheimilt, þó að engum stafi mein af því. M. ö. o., landeiganda er meinað að hafa slíkar nytjar laugavatnsins, af því að ekki er lengur heimilt að breyta farveginum.

Annars rekur maður sig á við og dreif um þetta frv. á fjölda agnúa, sem mjer finst engin þörf á að fara að lögleiða nú. Jeg ætla ekki við þessa 1. umr. að fjölyrða neitt um einstakar greinar, en get þó ekki skágengið 12. gr., enda er hún aðal-rúsínan. Með henni er algerlega kipt á burt þeim rjettindum, sem landeiganda voru gefin með öðrum gr. frv. Það er því auðsætt, að frv. er samið með hliðsjón af þessari einu gr. Annars veit jeg ekki til, að hagsmunir manna hafi rekist á í þessu efni, þó að engin lög væru um það.

Í upphafi 12. gr. er gert ráð fyrir, að aðrir en landeigandi geti borað eftir jarðhita, ef þeir sýna, að þeir hafa fjármagn til þess, en þeir þurfa ekki að sækja um það leyfi til landeiganda, heldur er það lögreglustjóri, sem veitir það. Og lögreglustjóra er heimilt að veita þetta leyfi, án þess að spyrja landeiganda. Hann getur ákveðið að taka spildu t. d. úr túni landeiganda, að honum fornspurðum, og afhenda það til notkunar þeim, sem hann veitir leyfið. Það skal tekið fram í leyfisbrjefinu, hve mikið land leyfishafi skuli fá til rannsóknar og hagnýtingar orkunni. Gert er ráð fyrir, að borunin valdi eigi truflunum utan þess svæðis. Lögreglustjóri á að hafa sjer til ráðuneytis mann frá ríkisstjórninni, en hvorki landeigandi nje ábúandi skulu hafa hinn minsta íhlutunarrjett um það, sem aðhafst er í þessum efnum, og ekkert er talað um bætur fyrir spjöll þau, er jarðareigandi eða ábúandi kunna að verða fyrir. Álíti lögreglustjóri leyfisbeiðanda hæfan til þess að takast slíkt á hendur, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hann fái leyfið, jafnvel þótt í fullri óþökk jarðeiganda sje. Við þetta væri þó ekkert að athuga, ef heill almennings eða sveitarfjelagsins krefðist, en þótt svo stæði á, þá þurfa engin ný lög eða lagafyrirmæli um það, því samkvæmt gildandi lögum er slíkt ávalt heimilt. Þegar lögreglustjóri hefir síðan veitt hið umbeðna leyfi, þrátt fyrir mótmæli landeiganda, þá getur leyfishafi þegar hafist handa. Landeigandi hefir ekki einu sinni forgangsrjett til borunar eða hagnýtingar hitaorku á sínu eigin landi. Hins vegar á hann rjett á bótum fyrir usla og átroðning, en endurgjald fyrir hvera og hitaorku skal eingöngu miðað við yfirborð jarðar. Um þetta segir í 1. gr., því að þar er jarðhiti ekki talinn undir eignarumráðum landareignarinnar, heldur einungis hverir þeir og laugar, sem eru á yfirborði jarðar. Eftir frv. að dæma, eins

og það nú kemur frá Ed., er svo að skilja, að landeigandi eigi bótarjett fyrir vatnið, eins og það er á yfirborði jarðar, en eigi hinsvegar ekkert tilkall til þess aukna hita, sem fram kann að koma við borun. Hv. Ed. hefir auðsjáanlega þótt það of mikið, að slíkur hiti tilheyrði landareigninni, og því komið því svo fyrir, að hann væri landeiganda með öllu óviðkomandi. Með þessu hefir deildin slegið því föstu, að eignarrjettur yfir jörð taki einungis til yfirborðsins, en ekki til þess, sem undir yfirborðinu er. Þetta kom greinilega fram við umræðurnar í Ed. Hv. frsm. sagði, að það væri ekki ætlun nefndarinnar, að landeigandi fengi bætur fyrir þann hita, sem kynni að koma fram við borun, heldur aðeins fyrir hveri og laugar. Það kom fram fyrirspurn um þetta atriði undir umræðunum, og sá sem spurði, tjáði sig mjög ánægðan með þessi svör, enda fjellu þau í góðan jarðveg þar.

Jeg mótmæli algerlega þessum skilningi. Sá hiti, sem á yfirborðinu kemur fram í hverum og laugum, hefir þó myndast undir yfirborðinu, og sennilega mjög langt niður í jörð. Ef á annað borð á að bæta fyrir hvera- og laugahita, þá ber auðvitað ekki síður að bæta fyrir þann hita, sem finst niður í jörðu við rannsókn. Annars hefði jeg ekkert á móti því, að lög væru sett um þetta efni, en því aðeins þessi lög, að 12. gr. væri algerlega feld burtu, og frv. að öðru leyti lagað svo, að rjettur landeiganda og ábúanda sje ekki svo gersamlega borinn fyrir borð, eins og hjer er gerð tilraun til. Og enn frekar er ástæða til að taka þetta fram hjer, þar sem þessi rangi skilningur hefir orðið til þess, að Ed. hefir gert sitt ítrasta til að rýra þessi hlunnindi jarðeigenda. Og mjer er ekki grunlaust um, ef dæma skal eftir flutningi þessa máls, þing eftir þing, að hjer búi fiskur undir steini; að eitthvað verra búi að baki þessum sífeldu tilraunum til þess að fara ránshendi um þau hlunnindi og gæði, sem að rjettu lagi tilheyra landareign eða landeiganda. Jeg hefi í rauninni ekkert við að athuga, þótt sett væru lög um, hvað gera skuli í þessum efnum, þegar almenningsheill krefðist, þótt slíkt sje í sjálfu sjer óþarft, vegna gildandi lagaákvæða um þau efni, en þegar á með lögum að fara að opna einstökum mönnum leiðir til þess að seilast eftir rjettindum manna, fyrir ef til vill lítið gjald, þá verð jeg að telja of langt gengið. Og þess er síst að vænta, að þessi umtöluðu rjettindi væru til meiri nytja í höndum slíkra manna en í höndum þeirra, sem nú eiga þau.

Jeg mun nú ekki að sinni fara fleiri orðum um þetta frv. Vænti, að hv. deild lagfæri frv., ef það á fram að ganga. Best væri þó, að það sofnaði svefninum langa við lok þessarar umræðu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórnallsson): Hv. 1. þm. Árn. hefir nú gert að umtalsefni þetta frv., og er það vel farið, því að hjer er eigi allþýðingarlítið mál á ferðum. Frv. þetta var flutt í fyrra, og sofnaði þá í nefnd. Hv. þm. virðist nú óska því hinna sömu afdrifa, eða jafnvel enn skjótari. En jeg vil benda þessum hv. þm. á það, að þannig má hann ekki óska. Það verður að setja lög um þessi efni; það er óhjákvæmileg nauðsyn. Notkun hveraorku fer nú óðum í vöxt, og nú hefir þingið

veitt stjórninni heimild til þess að kaupa borunartæki. Það væri því með öllu óforsvaranlegt, að setja ekki lög um þetta efni, og það þyrfti helst að gerast á þessu þingi.

Hv. þm. ljet í veðri vaka, að tilefni þessa frv. væri fólgið í 12. gr. þess. En þetta er hreinasti misskilningur. Tilefnið er gefið af Alþingi 1927, því að það skoraði á stjórnina að láta undirbúa lög um þetta efni. Stjórnin var því beinlínis skyldug til að láta þennan undirbúning fara fram, og leggja frv. fyrir þingið. En ef hv. þm. álítur, að hjer liggi fiskur undir steini, þá á hann einn þátt í því, því sennilega hefir hann greitt þessari áskorun atkvæði, þegar hún var á döfinni.

Annars get jeg fúslega tekið undir það, að það þurfi að athuga frv. og lagfæra það, en ekki að þingið eigi að svæfa það eða tortíma því á annan hátt.

Út af áskorun þingsins 1927, fól stjórnin færum lögfræðingi hjer í bæ, Klemens Jónssyni, að semja lög um þetta efni, í samráði við sjerfræðinga. Var til þess ætlast, að um hverkaorku væru látnar gilda hinar sömu reglur og um vatnsorku alment, samkvæmt vatnalögunum, hvort sem orkan væri notuð eða ónotuð.

Mjer finst því, að þingið ætti nú að vera sjálfu sjer samkvæmt, og byggja þessi lög á hinum sömu grundvallarreglum. Það er alveg rjett, að sumar breytingar Ed. eru mjög til hins verra, og var bent á það í deildinni, en jeg gat því miður ekki verið viðstaddur þá. Jeg vona svo, að hv. 1. þm. Árn. stuðli að því, að deildin fái slegið einhverju föstu um það, hver er vilji hennar um þetta mál, fremur en hitt, að deildin svæfi það. En viðvíkjandi þeim ásúm á eignarrjettinn, sem talað er um að gerðar hafi verið í Ed. í sambandi við þetta frv., þá skal það tekið fram, að höfundur þeirra og upphafsmaður er sjálfur form. Íhaldsflokksins, sem kom slíkum breytingum að í Ed. Þangað á því að beina öllum ásökunum út af þessu atriði.

Bjarni Ásgeirsson: Það er óþarfi að bæta miklu við það, sem þegar hefir verið sagt um þetta mál. Þó get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð.

Eins og allir vita, er þetta frv. afturganga í þessari deild, og má þá af líkum ráða, að ekki muni það hafa batnað til muna við það að ganga aftur.

Þegar þetta frv. var á döfinni hjer í fyrra, var öllum ljóst, hvílíkir annmarkar voru á því, enda komst það ekki áleiðis, en sofnaði í nefnd. Nú kemur frv. frá Ed., og hefir þar orðið fyrir því óvenjulega happi, að verða sameiginlegt ástfóstur íhaldsins og jafnaðarmanna, og það orðið því til lífs. „Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir". Í hv. Ed. nægði því hverahitinn til þess að bræða íhaldsmenn og jafnaðarmenn saman.

Jeg hefi ekkert við það að athuga, þótt sett sjeu skýr og ítarleg lög um þessi efni. Og jeg sje ekki betur, en að í þessu frv. sjeu mörg þörf ákvæði, sem rjett sje að samþykkja. Mjer virðist frv. frá gr. 1—11 vera missmíðalítið, og mætti samþykkja það með litlum breytingum. En 12. gr. frv. er svo úr garði gerð, að jeg hygg, að ekkert hliðstætt sje til í íslenskri löggjöf eða rjettarmeðvitund þjóðarinnar alment.

1.—11. gr. frv. miða að því, að tryggja hagsmuni hins opinbera, og rjett þess til að hagnýta hveraorku til almenningsþarfa. Við þennan hluta frv. hefi jeg því ekkert að athuga, enda byggist hann á ákvæðum stjórnarskrárinnar, og brýtur að öðru leyti í engu í bága við almenna rjettarmeðvitund. En í 12. gr. kemur nokkuð, sem sennilega hefir aldrei þekst í nokkurri löggjöf, hvorki þessa lands eða annara. Jeg vil þá leyfa mjer að lesa upp fyrri hluta 12. gr.:

„Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður bora eftir jarðhita, og sýnir, að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra."

Hvernig á hann nú að sýna, hvort hann er megnugur þessa? Líklega á það að vera komið undir því, hvort hann hefir yfir nægu fje að ráða, eða ekki.

„Í leyfisbrjefi skal tiltekið, á hvern hátt rannsókninni skuli hagað, og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholum utan svæðisins.

Tiltekið skal í leyfisbrjefi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora, með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir áliti ráðunauts ríkisstjórnarinnar."

Eftir þessu er það lögreglustjóri, sem ræður um það, hve stórt land skal látið af hendi til þess manns, sem sækir um leyfið. Landeigandi hefir engan íhlutunarrjett um það, en þó vill löggjafarvaldið vera svo hugulsamt við hann, að ákveðið er, að lögreglustjóri skuli láta hann vita, eða minna hann á, að annar maður hafi fengið leyfi til að hreiðra um sig í landareign hans. Málsgreinin um þetta hljóðar svo:

„Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi."

Eftir 12. gr. að dæma, hefir leyfishafi full og óskoruð yfirráð yfir öllum þeim hita eða hitaauka, sem hann kann að fá upp úr jörðinni með borun, einkum eftir þá breytingu, sem gerð var á 1. gr. frv. í hv. Ed., sem jeg mun koma að síðar. Með þessu er algerlega gengið á bak rjetti landeiganda og ábúanda, og þeir gerðir varnar- og rjettlausir gagnvart hverjum „spekúlant" eða braskara, sem getur skrapað saman nokkurt fje og útvegað sjer leyfi lögreglustjóra til þess að hreiðra sig niður í görðum eða túnum í landareigninni. Og hver á síðan jarðhita þann, sem kann að koma fram við borunina. Eftir þessum lögum er það skilyrðislaust leyfishafi og enginn annar.

Eins og hv. 1. þm. Árn. drap á, var í 1. gr. frv. upphaflega kveðið svo á, að landareign hverri fylgdi rjettur til hvera og lauga og jarðhita. Nú hefir jarðhitinn verið feldur burtu úr frv. Um hveri og laugar eru til ákvæði í vatnalögunum, og þess vegna treysta þeir sjer ekki til að þoka neinu um það, en nota hinsvegar tækifærið til þess að fá jarðhita undanskilinn eignarumráðum jarðarinnar. Hjer skýtur sami draugurinn upp kollinum,

sem ljet mjög á sjer bera við umræður um vatnalögin forðum, þegar margir vildu halda því fram, að rjettur til vatnsorku fylgdi ekki landareign, heldur einhverju öðru, líklega helst ríkinu. Jeg hjelt satt að segja, að sá draugur hefði nú verið að fullu kveðinn niður, og jeg vil vænta þess, að Alþingi verði nú sjálfu sjer samkvæmt, og sýni sama skilning á rjetti landeigenda og þegar það afgreiddi vatnalögin. Ef þetta frv. nær fram að ganga í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, þá er um leið algerlega brotið í bága við meginreglu vatnalaganna, og rofið alt samræmi þessara tveggja skyldu lagabálka.

Jeg var svo heppinn að hlusta í Ed. á röksemdir þess, að fella í burtu jarðhitann úr fyrstu gr. Var sagt, að með því væri í engu skertur rjettur þess, sem yfirborðið ætti, en enginn mætti láta sjer detta í hug, að landeigandi ætti alla keiluna niður að miðdepli jarðarinnar. En hvernig á að fara að greina í sundur þann hita, sem upp á yfirborðið kemur og hinn, sem er niðri í jörðinni? Er hann ekki allur „sama tóbakið"? Eigi nú á annað borð að fara að setja takmarkanir fyrir eignarrjetti landeiganda niður á við, þá er einlægast að ákveða, hve langt niður, — hve marga faðma ofan í jörðina — eignarrjettur landeiganda á að ná? Og mjer er spurn: Hverra rjett er verið að tryggja með þessum takmörkunum. Er það rjettur þess höfðingja, sem talinn er búa niður í iðrum jarðarinnar? Nei, ef verið er að tryggja nokkuð, þá er það einungis rjettleysi þeirra manna, sem jarðir eiga, gagnvart bröskurum og öðrum þvílíkum lýð, sem náð hafa í fje og lögreglustjóraleyfi til þess að hreiðra um sig á landareign þeirra.

Sveinn Ólafsson: Það væri synd að segja, að hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Mýr. hafi tekið með silkiglófum á þessu frv., enda er því í ýmsu ábótavant. Það verður tæplega hrakið, að á frv. eru ýmsir ekki óverulegir agnúar, sjerstaklega á 12. gr. Jeg get líka fallist á, að 1. gr. frv. hafi orðið fyrir skemdum í meðferð Ed. En út af því, sem fundið hefir verið að 12. gr. skal jeg geta þess, að greinin virðist of einhliða miðuð við námalögin, eða einstök ákvæði þeirra, þau sem gilda um leit eftir málmum. Mjer virðist ekki eiga vel við að láta samskonar ákvæði gilda um leit eftir jarðhita og leit eftir málmum. Hv. þm. Mýr. taldi, að með ákvæðum þessa frv. væri stefnt að því, að taka rjett af landeigendum til hagnýtingar og ráðstöfunar fyrir braskaralýð. Þetta er að vissu leyti rjett, því að eftir námalögunum eiga landeigendur rjett til allra þeirra málma, sem finnast í þeirra landareignum, hvort heldur nær yfirborði eða djúpt í jörðu, og þar kemur einmitt fram ósamræmið við frv. Jeg legg þann skilning í þessi mál, og hefi ætíð gert, að landareign hverri fylgi rjettur til allra gagna og gæða, sem finnast innan takmarka hennar, hvort sem þau eru í jörðu eða á, og hve djúpt sem þau kunna að felast niður í jörðinni. Þessi meginregla er viðurkend í námalögunum. Að öðru leyti er þetta frv. bygt á ákvæðum vatnalaganna frá 1923. Þó hefi jeg veitt því eftirtekt, að samkvæmt þessu frv. getur borun eftir jarðhita farið fram svo nærri landamerkjum, að röskun hafi í för

með sjer fyrir heitar uppsprettur næsta landeiganda. En við hliðstæðum spjöllum er sjeð í vatnalögunum, því að þar er varnaður boðinn á að grafa brunna eða búa til vatnsból, ef sýnt þykir, að þau taki vatn frá nágrönnunum. Svipuð ákvæði virðist mjer að hefði átt að setja í þetta frv., til leiðbeiningar og varnaðar gegn landspjöllum. Jeg get tekið undir það, að lög um þetta efni þurfi að setja, og að þeirri lagasetningu megi ekki fresta, en með allri varúð verður að gera hana. Sömuleiðis er jeg samþykkur því, að til þess að þetta frv. verði aðgengilegt, þurfi að lagfæra 1. gr., og auk þess að steypa 12. gr. upp í alt öðru formi. Ennfremur eru mörg ákvæði frv. mjög hæpin, svo sem niðurlag 6. gr. Það er mikið álitamál, hvort þau ákvæði geta staðist. Þar er sem sje lögð sú kvöð á landeiganda, að greiða fráfarandi ábúanda endurgjald fyrir þann kostnað, sem hann hefir lagt í við hagnýtingu jarðhita á leigujörð sinni, og virðist sú gjaldskylda harla óeðlileg, ef hagnýtingin hefir lítil orðið, í hlutfalli við kostnað, eða engin.

Af því að þetta er 1. umr., vil jeg ekki eyða meiri tíma í að tala um málið. Það fer að sjálfsögðu til nefndar, til rækilegrar athugunar. Þarf sú nefnd að gera mikla breytingu á frv., svo að það verði aðgengilegt og hæft til samþykkis.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg get þakkað þeim hv. þm., sem hafa tekið í sama strenginn og jeg um þetta mál. Sjerstaklega þótti mjer vænt um, að hæstv. forsrh. sagði, að ekki mætti samþykkja frv. eins og það er nú úr garði gert, því að það væri svo illa undir búið. En þar sem hæstv. forsrh. sagði, að jeg mætti sjálfum mjer um kenna, að svona væri komið, þá hafði hann algerlega á röngu að standa. Jeg man að vísu ekki, hvort jeg greiddi atkv. með þáltill. á sínum tíma, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa löggjöf um þetta efni, en jeg hefi að minsta kosti aldrei ætlast til, að hún kæmi fram í þessum búningi. Á síðasta þingi talaði jeg, einn þm., á móti því frv., sem þá var á döfinni um þetta efni, og var sá eini af hv. þdm., sem benti á þá agnúa, sem á því voru. Þetta má finna í C-deild þingtíðindanna, bls. 163. Nú fer svo fjarri því, að þeim agnúum, sem jeg benti á í fyrra, hafi verið slept í þessu frv., sem nú liggur fyrir. Þeir koma allir aftur í þessu frv. Er því algerlega órjettmætt að beina þeirri ásökun til mín, að jeg megi sjálfum mjer um kenna, að ekki hefir tekist betur með samningu frv. en raun er á orðin, þar sem jeg benti á alla þessa galla á síðasta þingi. Vona jeg, að svo verði frá lögum þessum gengið, að rjettur eigandanna sje ekki fyrir borð borinn, því að það er engin skynsamleg ástæða til þess að veita hann einstökum mönnum, ef til vill til að braska með. Ætti nefnd sú, sem um þetta fjallar, að geta búið svo um hnútana, að allir mættu vel við una, en eins og nú standa sakir, brýtur frv. alveg í bág við ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarrjettarins.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get verið þakklátur þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls, því að jeg er alveg á sömu skoðun og þeir í mörgum atrið-

um. Jeg skal þó ekki tefja tímann með langri ræðu, þar sem jeg er í þeirri nefnd, sem málið fer væntanlega í. Í fyrra var jeg í sömu nefnd, allsherjarnefnd, og rannsakaði frv. þetta allítarlega, og rak mig þá á marga galla á frv.

Jeg legg aðaláherslu á, að aðeins verði heimilað að taka hveraorku eignarnámi til gagns fyrir hlutaðeigandi hjeruð eða landið sjálft til notkunar, en sje ekki ástæðu til þess að veita einstökum mönnum svo að segja jafnan rjett og landeigendum, og get ekki sjeð, að það sje samrýmanlegt stjórnarskránni.

Jeg get þakkað hv. 1. þm. S.-M. fyrir hans upplýsingar, en þær sýna, að hjer í þessu frv. er að ýmsu leyti gengið nær eignarrjetti manna en í vatnalögunum. Jeg skal taka á mig ábyrgðina af því, að þetta frv. var svæft í fyrra, og jeg lagði meira að segja að hæstv. atvmrh., að koma ekki fram með frv. aftur. Jeg sagði honum, að það þyrfti að samrýma það betur námalögunum og vatnalögunum. Þó að ef til vill þurfi löggjöf um þetta efni, þá verður ekki sagt, að það brjóti í bág við almenningsheill, þótt það dragist eitt ár eða svo, að það gangi fram, og legg jeg því til, að nefndin, sem hefir frv. til meðferðar, sem væntanlega verður allsherjarnefnd, leggi mikla vinnu í að bæta úr göllum frv., eða jafnvel vísi því aftur til stjórnarinnar til betri undirbúnings.

Magnús Guðmundsson: Mjer skilst, að hjer sje aðallega rætt um tvö ákvæði þessa frv., sem sje ákvæði 1. og 12. greina þess. Heyrist mjer á sumum, að breyting sú, sem gerð var á 1. gr. frv. í Ed., eigi að vera mjög svo mikilsverð. Fæ jeg ekki skilið, að svo geti verið, þó að þetta eina orð, „jarðhiti", sje felt burtu. Það orð er innan sviga, og einungis sett til skýringar við orðið laug, og skiftir því ekki miklu máli, og getur þetta ekki talist nein veruleg breyting. Aðalatriðið eru ákvæði 12. greinar. Furðaði mig stórlega á því, að hæstv. forsrh. vildi kenna formanni Íhaldsflokksins um þau, þar sem þau eru nú svo að segja alveg ómenguð eins og þau komu frá hendi hæstv. forsrh. sjálfs í stjfrv. Hefði hann því fremur átt að sjá bjálkann í sínu eigin auga heldur en flísina í auga formanns Íhaldsflokksins. Þessi grein er það, sem aðallega er fundið að, og hún er talin sá stóri galli á frv. Það var einu sinni talað mikið um vatnsrán hjer í þessari hv. deild, en nú er það hverarán, sem hjer er rætt um, og borið fram af hæstv. forsrh. sjálfum. 12. greinin er runnin frá honum, og hún sviftir eigendurna svo gersamlega öllum rjetti, að það er ekki hægt að gera það öllu rækilegar. Þessi grein varð þess valdandi, að hv. allshn. taldi ekki rjett að afgreiða málið á þinginu í fyrra, og býst jeg við, að það komi á daginn núna, að nefndin finni ástæðu til þess að taka þessa sömu grein til rækilegrar athugunar. Vil jeg leiða athygli hæstv. forsrh. að því, að honum ferst ekki að kenna öðrum mönnum um galla á stjórnarfrv., þegar þeir eru eingöngu honum sjálfum að kenna. Auk þess finst mjer mjög óviðkunnanlegt af honum, að vera að hallmæla þeim mönnum, sem ekki eiga sæti í þessari hv. deild, og hafa því ekki tækifæri til þess að taka til máls og bera hönd fyrir höfuð sjer.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það gladdi mig stórlega, að hv. 1. þm. Skagf. kallar frv. hverarán. Þó að jeg sje ekki kunnugur heimilisástæðum í hans flokki, þá sjest þó á þessu, að það er ekki allur Íhaldsflokkurinn, sem stendur þarna að baki þeirri mjög svo hræðilegu árás á eignarrjettinn, sem kom fram í ræðu formanns þess flokks við umr. um þetta mál í Ed.

Magnús Guðmundsson: Tíminn er naumur til þess að skýra málið, en hjer er áreiðanlega um greinilegt hverarán að ræða. Get jeg ekki betur sjeð, en að í 12. gr. sje landeigandi gerður algerlega rjettlaus fyrir bröskurum og landshornalýð, og verð jeg að telja það vægast sagt undarlegt af hæstv. forsrh., að kenna öðrum um þetta, þegar hann á sjálfur sökina. Vil jeg máli mínu til stuðnings benda á, að það, sem hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Mýr. helst fundu að þessu frv., stendur alt í því eins og það var þegar það kom frá hæstv. stjórn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það, sem þeir fundu sjerstaklega að þessu frv., hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Mýr., var einmitt, að felt var úr 1. gr. þess, að jarðhiti skyldi vera látinn fylgja með hverum og laugum. Það er þetta, sem aðallega bendir á rán. Till. um að fella þetta orð burtu var borin fram í Ed. af sjálfum form. Íhaldsflokksins, og samþ. þar með atkv. allra íhaldsmannanna og þeirra tveggja jafnaðarmanna, sem þar eiga sæti.

Magnús Guðmundsson: Jeg er alveg steinhissa á hæstv. forsrh., að hann skuli geta fengið af sjer að gera að umtalsefni, þó að felt sje burtu þetta eina svigaorð úr 1. gr., sem sett var eingöngu til skýringar. Hann nefnir ekki 12. gr., sem veitir öllum rjett til þess að bora eftir hita og hagnýta sjer orku í annars manns landi, og svo veitir hún landeiganda ekki annan rjett, en að það á að tilkynna honum hvernig komið sje. Er það næsta furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli fá sig til þess að mæla með þessu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Sú harka, sem kemur fram í málrómi hv. 1. þm. Skagf. getur alls ekki komið í staðinn fyrir rök í þessu máli. Hann vitnaði til hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Mýr., og það gerði jeg líka. Þeir töldu frv. stór-gallað, en þó hefði fyrst keyrt alveg um þverbak við breytinguna í hv. Ed. Upphafsmaðurinn að þeirri breytingu var formaður Íhaldsflokksins, og hann er því lang syndugastur í þessu máli. Er það sennilega bróðurlega hugsað af hv. 1. þm. Skagf., að vilja afsaka hann, en heldur óviðkunnanlegt, að hann afneiti sínum yfirboðara.

Magnús Guðmundsson: Jeg hefi alls ekki verið að mæla bót breytingunni á 1. gr., sem gerð var í hv. Ed., en tel hana þýðingarlitla. Vil jeg aðeins benda hæstv. forsrh. á það, að hann er sjálfur lang-syndugastur í þessu máli, þar sem hann vill ekki gangast við þessum krakka sínum í 12. gr. frv., sem öllum líst svo illa á (ÓTh: Jeg heimta svardaga.), sjerstaklega hans áðurnefndu flokksbræðrum. Það eru bein ósannindi, að form. Íhaldsflokks-

ins hafi lagt nokkurn efnivið í 12. gr. frv., hvað sem hæstv. forsrh. segir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þessi króí, sem okkur líst báðum svona illa á og öllum þykir svo ljótur, er hreinræktað fóstur Íhaldsflokksins, og form. Íhaldsflokksins hefir sjálfur sett sinn svip á hann. Jeg var ekki í hv. Ed. þegar rætt var um þetta mál þar, en þá var það form. Íhaldsflokksins, sem lagði þá regináherslu á að fá felt burtu þetta eina orð, sem menn nú svo mjög sakna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18: 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, LH, MG, MJ, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ*, HStef, HJ, HG, IngB, BSv.

nei: JAJ, JörB, PO, HK, JJós.

Fimm þm. (EJ, GunnS, HV, JÓl, MT) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt nál. meiri hl. allshn. á þskj. 320. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

* með svofeldri greinargerð: Jeg hefi orðið var við, að allir, sem talað hafa, eru á einu máli um það, að ýms ákvæði þessa frv. sjeu með öllu ófær, en í þeirri von, að þau verði tekin til rækilegrar athugunar í nefnd, segi jeg já.

6. Atkvæðagreiðsla um nafn Ísafjarðarkaupstaðar.

Á 1. fundi í Ed., 18. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um atkvæðagreiðslu um nafn Ísafjarðarkaupstaðar (stjfrv. A. 21).

Á 1. fundi í Ed., 21. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta er einfalt mál og þarf eigi langrar greinargerðar. Í frv. er gert ráð fyrir að gefa íbúum Ísafjarðarkaupstaðar rétt til að skifta um nafn á kaupstaðnum, ef þeir vilja. Æski þeir þess eigi, nær framkvæmd frv. eigi lengra, þó að það yrði að lögum nú. Eins og kunnugt er, gáfu erlendir menn kaupstaðnum það nafn, sem hann ber nú, vegna ókunnugleika, á sama hátt og þeir nefndu t. d. Akureyri Eyjafjörð. Er fremur óviðkunnanlegt að halda því nafni, sem svo er til komið.

Jeg legg til, að frv. verði vísað til hv. allshn.

Jón Baldvinsson: Mér finst, að hæstv. stjórn hefði átt að leita álits Ísfirðinga um þetta mál, áður en hún flutti frv. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, verður nafninu eigi breytt, nema íbúar kaupstaðarins samþykki með atkvæðagreiðslu. Felli þeir breytinguna, er þessi löggjöf þýðingarlaus.

Jeg þykist vita, að þetta frv. sje af sömu rótum runnið og breytingar þær, sem Norðmenn gerðu á bæja- og borga nöfnum hjá sjer fyrir stuttu síðan. Þeir byrjuðu á höfuðstaðnum og skírðu hann upp. Mér finst eðlilegt, að stjórn-

in hefði farið eitthvað svipað að, og hefði hún þá átt að bera fram frv., sem hjeti eitthvað á þessa leið: Frv. um að bæta „r“ inn á milli „a“ og „v“ í nafni Reykjavíkur, því sagt er, að til forna hafi bærinn heitið Reykjarvik.

Jeg mun eigi amast við að frv. fari til 2. umr., en læt ósagt um frekara fylgi við það.

Halldór Steinsson: Hv. 4. landsk. (J-Bald) tók að mestu leyti af mjer ómakið. En jeg vildi aðeins spyrja hæstv. ráðh., hvort það sje eftir tilmælum manna á Ísafirði, að stjórnin flytur þetta frv. Mjer er tjáð, að almenningur þar vestra sje breytingunni mótfallinn. Sjálfur sje jeg ekki annað en að Ísafjörður sje gott nafn og nokkurnveginn gamalt. Tel jeg þetta mál of litilfjörlegt til að eyða í það löngum tíma. Mun jeg greiða atkvæði gegn því, að það fari til 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg skal gefa þá skýringu, að hjer er um almenna málhreinsun að ræða, og því eigi óeðlilegt, að ríkisstjórnin eigi frumkvæðið í þessu máli. Raunar get jeg viðurkent, að þetta sje ekkert verulegt stórmál. En þá þykir mjer nokkuð langt gengið, ef það má ekki ganga til nefndar. Og eigi mundu þjóðræknir menn í Noregi hafa talið viðeigandi að hindra a. m. k. athugun á þesshättar máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 2 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Nöfn kaupstaða og kauptúna.

Á 1. fundi í Ed., 18. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um nöfn bæja og kaupstaða (stjfrv. A. 22).

Á 4. fundi í Ed., 21. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er náskylt því frv., sem hjer var áðan til umr. (Frv. til l. um atkvgr. um nafn Ísafjarðarkaupstaðar). Í því eru gerðar ráðstafanir til að hægt sje yfirleitt að breyta um nöfn kaupstaða, ef íbúar þeirra æskja þess. Jeg þykist vita, að þeir sömu menn, sem voru á móti hinu frv., sjeu þessu einnig andstæðir, en sje ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum á þessu stigi málsins.

Jeg legg til, að frv. verði, að umræðu lokinni, vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Þorláksson: Jeg kann illa við þennan eftirhermuhátt eftir Norðmönnum, sem hafa lifað slíkt niðurlægingartímabil, að nú vilja þeir þurka burt 2—300 ár úr sögu þjóðar sinnar, ef þeir gætu. En engu slíku er til að dreifa hjer á landi. Við getum borið höfuðið hátt, því að okkar þjóðlega menning hefir verið óslitin frá landnámstíð fram á þennan dag. Það væri okkur til minkunar að fara að dæmi Norðmanna í þessu efni, því að með því værum við að gefa í skyn, að okkar saga á þessum öldum væri sú sama og þeirra.

Í 1. gr. frv. er sagt að ráði málvenja, og í 2. gr. að ekki megi skifta um nafn á bæ eða kaupstað, nema heimild sje veitt til í sjerstökum lögum. Jeg hygg, að það sje ekki svo um alla kaupstaði,

að þeir hafi lögheiti, sem fellur saman við málvenjuna, samanber nöfnin Blönduós og Sauðárkrókur, sem í daglegu tali er kallað Ósinn og Krókurinn. Jeg vil því skjóta því til hv. allshn., að fara ekki að fitja upp á neinu í löggjöfinni, sem skoða mætti sem viðurkenningu um, að við hefðum ekki haldið okkar tungu óskemdri.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hv. 3. landsk. (JÞ) vil jeg benda á það, að frv. þetta er undirbúið af einum besta sögumanni á Íslandi, og það er tekið skýrt fram í álitsskjali því, sem frv. fylgir, að við Íslendingar höfum í þessu efni ekki orðið eins hart úti og Norðmenn, á okkar niðurlægingaröld. Þó er þar nefnt eitt ágætt dæmi, sem sje, þegar Möðruvellir í Hörgárdal eru kallaðir „Friðriksgáfa", af því að Friðrik konungur ljet þar reisa steinhús. Segjum svo, að Möðruvellir væru enn kallaðir þessu nafni. Væri þá ekki ástæða til að breyta því? (JÞ: Möðruvellir hafa aldrei heitið Friðriksgáfa, heldur aðeins eitt hús á Möðruvöllum). Það er nú samt venjan, að hús og jörð fær sama nafn. En meðvitund þjóðarinnar hefir tekið þarna nógu snemma í strenginn. Nei, það er ekki hægt að vera á móti þessu frv., nema fyrir þá, sem líta velþóknunaraugum til þess tíma, þegar þjóð okkar var beygð undir erlent vald.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 326).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. hefir athugað þetta frv. rækilega og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþ. með allmörgum breytingum.

Nefndin viðurkennir, að rjett sje að lögfesta nöfn bæja og kaupstaða og ákveða með lögum, hvernig þeim nöfnum skuli breytt, ef til kemur. En hún álítur, að frumkvæðið til slíkra breytinga eigi að koma frá íbúum kaupstaðanna sjálfra og leggur til, að frv. verði breytt til samræmis við það álit.

Brtt. nefndarinnar eru margar. Ein þeirra skiftir þó mestu máli, en það er sú, sem fjallar um frumkvæði íbúanna.

Nefndin flytur þá brtt. við 1. gr., að í staðinn fyrir „bæ eða kaupstað" komi kaupstað eða kauptún. Það er orðin föst málvenja, að kauptún, sem öðlast hafa sjerrjettindi og stjórn sinna eigin mála, sjeu kölluð kaupstaðir. Nafnið bær mun vera lögfest um býli í sveit. Því telur nefndin rjett að gera þessa breytingu. 2. brtt. er bein afleiðing af 1. brtt.

3. brtt. nefndarinnar gengur út á það, að umsteypa 3. gr. frv. og orða hana á annan veg. Eins og jeg hefi tekið fram, álítur nefndin, að frumkvæðið eigi að koma frá kaupstöðunum og kauptúnunum sjálfum, en sjer þá jafnframt þörf á að setja ítarlegri reglur en í frv. standa um meðferð þeirra mála, sem hjer ræðir um. Þótti nefndinni rjett, að þau ákvæði kæmu fram í lögunum, og væru svo skýr, að ekki yrði um þau vilst.

4. brtt. er um að bæta inn nýrri grein á eftir 3. gr. frv. Hún er um það, að þegar svo hafi verið að farið, sem fyrir er mælt í 3. gr., þá skuli samþykki Al-

þingis koma til, áður en nafninu verði löglega breytt, ella sje hún ógild.

5. brtt. er um, að orðið s j á l f í 1. línu 4. gr. frv. falli niður.

6. brtt. er bein afleiðing af 1. brtt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. að svo stöddu. Jeg geri ráð fyrir, að brtt. nefndarinnar fái góðan byr, því að tilgangi frv. er eigi síður náð, þó að þær verði samþyktar. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að ákvæði þeirra sjeu yfirleitt skýrari en ákvæði frv.

Jeg vil nota tækifærið til að minnast á það, að jafnframt þessu frv. hefir nefndin til meðferðar frv. um breytingu á nafni Ísafjarðarkaupstaðar. Af fyrnefndum ástæðum geri jeg ekki ráð fyrir, að nefndin telji rjett að afgreiða það frv. Hún telur heppilegra, að frumkvæði þeirrar ákvörðunar, sem í því frv. felst, komi frá Ísfirðingum sjálfum. Þetta vildi jeg tilkynna hv. deild og hæstv. stjórn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. allshn. afgreiðslu þessa máls. Það er mjer ánægja, að hún hefir fallist á aðalatriði frv. Þess vegna vil jeg heldur ekki gera ágreining um einstök atriði, þó að jeg geti ekki neitað því, að jeg hefði kosið ýmislegt í brtt. nefndarinnar öðruvísi en það er.

Vegna afstöðu nefndarinnar er eðlilegt, að hún afgreiði ekki frv. um nafn Ísafjarðar-kaupstaðar. Mun jeg og sætta mig við það, þó að jeg hefði talið rjettara að leyfa Ísfirðingum nú þegar að láta uppi álit sitt um það, hvort þeir vildu heldur hlíta íslenskri eða danskri skirn. En það er gott, að frv. fái afgreiðslu, og jeg gef því min bestu meðmæli.

ATKVGR.

Brtt. 326, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 326, 2 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 326, 3 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 326, 4 (ný gr. sem verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 326, 5 (við 4. gr., sem verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 326, 6 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um nöfn kaupstaða og kauptúna

Á 48. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 349).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 349).

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Kvikmyndir og kvikmyndahús.

Á 1. fundi í Ed., 18. febrúar var útbýtt:

Frv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús (stjfrv. A. 26).

Á 4. fundi í Ed., 21. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er að mestu leyti samið eftir þeim lögum, sem gilda um tilsvarandi efni í Danmörku. Það gengur í þá átt, að veita bæjarfjelögum og ríkissjóði nokkrar tekjur af kvikmyndum, fram yfir þær, sem þau hafa áður haft. Eiga þær að standa í rjettu hlutfalli við arðsemi atvinnunnnar. Ennfremur er ætlast til, að framvegis verði haft eftirlit af hálfu hins opinbera með þeim myndum, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum. Á það að koma í veg fyrir, að sýndar verði myndir, sem eru ósmekklegar eða að einhverju leyti mega teljast siðspillandi. Þesskonar eftirlit er tekið upp í öðrum löndum, þar sem kvikmyndir hafa tíðkast lengur en hér.

Gjald til hins opinbera fyrir leyfi til kvikmyndasýninga á, eftir frv., að reiknast í hlutfalli við stærð þeirra bæja, sem kvikmyndahúsin eru í, eftir fjölda kvikmyndahúsanna, verði sæta í hverju kvikmyndahúsi og fjölda sýninga. Með því verður gjaldið á hverjum tíma í rjettu hlutfalli við hagnaðinn, án þess að gera þurfi sjerstakar breytingar vegna nýrrar aðstöðu.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til þeirrar nefndar, sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að athuga, hvort eigi væri tiltækilegt að ákveða einhverja ívilnun handa kvikmyndahúsum, þar sem myndir eru sýndar með íslenskum texta. Um það er ekkert í frv., en væri sennilega heppilegt að setja sjerstök ákvæði um það efni.

Að svo mæltu legg jeg til, að frv. verði vísað til hv. mentamálanefndar.

Jón Þorláksson: Jeg hafði gert ráð fyrir að hæstv. ráðh. mundi leggja til að vísa málinu til hv. allshn. (**Dómsmrh.:** Jeg hefi heldur ekkert á móti því, ef hv. deild æskir þess fremur). En í þeirri nefnd á jeg eigi sæti og hafði því hugsað mjer að gera lítilsháttar athugasemdir við frv. þegar á þessu stigi málsins. Hinsvegar hefi jeg minni ástæðu til athugasemda nú, ef mentmn. fær frv. til meðferðar, því að þar á jeg sjálfur sæti.

Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hv. þdm. á því, að með þessu frv. er verið að taka vald frá bæjarstjórnum og leggja það undir dómsmálaráðherra. Það er rjett, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta er svo í Danmörku. En hitt hefi jeg heyrt og ætla að það sje á fullum rökum bygt, að sú tilhögun hafi reynst þar alveg sjerstaklega illa. Það get jeg fullyrt a. m. k., að sje borin saman kvikmyndastarfsemin hjer í Reykjavík og t. d. í Khöfn, orkar það eigi tvímælis, að hún stendur á miklu hærra stigi hjer. Vil jeg nota tækifærið til að láta það í ljós, að mjer finst vera veitst mjög ómaklega að forstjórum kvikmyndahúsanna hjer, ef ummælin í

greinargerð frv. eiga við þá. Mjer er kunnugt um það, að hjer eru engar þær myndir sýndar, sem eigi hafa staðist gagnrýni í nábúalöndum okkar, og að forstjórar kvikmyndahúsanna hjer eru mun vandlátari en starfsbræður þeirra yfirleitt í öðrum löndum. Jeg þori ekki að staðhæfa mikið um myndsýningar í öðrum bæjum en Rvík., en það veit jeg, að á undanförnum árum hefir verið sýnt hjer mikið af úrvalsmyndum, en hinsvegar engar, sem eru á borð við þær lökustu, sem leyfðar hafa verið í Khöfn.

Í athugasemdum frv. er sagt, að kvikmyndasýningar sjeu eftirlitslausar af hálfu bæjarstjórnar. Þetta er ekki rjett. Bæjarstjórn hefir gefið gaum að vali myndanna, þó að eigi hafi farið fram formlegt eftirlit. Þetta hefir forstjórunum verið kunnugt um og tekið tillit til þess. Hinsvegar er eigi með öllu hægt að sneiða hjá misjöfnum atvikum í myndum, ef á annað borð á að sýna lífið eins og það er.

Sje jeg svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., að svo stöddu. sist ef því verður vísað til þeirrar nefndar, sem jeg á sæti í.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 199 og 237, 265).

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Eins og nál. um þetta mál ber með sjer, þá hefir mentmn. ekki getað orðið samferða um afgreiðslu þess. Jeg og hv. þm. Ak. (EF) leggjum til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. En hv. 3. landsk. (JÞ) vill fella frv.. — Skal jeg nú nokkuð víkja að ástæðum meiri hl. fyrir sínu áliti. Við álítum fyllilega rjettmætt að setja lög um þetta viðtæka og áhrifaríka mál. Nágrannaríkin hafa líka öll sett löggjöf um þetta efni. Meiri hl. mentamn. er ekki kunnugt um það, að bein löggjöf sje til hjer um kvikmyndahús, því lögin frá 3. jan. 1890 um lögreglusamþyktir, gera alls ekki ráð fyrir kvikmyndasýningum, enda þær þá óþektar. Þar er því ekkert ákvæði um þær, heldur að eins um almennar skemtanir. Ef því þetta getur talist löggjöf um kvikmyndasýningar, þá er sú löggjöf ærið óglögg. Að vísu hafa ákvæði laganna frá 1890 verið teygð yfir þessa starfrækslu í sumum kaupstöðum, og lögreglustjóra heimilað eftirlit með kvikmyndasýningum. En það stendur eigi að síður óhrakið, að um þetta eru engin almenn lög, heldur aðeins samþyktir fyrir vissa bæi.

Það, sem rekur mest eftir því, að lög sjeu sett um kvikmyndahús, er myndskoðunarskyldan, sem á að vera ríkinu trygging fyrir því, að aðeins sjeu sýndar góðar eða sæmilegar myndir. Í greinargerð með frv. um kvikmyndir, sem lagt var fyrir Fólksþingið danska í fyrra, er komist svo að orði, með leyfi hæstv. fors.: „Höfuðtilgangurinn með löggjöf um kvikmyndasýningar er: að ná því marki, að einungis sjeu sýndar kvikmyndir, sem hafi göfgandi og fræðandi áhrif á sýningargesti, sjerstaklega á unglingana, sem er mikill meirihluti sýningargesta". Þetta er það, sem danska nefndin telur höfuðskilyrði fyrir lagasetningu um kvikmyndir og jeg

vil fyllilega taka undir það. Það er tvímælalaust takmarkið hjer eins og þar, og undir því, hvernig tekst að ná þessum tilgangi, er það komið, hvort kvikmyndasýningar verða þjóðinni til blessunar eða bölvunar, vegna áhrifa þeirra á æskulýðinn. En hvað hefir þá verið gert hjer til að tryggja þetta? Ekkert. Að vísu heimila lögreglusamþ. lögreglustjóra að hafa eftirlit með sýningum, en jeg hygg, að því hafi aldrei verið beitt. Sumir halda nú máske, að hjer sjeu ávalt sýndar góðar myndir, og það má vera að svo sje yfirleitt. En þó mun bera út af því. Jeg veit, að um það eru skiftar skoðanir og áhrifin talin misjöfn á æskuna. Einn af merkustu kennurum þessa lands, Helgi Hjörvar, hefir gefið út bók, er hann nefnir „Vandræðabörn". Í einum stað í henni er þessu nokkuð lýst, og vil jeg með leyfi hæstv. fors. lesa upp úr bókinni litinn kafla um þetta efni. Þar segir svo: „Jeg gat um það í upphafi, að hjer í Reykjavík var um tíma um og eftir 1920 mikil spillingaröld meðal barna og unglinga, svo að til stórvandræða horfði. Hvað eftir annað gusu upp þjófnaðir og innbrot, sem heil fjelög stráka stóðu að. Flestir eða allir voru þeir innan við fermingu, sumir ekki eldri en 8—9 ára. Margir þessara drengja komust yfir ærnar fjárhæðir.

En hvers vegna stálu þeir, og til hvers var fjenu varið?

Ekki bar svo mjög á því, að þessir drengir væru frá svo tiltakanlega vondum heimilum. En enginn var heldur frá góðu heimili, sem kalla mætti, af þeim, sem ungir voru. Margir helstu forsprakkarnir hjeldu því eindregið fram, að þeir hefðu fyrst byrjað þjófnað og innbrot af því að horfa á glæpamannamyndir á „bíó", þar á meðal sá allra versti. Þeir hefðu lært þar á myndunum ýmsar aðferðir við innbrot og þjófnað, þótt gaman að eltingaleik lögreglunnar og þjófanna og dottið margt í hug út af því, sem þeir sáu. Það er álit lögreglunnar hjer, að strákarnir hafi gert of mikið úr þessum áhrifum, sumpart af klókindum, og er það líklegt, enda kemur hjer fleira til. En þó hafa 8—9 ára strákar hjer í bænum stofnað með sjer þjófafjelag og skírt í höfuðið á bófafjelagi, sem þá var sýnt hjer á kvikmyndum, og þarf raunar engra vitna við um áhrif og bölvun slíkra mynda."

Þarna segir þá reynslan, að vesalings börn hafi leiðst til glæpa af því, að horfa á slæmar myndir. Og þetta út af fyrir sig finst mjer fullgild ástæða til þess, að ríkið taki í sínar hendur alla myndskoðun. Þeirri myndskoðun má að vísu haga á fleiri en einn veg, og tel jeg víst, að ríkistjórnin láti framkvæma hana á svo tryggan og heppilegan hátt, sem unt er.

Þá er annað atriði í þessu máli, hvort leyfi til kvikmynda skuli veitt af ríkisstjórninni eða öðrum. Jeg held, að það sje heppilegt, að ríkisstjórnin hafi þetta í sínum höndum, að minsta kosti af þeirri ástæðu, að með því er það trygt, að Þjóðleikhúsið fái á sínum tíma leyfi til kvikmyndasýninga. Má gera ráð fyrir því, að það verði fulldýrt í rekstri og veiti eigi af, að því verði trygður ágóði af myndasýningum, með því að takmarka leyfi til annara. Borgarstjórinn í Rvík segir að vísu, að leyfi muni ekki verða veitt af bæjarstjórn til annara en þjóðleikhússins. Er það að vísu þakkarvert, ef á því má byggja. En fyrir því er þó engin trygging. Því þótt

núverandi borgarstjóri og bæjarstjórn vildu veita leyfið, þá geta orðið umskifti í bæjarstjórn fyrir þann tíma, sem þjóðleikhúsið tekur til starfa. Þá er og mikilsvert atriði, að það sje trygt, að skólar eigi aðgang að því, að geta sýnt góðar kenslumyndir á kvikmyndahúsum. Það er viðurkent, að kvikmyndir eru afbragðs menningar- og kenslumeðal, ef þeim er vel beitt. Þá tel jeg ekki úr vegi, að ríkið skattleggi þennan atvinnurekstur nokkuð, sem hefir það orð á sjer, að vera allmikið gróðafyrirtæki, þótt ekki liggi fyrir beinar upplýsingar um það. Þó er það í mínum augum minna atriði en þau, sem jeg hefi bent á, einkum myndskoðunin, sem jeg tel höfuðatriði.

Meiri hl. n. er því samþykkur frv. í aðalatr. Mjer kom það nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir, að hv. minni hl. n. vill fella þetta frv. Jeg hafði ástæðu til að ætla, eftir því sem orð fjellu í n., að hv. 3. landsk. mundi geta lagt til, að frv. yrði samþ., að vísu með talsverðum breytingum, en hann hefir nú horfið frá því.

Fyrir brtt. meiri hl. n. á þskj. 199 er gerð grein í nál. hans. Jeg vil þó fara um þær nokkrum orðum. Það virðist nauðsynlegt að heimila leyfistímann lengur en í fimm ár, eins og gert er í frv., því að annars er hætt við, að menn treysti sjer ekki til að vanda eins til húsnæðis, mynda og sýningartækja sem ella, en alt hefir þetta mikið að segja. Þá virtist okkur ennfremur, að rjett væri að taka tillit til þess í skattaformúlunni, hve aðsóknin væri mikil að kvikmyndahúsunum, en slíkt er ekki gert í frv., heldur aðeins til sætafjöldans, án hliðsjónar af því, hvort húsin eru mikið eða lítið sótt. Við höfum bætt nýjum lið inn í formúluna til þess að bæta úr þessu.

Hjer í Reykjavík eru tvö kvikmyndahús. Hefir því verið haldið fram, að tekjur þeirra væri ekki eins miklar og alment er álitið. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort þetta er rjett. Það verður auðvitað altaf álitamál, hve hár þessi skattur á að vera, en n. þótti vissara að lækka hann, og gerir því þá till., að hann verði lækkaður um ¼ frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. stj., og hyggur, að með því sje skattinum í hóf stilt. Það getur verið, að þessi skattur lendi að nokkru leyti á þeim, sem sækja kvikmyndahúsin, og er ekki hægt við því að gera, en önnur ákvæði frv. eiga að tryggja það, að húseigendurnir yfirfæri þetta ekki að ástæðulausu.

Hæstv. dómsmrh. hefir bent á það, að til mála gæti komið að ívilna þeim kvikmyndahúsum, er sýna myndir með íslenskum texta. Það er mjög raunalegt, hve fátt þeirra mynda, sem hjer eru sýndar, er með íslenskum texta, og ætti að vera okkur metnaðarmál, að sem flestar og helst allar myndir væri með íslenskum texta, og jafnvel um íslensk efni líka. N. leggur því til, að kvikmyndahúsum sje ívilnað í skatti fyrir sýningu á myndum með íslenskum texta, sem og fyrir sýningu á sjerstaklega fræðandi myndum.

Jeg ætla að geyma mjer að gera athugasemdir við þær brtt., sem fram eru komnar, þangað til flm. þeirra hefir gert grein fyrir þeim, en leyfi mjer hinsvegar að vænta þess, að brtt. okkar í meiri hl. n. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg hefi samið ítarlegt nál. um þetta mál, og þar gert grein fyrir skoðunum

minum á því. Vona jeg, að hv. þdm. hafi kynt sjer nál., eða muni gera það, svo að jeg get sparað mjer að nokkrum mun að taka það sama fram hjer og í nál. minu stendur.

Hv. frsm. meiri hl. (JónJ) taldi mjög mikla nauðsyn á myndskoðun og því mikla ástæðu til að setja l. um þetta efni. Jeg hefi leitt rök að því í nál. minu, að sú tilhögun um myndskoðun, sem frv. gerir ráð fyrir, er bæði verri og ótryggari en sú tilhögun, sem nú er. Það er ekki rjett, eins og gert er ráð fyrir í frv., að heimila að flytja inn óskoðaðar myndir og eiga undir því, hvort þær standast skoðun einhverra tveggja manna einhversstaðar á landinu, þar sem myndir eru sýndar. Ef myndir standast skoðun einhversstaðar, má sýna þær hvar sem er á landinu. Er þetta miklu ótryggara en í nokkru landi öðru. Lögreglustjórar geta heimtað, og gera það líka, að aðrar myndir sjeu ekki fluttar hingað en frá þeim löndum, sem telja má að hafi fullkomna myndskoðun, auk þess sem þeir hafa rjett til að skoða myndir og banna, ef þeim virðist þær óviðeigandi á einhvern hátt.

Þessi misskilningur stj. og meiri hl. stafar af því, að hvorki þeir, sem frv. hafa samið, nje hv. meiri hl., hafa gert sjer grein fyrir því, hver ákvæði gilda nú í þessu efni. Í athugasemdunum við frv. segir svo, að engin lagaákvæði sjeu til hjer á landi um þetta efni, og hv. meiri hl. tekur þetta upp í nál. sitt. Jeg hefi, til að leiðrjetta þetta, látið prenta upp í nál. minu þau ákvæði um þetta efni, sem til eru og er að finna í gildandi lögreglusamþyktum. Það er eins mikilsvert að þessi ákvæði sjeu þar og í l., því að lögreglusamþyktirnar hafa fult lagagildi, eins og t. d. sjest á því, að það má dæma menn til refsingar fyrir brot á þeim.

Jeg geri ekki mikið úr því, að kvikmyndasýningarnar örvi krakka til glæpa. Hv. frsm. meiri hl. vísaði í því sambandi í rit eftir Helga Hjörvar, en hann segir frá því, sem fram hefir komið fyrir lögreglurjetti hjer í Reykjavík, en tók það rjettilega fram, að krakkarnir hefðu borið bióin við í blóra, til að afsaka sjálf sig. Og jeg er hræddur um, að það mætti lengi halda áfram að banna, ef taka ætti fyrir það, að unglingar legðu út á óheppilegar brautir og tækju upp á óknyttum, sem stríða á móti lögunum. Það er auðvitað rjett að vera vandlátur um kvikmyndir, sjerstaklega þær, sem sýndar eru börnum, en jeg álít, að núverandi fyrirkomulag sje betra en það, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. mintist á hagsmuni þjóðleikhússins. Það er upplýst í nál. minu, í brjefi því, sem þar er birt frá borgarstjóranum í Reykjavík, að bæjarstjórnin hjer hefir ekki viljað veita fleiri sýningarleyfi en þegar eru veitt, vegna hagsmuna þjóðleikhússins. Og jeg er ekki í vafa um það, að það er farið af stað með þessa löggjöf, af því að Alþýðuflokkurinn hjer í Reykjavík telur ekki nógar líkur fyrir, að hann fái að sýna kvikmyndir í því húsi, sem hann ætlar að byggja, og það er af þeirri ástæðu, að Jafnaðarmennirnir vilja veita vini sínum, hæstv. dómsmrh. rjett til að gefa sýningarleyfi og veita gjaldfrelsi í þessum efnum. Meiri hl. hefir ekki getað fallist á, að rjett væri að veita undanþágu um gjaldfrelsi, þar sem önnur kvikmyndahús væru fyrir, og yfirleitt verð jeg að

segja það, að jeg tel brtt. meiri hl. viðvíkjandi leyfisbrjefaspjöldunum til bóta. Jeg hefi leitt rök að því í nál. mínu, að skattgjöld þau, sem stungið er upp á í frv., eru ekki nálægt því, sem á sjer stað, að minsta kosti í Danmörku og Svíþjóð, svo að það hlýtur að vera misskilningur, þegar höf. frv. talar um, að það sje sniðið eftir löggjöf um þessi efni á Norðurlöndum, og sjerstaklega í Danmörku. Í frv. er farið fram á að leggja hærri skatt á kvikmyndahúsin en gert er bæði í Danmörku og Svíþjóð. Í Svíþjóð eru kvikmyndahúsin með öllu jafn-sett öðrum borgurum, hvað snertir skattgjöld, og verða að borga skemtanaskatt eins og önnur fyrirtæki, sem eru til að skemta fólki. Í Danmörku greiða þau leyfisgjöld fyrir hvert ár, og er gjaldstiganum þannig hagað, að ekkert kvikmyndahús þar er fyllilega samsvarandi kvikmyndahúsunum hjer að því, er snertir sýningafjölda og sætaverð. Ef reiknað er eftir sömu grundvallarreglu og í Danmörku, ætti árgjaldið af hvoru bíóinu að vera um 1000 kr., eða lítið eitt meira en þau greiða nú í bæjarsjóð. Samkvæmt ákvæðum lögreglusamþyktarinnar er sýningargjaldið 2 kr. fyrir hverja sýningu, eða yfir árið alls 750 kr., en sýningum hefir fjölgað svo, að þetta ætti nú að vera 900 kr. á ári. Þetta sýningargjald er sett svo, að það gerir nálægt því að samsvara því, sem greitt er í Danmörku árlega fyrir leyfi, en sá skattur, sem frv. fer fram á, er langt fyrir utan og ofan þetta, og þýðir í reyndinni ekki annað fyrir bæjarfjelagið hjer en að kvikmyndahúsin verða ekki fær um að greiða sveitarútsvar, nema þeim vaxi tekjur, en það verður ekki á annan veg en með hækkuðum aðgöngumiðum, ekki síst ef fara á að fjölga bíóunum, eins og jeg þykist vita að tilgangurinn sje með þessu frv.

Hv. frsm. meiri hl. sagðist hafa búist við því, að jeg gæti aðhylst frv. í einhverri mynd, og kvaðst hafa rjett til að draga það af þeim ummælum mínum, að jeg gæti fallist á, að einhver lög væru sett um þetta efni. En því betur sem jeg hefi kynt mjer tilhögun þessara mála á Norðurlöndum, því ríkari hefir sú sannfæring orðið hjá mjer, að þessu sje hagkvæmast fyrir komið hjá Svíum, en þar eru kvikmyndasýningar frjáls atvinnuvegur. Þó verður að fá leyfi hjá lögreglustjóra til sýninga, en það er tekið fram, að honum beri að veita slíkt leyfi, ef engar sjerstakar ástæður eru á móti. Það er viðurkent, að þetta hefir gefist best um alla kvikmyndastarfsemi, og ef fara ætti að gera breytingar hjer, t. d. hvað snertir leyfisveitingavaldið, myndi jeg hallast að því, að farin yrði sama braut og hjá Svíum. Þau ákvæði, sem hjer gilda nú, eru líkari því, sem er hjá Svíum en Dönum og Norðmönnum, en þó er það eitt atriði, sem skilur á milli, og það er það, að hjer er bæjar- og sveitarstjórnum veittur hindrunarrjettur, þannig að lögreglustjóri má ekki veita sýningarleyfi, nema samþykki þeirra komi til. Jeg gæti tekið það til vingjarnlegrar yfirvegunar, að nema þetta ákvæði burt, en jeg sje fram á það, að ef afráðið væri að fylgja þessum grundvelli, þyrfti að semja nýtt frv., en jeg fann mjer ekki skylt að leggja út í það, þar sem jeg er ánægður með leyfisveitingarjettinn, eins og hann nú er, þó að jeg gæti til samkomulags gengið inn á, að gera hann jafn frjálsan og hjá Svíum. Þessi

er ástæðan til þess, að jeg fjell frá því að koma með brtt., enda þykist jeg vita, að hjer sje um flokkshagsmuni Alþýðuflokksins að ræða, en það er svo skipað hjer í hv. deild, að ekkert verður samþ., sem fer í bága við þá flokkshagsmuni.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. við þær till., sem hv. mentmn. gerir um frv. stj. Eru þessar till. mínar sumpart leiðrjettingar, sem litlu máli skifta, en sumpart efnisbreytingar.

Fyrsta brtt. mín er við 2. brtt. n. Er það orðalagsbreyting, sem mjer finst fara betur á. Önnur brtt. mín er við 3. brtt. n. Það er efnisbreyting, þar sem jeg vil, að í upphafi formúlunnar komi 20 í stað 30. Er það ⅓ lækkun á gjaldinu, sem jeg tel of hátt eftir frv., þar sem ekki er eins mikil sala, ef um mörg kvikmyndahús er að ræða á sama stað.

Mjer finst og óeðlilegt, að skatturinn sje reiknaður af skemtanaskattinum, og flyt því brtt. í þá átt, að svo verði ekki gert, enda er það til að færa frv. nær þeirri mynd, sem það upprunalega hafði hjá stj.

Þá geri jeg þá brtt. við þriðju brtt. n., að orðin: „á þeim stöðum, sem kvikmyndahús eru ekki fyrir“ í 3. málsgr. falli niður. Er þetta í samræmi við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um eftirgjöf á skatti. Það er alveg jafn rjett að veita undanþágu frá skatti þar, sem kvikmyndahús eru fyrir og þar, sem engin eru, ef þessi nýju hús vinna til þess, með því að skapa umbætur á þessu sviði. Nákvæmlega þetta sama fólst í orðum hv. frsm. meiri hl., svo að við ættum ekki að vera ósammála um þetta atriði.

Loks legg jeg það til, að þessi l. öðlist strax gildi. Í frv. er gert ráð fyrir, að l. öðlist gildi 1. apríl, en það er nú sjeð fyrir, að svo verði ekki, svo að þetta er sjálfsögð breyting.

Jeg vænti þess, að hv. meiri hl. mentmn. geti fallist á till. mínar, en mjer finst ekki blása byrlega fyrir því, að hv. 3. landsk. þm. (JÞ) muni veita þeim stuðning. Hann ljet þó líklega í byrjun, en umhverfðist alveg, er hann hafði talað við flokksmenn sína. Nú segir hann, að flokkshagsmunir Alþýðuflokksins liggi á bak við þetta frv., og við Jafnaðarmenn ætlum okkur með þessu móti að fá bíó-leyfi hjá vini okkar, hæstv. dómsmrh. Telur hann, að við eigum enga von sliks ella. Það er rjett, að Alþýðuflokkurinn er ekki í náðinu hjá Íhaldinu, því að svo má heita, að það rísi öndvert gegn öllu, sem sá flokkur ber fram. Þetta hefir ekki síður komið fram í bæjarmálum hjer í Reykjavík en í öðru. Síðast í gær reis bæjarstjórnin hjer öndverð gegn því, að bygðir væru verkamannabústaðir, og bar það fyrir, að það yrði til að lækka húsaleiguna. Aftur á móti veitir hún ýmsum íhaldsmönnum jafnvel leyfi til að byggja hús sín út í miðjar götur, ef þeir fara fram á það. Jeg þekki að minsta kosti einn mann, sem hefir orðið fyrir þeirri náð, og jeg býst við, að hv. 3. landsk. kannist við hann líka. En jeg skil það vel, að meiri hl. bæjarstjórnarinnar hjer í Reykjavík skuli ekki vilja veita Alþýðuflokknum leyfi til kvikmyndasýninga. Það er í samræmi við fjandskap Íhaldsins gegn hverju því, sem Alþýðuflokkurinn hefir undir höndum. En meiri hl. bæjarstjórnarinnar hefir ekki heldur viljað veita öðrum slík leyfi, og það er merki-

legra. En sennilega er það nú sprottið af því, að bíó-eigendurnir hjer í Reykjavík eru ekki fastheldnir á peninga sína, þegar íhaldið þarf að halda landsfund eða koma sjer upp sæluhúsi. Jeg get því mæta vel skilið afstöðu hv. 3. landsk. til þessa máls, engu síður en afstöðu íhalds-meiri hl. í bæjarstjórninni hjer, og þykist vita með vissu, að honum sje þetta frv. þyrnir í augum, ef það kynni að geta orðið til þess, að Alþýðuflokkurinn fengi leyfi til kvikmyndasýninga.

Jeg skal ekki hafa þessi orð fleiri, en fanst ástæða til að víkja nokkrum orðum að hv. 3. landsk., af því að mjer fanst hann vera með óþarfa dylgjur í þessu máli. Og á móti hverri einni synd, sem hann ber fram til áfellingar öðrum flokkum, má benda á 100 syndir íhaldsins um misbeiting valds. Þetta finna þeir líka sjálfir og vita, íhaldsburgeisarnir, og af þeim ástæðum mun það runnið, að safnast hefir hjer í Reykjavík þessa daga hópur manna, sem ætlar að standa yfir moldum íhaldsins. Þeir vita, að áhrif íhaldsins fara minkandi úti um sveitir landsins vegna þeirra mörgu synda, sem flokkurinn hefir drýgt. Þess vegna á nú að reyna að skinna flokkinn upp með því, að gefa honum nýtt nafn, og er búist við því einhvern næsta daginn. Þó þarf enginn að vænta, að þessi væntanlegi nýi „fugl" taki hinum fram. En foringjarnir gera sjer vonir um, að með nýju nafni takist þeim að fleka þjóðina og villa á sjer heimildir, en það eru ekki annað en tálvonir þeirra manna, sem finna, að þeir eru altaf að tapa og eiga enga uppreisnar von framar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Áður en jeg vík að ræðu hv. frsm. minni hl. (JÞ), ætla jeg að segja nokkur orð um málið frá almennu sjónarmiði.

Það, sem hjer er um að ræða, er í stuttu máli þetta: á löggjöfin að skifta sjer af rekstri kvikmyndahúsa eða ekki, því með frv. þessu er gert ráð fyrir, að löggjöfin hafi samskonar eftirlit með kvikmyndahúsum og tíðkast með öðrum siðuðum þjóðum, og svo er hin spurningin: hvort skattur af gróða kvikmyndahúsanna eigi að renna að nokkru leyti til bæjarfjelaganna eða þá ríkissjóðs.

Hv. minni hl. leggur á móti þessu öllu saman í nál. sínu. Hann vill ekkert eftirlit eða aðhald í þessu efni og fullyrðir, að um þetta sje löggjöf, sem allir vita þó, að ekki er til. Meira að segja leyfir hann sjer að margendurtaka, að til sje löggjöf í þessu efni, þó að vitanlegt sje öllum almenningi, að enginn stafur er um þetta í lögum. Það er að vísu ákvæði um þetta í reglugerð, sem bygð er á almennum lögum um skemtanir, en það er sú fjarstæða, sem engu tali tekur að blanda þannig saman reglugerðaratriðum sjerstakra bæjarfjelaga og löggjöf landsins í heild.

Þá er það önnur meinloka hjá hv, minni hl., að við eigum ekki sjálfir að hafa eftirlit með, hvaða myndir skuli sýndar, heldur skulum við hlíta dómi annara þjóða í því efni.

Þetta er vægast sagt móðgun við sjálfstæðismetnað fullvalda ríkis og minnir á leifar þær frá liðnum árum, er við vorum hreppur eða amt í öðru ríki og alt hugsað fyrir okkur þar, en við svo máttlausir, að við urðum að taka við öllu, sem fram við okkur kom, bljúgir og auðmjúkir eins og þrælar.

Þetta er ómögulegt að skilja á ann-

an veg, en að við eigum að treysta betur á eftirlit Dana, Ameríku, eða þá Ástralíu, heldur en okkar eigið eftirlit. Nú er aðgætandi, að mikill munur er á viðhorfi hinna ýmsu þjóða í þessu efni. Sú þjóð, sem býr til mest af kvikmyndum og græðir líka langmest á að sýna þær, það er þjóðin, sem býr til langauðvirðilegustu myndirnar og þær hættulegustu, sem sje Bandaríkjamenn; fjöldinn allur af þeirra kvikmyndum eiga ekkert erindi hingað til lands og eiga ekki heima nema hjá allra lægsta hluta þjóðanna. Aftur á móti eru þjóðir, eins og t. d. Svíar, á hærra menningarstigi en Ameríka, og gífurlegur munur á þeirra kvikmyndum á móts við framleiðsluna vestan hafs. Sú litla framleiðsla Svía í kvikmyndagerð er merkileg, og munu Svíar standa hæst í kvikmyndagerð frá menningarlegu sjónarmiði, enda munu þeirra myndir eiga best við smekk og þroska okkar þjóðar. Mín persónulega skoðun er sú, að við sjeum Svíum líkir og eigum mest sameiginlegt með þeim af Norðurlandaþjóðunum, en af því dreg jeg aftur þá ályktun, að þeirra myndir mundu falla okkur Íslendingum best í geð. En vegna hinnar miklu kvikmyndaframleiðslu í Vesturheimi, verðum við einnig að nota myndir þaðan, jafnframt Norðurlandamyndunum. En sú skoðun er fjarstæða, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk., er hann álítur, að það sje gott og gilt og nægilegt okkur, ef bara einhver þjóð, sama hver hún er, stimplar myndina. Svo auðvirðilegur hugsunarháttar hefir aldrei heyrst síðan við urðum fullvalda ríki eins og kemur fram í ræðu þessa hv. þm.

Þá er það um fjárhagsástandið, eða hagnað kvikmyndahúsanna, sem jeg vildi ræða lítilsháttar við hv. 3. landsk. Vil jeg þá byrja með að segja honum það, að það er nú að koma á daginn, að skýrslur um, hvað einstök fyrirtæki gefa af sjer, eru alls ekki óyggjandi, og hafa sjest þess glögg dæmi við skattaframtölin hjer í bænum. Þess vegna er það ekkert nýtt núna síðustu dagana, að menn leiðrjetti skattaframtal sitt svo hundruðum þúsunda munar frá því, sem áður var gefið upp. Menn kjósa heldur að reyna að skýra sem rjettast frá, vegna þess aðhalds, sem komið er á um skattaframtalið. Menn sjá og reka sig á, að þegar gamla íhalds-sleifarlagið er úr sögunni, þá er ekki lengur um að ræða að svíkjast frá rjettmætum skatti.

Hvað fjárhag kvikmyndahúsanna snertir, þá var helst að skilja á ræðu hv. 3. landsk., að hann væri svo bágborinn, að þau gætu tæplega risið undir þeim sköttum, sem þeim er gert að skyldu að greiða. Nú veit hvert mannsbarn hjer í Reykjavík, að kvikmyndahúsin hafa rakað saman peningum. Þau hafa komið sjer upp vönduðum sýningarhúsum, sem taka fram öllum öðrum samkomuhúsum bæjarins og eigendur þeirra hafa bygt handa sjálfum sjer mjög ríkmannleg hús með öllum nýtísku þægindum. Meira að segja hafa þessir menn bygt margfalt ríkmannlegar yfir sig heldur en hv. 3. landsk. hefir gert, og er hann þó sagður að vera maður vel fjáður. Nei, hv. 3. landsk. þarf ekki að segja okkur, sem betur vitum, að kvikmyndahúsin græði ekki. Það vita allir, að þau eru ekkert annað en gróðafyrirtæki. Embættismaður, sem vann að samning þessa frv. og hefir 15 þús. króna laun, sagði, er hann hafði kynt

sjer þetta, að það væri ljóst, þegar borinn væri saman skattur hans og skattur sá, er kvikmyndahúsin greiða, að stórkostlega væri hallað á hann. Kvikmyndahúsin hjer í Reykjavík hafa, eins og kunnugt er, fengið „monopol“ á starfsemi sinni og síðan siglt „billega“ gegnum niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, — þetta er orðið alment orðtæki hjer í Reykjavík um þá, sem komast ljett út úr útsvörum sínum. — Þegar svo að þar við bætist vitneskjan um, að þessir menn hafa bygt stórar og skrautlegar hallir fyrir starfsemi sína og sjálfa sig, þá þarf kjark til þess af hv. 3. landsk. að halda því fram, að kvikmyndahúsin sjeu fátæk og beri sig ekki fjárhagslega.

Annars væri ekki úr vegi að koma lítillega inn á þennan „monopol“ kvikmyndahúsanna. Borgarstjórinn hefir sagst vera á móti fjölgun kvikmyndahúsa hjer í bæ, vegna þess að þegar Þjóðleikhúsið er komið upp, þá eigi það að fá leyfi til þess að sýna kvikmyndir. Vitanlega dettur engum annað í hug, en að Þjóðleikhúsið sýni einnig kvikmyndir jafnhliða sjónleikastarfsemi sinni. En þegar það er athugað, að borgarstjórinn hjer í Reykjavík hefir gert alt, sem hann hefir getað, til þess að tefja fyrir Þjóðleikhúsinu eða eyðileggja að það kæmist upp, þá fer maður nú að efast um einlægni hans og flokks hans í bæjarstjórninni í þessu máli. Þegar borgarstjórinn og flokkur hans reyna í trássi við alla borgara bæjarins að þumbast á móti því, að Þjóðleikhúsið komist upp, þá má segja öðrum það en mjer, að það sje af umhyggju fyrir Þjóðleikhúsinu, að borgarstjórinn mælir á móti því, að fjölgað sje kvikmyndahúsum í bænum.

Af því að hv. 3. landsk. var með aðdróttanir til mín í sambandi við þetta mál, þá vildi jeg aðeins minna á, að það er almenn trú hjer í bænum, að eigendur kvikmyndahúsanna sjeu stórgjöfulir aðiljar í kosningasjóð Íhaldsmanna. Þó jeg sje nú ekki með íhaldinu, þá vil jeg þó á engan hátt spilla fyrir því í þessu efni, enda mun gróði kvikmyndahúsanna það mikill, að jeg efast ekki um að eigendur þeirra mundu halda áfram að inna af hendi flokkslegar skyldur á heiðarlegan hátt, þótt þeir greiddu til almennra þarfa hæfilega skatta.

Út frá þessum „monopol“ kvikmyndahúsanna vildi jeg segja það, að mjer finst hv. 3. landsk. ekki sjálfum sjer samkvæmur, þegar hann t. d. berst á móti því með hnúum og hnefum, að fækkað sje verslunarbúðum hjer í bæ, eða takmarkaður fjöldi þeirra. Þó að bent sje á með rökum, að það sje öllum hagkvæmara, að verslanirnar sjeu færri, þá hamast hann á móti samfærslu þar. En þegar kemur að þessum rekstri, sem er stórgróðafyrirtæki örfárra manna, þá vill hann ekkert annað en „monopol“.

Er þetta alvara fyrir honum? Og er nokkurt vit í því, að láta hvaða strák sem er selja matvöru, en láta sjerstaka menn eða einn hring hafa þessa áhrifamiklu menningarstarfsemi með höndum, og það meira að segja útlending, sem getur flutst úr landi með fullar hendur fjár, þegar hann er búinn að græða nóg?

Með þessu er formaður Íhaldsflokksins að brjóta „princip“ af flokkslegum

hagsmunum. Hann og flokkur hans skeytir ekkert um, þó að útlendingar eða erlendir hringar nái hjer undirtökunum í þessari starfsemi og okri á henni. Og þeir skifta sjer heldur ekkert af því, þó að kvikmyndahúsin sjeu afskaplega dýr, miðað við það, sem er í næstu löndum. Kvikmyndahúsin vita líka hvað þau mega bjóða sjer og notfæra sjer það. Þau hugsa sem svo: Það er engin hætta á að kvikmyndahúsum fjölgi, við eigum það góða menn að í bæjarstjórninni, sem standa í ístaðinu okkar vegna, og þess vegna getum við lifað og látið eins og við viljum. Og að þetta sje svona, hefir einmitt styrkst við ræðu hv. 3. landsk. og framkomu hans í þessu máli, þar sem komið hefir berlega í ljós, að hann vill fella niður jafn sjálfsögð ákvæði og þau, sem þekkjast í öllum menningarlöndum, um fjölgun kvikmyndahúsa og eftirlit með sýningum þeirra.

Út af því sem hv. 3. landsk. sagði um bágborinn hag kvikmyndahúsanna, þá vil jeg athuga dálítið nánar aðstöðu þeirra. Þau eru tvö, kvikmyndahúsin hjer í bæ, og bæði hafa þau komið sjer upp mjög myndarlegum sölum til þess að sýna í myndirnar, svo að vandaðri eða stærri samkomusalir þekkjast ekki hjer í bæ. Og þessir salir eru fyltir af fólki kvöld eftir kvöld og sum kvöldin fleiri sýningar á hvorum stað. Svo mikið er aðstreymi fólksins til kvikmyndahúsanna, að sjálf þjóðkirkjan fær ekki nema agnarlítið af þeirri aðsókn.

Og hver er svo kostnaður kvikmyndahúsanna, borinn saman t. d. við leikhúsið? Í Þjóðleikhúsinu er áætlaður líkur sætafjöldi og í Gamla Bíó, en sætið örlítið dýrara. Nú vita allir, sem út fyrir pollinn hafa komið, að sæti í kvikmyndahúsum hjer eru dýrari en þekkist t. d. í Englandi eða um Skandínavíu. Hv. 3. landsk. getur ekki á móti þessu borið, en reyni hann það samt, er það ekkert annað en vitleysa og blekkingar.

En hver er svo kostnaðarmunur í rekstri kvikmyndahúsa samanborið við leikhús?

Leikhúsin þurfa að hafa marga leikendur, sem taka há laun, þau þurfa að leggja í mikinn kostnað vegna búninga og margskonar tjalda á leiksviði, þau þurfa að kaupa ýmiskonar aðstoð, rafmagn og margt fleira, sem oflangt yrði upp að telja.

Ekkert af þessu þurfa kvikmyndahúsin að kaupa. Þau sleppa með að leigja filmur frá útlöndum, sem þau geta sýnt lengur en nokkur sjónleikur gengur, svo það þarf engan að undra, þó að þau selji sætin örlítið lægra en leikhúsið.

Annars liggur þessi aðstöðumunur svo í augum uppi, að um hann á ekki að þurfa að tala. Annars vegar er það gífurlegur kostnaður, sem starfsemin hefir í för með sjer, en hins vegar er óhemju tekjum rakað saman með tiltölulega litlum kostnaði, og þó ætlar hv. 3. landsk. að telja hv. þdm. trú um, að fjárhagur kvikmyndahúsanna sje bágborinn og að þau geri tæplega betur en að komast af.

Annars gæti jeg látið Hagstofuna reikna út fyrir 3. umr., hve mikið af peningum fer út úr landinu fyrir filmur, en að svo stöddu er mjer óhætt að segja, að það muni vera ótrúlega lítið.

Þá finst mjer ekki úr vegi, í þessu sambandi, að minna á annað einka-

leyfi, sem ihaldið hefir mjög stutt, og það er einkaleyfi um rekstur lyfjabúða. Þegar nú að búið er að sanna, að kvikmyndahúsin hafi fært eigendunum mikinn gróða, þá er hitt ekki síður kunnugt, að lyfjabúðirnar hafa verið drjúg gróðalind þeim mönnum, er þær hafa rekið. Þó hefir kaupið þar altaf verið lágt, þrátt fyrir þann mikla gróða, sem þær rökuðu saman. T. d. hafa menn með fullu lyfsalaprófi ekki fengið nema 300 kr. kaup á mánuði við eina arðsömustu lyfjabúð hjer á landi.

Þó að bent hafi verið á með skynsamlegum rökum, að margfalt fleiri menn gætu lifað á því að stunda þessa atvinnu, hefir ihaldið jafnan staðið á móti því, að fjölgað væri lyfjabúðum. Nú hefir þetta breyst, ekki þó vegna ihlutunar löggjafarvaldsins, heldur er það almenningur, sem knúið hefir það fram. Hjer í Reykjavík eru nú fjórar lyfjabúðir, og þar með komið á daginn, að fleiri menn geta lifað góðu lífi við að stunda þessa atvinnu en áður var. En þó er hitt ekki síður mikils virði og til hagsbóta öllum almenningi, að með fjölgun lyfjabúða og vaxandi samkepni þeirra á milli hefir meðalaverðið lækkað til stórra muna.

Þessa framkvæmd ihaldsins á lyfjabúðaeinkasölunni er ekki hægt að skoða öðru vísi en sem meðhald flokksins með vissum fjárgróðamönnum, og þá sjerstaklega útlendum mönnum, því að fram á síðustu ár eru það aðallega Danir, sem fengið hafa þessi einkaleyfi og horfið úr landi eftir nokkur ár með fullar hendur fjár.

En jeg vonast fastlega eftir því, að með því að veita fleiri Íslendingum leyfi til þess að reka lyfjabúðir, þá verði þessi starfsemi frjáls atvinna í höndum íslenskra manna, og að sú smán hverfi með tímanum, að Íslendingar verði háðir erlendum okurlýð í þessu efni.

Jeg gat ekki gengið fram hjá að minnast á þetta, því að hjer er um hliðstætt dæmi að ræða, um frammistöðu ihaldsins í þessu kvikmyndahúsamáli og um einkaleyfi lyfjabúðanna.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að sjerstökum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. 3. landsk.

Hann áleit, að það mundi ótrygt, að því leyti er gæði myndanna snertir, að láta innlenda menn framkvæma skoðunina. Jeg hefi bent á það áður, að það sje hlægilegt að geta ekki treyst Íslendingum eins vel í þessu efni og útlendum mönnum. En ótti hans yfir þessu virtist bygður á því, að einhverjum andstöðuflokki ihaldsins yrði falið eftirlitið.

Sennilega gerir hv. 3. landsk. ráð fyrir því, að flokkar hjer sem annarsstaðar skiftist á um völdin. Með frv. þessu er verið að búa í hendurnar á hvaða stjórn sem er. Og jeg vil vara hv. 3. landsk. við því, að hann getur gert liðsmenn sína of bölsýna, ef það á að vera útilokað, að þeir geti nokkru sinni farið með þetta leyfi. Þá er það ekki bein skylda, að lögreglustjóri skoði myndirnar, en þó er hjer til viðbótar því sem viðgengst erlendis, að lögreglustjóri getur heimtað að fá að sjá myndir áður en þær eru sýndar. En bein skylda er það ekki, og hefir heldur ekki verið framkvæmt, hvorki hjer í Reykjavík eða annars-

staðar á landinu, þar sem kvikmyndahús eru. Enda hafa verið sýndar myndir, sem lögreglustjóri mundi aldrei hafa leyft að sýna, ef hann hefði sjeð þær.

En svo má líka benda á til athugunar í þessu sambandi, að lögreglustjórar eða sýslumenn eru ekkert betur fallnir til þess að framkvæma þessa skoðun heldur en ýmsir aðrir. Í uppeldis- og fræðslumálum eru þeir lítið betur að sjer en gengur og gerist, sem heldur er ekki að vænta, þar sem sjermentun þeirra gengur í aðra átt. Og sem dæmi mætti nefna það, að það er ekki nema einn einasti lögfræðingur, sem orðið hefir kennari við skóla hjer, og þó um stutta stund. Það má ekki ætlast til, að þeir sjeu færir um að dæma um slíkt frá uppeldislegu sjónarmiði, þar eru kennararnir sjálfsagðastir og bestir, enda er sú stjett látin framkvæma myndskoðunina erlendis að miklu eða öllu leyti.

Hv. 3. landsk. telur það nægilegt, að lögreglustjórar geta framkvæmt eftirlitið ef þeir vilja. Jeg er aftur á móti þeirrar skoðunar, að nægileg trygging sje ekki einu sinni fengin, þó að þeim væri skipað að gera þetta, því að þetta starf, myndskoðunin, er svo langt frá þeirra verkahring og óskylt þeirra starfi, að þeir eru ekki eins færir til þess og margir aðrir menn. Hv. sami þm. er ekki ánægður yfir því, að hafa nýstofnuð kvikmyndahús undanþegin skatti. (JÞ: Það er meiri hl., sem er óánægður með það). Til þess að sýna fram á rjettlæti þessarar skattaeftirgjafar ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi frá merkum manni norður á Akureyri. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en jeg kem fram með fyrirspurnir mínar vildi jeg þó gera nokkra grein fyrir rekstri þessum hjer á Akureyri. N. N. fjekk hjer sýningarleyfi fyrir mjög löngu síðan. Var hann og fjelagar hans einvaldir um kvikmyndasýningar hjer um langt skeið og alt fram til ársins 1927. Sýndi það sig þá, að einveldi í hverskonar rekstri er ekki heppilegt, því að ekkert var gert til þess að fá góðar myndir, og ekkert til þess að búa almennilega að fólkinu, sem myndirnar sá. Þetta var mjer og nokkrum öðrum ljóst, og rjeðumst við því í það 1927, að setja af stað annað bíó. Kom brátt í ljós, að engin vanþörf var á að láta einvaldsherrana missa einveldið, því að strax eftir að við byrjuðum, fóru þeir að útvega betri myndir og búa sæmilega að fólkinu. Höfum við allan tímann lagt áherslu á að ná í góðar myndir þó dýrari væru, en bæði það og annað gerði það að verkum, að við fengum lítinn gróða í aðra hönd, og við höfum alls enga vexti fengið af peningum okkar þessi ár síðan við byrjuðum."

Þetta sýnir, að það er nauðsynlegt að nýtt kvikmyndahús á Akureyri fái nokkurn skattaljettir fyrst um sinn, til þess að samkepnin brjóti það ekki alveg á bak aftur. Jeg hafði gaman af að lesa þetta upp til þess að sýna ástandið úti um land í þessum efnum, og svona er það líka hjer hjá okkur og hefir gefist illa. Fólkið í bæjunum vill yfirleitt fá góðar myndir, sem leiða til menningarbóta, og það unir alls ekki við „monopol". Mín skoðun er sú, að það eigi að vera sem

mest frjálsræði á þessu sviði og kvikmyndaleyfi auðfengin, svo að gagnið af samkeppninni fái að njóta sín. Ástandið hér og á Akureyri er alveg óviðunandi. Bæjarbúar búa við dýrari kvikmyndahús og lakari myndir heldur en þeir mundu gera, ef einræðið væri ekki svona mikið og hægt væri að keppa við þau hús, sem nú starfa. Nú eru allir hinir stærri kaupstaðir í uppgangi, að Seyðisfirði undanskildum, svo að þetta verður að teljast hagsmunamál alls landsins en ekki einstöku kaupstaða.

Hjer er um það að ræða, hvort það eigi að halda áfram að láta erlenda bíó-hringa raka saman fje af þessari starfsemi og flýja svo ef til vill með allan auðinn úr landi, og hvort þeir eigi framvegis að hafa einræði um það, hvaða myndir eru sýndar til þess að ala upp ungu kynslóðina og móta hana. Þessar myndir hafa nú hingað til borið misjafnan árangur, eins og ritgerðin, sem hjer var lesin upp áðan, ber með sjer, og er hún eftir einn af allra bestu barnakennurum þessa lands. Af þessum ástæðum tel jeg sjálfsagt að þeir, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga hjer á Íslandi, verði að sætta sig við samskonar eftirlit og aðrar þjóðir hafa með þessari starfsemi. Frv. þetta er í alla staði fullkomlega rjettmætt, og það getur ekki orkað tvímælis, hvað er rjett í siðgæðis- og menningarlegu tilliti. Það snýst alt á sveif með frv., en á móti andstæðingum þess. Það er sjálfsagt að láta ríkissjóð og bæjarsjóði fá tekjur af þessum mjög svo arðsama rekstri, þeir eru vel að því komnir, og umfram alt verður að láta menn fá ódýrari aðgang að sýningunum, og gera sem flestum auðvelt að njóta þeirrar skemtunar, sem þær hafa að bjóða. Þó að aðsókn sje nú mikil að kvikmyndahúsunum hjer, þá er bærinn orðinn svo stór, að það eru ekki nærri allir bæjarbúar, sem sækja sýningarnar. Það er aðallega ungt fólk, sem vinnur fyrir kaupi, efnaðir menn og svo nokkrir kæruleysingjar, sem eru þar tíðustu gestirnir. Þetta er skaði, því að kvikmyndirnar geta og eiga að vera góð og ódýr menningarbót. Er þó ekki svo að skilja, að bióin sjeu neitt guðsríki hjer á jörðinni, en það er að þeim tilbreytni og skemtun, sem menn hafa gaman af. Er það hart, ef þjóðfjelagið býr svo um, að þessar skemtanir sjeu einungis fyrir þá, sem efnaðir eru eða ljettúðugir, og rekstrinum haldið til gróða fyrir nokkra menn, sem vegna flokks-aðstöðu sinnar hafa fengið sýningarleyfi, og reka svo húsin með því sniði, að þau koma ekki að almennum notum fyrir alla, sem vilja njóta þeirra.

Jeg geri nú ráð fyrir að hv. 3. landsk. geri grein fyrir skoðun sinni á þessu máli og þá einkanlega hvað eftirlitið snertir og rekstur kvikmyndahúsanna hjer, sem hefir skapað það miður heppilega uppeldi, sem hv. 6. landsk. lýsti hjer fyrir skömmu.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. minni hl. mentmn. (JÞ) vildi snúa öllum ummælum mínum um þetta mál í villu. Í fyrsta lagi taldi hann, að það væri ekki rjett, að engin löggjöf væri til um þetta efni. Hann viðurkendi þó, að ekki væri til nein landslöggjöf um þetta, heldur aðeins ákvæði í lögreglusamþyktum kaupstaðanna, og verð jeg að telja það alveg ófull-

nægjandi. Aðalatriðið er í minum augum myndskoðunin, en í þeim lögreglusamþyktum, sem jeg hefi sjeð, er hún ekki fyrirskipuð, heldur aðeins heimiluð lögreglustjórunum. Veit jeg ekki til að þessu hafi verið breytt. Hv. minni hl. vildi halda því fram, að myndskoðunin væri ótryggari eftir fyrirmælum þessa frv. heldur en hún er nú. Jeg get ekki skilið þetta, því að nú er hún aðeins heimiluð, en eftir frv. á að fyrirskipa hana, og hlýtur hún þá að verða stórum tryggari, og það legg jeg aðaláhersluna á. Hann vildi líka halda því fram, að kvikmyndasýningarnar hefðu ekki haft spillandi áhrif hingað til, og vildi gera lítið úr upplestri minum áðan. Þetta er þó alment viðurkent, og lögreglunni var það fyllilega ljóst, að glæpir barnanna stöfuðu aðallega frá óhollum kvikmyndum, þó að ef til vill hafi verið gert of mikið úr því. Hljóta allir að skilja það, að það getur ekki verið holt eða heilsusamlegt fyrir börn og unglinga að horfa á þjófnað og aðra stórglæpi á kvikmyndum. Jeg held að það verði ekki hrakið, að myndskoðun sje afar nauðsynleg og sjálfsagt að fyrirskipa hana. Hitt get jeg gengið inn á með hv. 3. landsk., að það sje ef til vill ekki hyggilegt að hafa myndskoðunina á svo mörgum stöðum sem frv. gerir ráð fyrir. Þó er það álitamál.

Hvað viðvíkur þjóðleikhúsinu, þá verð jeg að álíta, að því væru tryggari hlunnindin af leyfisveitingum, ef veitingarvaldið væri í höndum ríkisstjórnarinnar, en ekki bæjarstjórnarinnar. Þó að alt líti vel út nú, þá er ekki hægt að búast við, að bæjarstjórnin beri þjóðleikhúsið til langframa fyrir brjósti heldur en kvikmyndahúsin. Annars virðist þetta vera nokkuð viðkvæmt mál hjá þessum tveim aðalflokkum hjer í þessum bæ, og lítur út fyrir, að einhver pólitík sje komin með í spilið.

Hv. 3. landsk. hjelt mjög fram löggjöf Svía okkur til fyrirmyndar, og taldi hana þá bestu um þessi mál. Má það vel vera, en jeg vil þá benda á, að því verður ekki mótmælt, að löggjöf Svía setur mjög strangar reglur um myndskoðun, og megum við því taka okkur þá til fyrirmyndar þar. Hv. þm. vildi halda því fram, að skatta-ákvæði frv. væru of há. Jeg skal játa, að jeg er ekki vel fær til þess að skera úr því, en reynslan mun eflaust sýna, hvað hæfilegt er, og þá má laga þetta í hendi sjer. Ýmislegt virðist mjer samt benda til þess, að þetta sjeu mjög svo arðvænleg fyrirtæki. Hv. 3. landsk. taldi, að Alþýðuflokkurinn hjer mundi vilja fá sýningarleyfi, en það mundi hann ekki gera, ef ekki væri gróðavon að því, og þá er ekki nema rjettmætt að skattleggja þetta nokkuð. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um skuldir bíóanna hjer, og þær eru svo litlar, að mjer ofbýður alls ekki. Þó eru þetta stór og dýr hús, og þegar hægt er að koma þeim upp án þess að safna stór-skuldum, þá hlýtur hagnaðurinn að vera allverulegur. Hv. 3. landsk. hjelt því fram, að með brtt. meiri hl. væri verið að rýra tekjur bæjarsjóðanna af þessari starfsemi. Jeg efast aftur á móti stórlega um þetta, þar sem ⅓ af skattinum á að renna í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er, og kemur þar mikið á móti því, sem niður fellur.

Það er nú orðið þunnskipað í deild-

inni og því ekki ástæða til þess að fjölyrða, en þó verð jeg að víkja nokkrum orðum að brtt. frá hv. 4. landsk. (JBald) á þskj. 265, við brtt. okkar á þskj. 199. 1. brtt. er við 3. gr., um að 1. málsgr. orðist svo, að leyfi megi ekki veita til lengri tíma en 10 ára, í stað þess, að eftir frv. á leyfi að gilda í 5 ár og samkv. brtt. meiri hl. í 10 ár. Brtt. hv. 4. landsk. fer þannig fram á að einskorða ekki leyfið við ákveðið árabil, og getur meiri hl. fyrir sitt leyti fallist á það. 2. brtt. er við 13. gr., og er hún í þrem stafliðum, a, b og c. a-liðurinn er þess efnis, að í stað „30“ í upphafi formúlunnar í 1. málsgr. komi 20. Þetta er þá gert til þess að lækka skattinn um ⅓, en meiri hl. sjer ekki ástæðu til þess, og getur því ekki fallist á það. b-liður sömu brtt. er um það, að í meðalverði sæta, sem á að skattleggja, skuli innifalin öll gjöld, sem greiða þarf til þess að fá aðgang að sýningu, önnur en skemtanaskattur. Þetta hefir þá þýðingu, þar sem skemtanaskatturinn er $\frac{1}{10}$ af sætaverði, að skatturinn sjálfur lækkar í sama hlutfalli. Þetta hefir mikið til síns máls, og er ef til vill ekki rjett að leggja toll á toll. Er meiri hl. hlutlaus um þetta atriði og hefir óbundið atkv. (JBald: c-liðurinn er tekinn aftur). Þarf jeg þá ekki að fjölyrða frekar um þessa brtt. Þá er 3. brtt. og hún er um það, að lögin öðlist gildi þegar í stað er þau fá staðfestingu. Í frv. stendur, að þau skuli öðlast gildi 1. apríl 1929, en þar sem hann er nú liðinn, getur það ekki orðið. Brtt. er því fullkomlega rjettmæt, og telur meiri hl. sjálfsagt að fallast á hana.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það kom fram í ræðu hv. 4. landsk. (JBald), að jeg hefi komið við enn þá viðkvæmara sár heldur en jeg gat vitað um. Það mátti næstum heita, að hann slepti sjer alveg, og fór að draga alveg óskyld mál inn í umræðurnar. Jeg skal svara því strax, þar sem hann var að sneiða að mjer fyrir að hafa bygt hús út í götur bæjarins „kryds og þvers“, eins og hann orðaði það. Þetta er algerlega tilhæfulaust hvað mig snertir, en jeg varð fyrir því óhappi, að skipulagsnefnd heimtaði, að hús mitt tæki fram fyrir þá götulínu, sem áður var. Jeg óskaði sjálfur alls ekki eftir breytingunni, og þess vegna eru allar árásir á mig út af þessu á engu bygðar. Þá get jeg leitt algerlega hjá mjer roku hv. 4. landsk. um Íhaldsflokkinn, sem hann sagði að væri öndverður gegn öllu því, er jafnaðarmenn hjer teldu gott og blessað. Þetta er engin álösun á Íhaldsflokkinn, heldur þvert á móti. Jeg vil svo leiðrjetta misskilning, sem fram kom hjá hv. 4. landsk. og hæstv. dómsmrh. út af aðstöðu minni til löggjafar Svía um þessi mál. Jeg get fyrir mitt leyti fallist á að fara eftir þeirri grundvallarreglu Svía, að láta sem flestum vera frjálst að fá leyfi til kvikmyndasýninga, þó með því skilyrði, að lögreglustjórum sje áskilinn rjettur til þess að hindra misindismenn í því að fá slík leyfi. Með þessu er vísað á bug þeirri ásökun, sem hæstv. dómsmrh. og hv. 4. landsk. beindu til mín um það, að jeg vildi hafa „monopol“ á þessu sviði. Það eru hártoganir einar, að ekki sjeu til lög um þetta áður, því að í allar lög-

reglusamþyktir er sett ákvæði um þetta efni samkvæmt fullri lagaheimild, sem hafa reynst fullnægjandi hingað til, og mun ekki koma að sök þótt það verði látið nægja framvegis.

Þá skal jeg víkja að ræðu hæstv. dómsmrh. Þetta virðist vera fyrsta áhugamál hans á þessu þingi, og það er honum sjerlega viðkvæmt mál, því að nú er hann fyrst líkur sjálfum sjer um ræðulengd og venjulega útúrsnúninga. Mjer er vel kunnugt um, hvers vegna hann berst svo mjög fyrir þessu máli, og hvaða tilgangi hann ætlar að ná með því, en jeg mun ekki víkja neitt að því núna, þar sem hann hóf ekki máls á því sjálfur, en geri það ef til vill einhverntíma síðar. Hann vildi snúa út úr ummælum mínum um eftirlitið og taldi, að jeg vildi ekkert eftirlit hafa. Þetta er fjarri rjettu lagi, en eftirlitið er í mínum augum ótryggara eftir frv. heldur en það er nú, og því er jeg mótfallinn, að það nái fram að ganga. Nú eru að vísu ekki rekin kvikmyndahús nema á eitthvað 10 stöðum á landinu, eða heldur innan við það, en þar sem þessum stöðum fer sí-fjölgandi má búast við því, að ekki líði á löngu áður en kvikmyndahús verða rekin á einum 30 stöðum á landinu, eða í sem næst öllum kauptúnum og sjávarþorpum. Eftir frv. á svo að skipa 2 skoðunarmenn á hverjum stað, þar sem kvikmyndahús er rekið, og geta þessir skoðunarmenn þá innan skamms orðið 60 á öllu landinu. Ef einhver óhlutvandur maður vill svo fá að sýna mynd, sem er aðlaðandi fyrir þennan lakari hluta fólksins, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um áðan, þá þarf hann ekki að vera í neinum vandræðum. Hann hugsar bara um, hvar sje veikur hluti í þessum varnargarði, hvar hann fái 2 skoðunarmenn til þess að samþ. myndina með einhverju móti. Takist honum það, og það mun hann sennilega eiga hægt með, þá má hann sýna myndina hindrunarlaust á öllu landinu. Þetta kalla jeg ótrygt eftirlit.

Hv. frsm. meiri hl. virtist líka hafa komið auga á þetta, því hann sagði, að máske væri ekki rjett að hafa eins marga skoðunarmenn, eins og frv. gerir ráð fyrir, enda er hægt að vísa til erlendra fyrirmynda um það. Á Norðurlöndum er myndskoðun framkvæmd á einum stað í hverju landi. Er þar numið burt úr hverri mynd, það sem ekki þykir viðurkvæmilegt að sýna. En slíkt er ekki hægt hjer, vegna þess að flestar myndirnar eru leigðar, og verður að skila þeim jafngóðum aftur. — Þessi tilhögun á myndskoðun, sem ráðgerð er í frv., getur því orðið bein afturför frá því, sem nú er, og getur verkað sem algert eftirlitsleysi með því, hvernig myndir eru sýndar.

Þá vjek hæstv. dómsmrh. að skattaspursmálinu. Jeg vil benda á, að þegar annarsvegar er um frjálsa samkepni að ræða, þá stenst það ekki, að hafa sjerstakan skatt á þessu til ríkisins. Þá fyrst getur verið um sjerstakt gjald að ræða, ef hindrað er að allir geti rekið atvinnuna. Hæstv. ráðh. talaði um, að ekki væri að marka reikninga kvikmyndahúsanna, af því að það hefði komið í ljós, að einhverjir aðrir hafi svikið skatt. — En jeg hefi sjeð reikninga kvikmyndahúsanna og veit, að þeir eru rjettir. Hæstv. dómsmrh. veit ekkert um þetta, en hugsar aðeins af líkum, af

því einhverjir aðrir hafa dregið undan. En náunginn er nú svo gerður, að honum er gjarnt að gera meira úr gróða manna en vert er. — Að vísu hafa kvikmyndahúsin hjer verið rekin með góðum árangri og hafa þess vegna getað komið sjer upp góðum húsakosti. — Mega allir vera ánægðir með það, að þau hafa verið megnug að rækja þá borgaralegu skyldu. — Hæstv. ráðh. færði þessu áliti sínu um gróða kvikmyndahúsanna ekki annað til stuðnings en það, að litið fje færi út úr landinu til myndakaupa. En jeg hygg, að hjer sje um misskilning að ræða. Jeg býst við, að Hagstofan telji ekki annað til en það, sem fer fyrir keyptar myndir. En nú er það svo, að myndirnar eru yfirleitt leigðar, þeim er skilað aftur þegar búið er að sýna þær. Og þá leigu býst jeg ekki við að Hagstofan taki með í skýrslum sínum um verðmæti innflutningsins. Venjuleg myndaleiga mun vera ¼ hluti aðgöngueyris. Og ef undantekningar eiga sjer stað frá því, þá munu þær vera á þann veg, að leigan sje hærri t. d. fyrir úrvalsmyndir. Þá sagði hæstv. ráðh., að sæti í kvikmyndahúsum hjer væru seld dýrara en á Norðurlöndum. En jeg vil leiða athygli að því, að þau kvikmyndahús í Danmörku, sem greiða 3000 kr. í skatt, selja sætin dýrara en hjer er gert. Aðeins þau kvikmyndahús, sem borga 2000 kr. eða minna, hafa ódýrari sæti en hjer. Nú er það svo með kvikmyndahúsin hjer, að þau standa jafnfætis að gæðum þeim kvikmyndahúsum í Danmörku, sem selja sæti dýrust. Þetta er í sjálfu sjer mjög ánægjulegt. Og jeg segi fyrir mig, að jeg vil engan þátt eiga í þeirri lagasmíði, sem gæti haft það í för með sjer, að notuð yrðu ljeleg húsakynni til sýninga. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja raus hæstv. ráðh. um það, að kvikmyndahúsin hafi verið stórgjöful til flokksþarfa Íhaldsflokksins. Af þeim hefir ekki verið heimtað meira en öðrum til þeirra þarfa. Og svo er fyrir að þakka, að Íhaldsflokkurinn hefir ekki verið í neinum vandræðum með útgjöld sín, enda ekki þurft miklu til að kosta fyrir sinn málstað, enda hefir hann fylgi heimings þjóðarinnar.

Um brtt. á þskj. 265, 2 c þarf jeg ekki að ræða, þar sem hv. flm. hennar hefir tekið hana aftur.

En út af brjefi því, sem hæstv. dómsmrh. las úr, frá vini sínum á Akureyri, þá vil jeg segja það, að jeg hygg, að torfundinn muni bíó-eigandi, sem ekki vildi gjarna skattfrelsi, ef þungur skattur verður lagður á þessar stofnanir. Veit jeg, að allir hv. þdm. skilja það, að þeir mundu láta sjer það vel líka. — Jeg veit ekki til, að hjer sje neinn bíó-hringur. Annað kvikmyndahúsið er einkaeign borgara hjer, sem að vísu er af erlendu bergi brotinn. Hitt er eign fjelags. Þau eru ekkert í sambandi við erlenda hringa.

Jeg hefi þá svarað öllu, sem nokkur ástæða er til að svara. Jeg þarf ekki að svara þeim fullyrðingum, sem vanar eru að heyrast frá hæstv. dómsmrh. um það, að hann hafi hinn siðferðilega og menningarlega grundvöll sín megin í þessu máli sem öðrum. Allur landslýður brosir að slíkum yfirlýsingum þegar þær koma frá honum. Í ræðu hv. frsm. meiri hl. var ekkert nýtt annað en það, að hann virtist fallast á, að myndskoðun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, geti verið athugaverð.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg ætla að mótmæla því, að jeg hafi gefið í skyn, að myndskoðun sú, sem ráðgerð er í frv., sje ekki stórum meira virði en sú, sem nú er, enda gefur það að skilja, þar sem nú er engin myndskoðun. Hitt getur verið álitamál, hvort framkvæma skuli hana á mörgum stöðum. En um það er engin brtt. frá hv. frsm. minni hl. En aðalatriðið er, að með frv. þessu er myndskoðun fyrirskipuð, sem ekki var áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv.

2. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 199, 1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 265, 1 samþ. með 8:1 atkv.

— 199, 2 kom því eigi til atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

5.—7. gr. (verður 6.—8. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

8.—12. gr. (verða 9.—13. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 265, 2 a feld með 7:6 atkv., að

— viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, BK, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ.

nei: JónasJ, JKr, EÁ, EF, IP, JónJ, GÓ.

HSteins greiddi ekki atkv.

Brtt. 265, 2 b, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 265, 2 c tekin aftur.

— 199, 3 (ný 13. gr., verður 14. gr.) svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 40. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282, 300).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 300. Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg flyt hjer tvær litlar brtt. á þskj. 300, og þurfa þær ekki mikilla skýringa við.

Í frv. er gert ráð fyrir að skipa myndskoðunarmenn, en ekki er tiltekið til hve langs tíma. Er þó rjettara að ákveða þeim vissan starfstíma, og er sá tími ákveðinn í brtt. Með frv. er ekki girt fyrir það, að myndskoðunarmenn eigi meira eða minna í kvikmyndahúsum, eða eigi þar hagsmuna að gæta. En það væri mjög óeðlilegt, og er brtt. gerð til að fyrirbyggja slíkt.

Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir að skipa myndskoðunarmenn alstaðar þar, sem kvikmyndahús eru rekin. Það virðist óþarfi að hafa þá svo víða, og legg jeg til, að þeir verði aðeins hafðir í kaupstöðunum. Það má gera ráð fyrir, að allar myndir, er til landsins flytjast, verði fyrst sýndar í kaupstöðunum, og er því ekki þörf á að hafa myndskoðunarmenn í kauptúnum eða út um sveitir, þó að þar kynnu að rísa upp kvikmyndahús.

Jeg skal geta þess, að villur hafa komist inn í brtt. Það stendur, að fyrri brtt. sje við 8. gr., en á að vera 9. gr., og sú síðari á ekki við 11. gr., eins og prentast hefir, heldur við 12. gr. Stafar þetta af því, að brtt. voru gerðar við frv. eins og það var upphaflega, en greinatalan breyttist við 2. umr. Vænti jeg að hæstv. forseti líti svo á, að þetta megi lagfæra við prentun.

Forseti (Guðmundur Ólafsson): Jeg sje enga ástæðu til að taka málið út af dagskrá fyrir þetta. Þetta eru lítilfjörlegar villur, og hefir oft verið leiðrjett annað eins og þetta í prentun.

Jón Baldvinsson: Jeg var að hugsa um að bera fram þá brtt. við frv., að með því fjellu úr gildi öll eldri leyfi til kvikmyndasýninga. En við nánari lestur frv. sá jeg, að þessa þarf ekki með. Því jeg skil frv. svo, að framvegis verði allir að sækja um leyfi til dómsmálaráðherra, hvort sem þeir hafa gömul leyfi eða ekki. Því ætla jeg ekki að flytja þessa brtt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg vil einungis láta það koma fram, að allir eru ekki sammála hv. 4. landsk. (JBald) um skilning hans á frv. Mjer virðist hann ótvírætt skakkur. Annars verður það auðvitað dómstólanna að skera úr því.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg felst alveg á brtt. þær, er fram eru komnar frá hæstv. fjmrh. Í aðra þeirra er einmitt það sama tekið upp, sem jeg hreyfði hjer við 2. umr., að óþarfi væri að hafa myndskoðunarmenn svo marga, sem ætlað er í frv.

Út af áliti hv. 4. landsk. skal jeg taka það fram, að jeg hefi skilið frv. eins og hann, að öll eldri leyfi fjellu úr gildi með því.

ATKVGR.

Brtt. 300, 1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 300, 2 samþ. með 8:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 306).

Á 47., 50. og 51. fundi í Nd., 17., 20. og 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal viðurkenna, að jeg hefi ekki athugað þetta mál mikið, en jeg hefi ekki getað sjeð, hvort það er tilætlunin, að þeir menn, sem nú hafa sýningarleyfi, þurfi að fá það að nýju, eða að gamla leyfið eigi að standa óbreytt. Jeg óska eftir að fá skýringu á þessu hjá hæstv. dómsmrh.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta spursmál hefir ekki komið til greina við umr. í hv. Ed., en það er rjett hjá hv. 1. þm. Skagf., að nokkur vafi getur verið á þessu. Frv. gerir ekki ráð fyrir, að gömlu leyfishafarnir þurfi að sækja um nýtt leyfi, en það gæti vel komið til mála, ef hv. d. finnur ástæðu til þess, að orða þetta skýrara. Þá væri rjett að taka upp svipað orðalag og gert var, þegar lögin um aðflutningsbann á áfengi gengu í gildi og vafi ljek á því, hvort taka ætti söluleyfi af þeim búðum, sem þá höfðu það.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið, því að sjálfsögðu skil jeg það svo, að þeir menn, sem nú hafa leyfi til þess að reka kvikmyndahús, geti notað sitt gamla leyfi áfram, þrátt fyrir orðalag 1. gr. frv.

Hvað snertir ummæli hæstv. dómsmrh. um áfengisbannið, í sambandi við þetta, þá álít jeg, að þetta sje alls ekki svipað spursmál. Þá var um það að ræða að banna aðflutning og sölu á áfengi, og hlaut þá svo að fara, að áfengisbúðirnar mistu sín rjettindi og enginn fengi þau aftur. Hjer er aftur á móti um það að ræða, að halda þessari starfsemi áfram, en á áfengið var lagt algert bann, svo að ekki gat komið til mála að láta gömlu söluleyfin halda sjer áfram. Jeg tek þetta fram, þó að það skifti ekki máli, en get að öðru leyti látið mjer nægja að vísa til svars hæstv. dómsmrh. um það, að hann telur, að að óbreyttu orðalagi frv. þurfi núverandi leyfishafar ekki nýtt leyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19: 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JJós, JS, LH, MG, MT, PO, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, BSv.

nei: JAJ, JÓl, MJ, ÓTh.

Fimm þm. (GunnS, HV, JörB, SE, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til mentmn. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. mentmn. á þskj. 644.

Nefndarálit kom ekki frá meiri hl., og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Fátækralagabreyting (frv. MT og JörB).

Á 4. fundi í Nd., 21. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna, 31. maí 1927 (þmfrv. A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 28. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Það er sökum þess, að hv. samþm. minn (MT) er fjarverandi, að jeg vildi segja örfá orð viðvíkjandi þessu frv. Það er ofur einfalt að efni og jeg ætla, að ekki þurfi að hafa mikla framsögu fyrir því.

Efni frv. er að stytta sveitfestitímann úr fjórum niður í tvö ár. Eins og menn vafalaust muna, kom fram tillaga um það, þegar þessi lög voru hjer til umr. á Alþingi, en tillaga í þessa átt náði þá ekki fram að ganga, og viljum við flm. þessa frv. gera tilraun til þess að styttur verði sveitfestitíminn um þetta; það er sökum þeirra viðburða, sem orðið hafa í landinu og þess ástands, sem hjer er, að okkur virðist rjett að hafa sveitfestitímann ekki lengri.

Jeg vona, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og geri það að till. minni, að því verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

Halldór Stefánsson: Mjer þykir heldur bót að þessu frv. frá því sem er, en mjer þykir þó frv. ganga of stutt, því að það er mín skoðun, að rjettast sje að heimilisfangið eitt ráði sveitfesti. Jeg tel sveitfestiákvæðin

rjettlátari þannig, því að þá mundi verða jafnari fátækrabyrðin milli einstakra framfærsluhjeraða heldur en nú er, en hún er mjög misþung, eins og jeg hefi nokkuð lýst á hinum fyrri þingum.

Þá tel jeg, að það myndi líka bæta úr þeim öðrum göllum fátækralaganna, sem mest hefir verið fundið að, svo sem fátækraflutningi, sem þá myndi alveg hverfa. Svo myndi þá og alveg hverfa málavafstur það, sem er milli sveita og stjórnarvalda, bæði um sveitfesti og fjármálaviðskifti. Jeg vil því við þessa umr. málsins beina því til þeirrar nefndar, sem með málið fer, hvort ekki væri rjett að stíga sporið fult og láta heimilisfangið eitt ráða sveitfestinni. En ef hv. nefnd getur ekki á það fallist, þá vil jeg þó til vara bera fram þá tillögu við nefndina, að hún gangi þó lengra en frv., og setji sveitfestitímann aðeins eitt ár.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil ekki leggja á móti því, að þetta frv. gangi til nefndar, en jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg mundi ekki geta samþykt neitt af því nema 2. gr. frv. Jeg álít, að sú breyting, sem hjer er farið fram á, ef önnur og meiri breyting kemur ekki samhliða, verði aðeins til hins verra. Það verður ekki minni ójöfnuðurinn heldur en nú er, þótt sveitfestitíminn verði styttur, og jeg er sammála hv. 1. þm. N.-M. (HStef) um það, að ekki verði með þessu frv. ráðin bót á verstu göllum fátækralaganna, eins og fátækraflutningnum, sem nú er stærsti bletturinn á löggjöfinni í þessu landi.

Við jafnaðarmenn ætlum okkur að bera fram aðrar brtt., ekki aðeins við 21. gr., heldur við fátækralögin yfirleitt, sem jeg vona að líka verði athugaðar í nefnd. En eina ráðið til þess að koma viti og mannúð í þessa löggjöf, er að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði, eða a. m. k. að jafna niður kostnaðinum, svo að ekki haldist sá reipdráttur milli sveitanna, sem nú er.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. 2. þm. Reykv., sem nú settist niður, mun eiga sæti í allshn. Fer þetta mál vafalaust til þeirrar nefndar, svo að hv. þm. getur þá komið með þær breytingar, sem hann vill, eða komið með nýtt frv., ef honum þykir það betur henta.

Það eru engin mótmæli gegn þessu frv., þó að hv. þm. segi, að það gangi ekki nógu langt. Með því er þó stefnt í þá átt, sem fyrir hv. þm. vakir, að gera sveitfestitímann styttri. Þó að menn svo síðar þurfi að verða einhvers styrks aðnjótandi, þá þurfa þeir ekki fremur fyrir þessa lagabreyting að hröklast sveita á milli, svo að jeg held, að það sje ekki rjett hjá hv. þm., að þetta frv. sje til hins verra, en það kann að vera, að þetta sje ekki nóg til þess að útiloka allan flutning þurfamanna á milli sveita. En það hefir nokkuð verið rætt um þetta áður, og jeg býst ekki við, að þeirri breytingu verði á komið, nema því aðeins, að breytt sje um alt fyrirkomulag fátækraframfæris í landinu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, sem sagt hefir verið. Hv. nefnd athugar sjálfsagt þetta frv. í sambandi við fátækralögin í heild, og gefst þá kostur á að koma fram með það, sem fyrir mönnum kann að vaka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 16. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 28, n. 80 og 93, 84).

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Eins og sjá má á nefndarálitinu, hefir allshn. ekki orðið öll á einu máli um frv. það, sem fyrir liggur. Meiri hl. lítur svo á, eins og sjest í nál. á þskj. 80, að núgildandi fátækralöggjöf sje ekki svo gömul, að full reynsla sje fengin fyrir, hverskonar breytingar eru æskilegar. Auðvitað er okkur meiri hl. n. — og jeg tala þar sjerstaklega fyrir mig, — vel ljóst, að enn eru miklir gallar á löggjöfinni í þessu efni, svo að auðsjeð er, að varla getur liðið langur tími þangað til nauðsyn krefur rækilegrar endurskoðunar á henni. Hinsvegar hefir meiri hl. orðið sammála um, að frv. þetta bæti að nokkru úr stærsta gallanum. og að sú breyting sje svo nauðsynleg, að ekki megi lengur dragast að lögfesta hana. Í greinargerð frv. á þskj. 28 er þetta skýrt svo ljóslega, að jeg hefi þar engu við að bæta. Vitaskuld fer það svo, að niðurfærsla á sveitfestitímanum verður mjög mikið ágreiningsmál. En sá sveitfestitími (2 ár), sem gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 28, er ekkert nýmæli, heldur sama tillagan og kom fram fyrir 27 árum frá nefnd þeirri, er endurskoðaði fátækralögin 1901. Hún vildi færa sveitfestitímann niður í 2 ár. Meira að segja kom til mála í þeirri nefnd, að sveitfestitíminn væri ákveðinn aðeins 1 ár.

Eins og jeg tók fram, þá er jeg persónulega óánægður með mörg ákvæði fátækralaganna, sjerstaklega í 43. gr., en jeg sá mjer ekki fært að flytja meiriháttar breytingar á lögunum að þessu sinni, og verð því að láta mjer lynda um sinn þær umbætur, sem felast í þessu frv. En ýms ákvæði í 43. gr. laganna fela það í sjer, að tvennskonar löggjafarvald sje til í landinu, eða að sömu lög gilda eigi um alt land og ákvæðum þeirra beitt misjafnlega í hverjum hreppi fyrir sig. En þetta liggur ekki hjer fyrir nú; jeg aðeins skýt þessu fram.

Hjer er komið fram frv. frá hv. 2. þm. Reykv. (HV), sem hann mun sjálfur gera grein fyrir. Í því frv. er ætlast til svo stórfeldra breytinga á fátækralöggjöfinni, að það getur varla náð fram að ganga á þessu þingi. Og jeg má lýsa því yfir fyrir hönd meiri hl. n., að hann býst ekki við að styðja framgang þess á þinginu.

Samkvæmt brtt. á þskj. 84, frá 1. þm. N.-M. (HStef), er lagt til, að í staðinn fyrir 2 ár í frv. komi 1 ár. Jeg gæti fylgt þessu persónulega, en fyrir hönd n. get jeg lýst því yfir, að meiri hl. er á móti því, af því að hann fylgir frv., og lítur svo á, að það mundi leiða til enn meiri ágreinings að færa sveitfestitímann úr 4 árum niður í 1 ár, fremur en í 2 ár, eins og n. leggur til, og þess vegna muni það varhugaverðara.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira að sinni um þetta mál. Minni hl. mun mæla fyrir sínum till.,

og vil jeg lofa honum að komast að með sínar ástæður. Jeg óska, að hv. deild fallist á till. meiri hl. n. á þskj. 80.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Mín tillaga er í stuttu máli sú, að fella frv. Mjer er ekki ljóst, hvað vakað hefir fyrir flutningsm. þessarar breytingar á 21. gr. fátækralaganna, að færa sveitfestitímann úr 4 niður í 2 ár. Þó sagði hv. frsm. meiri hl., að nefndin væri þeirrar skoðunar, að lögin væru svo lítið búin að sýna sig enn í þessu atriði, að meiri hl. þætti ekki ástæða til breytinga á þeim. Jeg álít þetta talsverða breytingu, í frv. því, sem fyrir liggur. Jeg er ekki á móti þeirri hugmynd að stytta sveitfestitímann. En fyrst verið er að færa hann niður úr 4 árum, því er þá ekki snúið að því, að láta dvalarsveit gilda til ákvörðunar sveitfesti manna, verða framfærslusveit?

Þessi breyting í frv. er þó væntanlega ekki borin fram af því, að einstök hjeruð vilji koma framfærendum af sjer á önnur? Á því er enginn vafi, að heppilegast væri fyrir þá, sem styrks þurfa að leita, að geta fengið hann í þeim stað, er þeir búa. Ef tilgangur fátækralaganna og þeirra breytinga, sem á þeim kunna að vera gerðar, er sá, að búa að þurfalingum samkvæmt mannúðarhugsjónum, þá ætti dvalarsveitin að verða framfærslusveit. En ef jafnrjetti ætti að vera um þessi mál milli sveitanna innbyrðis, þá ætti að jafna framfærslu þurfamanna milli allra hreppa á landinu. En nú eru sveitaþyngsli mjög misjöfn, eins og kunnugt er. Í sumum hreppum er ómagaframfærslan geysimikil, en lítil í öðrum, og ræður því tilviljun að mestu leyti.

Mjer finst, að úr því að gengið er inn á þessa stefnu, að stytta mjög sveitfestitímann, þá eigi að koma á fullkominni samábyrgð um fátækraframfærsluna í landinu yfirleitt. Annars lítur út fyrir, að þessi takmörk sjeu sett til þess, að láta einstaka sveitafjelög velta byrðinni yfir á önnur. Ef þetta frv. verður samþ., þá er jeg viss um, að reipdrátturinn á milli sveitafjelaga margfaldast um að koma fátæku fólki af sjer. Hver sveit ýtir af sjer á aðra. Ýmsar sveitir mundu gera miklar tilraunir til að koma ómögum af sjer á Reykjavíkurbæ; því að þar er fremur lítið eftirlit í þessum efnum, og örðugt að hafa mikið eftirlit í svo stórum bæ, auk þess sem fjölda Reykvíkinga er ógeðfelt að fátæklingar sjeu eltir uppi og hraktir úr bænum. Jeg held því að samþykt þessa frv. mundi aðeins leiða til meiri úlfúðar og harðleiknari ómagaflutninga á milli sveita. Þess vegna legg jeg það ákveðið til, að frv. verði felt.

Magnús Guðmundsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hl. með fyrirvara. Jeg er ekki sannfærður um, að þessi stytting á sveitfestitímanum sje til bóta. Á þinginu 1923 var hann færður úr 10 árum niður í 4 ár. Og þetta mál kom einnig til umræðu á þinginu 1926, en þá þótti rjettara að halda fast við 4 ára takmarkið.

Ástæðan til þess, að jeg klauf ekki nefndina, var sú, að í frv. er ein breyting til verulegra bóta. Nú er í lögum

skilyrði um, að enginn getur unnið sjer sveitfesti, nema hann hafi sloppið við að þiggja sveitarstyrk síðustu 10 árin. Í frv. er þetta skilyrði felt burtu, en ákveðið að menn geti unnið sjer sveitfesti á 2 árum, ef þeir hafa ekki þegið sveitarstyrk á því tímabili.

Það er því ekki rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., að stytting sveitfestitímans sje eina breytingin í frv. Það atriði, sem jeg benti á, er þýðingarmeira en sveitfestimarkið, og þess vegna er jeg með frv.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla aðeins að mæla nokkur orð með brtt. minni á þskj. 84. Jeg beindi því til hv. nefndar við fyrstu umr., hvort hún sæi eigi ástæðu til að ganga lengra en frv. ákveður, og binda sveitfestina aðeins við lögheimili.

Einnig benti jeg á það, sem varatillögu, að eins árs heimilisfang yrði látið nægja til að vinna sveitfesti. N. hefir ekki getað fallist á þetta, og hefi jeg því borið fram varatillögu mína, af því að jeg taldi ólíklegt, að aðaltillaga *mín* næði fram að ganga, en aftur á mót: ekki vonlaust um þessa.

Ástæður mínar fyrir því, að binda sveitfesti við lögheimili, eru í stuttu máli þessar: Fólksstraumurinn um landið hreyfist nær algerlega eftir atvinnuskilyrðum í landinu. Þangað streymir fólkið, sem atvinnuskilyrði eru best, þaðan fer það, sem atvinnuskilyrðin eru verst. Það leiðir af sjálfu sjer, að þar, sem atvinnuskilyrðin eru best, muni ekki vera tiltölulega þung framfærsla, heldur þvert á móti tiltölulega ljett, a. m. k. ekki yfir meðallag, en tiltölulega þyngst þar, sem atvinnulífið er í kreppu og kyrking. Með því að binda fátækraframfærsluna við heimilisfang, þá mundi fátækrabyrðin falla svo eðlilega á sem hægt væri, undir því fyrirkomulagi að halda þeirri skiftingu í framfærsluhjeruð, sem altaf hefir verið. En með þeim ákvæðum, sem altaf hafa gilt, nefnilega að binda framfærsluna við lengri eða skemri dvöl, hefir reyndin orðið sú, að byrðin hefir fallið í öfugu hlutfalli við gjaldþolið til framfærslu, sem jeg skal víkja nánar að seinna. Framfærsluskyldan er í eðli sínu almenn skylda, sem lögð er á með stj.-skr., og á þess vegna að sjálfsögðu að koma niður á gjaldþolið á sama hátt og hinar almennu byrðar þjóðfjelagsins. Skiftingin í framfærsluhjeruð, sem upphaflega var gerð og aldrei hefir verið horfið frá, hún á engar eðlilegar ástæður fyrir sjer. Það er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem mun hafa verið sett af praktiskum ástæðum, að því er talið hefir verið. Jeg skal ekki segja nema það sje svo að sumu leyti, og jeg býst við, að það hafi fallið nokkuð eðlilega þungt á í upphafi, á meðan atvinnulífið var einfalt og í föstum skorðum. En þegar reynslan sýnir annað eins misrjetti um álöguþunga eins og nú er orðið, þá á þetta fyrirkomulag ekki framar neinn rjett á sjer.

Jeg hefi nú ekki átt kost á skýrslu síðustu ára um það, hvernig fátækrabyrðin hefir fallið á hin einstöku framfærsluhjeruð, en hefi skýrslu frá 1924—25. Jeg hefi skift fátækrabyrðinni niður eftir manntali 1920. Þó að eitthvað hafi breyst fólkstala á þeim tíma, sem á milli er, munar það engu verulegu gagnvart þessum tölum, því að þær eru hvort sem er, ekki alveg

nákvæmlega útreiknaðar, en fara svo nærri því rjetta sem þörf er á til þess að sýna hið gífurlega misrjetti í þessum hlutum. Jeg vil þá bera saman sýslur landsins hverja við aðra, — meðal-fátækraframfæri, — og geta þess, hvað hæsti og hvað lægsti framfærslukostnaður hafi verið í einstökum framfærsluhjeruðum innan hverrar sýslu. Það er þá á þessa leið:

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu er meðalframfærslukostnaður 54 kr. á mann, hæst í framfærsluhjeraði 102 kr., lægst 20 kr. Í Borgarfjarðarsýslu 9 kr. á mann, hæst 14 kr., lægst 1 kr. Í Mýrasýslu 7 kr., hæst 13 kr., lægst 1 kr. Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 9 kr., hæst 14,5 kr., lægst 3,5 kr. Í Dalasýslu 9 kr., hæst 19 kr., lægst 1 kr. Í Ísafjarðarsýslu 7,5 kr., hæst 17 kr., lægst 1 kr. Í Strandasýslu 6 kr., hæst 11 kr., lægst 2 kr. Í Húnavatnssýslu 7 kr., hæst 14,5 kr., lægst 1,5 kr. Í Skagafjarðarsýslu 5 kr., hæst 10,5 kr., lægst 1,5 kr. Í Eyjafjarðarsýslu 7 kr., hæst 17 kr., lægst 2 kr. Í Þingeyjarsýslu 5 kr., hæst 11 kr., lægst 1 kr. Í Norður-Múlasýslu 9 kr., hæst 22 kr., lægst 2,5 kr. Í Suður-Múlasýslu 8 kr., hæst 15 kr., lægst 2,5 kr. Í Austur-Skaftafellssýslu 0,6 kr., hæst 1,5 kr., lægst 0,2 kr. Í Vestur-Skaftafellssýslu 4,5 kr., hæst 7,5 kr., lægst 2 kr. Í Rangárvallasýslu 6,5 kr., hæst 10 kr., lægst 3,5 kr. Í Árnessýslu 11,5 kr., hæst 17 kr., lægst 2,5 kr.

Þá eru kaupstaðirnir. Í Reykjavík er framfærið 16 kr. á mann, í Hafnarfirði 10 kr., á Ísafirði 23,5 kr., Akureyri 9,5 kr., Siglufirði 13 kr., Seyðisfirði 10 kr., í Vestmannaeyjum 12 kr.

Meðal-fátækrabyrðin í landinu öllu var eftir þessum útreikningi 10,5 kr. á mann.

Það sjest af þessum tölum, hvernig hefir farið í næsta nágrenni Reykjavíkur. Atvinnan hjer, sem hefir verið vaxandi, hefir dregið frá nágrannasveitum, sumum svo, að þeirra atvinnulífi hefir farið aftur. Og svo hefir það aukið á misræmið, þegar þeir, sem hafa flust úr þessum örpíndu hjeruðum, hafa komist í þröng hjer og þurft að fá fátækrastyrk, þá hafa þeir fallið á framfæri þessara áður örpíndu sveita eftir reglum gildandi fátækralaga. Á þennan hátt hefir framfærslan í einum einasta hreppi í þessari sýslu getað orðið 102 kr. á hvert nef, gamalmenni og börn með talin. Hvað mundi verða sagt, ef sett væri með berum orðum slíkt í lög, sem reynslan hefir sýnt, að lögin hafa skapað, — ef sagt væri, að Bessastaðahreppur t. d. skuli gjalda til fátækraframfærslu 102 kr., svo þessi eða hinn hreppur eina krónu eða minna, eins og raunverulega á sjer stað? Það mundi ekki þolast, að setja slíkt í lög, en það er þá líka óvit að líða þau lög, sem gefa slíka raun.

Jeg geri mjer ekki von um, að það næðist fullkomið jafnvægi, þó að gengið væri að aðaltill. minni, að binda fátækraframfærið við heimilisfangið eitt. En jeg hefi fært líkur fyrir því, að það mundi verða mikið til að jafna þetta misrjetti. Jeg hefi á þingi áður borið fram þessa till., og reynt að gera grein fyrir henni og rjettmæti hennar, en fengið litla áheyrn. Jeg hefi bent á, að fyrst það fyrirkomulag, sem altaf hefir verið frá upphafi, hefir gefið svona raun, þá er að minsta kosti forsvaranlegt að reyna annað fyrirkomulag, sem má færa líkur fyrir, að gæfist betur. Af því að jeg

tel ekki líklegt, að áheyrn fáist enn fyrir aðaltillögu mína, þá ber jeg fram varatill. mína, heldur en ekki neitt, af því að jeg álít hana til nokkurra bóta. Að binda fátækraframfærsluna við heimilisfang álít jeg sje það ítrasta, sem hægt er að gera til þess að jafna misrjettið, án þess að afnema alla skiftingu í framfærsluhjeruð. En verði ekki þessi leið reynd, þá get jeg ekki skilið, hvernig hægt verður að standa á móti því að afnema alla skiftingu í framfærsluhjeruð, eins og komið hefir fram till. um. Jeg fyrir mitt leyti treysti mjer ekki til að vera á móti þeirri till., ef ekkert annað er gert til þess að ráða bót á því misrjetti, sem hjer á sjer stað.

Magnús Torfason: Jeg þarf, sem flm. þessa frv., ekki að mæla margt með því. Það hefir fengið svo góðar undirtektir hjá öllum nefndarmönnum, nema einum, sem jeg bjóst heldur ekki við að mundi mæla með því.

Jeg skal út af brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) geta þess, að jeg er ekki á móti henni í sjálfu sjer. Jeg er með því að sveitfestitíminn eigi að vera sem stystur. En hinsvegar verð jeg að líta svo á, að í málum eins og þessum, sem vitanlega hafa talsverða fjárhagslega breytingu í för með sjer fyrir margar sveitir landsins, sje ekki rjett að taka mjög stór stökk. Eins og við munum, var hjer 10 ára sveitfestitími, sem mæltist afarilla fyrir. Hann kom ójafnt niður og á þá leið, að þeir sluppu, sem höfðu aðstöðu til þess að bera mikil sveitarþyngsli, en þeir, sem höfðu versta aðstöðu, á þá var þunga hlaðið. Nú hefir verið um sinn fjögurra ára sveitfestitími. Mín reynsla er sú, að yfirleitt hafi sú breyting orðið til talsvert mikilla bóta. Það hefir fækkað að mun viðskiftum sveitastjórna út af framfærslumálum. Og það er aldrei nema gott, og verður ætíð rjettlátast, að hver maður fái þar framfæri, sem hann er niður kominn, þegar hann þarf með. En jeg bar þetta frv. fram út af þeim agnúa, sem hefir komist inn í lögin, að þáguárin væru fleiri en sveitfestiárin. Mín reynsla er, að flest af þeim tilfellum um sveitfestimál, sem komið hafa fyrir, sjeu vegna þess, að þáguárin voru fleiri en sveitfestiárin.

Nú lít jeg svo á, að þar sem 4 ára sveitfestitíminn hefir dregið úr þessum viðskiftum sveitastjórna, þá muni óhætt nú að setja hann niður í tvö ár. Jeg hefi ekki þorað að fara lengra, enda þótt heyrst hafi raddir allháværar um að stytta tímann í eitt ár, — og sumir hafa viljað láta dvalarsveit vera framfærsluhjerað, — blátt áfram af því, að jeg er ekki viss um, hvernig þetta fer. Ef maður fer of langt, er jeg hræddur um, að það verði til þess að ýta undir leiðindabrellur sveitastjórna til þess að koma mönnum af sjer. Auk þess eru ýms fyrirkomulagsatriði viðvíkjandi því, ef dvalarsveit á að vera framfærslusveit, sem þarf að breyta á ýmsan hátt. Það er ekki auðhlaupið að koma á þessari breytingu, það þarf að laga alt kerfið á ýmsan hátt.

Nú heyri jeg, að ýmsir, sem þykir þessi stytting sveitfestinnar ekki fara nógu langt, ætla að vera á móti því. En jeg get ekki skilið hugsunarhátt þeirra manna. Það er áreiðanlegt, að það er mjög varlega gerandi að fara mjög hart að þessu fyr en maður hef-

ir nokkra reynslu með því að láta sveitfestitímann vera um nokkurra ára bil tvö ár. Þá geta menn fengið reynslu um, hvernig það verkar. Ef það verkar til bóta, eins og stytting sveitfestinnar í fjögur ár, þá skilst mjer, að þeir, sem vilja hafa hann sem stystan, fái byr undir báða vængi. Og yfirleitt held jeg það sje oft hentugt að hugsa sem svo, að betri sje hálfur hleifur en enginn, og þó að einhver lagfæring fari ekki eins langt og maður óskar, þá sje altaf til bóta, að það miði eitthvað í áttina.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg ætla að byrja á að vita það, sem jeg ætla þó að gera mig sekan í að sinni, en það er að hlaupa í skörðin og tala í framsögu annars. Það hefir oft komið fyrir áður hjá hv. þm. En með því að einn skrifar undir með fyrirvara nú, þá er þetta eðlilegt. Annars álít jeg alt of mikið gert að því yfirleitt, og jeg hefi aldrei gert mig sekan í því fyr, og vona, að svo verði ekki oftar. En jeg tek til máls af því að þetta mál hefir verið mjer sjerstakt áhugamál síðan jeg var kosinn fyrst á þing 1919. Það eru engar sýslur, sem hafa orðið eins fyrir barðinu á þessu fyrirkomulagi um langan sveitfestitíma eins og Árnessýsla og Rangárvallasýsla. Þær hafa verið í vargakjöftum báðum megin frá, Reykjavíkur öðrum megin og Vestmannaeyja hinum megin. Þeir staðir hafa tekið ungt fólk, en sýslurnar hafa fengið mikið af því fólki eftir nokkurn tima aftur — á sína sveit. Eins og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók rjettilega fram, þá hafa alveg óhæfileg sveitarþyngsli komið niður á þessi hjeruð, sem missa fólkið og hnignar fyrir það.

Í raun og veru er jeg því fylgjandi, að framfærslusveit sje dvalarsveit, eins og hv. 2. þm. Reykv. (HV) fór fram á, ef ekki fylgdi sá böggull skammrifi, að landið á að vera framfærslusveit. Jeg þekki svo vel eigingirni manna, að þeir myndu vera örari á fje, ef þeir vissu, að ríkissjóður borgaði, heldur en eins og er, að sveitarsjóður borgar. Jeg fyrir mitt leyti get fallist á till. hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að stytta sveitfestitímann í eitt ár og mun greiða því atkv. Jeg veit, að margir í þessarí hv. deild eru hræddir við, að þetta sje of stórt stökk. En jeg sje ekki betur en að sá ótti sje ástæðulaus. Það gerði meðal annars að jeg bað um orðið, að jeg vildi mæla með þeirri till. hv. þm. En fari svo, að sú brtt. falli, þá mun jeg verða með till. meiri hl. n., að sveitfestitíminn verði tvö ár.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Það er tæplega ástæða til að tala um þetta mál, þar sem það mætir engri verulegri mótspyrnu. Hv. frsm. minni hl. (HV) talaði ákaflega kurteislega, eins og við var að búast, viðkomandi frv. og sinni till.

Hv. þm. hefir ekki tekið rjett eftir áðan. Jeg sagði ekki, að meiri hl. n. vildi ekki breyta neinu verulegu. Jeg lagði einmitt áherslu á, að meiri hl. teldi þetta atriði, sem ráðgert er að breyta með frv., sem hjer liggur fyrir, einn af þeim verulegustu agnúum á gildandi fátækralöggjöf. En jeg sagði dálítið fyllra um þetta — frá mjer persónulega — og hafði þá sjer-

* Ræðuhndr. óyfirlesið.

staklega í huga ákvæði 43. gr. nefndra laga. Þau ákvæði álít jeg í rauninni algerlega óalandi og ósamboðin löggjöfinni, — að sitt gæti gilt í hreppi hverjum. Ef menn hefðu á sínum tíma aðhylst mínar till., þá hefði þingið komist hjá ámæli fyrir þetta hvimleiða athugaleysi í löggjöfinni. Eiginlega eru allar hreppsnefndir landsins orðnar löggjafar, með tilliti til ákvæða þeirra, sem felast í nefndri grein.

Hv. frsm. minni hl. benti til þess, að þessi stytting mundi verða frekar hagræði fyrir ýms sveitarfjelög, en óhagkvæmnin mundi snúast að Reykjavík og bæjunum. (HV: Það sagði jeg nú ekki). Þá bið jeg velvirðingar, ef jeg fer rangt með orð hv. þm., — það er ekki viljandi gert, — en jeg hefi skrifað þau niður hjá mjer svona.

Jeg verð að telja það rjettlátt á þeim stöðum, þar sem fólk safnast saman til þess að vinna, að ef einstaka fjölskylda getur ekki sjeð fyrir sjer, þá taki það bæjarfjelag við, sem þetta fólk starfar í. En jeg verð að taka undir með hv. 2. þm. Rang. (GunnS), að það fylgir óþægilegur böggull skammrifi, ef gera á landið að einu framfærsluhjeraði. Ef breytt væri einhverju í þessa átt, mætti frekar taka til athugunar, hvort sýslur mættu ekki vera framfærsluhjeruð.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef) á þskj. 84, þá vil jeg kannast við það, að jeg hefi mesta tilhneigingu til þess að óska, að sveitfesti væri bundin við lögheimili. Mjer virðast till. hv. allshn. nálgast till. hv. þm., með því að færa sveitfestina niður. Jeg álít óhætt að slá því föstu, að þetta er verulegt spor í áttina til að losa fæðingarhrepp við þær órjettmætu kvaðir, sem á honum liggja oft og einatt gagnvart mönnum, sem komnir eru yfir 16 ára aldurinn.

Sami hv. þm. lýsti þeim mikla mismun, sem væri á fátækraframfærslunni í hinum einstöku sýslum, og geri jeg ráð fyrir, að hann hafi farið þar rjett með. Annars hygg jeg, að það mundi tæplega bæta úr, þó að allsherjar fátækraframfæri kæmist á. Miklu fremur gæti jeg trúað, þegar farið yrði að jafna niður, að menn rækju sig á ýmsa agnúa í framkvæmdinni, sem ekki væri gott að komast fyrir. Hvert sveitarfjelag bregður öðru um óspilsemi í fjárveitingum til þurfamanna, og mundi síst úr slíkum ásökunum draga, þó að komið yrði á sameiginlegri fátækraframfærslu um land alt.

Hv. form. allshn. (GunnS) gat þess í ræðu, að hann mundi greiða atkv. með brtt. hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 84. Við það hefi jeg ekkert að athuga, en hefi þá aðeins ofmælt áður, er jeg sagði, að meiri hl. n. stæði saman um að samþ. frv. óbreytt. Jeg játa, að jeg hafði ekki spurt hv. form. n. um þetta, en af því að hann hefir ekki kallað saman fund til þess að taka ákvörðun um þessa brtt., þá ályktaði jeg sem svo, að hann mundi standa með okkur hinum. En segjum nú svo, að þetta ákvæði verði samþ. hjer, en yrði þess valdandi, að hv. Ed. vildi ekki fallast á frv., og mundi jeg þá telja það miður farið.

Eins og jeg gat um áður, þá eru till. þessar ekki nýjar, og till. um að færa sveitfestitímann niður í 1 ár kom fram í tillögum milliþinganefndarinnar, sem starfaði að þessum málum 1921.

En jeg býst við, að þess verði ekki langt að bíða, að sú till. nái fram að ganga. En það standa þau ákvæði í sambandi við 4 ára sveitfestitímann, sem verða þess valdandi, að hann kemur ekki að tilætluðum notum. En með því að samþykkja frv. þetta, er bætt úr þeim agnúum að miklu leyti.

Jeg held svo, að engin ástæða sje fyrir mig að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti, að hv. þd. fallist á till. okkar meiri hl. og samþ. frv.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Það voru mjög fróðlegar tölur, sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) kom hjer með í ræðu sinni um framfærslustyrk til fátækra manna í hinum ýmsu sýslum og kaupstöðum landsins, en þær tölur ættu að nægja til þess að sannfæra alla hv. þm. um ástæðuna til að jafna niður fátækrakostnaðinum á milli sveitanna.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að aðalástæðan fyrir því, að hann vildi hafa sveitfestitímann sem stystan, væri sú, að þeir, sem flyttu úr Rangárvallasýslu til Reykjavíkur eða Vestmannaeyja, og kæmust þar á vonarvöl, yrðu sýslunni til byrði og hinum einstöku hreppum um megn að leggja þeim framfærslustyrk. Þessi fátækraþyngsli væru alveg að sliga Rangvellinga, og yfirleitt sveitirnar í samanburði við bæina.

En eftir skýrslu þeirri, sem hv. 1. þm. N.-M. las upp áðan, sjest að Rangárvallasýsla er langt fyrir neðan meðaltal að fátækrakostnaði. Þar er fátækrastyrkurinn kr. 6,50 á mann. Í Árnessýslu er fátækrastyrkurinn dálítið fyrir ofan meðaltal, eða 11 krónur á mann, en meðaltal fyrir alt landið er 10 krónur. Ástæða hv. þm. er því ekki sterk, enda vænti jeg, að þessar tölur sannfæri hann um það, að þetta sje ekki svo mjög geigvænlegt fyrir hans sýslu.

Í Vestmannaeyjum er fátækraframfærslan ofan við meðaltal, og hjer í Reykjavík er hún enn þyngri en annarsstaðar á landinu, nema í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg held þess vegna, að hv. þd.-bændur geti með góðri samvisku horfið frá þeirri skoðun, að Reykjavík lifi á kostnað sveitanna, þegar það er sýnt með tölum, að fátækrastyrkurinn hjer er miklu meiri en í sveitunum. Hitt er auðvitað satt, að fátækrastyrkurinn er misjafnlega hár í hinum ýmsu sveitum, enda munu þeir einstakir hreppar finnast, þar sem kostnaður þessi er hærri en í Reykjavík.

Því miður sýnir skýrsla hv. 1. þm. N.-M. ekki meðaltalið í Barðastrandarsýslu. Það lítur helst út fyrir, að þaðan komi engar fátækraskýrslur. Það hefði þó verið skemtilegt að hafa til samanburðar tölurnar úr heimkynni hv. þm. Barð., því að kunnugt er, að vestur þar er engu minna ósamræmi um fátækrastyrkinn en annarsstaðar á landinu. Eins og þessi hv. þm. upplýsti við 1. umr. þessa máls, þá eru tveir hreppar þar sokknir í skuldir, og annar þeirra, Auðkúluhreppur, sjerstaklega illa staddur. (**HK:** Hann er ekki til í Barðastrandarsýslu). Hann er í nágrenninu.

Hv. þm. Barð. virtist — eins og hv. 2. þm. Rang. — hræddur um, að ef sú leið væri farin, að fátækrakostnaðinum væri jafnað niður á sýslurnar á þann hátt, að tekið væri meðaltal af öllum kostnaðinum, þá mundi fá-

tækrakostnaðurinn yfirleitt verða meiri en nú. En sú hræðsla held jeg að ekki sje á nægum rökum bygð.

Jeg skal ekkert segja um það, hvaða áhrif slík breyting mundi hafa á meðferð fátæklinga yfir höfuð. Þó að segja megi ef til vill, að sumstaðar sje ekki farið beinlínis illa með fátæklinga, þá er og hitt kunnugt, að sú meðferð er ekki yfir höfuð eins góð og hún ætti að vera. En ef stjórnin sæi, að óeðlilegur munur væri á fátækrakostnaði hinna ýmsu sýslna eða hreppa, þá mundi hún eflaust láta það sig skifta og koma með till. til lagfæringa. Það mundu hagsmunir hreppanna eftir sem áður, að hafa fátækraframfærið sem ódýrast, án þess þó að kvelja þurfamenn, og með því að jafna kostnaðinum niður kæmi hann hlutfallslega á hrepp.

Annars vil jeg láta þess getið í þessu sambandi, að frv. það, sem jeg stend að, er óþarft að kalla byltingafrv. Það fer mjög stutt í þá átt, eins og best sjest á því, að aðaltilgangur þess er að jafna fátækrakostnaðinum niður á hagkvæmari og sómasamlegri hátt en nú á sjer stað. En það getur ekki kallast sómasamlegt, að láta suma hreppa verða gjaldþrota af þessum sökum — engin sanngirni í því, að sumir greiði 60 aura að meðaltali, þegar aðrir hreppar verða að greiða alt að 102 krónum að meðaltali á mann. Með slíkum ójöfnuði skil jeg ekki, að hv. þm. Barð. eða aðrir bændur í þessari hv. þd., geti verið. En byltingartilraun í þessum efnum væri það eitt, ef grundvellinum undir fátækralöggjöfinni væri algerlega breytt, svo sem hægt væri að gera með víðtækri tryggingalöggjöf, og æskilegast væri.

Magnús Jónsson: Hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (HV), hefir nú sagt margt af því, er jeg hafði hugsað mjer að segja þegar jeg kvaddi mjer hljóðs. Jeg vildi anda á móti sumu því, er hv. 1. þm. N.-M. sagði í sambandi við hina einkar fróðlegu skýrslu sína. Mjer virtist hann eins og gefa í skyn, að sveitarþyngslin í kringum Reykjavík stöfuðu af því, að Reykjavík framleiddi ómaga, er hún flytti svo út um sveitirnar. En þetta er vitanlega fjarstæða ein, þegar þess er gætt, að Reykjavík sjálf er miklu hærri en nágrannasýslurnar að undantekinni G.-K., en þar eru sveitarþyngslin mest, eftir því sem skýrslan segir. Aftur á móti er ástandið strax betra þegar kemur upp í Borgarfjörð. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er fátækraframfærslan talsvert fyrir neðan meðaltal, og austanfjalls líka, a. m. k. í Rangárvallasýslu. Það verður því að leita að öðrum ástæðum fyrir því, hvers vegna t. d. Gullbringusýsla er svona illa stödd. Til þess liggja sjerstök atvik. Sumir hreppar sýslunnar eru, vegna legu sinnar, að mestu eða öllu leyti háðir sjávarafla. En þegar aflaleysisárin komu og atvinnan brást, komust heilir hreppar svo að segja á vonarvöl, svo að þeir hafa ekki borið barr sitt síðan. En vöxtur bæjanna, Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, hefir óbeinlínis orðið þess valdandi, að þangað hefir fólkið horfið í þeirri von, að þar væri þægilegra að komast áfram, og hefir mörgum, sem betur fer, orðið að von sinni. Jeg hefi ekki brjóst í mjer til þess að hryggjast yfir slíku.

Annars ætla jeg ekki að hætta mjer langt út á þann hála ís, að tala mikið um þessi mál; jeg þykist vita, að allir

þeir hreppstjórar og oddvitar, sem sæti eiga hjer á þingbekkjunum, telji sig færari um að leggja til málanna það, sem dugar. Þó langar mig að veita hv. minni hl. lið, því að jeg lít eins á þetta mál og hann, að frv. eigi ekki að verða að lögum í þeirri mynd, sem það er.

Stytting sveitfestitímans er að mínu viti hugsunarvilla, meðan ekkert er gert til þess að jafna tekjum milli framfærsluhjeraða. Því styttri tíma sem maður hefir dvalið á einum stað, því minni kröfur á hann til styrks af þeirri sveit. Eina skynsamlega ástæðan fyrir því, að ákveða vissan og það nokkuð langan sveitfestitíma, er sú, að maður, sem unnið hefir ákveðinn tíma í sömu sveit og goldið þar allar skyldur og skatta, eigi kröfur á framfærslu þar. Sje gengið út frá þessari hugsun, þá virðist gamli sveitfestitíminn næst því að vera rjettur, en hugsunarvilla að stytta tímann án þess að taka afleiðingunum.

Sama er um hitt atriðið að segja, að sá, sem vinnur sjer sveitfesti, má ekki hafa þegið sveitarstyrk áður. Þetta er ekkert annað en varnagli gegn misnotkun sveitarstyrksins. Því að þau 2 ár, sem hann dvelur í nýju sveitinni án þess að þiggja, geta ekki bætt upp það, sem áður hefir verið þegið.

Annars vildi jeg vekja athygli á, að skýrsla hv. 1. þm. N.-M. er mjög athyglisverð. Hún er besta sönnunin fyrir því ákaflega misrjetti, sem á sjer stað í framfærslukostnaði hinna ýmsu hreppa í landinu. En mjer er það hulinn leyndardómur, hvernig menn hugsa sjer að bæta úr því misrjetti með því einu, að stytta sveitfestitímann, færa hann niður í 2 ár eða jafnvel 1 ár, nema þá að tilgangurinn sje sá, að gera sveitastjórnum auðveldara fyrir um að gera sveitarómaga að útflutningsvöru. Stytting sveitfestitímans er því í mínum augum fánýt, og mundi auk þess valda meira ranglæti í framkvæmdinni og virðist þó ekki bætandi á það, sem nú á sjer stað.

Jeg hefi þá með þessum fáu orðum gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls og mun því greiða atkv. á móti frv. (**HStef:** Það var slæmt!)

Hannes Jónsson: Jeg verð að taka undir með hv. 1. þm. Reykv. (MJ), að skýrsla sú, sem hv. 1. þm. N.-M. las hjer upp, geti á engan hátt orðið til stuðnings brtt. hans á þskj. 84, um að stytta sveitfestitímann niður í 1 ár. Mjer skildist einmitt eins og þeim tveimur hv. þm. Reykv. (HV og MJ), sem síðast töluðu, að skýrslan ætti að sanna það rjettmæti, sem sumir vilja telja, að jafna sveitaþyngslunum niður á hreppana hlutfallslega.

En af því að hv. 2. þm. Reykv. (HV) hjelt lofræðu um þann visdóm, sem fólginn væri í tölunum í skýrslu hv. 1. þm. N.-M., get jeg þó ekki annað en bent á, að varlega verði að fara með þær tölur í sambandi við þetta mál.

Vil jeg þá fyrst benda á, — sem jeg að vísu geri ráð fyrir að þeir hv. þdm., sem eru bændur, kannist við, — að það er ekki óalgengt til sveita, að ýmsum sje forðað frá því að þiggja af sveit á þann hátt, að efnaðir bændur skifta á milli sín að hjálpa þeim, sem eiga í vök að verjast, og það án þess að sá framfærslukostnaður sje færður í hreppsreikningana. Ástæðan til þess er

sú, að til sveita er mörgum óljúft að fara á sveitina, sem kallað er, reyna sjálfir að verjast því í lengstu lög, og því er slík hjálp veitt fremur vegna fólksins sjálfs heldur en að spara hreppnum útgjöld.

Þá má líka benda á, að það er mjög misjafnt, sem borgað er með ómögum til sveita, og er mjer kunnugt um, að það getur numið miklu. T. d. veit jeg um tvo hreppa í sömu sýslu, sem hafa í eðli sínu sömu aðstöðu og sömu ómagatölu. Þó borgar annar talsvert hærri upphæð með sínum ómögum en hinn.

Jeg hygg að sveitarþyngslin hjer í Reykjavík og Gullbringusýslu eigi rætur sínar í því, að hjer sje um meiri þægindi að ræða þurfalingum til handa heldur en fært þykir að veita í sveitunum, án þess þó að illa sje farið með ómaga þar á nokkurn hátt. Jeg hefi heyrt, að ómagar hjer í Reykjavík sjeu svo vel settir, að þeir geti haft reiðhesta til þess að skemta sjer á, geti farið í Bíó og kaffihús og látið fleira eftir sjer, sem þurfamenn til sveita verða að neita sjer um.

Jeg er ekki út á þetta að setja, að því er Reykjavík eða aðra bæi snertir, en hinsvegar finst mjer að svo gæti farið, ef landið yrði gert að einu framfærsluhjeraði og kostnaðinum jafnað niður á hreppana, að það þætti ekki óviðeigandi, að ómagar kaupstaðanna hefðu, auk annara þæginda, bifreið til þess að komast ferða sinna. Sem sagt, ef engin skynsamleg takmörk verða sett fyrir því, hvað þessi sameiginlegi kostnaður megi vera hár, þá geri jeg ráð fyrir, að sveitaþyngslin úti um land fari ekki minkandi frá því, sem nú er. Flest sveitafélög hugsa sem svo, að ástæðulaust sje að draga úr framfærslustyrk, því að ef kostnaðurinn er lágur, þá verða þau að borga til annara sveita.

Þó að hreppur geti sparað 1000 krónur á fátækraframfærinu, hvaða þýðingu hefði það, þegar á að fara deila því á milli allra hreppa á landinu. Hann mundi heldur vilja láta það renna til sinnar eigin sveitar.

Jeg býst við, að hv. 2. þm. Reykv. (HV) sje það mikill hagfræðingur, að hann hugsi eitthvað á þessa leið. (HV: Jeg er ekki svo mikill glæpamaður!) Jeg býst ekki við, að hv, 2. þm. Reykv. myndi telja það glæp, þó þurfalingum í sveitum væri leyfður sami „luxus“ eins og þurfalingum kaupstaðanna, og það engu síður, þó fjöldinn allur af bjargálnamönnum sveitanna verði að neita sjer um hann til þess að hafa ofan í sig og á.

En þó að vitanlegt sje, að löggjöfin verði að stefna í þá átt, að tryggja þurfalingum viðunandi lífskjör, þá verður það þó að gerast án þess að nokkurt óhóf eigi sjer stað. En mín skoðun er sú, að með því að kostnaðurinn sje sameiginlegur, þá sje stigið inn á þá braut, sem ófær muni reynast, vegna hins aukna kostnaðar, sem slíkt myndi hafa í för með sjer.

Þá er ein mikilsverð breyting í þessu frv., að maður, sem þegið hefir sveitarstyrk áður, geti unnið sjer sveitfesti annarsstaðar. En jeg held, að hv. flm. hafi ekki athugað nægilega, að breyta þurfi öðrum ákvæðum fátækralaganna, svo að þetta rekist ekki á og verði til ófarnaðar.

Ef maður, sem fengið hefir sveitarstyrk, verður sveitfastur í öðrum hreppi, er hætt við að sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem áður hafði veitt styrkinn,

en nú er orðinn laus við framfærsluskyldu mannsins, reyni að innheimta það, sem hún hefir veitt honum áður. Og gæti þá farið svo, að of nærri yrði gengið efnum mannsins og að það leiddi til þess, að hann yrði að fá styrk frá hinni nýju framfærslusveit, sem hann ef til vill hefði komist hjá, ef ekki hefði verið svo hart að gengið.

Nú er víða hagað svo til í sveitum, að sveitarstjórnirnar reyna að glæða sjálfsbjargarviðleitni þurfalinga sinna með því, að láta þá hafa nokkurt fjármagn undir höndum. Við þetta eykst þeim kjarkur, og í flestum tilfellum verður það til þess að draga úr fjárframlögum frá sveitunum. Jeg er ekki í neinum vafa um, að hvaða sveitarstjórn sem er myndi jafn fús til þess að veita slíka hjálp, þó hún ætti á hættu að missa kröfurjett á framlaginu fyrir það, að þurfalingurinn yrði sveitfastur í öðrum hreppi. Það, að losna við framfærsluskylduna, myndi vega fyllilega móti kröfurjettinum, og því sjálfsagt að afnema hann, ef of nærri yrði gengið efnahag þurfalingins með innheimtu skuldarinnar.

Jóhann Jósefsson: Um þetta frv. er í stuttu máli það að segja, að því er bersýnilega stefnt til höfuðs kaupstöðunum, þeim til kostnaðarauka á þessu sviði, en sveitunum að sama skapi til ljettis og sparnaðar. Hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. hafa báðir dregið fram þær ástæður, sem helstar eru til mótmæla þessari snöggu breytingu. Um leið og jeg tek undir það, sem þeir hafa sagt, vildi jeg fara nokkrum orðum um málið alment. Hingað til hefir það verið talin grundvallarástæðan fyrir sveitfestitímanum, að þeir, sem í hlut eiga, væru með langri dvöl búnir að vinna sjer einskonar borgararjett í því hjeraði, og ættu því heimtingu á framfærslu þar, frekar en annarstaðar. Þegar þessi tími er 2 eða jafnvel að eins 1 ár, þá virðist ekki vera mikið gert úr þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar fyrir núgildandi skipulagi. Frá sjónarmiði rjettlætisins getur verið ýmislegt við þessa breyting að athuga. T. d. ef maður, sem búið hefir austur í sveit allan sinn langa búskapartíma og greitt þar skyldur og skatta, en bregður svo búi á efra aldri vegna þreytu eða elli, og flytur til Reykjavíkur eða einhvers kaupstaðarins, en verður fyrir einhverju óhappi eftir 1 eða 2 ár, svo að hann verður að leita opinbers styrks; væri þá nokkurt rjettlæti í því, að slengja byrðinni yfir á kaupstaðinn, en láta þá sveit, sem hann hefir búið í öll sín manndómsár, algerlega sleppa við að leggja nokkuð af mörkum. Slíkt getur varla talist rjettlæti. Kaupstaðurinn hefir ef til vill ekkert gagn haft af manninum, vegna hins stutta tíma, en verður nú að greiða allan framfærslukostnað hans. Það virðist því, að þessu athuguðu, vera full ástæða fyrir hv. flm. og formælendur þessa frv., að gæta alls hófs í þessum tilraunum sínum til þess að ýta öllum sveitaþyngslunum af sveitunum og yfir á kaupstaðina. Hins vegar skal það fúslega viðurkent, að eins og nú standa sakir kemur fram misrjetti allmikið, og þessvegna er rjettlæti eða rjettlætisleit í þessum efnum nauðsynlegt eftir því sem unt er. En á hinn bóginn ber að gjalda varhuga við að ganga langt í að hrinda þurfalingum af sjer, því af því skapast það ástand, sem nú hefir verið lýst svo átakanlega hjer í deildinni.

Áður en jeg vík frekar að þessu, vil

jeg minnast á ræðu hv. 2. þm. Rang. Hann var ákaflega glaður yfir því, að þetta hans hjartansáhugamál skyldi vera á ferðinni hjer í deildinni. Hv. þm. lýsti með snjöllum orðum hversu mikið hjartansmál það væri honum að fá sveitfestitímann styttan, eða m. ö. o. geta þannig velt sveitarþyngslunum yfir á kaupstaðina. Mjer finst kenna ósanngirni, eigi lítillar, hjá þessum hv. þm., og furðaði mig á því, þar sem maður á ekki slíku að venjast hjá þeim hv. þm. Það er rjett hjá honum, að fjöldi Rangæinga hefir á síðasta mannsaldri flutst til kaupstaðanna, Reykjavíkur, Hafnarfjarðar eða Vestmannaeyja. Og mjer er kunnugt um, að slíkir flutningar hafa á síðustu árum minkað mjög til Vestmannaeyja, en þó get jeg borið það, og get óhikað fullyrt það, að margir hinna nýtustu Vestmannaeyinga hafa komið úr landsveitunum, Rangárvallasýslu eða Skaftafellssýslum. Hv. þm. fórust þannig orð, að þessir menn hefðu lent í vargakjöftum. (**GunnS:** Nei, jeg sagði að austursveitirnar hefðu vargakjafta á báðar hendur). Já, eftir þessu orðalagi er svo að skilja, sem útflutningsstraumurinn hafi lent í vargakjöftum, en hafi hv. þm. ekki meint það, þá eru allar athugasemdir um þetta óþarfar. Jeg hefi drepið á, að flestir þessara manna hafi reynst hinir nýtustu, og jeg efast ekki um, að þeir hefðu einnig verið nýtir menn í sínum átthögum, en hitt vil jeg stórlega draga í efa, að lífskjör þeirra hefðu orðið betri, þótt þeir hefðu verið kyrrir í átthögum sínum. (**GunnS:** Alveg rjett). Þeir, sem flutst hafa til Vestmannaeyja á undanförnum 60—70 árum, hafa flestallir orðið góðir bjargálnamenn, ef ekki vel efnaðir, sumir hverjir. Það er því síst ástæða fyrir hv. 2. þm. Rang. að harma það svo mjög, þótt nýtir menn hafi flutst úr hans hjeraði til þeirra kaupstaðanna, þar sem eru nóg verkefni fyrir dugandi menn. Þá ber þess og að geta, að auk þeirra reglulegu innflytjenda, taka Vestmannaeyjar árlega við fjölda manna, oft svo skiftir hundruðum, um nokkurn tíma ársins, vertíðina. Þetta fólk snýr síðan heim með allgóðar tekjur, og get jeg því ekki skilið, að sveitirnar líði svo mjög mikinn baga við fjarveru þeirra. Jeg hygg, að það sem vertíðin gefur þessu fólki í aðra hönd, vegi meira en á móti þeim baga, sem heimahjeruðin bíða af þessum sökum. Það er því ástæðulaust fyrir hv. þm. Rang. að vera beiskur út í Vestmannaeyjar í tilefni af þessu, því að útflytjendurnir hafa flestir komist vel af og átt við sæmileg kjör að búa, og enda ekki orðið til opinberra þyngsla yfirleitt. Það kunna að vera undantekningar í þessu efni, en alment er óhætt að slá þessu föstu.

Form. allshn., hv. 2. þm. Rang., ljet þau orð falla í fyrra á Alþingi, að landbúnaðurinn væri enn ekki svo langt á veg kominn, eða stæði ekki á svo föstum fótum, að hann þyrfti eigi stuðning frá sjávarútveginum. Jeg man að vísu ekki, hvort þetta voru óbreytt orð hv. þm., en þó hygg jeg að jeg fari rjett með innihald orða hans frá þeim tíma. Hann viðhafði sterkari orð að vísu. Nú vil jeg benda hv. þm. á, að þegar þetta fólk er flutt til höfuðútgerðarstaða landsins, og verður þar verkfæri í hendi forsjónarinnar til að verða nýtir framleiðendur í landinu, þá eru þeir um leið að styðja landbúnaðinn. Fjárlögin bera þess órækast vitni, hve mikið þeir leggja af mörkum til sameiginlegra nauðsynja allrar þjóðarheildarinnar. Er nú ástæða

fyrir hv. þm. að harma þetta? Þvert á móti ætti hv. þm. að gleðjast yfir því, að þessu skuli vera svo varið. Jeg tel auðvitað rjett og skylt að styrkja landbúnaðinn eins og unt er, en einmitt sjávarútvegurinn leggur riflegastan skerf til þess, og því ættu menn síst að gleyma. Þessvegna vildi jeg mælast til þess, að ekki sje óvingjarnlegar talað um þessar verstöðvar en ástæður standa til, þótt þær þurfi á nokkrum aukavinnukrafti að halda um suma tíma árs. Þetta vona jeg, að hv. 2. þm. Rang athugi, og láti kaupstaðina njóta sannmælis. Jeg efast um, að lífsskilyrðin í hans áttlögum væru mikið betri, að óbreyttu ástandi, þótt vargakjaftarnir, sem hann kallar, væru ekki til, eða a. m. k. ekki svona nálægt.

Þá vil jeg aftur víkja að því, sem jeg hvarf frá, því, að flm. og formælendum þessa máls beri að gæta hófs í tilraunum til að velta sveitaþyngslum yfir á kaupstaðina með því að hamra í gegn stytting sveitfestitímans. Eins og hv. 2. þm. Árn. komst að orði, ber að gjalda varhuga við því, að ýta undir „leiðindabrellur sveitastjórna“ til að koma mönnum af sjer. En með þessari stytting er beinlínis stutt að því. Og enn annað; þegar kröfurnar um stytting sveitfestitímans ganga eins langt og þetta frv. ber vitni um, og sjerstaklega brtt. hv. þm. N.-M., þá er ekki einungis ýtt undir „leiðindabrellur sveitastjórna“ til þess að koma mönnum af sjer, heldur og ýtt undir viðnám kaupstaðanna gegn innflutningi manna, og getur slíkt komið sjer óþægilega, og auk þess sem hinir óheppilegu, margumtöluðu fátækraflutningar eru bein afleiðing af sliku skipulagi.

Ennfremur vil jeg minna á það, að svo óhæfilegar geta slíkar kröfur orðið, að kaupstaðirnir telji sjer betra að aðhyllast skoðun hv. 2. þm. Reykv. um að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Á því eru vitanlega margir agnúar, en þó mun það verða heppilegra skipulag heldur en ef sveitfestitíminn er gerður sama og enginn, eða jafnvel að framfærsluskyldan sje algerlega lögð á dvalarsveit.

Það er rjett hjá hv. 2. þm. N.-M., er hann segir, að stefna beri að sem mestum jöfnuði milli einstakra landshluta í þessum efnum. En jeg held, að sú leið, sem þetta frv. fer, og sjerstaklega brtt. hv. 2. þm. N.-M., muni síst ná tilætluðum árangri, heldur miklu fremur vekja óþarfa andstöðu þeirra landshluta, sem byrðunum er ýtt á, og hrekja þá til sterkari andstöðu gegn framkvæmdum sveitanna í fátækramálum en æskilegt er.

Vil jeg að lokum benda á eina leið, sem dregur úr vandræðum sveitarþyngslanna og vil jeg biðja hv. flm. að gefa því gaum. Sú leið er, að Alþingi og stjórn vinni saman að því, að koma á almennum tryggingum og koma þeim í gott horf. Er óhætt að fullyrða, að slíkt væri stórt spor í áttina til þess, að firra þjóðina því böli og þeim vandræðum, sem af sveitarþyngslunum leiðir. Þessvegna eru almennar tryggingar að mjög miklu leyti framtíðarlausn þessa máls.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg tók það fram áðan, að jeg væri ófús á að hlaupa í skörðin, en nú er svo komið, að jeg get ekki neitað mjer um það. Sjerstaklega get jeg ekki látið hjá líða að svara hv. þm. Vestm. En áður en jeg vik að því,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

vildi jeg gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 2. þm. Reykv. Það haltrar dálítið hjá honum röksemdaleiðslan þegar hann byrjar að reikna út sveitarþyngsli einstakra hjeraða í hundraðstölu. Slíkir útreikningar eru eigi einhlítir, því hitt er miklu meira um vert, hvernig gjaldþolið er í hverju hjeraði. Jeg veit t. d., að ef Rangárvallasýsla hefði menn eins og hv. 2. þm. Reykv. eða t. d. Kveldúlfsfjelagið, þá mundu útsvör þeirra sennilega nægja til að greiða útsvör allrar sýslunnar. — Jeg hjelt því fram, að afkoma sveitanna væri svo bágborin, að hún þyldi eigi sveitarþyngsli. Hitt veit jeg líka, að í kaupstöðum eru þau útgjöld hverfandi lítil, sem fara til framfærslu fólks úr sveitunum, mikill meiri hluti rennur til fólks, sem þar hefir verið búsett. Jeg leyfi mjer að vitna til ræðu hv. þm. Vestm. um þetta efni; hann upplýsti það, að innflytjendur úr landsveitunum hefðu allir komist vel af og orðið dugandi menn í hvívetna.

Hv. þm. Vestm. talaði vingjarnlega um þetta mál, en þó fanst mjer hann næstum óþarflega hörundssár, þótt jeg kæmist svo að orði, að austursveitirnar væru eins og á milli vargakjafta, og átti jeg þar við Reykjavík og Vestmannaeyjar, sem árlega draga allan þorra ungra og upprennandi manna úr hjeruðunum. Jeg segi þetta þó alls ekki til þess að lítilsvirða kaupstaði þessa, því jeg veit, að fjöldi þess fólks, sem þangað hefir flutst úr austursveitunum, hefir ef til vill átt þar betri afkomu en í átthögunum. Hv. þm. Vestm. lýsti mína sýslunga hafa reynst dugandi og nýta menn, og þakka jeg honum fyrir þau ummæli. Jeg veit það, að mínir sýslungar hafa alstaðar reynst hinir nýtustu, hvar sem er á landinu, og svo mun og vera um flestar sýslur landsins. Kaupstaðirnir hafi dregið til sín nýtasta fólkið, þ. e. a. s. unga fólkið, úr öllum sveitum landsins. Og með því að viðurkent er, að meginþorri þessa fólks hefir orðið dugandi borgarar, og tiltölulega fáir gefist upp, þá sýnist nokkurnveginn sjálfsagt, að kaupstaðirnir sjái þeim farborða, sem vel hafa dugað, en ekki einungis að taka nýtustu mennina og skila hinum aftur. En það er það, sem andstæðingar þessa frv. vilja gera. Hv. þm. sagði, að jeg væri beiskur í garð kaupstaðanna. Það er ekki rjett, enda unni hann mjer þess sannmælis, að jeg væri sanngjarn. En jeg skil gang tímanna og sje hverju fram fer í minni sveit. Og mjer hefir oft beinlínis runnið það til rifja að sjá konurnar berjast fyrir að ala börnin upp, en svo jafnskjótt og þau eru komin á legg, fara þau til Reykjavíkur eða einhvers kaupstaðanna og koma ef til vill aldrei aftur, en konan situr ein eftir með yngstu börnin eins og þræll. (MJ: Ætli þetta sje nú ekki svo í kaupstöðunum líka). Jú, en ekki í eins stórum stíl, enda mun mæðrunum til sveita meiri þörf á að hafa dætur sínar uppkomnar hjá sjer. Auk þess eiga sveitakonur yfirleitt við afar erfið kjör að búa. (MJ: Svipað og margar konur hafa hjer.) Jeg hefi ekki viljandi talað óvingjarnleg orð í garð Vestmannaeyja, og hv. þm. Vestm. veit það vel, að margir mínir sýslungar þar eru dugandi menn, og fagna jeg því, að svo skuli vera. Geta því ekki stafað af þeim nein óbætanleg sveitarþyngsli fyrir Vestmannaeyjar.

Annars álít jeg það rjettu leiðina, að láta fólkið vera kyrt þar, sem það verður bjargþrota. Kostnaðurinn fyrir sveitirnar við að sjá ómögum fyrir fram-

færslu þar, sem þeir eru, verður ekkert meiri en ella, og þetta getur líka komið í veg fyrir sveitarflutninginn og þá háðung, sem honum er samfara. Sjálfsbjargarviðleitnin mundi líka fremur vakna, og er það einmitt rjetta leiðin, að reyna að vekja hana hjá þurfalingunum. Veit jeg þess mörg dæmi þar, sem mennirnir hafa fengið að vera kyrrir í sínu gamla umhverfi, að viðleitnin til þess að komast á rjettan kjöl aftur hefir vaknað og aukist hjá þeim.

Halldór Stefánsson: Það hefir komið fram nokkur misskilningur á skýrslu þeirri, er jeg las upp áðan, og vildi jeg leiðrjetta hann. Hún hefir sem sje verið skilin svo, að hún ætti að vera „absolut" sönnun þess, hvernig kostnaðinum við fátækraframfærið væri varið, en svo er ekki. Til þess að svo væri, vantaði þann rjetta deilir, en sá deilir er hið virkilega gjaldþol hinna einstöku framfærsluhjeraða. Jeg tók þessvegna þann eina deilir, sem um gat verið að ræða, mannfjöldann eftir manntalinu; hann er að vísu ekki allskostar sá rjetti. Þó skýrslan sje þannig ekki full sönnun þess, hvað mikið misrjettið er, þá sýnir hún þó nægilega, að byrðinni af fátækraframfærslunni er svo ákaflega misskift milli hjeraðanna, að það er með öllu óþolandi. Þá var því haldið fram, að skýrslan sje ekki næg sönnun fyrir rjettmæti brtt. minnar við þetta frv., en hún fer í þá átt, að láta sveitfestitímann vera, ef ekki bundinn við heimilisfang eitt, þá sem allra stystan. Brtt. mín er bygð á þeirri sannfæringu, að hún mundi vinna stóran bug á misfellunum, og hefi jeg áður fært fram þær ástæður, sem þar að lúta. Þær eru í stuttu máli þessar: Fólkið streymir þangað, sem vöxtur og þróun eru í atvinnulífinu, en flýr burtu frá kreppu og vandræðum. Þá er ekki líklegt, að byrðin af fátækraframfærslunni verði þung, þar sem aðstreymið er, að minsta kosti er óhugsandi, að hún verði meiri en í meðallagi. Er þá hróplegt ranglæti þegar það fólk, sem ber upp á sker á slíkum stöðum, sem þróun er og vöxtur, er sent heim í kreppuna og vandræðin aftur, þegar það verður bjargþrota. Þetta er það, sem gert er undir því skipulagi, sem nú er. Jeg vil láta reyna nýtt skipulag til samanburðar við það gamla, sem hefir reynst með öllu óþolandi. Ef menn vilja ekki taka þessu, þá eru til fleiri leiðir út úr vandræðunum, eins og t. d. sú leið, sem kemur fram í frv. því, sem hjer liggur fyrir frá hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræðrum hans.

Það var eins og hv. 1. þm. Reykv. skildi mig svo, að jeg vildi ásaka Reykjavík um það, að fátækrabyrðin væri lang þyngst í nærsveitum hennar. Jeg sagði þetta alls ekki Reykjavík til lasts, heldur er það skipulaginu að kenna og því til ámælis. Get jeg ekki fallið frá þeirri skoðun, að aðsóknin til Reykjavíkur og heimsending þurfalinga þaðan á mikinn þátt í þessu. Reykjavík togar fastast í nærsveitirnar, og þessvegna verða þær harðast úti. Þar verður fátækrabyrðin lang þyngst, enda sker Gullbringu- og Kjósarsýsla sig alveg úr. Þar er byrðin lang þyngst.

Það var tekið fram, að í sambandi við styttingu sveitfestitímans þyrftu hjeruðin að geta sett skorður við innflutningi fólks. Jeg neita því ekki, að svo kunni að fara. En jeg tel, að þær skorður mundu — af eðlilegum ástæðum — ekki verða meiri en holt gæti talist. Ekkert hjerað mundi vilja setja skorður

við því aðstreymi, sem því væri þörf á vegna síns atvinnulífs. Viðnámið bitnaði því eingöngu á þeirri aðsókn, sem teljast mætti umfram þarfir. Tel jeg það frá þjóðhagslegu sjónarmiði ekki nema holt og eðlilegt.

Þorleifur Jónsson: Jeg tel ekki vert að teygja umræðurnar lengur og skal ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu. Jeg skal þá fyrst lýsa yfir því, að jeg er alveg samþykkur þessu frv., sem hjer liggur fyrir, um að stytta sveitfestitímann niður í 2 ár. Hefir það verið mín skoðun áður, að stytta ætti sveitfestitímann niður í 2 ár og tel jeg ekki nema rjettmætt, að þeir landshlutar og bygðarlög, sem draga fólk til sín sökum góðra atvinnuskilyrða, beri líka byrðar af því fólki, ef það verður styrks þurfandi. Mesta kost þessa frv. tel jeg þó, að þar er numið úr gildi ákvæði, sem komst inn í fátækralögin síðustu um það, að skilyrði til þess að vinna sjer sveit væri, að maðurinn hefði ekki þegið sveitarstyrk afturkræfan eða óafturkræfan síðustu 10 árin. Með þessu ákvæði var dregið svo úr styttingu sveitfestitímans, að lögin náðu ekki tilgangi sínum að þessu leyti.

Í sambandi við styttingu sveitfestitímans, hvort sem er niður í 2 ár eða 1 ár, eins og hv. 1. þm. N.-M. fer fram á, er nauðsynlegt að setja nákvæmari reglur um heimilisfang manna. Eru engar lagareglur til um það, að mönnum sje skylt að tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjórn eða sveitastjórnum um heimilisfang sitt, eða a. m. k. mun það títt, að það sje vanrækt, enda er nú margt af lausafólki á ferð og flugi um alt landið, sem enginn veit hvar á heima. **Jeg held, að margt af því hafi hvergi** lögheimili, og sleppi þannig við sveitarútsvör og önnur opinber gjöld. Þarf nauðsynlega að lögleiða eitthvað um þetta efni, og mætti kalla það bygðaleyfi og fara í líka átt eins og frv. það, sem hv. 2. þm. Eyf. hefir flutt hjer áður í þeim tilgangi. Þarf endilega að kippa þessu í lag.

Annars stóð jeg aðallega upp út af ummælum og orðalagi hv. 2. þm. Reykv. um þau hjeruð, sem litla fátækrabyrði hefðu að bera. Hann komst svo að orði, að ekki væri sómasamlegt að láta suma hreppa borga aðeins 60 aura á mann til fátækraframfæris, en aðra svo og svo mikið. Hv. 1. þm. N.-M. las hjer upp mjög fróðlega skýrslu um fátækrabyrðina árin 1924—1925. Sjest þar, að Austur-Skaftafellssýsla er lang lægst. Hv. 2. þm. Reykv. vill nú ef til vill líta svo á, að illa sje farið með þurfalinga þar, og þess vegna sje byrðin svona lítil, en jeg vil upplýsa, að svo er ekki. Kostnaðurinn við fátækraframfærslu er þar að vísu mjög lítill á pappírnum, en það er heldur ekki nema á pappírnum, því að það er ekki svo að skilja, að öll kurl komi til grafar á þessari skýrslu. Austur-Skaftafellssýsla hefir ekki farið varhluta af því, fremur en önnur hjeruð, að fá sendar heim fjölskyldur frá sjóþorpunum, bæði frá Reykjavík og Vestmannaeyjum. Man jeg eftir því, að núna fyrir fáum árum voru sendar 2 fjölskyldur sín á hvorn hrepp í Austur-Skaftafellssýslu, önnur með 7 eða 8 börn, en hin með 5 eða 6. Hvað gerðu hreppsbúar, þegar svo var komið? Þá komu betur stæðu heimilin sjer saman um að skifta börnunum á milli sín og ala þau upp án nokkurs kostnaðar fyrir sveitarsjóð-

inn. (Rödd af þingbekkjum: Þetta á sjer stað alstaðar). Máske í sveitum, en ekki í kaupstöðum. Á þennan hátt er hægt að minka kostnaðinn á pappírnum, en sýslubúar verða samt að bera hann, þótt hann komi ekki fram í neinni skýrslu. Venjan með aldraða menn er og oft sú, að lofa þeim að velja sjer heimili þar, sem þeir helst vilja dvelja, og er það venjulega það heimilið, sem þeir hafa lengst dvalið á. Flest gamalmenni fá svo lítilsháttar ellistyrk, sem rennur til húsbændanna sem meðlag, en að öðru leyti sjá heimilin algerlega fyrir þeim. Þó þetta þyki ef til vill nokkuð gamaldags hugsunarháttur, sem ekki eigi við nútímann, þá finst mjer hann nú ekki neitt ljótur, og það er víst, að altaf er kostað kapps um það í Austur-Skaftafellssýslu, að láta fara sem best um þurfalingana, hvort sem það eru börn eða gamalmenni. Ætti mönnum nú að geta skilist, að ómagaframfærslan þar getur verið sómasamleg, þótt kostnaðurinn við hana sje ekki meiri en þetta á pappírnum. Auk þess mun sýslan vera svo heppin að hafa tiltölulega fáum þurfalingum fyrir að sjá. Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vildi aðeins taka þetta fram til skýringar á þeim mikla kostnaðarmismun, sem er milli þessarar sýslu og annarra. Hefi jeg sýnt fram á, að hann stingur þar í stúf af eðlilegum ástæðum.

Magnús Jónsson: Hv. 1. þm. N.-M. talar enn um það ranglæti, að fólk, sem flytur úr hjeruðum, sem hafa lítil atvinnuskilyrði og yfir í önnur, sem eru í meiri blóma, skuli vera flutt þangað aftur þegar það er ekki lengur fært um að sjá fyrir sjer sjálft. Vildi hann gefa í skyn, að hinn mikli kostnaður við fátækraframfæri í Gullbringu- og Kjósarsýslu væri að miklu leyti Reykjavík að kenna, hún togaði svo fast í fólkið þaðan, og sendi það svo aftur heim, þegar það væri komið á vonarvöl. Jeg fyrir mitt leyti býst nú samt við, að annað yrði uppi á teningnum, ef málið væri rannsakað gaumgæfilega ofan í kjölinn. Þá efast jeg stórlega um, að útkoman yrði sú sama. Geri jeg ekki ráð fyrir, að sveitinni sje mjög íþyngt af ómögum, sem sendir eru heim aftur. Mótspyrnan er svo mikil gegn slíkum flutningum á alla vegu, og menn, sem þannig er ástatt með, vilja alment ekki fara. Ber þeirra sveit auðvitað talsverðan kostnað þess vegna. Á móti þessu má svo taka það, hve mörgum það ljettir af sýslunni, að menn þaðan mega koma til Reykjavíkur og annara hjeraða, sem standa í meiri blóma en heimasýslan sjálf, og leita sjer þar atvinnu. Býst jeg við, að þeir sjeu ekki svo fáir, sem komist hafa vel áfram hjer í Reykjavík og víðar, en hefðu ella orðið bjargþrota heima í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Kringum 1880 fór mikill fjöldi fólks til Ameríku, og talsvert af því fólki hefði annars orðið sveitunum til mikilla þyngsla. Nú taka bæirnir við þessu fólki, og er það eflaust hagnaður, að straumurinn skuli stöðvast í landinu sjálfu. Það er að vísu ekki hægt að sýna með tölum, hversu miklu þetta ljettir af sveitunum, en það er áreiðanlega mjög mikið. Gullbringu- og Kjósarsýsla var afar blómlegt hjerað hjer á árunum, á

meðan bátaútvegurinn þar var í blóma. Svo á aflaleysisárunum fór útvegurinn í hundana, og þá fór alt í rústir. Geri jeg fastlega ráð fyrir því, að síðan Reykjavík fór að vaxa, hafi hún gert miklu fremur að ljetta af en auka vandræðin. Að vísu er ómögulegt að koma tölum á það, hvernig þetta kemur hagfræðilega út á milli hjeraðanna, en jeg tel eflaust, að hagnaðurinn sje Gullbringu- og Kjósarsýslu megin.

Eitt af því, sem talið er frv. þessu til gildis er það, að með því sje algerlega komið í veg fyrir fátækraflutninga, en þó má telja mjög óvíst, að svo verði í reyndinni. Ef svo væri, þá munu þau hjeruð, sem minst eftirlit hafa með fólki, verða harðast úti, en það eru einmitt Reykjavík og kaupstaðirnir. Gæti jeg trúað, að klókindi sveitastjórnanna nytu sín fyrst til fulls, þegar búið er að samþykkja þetta frv. og ryðja þannig burtu sveitfestitímanum. Þá geta þær sjeð um, að öllum fátækum fjölskyldum væri komið burt, t. d. til Reykjavíkur, en haldið eingöngu eftir röskum og duglegum mönnum í góðum kringumstæðum. Mundu þannig hefjast nýir fátækraflutningar, og þeir síst fallegri en þeir gömlu.

En ef þetta er ekki meiningin, þá get jeg ekki skilið annað, en að komið gæti fyrir með þessu nýja skipulagi, að margir fátæklingar ættu heima í einum hreppi, en svo fáir í þeim næsta, alveg eins og nú. Hvernig á að koma í veg fyrir það? Hvað fátækraflutningnum viðvíkur, þá getur vel verið að hann minki, þessi opinberi fátækraflutningur, sem maður veit mest um, en jeg tel eins víst, að þá aukist að sama skapi hin tegund hans, sem maður veit minna um. Þær voru víst hálfgerður fátækraflutningur, sumar Ameríkuferðirnar í gamla daga, þótt lítið bæri á. Það var víst ekki svo sjaldan aurað saman, til þess að koma mönnum til Ameríku, svo að þeir yrðu ekki til þyngsla hjer heima. Ætli þessar klóku sveitarstjórnir mundu ekki reyna að skussa mönnum yfir í næstu kauptún, ef þær hjeldu, að þeir væru að komast á vonarvöl?

Jeg skal nú ekki orðlengja frekar um þetta, en vil aðeins geta þess, að jeg varð hissa á, hvernig hv. allshn. skiftist um þetta frv. Hefði mjer þótt eðlilegra, að hv. 2. þm. Reykv. hefði verið einn með því, en hinir allir á móti. Jeg gæti alls ekki láð honum, þótt hann væri með þessu frv., sem fer fram á að grafa grundvöllinn undan því skipulagi, sem nú er á fátækramálunum, og býr í haginn fyrir þá, sem vilja gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Er það einmitt stefna hans og flokksbræðra hans.

Undir gamla skipulaginu er hver hreppur nokkurskonar vátryggingarfjelag. Þegar menn eru búnir að greiða iðgjald sitt þar í 10 ár, hafa þeir unnið sjer þar sveitfesti, þ. e. ellistyrk. En af þessu leiðir, að hver maður verður að hafa goldið iðgjöld í vissan tíma, þ. e. unnið sjer sveit. Væri þetta nú úr gildi numið, þá væri þar með búið að sópa burtu öllum skynsamlegum ástæðum fyrir því, hvers vegna þessi hreppur ætti að framfæra manninn fremur en einhver annar. Með því að halda skiftingunni, en afnema sveitfestitímann, er verið að samþykkja, að einn skuli fá iðgjöldin en annar borga tryggínguna. Er jeg á móti þess-

ari breytingu, því að jeg fæ ekki betur sjeð, en að hún leiði til þess, að gera verði alt landið að einu framfærsluhjeraði, og það vilja ekki aðrir en jafnaðarmenn og þeir, sem algerlega falla þeim í fang.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. A.-Sk. hjelt hjer stutta ræðu áðan. Álasaði hann mjer fyrir það, að það hefði legið í orðum mínum, að jeg áliti fátækraframfærið ekki sómasamlegt í Austur-Skaftafellssýslu og meðferð þurfalinganna þar ef til vill ekki sem besta. Þetta var nú alls ekki meining mín, en það getur vel verið, að jeg hafi komist klaufalega að orði. Jeg átti við það, að það gæti ekki talist sómasamlegt, að kostnaðarmunurinn við fátækraframfærsluna væri svona mikill milli hinna einstöku sveita. Jeg hefi einmitt heyrt, að Austur-Skaftafellssýsla fari mjög vel með sína þurfamenn, og fjekk jeg það staðfest með orðum hv. þm. A.-Sk. núna áðan, og hefi jeg enga ástæðu til að væna hann um, að hanni skýri þar ekki rjett frá. Auðvitað er það rjett, að sá kostnaður, sem góðgerðasamir einstaklingar bera vegna þurfalinganna, kemur ekki fram í skýrslu sveitarsjóðs um fátækrakostnaðinn, en jeg vil halda því fram, að slík góðgerðasemi eigi sjer ekki síður stað í kauptúnum en sveitum. Býst jeg við, að Austur-Skaftafellssýsla skeri sig ekki úr hvað það snertir.

Hv. þm. V.-Húnv. mintist á það, að framfærslukostnaður þeirra, sem af sveit þiggja, væri meiri hjer í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu en annarsstaðar á landinu. Hvernig þetta er hjá honum, skal jeg ekkert um segja, en til skamms tíma hefir sú regla verið hjer í Reykjavík, að styrkur þessi til þurfamanna hefir verið sem næst 1 kr. á mann á dag, til fæðis og annara útgjalda en húsnæðis og stundum fatnaðar. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje svo afskaplega hátt, að menn muni sækjast eftir því að komast á bæjarsjóð Reykjavíkur til þess að lifa á slíkum styrk.

Þá sagði þessi hv. þm., að svo framarlega, sem sú kenning okkar jafnaðarmanna yrði ofan á, að landið yrði gert alt að einu framfærsluhjeraði, þá myndi hver sveitarstjórn kosta kapps um, að fátækraframfærslan yrði sem mest hjá sjer. Jeg skil hreint og beint ekkert í, hvernig honum getur dottið í hug að væna sveitarstjórnirnar um slíkt, þegar landið er í einni samábyrgð um þessa hluti. Það væri alveg sama og ef þessi hv. þm., sem er kaupfjelagsstjóri fyrir kaupfjelagi, sem er í samábyrgð, reri að því öllum árum, að borga sem allra hæst laun til starfsfólks síns. (**HJ:** Þetta er ekkert sambærilegt). Hann væri í samábyrgð með öðrum fjelagsmönnum og hefði að því leyti sameiginlega hagsmuni við þá og fjelagið, en svo ætti hann hinsvegar eftir aðdróttunum hv. þm. V.-Húnv., að reyna að skara sem mest eld að köku þeirra, sem undir honum stæðu, á kostnað allra fjelagsmanna. Slíkt væri ekkert annað en „svindl", sem ætti að vera hegningarvert.

Sveitarstjórnirnar eiga að vera trúnaðarmenn allrar þjóðarinnar í þessum efnum, og engin hætta er á því, að þær mundu yfirleitt bregðast þessum trúnaði.

Verði tveggja ára sveitfestitíminn samþyktur, þá sje jeg ekki betur en

að það verði til þess að verðlauna þá staði, sem hægast eiga með að framfæra fátæklinga sína, og þá líka, sem verst fara með þá.

Þá hygg jeg líka, ef síðara ákvæði frv.greinarinnar verður samþykt óbreytt, að menn vinni sjer sveitfesti með 2ja ára dvöl, enda þótt þeir standi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk frá öðrum tímum, að röggsamari sveitarstjórnirnar að minsta kosti munu ekki telja eftir sjer að leggja þurfalingum sínum styrk þessi tvö ár, t. d. hingað til Reykjavíkur, svo lítið beri á, til þess að losna við þá.

Þá er það einnig auðsætt, eins og tekið hefir verið fram, að svo fremi sem frv. þetta verður samþykt, yrði það til þess að auka rifrildi og reiptog milli sveitarstjórnanna, svo það yrði miklu meira en nokkurn tíma hefir þekst áður, en jafnframt myndi það verða til þess að ýta undir þá kröfu, að vernda bæina fyrir innflutningi fólks annaðhvort með bygðarleyfi, eða þá að heimtað væri, eins og t. d. gert er í Ameríku, að menn hefðu einhverja ákveðna peningafúlgu í höndum, til þess að fá innflutningsleyfi. En slíkar ráðstafanir mundu verða mjög óheppilegar fyrir alla þá, sem þyrftu að bæta hag sinn með því að flytja á betri stað fyrir atvinnu þeirra og mundu ekki gagna sveitunum.

Jeg sje það í þingmálafundargerðum úr Árnessýslu, kjördæmi hv. flm. frv. þessa, að í sveitunum eru fyrir hans tilstilli samþyktar tillögur um tveggja ára sveitfestitíma, en í kauptúnunum, Eyrarbakka og Stokkseyri, eru einnig fyrir hans tilstilli samþyktar till. um það, að dvalarsveitin sje jafnframt framfærslusveit.

Væri nú gott að fá skýringu á því hjá hv. þm., hvernig á þessum tveimur höfðum stendur.

Einar Jónsson: Jeg hefi tekið eftir því undanfarna daga, þegar löngun til mikilla málalenginga hefir gripið hv. þdm., að flestir stólar deildarinnar hafa verið auðir, og hefir ræðumaðurinn því orðið að sætta sig við það, að tala yfir þeim í stað áheyrenda. Í þetta skifti verður það því mitt hlutskifti að ræða við tóma stólana.

Það sem hjer er deilt um er það, hvort rjett sje að stytta sveitfestitímann úr þeim fjórum árum, sem hann er nú, ofan í tvö ár eða jafnvel eitt. Jeg sem hreppsnefndaroddviti í minni sveit skal lýsa yfir því fyrir mitt leyti, að jeg get fúslega gengið inn á að stytta hann úr því, sem hann er nú, þótt jeg hinsvegar telji ekki rjettlátt að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði.

Þó sannanlegt sje með tölum, að mismunur á framfærslu þurfamanna sje mjög mikill í hinum ýmsu hjeruðum, verður að taka honum eins og hverjum öðrum mismun á afkomu manna vegna staðhátta og aðstöðumunar.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er sveitfestitími sá, sem er í núgildandi lögum, styttur úr tíu árum ofan í fjögur ár, og nú á að fara að stytta hann enn þá meir, jafnvel ofan í eitt eða tvö ár, og get jeg vel gengið inn á þá styttingu, en lengra vil jeg ekki fara. Get jeg því ekki gengið inn á það, að láta dvalarsveitina vera jafnframt framfærslusveit. og er það frekar vegna umhyggju fyrir almenn-

ingi en minu sveitarfjelagi einu út af fyrir sig, því að af slíkri breytingu myndu kaupstaðirnir fá að súpa beiskt seyði, þar sem fólkið streymir þangað, og þó að mörgum farnist þar vel, eru þeir þó margir, sem farnast miður.

Það var öldungis rjett hjá hv. 2. þm. Rang., að sveitirnar sakna unga fólksins, sem flýr til kaupstaðanna, og þær eru margar mæðurnar, sem sakna sárt dætra sinna, sem fara í kaupstaðina til þess að sópa þar gólf í fallegum stofum, fá frí til þess að fara á „Bíó" o. s. frv., í stað þess að vera heima og vinna að nytsamlegum störfum, þó að það taki vitanlega út yfir alt, þegar þær koma heim nær ósjálfbjarga og vinum horfnar, eins og oft á sjer stað.

Sumir hv. þm. hafa verið að hnýta að útsvarslögunum í þessu sambandi, en það virðist mjer alls ekki sanngjarnt, því að í þeim eru mörg ákvæði í mannúðaráttina, eins og t. d. það, að styrkur til fátæks fólks, sem komið er yfir 60 ára aldur, skuli ekki teljast sveitarstyrkur.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala lengra mál yfir þessum tómu stólum, en vil til frekari áherslu endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að jeg er hlyntur styttingu sveitfestitímans, en get þó ekki gengið svo langt, að gera dvalarsveit að framfærslusveit.

Sigurjón Á. Ólafsson: Margir hv. þm. hafa fundið ástæðu til að taka hjer til máls, hver fyrir sitt kjördæmi. Jeg fyrir mitt leyti finn þó enga ástæðu til þess að fara að tala fyrir kjördæmi mitt, og mun því tala um málið á öðrum grundvelli, sem sje fyrir hönd þeirra olnbogabarna þjóðarinnar, sem hjer hafa verið bitbein hv. þm. Gamalt máltæki segir: „Þraut er að vera þurfamaður", og eru mikil sannindi í því fólgin, því um það hefir lengi staðið togstreita, fyrst og fremst á milli fulltrúa þjóðarinnar, og ennfremur milli hinna ýmsu hjeraðsstjórna, hverjir eigi að sjá þeim fyrir lífeyri. Aðallega hefir þó togstreitan verið háð á milli sveitanna og þeirra, sem við sjávarsíðuna búa. Sama togstreitan virðist vera háð nú í þessum umræðum.

Hvað snertir frv. það, sem hjer er til umræðu, þá get jeg tekið undir með þeim, sem telja, að með því sje frekar stefnt til hins verra í þessum málum frá því, sem nú er. Að stytta sveitfestitímann, eins og þar er farið fram á, myndi leiða til þess, að skapa ennþá harðari sókn hjá fátækrastjórnunum um það, að koma af sjer þeim mönnum, sem líkindi eru fyrir, að þyrftu hjálpar af hinu opinbera, en slíkt er alveg á móti þeirri stefnu, sem nú virðist vera að aukast fylgi, að sveitarflutningar hverfi með öllu, því að á undanförnum árum hefir mjög verið reynt að draga úr því, að fólk væri flutt fátækraflutningi, en öll ákvæði, sem leyfa slíkan flutning, þyrftu þó að hverfa úr fátækralöggjöfinni til þess að hún gæti talist mannúðleg. En það er síst í þá átt, sem stefnt er með frv. þessu, þvert á móti er þeirri stefnu gefinn byr undir vængi, að hver hrindi af sjer. Og því til sönnunar vil jeg geta þess, að þegar sveitfestitíminn var styttur úr 10 árum niður í 4 ár, hafði það þau áhrif, að eftirlitið með því, að mjög fátækir menn ílentust ekki hjer í bæn-

um, sem framfærslusveit áttu annarsstaðar, var aukið að miklum mun. Um þetta er mjer vel kunnugt, frá því að vera fátækrafulltrúi í bænum í 5 ár.

Á síðasta þingi kom fram tillaga um að endurskoða þessa löggjöf, en náði ekki samþykki þingsins. En nú eru einstakir hv. þm. að koma fram með ýmsar káktillögur við hana, sem helst er ekki eyðandi tíma í að ræða.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi halda því fram, að með frv. þessu væri stefnt að því, að fallast á þá skoðun okkar jafnaðarmanna, að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði. Sú stefna á nú reyndar víðar ítök en í mínum flokki. En þar er jeg á annari skoðun. Jeg er viss um, að það myndi verka hið gagnstæða. Það myndi aðeins friða sveitirnar, því að þær myndu losna við framfærslu fátæklinga sinna, og bæirnir fá hana í þeirra stað. Það eru því engar líkur til þess, að fulltrúar sveitanna vildu ganga inn á nokkuð annað síðar í þessum málum. Fulltrúar sveitanna hafa fengið sitt fram og mundu ekki ganga inn á breytingar, er sköpuðu meiri jöfnuð milli landshluta, meira rjettlæti og meiri mannúð í garð þeirra, sem hjálparþurfar yrðu.

Þá hefir verið talað um flutning fólksins úr sveitunum í sambandi við þetta mál, en það hefir ekki verið athugað, að slík leið, sem hjer er um að ræða, myndi ómótmælanlega verða til þess að ýta undir fólksstrauminn til kaupstaðanna, sökum þess að fátækt fólk stendur yfirleitt með þá skoðun, að hægara sje að bjargast áfram í kaupstöðunum en í sveitinni; sjerstaklega mun þessi skoðun nokkuð almenn hjá ómagamönnum. Ennfremur lítur fólk svo á, að betra sje að þiggja hjálp t. d. hjer í Reykjavík en víða til sveita, líðanin verði betri. Hægara að losna við að þiggja, þegar börnin vaxa upp og vinnukraftur eykst. Flestar stoðir renna undir það, að sá, sem er hjálparþurfi, vilji heldur búa í kaupstað en í sveit. Barnamennirnir mundu því engu síður flýja úr sveitunum ef um stuttan sveitfestitíma er að ræða, í von um að geta unnið sjer sveit í kaupstað. En hvað missa sveitirnar þar við? Alla uppvaxandi kynslóðina, er flyst með foreldrinu. Kaupstaðirnir mundu aftur á móti vaka yfir þessum aðfluttu mönnum eins og örn yfir hræi, ef hægt væri að losna við þá áður en þeir yrðu sveitfastir. Slíkt og þvílíkt er að búa til nýjan ófrið í þessum málum.

Hv. þm. V.-Húnv. var að lýsa því, að í sinni sveit væri ljett undir með fátækraframfærslunni með því, að ýmsir efnaðri bændurnir tækju til uppfósturs börn fátæklinganna. Þetta veit jeg að er satt og á sjer víðar stað en í kjördæmi hans. Í sumum hjeruðum á það sjer líka stað, að beinlínis er skotið saman fje til þess að koma fótunum undir fátæklingana, svo að ekki þurfi að sundra heimilum þeirra, og þeir geti haldið áfram að búa sem sjálfstæðir menn. Slíkt ættu sem flest hjeruð að gera, því að það er mannúðlegt, og getur borið tilætlaðan árangur. En hitt er ekki göfug aðferð, og síst til þess fallin að hæla sjer af, að rífa börnin frá foreldrum sínum og senda þau út og austur til ókunnugs fólks. Það er að troða móðurrjettindin undir fótunum, sem engum siðuðum manni er sæmandi.

Þá var þessi sami hv. þm. að tala um það, hve vel og göfugmannlega væri farið með þá fátæklinga, sem styrk þiggja af opinberu fje. Og hv. þm. virtist alveg sjá ofsjónum yfir því. Slíkan hugsunarhátt sem þennan get jeg ekki þolað, og það hjá þjóðarfulltrúa á Alþingi, lítilmenskan er svo óþolandi mikil, sem lýsir sjer í honum. Annars held jeg að þessi hv. þjóðarfulltrúi megi vera rólegur yfir því, að ekki sje, eða hafi verið, látið of mikið í askana hjá þessum olbogabörnum, hvorki hjer í Reykjavík eða annarstaðar. En það er aldrei nema rjett, að fátækraframfærslan hefir verið dýrari hjer syðra en alment í sveitum út um land, og hefir hv. samþingismaður minn, 2. þm. Reykv. (HV), tekið rjettilega fram, af hverju sá munur stafi. Sömuleiðis gaf hann upplýsingar um það, hve miklu hafi verið úthlutað hjer til þurfamanna á dag að undanförnu, og nú hefir sá skamtur verið minkaður, svo að jeg býst ekki við, að nokkur maður með rjettlætistilfinningu geti talið hann of mikinn.

Hv. 1. þm. Rang. hefi jeg ekki miklu að svara. Hann talaði af miklum skilningi og mikilli samúð um kjör sveitakvennanna. Slíkt er tilfinningamál fyrir mjer eins og honum, og þá ekki síður kjör mæðranna, sem búa í kjallaraholunum hjer. Jeg býst ekki við, að þeirra hlutskifti sje betra en systra þeirra í sveitinni. Þær verða að sleppa börnum sínum strax og þau eru orðin sjálfbjarga, út á óhreina götuna, sem ekkert hefir annað að bjóða en ryk og óþrifnað, andlegan og líkamlegan. Þegar börnin geta unnið fyrir sjer, eru þau á bak og burt. Konan er þræll heimilisins frá morgni til kvölds, vantandi öll lífsþægindi, ekki svo mikið að hún fái að njóta náttúrunnar, sem konan í sveitinni getur þó veitt sjer. Er því nokkur munur á kjörum þeirra, að þessu leyti, og hinna, sem í sveitum búa, og geta lofað börnum sínum út á grænar grundirnar, út í ferskt fjallaloftið. Jeg segi ekki með þessu, að kjör sveitakonunnar sje eftirsóknarverð, en þau eru síst lakari en þeirra, er við fátækt búa í kaupstað.

Hv. 1. þm. N.-M. er einn af þeim fáu mönnum hjer í deildinni, sem lagt hafa sig í líma til þess að leggja gott til þessara mála, hefi jeg því ekki mikið til hans að segja. En ýms atriði í ræðu hans voru þess eðlis, að jeg get ekki verið honum sammála. Reynslan hefir orðið sú hjer í Reykjavík, að þrátt fyrir góðæri hækka framlög til þurfalinga ár frá ári, og margfaldast auðvitað í vondu árunum. Það er því ekki rjett, að framlög til þurfalinga hjer standi í sambandi við það, sem hv. þm. lýsti.

Það er rjett, eins og komið hefir fram hjer í umræðunum, að það er skipulagið, sem á sök á þessu. En skoðun okkar jafnaðarmanna á þessu máli er sú, að ef komið yrði á almennum tryggingum, myndu þurfalingaframlögin hverfa að mestu eða öllu leyti, en fyr ekki.

Hér í Reykjavík er atvinnuleysi tíðasta orsökin til þess, að menn verða að leita á náðir hins opinbera. Aðrar tvær algengustu orsakirnar eru veikindi eða barnafjöldi. Þetta eru höfuðorsakirnar. Og jeg get ekki betur sjeð en að þjóðfjelagið verði að finna nýjar leiðir til þess að gera þessum mönn-

um lifið ljettbærara. En þá leiðina tel jeg fráleitasta, að skella byrðum einstakra landshluta yfir á aðra, eða láta kaupstaðina bera þær byrðar, er sveitirnar eiga að bera að sínum hluta. Það ber brýna nauðsyn til að endurskoða alla fátækralöggjöfina nákvæmlega, og fari svo, að frv. á þskj. 67 verði felt, býst jeg við, að við jafnaðarmenn komum fram með kröfu um ítarlega endurskoðun fátækralaganna, er lokið sje fyrir næsta þing.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 19. mars, var fram haldið 2. umr. (A. 28, n. 80 og 93, 84).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 84 feld með 15: 3 atkv.

1. gr. samþ. með 17: 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JS, JörB, MG, MT, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÁÁ, HG, JJós, JAJ, JÓl, MJ, PO.

Fjórir þm. (HV, LH, ÓTh, SÁÓ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16: 2 atkv.

Á 28. og 30. fundi í Nd., 21. og 23. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 26. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 28, 176).

Hannes Jónsson: Í samræmi við ummæli mín við 2. umr. hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 176, sem felur í sjer, að ef maður, sem þegið hefir sveitarstyrk, flyst í annan hrepp og verður þar styrksþurfi, eftir að hafa unnið sjer þar framfærslusveit, þá verður sá styrkur óendurkræfur, ef efnahag styrkþega er svo háttað, að endurgreiðsla styrksins verði þess valdandi, að hann þurfi að leita sveitarhjálpar á ný. Skal það fara eftir áliti lögreglustjóra þess hrepps, þar sem hann er búsettur. Þegar sveitfestitíminn er styttur svo mjög sem gert er í frv., virðist mjer ákvæði sem þetta nauðsynlegt, svo að ekki sje hægt að eyðileggja sjálfsbjargarmöguleika manna, sem áður hafa þegið styrk, en bjargast síðar af eigin ramleik að mestu eða öllu leyti.

Jeg tel svo óþarft að fjölyrða um þetta frekar. Enda hygg jeg að hv. nefnd telji till. til bóta og muni mæla með henni.

Frsm. meiri hl. (Hákon Kristófersson): Fyrir hönd n. hefi jeg ekki annað segja, en að n. telur brtt. hv. þm. V.-Húnv. sanngjarna. Og þótt hún verði það máske ekki í garð einstakra hreppa, þá getur n., þegar litið er á hag heildarinnar, gengið inn á brtt. þessa. Vonast n. eftir, að hv. deild samþ. því bæði brtt. og frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Ef 43. gr. fátækralaganna er notuð eins og vera ætti, þá álít jeg brtt. þessa þýðingarlitla. Vil jeg þó ekki mæla móti því, að hún verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 176 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 222).

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Alþýðufræðsla á Ísafirði.

Á 5. fundi í Nd., 22. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði (þmfrv. A. 29).

Á 7. fundi í Nd., 25. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg ætla, að ekki þurfi að flytja langt mál til þess að skýra hv. þdm. frá því, hversu þýðingarmikið er, að leggja svo ríflega til alþýðufræðslunnar í landinu, að það komi að fullu haldi. Þingið hefir sýnt greinilega, að það viðurkennir, að þetta sje rjett og sjálfsagt. Það er vart hægt að verja fje ríkissjóðs betur á annan hátt en þann, að manna þjóðina og búa hvern einstakling hennar sem best undir lífsstörf sín. Þó verður ekki sagt, að Alþingi hafi í þessu efni gengið framar en vænta mátti. Jeg og aðrir þdm. hafa tekið eftir því, þegar hæstv. fjmrh. (TrÞ) flutti fjárlagaræðu sína um daginn, að framlag ríkissjóðs til fræðslumálanna hefir lækkað hlutfallslega við önnur útgjöld ríkissjóðs og það að miklum mun, frá því að Ísland fyrst fjekk sjálfsforræði.

Á síðari árum hefir þó allmikið verið gert til þess að efla alþýðufræðsluna á ýmsum stöðum í landinu. Til hjeraðsskóla Þingeyjarsýslu hefir eftir atvikum verið lagt æði mikið fje. Þá var í sumar reist byrjun að skólanum að Laugarvatni, og í fyrra voru samþ. lög um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík. En það er undarlegt, að einmitt sá landshlutinn, sem til þessa hefir orðið mest útundan um alþýðufræðslu, Vestfirðingafjórðungur, hefir enga uppbót fengið í þessu efni á síðustu árum. Ísafjarðarkaupstaður hefir af eigin rammleik haldið uppi ungmennaskóla í 25 ár. Það hefir verið farið fram á, að sá skóli yrði gerður að gagnfræðaskóla, svipuðum gagnfræðaskóla Akureyrar til þessa, en því hefir ekki fengist framgengt. Ísafjarðarkaupstaður hefir haldið uppi skólanum, með mjög litlum styrk úr ríkissjóði, en samtímis því hefir ríkið haldið uppi dýrum Akureyrarskóla og mjög dýrum Austurlandsskóla, þegar tekið er tillit til nemendafjölda. Jeg get nefnt nokkrar tölur til samanburðar. Þær eru að vísu nokkuð gamlar,

frá árinu 1924—25, en þó hygg jeg, að þær sjeu enn mjög nærri sanni, í öllu falli sist of háar.

Til Akureyrarskólans hafa verið lagðar 504 krónur á hvern nemanda.

Til Eiðaskólans hafa verið lagðar 605 krónur á hvern nemanda.

Til Flensborgarskólans hafa verið lagðar 258 krónur á hvern nemanda.

Til Ísafjarðarskólans hafa verið lagðar 40 krónur á hvern nemanda.

Þetta er ekki alveg rjettur samanburður, af því að skólatíminn við Ísafjarðarskóla er lítið eitt styttri en við Akureyrarskóla, en sá sami og við Flensborgar- og Eiðaskóla. Rjettara er að bera saman, hvað styrkurinn hefir numið á nemanda, t. d. á viku. Þá verður útkoman þessi:

Við Akureyrarskóla ...	kr.	14,40
— Eiðaskóla	—	20,86
— Flensborgarskóla ..	—	9,92
— Ísafjarðarskóla	—	2,06

Menn skyldu ætla, að þar sem það er viðanlegt, að núverandi kenslumálaráðherra er sjerstakur áhugamaður um skólamál, og auk þess víðsýnn maður og glöggskygn á marga hluti, hefði hann þegar komið auga á það misrjetti, sem Vestfirðingafjórðungur hefir orðið fyrir í þessu máli. En jeg verð að harma það, að hæstv. ráðherra virðist ekki hafa sjeð þetta enn, því að í fjárlagafrv. stjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir, að bætt verði úr þessu misrjetti.

Til Akureyrarskólans var veitt árið 1928	kr.	53120
Til sama skóla árið 1929 ..	—	59300
Til Eiðaskólans var veitt árið 1928	—	22120
Til sama skóla árið 1929 ..	—	19000
Til Flensborgarskólans var veitt árið 1928	—	14000
Til sama skóla árið 1929 ..	—	16000
Til Ísafjarðarskólans var veitt árið 1928	—	4000
Til sama skóla árið 1929 ..	—	6000

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir 1930 er gert ráð fyrir 60 þús. kr. fjárveitingu til Akureyrarskóla og um 24 þús. kr. til Eiðaskóla. Ísafjarðarskóli virðist eiga að hafa óbreyttan styrk, svo og Flensborgarskóli.

Ísafjarðarskólinn fær því tæplega $\frac{1}{10}$ af því, sem Akureyrarskólinn fær, $\frac{1}{4}$ af því, sem Austurlandsskólinn fær og $\frac{3}{8}$ af því, sem Flensborgarskólinn fær. Sá skóli er þó undir handarjaðrinum á Reykjavík. Menn hljóta að sjá, að hjer er framið óafsakanlegt ranglæti og því meira, þegar þess er gætt, hve mikið Ísafjörður hefir sjálfur lagt af mörkum til þess að geta haldið uppi skólanum. Hafnfirðingar eða Gullbringu- og Kjósarsýsla leggja ekkert til Flensborgarskólans. Þrátt fyrir lítinn styrk hefir Ísafjarðarskólinn stækkað ár frá ári. Nú er hann í tveim deildum og nemendur eru um 60, og mundu áreiðanlega vera fleiri, ef húsrúm og fjárhagur leyfði. Kenslukraftar eru mjög góðir og skólinn nýtur hvarvetna hins besta álits.

Hæstv. kenslumálaráðherra hefir lagt fyrir þessa hv. d. frv. um hjeraðsskóla, og er ekki nema gott um það að segja. Þó að jeg hafi ekki kynt mjer til hlítar einstakar greinar þess, býst jeg við, að jeg verði því fylgjandi í aðalatriðum. En jeg verð að segja, að mig furðar það stórum, að hæstv. ráðherra skuli ekki enn hafa

sjeð hina brýnu nauðsyn Vestfirðingafjórðungs á bættri ungmennafræðslu.

Með lögunum í fyrra um ungmennaskóla í Reykjavík skildist mjer, að tekið væri upp skipulag, sem ætti að gilda í kaupstöðum landsins. Þar voru ákveðin framlög kaupstaðanna og ríkissjóðs til skólanna. Bæði í fyrra og hitt-ið-fyrra var borið fram frv. um gagnfræðaskóla á Ísafirði, en náði ekki fram að ganga. Hefi jeg því ekki ráðist í að flytja það enn, leggja það einu sinni enn undir hnífinn hjer í hv. deild. Frv., sem jeg nú flyt, er að mestu sniðið eftir lögunum um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík, þó með þeim mun, að í frv. er gert ráð fyrir þremur deildum, en ekki tveimur. Reynslan sýnir, að það er óumflýjanlegt. Afleiðingin er sú, að það þurfa að vera þrír fastir kennarar, í stað tveggja hjer. Námsgreinar eru hinar sömu og kendar eru í ungmennaskólanum hjer, auk alþjóðamálsins esperantó, sem sjálfsagt er að taka upp, — jeg vil segja við alla alþýðuskóla á landinu.

En eitt er dálitið nýmæli við þetta frv. Það er, að í sambandi við skólann sje rekinn kvöldskóli. Þeim kvöldskóla eru ætluð þrenns konar verkefni. Í fyrsta lagi að veita fræðslu þeim mönnum, sem gjarnan vilja afla sjer almennrar fræðslu, án þess að fella niður atvinnu sína og stunda reglulega skólagöngu. Í öðru lagi að veita þá fræðslu, sem samkvæmt lögum um iðnir og iðnnám er gert ráð fyrir að láta iðnnemum í tje. Kvöldskólinn kæmi þá í stað iðnaðarmannaskóla á Ísafirði.

Í þriðja lagi er það, að þeir, sem hafa lokið burtfararprófi frá þessum skóla, geti með aðstoð kennara búið sig undir aðra skóla, t. d. próf undir efri deild Mentaskólans, eða einstaka bekki hans, ef opnir verða, og aðra slíka skóla.

Jeg ætla, að menn greini ekki á um það, að þetta væri til mikilla bóta, ef hægt væri að koma því við í sambandi við sem flesta alþýðuskóla. Þar, sem kennaraval er gott, er enginn vandi að koma þessu saman, að nota sömu kenslukrafta í báðum deildum.

Ein örlítil breyting er enn: Gert er ráð fyrir, að skólanefnd Ísafjarðar, sem til þessa hefir stýrt málum ungmennaskólans þar, verði skólanefnd fyrir þennan væntanlega skóla, en ekki sje kosin sjerstök skólanefnd fyrir hann. Loks er þess að geta, að ekki er gert ráð fyrir, að nemendur búsettir í Ísafjarðarkaupstað greiði skólagjöld, en þau sjeu hinsvegar heimt af nemendum úr þeim hjeruðum, sem engan styrk leggja til skólans. Ísafjörður greiðir með framlaginu fyrir sína nemendur, skólagjöld utanbæjarnemenda koma þar á móti.

Jeg ætla, að jeg þurfi ekki að flytja lengra mál fyrir þessu frv. Það er nokkurn veginn ljóst, hvað hjer er um að ræða. En mjer væri þökk í því, ef hv. þdm. vildu gera sjer það ljóst, að ef menn virkilega hafa trú á því, að gagnlegt sje að veita alþýðunni fræðslu í skólum, svipuðum og þessum, og ef menn viðurkenna þá skyldu þess opinbera að leggja fram fje til slíkra stofnana, þá verða hv. þm. líka að viðurkenna, að það verður að vera samræmi í þessum fjárframlögum. Það er ekki rjett að styrkja einn landshluta tíu sinnum meira en annan ár eftir ár, og bera þannig rjett sumra

landshluta fyrir borð, til þess að hefja rjett annara.

Jeg legg svo til, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. mentmn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla ekki að þessu sinni að víkja nema stuttlega að þessu frv. Jeg játa með hv. flm., að skólinn á Ísafirði er minna styrktur af landsfje heldur en aðrir samskonar skólar. Jeg hefi látið gera yfirlit yfir það, eins og jeg mintist á, þegar jeg talaði um hjeraðsskólana, hvað skólar landsins kostuðu yfirleitt, og Ísafjarðarskólinn er af öllum sambærilegum skólum langódýrastur fyrir landið. Kvennaskólinn fær þrefalt meira, og sumir meira en það.

En þótt jeg játi þetta með hv. flm., þá er jeg ekki alveg viss um, að þetta mál sje eins einfalt eins og fyrir honum vakir. Því er nefnilega þannig varið um ungmennaskóla í sveit með heimavist, sem við töluðum um á laugardaginn, að um þá er komin miklu lengri reynsla heldur en þá nýju og þó nauðsynlegu ungmennaskóla í kaupstöðum. Aðstaðan er að ýmsu leyti svo ólík, að ekki er vel heppilegt að hafa sömu heildarlög fyrir hvoratveggja. En jeg hefi gert ráð fyrir, að ef frv. um ungmennaskóla, sem við nýlega ræddum, næði fram að ganga í vetur, og kæmist fast skipulag á þá sveitaskóla, sem nú eru til, þá sje næsta sporið að freista þess á þingi 1930 að gera sams konar heildarlög fyrir skóla í kaupstöðum. Og jeg hefi nú þegar að mínu leyti hafið undirbúning í því skyni. Vandinn er þar öllu meiri, — ekki um fjárhagshliðina, því að hún virðist nokkuð ljós, — heldur hvernig þeirri gagnfræðslu eigi að vera nánar fyrir komið, sem sjerstaklega er heppileg fyrir þá, sem ekki fara í aðra skóla á eftir, eins og er um meginþorra af mönnum. Jeg hugsa mjer þá, að þegar gerð verða heildarlög um skóla í kaupstöðum, þá komi alþýðuskólinn nýi í Reykjavík, Flensborg, Ísafjarðarskólinn og neðsta deild skólans á Akureyri undir sömu lög, og væntanlegur skóli Austfjarða í einhverjum af kaupstöðunum þar, og í Vestmannaeyjum.

Þetta eru þær litlu upplýsingar um afstöðu mína til þessa máls nú, að jeg álít ágætt, að þetta komi fram og sje rætt. En jeg er að sjálfsögðu mótfallinn því, að frv. í þessa átt verði samþ. nú í vetur.

Jón A. Jónsson: Jeg er sammála hv. flm. um það, að Vestfirðir hafi orðið mjög út undan í fræðslumálunum. Það litla, sem ríkissjóður hefir lagt af mörkum til skólanna þar, er meira til að sýnast heldur en til nokkurs verulegs gagns. Frv., sem liggur fyrir, virðist samt sem áður aðeins bráðabirgðafyrirkomulag og ljetta að einhverju leyti kostnað við kenslu ungmenna í Ísafjarðarkaupstað. En sem framtíðarskipulag get jeg ekki sjeð að þetta dugi.

Eins og hv. flm. gat um, þá hefir verið — og er enn — álit Ísfirðinga, að þeir þurfi að fá gagnfræðaskóla, sem fyrst og fremst veiti unglingum almenna fræðslu, en jafnframt og ekki síður ljetta undir með ungum námsmönnum að ganga mentaveginn. Og til þess er aðeins ein leið, að hafa gagnfræðaskóla, þar sem menn geta notið undirbúningskenslu undir 4. bekk hjer.

Með tilliti til þess, hvað Ísafjarðarkaupstaður og Vestfirðir leggja af mörkum til ríkissjóðs, þá held jeg, að ekki sje farið fram á of mikið, þótt gagnfræðaskóli yrði settur á stofn með heimavist. Mjer er það vel kunnugt, líka af eigin reynd, að það er næsta erfitt fyrir efnalitla menn að koma börnum sínum til mentunar alt að stúdentsprófi. Það má heita svo, að það sje ofvaxið allflestum bændum og öðrum efnalitlum mönnum, meðan svo er ástatt sem nú er.

Eins og menn vita, hafa Norðlendingar um langt skeið haft alt aðra aðstöðu, þar sem er Gagnfræðaskólinn á Akureyri með heimavist. Það er líka venjulega ljettara að kosta krakka sína til náms innan hjeraðs heldur en utan, enda þótt utan heimilis sje. Og það mundi verða Ísfirðingum margfalt ódýrara og Vestfirðingum í heild, ef heimavistarskóli væri á Ísafirði, heldur en senda börn sín til Akureyrar, enda þótt skólinn þar sje ódýr. En eins og menn vita, hefir á síðustu árum verið mjög takmarkað rúm hjá gagnfræðadeildinni á Akureyri. Mjer er kunnugt um, að fleiri en einn og fleiri en tveir unglingar af Vestfjörðum — Ísafjarðarsýslu — hafa reynt að fá þar upptöku, en var synjað af þeim orsökum. Það er öldungis víst, að margir vel gefnir og námfúsir unglingar fátækra manna á Vestfjörðum verða beinlínis að fara á mis við mentun af þessari ástæðu, að ekki er til gagnfræðaskóli á Ísafirði.

Nú fyrir tveimur dögum fjekk jeg áskorun um það úr tveimur hreppum sýslunnar að flytja það frv., sem flutt hefir verið á undanförnum þingum af fyrv. þm. Ísaf. Og jeg býst við að verða við þeim tilmælum, því að sannast að segja er hjer sú nauðsyn á ferð, sem verður að bæta úr að einhverju leyti. Hins vegar verður það að viðurkennast, að íbúar Ísafjarðarkaupstaðar eiga gott skilið. Þeir hafa sýnt mikinn dugnað og áhuga í fræðslumálum og goldið mikið framlag til síns ungmennaskóla í kaupstaðnum. Ekki er því að neita, að mörg ungmenni innan sýslunnar hafa notið þar hinnar bestu fræðslu. Sá skóli hefir fengið það orð á sig, að vera einhver fremsti og besti ungmennaskóli landsins. En hann fullnægir ekki Ísafjarðarkaupstað, og því síður sýslunum í kring. Einkum er það, að það er næstum ókleift allflestum mönnum að kosta krakka sína á Ísafirði, vegna þess að heimavist vantar við þennan skóla.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Mjer þótti gott að heyra hjá hæstv. dómsmrh. að hann hefði í undirbúningi frv. til heildarlaga um alþýðlega skóla í kaupstöðum landsins. Náttúrlega get jeg ekki sagt, hvernig jeg felli mig við það frv., þegar það kemur fram; en það, að hann lýsir yfir þessu, sýnir, að hann hefir hugleitt málið og sjer þörfina og vill reyna að bæta úr henni.

En jeg get síður þakkað hæstv. ráðh. fyrir það, sem hann lagði til þessa frv. Hann taldi gott, að frv. kæmi fram, en á engan hátt nauðsynlegt að samþ. það. Jeg held það bæti lítið fyrir alþýðufræðslu á Ísafirði og Vestanlands, þótt við hjer í hv. deild spjöllum um frv. þetta og mentamálan. líka. Það eitt er til verulegra bóta, að gera ráðstafanir til að koma skóla, svipuðum og hjer um ræðir, á stofn á Ísa-

firði sem fyrst. Jeg vil því vona, að þótt hæstv. kenslumálaráðherra sjái ekki nauðsyn þess að samþ. þetta frv. nú, þá sjái hv. þdm. betur.

Hv. þm. N.-Ísf. ljet þess getið, skildist mjer, að hann myndi flytja frv. um gagnfræðaskóla á Ísafirði, svipað því, sem jeg bar hjer fram í fyrra og fyrv. þm. Ísaf. á næsta þingi þar áður. Jeg get ekki neitað því, að þetta kom flatt upp á mig. Jeg hafði ekki búist við, að þessi hv. þm. sæi nú, einmitt um leið og fram er borið frv. um það, að koma upp þriggja bekkja alþýðuskóla á Ísafirði, — endilega svo mikla og brýna nauðsyn á að koma þar upp líka gagnfræðaskóla, þ. e. a. s. öðrum skóla, sem kenni nákvæmlega þau sömu fræði og gert er ráð fyrir að skóli sá, sem gert er ráð fyrir í frv. mínu, kenni. — Mjer þykir þessi óheppilegi, liggur mjer við að segja, skólaáhugi hv. þm. ákaflega einkennilegur.

Jeg er heldur ekki viss um það, að ef hugsað er um hjeraðsskóla, sem sjerstaklega kæmi að haldi fyrir Ísafjarðardjúp, og yfirleitt kjördæmi hv. þm. N.-Ísf., að menn óski eftir því sjerstaklega, að skóli sá yrði bygður á Ísafirði. Heyrt hefi jeg raddir um það, að ef Inndjúpið fengi sinn skóla, þá kysu menn að hafa hann á Reykjanesi, þar sem jarðhiti er og skólastaður ágætur. En sá skóli mundi ekki verða til bóta fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Að vestanverðu við Ísafjarðarkaupstað er til gamall ungmennaskóli, á Núpi, og jeg geri ráð fyrir, að hann verði ekki lagður niður, þó að lög verði samin um alþýðufræðslu á Ísafirði. Eftir frv., sem jeg flyt, yrðu kennar í skólanum á Ísafirði nákvæmlega sömu fræðigreinar eins og nú eru kendar í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, og námstíminn er hinn sami, þannig að nemendur ættu að bera úr býtum svipaða fræðslu. Próf mundi samsvara því, sem nú er kallað gagnfræðapróf. Jeg get því ekki varist undrun, er þessi hv. þm. lýsir yfir, að hann ætli samtímis að bera fram frv. um annan gagnfræðaskóla við hliðina. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta nú. Býst við, að frv. okkar beggja, ef hann gerir alvöru af þessu, fari til hv. mentmn., og hún geri sínar till. og athugasemdir í sambandi við þau.

Jón A. Jónsson: Hv. flm. undraðist að jeg myndi bera fram frv. það., sem jeg hjer lýsti, um gagnfræðaskóla á Ísafirði. Því að eftir hans áliti er þessi ungmennaskóli, sem hann fer fram á, nákvæmlega það sama og gagnfræðaskóli. En sá mikli munur er á hans frv., að ekki er gert ráð fyrir neinni heimavist í skólanum. Svo að jeg býst ekki við, að þetta mundi á neinn hátt ljetta undir með fátækum ungmennum utan kaupstaðarins. Það er alveg rjett, sem hann tók fram, að margir hefðu hug á því í Norður-Ísafjarðarsýslu að stofna ungmennaskóla á Reykjanesi. Og sennilega munu renna þar undir fleiri stoðir, þegar fram líða stundir. En það er ekki ætlast til, að í slíkum skóla sje stundað sams konar nám og unglingar þurfa til undirbúnings undir hinn almenna mentaskóla. Enda er með frv., sem fram er lagt fyrir hv. deild af hæstv. kenslumálaráðherra, mörkuð afstaða hjeraðsskólanna greinilega.

Jeg held það verði kostnaðarminst og hagfeldast, að gagnfræðaskóli verði stofnaður á Ísafirði, sem ungmenni úr nálægum sýslum og hjeruðum geti sótt þá fræði til, sem þeir þurfa til undirbúnings æðri mentunar. Þá er Ísafjarðarkaupstaður mun betur settur, ef upp kemur fullkominn gagnfræðaskóli með heimavist, eins og jeg mun fara fram á. Þá eru tvær flugur slegnar í einu höggi, styrkt ungmenni úr sýslunni til þess að fá undirbúning undir alment mentanám, og um leið sjeð fyrir góðri ungmennafræðslu á Ísafirði.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Mjer þykir ákaflega leitt, að tvö frv. skuli vera komin fram í sömu deildinni um þetta efni. Ef það er aðallega heimavistin, sem vakir fyrir hv. þm. N.-Ísf., þá skilst mjer, að hægt sje að koma með brtt. við frv. mitt í þá átt, að fje verði lagt fram, þegar til byggingar kemur, með því skilyrði, að bygð verði heimavist við skólann. En í frv. mínu er gert ráð fyrir sömu hlutföllum og við aðra skóla á landinu. Um leið og skólanum yrði sjeð fyrir húsnæði, yrði að sjálfsögðu athugað, hvort ekki mætti hafa heimavist fyrir utanbæjarnemendur í sambandi við skólann. Sýnist mjer það æskilegt í alla staði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var útbýtt nál. frá mentmn. á þskj. 407, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Dómur í vinnudeilum.

Á 5. fundi í Nd., 22. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um dóm í vinnudeilum (þmfrv. A. 33).

Á 7., 8. og 13. fundi í Nd., 25. og 26. febrúar og 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi, 5. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Þeir atburðir, sem hjer hafa gerst síðan á áramótum, að togaraflotinn hefir legið aðgerðalaus inni á höfnum vegna ósamkomulags þeirra tveggja aðilja, sem að þeim málum standa, og stórtjón það, sem af hefir hlotist, hefir hrundið frv. þessu af stað, Flm. hafa ekki talið þörf langrar grg. með frv. þessu, þar sem telja má víst, að hver hugsandi maður hafi myndað sjer rökfasta skoðun um það þjóðarmein, sem er á ferðinni, þegar stórvirkustu framleiðslutækin eru stöðvuð með kaupdeilum. Og síðustu dagana sýndi það sig, að slík kaupdeila getur átt sjer stað, ekki einungis af hálfu þeirra manna, sem lægri launin hafa, heldur kom það einnig fram áður en flotinn lagði úr höfn, sem öllum þótti ótrúlegast og flestum ofbauð, að þeir mennirnir, sem næst-hæst voru launaðir, hugðu að nota sjer tækifærið og sigla í kjölfar

hinna með mjög svo ósanngjörnum launakröfum, þegar þeir hjeldu, að útgerðarmenn mundu verða að neyðast til að ganga að hverju sem væri.

Vjer Íslendingar erum nú að vísu, frá allra fyrstu tímum, orðnir vanir því að verða að mæta ýmsum áföllum frá náttúrunnar hendi. Eru þær plágur öllum kunnar, og þarf eigi að lýsa þeim hjer. En þess ber að gæta, að löggjöfin hefir gert sitt til að draga úr eða afstýra afleiðingum þeirra. En svo eru líka til aðrar þjóðarplágur, sem hvorki stafa frá ísum, eldgosum eða öðrum náttúruviðburðum. Og hjer er um eina slíka plágu að ræða. Á síðustu árum hefir löggjöfin líka komið auga á þetta, og talið sjer skylt að bæta úr. Og fyrsta sporið, sem stigið hefir verið til þess, eru lögin um sáttatilraunir í kaupdeilumálum, sem sett voru á Alþ. 1925. —

Jeg get gert ráð fyrir því, að fáir hafi gert sjer fulla grein þess, hver fjárhagsvoði fylgir verkföllum sem því, er hjer er á ferðinni, og hversu miklum tekjumissi allir þeir, er að einhverju leyti vinna við togaraflotann, bæði á sjó og landi, urðu fyrir í síðasta verkfalli. Til þess nú að geta gert mjer nokkra grein fyrir þessu, hefi jeg athugað hvað flotinn greiðir í kaupgjald, og er þá öllum öðrum gjaldliðum slept, sem flotinn greiðir, t. d. opinberum gjöldum og öðrum slíkum greiðslum, sem eru þó bæði margar og margvíslegar. Hefi jeg því aðeins talið kaupgjald það, sem togaraflotinn hefir greitt undanfarin ár, bæði á sjó og landi, við verkun og meðferð afla, netagerð o. fl., sem þessir forhötuðu menn, útgerðarmennirnir, gjalda. — Eftir rannsókn á árunum 1927—1928 greiddi togaraflotinn í kaupgjald um 1 miljón kr. á mánuði, miðað við 10 mánaða úthald á ári. En nú má gæta þess, að þá mánuði, sem fiskað er í salt, er nálega helmingi hærri upphæð greidd í vinnulaun heldur en þá mánuði, sem fiskað er í ís. Er því ekki of hátt áætlað, þótt gert sje ráð fyrir því, að á þeim tíma, sem hjer um ræðir, sjeu greidd 12—13 hundruð þúsund kr. í vinnulaun á mánuði, og að á þessum tveimur mánuðum hafi því allir starfsmenn við togaraflotann tapað í vinnulaunum nokkuð á 3. milj. kr.

Þessir menn, sem fá kaup sitt frá flotanum, hafa því orðið að taka lífsframfæri sitt annarstaðar þennan tíma; í besta tilfelli eyða því, sem þeir höfðu sparað saman, eða þá að skulda fyrir því — eða svelta, fyrir þessar ráðstafanir. —

Eins og jeg gat um áðan, þá hefir löggjafarvaldið sjeð þörfina á því að taka þetta mál í sínar hendur. Og það má óhætt fullyrða, að lögin um sáttasemjara frá 1925, hafi komið miklu góðu til leiðar. Nægir að benda á samningana, sem voru gerðir á árinu 1925 og runnu út um síðustu áramót. Þeir sköpuðu fullkomna ró um þessa atvinnu þann tíma, er þeir giltu. — Flm. þessa frv. þykjast þó vissir um, að þau lög myndu reynast enn betur og koma að meira gagni, ef báðir aðiljar ættu von á endanlegri dómsúrlausn, að enduðum margítrekuðum sáttatilraunum. Og til skýringar þeirri skoðun okkar flm. vil jeg minna nokkuð á, hvernig þessir kaupsamningar hafa gengið til.

Það er reglan, þegar samningar hefjast, að báðir aðiljar stilla kröfum

sínum svo fjarri hófi, að ekki má annað sjá, en að fyrirbygt sje, þegar frá upphafi, að nokkurt samkomulag geti náðst. Þetta getur maður sagt, að eigi sjer stað frá báðum hliðum. Nú er það þegar í upphafi sýnt, að ef nokkurt samkomulag á að nást, þá verða báðir aðiljar að slaka til, enda munu þeir báðir gera ráð fyrir því frá upphafi. Og þessi tilslökun verður að vera æðimikil frá fjarstæðum þeim, sem fyrst voru nefndar. En alt kostar þetta mikið karp og tíma, þótt saman dragi á endanum. Ef til væri, áður en vinnudeilan byrjar, endanleg dómsúrlausn óhlutdrægra manna um sanngjarnt kaup, þá væri þó fenginn grundvöllur, sem lægi nær hinum sanna heldur en öfgar þær, sem nú er byrjað á að tala um. Þá væru heldur ekki samningatilraunirnar vonlausar frá upphafi, eins og heita má, að þær sjeu nú. Og það er trú okkar flm., að lög sem þetta frv., myndi verða til þess, að samkomulag fengist áður en til dóms þyrfti að draga. Þetta, ásamt l. frá 1925, myndi því í flestum tilfellum koma í veg fyrir langvarandi vinnudeilur og vinnustöðvun.

Með frv. þessu er nú ekki um neina áður óþekta nýjung í löggjöf að ræða. Í Noregi hefir verið um tíma löggjöf svipuð þessu frv. — Að vísu eru þau lög sett til bráðabirgða og munu falla úr gildi í næstk. ágústmánuði, ef þau verða ekki framlengd. Lög þessi hafa gert þar mikið gagn, svo að ekki hefir að ráði komið til úrslita um vinnudeilur, heldur hefir náðst samkomulag með samningum, og sanngirni ríkt og vinnufriður skapast vegna laganna. Er nú farið að ræða þar um framlengingu þessara laga af hálfu beggja aðilja, og er hinn sanngjarnari hluti þeirra beggja með framlengingu laganna. —

Annars er fróðlegt að athuga hverjir mest eru á móti slíkum lögum sem þessum í Noregi, en það eru undantekningarlaust auðhringirnir annarsvegar en æstustu hlutar verkamanna hinsvegar, eða þeir menn, sem fyrir þeim ráða. En millistjettirnar, sem eru friðsamar, telja nauðsynlegt, að til sjeu lög, sem hamli móti þeirri kúgun og tjóni, sem af vinnudeilum leiðir. Sanngjörnu mennirnir sjá nauðsyn þessa máls, en öfgamennirnir til beggja hliða leggjast á móti, þar sem þeir sjá, að það vald, sem þeir hafa, og sem er hið eina vald, sem leiðir til kúgunar, er lamað með slíkum lögum. Það er því von, að þeim sje illa við þetta.

Hjer á Íslandi er nú ekki hægt að tala um neitt auðvald, nema þá í blöðunum. Og ekki er heldur hægt að segja, að hjer sje til nein svartnættis eymd eða volæði. Hvorugt er til nema í æsingagreinum blaðanna. Hjer er mest um bjargálnamenn í hverri stjett eða grein þjóðfjelagsins sem er. Slíkri þjóð ætti því að vera þau lög kærkomin, sem fyrirbyggja þá allsherjar bölvun fyrir land og lýð, sem vinnudeilurnar hafa í för með sjer.

Því hefir verið opinberlega hreyft, gegn frv. þessu, að það tæki ákvörðunarrjettinn af þeim aðiljum, sem að þessum málum standa, og væri þess vegna kúgun. En jeg verð nú að segja það, að jeg veit ekki meiri kúgunarrjett en þann, sem þessir aðiljar taka sjer, og sem myndast hefir og beitt

er við verkföllin. Þar ræður hvað lítill meiri hluti sem er, því þótt nær helmingur vilji vinna, þá fá þeir það ekki. Það má taka það dæmi, að ef 200 manns vilja vinna, en 201 ekki, þá eru þessir 200 menn kúgaðir af þessu 1 atkv. meiri hl. til þess að ganga með hendur í vösum og leggja sig og sína undir þá bölvun og tjón, sem af því leiðir, að fá ekki að vinna, þótt þörf og hugur heimti.

Jeg þekki ekki meiri harðstjórn en þá, sem hjer tíðkast, að jafnan sje hægt að kúga minni hl., hversu lítill, sem meiri hl. er.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar frv. að þessu sinni. Þó vil jeg fara nokkrum orðum um 4 gr. frv., því verið gæti, að sú grein orkaði mest tvímælis.

Það sem við flm. höfðum aðallega fyrir augum við samningu þeirrar greinar, var það, að tryggja vinnudómi nægilega ró og festu. Samkvæmt því, sem við flm. leggjum þar til, álítum við, að dómurinn geti starfað í næði.

Mjer hefir verið sagt af merkum manni, sem oft hefir verið tilnefndur sem oddamaður í gerðardómum, að það sje næstum útilokað að starfa eða koma nokkru fram, þar sem tveir aðiljar fá sífelt að þrátta og rífast. Þessvegna höfum við flm. álitið, að þrír menn af þeim, sem dóminn skipa, yrðu fyrst og fremst að vera óvilhallir í deilunum. Við höfum í fyrsta lagi gert ráð fyrir, að hjeraðsdómarinn í hverju hjeraði yrði dómstjóri eða oddamaður dómsins. Það er álit okkar, að enginn maður hafi aðstöðu til að þekkja betur hag almennings í sínu hjeraði en hann. Til þess að sjá honum fyrir rólegri aðstoð, viljum við láta Hæstarjett skipa 2 menn í dóminn og 2 til vara. Teljum við, að þá sje sæmilega sjeð fyrir ró í dóminum og öðru, sem ætla má að komi honum að mestu liði. En svo má deila um, hvernig eigi að skipa þá tvo menn, sem auk þeirra eiga sæti í dóminum. Jeg get sagt það fyrir hönd okkar flm., að fyrir okkur er það ekkert aðalatriði, hver útnefnir þá, hvort deiluaðiljar gera það eða dómstjórinn. En við teljum, að ruðning úr dóminum sje nauðsynleg, því að þaðan þarf að útiloka alla hávaðamenn beggja megin.

Í 8. grein er gert ráð fyrir, að hvor aðili megi skipa sjer talsmenn til sóknar og varnar, eins og við aðra rjetti.

Það hefir flogið fyrir, að hvorutveggju aðiljar muni efast um, og ekki alveg að ástæðulausu, að þeir fái rjettan og óhlutdrægan dóm. Samt hefi jeg hvergi orðið verulega var við þann ótta, nema hjá mönnum, sem eru að einhverju leyti riðnir við æsingar. Og af minni löngu reynslu og nánu þekkingu á einstaklingum þessarar þjóðar, dreg jeg þá ályktun, að ekki þurfi að óttast að órjettlæti verði beitt í þessum efnum. Og sjerstaklega tel jeg það alveg útilokað, að rjettur hinna smáu verði þar fyrir borð borinn. Við flm. erum þess fullvissir, að sú hætta er svo lítil, að ekki þarf að taka tillit til hennar í þessu máli. Fyrir okkur er það aðalatriðið, að við teljum, að þetta frv. hafi blessun vinnufriðarins í för með sjer.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. Jeg vænti þess, að hv. deild taki því vel, og legg til, að því verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er ekki ofmælt, að fá mál, sem komið hafa fram á síðari árum, hafa mætt eins mikilli andúð frá verkalýðnum eins og þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Nú drífa að Alþingi mótmæli víðsvegar af landinu, og þarf ekki að tala lengi við verkafólkið hjer í bænum, til að komast að raun um, hvern hug það ber til þessa máls og flutningsmanna þess. Það er líka skiljanlegt, þegar athugað er það þjóðskipulag, sem við höfum við að búa, það þjóðskipulag, sem grundvallast á eignarrjetti einstaklinga yfir framleiðslutækjunum og hinni svokölluðu frjálsu samkepni. Þessu þjóðskipulagi og því atvinnufyrirkomulagi, sem af því leiðir, hafa hinar ráðandi stjettir komið á á síðustu áratugum. Og þetta skipulag hefir klofið þjóðina í tvær stjettir: Atvinnurekendur og verkalýð, yfir og undirstjett. Þessi skifting kemur greinilegast fram í kaupstöðunum, þar eru andstæðurnar skarpastar; bændur eru bil beggja, því að þeir eru að sumu leyti atvinnurekendur og að öðru leyti verkamenn.

Hv. flm. (JÓl) sagði það, sem margir hafa áður haldið fram, að hjer á landi væri ekkert auðvald til. En það liggur þó í augum uppi, að það er eitthvert vald, sem ræður yfir þeim auði, er hjer hefir legið ónotaður í höfn undanfarinn mánuð; og það eru fáir menn, sem hafa þetta vald í sínum höndum, og hefir ráðið stöðvun flotans. Hinsvegar er verkalýðurinn, sem ekkert á nema hendur og höfuð. Hann á alla sína afkomu undir högg að sækja þeirra manna, sem atvinnutækjunum ráða. Í þessari baráttu á hann eitt vopn. Ef hann hefði ekki þetta vopn, væri auðvelt fyrir þá, sem ráðin hafa, að segja við verkamanninn: Þú færð ekki atvinnu hjá mjer, nema þú viljir vinna fyrir minstu laun, sem óhjákvæmileg eru til naumasta lífs í fátækt og basli, fyrir þig og heimili þitt, svo að börn þín erfi sömu aðstöðuna og þú hefir nú sjálfur, að minsta kosti ekki betri.

En það vill svo vel til eins og jeg tók fram áðan, að verkalýðurinn hefir í sínum höndum beitt vopn, og það er vopn samtakanna. Verkfallsmöguleikinn er þeirra bitrasta vopn og helgasti rjettur. Þetta er auðvaldinu ljóst, og þetta vopn óttast það mest af öllu. Það er óratími síðan verkfallsvopninu var fyrst beitt. Því var beitt í Rómaveldi hinu forna, þegar alþýðan, Plebejarnir, gengu á brott úr borginni og kváðust eigi mundu aftur snúa, nema að ráðin yrði bót á kjörum þeirra, sem og varð.

Þegar vinna er stöðvuð, geta þeir, sem ráða yfir atvinnutækjunum, ekki notað þau og engan hagnað haft af þeim. Þá kemur í ljós, að vinnan er sterkasti þáttur framleiðslunnar. Án hennar verður ekkert auðsafn. Án valdsins yfir vinnunni, eru hinir einstöku eigendur atvinnutækjanna, auðsins, máttlausir. Verkfallsvopninu er nú beitt um allan heim, þegar á liggur, og samtök verkalýðsins eflast ár frá ári út í löndum. Hvernig mundi þeim samtökum hafa farnast, ef þau hefðu vopnlaus orðið að berjast við ofurefli auðs og stjórnarvalda yfirstjettarinnar?

Það er ekki langt síðan verkalýðshreyfingin hófst hjer á landi, og þó hefir hún borið mikinn sýnilegan árangur. Það kemur glögt í ljós við at-

hugun, að því sterkari sem samtökin eru á hverjum stað á landinu, því betur líður verkafólkinu þar, en því veikari sem þau eru, því lægra kaup fá verkamennirnir og því ver er að þeim búið. Og hvernig notar verkalýðurinn þetta vopn. Hann segir: Við vinnum ekki nema launin, sem við fáum, sjeu lífvænleg. Verkalýðurinn notar ekki þetta vopn nema tilneyddur sem vörn á móti sultarhótun atvinnurekenda, en baráttan fyrir síbættum kjörum verkalýðsins verður ekki stöðvuð á miðri leið. Verkalýðurinn krefst þess, að börn alþýðunnar fái betri kjör en fullorðna fólkið fjekk. Ef kaupkröfurnar þykja of háar, þá segja atvinnurekendur: Við ráðum aðra til að vinna þessi störf fyrir lægra kaup. Gegn því segir verkalýðurinn: Við stöndum öll saman, við erum öll ein samtaka stjett. Eins og allir hljóta að sjá, þá eru samtök verkalýðsins því víðtækari sem þau eru það vopn í launabaráttunni, sem sigrar allar hindranir.

Hv. flm. var að tala um hið fjárhagslega tjón, sem leitt hefði af vinnustöðvuninni nú í sjómannadeilunum, einkum fyrir verkamenn, og vildi gera mikið úr því. Það skal játað, að æskilegt hefði verið að þurfa ekki að grípa til þess úrræðis, svo framarlega, að skipin hefðu getað gengið alt árið og atvinna verið viss. En þessi verkatöf er verkafólki yfirleitt lítils virði borið saman við þann hagnað, sem verkalýðurinn hefir af verkfallinu á ýmsan hátt. Það er líka alkunnugt, að verkamenn beita ekki þessu vopni nema þegar neyðin knýr þá til þess. En hitt veldur verkalýðnum langmestu tjóni, hvað þessi atvinnuvegur — togaraútgerðin — er rekinn skipulagslaust. Þegar togararnir eru stöðvaðir og látnir liggja í höfn mánuðum saman, af því að útgerðarmenn telja, að það svari ekki kostnaði að gera þá út, þá er það verkalýðurinn einn, sem tapar á því. Hvaða gagn gætu samtökin unnið verkalýðnum, ef ekki væri hægt með þeim að stofna til verkfalla? Jeg tel vafasamt, að þau gætu þá nokkuð áorkað til gagns. Sem pólitískur flokkur, stjórnmálasamtök, gætu þau að vísu haft talsverða þýðingu. En sem atvinnusamtök biðu fjelög verkamanna mjög alvarlegan hnekki, því að sterkasta vopn samtakanna er einmitt verkföllin. Þegar samtökin eru svo öflug, að atvinnurekendum stendur mikill stuggur af, hyggja að verkafólkið geti staðist í baráttunni við þá um arðinn af atvinnuveginum, eins og kom glögt í ljós hjer í bænum í síðustu kaupstreitu, þá þurfa atvinnurekendur að finna einhver góð ráð gegn samtökunum. En því heimskari sem stjórnir atvinnufyrirtækjanna eru, því fólskulegri og verri reynast ráð þeirra.

Í Ítalíu og Póllandi hefir verið farin sama leið og hjer á að fara, eftir þessu frv. En í þeim löndum, sem atvinnutækjunum er skynsamlegar stjórnað, detta engum slík ráð í hug. Í fyrra var t. d. haldinn fundur meðal fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna í Bretlandi. Skýrsla frá störfum þeirrar nefndar er dagsett 4. júlí 1928. Þar eru tekin til meðferðar ýms atriði, sem til álita koma við úrlausn kaupgjaldsmála. Þar sem nefndin minnist á gerðardóma lætur hún svo um mælt í skýrslunni:

„Báðir aðiljar fjellust á það ágreiningslaust, að engin tegund þvingaðra

gerðardóma gæti komið til mála.“ Ennfremur viðurkennir nefndin, að verkalýðsfjelögin sjeu hinn rjetti aðilji til samninga af hálfu verkamanna og enginn annar. Atvinnurekendur í Englandi sáu það og skildu, að ekkert þýðir að stemma stigu fyrir verkalýðssamtökunum eða stöðva verkföllin, á þann hátt að koma á einskonar þrælahaldi eins og hjer er ætlast til með þessu frv. Englendingar eru það skynsamari, þó að þar sje öflugt auðvald, að þeir viðurkenna fullkomlega verkalýðsfjelögin, og atvinnurekendunum þykir best að semja við þau sem jafnrjettháa aðilja. — En það sem aftur á móti vakir fyrir fulltrúum atvinnurekenda hjer á landi: hv. flm. þessa frv. (JÓl) og háttv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), er blátt áfram að eyðilegga verkalýðssamtökin. Þeir hafa helst aldrei viljað tala við þau, nema þeir væru til þess neyddir. Fyrir nokkrum árum kom fram hjer á Alþingi frv. um gerðardóm í vinnudeilum, flutt af Bjarna frá Vogi. Það fjekk þá megna andúð og mótspyrnu í þinginu og þó var það hátíð hjá því frv., sem hv. flm. dirfast að leggja hjer fram nú. Það á í stuttu máli að ráða með allsherjardómi yfir lífi og velferð verkalýðsins og grípa inn í öll deiluatriði hans við atvinnurekendur. Með þessu frv. á aðeins að ákveða um tekjur verkalýðsins. En allar aðrar stjettir þjóðfjelagsins, verslunarmenn, framkvæmdastjórar, atvinnurekendur og aðrir, eiga eftir sem áður að fá kaup sitt ákveðið í frjálsri samkepni. Og hvaða dómstóll á svo að skamta verkalýðnum launin? Eins og fyrri hluti 4. gr. frv. kveður á um, þá verður þetta eingöngu stjettardómstóll yfirstjettarinnar. Menn þekkja hvernig hæstirjettur hefir dæmt í málum, þar sem rekast á hagsmunir verkalýðsins og atvinnurekenda. Og hvernig halda menn t. d., að hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mundi hafa skipað í slíkan dóm, en hann var hjeraðsdómari hjer í bænum fram í síðastliðin árslok. Ef nokkur snefill af rjettlæti á að sýnast vera í þessu máli, verða aðiljarnir að velja mennina í dóminn.

Þá kem jeg að aðalatriðinu. Hver getur sagt um það, hvað er rjettlæti í þessu máli? Getur t. d. nokkur sagt með sanngirni, að hann eigi rjett á meira kaupi en algengur verkamaður? Nei, verkamaðurinn hefir eins mikinn rjett til launa og hver annar, og verkalýðurinn vill ekki láta sníða sjer stakkinn og skamta sjer lífsviðurværi úr hnefa. Hann vill sjálfur ráða í landinu, og að því kemur líka fyr eða síðar að hann fær að ráða. Hann trúir á mátt sinn og megin og rjett til þess að ákveða sjálfur lífskjör sín og stjórna vinnu sinni. Löggjafarvaldið setur lög um ýms smáatriði, en þess þykir eigi þurfa, að það setji ákvæði um, eftir hvaða reglum kaupgjald verkalýðsstjettanna ætti að greiðast, meiri hluta vinnandi manna í landinu. En hv. flm. þesa frv. vilja skipa svo fyrir, að dómurinn skamti kaupið handa verkamönnum, án þess að hann þurfi að fylgja neinum ákveðnum reglum í því efni, einungis skoðunum þessara yfirstjettarmanna á kröfum verkalýðsins, sem eins og allir vita eru litaðar af stjettabaráttunni. Og það er ekki nóg með það, að þessi dómstóll eigi að koma fram með álit og dæma málin, hann á líka að leggja á menn sektir, ef út af er

brugðið, og jafnvel skaðabætur. Ef verkamenn vilja ekki hlýða því, að vinna fyrir 1—2 kr. lægra dagkaup en áður, þá er hægt að ganga viðstöðulaust að hverjum einasta verkamanni, eða sjóðum verkalýðsfjelaganna, og taka fjármuni þeirra í sektir og skaðabætur. En þegar atvinnurekendur vilja stöðva vinnu, verður annað uppi á teningnum. Atvinnurekandinn gerir það ekki opinbert, að hann stöðvi vinnuna til að lækka kaupið. Hann segir að eins, að fiskverðið suður á Spáni og Ítalíu sje svo óhagstætt, að reksturinn geti ekki borið sig, eða rekstrarkostnaður útgerðarinnar sje of mikill. Því verði að stöðva skipin, og það varðar hvorki sektum nje skaðabótum fyrir atvinnurekendurna.

Svo segir í aths. þessa frv, að tilgangur þess sje að afstýra verkföllum og verkbönnum. Um afstöðu hv. 1. flm. (JÓl) til þeirra mála, er auðvitað enginn vafi. Hann vill vitanlega hafa verkbönn, því að þau gefa honum von um að fá verkafólk fyrir lægra kaup. Um hina tvo íhaldsm., sem eru meðflm. að frv., skal jeg vera fáorður; þeir hafa vilst með flokksbróður sínum og munu vafalaust fylgja honum. En um hv. þm. V.-Sk. (LH) vil jeg fara nokkrum orðum. Hann var eins og kunnugt er kosinn á þing við síðustu kosningar með örfárra atkv. meiri hl. Það sem úrslitunum rjeð, voru atkv. sjómanna í V.-Skaftafellssýslu, og sjómennirnir fylgdu honum af því, að þeir hjeldu að hann mundi fylgja sömu stefnu og Framsóknarflokkurinn hefir yfirleitt gert í mannúðarmálum, sjerstaklega vera hlyntur vökulögunum. — Þegar á síðasta þingi brást hv. þm. trausti þessara manna. Einn sinna flokksbræðra greiddi hann atkv. gegn togaravökulögunum. Nú bregst hann þeim í annað sinn, með því að gerast flm. þessa frv., sem er jafn andstætt sjómönnum úr V.-Skaftafellssýslu eins og afstaða hans gagnvart vökulögunum. Þeir mega iðrast eftir fylgi sitt við hv. þm. og fyrir að hafa komið honum á þing.

Um hv. 1. þm. Árn. (JörB) er ekki mörgum orðum eyðandi. Hann gerðist, eins og kunnugt er, fyrir nokkrum árum liðhlaupi úr Alþýðuflokknum yfir til Framsóknarflokksins. Hafði hann þá verið kosinn á þing í Reykjavík fyrstur þingmanna Alþýðuflokksins og treyst af verkalýð hjer í bæ. Engan þarf að undra, þó að hann sje nú á leið yfir til Íhaldsmanna. Sá, sem einu sinni hefir svikið, getur altaf gert það aftur.

Ef þetta frv. verður nokkurn tíma að lögum, sem jeg vona að aldrei verði, verða það sannkölluð þrælalög. Þau skapa verkalýðnum annan rjett en öðrum borgurum í þessu landi. Slíkum lögum er ekki hægt að framfylgja á Íslandi, og verður aldrei hægt. Verklýðssamtökin munu ekki láta kúgast af slíkum þrælatökum.

Forseti (Jörundur Brynjólfsson): Út af nokkrum orðum í ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil jeg beina því til hv. deildarmanna, að þeir gæti þess að viðhafa ekki í ummælum sínum ásakanir eða orð til áfellis þeim mönnum, er ekki eiga sæti hjer í hv. deild og geta þess vegna ekki hjer borið hönd fyrir höfuð sjer.

Pjetur Ottesen: Það mátti fullkomlega búast við því, að þeir eldar, er logað hafa hjer í Reykjavík síðan mál þetta kom fram, mundu eigi síður loga

glatt, þegar það kæmi til umr. hjer á Alþingi. Sú hefir og orðið raunin á. Mikið hefir þegar um frv. þetta verið talað, en það sem sætir mestri furðu er það, að þeir, sem á móti frv. leggjast, leggja í það alt aðrar meiningar og draga af því aðrar ályktanir en frv. gefur tilefni til.

Þeir halda því fram, að hjer sje verið að svifta verkamenn umráðarjetti yfir vinnu sinni, og að hjer sje verið að leggja þvingunarklafa á verkamenn. — Ef hjer væri um nokkra þvingun að ræða, næði hún jafnt til atvinnurekenda og verkamanna, því að það er um mál þessara tveggja aðilja, sem dómurinn á að fjalla. En hjer er um enga þvingun að ræða fyrir hvorugan aðilja. Aðeins er verkamönnum ekki heimilt að leggja niður vinnu, nje atvinnurekendum að koma á verkbanni, meðan sáttatilraunir standa, eða málið er í dómi. — Það er ekki hægt að finna nein önnur þvingunarákvæði í frv., þótt leitað væri með logandi ljósi. Verkamenn eru ekki skyldaðir til þess að vinna, ef þeir sætta sig ekki við það kaup, sem dómurinn, eftir rannsókn á öllum málavöxtum, telur hæfilegt, og ekki eru útgerðarmenn heldur skyldaðir til þess að gera út skip sín, ef þeir sjá sjer það eigi fært. Báðir aðiljar eru sjálfráðir gerða sinna, og viðurlög eru engin í frv., þótt dóminum sje ekki fylgt. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. vitnaði í, að farið mundi eftir öðrum lögum í þessu efni, nær ekki nokkurri átt. Það er staðhæfing, sem ekki á neina stoð í raunveruleikanum.

Mig furðar á því, að eftir að búið er að slá þennan skilning og þessar fullyrðingar andstæðinga frv. svo rækilega niður, bæði á fundum og í blöðunum, skuli hv. þm. fara að flíka þessu enn á ný hjer á Alþingi. Það má náttúrlega halda því fram, að þetta kunni að draga úr þýðingu slíks dómstóls, en við nánari athugun kemur í ljós, að svo er ekki. Dómstóllinn hefir heimild til að kynna sjer öll þau gögn, sem máli skifta, þar á meðal rannsaka greiðsluhæfi atvinnurekendanna, en slík rannsókn mundi leiða af sjer heppilega úrlausn málsins, sem báðir aðiljar gætu fullkomlega sætt sig við.

Eftir því, sem jeg hefi heyrt, virðist stærsti ágallinn á sáttatilraunum þeim, er gerðar hafa verið, hafa verið sá, að þeir, sem tilraunirnar gerðu, gátu ekki til hlítar kynt sjer afkomu aðilja á báða bóga.

Úr þessu yrði bætt með frv. þessu um dóm í vinnudeilum, og má gera sjer hinar bestu vonir um, ef lögtekið verður, að á þann hátt megi takast að ráða bót á því þjóðfjelagsböli, er af verkföllum og verkbönnum leiðir. Og þetta mál horfir þannig við frá mínu sjónarmiði, að það megi fullkomlega treysta því, að þessi meðferð málsins mundi leiða til þeirrar niðurstöðu, er báðir aðiljar gætu orðið ásáttir um. Munurinn frá því, sem nú er, og ef þetta verður tekið upp, er sá, að samkomulag næðist, án þess að vinnustöðvun ætti sjer stað. Reynslan hefir sýnt, að öll verkföll hjer hafa endað með samkomulagi, en undanfari slíks samkomulags, verkföll um lengri og skemmri tíma, hefir oft valdið stórtjóni. Verktöfin hefir ætíð skert mjög, eða jafnvel jetið alveg upp ávinninginn, sem fást átti með verkfallinu, og svo mun einnig að þessu sinni.

Jeg býst við því, að tjón það, er af síðasta verkfalli leiddi fyrir landið í

heild sinni megi telja í hundruðum þúsunda, ef eigi miljónum króna.

Nú er það ætlð svo, að tjónið af verkföllum bitnar á öllum landsmönnum, líka þeim, er stofna til verkfallanna í því augnamiði, að fá kjör sín bætt. — Mjer er því spurn: Hvernig í ósköpunum stendur þá á því, að ekki skuli geta tekist bróðurleg samvinna um það, að gera tilraunir til að ráða bót á þessu þjóðfjelagsböli?

Við höfum nú um hríð staðið augliti til auglitis við þann þjóðfjelagsvoða, sem af verkföllum stafar, þar sem dýrustu og fullkomnustu atvinnutæki, sem til eru í þessu landi, hafa verið bundin hjer við steingarða hafnarinnar í einhverri þeirri mestu öndvegistíð, sem komið hefir yfir þetta land á þessum tíma árs. Og þegar samfara slíkri tíð hefir verið gnægð fiskjar hvarvetna við strendur landsins meir en dæmi eru til á þessum tíma, hvernig stendur þá á því, að til skuli vera þeir menn, sem með offorsi, óbilgirni og aðdróttunum um illar hvatir, ráðast á þá, er af heilum hug og einlægri löngun til þess að vinna þjóðfjelaginu gagn, bera fram tillögur til þess að koma í veg fyrir þau vandræði og þá neyð, sem af verkföllum stafar í hvívetna.

Hvernig stendur á því, að þessir menn ranghverfa efni og innihaldi þessara tillagna, bæði í blöðum og á fundum og meira að segja hjer á hinu háa Alþingi, og draga af þeim aðrar ályktanir en efni eru til, og kalla þær þrælalög og öllum illum nöfnum, sem þeirra frjósömu heilar geta framleitt? Telja þeir máske nauðsynlegt að fara þannig með till. þessar, til þess að fá framknúðar samþyktir verkalýðs- og sjómannafjelaganna viðsvegar um land sjer í vil? Það eitt er áreiðanlega víst, að það er ekki af umhyggju fyrir vinnufriðnum í landinu nje góðri afkomu landsmanna yfirleitt, að þeir hafa tekið þessa afstöðu til málsins. — Jeg skal taka það fram, að við flm. þessa frv. erum þess albúnir, að taka til athugunar breytingar á einstökum atriðum frv., er til bóta mættu verða. — Nei, orsökina til framkomu þessara manna verður að rekja til þess, að það er yfirlýst grundvallarskoðun þeirra, að koma eigi ríkisrekstri á allar atvinnugreinir landsmanna. Þeir líta þess vegna svo á, að hver tilraun, sem gerð er til þess að tryggja vinnufriðinn í landinu á grundvelli núverandi skipulags, sje hindrun á braut þeirra til almennrar þjóðnýtingar. Virðist mjer það því augljós vottur þess og viðurkenning frá þeirra hendi, að þessar till., ef þær ná fram að ganga, sjeu líklegar til þess að tryggja vinnufriðinn í landinu. Hinar hóflausu árásir, er þeir hafa hafið gegn þessari viðleitni, benda fyllilega til þessa. En þar eð þessu er þann veg farið, leiðir af því, að allir þeir, er byggja vilja á núverandi þjóðskipulagi og tryggja vinnufrið í landinu á grundvelli þess, verða að taka höndum saman um það, að finna heppilega úrlausn þessa vandamáls, því að á því veltur velmegun og afkoma þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

Haraldur Guðmundsson: Hv. flm. þessa frv. hóf mál sitt á því, að segja nokkuð frá hinni nýafstöðnu kaupdeilu. Er það að vonum, því að í allra augum er sú deila tilefni þessa frv., er hjer liggur fyrir. Sagði hv. flm., að sú deila hefði verið eingöngu sprottin af ósanngirni beggja aðilja, og að það hafi verið af þeirri sömu orsök, að eigi tókst á

skemri tíma að koma samkomulagi á. – Þessi ummæli hv. flm. sýna ljóslega fullkominn misskilning hans á eðli kaupdeilunnar og á vinnudeilum yfirleitt. Rætur hennar standa miklu dýpra. — Það er mannlegt eðli að hugsa fyrst um sinn eigin hag og ota sínum tota svo sem verða má.

Afli sá, er botnvörpuskipin flytja á land, á að skiftast og skiftist aðallega á milli tveggja aðilja, útgerðarmanna annarsvegar og sjómanna og verkamanna í landi hinsvegar.

Báðir vilja fá sem mest af andvirðinu, báðir þykjast eiga til þess rjettmæta kröfu, enda þekkir hver best sína nauðsyn. Á meðan einka-eignarrjettur manna er ótakmarkaður á þessu sviði, er eigi hægt að ráða fullkomna bót á þessu. Því er það, að þessir tveir aðiljar munu halda áfram að heyja baráttu sín á milli um skiftin; annað er óhjákvæmilegt, meðan skipulag atvinnumála þessara og mannlegt eðli helst óbreytt. – Þetta hefir verið vitað og viðurkent síðan stjettaskifting komst fyrst á.

Í baráttu er það svo, að sá aðiljinn, sem sterkari er og betur stendur að vígi, tekur ætíð stærstan hlut. Og í þessari stjettabaráttu, er hjer um ræðir, hefir það verið svo alt til þessa, að sú stjett, er eignarhald hefir á framleiðslutækjunum, hefir ætíð tekið hlutfallsega langstærsta hlutinn. Er það auðsætt. Auðurinn hefir aðeins safnast hjá þeim, er framleiðslutækin áttu; enginn hefir orðið efnaður á því að selja öðrum vinnu sína. Verkalýðurinn sá þetta snemma. Honum varð það ljóst, að ef hann átti að bæta hag sinn og hlutskifti, var eina ráðið að mynda fjelagsskap, svo að einn verkamaðurinn gæti ekki boðið niður vinnu fyrir hinum. Þetta var atvinnurekendum hinn sárasti þyrnir í augum, einkum í byrjun, og kvað þá svo ramt að því, að slík samtök voru jafnvel bönnuð með lögum. En slíkt bann kom að engu haldi. Verkalýðssamtökin mögnuðust, og þau eru nú það vald um allan heim, sem ekki er lengur hægt að ganga fram hjá, þegar samið er um kaup verkalýðsins. Hafa verkalýðsfjelögin nú víðast hvar verið viðurkend sem rjettur samningsaðili. En hjer á nú, jafnframt því sem þessi rjettur þeirra er viðurkendur, með frv. þessu, að taka úr höndum þeirra það vopnið, er þau hafa beitt til þess að fá viðunanlega samninga, verkföllin. En þetta frv., sem hjer er flutt, er ekkert einstakt fyrirbrigði. Slík frv. sem þetta, hafa verið flutt af íhaldi og auðvaldsþjónum í öðrum löndum, og jafnvel stundum orðið að lögum. Fyrirmynd þessa frv. mun vera sótt til Noregs. Eru það lög, er samþykt voru þar árið 1925, gengu í gildi 1. maí, ætla jeg, og hlutu nafnið „Tugthúslögin“. Er það viðurkent, að þau lög brjóti svo mjög í bága við rjettlætistilfinningu þjóðarinnar, að ómögulegt hefir verið að framfylgja þeim, og kvað svo ramt að því, að stjórn sú, er lögin setti, heyktist á að beita þeim, er mest lá við. Þúsundir manna voru sendir til fangelsisvistar fyrir að styrkja verkfallsmenn. Nokkur hundruð þeirra voru settir í „steininn“. Svo gafst stjórnin upp.

Nú er tími þessara laga brátt útrunninn, og mun engum koma til hugar, að þau verði framlengd óbreytt.

Jeg vil ekki segja, að frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, sje verra en norsku „Tugthúslögin“, en það er ennþá vitlaus-

ara. Það er svo fráleitt skynsamlegu viti, að það er hverjum manni ósamboðið að láta sjer koma til hugar að samþ. það.

Mjer þykir rjett, út af þeim orðum hv. þm. Borgf., að við jafnaðarmenn höfum rangfært efni frv., að víkja nokkuð að hinum einstöku greinum þess, þótt slíkt sje eigi venja við 1. umr.

Fyrsta gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal dómstól, er nefnist vinnudómur. Hann skal fara með og dæma:

1) mál út af vinnukjörum, þau, er greinir í lögum nr. 55, 17. júlí 1925, eða lögum er í þeirra stað koma.“ — Við þessu er ekkert að segja. Það er algengt að slíkar tilraunir sjeu gerðar. — En svo kemur 2. liður 1. gr.:

„Mál út af rofum á dómum um vinnukjör samkvæmt þessum lögum, eða samningum um vinnukjör af hálfu þeirra aðilja, er í áðurnefndum lögum, nr. 55. 1925, segir, eða lögum, er í þeirra stað koma.“ — Með öðrum orðum, dómstóllinn á að dæma víti fyrir að rjúfa dóma, sem hann sjálfur hefir dæmt.

3) „Mál um lögmæti verkfalls eða verkbanns og um bætur fyrir ólögmætt verkfall eða verkbann.“

Í íslenskum lögum er enginn lagastafur til um það, hvað sjeu ólögmæt verkföll eða verkbönn. Verkefni dómstólsins verður því þetta: Í fyrsta lagi verður hann að búa til lög eða reglur um það, hvaða verkföll og verkbönn sjeu ólögmæt, í öðru lagi á hann að dæma eftir þeim lögum, er hann hefir þannig sjálfur samið, og að lokum á hann að dæma víti fyrir að rjúfa dóma hans sjálfs. — Þetta er nokkuð einkennilegur grautur. Það er auðsætt, að þeir, er frv. þetta hafa samið, hafa farið nokkuð fljótt yfir norsku „Tugthúslögin“. Þeir hafa ekki gætt þess, að í Noregi eru til lög um verkföll, hver sjeu lögleg og hver ólögleg. En hjer er dómstóli þessum ætlað að taka sjer bæði löggjafarvald og dómsvald, og að lokum, ef dómum hans er eigi hlýtt, á hann að ákveða vítin sjálfur. Aðra eins móðgun við löggjafarsamkomu og að flytja frv. þetta á Alþingi þekki jeg ekki.

Þetta er 1. gr., og er hún hvorki verst eða vitlausust af greinum frv.

Þá kemur 2. og 3. gr., og skal jeg ekki gera þær að umtalsefni nú. Þær eru aðeins áframhald byrjunarinnar.

Þá er 4. gr. Hv. flm. eru nú að lyppast niður á henni, þar sem þeir, hver eftir annan, tilkynna að þeir sjeu fúsir til að samþykkja hverjar þær breytingar, sem mönnum þóknist að gera á henni. Er það vafalaust af því, að mennirnir eru farnir að finna til þess, hversu bandvitlaus hún er. Þar er svo ákveðið, að hjeraðsdómari, sem jafnframt er forseti dómsins, á að nefna fjóra menn í dóminn, en aðiljar ryðji svo sínum manninum hvor. Síðan skipar Hæstirjettur tvo menn í dóminn, svo að hann verður ávalt skipaður fimm mönnum. Sýslumaður skipar, eins og áður er sagt, tvo menn í dóminn, auk sjálfs sín. Ræður hann þannig ávalt meiri hl. í dóminum.

Í Noregi, þar sem Tugthúslögin heita ennþá í gildi, datt ekki höfuðsmiðum þeirra neitt slíkt í hug. Þar var það þó æðsta yfirvald ríkisins, sem átti að nefna mennina í dóminn, en ekki hjeraðsyfirvöldin, sem löngum eru tengd eða bundin með ýmsu móti atvinnurekendum þar í sveit. Og víst er um það, að í flestum

tilfellum munu þau fyrst og fremst líta á málin með augum yfirstjettarinnar, ef svo mætti segja.

Þá hafa báðir þeir flm., sem talað hafa, haldið því mjög eindregið fram, að það væri útúrsnúningur og rangfærsla að kalla þetta þvingunardómstól. Jeg veit ekki, hvað þessir hv. flm. frv. skilja við þvingun í þessu efni. Það er alveg tvímælalaust fram tekið, að dómsúrslitin skuldbindi. Tökum til dæmis, að kaup í einhverri atvinnugrein sje af þessum dómstóli ákveðið 200 kr. á mánuði. Hver maður, sem þessa vinnu vill stunda, verður þá að sætta sig við þetta kaup, því að allar sameiginlegar ráðstafanir, sem vinnulýðurinn kann að gera gegn þessari ákvörðun, eru ólögmætar og brjóta í bág við dóminn. Það er að vísu hægt að segja það, að ef kaup á togurunum væri ákveðið 150 eða 200 kr. á mánuði, sjeu sjómenn ekki skyldugir til að fara á skipin, hver og einn. En ef þeir ekki vilja ganga að þessum kjörum, þá verða þeir að sitja auðum höndum í landi, svelta, eða leita á náðir *hins opinbera*. Þetta er þvingun, einhver hin lúalegasta þvingun, sem hugsast getur, þar sem sultinum er ætlað að beygja mennina undir okið.

Eitt er enn athugavert. Í 8. gr. segir, að þóknun dómenda og skipaðra talsmanna aðilja skuli greidd úr ríkissjóði og ákveðin af dómstólnum. Jeg þekki það ekki í neinu öðru máli, að dómararnir sjálfir sjeu látnir ákveða laun sín. Jeg gæti hugsað mjer, að dómstörfum yrði þá ekki flýtt mjög, ekki síst ef atvinnuþröng væri hjá þeim mönnum, sem í dóminum sitja, eða ef þeir væru upp á tímakaup. Ef mönnunum dytti nú t. d. í hug að ákveða sjer tíu þúsund krónur fyrir setu sína í dóminum, þá væri ekkert hægt við því að gera. Ríkissjóður yrði að borga brúsann. Það væri ekki einu sinni hægt að hindra það, að þessir menn væru skipaðir í dóminn aftur, því ræður sýslumaðurinn.

Ákvæði dómsins um vinnukjör eiga að gilda um tveggja ára skeið. — Það er líka tekið eftir norsku lögunum. — Þó er það svo, að ef stórfeld breyting verður í sambandi við atvinnuna, t. d. með breyttu verðlagi eða öðru, þá má krefjast dómsupptöku eftir sex mánuði, en dómurinn ákveður vitanlega, hvort málið skuli tekið upp af nýju.

Þá er 10. gr. Jeg veit ekki, hvort það er rjetta orðið yfir hana að segja, að hún sje vitlaus; hún keyrir svo fram úr hófi. Jeg hygg fremur, að hún hafi verið samin með ráðnum hug. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aldrei má gera verkbann eða verkfall áður en deilumál þau, er í lögum þessum segir, koma til aðgerða sáttasemjara. Svo er og bannað að gera verkbann eða verkfall, meðan sáttatilraunir sáttasemjara eða dómsmeðferð samkvæmt lögum þessum stendur yfir.“

Það má ekki gera verkfall áður en sáttasemjari tekur málið að sjer, og það má ekki gera verkfall á meðan sáttasemjari hefir málið til meðferðar, nje heldur á meðan dómstóllinn fer með það, og þá auðvitað ekki heldur eftir að dómur er fallinn, því að með því væri úrskurður þessa göfuga dómstóls að engu hafður, en honum ber að hlýða sem dómum alment.

Nú fæ jeg ekki annað sjeð, en að það megi aldrei gera verkföll, ef á að skilja þessa gr. bókstaflega, en ef ekki á að skilja hana bókstaflega, þá er það frámunalega fljótfærnislegt að ganga svona frá henni. (**JÓl:** Þetta er misskilningur).

Nei, verkföll eru bönnuð með þessum lögum; það er bannað að gera verkfall á meðan á sáttatilraunum og dómsúrskurði stendur. (MG: Það má gera verkfall á eftir). Þetta er fjarstæða. Með því að gera verkfall eftir að dómur er upp kveðinn, er brotið ákvæði 8. gr., þar sem segir, að dómsúrslit skuldbindi aðilja sem dómur alment, enda væri þýðingarlaust að flytja frv. eins og þetta, ef gera mæti verkfall eftir sem áður. Og hvað yrði þá um vinnufriðinn? Er það nokkur vinnufriður, ef gera má verkfall strax og dómur er fallinn? Nei, meiningin er sú, að slá þetta vopn úr höndum verkalýðsins. Hitt er satt, að einstakur maður getur neitað að ráða sig á togara, en fjelagsskapnum er bannað að gera slíka neitun og sjá um að staðið sje við hana.

Þá sagði hv. þm. Borgf. (PO), að hjer í frv. væri engin viðurlög ákveðin, og það væri ekki skylda manna að vinna fremur en þeim sjálfum sýndist. En í 10. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Brot á ákvæðum greinar þessarar varða sektum í ríkissjóð, 500—10.000 kr., og auk þess skaðabótum eftir almennum reglum.“ (PO: Jeg sagði ekki, eftir að dómur væri fallinn). En í 1. gr. tölul. 2 stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Mál út af rofum á dómum um vinnukjör samkvæmt þessum lögum eða samningum um vinnukjör, af hálfu þeirra aðilja, er í áðurnefndum lögum, nr. 55, 1925, segir, eða lögum, er í þeirra stað koma“, — þ. e. a. s. dómstóllinn tekur málið aftur til meðferðar, og hann getur þá, þar sem engar reglur eru settar, dæmt í þær sakir og skaðabætur, sem hann vill. (PO: Í 10. gr. stendur —). 10. gr. talar aðeins um verkföll á meðan á samningum stendur, en 2. tölul. 1. gr. segir, að dómstóll þessi skuli dæma um rof á þeim dómum, sem hann hefir upp kveðið, og það væri heimska að hugsa sjer, að hann dæmdi sama dóminn aftur og aftur án þess að dæma mennina í sekt eða önnur víti eða viðurlög fyrir að brjóta úrskurði hans.

Auk sektanna er þeim, sem dæmdur er sekur, ætlað að greiða skaðabætur. Það er ekki nóg, að verkalýðsfjelögin fái sektir fyrir að gera verkfall, heldur eiga þau líka að greiða þær skaðabætur, sem dæmdar verða eftir reglum, sem dómstóllinn sjálfur setur.

Í ræðu hv. 1. flm. (JÓl) taldi hann, að skaðinn af síðustu vinnustöðvun ylti á miljónum. Jeg gæti þá trúað því, að þær skaðabætur, sem öðrum aðilja kynni að verða gert að greiða, gætu orðið svo háar, að það gæti riðið fjelagsskap þeirra að fullu, a. m. k. verkamanna.

Jeg hefi nú vikið að einstökum gr. frv., vegna þess að hv. flm. hafa kvartað yfir því, að efni frv. hafi verið rangfært. — Nei, það hefir ekki verið rangfært. Efni frv. og tilgangur er það, að hindra verkamenn í því að koma fram kröfum sínum um að fá það verð fyrir vinnu sína, sem þeir telja sig þurfa að fá og telja sig eiga rjett á að fá. Og þessi dómstóll er einvaldur. Hann á sjálfur að gera sjer lög og reglur til að dæma eftir. Slíks eru engin dæmi. Dómendum væri þannig gefið það vald, að ekkert vald hliðstætt væri til í landinu.

Það er nú ljóst orðið, að hv. flm. eru farnir að sjá þetta, því að þeir eru nú reiðubúnir til að samþykkja allar mögulegar breytingar. En það er gleggsta við-

urkenningin fyrir því, að þeir eru sjálfir farnir að sjá, hvert ósmíði þetta frv. þeirra er.

Annað er vert að athuga í þessu sambandi. Það er látið heita svo í frv., að hið sama eigi að ganga yfir atvinnurekendur og verkamenn, að sömu ákvæðin eigi að gilda um verkbönn og verkföll. En það eru engin lög til hjer á landi um það, sem nefnt er verkbann. Það er engin skilgreining til á því hugtaki. Árið 1926, að mig minnir, var meiri hluta togaraflotans lagt við festar hjer við garðinn og inni í Sundum. Úthaldstími skipanna var að meðaltali um 6 mánuðir það ár, í stað 8—10 mánaða venjulega. Þá hafði nýlega verið gerður samningur við verkamenn, sem átti að gilda í þrjú ár. Auðvitað bjuggust sjómenn við venjulegum atvinnutíma, er þeir gerðu samninginn. En skömmu síðar var skipunum lagt. — Meðal veiðitími á íslensku togurunum það ár var, eins og áður segir, tæpir 6 mánuðir, og meðaltekjur sjómanna, sem höfðu gert ráð fyrir að hafa vinnu í 9 mánuði, voru 18—19 hundruð krónur, auk fæðis, að því er hagskýrslur herma. Nú vil jeg spyrja: Geta þá útgerðarmenn, hvenær sem útlitið er ekki eins og þeir kjósa, lagt skipunum og sagt: Nú ætla jeg að hætta, en það er ekki neitt verkbann, sem jeg legg á með þessu? Eða var þessi stöðvun 1926 verkbann?

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), aðalflm. frv., var hjer með nokkurn útreikning yfir það, hversu gífurlegt tap þjóðarinnar hefði orðið á síðustu vinnustöðvun. Það valt á miljónum, eftir hans reikningi, því að hv. þm. taldi, að tapið væri um ein milj. kr. á mánuði. En hve mikið tap skyldi verkalýðurinn og þjóðfjelagið hafa beðið árið 1926 við það, að flotaflum var þá lagt svona snemma? Ef tapið hefir numið einni milj. kr. á mánuði að þessu sinni, þá hafa útgerðarmenn sjálfsagt haft af verkalýðnum þrjár milj. kr. það ár. — Er það nú meining hv. flm. að girða fyrir, með þessu frv., að annað eins og þetta geti komið fyrir? Jeg vil gjarna fá glögg svör við þessu.

Hv. þm. (JÓl) talaði ákaflega mikið í sambandi við þetta frv. um vinnufrið, og hversu æskilegt það væri, að bróðerni og samkomulag gæti haldist með báðum þeim aðiljum, sem að framleiðslunni standa. — En mín skoðun er sú, að undir núverandi atvinnuháttum og skipulagi sje vinnufriður óhugsandi, nema með því móti, að annar aðili sje gerður svo sterkur, að hinn komi sjer ekki við gegn honum. Eins og sauðurinn þegir fyrir þeim, sem hann klippir, á sama hátt vill hv. aðalflm. koma á vinnufriði, að annar aðilinn sje eins og sauðurinn, sem þegir, —að sje dómstóll, skipaður af mönnum, sem líta svipuðum augum á málið og atvinnurekendur sjálfir, dæmi, og verkalýðurinn, þegjandi og „friðsamur", eigi að hlíta þeim dómi. En hugmynd okkar jafnaðarmanna um vinnufrið er önnur. Hún er sú, að hver aðili, sem að framleiðslunni vinnur, taki og að rjettri tiltölu þátt í stjórn hennar og njóti þess, hver afrakstur verður. Með þeim einum hætti er hægt að tryggja vinnufriðinn. En það eru vinnuveitendurnir, sem ekkert vilja gera til samkomulags í þá átt, það sýnir best hverjar viðtökur kröfur sjómanna fengu. Ein af kröfum þeirra var sú, að til uppbótar lágu kaupi á ísfiski fengju hásetar ½% af „brúttó"-afla skipsins, hver í sinn hlut. Það er vitanlegt, að þetta var það af kröfum sjómanna, sem

var stærsti þyrnirinn í augum útgerðarmanna. Þeir vilja alls ekki gera sjómennina þátttakendur í rekstri útgerðarinnar. Þetta er vanhyggja hjá útgerðarmönnum. Segjum t. d. að fimm fiskar skemmist nú af hverjum 200, hjá hverjum háseta, af ýmsum orsökum. Ef hásetinn veit, að hann á von á að fá hlut í ágóða skipsins, þá leggur hann sig kannske enn meir fram, svo að ekki spillast nema fjórir fiskar í stað fimm áður, af hverjum 200, sem hann handleikur, og hefir þá útgerðin fengið þetta ½% í bættri meðferð á fiskinum. Þetta er áreiðanlaga besta leiðin til þess að glæða starfsumhyggju sjómanna, einmitt það, að greiða þeim einhvern hluta af kaupi sínu með hlutdeild í afla. Jeg er ekki í nokkrum minsta vafa um það, að útgerðarmenn hefðu beinlínis grætt á því í betri meðferð fiskjarins, að greiða sjómönnunum þessar prósentur. En þetta vilja þeir síst af öllu gera. Þeir virðast hugsa svona: Útgerðin er okkar einkamál, við hættum fje okkar í hana og við eigum líka að taka gróðann einir. Á meðan þessi hugsunarháttur ríkir hjá öðrum aðilanum, er vinnufriður óhugsandi. Vinnufriður getur þá ekki fengist á annan hátt en þann, að annar aðilinn sje hneptur í þrældóm, og honum skipað að hlýða, þegja, eins og sauðurinn þegir fyrir þeim, sem hann klippir.

Það liggur hjer fyrir framan mig frv. til l. um dýrtíðaruppbót á launum embættis- og starfsmanna ríkisins. Með þessu frv. eru allítarleg fylgiskjöl, sem að minsta kosti eiga að sýna fram á það, að embættis- og starfsmönnum ríkisins sje bein nauðsyn að fá allverulega hækkun á launum sínum. Í þessum fylgiskjölum eru birtar skýrslur yfir hvað það kosti hjer í Reykjavík, sem er dýr bær, að framfleyta 6—7 manna fjölskyldum. Nú var, eins og vitanlegt er, deilt um það, hver kjör sjómanna ættu að vera á togurunum. Meðaltekjur þeirra munu hafa verið sem svarar 3000—3300 kr. um árið. Það álita útgerðarmenn of hátt. En samkvæmt þessum skýrslum hjer, verður niðurstaðan nokkuð önnur. En það er annars rjett að jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesi upp nokkrar setningar úr inngangi að fylgiskjali II, þar segir svo:

„Með öðrum orðum, það væri þakklætisvert, ef embættismenn fengi „þurftarlaun", þó þeim væri að engu bættur námskostnaður, ekkert skeytt um ábyrgð embættisins og ekkert tillit tekið til atvinnukjara annara nje til hliðstæðra embættismanna í öðrum löndum. Nú sem stendur mun varla nokkur embættismaður hafa einföldustu þurftarlaun."

Embættismennirnir segjast sem sje ekki setja kröfurnar hærra en það, að þeir rjett aðeins fái þurftarlaun til brýnustu nauðsynja, og er svo talið upp það allra nauðsynlegasta, sem þeir þurfi að hafa hjer í Reykjavík. Í þessari skýrslu segir, að 6 manna heimili hjer þurfi minst 10818.40 á ári til að geta lifað viðunanlegu lífi, eða um 1800 krónur fyrir hvern meðlim fjölskyldunnar. Þessari upphæð fylgir mjög ítarleg greinargerð, sem jeg hefi athugað nokkuð. Hefi jeg engan lið sjeð, sem ekki sýnist vera nærri lagi. Að vísu er þar gert ráð fyrir, að þessi maður leyfi sjer að kaupa blöð fyrir 104 kr. á ári, fyrst og fremst Morgunblaðið fyrir 24 kr.

Þá er talin önnur fjölskylda, þar sem eru 7 manns. Það er gert ráð fyrir, að hún þurfi, til þess að geta lifað sómasamlega, 14.354 kr. á ári. Þar fylgir

einnig nákvæm sundurliðun. Jeg hefði freistingu til að lesa þá skýrslu upp fyrir hv. deild, til þess að benda á, hve hóflega er farið í sakirnar, en geri ráð fyrir að hv. þdm. muni hvort sem er kynna sjer þessa skýrslu, og vil því ekki tefja tímann með því.

Þá er í 3. skýrslunni gert ráð fyrir 12,741 kr. þurftarlaunum. Þar er um að ræða embættismann í Reykjavík, sem ekki eyðir neinu í það, sem kalla mætti óþarfa, engu fram yfir þurftarlaun. M. ö. o., hjer er aðeins talin fram árseyðsla þessa manns, og eftir hinum ýmsu liðum að dæma, virðist hvergi of í lagt.

Loks er í þessari skýrslu skrá yfir ársútgjöld símamanns í Reykjavík, og sýnir hún, að þurftarlaun hans nema ekki meira en 5130,79 kr., og eru þar þó 6 menn í heimili. Í þessum reikningi er ótalið dagblöð, tímarit, bækur, tóbak, leikföng, og yfirleitt alt, sem ekki getur talist bráðnauðsynlegt.

Um þessa skýrslu segir svo í athugasemd, sem fylgir: „Hjer er auðsjáanlega svo spart á haldið sem frekast er unt, og næstum ótrúlegt um suma eyðsluliðina, hve lágir þeir eru.“ Undir þetta get jeg fyllilega tekið. Það er í fljótu bragði næsta ótrúlegt, hvað þetta 6 manna heimili kemst af með lítið. Stærsti liðurinn er húsaleigan. Hún ein gleypir 1560 krónur, svo að eftir verða tæpar 3600 kr. til allra annara útgjalda. Af því fara svo 75 kr. í rafmagn. Fatnaður á ári nemur 578 kr., að viðbættum tæpum 200 kr. í skófatnað. Í þessum útgjaldaliðum vantar margt fleira en upp er talið í athugasemd skýrslugjafa. T. d. er ekkert reiknuð persónutrygging, eldsvoðaábyrgð, fjelagsgjöld, tekjuskattur, ekkert ætlað fyrir gjöfum, ekkert fyrir skemtunum eða öðru slíku, sem ef til vill má telja utan lífsnauðsynja, en enginn getur þó komist hjá. Þá er ekkert reiknað fyrir símaafnot, af því símamenn njóta þeirra hlunninda að hafa ókeypis síma, skólakostnaður enginn, og það af þeirri einföldu ástæðu, að börn þessa manns hafa ekki náð skólaskyldualdri. Þegar nú að alt þetta er tekið til greina, getur eyðsla þessa afarsparsama heimilis ekki orðið mikið undir 6 þús. kr. eða nálægt 1000 kr. á mann.

En sjómannskaupið, hvað verður það? Eftir því sem mjer reiknast til, munu meðaltekjur sjómanna nema ⅗ af eyðslu þessa manns, sem jeg hygg að allir verði að viðurkenna, er kynna sjer þennan sundurliðaða reikning, að sje því nær furðulega lág, allir útgjaldaliðir ótrúlega lágt færðir.

Hv. flm. kallaði það „fádæma ósanngirni“, sem kæmi fram í kaupkröfum sjómanna í vetur. Þó var kaup það, sem sjómenn fóru fram á, mikið lægra en það, sem þessi símamaður með allri sinni sparsemi mundi hafa getað komist af með og tæplega er hægt að kalla þurftarlaun.

Sami hv. þm. (JÓl) sagði tilgang frv. vera, eins og hann orðaði það, að afnema kúgunarvald það, sem nú ríkti meðal beggja aðilja, atvinnurekenda og verkamanna í kaupdeilum. Mjer er nú ekki vel ljóst, hvað þessi hv. þm. á við. En vel má vera, að hann hafi orðið var við kúgunarvald eða viðleitni einhverra fjelaga sinna í hóp atvinnurekenda, að þeir hafi kúgað hann til að gera annað en hann vildi, t. d. í síðustu kaupdeilu. Mjer er ekki grunlaust um að svo sje. — Jeg hygg að honum hafi ekki fundist kröfur sjómanna svo ósanngjarnar, sem hann lætur. En hjá verkamönnum

er ekki um neitt slíkt kúgunarvald að ræða. Hjá þeim ræður skipulegur fjelagsskapur, þar sem minni hlutinn beygir sig fyrir meiri hlutanum, eins og alstaðar á sjer stað, þar sem lýðræðið er ekki fótum troðið. Maðurinn lifir ekki sjer einum, svo að jeg enn vitni í góða bók. Hagur eins og breytni hefir áhrif á afkomu og hag annara, oft margra. Sá, sem undirbýður fjelaga sína, ef um verkkaup er að ræða, lækkar ekki aðeins sitt kaup, heldur líka þeirra. Þess vegna hópast verkamenn saman og mynda með sjer fjelagsskap til þess að standa betur að vígi um að ná rjetti sínum, þegar deila þarf um kaup við atvinnurekendur. En skilyrði fyrir því, að slíkur fjelagsskapur sje stefnu sinni trúr, er það, að meiri hlutinn ráði, en minni hlutinn beygi sig. Og það skal sagt þeim til hróss, sjómönnunum í vetur, að þeir, sem vildu ganga að till. sáttasemjara, voru eins ákveðnir í því að standa við samþyktir fjelagsins og hinir, sem feldu tillöguna, eftir að atkvæði höfðu verið greidd. Þetta sýnir skilning og þroska verkamannanna í samtökunum.

Nú eru verkalýðssamtökin orðin svo sterk, að atvinnurekendur sjá sjálfir, að þeir geta ekki lengur beitt kúgunarvaldi, ekki ákveðið kaupgjaldið eftir sínum geðþótta. Þess vegna flýja atvinnurekendur nú til löggjafarvaldsins og biðja það um hjálp. Hjálpin á að vera þessi þrælalög um þvingunardómstól í vinnudeilum, er skyldi verkamenn til að vinna fyrir ákveðið kaup, svo samtökin komi þeim ekki að gagni lengur.

En það mun sýna sig, að þó að frv. þetta verði samþ., þá er verkalýður landsins svo þroskaður, að hann mun aldrei láta **kúga sig til að vinna fyrir** það kaup, sem hann ekki sættir sig við. Hann mun ekki virða lögin að nokkru, ekki hlíta neinum slíkum vinnudómi, sem brýtur í bága við réttarmeðvitund vinnulýðsins. Verkalýðurinn mun því gera verkfall eftir sem áður, þegar hann sjer og finnur, að traðka á rjetti hans. Þess vegna eru menn, sem látast vilja afstýra kaupdeilum, engu bættari fyrir það, þó að Alþingi samþ. frv. þetta, enda fanst mjer á ræðu hv. þm. Borgf. (PO) að hann gera ráð fyrir þessu.

Í Noregi var það þannig, svo að jeg vitni í „Tugthúslögin“ frægu, að með þeim var bannað að gera verkfall. En það var nú samt gert. Verkfallið var dæmt ólöglegt. En alt kom fyrir ekki. Þúsundir manna tóku þátt í verkfallinu. Þá var bannað að veita þeim fjárhagslegan stuðning, sem í verkfallinu voru, og sektir lagðar við. En þrátt fyrir allar ráðstafanir hins opinbera hjelt verkfallið áfram. Menn þeir, sem tóku þátt í því, voru styrktir með stórum upphæðum hvaðanæva frá. Þá var reynt að beita „Tugthúslögunum“. Margir dómar voru dæmdir, og þúsundir manna í sektir og fangelsi, þar á meðal flestir eða allir þm. jafnaðarmannaflokksins. Nokkur hundruð voru sett í fangelsi, en fleiri þúsund dæmdra manna komst ekki að, fangelsin voru alt of fá og smá. Að lokum varð ekki lengur við neitt ráðið, og varð þá að hætta við að framfylgja dómunum. Síðan eru lögin aðeins dauður bókstafur, enda er sá tími að renna út, sem þau gilda, og fáum eða engum kemur víst til hugar að framlengja þau.

Og sama mundi verða reynslan hjer, þegar farið yrði að beita þessum þrælalögum.

Vitanlega ætlast flm. til þess, að lögunum verði beitt, og þeir munu krefjast þess, að þeim verði framfylgt, og allir þeir dæmdir til hegningar, sem ekki vilja beygja sig.

En hvernig hugsa þeir sjer að framfylgja slíkum lögum? Jú, þeir mundu heimta, að sett yrði á fót öflug ríkislögregla, herlið, sem sæi um að dómum þeim, sem dæmdir væru eftir þessum þrælalögum, yrði framfylgt. Það yrði því næsta skrefið að koma upp slíku herliði; því á engan annan hátt mundi hægt að beita lögunum.

Jeg hefi nú eiginlega mikla tilhneigingu til að ræða í þessu sambandi um það, hvaða þýðingu hátt og hækkandi verkkaup hefir, ekki aðeins fyrir verkalýðinn, heldur fyrir atvinnurekendur og þjóðina í heild sinni. Hversu hækkað kaup eykur alstaðar menningu og þroska þjóðanna og er lyftistöng verklegra framfara og umbóta á áhöldum og vinnubrögðum.

Það er segin saga, að þar sem mannsorkan er lítils metin, kaupið lágt, þar er menning einstaklinganna á lágu stigi og verklegar framkvæmdir smástígar. Engir þarfnast frekar góðs uppeldis en atvinnurekendurnir, og besta uppeldið er að efla verkalýðsfjelagsskapinn og með því að knýja þá til að gjalda hátt kaup. Þegar kaupið er svo lágt, að það borgar sig ekki að kaupa dýrar vinnuvjelar, þá eru mennirnir notaðir eins og dauðar vjelar, þar láta atvinnurekendur verkalýðinn bera t. d. salt og kol á bakinu í stað þess að nota vagna eða önnur flutningatæki. En samtímis og verkamenn gera meiri kröfur og kaupið hækkar, eykst menningin. Atvinnurekendur neyðast til að bæta starfsaðferðir, áhöld og vjelar, og því meiri verður aftur arðurinn og eftirtekjur fyrir þá. T. d. er það á allra vitorði, að hvergi er jafnhátt kaupgjald greitt eins og í Ameríku. En jafnhliða því, að mannsorkan er þar svo hátt metin, eru þar fleiri og fullkomnari vinnuvjelar en í nokkuru öðru landi, til þess að spara mannsaflið. Af þessu má því draga þá ályktun, að þar sem mannsorkan er dýr, þar læra atvinnurekendur að hagnýta sjer orku dauðra vjela. Þannig manna samtök verkalýðsins ekki aðeins verkafólkið sjálft heldur og atvinnurekendurna.

Hv. þm. Borgf. (PO) lauk máli sínu með þeirri ósk, að bróðurleg samvinna mætti takast milli beggja aðilja í kaupgjaldsþrætum, og kvað frv. þetta borið fram í því skyni að efla þessa bróðurlegu samvinnu. Hann ljet líka svo um mælt, að hann væri reiðubúinn að breyta mjög ýmsum ákvæðum frv., og taka upp þær breytingar, sem ætla mætti að treysti betur bróðurhuginn.

Í sambandi við þessi orð hans vil jeg þá láta hann vita nú þegar, að jeg er reiðubúinn að rjetta honum bróðurhönd, ekki til að breyta frv., það er þýðingarlaust. En ef hann vill hjálpa mjer til þess að drepa frv. Með því eina móti má ætla að bæta megi sambúðina milli beggja aðilja frá því, sem mundi verða, yrði frv. að lögum. Ekkert mundi spilla sambúðinni meir og fyrirbyggja alla bróðurlega samvinnu beggja aðilja en einmitt það, ef frv. yrði að lögum. Með þessum þrælalögum yrðu verkamenn sviftir þeim eina rjetti, sem þeir hafa, rjettinum til þess að verðleggja vinnu sína. Þetta finna og skilja verkamenn, þess vegna verður

hugur þeirra beiskari og grimmari í garð frv. með hverjum deginum, sem líður. Hingað til hefir verið látið heita svo, að eignarjetturinn væri friðhelgur. Svo segja að minsta kosti flm. frv. Sjómenn flestir og verkamenn yfir höfuð, eiga ekki neitt annað en starfsorku sína. Hún er þeirra eina eign. Eignarrjettur þeirra nær aðeins til hennar. Friðhelgi þess eignarrjettar ættu eignarrjettarfriðhelgipostular að virða. En verði frv. að lögum, er þessi friðhelgi fótum troðin, og verkalýður landsins þar með gerður að ánauðugum þrælum, er ekki má lengur verðleggja vinnu sína, en verður að sætta sig við þann dóm, er ákveður fyrir hvað vinna skuli.

Ef ástæða væri til að setja á fót með brauki og bramli dómstól til þess að ákveða kaup manna, þá væri síst ástæða til að stofna slíkan dómstól til að ákveða kaup þeirrar stjettarinnar, sem vitanlegt er um, að er langlægst launuð allra stjetta í landinu. Ef löggjafarvaldinu virðist þörf á að takmarka laun launamanna, þá væri eflaust frekari ástæða að byrja á öðru sviði en frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. Borgf. sagði að síðustu, að hin hvössu andmæli, sem frv. hefði sætt, væri frá þeim mönnum í flokki jafnaðarmanna, sem æstastir væru, og breyta vildu því þjóðskipulagi, sem nú ríkir. Andmælin væru því aðallega sprottin af þjóðnytingarstefnu jafnaðarmanna.

Mjer er nú engin launung á því, að jeg er þeirrar skoðunar, að hin eina varanlega lausn þessara mála sje þjóðnýting togaraflotans, þó að jeg ekki búist við, að sú breyting gerist alveg á næstunni. Þetta frv., ef samþykt yrði, mundi hvorki flýta eða seinka fyrir þjóðnýtingu. Verði togaraútgerðin rekin framvegis á svipaðan hátt og verið hefir til þessa, hljóta augu fleiri og fleiri manna að opnast fyrir því, hversu óheillavænlegt það er fyrir afkomu þjóðarinnar, að stærstu framleiðslutækin sjeu í höndum fárra manna, sem eingöngu nota þau með eigin hag fyrir augum. Þrælalögin mundu þar engu breyta. En þau mundu auka á kala og tortrygni verkalýðsins. Færa honum heim sanninn um það, að honum er ætlað að búa við önnur lög en „borgarar" þjóðfjelagsins alment. — Ef svo yrði stofnuð ríkislögregla til að framfylgja lögunum, gæti það leitt til beinna ryskinga og bardaga. Sumir ætla kannske að það mundi flýta fyrir því, að atvinnurekendum auðvaldsins yrði steypt af stóli.

Af þessu, sem jeg hefi nú sagt, gæti jeg trúað að einhver vildi látast álykta sem svo, að jeg ætti þá að samþykkja frv. En jeg hefi enga trú á slíkum hrossalækningum til þess að koma á þjóðnýtingu. Hún verður að byggjast á þróun atvinnuveganna og þroska einstaklinganna. Frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi verða til ills eins. Því er rjett að fella það strax. Hv. deild hefir enga ástæðu til að vísa því til 2. umr. og nefndar; frv. er sjálfdæmt. Best er að taka það af lífi strax.

Flm. (Jón Ólafsson): Það er hart að þurfa að eiga orðastað við þá menn, sem ekki hafa minsta vit á því, sem þeir eru þó að burðast við að þemba gúlana um; menn, sem forðast eins og heitan eld að koma nærri kjarna málsins, en láta móðan mása um alla heima og geima; menn, sem vaða rakalausan elginn

sýknt og heilagt og hafa ekkert annað fram að færa en staðlausa stafi og stóryrði. Það er hart, segi jeg, að vera neyddur til að eiga orðaskifti við þá menn um atvinnumál, sem skortir alla þekkingu á þeim, og hafa ekki meira vit en það, að þeir gripa til þeirra örþrifaráða að ræða slík alvörumál með þeim æsingum og gauragangi að slíks eru fá dæmi.

Og jeg verð að bæta því við, að það er raunalegt, að slíkt skuli geta komið fyrir á sjálfu löggjafarþingi þjóðarinnar, að hrúgað sje saman öðrum eins fádæmum af rangfærslum og sleggjudómum, eins og þessir æsingamenn leyfa sjer að gera, og það í jafn alvarlegu máli og því, sem hjer er á dagskrá, sem segja má um, að sje mál allrar þjóðarinnar.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) byrjaði ræðu sína á því að flytja þau skilaboð frá alþýðu þessa bæjar — og víst víðar frá eftir því sem mjer skildist síðar á honum — að alþýða eða verkamenn væru þegar staðráðnir í að mótmæla þessum þrælalögum, er hann svo nefndi.

Það er nú ekkert nýtt að heyra af vörum þessara manna, að alþýða mótmæli hinu og þessu, sem leiðtogarnir eru ekki ánægðir með. Það er gamla sagan, sem endurtekur sig í hvert sinn og eitthvað það kemur fram, sem alþýðuforsprakkarnir eru smeykir við að geti orðið til þess að hnekkja valdi þeirra. Þeir ganga þess svo sem ekki duldir, þessir æsingamenn, að þeirra pólitíska afkoma byggist á því að blása sem mest að ófriðareldinum.

En ef hv. 2. þm. Reykv. hefði gert sjer far um að kynna sjer hljóðið í verkamönnum, er mjer nær að halda, að skilaboðin hefði orðið á annan veg. Jeg hefi sannfrjett, að skömmu eftir að frv. þetta kom fram, hafi það borið á góma á milli verkamanna, sem voru að vinna niður á hafnarbakka, og þeir látið þau orð falla, að það væri mjög gleðilegt að frv. eins og þetta væri fram komið. Því fer líka betur, að margir verkamenn eru farnir að skilja kúgunarráðstafanir forsprakkanna og gera sjer ljósari grein fyrir hinum örlagaríku afleiðingum verkfallsbölsins. Þessvegna gleðjast verkamenn yfir hverri tilraun, sem gerð er til þess að leysa af þeim þær viðjar, er forsprakkarnir hafa hnept þá í, og lýsa ánægju sinni yfir því, að frv. eins og þetta skuli borið fram. Svona er nú hugur verkamanna undir niðri. (HV: Hvernig var það á Bárufundinum um daginn?). Þeir hafa sýnt það oftar en þá, þessir alþýðuleiðtogar, að það er auðvelt að hóa saman „kommúnistum“ og allskonar ungviði til þess að samþykkja hitt og þetta foringjunum í vil. Og svo eru þessir menn að tala um þurftarlaun. Hv. þm. Ísaf. (HG) talaði með miklum fjálgleik um það, að alstaðar skorti mikið á, að verkamenn eða alþýða yfir höfuð hefði það, sem hann kallar þurftarlaun. En hvenær hafa atvinnuvegir þjóðarinnar verið það öflugir, að þeir hafi betur fullnægt því skilyrði um það, sem kalla mætti þurftarlaun sjómanna, heldur en einmitt togaraútvegurinn? Þetta sýnir best, hvað þessir menn þekkja nauðalítið til atvinnulífs þjóðarinnar.

Hefðu þeir fylgst með framförum þjóðarinnar síðastliðin 30 ár og reynt að glöggva sig á þeim mörgu umbótum, sem orðið hafa á lífskjörum einstaklinganna, þykir mjer sennilegt, að þeir mundu hugsa sig tvisvar um áður en þeir heimtuðu að kyrkt væri þegar í

fæðingunni hver sú tilraun, sem til bóta mætti verða og framfara á atvinnusviði þjóðarinnar. Þó að jeg sje sannfærður um, að við sjeum það langt komnir með togaraútveginn, að lengra verði ef til vill ekki komist, þá er það ófyrirgefanlegt hermdarverk að kreppa svo að honum, að hann verði að draga saman seglin eða leggjast í rústir.

Annars er hv. 2. þm. Reykv. hvorki eins hreinskilinn nje opinskár og fjelagi hans, hv. þm. Ísaf. Hann dró enga dul á það, að bak við mótmælin gegn frv. væri vitanlega ekkert annað en þessi mikla draumsýn þeirra forsprakkanna, sem þeir kalla einu nafni þjóðnýtingu. En þessu þorði ekki hv. 2. þm. Reykv. að stynja upp, og eflaust af skiljanlegum ástæðum.

Ef hægt væri að ræða við þá um málið á þessum grundvelli, þá horfir það alt öðru vísi við. Sje það markmiðið að breyta því þjóðskipulagi, sem nú er, en taka upp þjóðnýtingu á öllum sviðum atvinnulífsins, þá má segja, að með frv. sje slegið úr höndum þessara manna eina vopnið, sem þeir hafa til þess að knýja fram þjóðnýtingu, en það eru verkföll og allar þær hörmungar, sem þeim fylgja.

Mjer hefir skilist, að þessir hv. þm., og jafnaðarmenn yfir höfuð, væru mótfallnir styrjöldum. En hvers vegna vilja þeir þá halda uppi þeirri styrjöld, sem að margra reynslu getur haft óteljandi hörmungar, fátækt og vesaldóm í för með sjer? Mjer er það með öllu óskiljanlegt, að þessir menn, sem þykjast með fagurgala sínum vera að hefja mannfólkið á hærra stig, skuli jafnhliða berjast fyrir því, að leiða yfir þjóðina annað eins böl, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja öllum verkföllum og atvinnustyrjöldum, er ekki verða stöðvaðar þegar í upphafi.

Það er fjarri mjer að neita því, að verkamenn hafi rjett til þess að leggja vinnu sína. Enda er sá rjettur að engu skertur með þessu frv. Jeg viðurkenni líka, að samtök verkamanna um launakjör sín eiga fullan rjett á sjer á meðan þau fara ekki út í neinar öfgar. Samtök verkamanna í þessum bæ eru líka eldri en stjórnmálaferill hv. 2. þm. Reykv. Þau samtök hafa að mörgu leyti orðið verkamönnum til hagsbóta, en það var áður en þessi hv. þm., illu heilli, hófst til valda. Síðan hann og aðrir hávaðaseggir og æsingamenn fóru að vasast í málum verkamanna hafa óeirðir og æsingar verið daglegt brauð, en minna um góðan árangur verkalýðnum til handa.

Hv. þm. Ísaf. rjeðst með offorsi á frv. og hafði margt við það að athuga. Það má vel vera, að lagfæra megi frv., enda munum við flm. geta fallist á allar þær breytingar, sem að okkar dómi miða til bóta, eða á einhvern hátt stuðla að því, að frv. nái betur þeim tilgangi, sem fyrir okkur vakir. En hitt er hreint og beint rangfærsla hv. þm., að við höfum felt sumt það niður úr norsku lögunum, sem standa hefði átt í þessu frv. Við höfum reynt að sníða frv. eftir því sem okkur hentar best. En hitt er satt, að við höfum með vilja felt niður alla þátttöku ríkisstjórnarinnar í þeim samningum, sem frv. nefnir. Jeg hefi aldrei heyrt þessa hv. þm. róma konungsþátttöku í þjóðarmálefnum. En nú bregður svo við, að það er eins og slept hafi verið kjörgrip, þar sem við höfum ekki sett ákvæði um þátttöku eða bein afskifti frá „hærri stöðum". Í Noregi er svo um hnútana búið, að kon-

ungur útnefni fasta menn í dóm, til þess að gera út um slíkar deilur. Þykir nú mótstöðumönnum þessa lagafrumvarps sem þess hafi ekki verið gætt, að hafa slíka persónu til þess að skapa festu um niðurstöðurnar.

Hv. þm, Ísaf. finnur það frv. þessu til foráttu, að það sje óákveðið og óskýrt í allmörgum atriðum, t. d. 2. gr. Grein þessa má ef til vill orða öðruvísi, en tæplega svo, að betur fari. 2. gr. fjallar einungis um það, að ef rofinn er dómur eða vinnusamningur, þá skerst dómstóll þessi í leikinn, ef ekki rætist úr á annan hátt. Jeg á hjer við dóm samkvæmt þessum lögum, og vinnusamning, sem undirskrifaður er af sáttasemjara, skv. lögum frá 1925. Þetta er nú hlutverk vinnudómsins, fyrst og fremst (**HG:** Má gera verkfall eftir dóminn?), og kveður greinin skýrt og eindregið á um verksvið dómsins. Aðvísu verður aðiljum, hvorum um sig, tæplega bannað að draga sig í hlje, eða draga saman seglin, ef atvik og kringumstæður heimta. (**HG:** Eru verkföll þá leyfileg? — **Forseti:** Ekki samtal! — **HG:** Jeg svaraði samstundis öllum fyrirspurnum, sem þessi hv. þm. bar fram undir ræðu minni áðan, óátalið af hæstv. forseta.)

Þá spurði hv. þm. Ísaf., hvað alment væri átt við með orðinu verkbann. Vildi hann halda því fram, að hugtakið verkbann næði t. d. yfir það, þegar fyrirtæki væri stöðvað, eftir að samið hefði verið um kaupgjald. Þá vil jeg, í þessu sambandi, spyrja hv. þm., hvort hann álíti það samningsrof eða verkbann af hálfu þess sveitabónda, sem ráðið hefir til sín kaupafólk fyrir ákveðið kaup, en sjer sjer, eftir atvikum, ekki fært að halda slætti áfram fram á veturnætur. Varla myndi alment svo álitið, enda nær kaupgjaldssamningur venjulega aðeins til þess, sem vinnuveitandi lætur vinna, en leggur honum hinsvegar enga kvöð á herðar, um að halda áfram lengur en honum er hagkvæmt atvinnu sinnar vegna. T. d. myndi sá, er rjeði menn til að byggja hús, eigi skyldugur til að halda áfram í það óendanlega að byggja ný og ný hús, einungis vegna hins upphaflega samnings. Hjer er því um algerðan misskilning að ræða hjá hv. þm. Ísaf., og er slíkt reyndar ekki óvanalegt hjá þeim manni. Með frv. þessu eru engar hömlur lagðar á atvinnufrelsi manna, og er því bæði vinnuveitendum og verkamönnum bæði rjett og skylt að haga atvinnu sinni eftir því, hvað heppilegast er í hverju einstöku tilfelli. Sami hv. þm. er þess fullviss, að ef þessi lög ná fram að ganga, þá sje þar með úti um vinnufriðinn í landinu fyrir fult og alt. Enginn skyldi þó ætla, að slík ummæli hafi fallið vegna umhyggju fyrir vinnufriðnum, heldur er hjer um blekking að ræða. Fátt er öllu verr sjeð úr herbúðum þessa hv. þm. heldur en einmitt vinnufriðurinn. Þessi hv. þm, er nógu hygginn á sviði æsinga til þess að sjá það, að vinnufriðurinn er einmitt hinn mesti Þrándur í Götu áhugamála hans og flokksmála. Fyrir honum vakir undir niðri það eitt, að ryðja þjóðnýtingarkenningunni braut, og því er vinnufriðurinn honum þyrnir í augum. Þeir svífast þess ekki að stofna atvinnuvegunum í beinan háska eða jafnvel leggja þá í rústir, til þess að undirbúa akurinn undir þjóðnýtinguna. Þetta er nú það, sem fyrir þessum hv. þm. vakir og flokksmönnum hans, þótt þeir í þessu máli vilji láta líta öðruvísi út.

Má vera, að þeir ógæfutímar renni upp yfir þessari þjóð, að þessir menn sjái vonir sínar rætast, en þó verð jeg að treysta á drengskap og heilbrigðan skilning alls þorra manna hjer á **landi**, til þess að hefta för slíkra manna og stemma stigu fyrir vitfirringu þeirri, er þeir vilja láta skipa öndvegið í íslenskum atvinnumálum og þjóðmálum. Öllum almenningi dylst það tæpast lengur, að það, sem rekur menn þessa til slíkrar iðju, er að langmestu leyti vonin um að geta síðar hirt þær tekjur, er nú renna í vasa atorkumannsins, og sem virðist vaxa þeim svo mjög í augum. Þetta kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Ísaf. Honum blöskrar, hvað útgerðarmenn græði á atvinnurekstri sínum, og hann reynir að láta líta svo út sem sá gróði sje ranglega af sjómönnum tekinn, og að útgerðarmenn lifi þannig á vinnu og erfiði annara. Þessi gersamlega rakalausu ummæli koma úr hörðustu átt, því þessum hv. þm. hefir hingað til ekki verið sjerlega óljúft að lifa á öðrum, og ferst honum því síst að viðhafa stór orð. Verð jeg að segja það, að óskammfeilnin gengur þá helst til langt, þegar hv. þm. Ísaf. leyfir sjer að viðhafa slík orð, hann, sem af flestum er viðurkendur að vera ein gráðugasta beinahít þessarar hv. deildar, og það þó ekki að mjög miklum makleglekum, hvað hæfileikana snertir.

Þá segir þessi sami hv. þm., að verkföllin þroski verkamennina. Jeg held, að þetta sje sagt gegn betri vitund, en þó má þetta að nokkuru leyti til sanns vegar færa. Jeg er þess fullviss, að nýafstaðið verkfall hefir þroskað verkamenn og lokið upp augum þeirra fyrir mikilsverðum staðreyndum. Þetta mun sannast á því, að næst munu þeir hugsa mál sitt með meiri stillingu og sanngirni, þegar reynt verður að koma á verkfalli, í stað þess að láta stjórnast af fáum æsingamönnum. Verkalýðurinn hefir hinsvegar beðið stórkostlegt fjárhagslegt tjón af verkfallinu, og mun það minst taka 2 ár fyrir verkamenn að vinna upp þann halla, sem þeir hafa orðið fyrir, vegna hinnar óheppilegu ráðsmensku hinna svokölluðu leiðtoga þeirra. Fer ekki hjá því, að slíkar óheillaaðfarir færi verkamönnum heim sanninn um margt, sem betur mætti fara. Ennfremur heldur sami hv. þm. því fram, að ef frv. þetta næði fram að ganga, myndu sjómenn fyllast beiskju og kala til þeirra manna, er frumkvæði ættu að þessari lagasetningu og einkum hefðu lagt henni lið sitt. Þetta er ákaflega mikill misskilningur, því að það þori jeg að fullyrða, að a. m. k. þeir ⅔ hlutar sjómanna, sem við síðasta verkfall voru blátt áfram þvingaðir til að vera vinnulausir, muni taka frv. þessu opnum örmum. Þá langar ekki til þess, að eiga sífelt yfir höfði sjer að verða ofurseldir nokkrum æsingamönnum og neyddir til að hætta vinnu um aðal-bjargræðistímann og horfa upp á konur sínar og börn líða skort og hungur; og mjer er ekki með öllu grunlaust, að margir þeirra ungu manna, sem forkólfunum tókst í þetta sinn að æsa upp til að skapa meiri hl., muni síðar, þegar líkt stendur á, hugsa sig um tvisvar áður en þeir leggja út í annan eins bardaga og nú er ný-afstaðinn.

Hv. meðflm. minn, þm. Borgf. (PO), hefir skýrt frv. í einstökum atriðum, og þ. á m. leiðrjett misskilning hv. þm, Ísaf., sem er samskonar og kom fram á einum svokölluðum borgarafundi hjer

í bænum fyrir skemstu. Er engu líkara en hv. þm. hafi fengið þennan misskilning að láni, vísvitandi. Hann tekur 10. gr. frv. og setur í samband við önnur lög, en greinin fjallar einungis um sig sjálfa, hvað sektarákvæðunum viðvíkur. Jeg vildi því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp þessa gr., til frekari skilnings hv. þm. Ísaf. Greinin hljóðar svo:

„Aldrei má gera verkbann eða verkfall áður en deilumál þau, er í lögum þessum segir, koma til aðgerða sáttasemjara. Svo er og bannað að gera verkbann eða verkfall meðan sáttatilraunir sáttasemjara eða dómsmeðferð samkvæmt lögum þessum stendur yfir.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum í ríkissjóð, 500—10000 kr. og auk þess skaðabótum eftir almennum reglum.

Sektir má innheimta með aðför í eignum hinna seku."

Þetta er þá alt og sumt, sem misskilningnum hefir valdið, þeim misskilningi, að öll lögin væru háð þessari einu grein. Þegar svo skýrri grein er snúið við, hverju má þá búast við um aðrar gr. óskýrari.

Bæði hv. 2. þm. Reykv. (HV) og hv. þm. Ísaf. (HG) eru á einu máli um, að dómum eftir þessu frv. yrði ekki hlýtt. Hreint aukaatriði að lýsa slíku yfir hjer. Alþingi er einungis með þessu frv., að gera tilraun til þess að koma í veg fyrir, að slíkt brjálæði sem verkföll og verkbönn nái að verða atvinnuvegum vorum að fótakefli í framtíðinni. Hinsvegar dettur engum í hug, að þeir menn, sem nú eru áhrifamestir innan vjebanda verkalýðsfjelaganna hjer á landi, muni láta dóma og niðurstöður þessa umrædda vinnudóms í friði, heldur munu þeir að sjálfsögðu gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til að sporna við því, að lögin nái tilgangi sínum á þessu sviði. En öll alþjóð manna er svo sanngjörn og löghlýðin, að hún mun allsendis ófús á að raska ákvæðum dómsins, að þeim upplýsingum fengnum, sem 8. gr. ræðir um. Og jeg hefi ekki þá trú, að sumir af þeim, sem nú kalla sig leiðtoga alþýðunnar, muni síðar meir hafa slíkt vald, sem þeir að undanförnu virðast hafa haft, til óheilla og skaðræðis fyrir hina vinnandi stjett í heild, ef einungis unnið er að umbótum á sviði kaupdeilumálanna á þeim heilbrigða grundvelli, sem með frv. þessu er lagður. Æsingar forkólfanna ganga einkum út á það, að vekja tortrygni hjá verkamönnum, með því að halda að þeim því, að atvinnurekendur stórgræði og sjeu því færir um að gjalda hærra kaup. 8. gr. frv. veitir öllum aðiljum tækifæri til að vita hið sanna og rjetta um það. Og forkólfarnir vita það reyndar ósköp vel, að hinn meiri háttar atvinnurekstur, t. d. toğaraútgerðin, hefir alls ekki grætt að undanförnu. Um það bera og skattskýrslur órækt vitni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni. Aðeins vil jeg að endingu taka fram, að hv. þm. Ísaf. farast næsta ódrengilega orð í sambandi við það, að við vildum ekki greiða ½% af ísfisksafla til háseta. Hann segir beinlínis, að slíkt væri heppilegt og hagkvæmt vegna þess, að þá myndu sjómenn skemma minna af aflanum eða eyðileggja. Hjer dregur hv. þm. upp helst til dökka mynd af hinni íslensku sjómannastjett, og get jeg af eigin reynslu vitnað það, að slíkt er með öllu tilhæfulaust og rakalaust. Hefi jeg aldrei orðið þess var, að kaupa þurfi

trúmensku þeirra, og eru því slíkar aðdróttanir ódrengilegar og að ósekju gerðar. Að visu hefir verið reynt að ala á ótrúmensku og ómensku meðal þeirra, en það verð jeg að segja sjómönnum til verðugs hróss, að enn sem komið er, hafa þeir látið það hjal leiðtoganna sem vind um eyrun þjóta, og í engu svikist undan skyldum sínum. En tilgangur þessa hv. þm. er alls ekki sá, að bæta kjör hásetanna með þessu ½%, heldur hitt, að ef sjómenn hefðu þannig hlutdeild í aflanum, myndu æsingamennirnir fá tækifæri til þess að koma því inn hjá þeim, að útgerðarmenn stælu af aflanum, og gætu þeir því á þennan hátt eyðilagt alla friðsamlega samvinnu beggja aðilja. Gæti og þetta komið sjer vel fyrir blöðin, a. m. k. sum þeirra. Hv. þm. Ísaf. stendur fyrir einu slíku blaði, og er það ljóst, að slíkur er tilgangurinn, enda hefir það greinilega sannast, að slíkir menn sem hv þm, Ísaf., bera ekki hag alþýðunnar fyrir brjósti, þegar í nauðirnar rekur.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það mun engum hafa blandast hugur um, þegar frv. þetta kom fram, að hverjum því væri stefnt. Enda kom það beint fram í ræðu hv. flm. (JÓl), að því væri stefnt að Sjómannafjelagi Reykjavíkur, eins og öllum var ljóst í upphafi.

Þar sem rætur þessa máls liggja alldjúpt, er jeg neyddur til að fara nokkuð langt aftur í tímann til þess að skýra mál mitt. Vinnudeilur eru ekkert nýmæli í heiminum, því að þær eru jafngamlar stóriðjurekstrinum. Hvað okkur snertir, þá höfum við 13 ára reynslu í þessum efnum. Fyrstu vinnudeilurnar, sem nokkuð kvað að, voru háðar 1916. Undirrótin undir vinnudeilunum er í raun og veru öllum landslýð kunn. Hún er eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, deilan um skiftingu af arði framleiðslunnar, hve mikið af honum eigi að fara í vasa þeirra, sem að framleiðslunni vinna, og hve mikið í vasa þeirra, sem hafa umráð framleiðslutækjanna. Eins og eðlilegt var, varð sjómannastjettin íslenska fyrst fyrir barðinu á stóriðjurekstrinum hjer. Laun íslenskra háseta 1915 voru ekki ýkja mikil, og allir þekkja við hvaða kjör þeir áttu þá að búa, og skal jeg ekki fara að ræða um þau hjer, því að þau eru kunn af umræðunum um vökulögin, sem nú hefir verið siglt í höfn. Er deilan því nú aðallega um það, að skapa hásetum viðunandi kjör, hvað kaupið snertir og önnur þægindi, er samrýmast við vinnuna. Árið 1916 stóð deilan um þann hluta kaupsins, sem hásetar fengu goldinn í lifrarhlut. Var lifrin þá samkvæmt samningi milli sjómanna og útgerðarmanna metin á 35 kr. fatið, en alkunnugt var, að hvert fat var að verðmæti 70 kr. Snerist því deilan um það, hvort sjómenn fengju að njóta hins raunverulega verðs eða ekki, eða öllu heldur um eignarrjett lifrarinnar, sem allmargir útgerðarmenn höfðu þá afhent hásetum sínum, á tímum, sem verðmæti hennar var mjög lítið. Endirinn varð svo sá, að hásetar fengu 60 kr. fyrir tunnuna, en eignarrjettinn á lifrinni fengu þeir ekki.

Það kom oft fram í ræðu hv. flm., að yfirleitt væri ekki nema um verkfall að ræða milli tveggja aðilja, þegar vinnustöðvun væri. En þetta er hinn mesti misskilningur, því að þau eru fleiri tilfellin, þar sem beinlínis hefir verið um verkbann að ræða, en verkbann er það, þegar atvinnurekendurnir stöðva

framleiðslutækin. Það vill nú einmitt svo vel til, að jeg hefi hjer skrá yfir deilur þær, sem háðar hafa verið um launakjör millisjómannastjettarinnar og atvinnurekenda hjer í Reykjavík á síðastliðnum 13 árum, og þau eru fleiri tilfellin, þar sem um hefir verið að ræða verkbann af hálfu atvinnurekenda, þar sem þeir hafa stöðvað atvinnutækin til þess að koma fram kauplækkun. Við það hefir ekkert þótt að athuga, en hitt hefir aftur talist óttalegt, ef verkamenn hafa stöðvað vinnu sína, eða með öðrum orðum, gert verkfall, til þess að reyna að fá kjör sín bætt. Fyrsta verkbannið í stærri stíl var hjer árið 1921. En þá stóð svo á, að samningar höfðu nýlega verið gerðir (17. des. 1920) milli sjómanna og útgerðarmanna, en þrátt fyrir það segja útgerðarmenn í byrjun febrúar 1921, að annað tveggja verði að gera, að lækka kaup sjómannanna, eða leggja skipunum upp. Að sjálfsögðu gengu sjómenn ekki inn á kauplækkunina, og var skipunum því lagt upp, og lágu þau þá inni í 1½ mánuð.

Vildi jeg nú gjarnan við þetta tækifæri fá upplýst hjá hv. flm. (JÓl), hve mörgum miljónum landið hafi tapað við það verkbann. Deila þessi endaði þannig, að sjómenn hjeldu samningum sínum, og störfuðu eftir sem áður á flotanum með óbreyttu kaupi, að deilunni lokinni. Næsta deilan er 1923. Þá stendur í þófi á milli útgerðarmanna og sjómanna fram á mitt árið. Var deila þessi háð af hálfu útgerðarmanna og er því annað verkbannið á þessu tímabili.

Þriðja verkbannið er svo aftur haustið 1925. Þá er togaraflotanum lagt upp nokkru eftir að ísfiskiveiðarnar byrjuðu, og látinn liggja inni í mánuð, aðeins til þess að knýja fram launalækkun við hásetana. Hve mörgum miljónum tapaði þjóðin þá, hv. flm.?

Annað verkfallið á þessum 13 árum er verkfall það eða vinnustöðvun, sem háð var um fyrstu mánuði þessa árs, og eins og kunnugt er verður það álitamál, hvort orsökin til þeirrar vinnustöðvunar er ekki frekar frá útgerðarmönnum runnin.

Jeg hefi nú sýnt og sannað, að í þessum 5 tilfellum, sem jeg hefi nefnt, eru það útgerðarmenn, sem í 3 tilfellunum hefja verkbann, með því að knýja fram kauplækkun. En í tveimur tilfellunum eru það sjómennirnir, sem ákveða vinnustöðvun, þegar engir samningar voru til um fyrir hvað unnið skyldi. Jeg get nú ekki gengið fram hjá því hjer, að gera grein fyrir hverjar kröfur sjómenn og útgerðarmenn hafa borið fram í hverju einstöku af þessum tilfellum. 1916 er krafa sjómanna sú, að þeir fái að halda eignarrjettinum á lífrinni. En 1921 fara svo útgerðarmenn fram á það, að fastakaup háseta lækki um þriðjung, en lífrarhluturinn um helming. Úr þeirri kröfu varð ekkert. Hinn 11. sept. sama ár fara þeir svo enn fram á, að fastakaup háseta lækki úr 275 kr. ofan í 200 kr. og lífrartunnan, sem var 52 kr., ofan í 16 kr. Endir þeirrar deilu varð sá, að fastakaupið varð 240 kr., en lífrarfatið lækkaði niður í 25 kr. Á þessu má sjá, að kröfur útgerðarmanna hafa ekki altaf verið sem hógværastar. Árið 1922 gera útgerðarmenn svo aftur þá kröfu, að fastakaup háseta lækki úr 240 kr. niður í 170 kr., og lífrarfatið úr 25 kr. niður í 20 kr. Þessi krafa þeirra var svo langt

fyrir neðan alla sanngirni, að öllum sanngjörnum mönnum blöskraði ósvífni útgerðarmanna. Stóð svo deila um þetta fram til haustsins 1923, og lauk þá á þann hátt, að fastakaupið var fært niður í kr. 220 á mánuði, en verði lifrarinnar var ekkert breytt. Í sambandi við þessa deilu stóð verkbannið á fjórða mánuð.

1925 standa þessi mál þannig, að þá er kaup háseta orðið 260 kr. á mánuði og lifrarfatið 30 kr. Hafði sú kauphækkun náðst, án þess að til deilu kæmi, í lok ársins 1924. Því að þá var sjerstakt góðæri og dýrtíðin hafði vaxið að miklum mun, en aftur á móti varð afli óvenjumikill og fiskverð ágætt. En um haustið gera útgerðarmenn hvorki meira eða minna en þá kröfu, að fastakaup háseta lækki um 25% og lifrin sömuleiðis um 25%. Endir þeirrar deilu varð svo sá, að fastakaupið var lækkað um 10% og lifrarverðið um 2 kr. á fati.

Jeg tek þetta fram hjer sökum þess, að hv. flm. (JÓl) sagði, að kaupdeilur þessar hefðu verið svo harðar, af því að kröfur sjómanna hefðu altaf verið svo ósvífnar. Allar hafa deilur þessar verið háðar á friðsamlegan hátt, nema ef vera kynni, þegar slegist var á hafnarbakkanum 1923, sem kom til af því, að útgerðarmenn voru að reyna að teyma út á skipin menn, sem ekki voru í Sjómannafjelaginu. Var þeim því einum um þær óspektir að kenna.

Ávöxturinn af þessum deilum hefir yfirleitt orðið sá, að sjómenn hafa altaf borið meira úr býtum fyrir samtök sín en ella myndi hafa orðið. Og jeg vil meina, að þó að dómstóll hefði átt í þessum tilfellum að fjalla um deilumálin, þá mundi meira hafa hallað á sjómannastjettina en raun varð á, Það mun engum blandast hugur um, að kaup sjómanna hefir síst verið of hátt öll þessi ár, en þó mundi það hafa orðið lægra, ef samtök þeirra hefðu ekki verið eins öflug og raun ber vitni um. Það eru einmitt þessi samtök sjómannanna, sem útgerðarmenn vilja gera máttlaus, eða hættulaus eins og þeir kalla það, með frv. þessu. Eins og jeg tók fram áðan, hafa kaupdeilurnar yfirleitt farið friðsamlega fram, enda vita sjómenn hvað í húfi er, ef þeim væri hægt um að kenna óspektir o. þ. h. Þó eru ekki fá dæmi þess, að þeir menn úr sjómannastjettinni, sem staðið hafa framarlega og haft orð fyrir mönnunum, hafa mátt kenna þess hjá útgerðarmönnum með því ,að tapa atvinnu sinni, fyrir það eitt, að mótmæla kúgunartilraunum þeirra og hvetja fjelaga sína til samheldni. Þannig var ákveðið af útgerðarmönnum 1916, að þeir menn úr Sjómannafjelaginu, sem stýrimannapróf höfðu, skyldu ekki fá hærri stöður en háseta stöður vegna þátttöku sinnar í verkfallinu.

Þá vil jeg nefna 2. atr., sem ekki er allóverulegt í sambandi við þetta mál, en það er deilan um, hvernig kaupgreiðslunum skuli varið, þ. e. a. s., að hve miklu leyti sjómennirnir njóta góðra aflabragða í tekjum sínum. Fyrst þegar togararnir komu og tekið var upp fast kaup á þeim, þá var það algerð stefnubreyting frá því, sem áður hafði tíðkast. Hin ævagamla venja um greiðslu kaupsins í hlut, hafði verið notuð á þilskipunum. En þá hefð skar togaraútgerðin niður, en tók upp kaupgjaldsvenjur verksmiðjuiðnaðarins, að greiða föst laun. Þessi venja hjá útgerðarfjelögunum, að greiða föst laun, skor-

in við neglur sjer, kann að vera áhætta fyrir þá, þegar mjög illa gengur, en er líka stórgróði, þegar vel gengur. En þessi rangláta undirstaða kaupgreiðslunnar er mjög mikill þáttur í því, sem deilum veldur.

Jeg er máske ekki nógu kunnugur hvernig þessu háttar með öðrum þjóðum. En jeg þekki enga aðra þjóð en okkar, þar sem enginn hluti vinnulauna á útgerð er greiddur með hluta úr afla, annaðhvort að magni eða verði aflans. Á Englandi er hásetum greiddur hluti af nettóverði aflans. Dregin frá 100 stpd. af verði aflans úr ferð, að öðru leyti en því, að hásetar fá af „brúttó" í raun og veru. Og svipað er það hjá Þjóðverjum, Hollendingum, Belgum og Frökkum. Í kröfum þeim, sem hásetar gerðu síðast, var farið fram á, að þeir fengju ½% af söluverði aflans þann tíma, sem togararnir væru á ísfiskveiðum, til að bæta hásetum upp það tap, sem þeir bíða við þær veiðar, miðað við þau skip, sem á sama tíma stunda saltfiskiveiðar. En það var eins og að stinga hníf í hjarta útgerðarmannanna að nefna þetta. Skipstjórar, stýrimenn og vjelstjórar hafa þó % af afla. En að hásetar nytu hins sama, var eins og að nefna snöru í hengds manns húsi. Nú væru þó engir erfiðleikar þessu samfara, því fiskurinn er seldur jafnskjótt og honum er skipað á land í Englandi. Verðið kemur strax í ljós, svo enginn misskilningur getur um það orðið, hverja upphæð ber að borga.

Nú geri jeg ráð fyrir, að útgerðarmenn svari því, að þessi sala sje venjulega svo lág, að ekki sje hægt að greiða af henni. Er því rjett að líta á það, hver salan hefir verið.

1925 var meðalsala á togurunum 1320£. 1926 1153£, 1927 1144£ og 1928 1176£. Meðalsala hefir því verið um 1200£, og hluti háseta því um 60£ að meðaltali úr ferð. Um það, hvað hver ferð kostar útgerðina, ætla jeg ekki að ræða. En kunnugir telja, að meðaltalskostnaður muni vera um 700—800£ á skip. Hjer er því um verulegan gróða að ræða hjá útgerðinni, sem að meinfangalausu gæti greitt þessa uppbót. Kaupgjaldið undanfarin ár hefir nú verið mismunandi, þar sem það fór eftir vísitölu. Þessi 3 síðustu ár „vinnufriðarárin", sem hv. þm. sumir kalla svo, fór kaupið hraðlækkandi og var komið niður í kr. 196,70 á mán., fasta kaupið, og í kr. 23,50 þóknun af hverju lifrarfati. Og þótt hv. flm. og fleiri vilji kenna forgöngumönnum verkamanna um verkfall þetta, þá er þó sannleikurinn sá, að þetta er alda, sem skapast hefir af hinum þröngu kjörum, sem sjómenn hafa átt við að búa. Og þá bylgju var ekki hægt að lægja á annan hátt en þann, að bætt yrðu kjör þessara manna. — Besta ráðið til að forðast þetta væri vitanlega það, að hásetar hefðu rjettlátan hluta af afla togaranna. En slíkt rjettlæti hefir ekki átt upp á háborðið hjá útgerðarmönnum hjer. -- Það hefir verið bent á það af öðrum hjer, að þegar þessi samtök verkamanna eru orðin svo sterk, að útgerðarmenn þykjast ekki geta við þau ráðið, þá heimti þeir lög til þess að tryggja sjer meiri hl. vald og geta ráðið kjörum háseta. Þetta frv. er því vopn, sem leggja á í hönd atvinnurekenda, gegn þeim mönnum, sem fyrir ári síðan voru nefndir hermenn drottins, og íhaldsblöðin töluðu þá um, að væru víkingar, sem bæru höfuðin hátt. Það verður ljóst, hver hræsni þetta var, þegar sömu

aðiljar berjast fyrir því, að slá þau einu vopn úr höndum þeirra, sem þeir eiga í lífsbaráttunni. Það er margt, sem þurft hefði að taka til athuguar í ræðu hv. flm. Hann var að benda til atburða, sem skeðu fyrir nokkrum árum. Er því rjett að skýra þá nokkru nánar.

Á þingi 1925 voru samþykt ný lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, þar sem sáttasemjari, skipaður af ríkinu, skyldi ganga milli aðilja, er um vinnudeilur væri að ræða. Þetta frv. var samþykt umræðulitið og ágreiningslaust, enda gott og sjálfsagt, og hefir líka borið allgóðan árangur og mun gera enn. Slík tilhögun þekkist og hjá nágrannaþjóðunum og hefir reynst vel. Reynsla sú, er hjer hefir fengist, sýnir, að af 3 deilum, sem upp hafa komið, hefir sáttasemjara tekist að jafna 2. Jeg skal nú ekki leggja dóm á það, af hvaða orsökum þetta tókst ekki nú. Máske hafa útgerðarmenn haldið, að sáttasemjara tækist að vinna háseta til fylgis við tillögur sínar og þeir því verið harðari gagnvart honum ef ske kynni, að þeir á þann hátt gætu haft áhrif á, að tillögur hans gengju ekki eins langt í þeirra garð. Að minsta kosti reyndust útgerðarmenn mjög harðir samningsaðiljar gagnvart sáttasemjara, harðsnúnari en nokkur ástæða var til, og það er grunur minn, að þeir hafi ekki kept svo mjög að því, að vera búnir að semja fyrir áramót. Jeg hygg, að þeir hafi gjarna viljað láta það dragast til þings, í þeirri von, að þeir hefðu á einhvern hátt gott af því, eins og líka kom á daginn. En þótt svo tækist til, að sáttasemjari rjeði ekki við þessa deilu í þetta sinn, af ástæðum, sem öllum, er til þekkja, eru kunnar, þá verður þó ávalt besta lausnin, að óhlutdrægur 3. maður gangi á milli aðilja og leiði til sátta. Það er því bæði óheppilegt og óþarft að setja á stofn dómstól til þess að þvinga fram verkalaun og kaupkjör í fullri óþökk sjómanna og verkamanna. Mjer skildist á hv. flm., að verkamenn hefðu svelt sig til þess að ná þessari kauphækkun. Jeg veit nú ekki hvort hv. þm. er svo kunnugur, að hann geti fullyrt neitt um þetta. En hafi svo verið, þá sýnir það það eitt, að hásetar hafa heldur viljað svelta en láta kúga sig. Það sýnir, að þeir vilja vera frjálsir menn í frjálsu landi, sem hafi full ráð yfir lífi sínu og athöfnum.

Þótt sá tími, sem útgerðin var stöðvuð, sje yfirleitt rýr fyrir útgerðina, að jafnaði stundaðar ísfiskveiðar, og skipin hreinsuð og undirbúin undir vetrarvertíðina, þá var þó í þetta sinn nægur fiskur — og veðrátta sjerlega hagstæð. — Hafa því útgerðarmenn fleygt frá sjer arði, sem tvímælalaust hefði runnið þeim í skaut. En þetta verða þeir fyrst og fremst að kenna sjálfum sjer um.

Þá vil jeg næst minnast á samninginn frá 1925. (**Rödd**: Hann var frá 1926!). Nei, hann var frá 2. desember 1925 og gilti til síðustu áramóta. — Það er mjög vel skiljanlegt, að útgerðarmenn væru vel ánægðir með þann samning, því hann bygðist á vísitölu, sem viðurkent er af útgerðarmönnum, að hafi verið sjómönnum óhagstæð, og eftir henni hefir kaup háseta og lífrarþóknun lækkað miklu meira en lífsnauðsynjarnar.

Því atriði, hve hátt sjómenn settu kröfur sínar, hefir hv. þm. Ísaf. svarað. Samkvæmt þeim hefðu laun háseta orðið hæst 5000 kr., og þar sem embættismenn hafa sýnt fram á það, að slík laun nægja ekki fyrir brýnustu lífsnauð-

synjum þeirra, miðað við þarfir fimm manna fjölskyldu hjer í bæ, þá er sýnt, að hjer var ekki farið fram á meira en minst mátti vera til þess að lifa heilbrigðu og sómasamlegu lífi. Sjómenn hafa því ekki verið neitt óforskammaðir í kröfum sínum, eins og útgerðarmenn orða það, heldur þvert á móti. Það var nú ýmislegt fleira í ræðum hv. flm., sem gaman væri að athuga, en slíkt má gera við 2. umr., ef málið á annað borð fær þá náð að komast svo langt. Í þetta sinn mun jeg aðeins stikla á nokkrum punktum.

Hv. flm. sagði, að hjer væri ekkert auðvald, aðeins bjargálnamenn. Jeg veit nú varla, hvað hv. þm. á við. Ef litið er til hv. þm. og stjettarbræðra hans, útgerðarmannanna, þá er ljóst, að margir þeirra eru miklu meira en bjargálnamenn. Sumir geta kallast vel fjáðir og sumir auðmenn á íslenskan mælikvarða. Þessi auður er afrakstur útgerðarinnar, þrátt fyrir harmagrát útgerðarmanna um tap á tap ofan. Nei, hjer er um auðmenn að ræða, sem sjá má á öllum lifnaðarháttum þeirra. Hv. flm. talaði ennfremur um það, að fáeinir æstir menn rjeðu þessum málum. En því hefir verið svarað áður, að það eru engir 1, 2 eða 3 menn, sem með forystu sinni skapa þessar deilur. Og það er rjett. Deilurnar eru knúðar fram af atvinnurekendum sjálfum með svo lágum launum, að þau skapa þá ólgu, sem brýst fram í vinnudeilunum. Þá sagði hv. flm., að þeir menn töluðu mest á móti frv., sem ekkert hefðu til brunns að bera um þetta mál. Jeg skal nú ekki leggja dóm á, hvor rjettara hefir fyrir sjer í þessu máli. En það hygg jeg, að hv. þdm. viðurkenni, að rökin í þessu máli sjeu a. m. k. ekki hans megin. Og þetta mál er þess eðlis, að um það getur hver meðalgreindur maður myndað sjer skoðun og talað, þótt þekkingu hans á útgerðarmálum kunni í einhverju að vera ábótavant. En þarfir og launakröfur sjómanna þekkjum við fulltrúar verkamanna miklu betur en hv. flm. og hans fjelagar.

Þá vildi hv. flm. telja, að frv. þetta væri vel sjeð í herbúðum verkamanna og sjómanna. Jeg veit nú ekki, hvort hv. flm. hefir litið upp á pallana, þegar frv. þetta var fyrst á dagskrá. En hafi hann gert það, þá er víst, að hann hefir ekki mætt þar neinum ástaraugum. Nei, þeir horfðu árciðanlega með þungum huga til þessa frv. og flm. þess. — Það er víst, að sjómenn skilja það, að hjer er ekki um mál að ræða þeim til hagsbóta, heldur er þetta mál útgerðarmanna. Og jeg hefi engan sjómann fundið, sem óskar eftir því, að frv. þetta nái fram að ganga. Og hafi einhver sagt hv. flm. annað, þá hygg jeg, að honum hafi verið sagt ósatt.

Þá staðhæfði hv. flm., að kröfur verkamanna væru að kyrkja atvinnurekstur inn hjer á landi. Jeg skil nú ekki á hverju hv. flm. byggir þessa staðhæfingu. Kröfur háseta hafa aðeins numið lágmarkslaunum til lífsframfæris, sem vitanlegt er, að útgerðin getur vel borgað. Ef alt það væri ljóst, sem nú er í myrkrunum hulið, um hag útgerðarinnar, þá sæist hvort hún gæti borið þetta og meira. Og það eitt er víst, að ávalt hefir þetta sama vígorð verið notað í öllum kaupdeilum, og altaf eykst skipastóllinn. Hallir útgerðarmanna stækka og veita meiri lífsþægindi, m. ö. o., útgerðin yfirleitt virðist standa með blóma. — Reynsla þjóðanna er líka sú, að eftir því sem laun-

in hækka, eykst geta fyrirtækjanna, því hærra kaupgjald hvetur til meiri hagsýni á rekstrinum.

Þá kom hv. flm. að því, að við vildum þjóðnýta útgerðina og stefndum að því. Jeg játa það, að með jafnstóran atvinnurekstur, sem togaraútgerðin er orðin, væri hún eflaust betur rekin á þann hátt fyrir hagsmuni fjöldans í landinu. Og þótt tími sje máske ekki kominn til þess ennþá, þá er það þó framtíðarmarkið, sem keppa ber að.

Þá þótti hv. flm. það undarlegt, að jafnaðarmenn væru á móti ófriði en styddu þá styrjöld, sem verkföll hafa í för með sjer. Það er nú svo, að styrjaldir milli þjóða eru mannvíg. En í verkföllunum hjer á landi hafa engin mannvíg orðið hingað til, og jeg vona að þau verði eigi heldur hjer eftir. Þetta tvent er því alls ekki sambærilegt. Verkföll og verkbönn eru ekkert annað en harðsnúinn verslunarbarátta um kaup og kjör. Jeg veit heldur ekki til þess, að jafnaðarmenn sjeu nokkursstaðar í heiminum á móti því, að verkamenn leggi niður vinnu til þess að knýja fram betri lífskjör, en vitanlegt er það, að þeir vinna manna mest á móti stríði og styrjöldum í heiminum.

Hv. flm. viðurkennir nauðsyn samtakanna. En til hvers eru samtök, ef aldrei má beita þeim. Og nái þetta frv. fram að ganga og verði því fylgt fram, þá geta verkamenn engin not haft af samtökum sínum, og því síður beitt þeim í kaupdeilum. Þetta veit hv. flm. ofur vel. Hann veit, að með slíkum dómstóli, sem hjer ræðir um, er alveg skorið fyrir að samtakanna. Hv. flm. játaði það eftir ítrekaðar fyrirspurnir, að eftir þessu frv. eru verkföll ekki leyfileg nema einstökum mönnum. En það er ekki á venjulegu máli kallað verkfall, þó að einn og einn maður leggi niður vinnu. Verkfall er ekki fyr en fleiri menn hætta vinnu í sameiningu.

En hvað er þá verkbann? Í augum hv. flm. er víst ekki annað verkbann en þegar hann segir beinlínis: Nú stöðva jeg vinnuna til þess að lækka laun verkamannanna. Hitt nefnir hann áreiðanlega alls ekki verkbann, þó að útvegurinn stöðvist eins og t. d. árið 1926, af ástæðum, sem útgerðarmenn telja óviðráðanlegar, en jeg tel að hægt sje að ráða við. Og það er einmitt einn megin gallinn á því, að atvinnutækin sjeu í höndum einstakra manna, að þeir hugsa eingöngu um sinn eiginn hag. Gangi reksturinn af einhverjum ástæðum svo erfiðlega, að eigi sje von hagnaðar, þá stöðva þeir atvinnuna, og verkalýðurinn stendur uppi með tvær hendur tómar. En þetta kalla útgerðarmenn ekki verkbann.

Hv. flm. sagði, að síðasta verkfall mundi hafa opnað augu verkamannanna fyrir því, að verkföll væru þeim eigi til hagnaðar. Jeg skil það vel, að hv. flm. muni vera það ljóst, að verkfallið hafi eigi orðið honum eða öðrum útvegsmönnum til hagnaðar. En jeg get fullvissað hv. flm. um það, að sjómenn líta svo á, hvað sem tekjum þessa árs líður, að tími komi eftir þennan tíma, og þeir muni hafa drjúgan hagnað af verkfallinu í framtíðinni. Hv. flm. sjer það líka. Því aðeins er þetta frv. fram komið. En svo segir hv. flm.: „Jeg efast um, að sjómenn vilji leggja út í annan bardaga.“ Það er ekki okkar að svara því. Það fer eftir ástæðum. Haldist verðlag óbreytt og verði atvinna stöðug, tel jeg ekki líklegt, að sjómenn muni gera kröfur til mik-

illa breytinga á næstunni. En breytist aðstaðan þeim í óhag, fara þeir vafalaust fram á leiðrjettingu á launum sínum, og þá veltur alt á því, hvernig hv. flm. og hans fjelagar taka í það mál, hvort vinnustöðvun verður eða ekki.

Hv. flm. kallar verkföllin brjálæði og segir, að Alþingi verði að hafa vit fyrir verkamönnum. Jeg hefi nú hvergi sjeð það, að menn, sem leggja niður vinnu í þeim tilgangi að fá hagkvæma samninga, væru álitnir brjálaðir. Engum nema hv. flm. er það samboðið, að mæla þessi orð til þeirrar stjettar, sem fært hefir honum stórtekjur árum saman.

Hv. flm. heldur, að lögunum muni verða hlýtt. En reynslan annarstaðar er sú, að slíkum lögum hefir ekki verið hlýtt. Og svo mundi einnig fara hjer. Og það er háskalegt fyrir Alþingi að samþykkja þau lög, sem vita má fyrirfram, að eigi muni verða hlýtt. Því sú sterka andúð, sem þegar er fram komin gegn þessu frv., gefur manni fulla ástæðu til að álykta, að ef slíkt yrði að lögum, þá yrði þeim ekki hlýtt. Og það er ómögulegt annað, en að önnur eins þvingunarlög og hjer er um að ræða, yrðu þverbrotin.

Jeg ætla eigi að svara nú þeirri staðhæfingu hv. flm., að útgerðin hafi eigi safnað auði. Gefst ef til vill tækifæri til þess síðar. En hann var að dróttа því að sjómönnunum, að þeir mundu skemma fiskinn viljandi fyrir útgerðarmönnum. Jeg hefi aldrei heyrt meira vanþakklæti fyrir dyggilega unnin störf. (**ÓTh**: Það var hv. þm. Ísaf. (HG), sem færði þetta dæmi.) Já, en hann tók það upp eftir hv. flm.

Það er annars merkilegt, hve útvegsmenn eru oft og tíðum óglöggir á sinn eiginn hag. Þeir slógust af lífi og sál gegn vökulögunum, en nú er það sýnt og sannað, að þau lög hafa engum fært meiri gróða en einmitt útgerðarmönnunum sjálfum. Jeg skal nefna annað dæmi. Útgerðarmenn voru á móti frí í höfn. En þegar það komst á, reyndist það stórhagur fyrir útgerðina. Svona eru þeir nú vitrir, togaraútgerðarmennirnir okkar. Þeir fást jafnvel ekki til þess að festa augu á sínum eigin hagsmunum, nema sjómennirnir knýi þá til þess með öflugum samtökum og vinnustöðvunum og tíðast með tilslökunum á kaupi sínu.

Jeg hefi nú í stórum dráttum gagnrýnt meginhlutann af ræðu hv. flm. Það, sem eftir er, mun eigi vera svo veigamikið, að eigi sje skaðlaust að láta því ósvarað.

Þá kem jeg að hv. þm. Borgf. (PO). Mjer er næst að halda, að hann hafi talað af tómri þægð í þessu máli, þægð við flokksbræður sína, togaraútgerðarmennina hjer. Ekkert á hann í togaraútgerð, og í kjördæmi hans er enginn togari. Þar tíðkast hlutaskifti og launafyrirkomulag alt öðruvísi en hjer í Reykjavík. Jeg held þess vegna, að þessi hv. þm. hafi ekki talað út frá sínum innra manni, þegar hann var að bisa við að að verja þetta frv.

Hv. þm. vildi sýna fram á það, að þetta frv., sem hjer hefir nú verið svo rækilega gagnrýnt í þessari hv. deild, færi ekki fram á neina þvingun. Það væri óþörf endurtekning hjá mjer að telja upp þau ágætu rök, sem hjer hafa verið flutt gegn þessari staðhæfingu, og hv. þm. Borgf. (PO) hefir enn eigi tekist að hrekja. (**PO**: Jeg á nú eftir að tala.) En jeg hjó eftir einu, sem hv.

þm. sagði í þessu sambandi. Hann sagði: „Það er ekkert í þessu frv., sem skyldar útgerðarmenn til þess að gera út.“ (PO: Jeg sagði meira.) Já, en þessi orð hv. þm. vil jeg undirstrika. Jeg vil biðja hv. þdm. að taka vel eftir því, að hv. þm. Borgf. hefir viðurkent það, að í frv. sje ekkert, sem skyldi útgerðarmenn til að gera út.

Hv. þm. Borgf. er þeirrar trúar, að þetta fyrirkomulag muni reynast vel. Hann og aðrir dýrkendur þessa frv. eru altaf að vitna í Noreg og reynsluna þar. En sannleikurinn er sá, að gerðardómslögin í Noregi hafa reynst svo illa, að engum lifandi manni dettur nú í hug að fara eftir þeim, nema íhaldinu hjer uppi á Íslandi.

„Öll verkföll hafa endað með samkomulagi“, segir hv .þm. Borgf. Samt telur hann þörf á þvingunardómi. Hann þykist vilja binda enda á togstreituna milli sjómanna og útgerðarmanna. En það verður ekki gert með þvingun. Og úr því að frv. girðir eigi fyrir það, að hægt sje að gera verkbönn, sje jeg ekki, að neitt sje við það unnið, jafnvel frá sjónarmiði hv. þm. Borgf.

Jeg undraðist mjög yfir ummælum hv. þm. Borgf., þegar hann, svo skýr maður, var að tala um bróðurlega úrlausn þessa máls. Hann veit það vel, að við, sem deilum um kaup sjómannanna á togurunum, erum engir óvinir. Hjer er aðeins um hreint fjárhagsmál að ræða, sem báðum aðiljum er viðkvæmt. Og í slíkum málum er erfitt að dæma. Það veit hv. þm. Borgf.

Hv. þm. Borgf. sagði ýmislegt fleira, sem vert væri athugunar. En jeg vil að síðustu aðeins segja það, að aðferðin til að ná friðsamlegri lausn þessa máls er eigi sú, að búa til lög, sem gera það að verkum, að annar aðilinn hlýtur að fyllast heift og gremju yfir því, að vera sviftur frelsi til að selja vinnu sína því verði, sem honum þóknast. Það er alveg sama og að dæma kaupmann til að selja vöru sína ákveðnu verði. Jeg geri raunar ekki ráð fyrir, að þessi dómstóll mundi dæma aðra en þá, sem eiga í launadeilum við togaraútgerðina, og þá lægst launuðu stjettirnar, sjómenn og daglaunamenn, t. d. ekki iðaðarmenn, sem margir hverjir hafa hátt kaup. Hann á aðeins að dæma þá, sem lægst eru launaðir. Er þetta ekki hróplegt misrjetti? Jeg veit, að jafnvel á togaraflotanum eru menn, sem enga togstreitu þurfa til að fá laun sín hækkuð. T. d. fá loftskeytamenn umyrðalaust 20% hækkun um leið og kaup sjómannanna hækkar um 15—16%. Reynslan sýnir, að útgerðarmenn virðast jafnan hafa fullar hendur fjár til að greiða þeim mönnum, sem þeir þykjast geta, ef svo mætti að orði kveða, kallað sína menn, menn, sem þeir geta haft til eins og annars. Jeg skal eigi tala um fleiri. Hv. þm. Borgf. veit þetta eins vel og jeg. Hann þekkir það misrjetti, sem á sjer stað á skipunum. Heldur hann e. t. v., að dóminum myndi verða beitt á skipstjóra og stýrimenn á togurum? Ó-nei.

Jeg ætla að treysta því, að hv. þdm. láti sjer skiljast það, að samþykt þessa dóms yrði aldrei til þess að auka frið í landi hjer. Það traust mun jeg bera til hv. deildar, uns annað verður uppi á teningnum, að hún samþykki aldrei dóm, sem dæmir bitann og sopann í munn barna og kvenna lægst launuðu stjettanna í landinu, hversu stór hann skuli vera. Hjeðan úr deildinni ætti

þetta frv. aldrei að fara og ekki lengra en til þessarar umr. Þess mundi minst hjá komandi kynslóð.

Magnús Jónsson: Það er mikið rjett í því, sem hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði áðan, að þetta mál væri aðallega fjárhagsmál. Jeg er honum alveg sammála um, að það sje fyrst og fremst fjárhagsmál. En jeg vil segja meira. Ef það er aðallega fjárhagsmál, þá er ekki heppilegt að ræða það eins og hv. jafnaðarmenn hafa gert nú í þessari hv. deild. Það er ákaflega óheppilegt að gera fjárhagsmál að hita- og æsingamálum. Jeg býst nú við, að ræða mín stingi nokkuð í stúf við það, sem hingað til hefir verið talað í þessu máli. Umræðurnar bera það með sjer, að í þeim kennir áhrifa frá þeim heitu deilum, sem átt hafa sjer stað undanfarið. Jeg hefi verið hlutlaus í þeim deilum og hefi því betri aðstöðu en ýmsir aðrir til að tala um þetta mál af fullri rósemd og stillingu.

Maður gæti eiginlega, að óreyndu, talið ólíklegt, að jafnaðarmenn hefðu þá aðstöðu í málinu, sem fram hefir komið í þessum umr. Flokkur, sem öðrum fremur telur sjer umhugað að hjálpa þjóðunum áfram á þeirri braut, sem erfiðust er, braut framfaranna, og boðar trúna á hið komanda þúsund ára ríki á jörðunni, ætti að taka opnum örmum hverri viðleitni, sem miðar að því að innleiða heilbrigt skipulag og lyfta mannfjelaginu á hærra stig en það nú er á. Hvert tækifæri, sem þeim gefst til að vinna að aukning menningarinnar í veröldinni, ætti að vera þeim óbilandi fagnaðarefni, ef þeir lifa samkvæmt kenningu sinni.

En sú er hin óheillavænlega venja íslenskra jafnaðarmanna, að seilast eftir lausn hvers máls til annara landa. Stefna þeirra er sjálf innflutt frá öðrum löndum. Og í hvert sinn, sem vanda ber að höndum hjer heima, spyrja jafnaðarmennirnir íslensku: Hvað segja flokksbræður okkar í öðrum löndum um þetta?

Þetta er því kynlegra sem íslenskir jafnaðarmenn ættu í raun og veru að vera betur til forystu fallnir en samherjar þeirra annarstaðar. Og það er af því, að þeir styðjast við óvenju vel mentaða alþýðu. Mjer hafa tjáð menn, sem þekkja vel til farmensku og siglinga, að íslenskir sjómenn skari langt fram úr stjettarbræðrum sínum í flestum mentum. Og það er satt að segja ákaflega leiðinlegt, ef verkamannaforingjarnir hjer standa svo langt að baki liðinu, að þeir þurfi að líta upp til útlendu stjettarbræðranna. Þeir ættu að fara að venja útlendu leiðtogana á að líta upp til sín, alveg eins og erlendir sjómenn verða að líta upp til íslenskra sjómanna. Hefðu nú jafnaðarmenn hjer kjark til að viðurkenna, að með þessu frv. væri stefnt í rjetta átt, hvað sem fjelagar þeirra erlendis segja, þá mundi vegur þeirra vaxa. Þeir mundu þá hafa stigið drjúgt spor í áttina til þess að veikja vald hnefarjettarins í heiminum. Steinaldarmaðurinn tekur stóran tinnustein, vefur um hann hráblautri ól, og þegar hún er orðin hörð, hefir hann sleggju þessa að vopni og ver með henni konu sína, börn, búfje og annað, er þess gerist þörf. Og þessi sleggja er honum röksemd í deilumálum, enda mun þaðan komið orðið sleggjudómur.

En smám saman vaxa menn upp úr

þessu ástandi. — Jeg býst ekki við því, að það hafi verið auðhlaupið að því að afnema blóðhefndina til forna. En það var mikil framför frá því, er áður var, er farið var að fela betri mönnum að gera um málið, og farið var að jafna víg með fje. Bestu málalokin voru sættir.

Á öllum sviðum er þetta að færast í rjetta átt. Þegar tvo menn greinir á í einhverju máli, er það venja að fá góða menn til þess að gera um málið. — Þannig er það í viðskiftalífinu, þannig er það með öll fjármál. Menn berjast ekki lengur um úrslitin, málinu er vísað til dóms, og báðir aðiljar sætta sig við dóminn. En hvorki við nje aðrar þjóðir höfum komist svona langt á öllum sviðum. Eitt af því, sem ennþá er háð lögmáli steinaldarinnar, eru vinnudeilurnar. Þar þykir sjálfsagt að berjast til þrautar með hnefarjettaraðferð og láta aflsmun ráða. En það verður eigi til langframa. Hvort sem þetta frv. verður felt eða ekki og hvort sem gerðardómurinn norski verður afnuminn eða ekki, þá er jeg viss um, að slíkar till. sem þessar koma altaf fram aftur. Þær munu sigra að lokum, og að því ráði verður horfið, að láta góða menn gera um þessar deilur sem aðrar. Leiðinlegt er það þá fyrir þá menn, er nú standa fastast gegn þessu frv., að sagan hljóti að kveða þann dóm upp yfir þeim, að þeir hafi verið fulltrúar steinaldarmenningarinnar og haldið fastast við hnefarjettinn á þessu sviði.

Allsstaðar er stefnt að þessu sama marki. Þegar deilur hafa komið upp milli þjóðanna, hafa þær jafnan viljað jafna þær með hnefarjetti og hefja stríð. Nú er verið að koma gerðardómi á um slíkar deilur, bæði með samningum milli einstakra þjóða, og svo með því að hafa allsherjar dómstól um slíkar deilur. Vinnur Þjóðabandalagið að þessu. Margir spá því, að það muni verða til lítils gagns, en þetta er þó spor í áttina. Menn geta stansað á rjettri leið, farið króka og hringsólað, en það stefnir að þessu marki: Að jafna deilur án þess að rjúfa friðinn.

Jeg hefi enga tröllatrú á því, að þótt frv. þetta verði samþ., skapist á augabragði einhver Fróðafriður í landinu eða vinnufriður sá, sem svo mikið hefir verið rætt um hjer. Jeg álít frv. heldur ekki alfullkomið, nje að eigi megi bæta það í ýmsum atriðum.

Aðalatriðið fyrir mjer er það, að frv. stefnir í rjetta átt, því að það er óhugsandi annað, en að framtíðarúrlausnin verði sú, að fá gert um mál þessi sem önnur deilumál. (HV: Eftir hvaða reglum?) Eftir settum reglum. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að fá mál hefðu mætt jafnmikilli andúð og þetta mál. Mjer er ekki kunnugt um það, hve mikilli andúð það hefir mætt í því fjelagi, er hv. þm. er viðriðinn. Annars væri gaman að vita, hve mikinn þátt hann og aðrir leiðtogar eiga í þeirri andúð.

Hinsvegar sannar það ekkert, þótt málið verði fyrir einhverri mótstöðu. Þannig er því ætíð farið um öll merk nýmæli í byrjun. Ekki munu ríkir höfðingjar í fornöld hafa sætt sig við það orðalaust að láta gera um mál sín, en þeir urðu að láta í minni pokann, eins og afturhaldið hlýtur altaf að gera. Þannig mun og fara um mál þetta, hvort sem andúðin gegn því stendur lengur eða skemur.

Mjer finst það sjálfsmótsögn, að fulltrúar jafnaðarmanna skuli standa á móti þessu frv. Þeir eru ávalt með

munninn fullan af fögrum lýsingum á því þjóðskipulagi, er þeir vilja koma á. Og eftir lýsingum þeirra, hlýtur það einmitt að vera all-líkt og þetta, sem hjer er farið fram á, því að þeir eru altaf að prjedika það,hvað hinn óbundni einstaklingsvilji sje skaðlegur.

Nú er það svo, að ríkið skamtar starfsmönnum sínum kaup. — Þannig yrði það einnig í framtíðar-ríki jafnaðarmanna, en mundu verkamennirnir þá ætíð verða ásáttir um kaupgjaldið fremur en nú? — Jeg veit, að hv. þm. jafnaðarmanna bera það fram, að þá sjeu það verkamennirnir, sem ráði.

Ekki getur allur fjöldinn komið saman og ráðið ráðum sínum; það verður að fela slíkt úrskurðarvald vitrum og góðum mönnum, alveg eins og hjer er farið fram á. Slíkur dómstóll ætti því að vera í samræmi við skoðanir jafnaðarmanna.

Hv. jafnaðarmenn eru ætíð að prjedika það, hvað auðvaldsfyrirkomulagið, eins og þeir orða það, sje gersamlega óhæft. — Þeir ættu þá að gleðjast yfir því, að frv. þetta væri einn naglinn í líkkistu þess fyrirkomulags.

Frv. þetta lætur í ljós þá skoðun flm. og annara, er því eru fylgjandi, að æskilegt væri að reyna að koma í veg fyrir verkföll og verkbönn, vegna þess að hvorttveggja væru aðeins leifar af fornum hnefarjetti, sem eigi sje sæmilegt að láta lengur viðgangast.

Hv. 2. þm. Reykv. hjelt því fram, að verkamenn gripu aldrei til verkfalls nema þegar þess væri þörf. Þetta segja atvinnurekendur líka. Það er eins og hv. þm. Ísaf. (HG) sagði, að þegar tveir deila, otar hver sínum tota. Báðir aðiljar halda, að rjetturinn sje þeirra megin, og að ráðin, sem þeir grípa til, til þess að sigra, sje nauðvörn, og því er eina ráðið, að láta gera um deiluna.

Hv. þm. (HG) sagði ýmislegt, sem mjer fanst undir virðingu hans. T. d., að með frv. þessu ætti að skapa „þrælahald", að hjer væri verið að skapa verkalýðnum lægri rjett en öðrum. En hv. þm. gleymdi að leiða rök að því, í hverju þetta þrælahald væri fólgið, og hverjir eru þessir „aðrir"? Ekki geta það verið starfsmenn ríkisins, ekki þeir, sem vinna á skrifstofum eða við verslun, því að þeim er skamtað kaupið og verða þeir sjálfir að skera úr því, hvort þeir vilja taka vinnunni með því kaupgjaldi. Hjer er heldur ekki verið að þvinga menn til þess að vinna. Jeg hygg, að þessi orð, þrælalög og þrælahald, sjeu sprottin af misskilningi, því að ýmsir munu hafa skilið frv. þannig, að halda ætti mönnum að vinnu fyrir ákveðið kaup, að viðlögðum háum sektum. Nú hefir það margoft verið sýnt, að hjer er um enga slíka þvingun að ræða og hefðu þessir menn því átt að vera þau prúðmenni, að hætta að nota slík nöfn. (HG: Sulturinn og neyðin eiga að þvinga menn til þess að vinna.) Þá mætti segja það um fleiri en verkamenn. Nei, þetta er ekkert annað en einhver steinaldar-tröllkarl, sem risinn er upp og veifar nú sleggjunni yfir höfði sjer, og heimtar að hún fái að skera úr málunum.

Hið sama er um það að segja, þegar einn hv. þm. sló í borðið af æsingi miklum og hrópaði: Verkalýðurinn vill ráða, hann á að ráða og skal ráða! Er Mussolini kominn hjer í deildina? Nei. Hjer á engin ein stjett manna að ráða öðrum fremur, og slíkt ættu þeir síðast allra að segja, sem boða jöfnuð og jafnrjetti.

Flest það, er haft hefir verið á móti þessu frv., eru grýlur einar. Hjer er um enga þvingun að ræða, og verkfallsrjetturinn er ekki tekinn af verkamönnum nema um stutta stund, á meðan verið er að gera um málin.

Þá má ef til vill segja: Hvaða gagn er að frv., ef það heimtar svona lítið? Jeg svara: Það er spor í rjetta átt.

Aldrei er hægt að koma mönnum á hærra menningarstig nema með þolinmæði og þrautseigju. Aðalkostur þessa frv. er sá, að það bendir á heppilega leið í þessum málum, án allrar þvingunar, og er þó auðsjeð, að á bak við það stendur sá vilji, er eigi mun gefast upp í bráð, hvernig svo sem frv. þetta fer nú.

Og ef frv. þetta er svo vita áhrifalaust, hvernig stendur þá á því, að menn eru svo æstir, er þeir tala gegn því, að þeir standa hjer náfölir með blóðhlaupin augu og berja í borðið?

Sannleikurinn er sá, að hjer er meira afl en þeir vilja játa, og verið er að taka vopnin úr höndum leiðtoganna. Og erfitt mun það reynast mönnum þessum að sannfæra þm. um það, að verkföll sjeu til bóta, en það er eina röksemdin, sem væri nokkurs virði gegn frv.

Hv. þm. Ísaf. (HG) hóf ræðu sína á því að segja, að hv. 1. flm. frv. (JÓl) hefði ekkert vit á þessu máli. — Það er altaf leiðinlegt, þegar menn, sem vit hafa á einhverju máli, brýna aðra á slíku, en þó tekur alveg út yfir þegar menn, sem eru lítilli þekkingu gæddir á málunum, láta sjer slíkt um munn fara við þá, sem þekkinguna hafa. Nú er það alkunnugt um hv. 1. flm., að hann er máli þessu manna kunnugastur alt frá því, er hann stundaði sjálfur sjó og þar til að hann nú stjórnar einu stærsta fyrirtæki hjer á landi í þessari atvinnugrein. — Þetta er engu líkara en ef jeg færi að fara úr háskólanum um borð í einhvern togarann og segði skipstjóranum, að hann hefði eiginlega ekkert vit á því, hvernig ætti að fara að því að veiða fisk, jeg vissi það miklu betur.

Mjer þótti undarlega við bregða, þegar hv. þm. (HG) fór að telja rök sín gegn frv., að þá voru margar forsendur hans þannig, að þær hljóta að verða til þess að styðja frv. Hv. þm. sagði, eins og jeg gat um áðan, að þegar tveir deildu, otaði hver sínum tota.

Þetta er alveg rjett, en hvaða ályktun má draga af þessu? Báðir aðiljar álíta æfinlega, að rjetturinn sje þeirra megin. Þetta sýnir því aðeins nauðsynina, að hafa óháðan dómstól, er dæmi um slík deilumál. Jeg verð að segja það, að jeg er alveg hissa á því, að jafn glöggur og skýr maður og hv. þm. er, skuli ekki geta fundið önnur rök gegn þessu frv.

Þá sagði hv. þm., að þegar tveir deildu, bæri sterkari aðili jafnan hærri hlut frá borði. Svo bætti hann við, að þeir, sem stærri hlutinn hreptu í þessum deilum, væru þeir, er hefðu eignarrjett á framleiðslutækjunum, togurunum. Jeg er ekki viss um, að þetta sje rjett hjá hv. flm. En setjum svo, að þessu væri þannig farið, og að togaraeigendurnir hrifsuðu altaf ljónspartinn til sín. Hvar er hv. þm. þá á vegi staddur með rök sín gegn frv.? Er það þá ekki glæpsamlegt af hv. þm., sem er fulltrúi hins veikari parts, að vilja ekki, að þeim sje veitt lið, sem afskiftir eru, eins og dómurinn mundi gera. Hann segir: Sá veikari verður jafnan afskift-

ur. Hjer eru verkamennirnir veikari aðilinn. En samt vil jeg ekki láta óhlutdrægan dómstól gera um deilumálin. Þetta er rökvilla.

En annars finst mjer því einnig skjóta nokkuð skökku við hjá hv. þm., þegar hann heldur því fram hjer á Alþingi, að verkamenn sjeu veikari og afskiftari aðilinn, en í blaði sínu æpir hann um þennan stórsigur samtakanna, þegar verkfallinu lauk. (**HG:** Við erum að vinna smátt og smátt.)

Í mínum augum er það „Pyrrusarsigur" að vinna stórsigur, en verða þó jafnan afskiftur.

Hv. þm. sagði einnig, að í þessum lögum væru verkalýðsfjelögin í fyrsta skifti viðurkend sem rjettur aðili. (**HV:** Hvar eru þau viðurkend?) Hv. þm. ætti að spyrja sessunaut sinn (HG) að því, því að hann sagði þetta. (**HG:** Jeg sagði aðeins, að þetta væri viðurkent af flm. frv.) Jæja, látum þá sessunautana og flokksbræðurna bítast um þetta, en jeg vildi aðeins spyrja hv. þm. (HG): Ef hjer er um viðurkenning á verkamannasamtökunum að ræða, hvers vegna telur hann það þá ekki rök með frv.?

Þannig snúast þá öll vopnin í hendi hv. þm. Hann ætlaði að mæla móti frv., en færði óvart mörg góð og gild rök fyrir því.

Þá sagði hv. þm. að gerðardómurinn í Noregi hlyti að falla úr gildi um 1. ágúst, eða að minsta kosti væri ómögulegt, að hann gæti verið áfram í þeirri mynd, sem hann er nú. Jeg skal ekkert um þetta dæma, en ef svo er, þá er þetta alveg í samræmi við það, sem jeg sagði. Slíkum stórmálum sem þessum, verður ekki til lykta ráðið í einu vetfangi. Jeg álít það engan ósigur fyrir þetta mál, þótt lögin verði afnumin í bili. Þetta er mál, sem hlýtur að verða tekið upp aftur, uns það hefir unnið fullan sigur, eins og er um öll rjettlætismál.

Þá fór hv. þm. Ísaf. (HG) mjög út í einstakar gr. frv., enda þótt það sje með öllu óleyfilegt við 1. umr., þar sem málin skulu aðeins rædd alment. Jeg ætla hjer ekki að fara að dæmi hans, en víst er um það, að þar rak hver firran aðra hjá hv. þm. Hann sagði t. d., að dómstóllinn ætti fyrst að setja lög og svo að dæma eftir þeim. Hvar er gert ráð fyrir því í frv.? (**HG:** Í 1. gr.) Mjer virtist hv. þm. eiga við það, að hjer væri engin ákvæði til um lögmæti verkbanns eða verkfalls, og þau ætti dómurinn að setja. En þau ákvæði eru til, ef þetta frv. verður samþykt, því að þar er svo ákveðið, að ekki megi gera verkföll eða verkbönn áður en sáttaumleitanir hefjast, nje heldur á meðan þær standa yfir eða málið er fyrir dómstólnum. Þarna eru komin ákvæði um lögmæti verkfalla og verkbanna, en dómurinn skal hins vegar ákveða, hve háar sektir skuli greiða fyrir afbrot gegn þeim ákvæðum. Það mætti líka vera í meira lagi fáránleg hugsun, að dómstóll ætti sjálfur að setja lögin, sem hann dæmir eftir. (**HG:** Já, víst er hún það.) Já, þessi fáránlega skepna hefir nú hvergi fæðst nema í heila hv. þm. Ísaf. (HG).

Þá er það í mesta máta undarlegt, að hv. þm. Ísaf. skuli telja það fjarstæðu, að hægt sje að breyta frv. frá því, sem það nú er. Jeg skal fúslega játa, að jeg vildi breyta ýmsum atriðum í frv. og að jeg tel það ekki nægilega glögglega orðað á sumum stöðum. Þannig vildi jeg láta taka til athugunar, hvaða hjeraðsdómari skuli skipa dóm-

inn, ef verkfall eða verkbann nær yfir fleiri en eitt lögsagnarumdæmi, t. d. Reykjavík og Hafnarfjörð, ef þetta er ekki nógu skýrt í frv. Jeg skal líka játa, að mjer finst það hálf hart, að hjeraðsdómari kveðji menn í dóminn, en ekki aðiljar sjálfir. En öðru eins og þessu er hægðarleikur að breyta.

Þá sagði hv. þm. Ísaf. (HG) að verkföll væru bönnuð með öllu eftir 10. gr. frv., og las hann greinina upp, máli sínu til sönnunar. Jeg vil nú með leyfi hæstv. forseta gera hið sama. Þar segir svo:

„Aldrei má gera verkfall eða verkbann, áður en deilumál þau, er í lögum þessum segir, koma til aðgerða sáttasemjara. Svo er og bannað, að gera verkbann eða verkfall meðan sáttatilraunir sáttasemjara eða dómsmeðferð samkvæmt þessum lögum stendur yfir. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum í ríkissjóð, 500—10.000 kr. og auk þess skaðabótum eftir almennum reglum. Sektir má innheimta með aðför í eignum hinna seku."

Verkföll eru bönnuð áður en dómur gengur og á meðan á dómi stendur, segir hv. þm. Ísaf. (HG) með rjettu — og á eftir, bætir hann við frá sjálfum sjer og ber í borðið. (HG: Á þá ekki að hlýða dóminum?) Nei, verkföll eru hvergi bönnuð í frv., eftir að dómur er genginn, enda væri hv. þm. Ísaf. innan handar að koma með brtt. um að fella slíkt ákvæði niður, ef það væri til. (HV: Eru verkföll þá leyfð, eftir að dómur er fallinn?). Að mínu áliti er það. Dómur nær ekki lengra en það að ákveða, að ef unnið sje, þá skuli það kaup gilda, sem er sanngjarnt og eðlilegt að mati hans. (HV: Ekki segir hv. 1. flm. (JÓl) það.) Jeg hefi ekki heyrt, hvað hann hefir sagt, en jeg veit, að hann getur ekki hafa sagt annað. Ef svo væri, að verkföll og verkbönn væru með öllu bönnuð, þá væri máske ástæða til að kalla þetta þrælalög. En ef einstaklingum er heimilt að leggja niður vinnu eða stöðva atvinnurekstur, þá er öllum fjöldanum það heimilt líka, því að af hverjum samanstendur fjöldinn nema af einstaklingum?

Þá vildi jeg leiðrjetta lítið eitt það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um þurftarlaunin, út af skýrslunni um laun embættismanna. Jeg er honum þakklátur fyrir það, að hann virtist hlyntur því, að launakjörin yrðu bætt, en það er misskilningur, ef hann álítur, að þar sjeu ekki taldar nema „blábrýnustu þarfir" og lífsnauðsynjar. Eins og fylgiskjölin bera með sjer, er hjer miðað við venjulega reynslu í þessum efnum. Að vísu er þar ekki gert ráð fyrir eyðslu í vín, dýrar veislur eða ferðalög, en þó eru þar óneitanlega póstar, sem hægt er að draga fram lífið án.

Jeg er alls ekki að segja með þessu, að jeg álíti, að sjómenn hafi nóg kaup. Jeg vildi að það gæti verið sem allra mest, og jeg, sem ekki hefi annað að lifa á en vinnu mína, hlýt að finna til samúðar og skyldleika með þeim mönnum, sem eins stendur á fyrir. En jeg vil láta samþykkja gerðardóminn til þess að öll gögn fáist á borðið, og hægt sje að ákveða hæfilegt kaup.

Mjer kom það nokkuð spánskt fyrir, að heyra hve hv. þm. Ísaf. (HG) talaði af miklum fjálgleik um þá grein stjórnarskrárinnar, sem ákveður friðhelgi eignarrjettarins. Mjer þótti vænt um að heyra það á þessum hv. þm., að hann væri nú farinn að sjá, að þessi rjettarmeðvitund mundi vera mönnum

nokkuð samgróin og ekki gott að ganga alveg fram hjá henni. En ályktunin, sem hann dró, var vitanlega rammskökk, þar sem hann hjelt því fram, að gengið væri á þennan rjett með stofnun vinnudómsins, og stafaði hún af þeim röngu forsendum, sem jeg hefi þegar hrakið, að gerðardómurinn sje að nokkru leyti þvingunardómur.

Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði, að vinnan væri eina vara verkamanna, og nú mættu þeir ekki ráða verði á þeirri vöru. En það er nú svo, að sjálfræði manna um verð á vöru sinni er allskilorðsbundið. Það er venjulegast eftirspurnin, sem verðinu ræður. Ef einhver kaupir vöru nú fyrir hærra verð en hann getur selt hana, verður það að vera hans tap. Ef tala skal um vinnu sem vöru, verður að miða gildi hennar við frjálst markaðsverð, eins og aðrar vörur!

Jeg man ekki betur en að jafnaðarmenn væru á sínum tíma frakkastir í því að heimta sett á hámarksverð á ýmsar vörutegundir, og hv. 2. þm. Reykv. (HV) væri formaður í nefnd, sem að því starfaði. (HV: Aldrei!) Jæja, svo mikið var víst, að í slíkri nefnd var hann, þótt hann hafi kannske ekki verið formaður. Þá voru þeir ekki hræddir við hámarksverð á vörum, en nú rjúka þeir upp til handa og fóta, af ótta við að missa það vopn, sem reynst hefir þeim notadrýgst til upphefðar, enda þótt hún sje máske einhverju öðru að þakka líka.

Það er álit mitt, að gerðardómstóll sem þessi, geti komið að miklu gagni, enda þótt hann banni hvorki verkföll nje verkbönn.

1. Það er hreint menningarmál að draga slíkar deilur sem þessar fyrir hlutlausan dómstól, í stað þess að afl hins sterkara ráði úrslitum.

2. Það er enginn vafi á, að sáttasemjara mundi verða stórmikill stuðningur í því, að hafa slíkan dóm á bak við sig.

3. Og í þriðja lagi er stórkostlega mikið unnið við að tefja fyrir verkbönnum og verkföllum meðan á sáttatilraunum stendur.

Í raun og veru er hjer um hið sama að ræða og að koma í veg fyrir styrjaldir milli þjóða. Ef skynsamir menn og góðgjarnir af báðum þjóðum væru látnir talast við, áður en til friðslita kemur, myndu níu af hverjum tíu styrjöldum afstýrt. Ef hinu illvíga kappi og æsingum, sem oft komast inn í slík mál, væri afstýrt, er enginn vafi á, að betur tækist til en ella.

4. Þótt hvorugur aðili sje neyddur til sátta, er það ákaflega mikilsvert að ákveða, hvaða kaup sje rjettmætt að dómi óvilhallra og sanngjarnra manna. Jeg held t. d., að vinnuveitendur hafi oft hulinn grun um, að ef þeir standi sem fastast á móti, muni þeim takast að fá kaupið lækkað, og að verkamenn muni eins að sínu leyti telja harðvítugt ofurkapp vænlegast til sigurs. En ef kaupið er ákveðið af gerðardómi, þurfa hvorugir aðiljar að gera ráð fyrir að mótspyrna þeirra beri árangur í hækkuðu eða lækkuðu kaupgjaldi frá því, sem dómstóllinn ákveður.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en þykir vænt um, að tveir af stærstu flokkum þingsins skuli standa að þessu frv. En jeg verð að segja það, að jeg kenni í brjósti um jafnaðarmenn, að þeir skuli vera einu afturhaldsmennirnir í þessu máli og vilja halda í rjett hins sterkara, í stað

þess að láta vitra menn og góðgjarna gera um málið, svo að ásannist, að vjer lifum í rjettar-ríki.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg er annar þeirra þm., sem fluttu hjer á þingi frv. um sáttasemjara í vinnudeilum, og jeg er þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið eigi hjer á landi, enn sem komið er, ekki að hafa önnur afskifti af verkföllum og verkbönnum en að ganga á milli og miðla málum. Sáttasemjari hefir þegar unnið mikið gagn og leyst alvarlegar deilur með milligöngu sinni, og er þess að vænta, að svo verði og framvegis. Jeg skal ekki bera á móti því, að gerðardómur geti verið góð úrlausn, en hann verður því aðeins að gagni, að trygt sje, að honum verði hlýtt, en það verður eigi nema að báðir aðiljar skuldbindi sig fyrirfram til að hlíta honum.

Þjóðfjelagið hefir viðurkent samtök atvinnurekenda og verkamanna. Með afskiftum sínum getur þjóðfjelagið að vísu sprengt samtök annarshvors aðiljans, en það hefir hvergi reynst varanleg úrlausn. Slík samtök verða að springa af innri orsökum, þegar boginn er spentur of hátt, en þriðji aðili skapar engan frið með sprengingu. En afskifti þjóðfjelagsins af vinnudeilum, að öðrum eða báðum aðiljum nauðugum, verða aðeins til að auka heift og úlfúð á milli atvinnurekenda og verkamanna, og þá er ver farið en heima setið.

Þetta hjelt jeg að væri alment viðurkent hjer á landi og því undraðist jeg stórum, er jeg sá, að nú var komið fram frv. hjer í deildinni um þvingaðan gerðardóm. Tvisvar áður hefir tillaga um slíkan dóm komið fram, án þess að sjeð verði, að þær tillögur hafi haft teljandi fylgi. Þó var sama hætta framundan þá og nú.

Mjer hefir jafnan heyrst á forráðamönnum báðumegin, að lögskipaður gerðardómur, án tillits til samþykkis aðilja, væri ekki ráðlegur. Nú liggur ekki hjer fyrir neinn boðskapur um, að þetta frv. sje flutt að ósk annarshvors aðilja, en þegar er það komið fram — þó ekki formlega sje — að annar aðilinn, verkamenn, sje frv. mótfallinn og muni ekki una við nauðungardóma.

Það liggur að vísu beint við að hugsa sem svo, að þegar tveir aðiljar deila, þá sje það þjóðfjelagsins að dæma um málið. En um kaupgjald er þjóðfjelaginu ekki auðvelt að dæma. Fyrsti örðugleikinn er sá, að finna þá meginreglu, sem dæma eigi eftir. Um það finst mjer að hefðu þurft að vera ákvæði í frv. Það má vitanlega ekki eiga sjer stað, að dæmt sje annað árið eftir því, sem mönnum telst til að sjómenn þurfi til að lifa á, en hitt árið eftir gjaldþoli útgerðarmanna eða ef til vill hvorri reglunni sitt á hvorum stað í sama mund. Þetta er einn aðalörðugleikinn, og þetta ber vott um, að atvinnuvegur eins og togaraútgerðin er ekki rekinn með því fyrirkomulagi, að lögbundinn gerðardómur geti komið að haldi. Eðlilegur grundvöllur dóms er þar sem hagsmunir eiga meiri samleið en hjer á sjer stað.

Nauðungardómurinn gæti beinlínis orðið til að auka vandræði og vinnudeilur í landinu, eins og reyndin hefir orðið á í Noregi.

Þar hafa verkföll risið beinlínis út af nauðungardómnum og staðið svo mánuðum skifti. Þar hefir þó verið gripið til allra bragða — fimtugasti

hver og hundraðasti hver verkfallsmaður sektaður, og þegar sektirnar ekki innheimtust, voru þeir settir í fangelsi hundruðum saman og alt hefir orðið til einskis. Slík eru vandkvæðin, þar sem annarhvor aðilinn er ekki gerðardómnum fylgjandi.

Því hefir verið haldið fram um þetta frv., að gera megi verkföll og verkbönn eftir sem áður, þó það verði að lögum. En samkvæmt 8. gr. skulu dómsúrslit vera bindandi fyrir aðilja. Það er því víst, að eftir frv. eru verkföll og verkbönn bönnuð. Að vísu er það rjett, að hver einstaklingur er frjáls að því eftir sem áður, hvort hann vinnur eða rekur atvinnu. En að svifta einstaklingana samtakarjettinum er sama sem að svifta þá öllum öðrum rjetti en rjettinum til að svelta hver út af fyrir sig.

Ef dómur er genginn og togurunum er lagt upp samt sem áður — þá er mjer sem jeg sjái skrif „Alþýðublaðsins"! Eða ef verkamenn halda máli sínu til streitu þrátt fyrir dómsúrskurðinn — hvað ætli „Morgunblaðið" segði þá? Ætli að þá yrði ekki spurt úr báðum áttum, hvar ríkisvaldið væri, sem framfylgja á úrskurði gerðardómsins.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) mundi segja, að í rjettarþjóðfjelagi sje nauðsynleg það öflug lögregla eða her, að unt sje að framfylgja slíkum dómum. Þetta er öldungis rjett. Ef ríkisvaldið á að taka að sjer að útkljá mál manna með dómi, þá verður ríkisvaldið að sjá um fullnæging dómanna. En þetta ríkisvald er oft ekkert annað en aðiljar þeir, er eigast við. Jeg vil segja það, að jeg trúi ekki á valdið, líkamlegt ofurefli, til að jafna deilurnar um kaup og kjör manna hjer frekar en í öðrum þjóðfjelögum. Viljinn til að vinna verður að vera frjáls einstaklingum, og viljinn til samtaka um að vinna ekki eða um að gera ekki út skip sín, verður einnig að vera frjáls á núverandi þroskastigi þjóðfjelagsins. Valdið getur að vísu stundum fært fróun í svip, en þegar sú leið er valin, er jafnframt spillir hugarfarinu, þá er áhætta framtíðarinnar aukin stórlega. Það eru hvorki nauðungarlög nje mannmörg lögregla, er bjargar í þessu efni. Okkar þjóð er nú að komast inn á það svið, er aðrar vestrænar þjóðir hafa lifað á í alt að öld, svið stórrekstrarins, þar sem öldur vinnudeilanna rísa hátt og ógna þjóðfjelögunum. Það er ekki við því að búast, að við hjer á landi finnum hreinni sjó, losnum þegar í byrjun við þau vandræði, er aðrar þjóðir hafa ekki enn fengið leyst, eftir aldalanga þróun. Þess er varla að vænta að við, án alls undirbúnings og þroska, getum fundið eitthvert allsherjarráð við vinnudeilum, er öðrum þjóðum hefir skotist yfir í aldarlangri leit. Með Englendingum eru þvingaðir vinnudómar varla nefndir á nafn. Þar telja báðir aðiljar alt undir því komið, að friðsamleg sátt náist. Aðiljar halda þar fullum sjálfsákvörðunarrjetti. Málin eru lögð í gerð, ef aðiljar koma sjer saman um það. Líkt er það í Þýskalandi, og hlýtur fregn sú, er hingað barst nýlega, um úrskurð þýsku stjórnarinnar um gildi vinnudóms að eiga við það, að aðiljar hafi áður gert þá samninga með sjer, er skuldbundu þá til að hlýða. Í sumar átti jeg tal við marga þingmenn í Danmörku og Svíþjóð, bæði hægrimenn og jafnaðarmenn, um vinnudóma. Þeir voru innilega sammála um, að engrar hjálpar væri að vænta af lögþvinguð-

um gerðardómum. Töldu þeir fordæmi Noregs til viðvörunar í því efni, en ekki eftirbreytni. Þegar lögin um vinnudóm voru sett þar síðast, voru báðir aðiljar andstæðir þeim. Þrátt fyrir langa baráttu þar í landi virðist engin ró hafa færst yfir vinnudeilur, og framtíð nauðungardómsins er þar mjög tvísýn.

Jeg hygg, að skipulag hins stærri rekstrar sje ekki lengra komið hjer á landi en svo, að ekki sje fært fyrir þjóðfjelagið að svo stöddu að fara lengra en taka að sjer millgöngu um sáttaumleitanir. Jeg geri ráð fyrir, að lögunum um sáttasemjara megi breyta á ýmsan þann hátt, að meiri trygging væri fyrir, að þau næðu tilgangi sínum. Vil jeg benda þeirri nefnd, sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, á að heppilegt gæti verið að gefa sáttasemjara rjett til nauðsynlegra rannsókna um hag aðilja. Ennfremur gæti verið rjett að taka það í lög, að verkföll og verkbönn skulu boðuð með nokkrum fyrirvara, svo hægt væri að koma við sáttaumleitunum áður en þau skyllu yfir. En slík ákvæði þurfa alls ekki að vera bundin við neinn nauðungardóm. Þá gæti og verið heppilegt að hafa lög um gerðardóm, er starfaði, er aðiljar vildu vísa málum sínum til hans. En sá dómur getur ekki verið eins bygður og hjer er gert ráð fyrir. Eðlilegra væri að aðiljar nefndu 5—6 menn í dóminn hvor, er svo kæmu sjer saman um oddamann; tækist þeim það ekki, þá skuli oddamaður útnefndur af ráðherra eða hæstarjetti. Væri æskilegt að láta aðilja tilnefna nokkuð marga menn og leyfa gagnaðiljum að ryðja dóminn. Það er æskilegt að hinum vanstiltustu mönnum af liði beggja sje bægt frá dómstörfum, en því verður best náð, sje mörgum rutt.

Jeg hygg, að þetta verði næsta skrefið, sem við Íslendingar getum tekið, að bæta sáttasemjaralögin og koma upp gerðardómi, sem þó er ekki látinn starfa nema samþykki aðilja komi til. Jeg býst við, að margir telji þetta litla björg í þeim vanda, sem þjóðin er nú stödd í. Margur krefst skjótra og endanlegra úrslita. En það verður nokkur bið á úrslitum lífsbaráttunnar í þessu efni svo sem öðrum. Það verður bið á því, að verkbanns og verkfallsbölinu verði af ljett til fullnustu. Við verðum að sætta okkur við þá tilhugsun, þótt hún sje ef til vill ekki eins ánægjanleg og trúin á dómsdag og nálægt þúsundáraríki. Engin löggjöf getur þar valdið úrslitum, heldur þróun skipulagsins ein. Þótt talað sje um breytingu á skipulagi atvinnuhátta, þá geta menn verið jafn rjetttrúaðir fylgjendur núverandi þjóðfjelagsskipulags fyrir það. Hvorki nauðungardómar nje her valda úrslitum launabaráttunnar hjer fremur en í öðrum löndum. Við Íslendingar getum ekki búist við að vera þau óskabörn forsjónarinnar, að fá fullan frið og velþóknun þegar í upphafi þeirrar baráttu, sem enn á langt í land í þeim löndum, sem í 50—100 ár hafa háð þá baráttu, sem nú er hjer í byrjun.

Við verðum að sætta okkur við þau sannindi, að verkföll og verkbönn eru samgróin skipulagi stórrekstrarins. Slík meðul eru notuð og hljóta að verða notuð í hverjum þeim atvinnurekstri, þar sem fjármagnið hefir einkarjett á arðsvoninni og einveldi — misjafnlega vel upplýst — um yfirstjórn fyrirtækjanna. Hvarvetna þar, sem einveldi hefir átt

sjer stað, hefir gengið á uppreisnum, byltingum og borgarastyrjöldum. Hjer hefir mjög verið rætt um böl það, er leiddi af verkföllum. En órói verkalýðsins er þó ekki einungis af hinu illa. Samtök verkamanna hafa ekki eingöngu boðað þjóðfjelögum hættu, tjón og tap. Með samtökum og kaupkröfum hafa verkamenn hækkað sinn „standard of life", bætt lífskjörin og aukið menningu sína. Það eru samtökin og þar af leiðandi bætt lífskjör, sem hafa gert „hinn heilaga" Marx að falsspámanni um þá höfuðkenning sína, að gjáin milli verkamanna og atvinnurekenda yrði stöðugt breiðari og breiðari, verkamenn sykkju dýpra og dýpra í örbirgð, en auðurinn hlæðist upp hinum megin, uns öllu lenti saman í blóðugri byltingu, Ragnarökum hins núverandi skipulags og forboða hins komandi ríkis. Þeir, er barist hafa fyrir bættum kjörum verkalýðsins hafa gert mest til að koma í veg fyrir, að þessi spádómur Marx rætist. Með baráttu sinni hafa þeir hafið nokkurn hluta verkalýðsins upp í millistjettina og ýta þangað stöðugt fleirum og fleirum. Með bættum lífsskilyrðum dregur úr byltingahug. Þó verkföllin hafi sína svörtu hlið, þó tapið, sem af þeim leiðir, verði talið í miljónum kr., þá er ekki rjettmætt að geta að engu þeirra gæða, sem barist er fyrir. Þau eru barátta verkalýðsins til betri lífsskilyrða.

Menn þrá vinnufrið, sumir svo mjög, að þeir kalla alt frið, ef ekki eru verkföll, hvað sem býr í djúpunum undir hinu sljetta yfirborði. Þeir mundu sætta sig við slíkan frið, sem nú ríkir á Rússlandi og Ítalíu. Þeir eru ekki svo fáir, sem þrá frið Stalins eða Mussolinis. En slíkan frið er úti um þá og þegar. Þar þarf ekki nema kúlu gegnum höfuðið á einum einasta manni, til þess að alt fari í uppnám. Nei, slíkt er ekki varanlegur friður. Vilji menn frið, þá dugir ekki að biðja um hann með hvaða mót sem er. Það er ekki hægt að skapa hann með dómstólum og lögregluvaldi. Það verður að grafast fyrir rætur óánægjunnar, ef friður á að koma í hennar stað og velþóknun. Ef deilurnar eiga rót sína í skipulagi stórrekstrarins, þá fæst ekki varanlegur friður nema með breyttu skipulagi. En slíkri breytingu verður ekki komið á með einni þingsamþykt, frekar en vinnufriður er trygður með því að samþykkja lög um nauðungardóm. Slík breyting hlýtur að taka langan tíma. Sú breyting, sem kemur, er það, að fjármagnið verður ekki eins einvalt yfir arði eða stjórn fyrirtækjanna og verið hefir. Það er áreiðanlegt, að þessi breyting verður. Það er áreiðanlegt, að hið lifandi starf, vinnan, fær sinn arðsrjett og yfirráða fyr eða síðar við hlið hins dauða starfs, fjármagnsins. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þá þróun. En hún færi í sömu átt og sú þróun, er þjóðskipulagið hefir þegar tekið. Þar hefir verið horfið frá einveldi og að lýðræði. Eins fer það með stórreksturinn. Einveldi fjárins hverfur fyrir lýðræðinu á hvern veg sem því verður svo fyrir komið. Arðinum verður meir skift milli allra þeirra, er að framleiðslunni vinna, en áður. Þar er framtíðin, og verða þá úrskurðir í kaupdeilum auðveldir samanborið við það, sem nú er.

Jeg skal nú ekki fara lengra út í þetta að sinni, því menn kunna að segja, að jeg fari langt frá aðalefninu, og geti enda ekki á þennan hátt leyst þann vanda, er hjer liggur fyrir. Jeg hefi

heldur ekki ætlað mjer þá dul, að jeg gæti með almennum hugleiðingum valdið neinni varanlegri breytingu, er dregið gæti úr verkfalli og verkbönnum á næstu árum. Hitt var tilgangur minn, að benda á, að það er að svo stöddu vonlaust um aðra úrlausn á deilumum milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda en þá, sem hingað til hefir tíðkast: frjálst samkomulag, meðan hagsmunir eiga ekki meiri samleið en raun er á, með okkar skipulagi. Það er alkunn regla, að ekki er hægt að hjálpa mönnum umfram það, er þeir sjálfir vilja, og er þess því eigi að vænta, að fullkominn friður fáist nema með betra skipulagi, hvernig svo sem það verður.

Jeg veit, að hv. þm. Borgf. (PO) mælti af heilum hug, er hann óskaði eftir bróðurlegri úrlausn deilumálanna, en bróðurlegrar lausnar er þá fyrst að vænta, þegar sjálft skipulagið er orðið bróðurlegt.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr.

Sigurður Eggerz: Þar sem hjer er um allmikið mál að ræða, þá þykir mjer rjett að gera grein fyrir minu atkv.

Jeg býst við, að allir sjeu sammála um það — og þá ekki síst með tilliti til þess verkfalls, sem er nýafstaðið og reynir mjög á þolrifin hjá þjóðinni, — að þau átök, sem verða milli útgerðarmanna og sjómanna, eru það mikil, að þau koma ekki einungis við þær stjettir, heldur við þjóðina alla. Og seinasta verkfall sýndi það berlega, hve örðugt það er að fá niðurstöðu í málinu og koma sættum á. Stjórnin varð seinast að snúa að þessu máli, og sættir urðu aðeins með mjög sjerstökum hætti, þar sem hæstv. stj. sá sjer ekki annað fært en að gera ívilnun úr ríkissjóði, til þess að ljúka vandræðunum. Jeg nefni þetta ekki til þess að hefja sjerstakar umr. um þetta atriði. Jeg nefni það aðeins til þess að benda á það, að hæstv. stj. hefir virtst svo alvarlegt mál á ferð, að hún yrði að grípa til þess óvenjulega ráðs, til þess að koma sættum á. En það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt yfirleitt að jafna deilur á þennan hátt, heldur verður þetta að skoðast sem sjerstakt undantekningaratriði.

Jeg verð nú að segja það um þetta frv., að mjer hafa virtst umr. um það næsta einkennilegar. Því hefir verið haldið fram, að hjer væri verið að ræða um hin mestu þrælalög. Það hefir verið tekið fram hjer í hv. deild, að til þess að framkvæma þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum, þá mundi þörf á miklu lögregluliði, og yfirleitt að beita mikilli þvingun. Jeg skal strax geta þess, þó að við 1. umr. sje, að það eru ýmis atriði í þessu frv., sem jeg get ekki fallist á. Þannig verð jeg að líta svo á, að því er snertir dóminn, sem hjer er um að ræða, að það skifti mjög miklu máli, að leitast verði við að skipa hann á þann hátt, að hann geti haft sem mest traust allra.

En þar sem verið er að tala um hina miklu þvingun, sem liggi í þessu frv. — og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var meðal þeirra — þá skil jeg frv. svo, að í fyrsta lagi sje, samkv. ákvæðum 10. gr., bannað verkbann og verkfall á meðan þessi mál eru hjá sáttasemjara. Ennfremur

sje bannað að gera verkfall á meðan þessi mál sæta dómsmeðferð. Hjer við eru lagðar sektir frá 500 kr. til 10 þús. kr. Svo kemur þriðja atriðið. Hvað verður, þegar búið er að kveða upp dóm í málinu? Jeg get ekki sjeð, að það sjeu nein viðurlög sett við því í frv., þó að dómur sje rofinn. Um það eru engin sektarákvæði nje annað þessháttar. Jeg geri ekki ráð fyrir að 3. liður í 1. gr. eigi við það, að verkföll skuli bönnuð eftir að dómur hefir fram farið. Það er alls ekki um það að ræða, að hjer eigi að beita neinum þvingunarráðstöfunum til þess að framfylgja dómi. Hvar er þá sú mikla þvingun, sem svo mjög hefir æst hugi manna gegn þessu frv.,?

Fyrir nokkrum dögum hitti jeg mann, sem jeg mæti oft á götunni, og hann sagði við mig, að sjer litist illa á það, sem nú væri að gerast á Alþingi. Jeg spurði, hvað hann ætti við. Hann sagðist ekki kunna við það, að það ætti að setja handjárn á sjómennina, sem ekki vildu hlíta vinnudóminum, og flytja þá með valdi út í skipin. Ef þetta frv. er yfirleitt skýrt á þennan hátt, undrar mig ekki, þó að það sæti andmælum frá almenningi. En ekkert þessu líkt felst í frv. Aðalatriðið er, að reyna að koma í veg fyrir að verkföll hefjist. Það á að gera í fyrsta lagi með því að gefa sáttasemjara nógan tíma til sáttaumleitana. Takist honum ekki að koma sættum á, verður málinu skotið til dómsins, og hann á líka að hafa nægan tíma til að athuga það og rannsaka.

Og þetta er einmitt í samræmi við kröfur jafnaðarmanna, sem vilja fá að rannsaka alt viðkomandi útgerðinni sem nákvæmast. (HV: En 8. gr.?) Mjer finst aðalatriðið vera það, að frv. gerir ráð fyrir óhlutdrægri rannsókn á málinu, til þess að byggja á því dóm. En sumir munu spyrja: Hvaða þýðingu hafa þá þessar ráðstafanir, fyrst að engan er hægt að þvinga til að hlýðnast þeim? Því er fljótsvarað. Þessar ráðstafanir eiga að vera nokkurskonar siðferðislegur þrýstingur á málið. Þeir, sem rjúfa dóminn, munu fá andúð almennings á móti sjer. Dómurinn á að skapa almenningsdóm. Ef slíkur dómur er rökstuddur viturlega og öll gögnin lögð á borðið, verður erfitt að ganga á móti honum. Hinsvegar hefir því aldrei verið haldið fram, að þetta eigi að vera endanleg lausn málsins. Hjer er verið að gera alvarlega tilraun til þess að koma í veg fyrir deilur. Verkföll og verkbönn eru eins og dauð hönd yfir atvinnulífi þjóðarinnar. Því oftar sem þessi dauða hönd er rjett út, því meiri ótta slær á þá, sem vilja frið í þessu landi. Auk þess sem jeg taldi rjett að breyta að einhverju leyti skipun dómsins, finst mjer að vel gæti komið til mála, að láta hann ekki hafa æðsta dómsvald í þessum málum, en skipa t. d. yfirdómstól fyrir alt landið. En þetta þarf að athuga vel í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar.

Mjer er ómögulegt að skilja, með hvaða rjetti hv. jafnaðarmenn halda því fram, að dóminum verði beitt eins og þeir láta í veðri vaka. Það á alls ekki að taka verkfallsvopnið úr höndum verkamanna, og ekki heldur verkbannsvopnið úr höndum atvinnurekendanna. Hv. þm. Ísaf. (HG) sagði, að engin skilgreining væri til á því, hvað verkbann væri. Þetta er alveg rjett og það þarf nefndin m. a. að rannsaka. En með því að setja slíkan dóm, er ekki annað gert en **að tryggja rjett alþýðunnar í landinu.**

Og jeg þykist þekkja svo vel alþýðu þessa lands, að hún vilji heldur fá kaup sitt með góðu en illu. Með dóminum eru sköpuð skilyrði til að gera báða aðilja ánægða. Það er vinningurinn.

Jeg verð líka að segja það, að jeg sje ekki, að leiðtogar alþýðunnar hafi gert neina tilraun til að fá lausn á þessu máli. Mjer er að vísu kunnugt um till. þá til þál., sem jafnaðarmenn hafa borið fram hjer í deildinni, um rannsókn á hag og rekstri togaraútgerðarinnar. En sú tillaga miðar aðallega að undirbúningi þjóðnýtingar. Jeg ætla ekki að eyða tíma í það, að fara að tala um þjóðnýtingu alment. Jeg vil spyrja: Er þjóðnýtingin nokkur lausn á kaupdeilunum? Jeg segi: Nei. Munurinn verður aðeins sá, að ríkið er vinnuveitandinn. Kaupdeilur koma fram eftir sem áður. Munurinn aðeins sá, að ríkið kemur í staðinn fyrir vinnuveitandann. Skilyrðin fyrir óánægju verkalýðsins er alveg eins eftir sem áður fyrir hendi.

Í okkar þjóðfjelagi er mikið vald fengið í hendur dómstólum. Samkvæmt stjórnarskránni er dómstólunum falið að ákveða mörkin á milli sín og umboðsvaldsins. Og eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) komst að orði, ris sú alda ávalt hærra og hærra, sem fer í þá átt, að jafna allan ágreining með aðstoð dómstólanna. Ýmsir af bestu mönnum heimsins ætla sjer að útrýma ófriði milli þjóða með gerðardómum. Hví skyldi þá eigi þessa ráðs neytt til að koma í veg fyrir styrjaldir innan sjálfra þjóðfjelaganna? Með þessu er verið að leita ráða til þess að draga málin á langinn, sporna við því, að andstæðir aðiljar rjúki hver á annan. Þetta er höfuðmarkmið þeirra, sem fyrir friðinn vilja vinna.

Eins og jeg tók fram í upphafi, þótti mjer rjett að gera grein fyrir atkv. mínu og afstöðu í þessu máli. Jeg vil gera mitt til þess að frv. verði athugað sem rækilegast í nefnd, og gerðar á því þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera. Vænti jeg að það leiði þá til happasælla úrslita þessa máls.

Því hefir verið lýst yfir af hálfu flm. frv., að þeir hefðu ekki sömu skoðun og hv. þm. Ísaf. (HG) um þvingunarvald dómsins. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir sektum. Það mun vera álitamál, hvort 3. liður 1. gr. frv. felur í sjer rjett til þess að gera skaðabótakröfur. En flm. munu eigi hafa ætlast til að svo væri, og í nefnd mætti breyta orðalagi greinarinnar svo, að það væri ótvírætt.

Alt það, sem hv. jafnaðarmenn hafa talað um þvingun, er sagt út í loftið. Frv. leggur ekki viðurlög við öðru en því, að vinna verði stöðvuð meðan mál er undir rannsókn og fyrir dómi. Það á að tryggja það, að friður fáist til athugunar og rannsóknar. Annað sje jeg ekki, að í því felist. Þeim ákvæðum, sem nú er verið að hártoga og orkað gætu tvímælis, er auðvelt að breyta í nefnd.

Jeg vil ljúka máli mínu með því, að láta í ljósi þá von, að hv. foringjar jafnaðarmanna megi átta sig í þessum efnum og gera sjer það ljóst, að þær ráðstafanir, sem frv. fer fram á, eru nauðsynlegar og óhjákvæmilegar til að hindra þá óhamingju, sem vinnudeilurnar leiða yfir þjóð vora.

Lárus Helgason: Það var sagt hjer í umr. í gær af hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), að það hlyti að vera af einstakri þægð við togaraeigendur, að hv.

þm. Borgf. (PO) hefði gerst flm. þessa frv., því að ekkert ætti hann í togara. Jeg býst við, að það megi segja það sama um mig. Ekkert á jeg í togara. En jeg veit ekki hvað hv. þm. meinar með þessu. Jeg veit ekki til, að við sjeum kosnir á þing til þess að vinna fyrir sjálfa okkur eingöngu, heldur fyrir kjördæmi okkar og alt landið í heild. Enda finst mjer það rjettmætt, að þeir menn, sem standa utan við vinnudeilurnar, hafi afskifti af þessu máli. Það er búið að gera grein fyrir því af öðrum hv. flm. þessa frv., hver óheill landi og lýð stafar af verkföllunum, enda mun flestum hugsandi mönnum það ljóst. Það er því ekkert undarlegt, þó að nokkrum þingmönnum hafi komið saman um, að reyna að finna ráð til að bæta úr því böli. En þeir, sem vel vilja í þessu máli, geta ekki gert að því, þó að einhverjir snúist á móti till. þeirra. Við flm. höfum fengið að kenna á mótmælum og getsökum frá fulltrúum jafnaðarmanna. Um leið og frv. kom úr prentsmiðjunni, hreytti Alþýðublaðið úr sjer ófögrum orðum um frv. og til flm. þess og hefir haldið þeirri iðju rækilega síðan.

Jeg ætla þá að snúa mjer að hv. 2. þm. Reykv (HV). Hann vildi bera það fram sem rök gegn þessu frv., að mótmæli bærust nú víðsvegar af landinu, sem skora á Alþingi að fella það.

Jeg get vel trúað því, að jafnaðarmönnum hafi tekist að hóa saman mótmælum gegn frv., með því að senda skeyti til fjelaga sinna úti um land, sem ekkert þekkja efni frv. Jeg hygg því, að það sjeu fremur lítil rök í þessum mótmælum. Annars býst jeg við, að úti á landi muni flestir fagna því, að þetta frv. er fram komið, og vænta þess, að af því muni gott eitt leiða. Hv. 2. þm. Reykv. (HV) mintist á, að auðvald mundi þurfa til þess að halda öllum togaraflotanum ónotuðum í höfn í 2 mánuði. En jeg get ekki skilið annað, en að hv. þm. megi fagna því, að einhverjir menn í þessu landi höfðu tök á að eignast þessa togara. Það er varla hægt að ætlast til þess, að togaraútgerðin uppfylli allar þær kröfur, sem til hennar eru gerðar. Eða hvað tekur við, þegar útgerðarmenn sjá sjer ekki fært að gera togarana út?

Það hefir verið minst á þjóðnýtingu togaranna, og jeg geri ráð fyrir, að háværar kröfur kæmu fram um, að ríkið tæki að sjer útgerðina. Það má vera, að andstæðingar frv. líti svo á, að þá verði útgerðinni svo vel stjórnað, að hún geti borgað verkamönnum svo hátt kaup, sem þeir vilja fá. En það er óreynt mál. Jeg er ekki trúaður á, að það yrði, og svo mun vera um fleiri.

Hv. þm. (HV) sagði, að verkföllin væru eina vopnið, sem verkalýðurinn hefði sjer til varnar. Það er ekki verið að taka þetta vopn af verkalýðnum. Hv. þm. Dal. (SE) benti nú síðast rjettilega á það, að það þyrfti engan dóm í vinnudeilum, ef engin samtök væru meðal verkalýðsins. Jeg álít, að það sje að vísu gott, að verkamenn hafi samtök, en það má bara ekki nota þau til æsinga af þeim mönnum, sem gjarnt er til að vekja óvild og hatur.

Hv, þm. (HV) taldi, að sá tími, sem hefði eyðst í síðasta verkfall, væri lítilsvirði í samanburði við þann hagnað, sem verkamenn hefðu hlotið af launahækkuninni. En fyrir þessu færði hann lítil rök, enda er það ekki hægt. Sú kauphækkun, sem verkamenn hafa hlotið, er vitanlega miklu minni en það,

sem komið hefði verið í þeirra vasa, ef þeir hefðu unnið það, sem af er árinu. (HV: Á hvað löngum tíma?) Jeg hefi heyrt sagt, að kaupsamningarnir væru gerðir til eins árs. Að því loknu má að líkindum aftur búast við verkfalli — nýrri hagsæld fyrir verkamennina! En hvað getur þetta gengið lengi?

Þá sagði hv. þm. (HV), að verkalýðurinn beitti ekki verkfallsvopninu nema í nauðsyn. Jeg efast mjög um að það sje rjett. Frá mínu sjónarmiði er það ekki.

Í þetta skifti hefði það orðið betra fyrir verkamenn, að leggja ekki út í verkfall. (HV: Hvað hefði kaupið orðið þá?) Jeg hefi ekki orðið var við, að það hafi átt að lækka kaupið, og jeg hefi áður sagt, að útkoman hefði orðið betri fyrir verkamenn, og landið í heild, ef verkfallið hefði ekki átt sjer stað. Jeg er á því, að það sje rjett, sem sagt hefir verið um foringja verkalýðsins, að með framkomu sinni í þessu máli sjeu þeir einkum að vinna fyrir sjálfa sig. Þegar verkföll eru, fá þeir meiri verkefni.

Jeg býst við, að aðalástæðan til mótspyrnu verkamannaforingjanna sje sprottin af því, að þeir sjá, að áhrifum þeirra er lokið, ef vinnufriður kemst á. Þeir hafa engu að tapa, þó að útgerðin stöðvist og verkfalli sje komið á, þar eð þeir halda sínum tekjum eftir sem áður. Á ummælum hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) var það að heyra, að hann hefði það á meðvitundinni, að hver er sjálfum sjer næstur. Þá hafa foringjar verkalýðsins hjer altaf verið að hamra á auðsöfnun togarafjelaganna og krefjast þess, að reikningarnir væru lagðir á borðið. Í þessu frv. er stefnt að því, að alt komi í ljós um afkomu togaraútgerðarinnar. Og það sýnist vera, og er líka í augum allra sanngjarnra manna, mjög stórt hjálparmeðal til þess að koma í veg fyrir verkfall. Þegar hlutlausir og sannsýnir menn eru valdir til að meta allar ástæður og kveða upp úrskurð í málinu, fæ jeg ekki betur sjeð en að um rjettlåta og eðlilega úrlausn sje hjer að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) vjek sjer að mjer og hv. 1. þm. Árn. (JörB) og ljet sjer sæma að halda yfir okkur hirtingarræðu. En jeg verð að segja, að þessum hv. þm. ætti að vera það ljóst, að honum þýðir ekki að haga sjer á þann veg, hvorki gagnvart mjer eða hv. 1. þm. Árn. Hann á ekkert erindi til mín á þeim grundvelli, því að jeg veit ekki til þess, að jeg hafi nokkuð til hans að sækja. (HV: Nei, en til sjómannanna.) Þegar hv. þm. er að bregða mjer um það, að jeg hafi brugðist sjómönnum í einhverju sjóplássi í Skaftafellssýslu, þá verð jeg að segja það, að jeg veit ekki við hvað hann á. Jeg veit ekki til þess, að það sje neitt sjópláss í Skaftafellssýslu, þó að það sjáist að vísu á sjó af nokkrum bæjunum í tveimur vestustu hreppunum í V.-Sk. (Mýrdal) og sje stundum farið þaðan á sjó, þegar gefur, sem ekki er nema mjög sjaldan á þeim tíma, sem aflavon er. (HV: Jeg talaði ekki um neitt sjópláss. Yfirleitt tala jeg ekki um sjópláss.) Við einhverja sjómenn hlýtur hv. þm. að eiga, þó að hann vilji nú ekki viðurkenna, að hann hafi talað um neitt sjópláss, en sem hann gerði af sínum ókunnugleik. En það eru engin rök hjá þessum hv. þm., þó að hann rökstyðji þetta með því, að jeg hafi brugðist einhverjum mönnum, sem sjó hafa sótt hingað. Jeg hefi engum sjómanni lof-

að neinu í þá átt, sem jeg þykist vita að vaki fyrir hv. þm. því að hann mun eiga við afstöðu mina til vökulaganna í fyrra. Hv. þm. má leita vel til að finna rök fyrir því, að jeg hafi brugðist nokkrum í því máli. Það hafði enginn minst á það við mig, hvernig jeg skyldi haga mjer í því máli, hvorki á fundum nje í samtali. Enda er það aukaatriði, þó að nokkrir menn úr Mýrdal fari hingað til Reykjavíkur í atvinnuleit. Og jeg býst líka við því, að þeir einir hafi farið hingað, sem ætluðu að hafa eitthvað upp úr ferðinni og hafi legið í ljettu rúmi, hvort þeir sváfu 2—3 tímum lengur eða skemur á sólarhring með köflum. Jeg hugsa, að hver leggi sig fram, til að afla sem mest, þegar vel gengur, og jeg get ekki neitað því, að mjer finst það einkamál skipshafnar og skipstjóra, hvað hart er lagt að sjer og hvað lengi sofið, sjerstaklega þar sem til voru lög um 6 tíma svefn. Þetta vakti fyrir mjer, og jeg vil því vísa því heim til föðurhúsanna, að jeg hafi nokkrum brugðist í þessu máli.

Ef það á að liggja hótun í þessu frá hv. 2. þm. Reykv. (HV), þar sem hann var að minna mig á 35 atkv. muninn á mjer og Jóni Kjartanssyni við síðustu kosningar, og gefa í skyn, að jeg muni ekki fastur í sessi, þá skal jeg segja þessum hv. þm. það, að jeg óttast ekki þessa hótun hans, og læt hann sjálfráðan, hvort hann vill fara austur og mæla móti kjörfylgi minu eða með. En jeg býst við, að það mundi verka í öfuga átt við það, sem hann ætlast til, hvora stefnuna sem hann tæki. Svo vel þekki jeg sýslunga mína.

Þá vildi hv. 2. þm. Reykv. (HV) halda því fram, að það væri sama útkoman hjá mjer nú og í fyrra, og að jeg hefði brugðist nokkrum úr hópi kjósenda minna. En það er með þetta eins og fyrri aðdróttunina: hv. þm. veit ekki, hvað hann er að segja. Mjer er það kunnugt, að fyrir miðjan febrúar, eða ef til vill seinast í janúar, fóru nokkrir menn úr Mýrdal hingað til Reykjavíkur í atvinnuleit, líklega flestir á togara. Jeg er viss um það, að þessir menn fóru ekki hingað með það fyrir augum að taka þátt í verkfalli, heldur til þess að fá eitthvað að gera, og þurfa ekki að bíða hjer í Reykjavík og kosta sig tímunum saman. Það er nú einu sinni svo, að menn hugsa meira um það að fá eitthvað að gera sem fyrst heldur en að baka sjer atvinnuleysi í voninni um kauphækkun. Jeg veit með vissu, að þessir menn hafa engar kröfur gert til verkfalls, og að þeim er miklu meiri greiði gerður með því að koma í veg fyrir það, að þau eigi sjer stað framvegis. Og því veit jeg alveg með vissu, að þessir menn eru mjer þakklátir fyrir það, hvernig jeg stend í þessu máli. Hv. 2. þm. Reykv. (HV) verður því að taka til einhverra annara ráða til þess að hræða mig.

Jeg geri ráð fyrir því, þó að jeg viti það ekki, að hv. 1. þm. Árn. (JörB) eigi kost á að svara þeim illyrðum, sem hv. 2. þm. Reykv. (HV) hreytti í hann, og sje því ekki ástæðu til að bera blak af honum, enda er hann mjer miklu færari til þess. En jeg gat ekki sjeð, að það væri líkt því, sem mentaður maður væri að tala, þegar þessi hv. þm, var að brigsla hv. 1. þm. Árn. (JörB) um það, að hann væri liðhlaupi

og svikari. Það mætti ef til vill fyrirgefa okkur ómentuðum sveitakörlunum, þó að við kynnum okkur ekki betur en þessi hv. þm. virðist sýna af sjer með framkomu sinni, en mentaðir menn ættu að hafa betra taumhald á tungu sinni. (**HV**: Er hann það ekki?) Hv, þm. ætti að færa rök fyrir þessu. (**MG**: Eins og allir vita, þá er hv. 1. þm. Árn. bundinn í forsetastól.) Það lítur út fyrir, að þessi stóryrði hafi ekki síst fallið vegna þess, að viðkomandi maður gat ekki varið sig. (**ÓTh**: Auðvitað.)

Það er búið að tala svo mikið um þetta mál, að jeg sje ekki ástæðu til að hafa þetta lengra, enda tel jeg mest um vert, hvernig atkv. falla. En jeg ætla samt sem áður, áður en jeg sest niður, að víkja örfáum orðum til hv. þm. Ísaf. (HG). Jeg hafði búist við, þegar hann varð ritstjóri Alþýðublaðsins, að blaðið mundi verða betra og hógværara en áður. En því miður brást sú von mín. Jeg fæ ekki skilið, að sæmandi sje þeim mönnum, sem vilja gerast leiðandi menn þjóðarinnar, að skrifa eins og hann hefir gert í Alþýðublaðið, eftir að gerðardómsfrv. kom fram. Jeg býst við því, að það sje betra og sigurvænlegra að skrifa og tala rólega um málin, en sleppa rangfærslum og ósannindum. Mjer hefir reynst það í mínu lífi, að mjer gengi betur að koma fram mínum málum með því, að halda sannleikanum á lofti en með því að snúa út úr og færa alt á verra veg. Og jeg tel, að það eigi að vera markmið, hvort heldur þm. eða blaðaritstjóra, að segja það eitt um málin, sem þeir vita sannast og rjettast.

Ólafur Thors: Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að það er að ofreyna þolinmæði deildarinnar að fara að halda langar ræður. Jeg skal því reyna að vera ekki um of fjölorður.

Það er í alla staði eðlilegt, að mál eins og þetta valdi deilum á meðal manna. Jeg geri ráð fyrir, að þetta frv. sje mikið flutt vegna þeirra atburða, sem hjer hafa gerst síðustu mánuðina. Við höfum búið við vinnufrið í stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar, togaraútgerðinni, þrjú undanfarin ár, þar til um áramótin síðastliðin, að sundur sleit, og verkfallið braust út. Var það ægilegra en nokkurt verkfall hjer á landi áður og stóð í tvo mánuði. Jeg held, að jeg geti sagt það af þekkingu minni á þessum málum, að framtíðarhorfurnar eru ekki friðvænlegar. Jeg hefi átt sæti í flestum, ef ekki öllum, þeim nefndum, sem starfað hafa að kaupgjaldssamningum af hálfu útgerðarmanna, frá því að „Fjelag íslenskra togaraeigenda“ var stofnað, og mjer er óhætt að segja, að samningaleiðin er að verða æ torsóttari og torsóttari.

Jeg hefi gaman af að segja frá því, hvernig þessir samningar ganga fyrir sig, sjerstaklega sá síðasti. Venjan hefir verið sú, að báðir aðiljar bera í upphafi fram aðrar kröfur en þeir ætla sjer að ganga að, og leiðir þetta óhjákvæmilega til þess, að miklu seinna gengur saman en ella myndi. Áður en síðustu samningaumleitanir byrjuðu, snjeri jeg mjer því til formanns „Sjómannafjelags Reykjavíkur“, hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), og bað hann að reyna að hindra þennan skrípaleik og stuðla að því, að sjómennirnir settu ekki fram hærri kröfur en þeir ætluðu að standa á. Jeg hjet því á móti að vinna að því, að útgerðarmenn gerðu hið sama. Þá varð jeg að fara af landi burt og er

jeg kom heim aftur frjetti jeg, að kauphækkunarkrafan nam 50—60%.

Nú vita það ef til vill fáir, að hjá verkalýðsfjelögunum er það venja, að úr hópi þeirra manna, sem semja á fyrir, er kosin nefnd til þess að standa á bak við sjálfa samninganefndina, og reyndin er sú, að þeir, sem hæst spenna kröfurnar, ráða því, hvaða kröfur koma opinberlega fram. Þegar búið er að birta kröfurnar, byrjar sóknin í Alþýðublaðinu. Það bölsótast yfir tilraunum „maurapúkanna“ til þess að taka brauðið frá móðurinni og barnamunninum, og talar í æsingatón um þýðingu þess, að alþýðan standi nú saman, svo að hún fái hinum „sanngjörnu“ kröfum sínum framgengt. Auk þessa eru svo einstakir menn úr hópi útgerðarmanna teknir fyrir og hrakyrtir og níddir niður fyrir allar hellur. Þessi söngur kveður við látlaust á meðan setið er við samningaborðin, og þegar samningamennirnir loksins eru orðnir sammála, eiga fulltrúar verkamanna að boða til almenns fundar og segja: „Já, nú viljum við semja upp á þetta.“ Það er full von til þess, að verkamennirnir reki upp stór augu, þegar þeir sjá, að nú á að semja upp á miklu minna en áður var talið rjettlátt, sjálfsagt og m ö g u l e g t. Það er eðlilegt að þeir spyrji: „Hvernig stendur á þessu?“ Og þá er komið að höfuðókostinum í þessu fyrirkomulagi. Enginn hefir kjark í sjer til þess að standa upp og segja: „Hingað komumst við og ekki lengra.“ Og það er ef til vill vorkunn. Þeirra hópur er svo sundurleitur, að þeir geta átt von á því, að einhver standi upp, reki rýtinginn í bak bróður síns og segi: „Hver hefir nú keypt þig? Hefirðu látið auðvaldið múta þjer?“ Með þessu er jeg ekki að hallmæla neinum persónulega, en að eins að sýna fram á, að með þessu móti verður erfiðara og erfiðara að ná samkomulagi. Jeg vil geta um það, að samningsaðiljar sjómanna í síðustu kaupdeilu ljetu það aldrei opinberlega í ljós, að þeir vildu ganga inn á minna en 50—60% kauphækkun. En þeir g e n g u að 15% kauphækkun, þegar hætsv. forsrh. (TrÞ) skarst í leikinn.

Um það þarf ekki að deila, að tapið af síðustu kaupdeilu hefir numið miljónum króna fyrir þjóðfjelagið. Og það var hending ein, að það ljek ekki á tugum miljóna. Enginn er hjer kominn til að segja, að þetta geti ekki komið fyrir aftur, ef engar tilraunir eru gerðar til að ráða bót á þessu meini. Jeg vil því taka undir með þeim sem segja, að það v e r ð i að ráða bætur á þessu ástandi. Ýmsar úrlausnir hafa komið fram. Ritstjóri Tímans hefir haldið fram „lögþvingaðri samvinnu“. Bæði Vörður og Alþýðublaðið hafa reynt að fá skýringu á þessu, en enga fengið — af þeirri einföldu ástæðu, að maðurinn veit ekki, hvað hann meinar. Hann hefir eitthvert óljóst hugboð um það, en svo ekki meira. Jeg get gengið inn á það, að í framtíðinni verði komið á hlutaskiftum á togurunum, en það á langt í land og verður aldrei framkvæmt með lagaboði. Annars er það að segja, í sem stystu máli, um þessar till. Tímans, að þær eru helber vitleysa.

Sú leið, sem jafnaðarmenn vilja fara í þessu máli, er þjóðnýtingin. En það er hvorttveggja, að hv. deild er henni yfirleitt andvíg, og jafnvel hefir hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) lýst yfir því, að sú leið liggi ekki fyrir í bili. (**SÁÓ:** Það er af því, að jeg treysti ekki hv. 2. þm. G.-K. til að standa fyrir fyrirtæki, sem hann

er andvígur.) Það er ekki rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. að gera svona mikinn og merkilegan mann úr mjer, að þessi himnaríkissæla jafnaðarmanna strandi á því einu, að jeg fæst ekki til að standa fyrir rekstrinum. Það virðist svo, að jeg sje altaf að vaxa í augum ykkar jafnaðarmanna. Jeg er sannast að segja farinn að óttast, að jeg springi bráðum af þessu oflofi ykkar. En einhver ráð verður að hafa í þessu máli, og það er af því, að mjer er fullkomlega ljós nauðsyn þess, að jeg get fallist á þá uppástungu, sem hjer er lögð fram um gerðardóm.

Jeg tek það fram, að jeg vil ekki tala um einstakar gr. þessa frv., nje heldur benda á þá galla, sem á því kunna að vera, heldur aðeins þá hugmynd, sem fyrir mjer mundi vaka með því að samþykkja slíkan gerðardóm, og jeg treysti mjer til að klæða þá hugmynd í þann búning, að hún yrði tvímælalaus, og tel jeg að ekki þurfi miklar breytingar að gera á því frv., sem hjer liggur fyrir. Hugmyndin er þá þessi, að þegar svo er komið, að samningaleiðin er þrautreynd milli aðilja — þegar sáttasemjari stendur ráðþrota — þegar þjóðarbölið blasir við, þá sjeu tilkvaddir nokkrir sanngjarnir, óvilhallir menn, og látnir dæma í málinu.

Á þessa hugmynd er nú ráðist frá tveim hliðum. Sumir segja: Þetta er gagnslaust. Aðrir segja: Þetta er kúgun, tugthúslög, ofbeldi; það segir m. a. hv. þm. Ísaf. (HG) og ber í borðið svo að þeir, sem næstir sitja hoppa upp í sætunum. Ef það eru þrælalög, þá má kannske nefna þau svo af því, að þau leysa verkamenn og sjómenn úr þeim þrælaviðjum, sem leiðtogar þeirra hafa lagt þá í.

Rök jafnaðarmanna gegn frv. þessu er ákvæði í stjórnarskránni um friðhelgi eignarrjettarins, sem þeir eru nú alt í einu farnir að tala svo mikið um, og er nýtt að heyra það. Þeir segja sem svo: Í þessu þjóðfjelagi eru nokkrir menn, sem eru ríkir. Þeir eiga framleiðslutækin. Svo eru þar margir menn, sem eru fátækir. Þeir eiga ekkert nema starfsorku sína, og nú á með þrælalögum að taka af þeim umráðarjettinn yfir henni. Þetta eru þeirra rök. En jeg vil benda á, að það er ýmislegt við þetta að athuga. Í fyrsta lagi það, að verkamenn eru ekki einráðir um þessa vinnusölu sína, og ef við tökum síðasta dæmið, sem fyrir hefir komið hjerna, þá er það svo, að 320 manns úr Sjómannafjelaginu segja: Við viljum ekki samþykkja þessi kjör, en 200 manns segja: Við viljum samþykkja þau. Og svo standa fleiri hundruð eyrarvinnumanna, sem vilja vinna, aðgerðarlausir, fá ekki að vinna, af því að þessir 320 kúguðu hina. Og hverjir eru það svo, sem ráða atkv. þessara 320 manna? Það eru þeir hv. þm. Ísaf. (HG) og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ). Þeir væru sannarlega áhrifalitlir, ef þeir gætu ekki með ræðum sínum talið sjómennina á sitt mál, því hvað er eðlilegra en að sjómenn taki eitthvert tillit til þeirra manna, sem þeir hafa valið til að vera sína málsvara? Og hvað er það þá, sem þessir menn hafa sagt? Þeir hafa sagt: Semjið ekki, af því að þið getið fengið hæra kaup, ef þið semjið ekki strax. Með þessum hætti ráða þeir úrslitum atkvæðagreiðslu í kaupdeilunum, ráða því, að 320 talhlýðnir menn kúga 200 stjettarbræður og mörg hundruð — jafnvel þúsund aðra verkamenn.

Jeg skal ekki neita því, að þessi dóm-

ur, sem hjer er farið fram á að ráði þessum málum til lykta, er talsverð þvingun. En mundi nú verkamönnum verða tap að dóminum? Ef við höfum hliðsjón af seinustu deilunni, þá er árangurinn sá, að verkamenn eða sjómenn hafa tapað, jeg hugsa að meðaltali 1000 kr., en þeir hafa fengið kauphækkun, sem nemur yfir samningstímabilið 500 kr. Tapa þeir því svo miklu, að þeim hefði verið betra, jeg bið menn að taka vel eftir því, 15% kauplækkun, ef engin vinnustöðvun hefði átt sjer stað, heldur en sú hækkun, sem þeir hafa fengið með verkfallinu. En jeg vil játa það, að þessi samningur getur haft nokkur áhrif á framtíðar-samninga, sem ekki sjást ennþá. Og mundi nú nokkur dómstóll hafa dæmt slíkan dóm? Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði, að leiðtogar sjómanna færu aðeins fram á nauðsynlegustu þurftarlaun til handa sjómönnum, og þó því aðeins, að þeir vissu að togaraútgerðin gæti borgað. (SÁÓ: Jeg mótmæli því, að hafa sagt slíkt.) Jeg gerði hv. þm. (SÁÓ) þann heiður, að skrifa þessi orð upp eftir honum, þótt jeg gæti annars ekki fengið mig til að hlýða á alla ræðu hans, svo að þetta er rjett haft eftir. En getur nú nokkrum dottið í hug, að dómurinn myndi dæma þeim lægra en þurftarlaun? Bestu menn verða valdir til að dæma. Hv. þm. (SÁÓ) hlær, en jeg hygg, að valið muni verða nokkuð svipað og verið hefir um sáttasemjara ríkisins, en til þess starfa hafa verið skipaðir 2 menn: bankastjóri í Landsbankanum og lögmaðurinn í Reykjavík. Það eru að vísu menn, sem hafa ákveðna pólitíska skoðun, en jeg hygg, að enginn muni halda því fram, að þeir hafi verið hlutdrægir, og jeg skora á hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) að segja til um það, hvort hann álíti, að þeir hafi verið hlutdrægir, útgerðarmönnum í vil. En ef hitt er játað, að hægt sje að finna óhlutdræga menn, þá er með því játað, að þessi dómstóll geti verið ágætur. Annars hygg jeg, að dómur slíkra manna muni falla á þá leið, að þeir hafi eðlilega ósjálfráða tilhneigingu til að dæma þeim mörgu í vil, sem lítið bera úr býtum, og gangi því heldur á rjett þeirra fáu, sem umráð hafa yfir fjármagni og framleiðslutækjum.

Annað er það, sem athuga ber í þessu máli, að slíkur dómstóll mun æfinlega í erfiðu árferði hugsa sem svo: Ja, mennirnir verða þó að lifa, þeirra þurftarlaun má ekki skerða, og verða launin þannig miðuð við von um betri horfur í náinni framtíð. En í góðæri munu launin hækka frá því, sem ella yrði. Það er þannig ekki hægt að færa neinar líkur fyrir því, að þessi dómstóll muni ganga á rjett sjómannanna, heldur þvert á móti. Það eru ákaflega miklar líkur til, að dómurinn muni verða verkamönnum ekki aðeins sanngjarn og rjettlátur, heldur og beinlínis hliðhollur. Og jeg skal þá heldur ekki neita því, að jeg tel, að það sje talsverð fórn, sem atvinnurekendur færa vinnufriðnum í landinu og heill þjóðarinnar, með því að þeir fyrir sitt leyti ganga inn á þetta. Jeg er í engum vafa um það, að þeir eiga miklu meira í hættunni, vegna dómanna, heldur en verkamennirnir. Það eru þess vegna aðeins æsingamennirnir, sem tala um kúgun og þrælalög í sambandi við þennan dóm, og jeg veit, að það er margur verkamaðurinn, sem fegins hendi tekur þessum dómi.

Jeg var staddur suður í Hafnarfirði fyrir skömmu, á fundi fulltrúaráðs

verkamanna. Þá var þar maður, sem kom til mín og sagði við mig: Það er ekki um það að tala, við verðum að fá sinn manninn frá hvorum aðilja til að dæma um þessi mál. Jeg svaraði því, að jeg myndi nú líka fást til að ganga að þessu, en jeg efaðist um, að nokkur þeirra manna mundi fást til að taka það að sjer. Þá kom þar annar maður og sagði, að við fengjum engan mann til að taka þá ábyrgð á sig. En hinn hjelt áfram og sagði: „Svo eiga þessir menn að taka meðal togara og rannsaka hag hans, og eftir því á að dæma. Þetta verður að vera þannig, því að annars fáum við sama bölið aftur og aftur." Maðurinn hafði auðsjáanlega gleymt að fá fyrirskipanir hjá hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., en talaði hreinskilnislega eins og honum bjó í brjósti. Friðsamleg samtök eru vopn verkamanna, en verkföll eru vopn verkamannaleiðtoganna. Með friðsamlegum samtökum hafa verkamenn komist lengst, en æsingar verkfallsins eru lyftistöng leiðtoganna. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði, að við værum nógu viljugir til að hækka kaup sumra manna, og nefndi þar til loftskeytamennina. Þetta er alveg rjett, við borgum fúslegar þá peninga, sem sóttir eru vinsamlega til okkar, en þá, sem heimtaðir eru með offorsi og verkföllum, en einmitt þetta sannar best, að með lægni og lipurð ná verkamenn mestu.

Jeg ætla þá með fáum orðum að snúa mjer að þeim, sem telja að þessi ráðstöfun sje gagnslaus. Jeg sagði, að jeg vildi, þegar alt væri komið í öngþveiti, velja óvilhalla menn til að dæma um málin, þeir eiga að hafa aðgang að öllum plöggum, sem geta gefið upplýsingar, og þegar þeir hafa rannsakað öll gögn, þá eiga þeir að kveða upp dóm sinn. Afleiðingin af þessum dómi þeirra er sú, að sá, sem vill gera út skip, hann veit, að þetta kaup á hann að borga, og sá, sem vill stunda þá atvinnu, hann veit, að þetta kaup fær hann. En í öllum þeim verkföllum, sem gerð hafa verið hjer á landi og jeg þekki til, hafa foringjar verkamanna heimtað miklu meira en þeir svo vildu sættast á, og útgerðarmenn á sama hátt boðið minna en þeir vildu sættast á, en báðir hafa haldið áfram deilunni í von um það, að vinna sigur á hinum, ef þeir gætu beðið nógu lengi. En ef dómur er upp kveðinn, þá er hagsmunavonin kyrkt í fæðingunni, og þá eru öll verkföll um leið kveðin niður. Það er hagsmunavonin, sem heldur deilunni við. Ef sú tálvon er kyrkt og ef vissa er fengin fyrir því, að sá, sem vill halda úti skipi, verði að gjalda þetta kaup, og að sá, sem vill vinna, verði að þiggja þetta kaup, þá eru öll verkföll og verkbönn úr sögunni. Þetta er í senn þvingun og ágæti dómsins.

Jeg skal viðurkenna það, að jeg finn máske mest til þeirra agnúa á þessu fyrirkomulagi, sem að atvinnurekendum snúa, því að sá er eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur. Hitt er þó víst, að verkamönnum er mikill fengur í dómnum. Ef slíkur dómur gengi um, hvert kaup skuli vera, þótt sjómönnum bæri ekki skylda til að ráða sig, og útgerðarmönnum ekki skylda til að gera út, þá er gátan leyst. Hugsum okkur síðasta verkfall. 30. desember fella báðir aðiljar uppástungu sáttasemjara, 24. febrúar er önnur tillaga sáttasemjara borin upp og feld með yfirgnæfandi meiri hl., en nokkrum dögum síðar ber forsrh. upp svipaða tillögu, og

hún er samþykt. Útgerðarmenn eru þá svo ginkeyptir að komast út með togarana, að við sjálft liggur, að togararnir ætli að rekast á í hafnarmynninu, og sjómenn eru svo óðfúsir að komast af stað, að þeir gefa sjer varla tíma til að kyssa konu og börn, en þjóta af stað. Báðir aðiljar vissu, að þetta var seinasta tillagan, sem gerð mundi af óvilhöllum aðilja. Þá, og þess vegna, beygðu báðir sig. Og þó er þetta ekki viðlíka eins áhrifamikið eins og ef dómur gengur um málið, sem hefir þá staðfestu í lögum, að sjómenn eiga að hafa þetta kaup, ef þeir stunda þessa atvinnu, og útgerðarmenn eiga, ef þeir vilja gera út skip, að borga þetta kaup. Jeg endurtek það þess vegna, að þrátt fyrir það, þó að mjer sje þessi aðferð að ýmsu leyti hvimleið, — þótt jeg víki frá þeirri stefnu, sem jeg annars fylgi, um sem minstar hömlur á einstaklingsfrelsið, — þótt jeg áliti áhættu atvinnurekenda talsvert mikla, þá vil jeg samt færa þá fórn, af því að sá tilgangur, sem sókst er eftir, er verður mikillar fórnar.

Jeg verð að játa það, að það er mín skoðun, að sá, sem selur vöruna, og sá, sem kaupir vöruna, eigi að semja, og mjer er hvimleitt að benda á þriðja aðiljann og segja: Ráð þú. En nauðsyn brýtur lög.

Um friðhelgi eignarrjettarins, sem jafnaðarmenn eru nú alt í einu farnir að halda fast í, er það að segja, að stjórnarskráin heimilar eignarnám, ef alþjóðarþörf krefst þess. Jeg sætti mig við þetta bráðabirgða-eignarnám á notagildi framleiðslutækja annars vegar og vinnuorku hinsvegar, af því að þjóðarnauðsyn býður það.

Jeg hefði viljað beina nokkrum orðum til hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), en með því að hann er ekki staddur hjer í deildinni, ætla jeg að láta það niður falla, meðfram af því, að jeg hefi að nokkru leyti svarað ræðu hans óbeinlínis. En hún var á einum stórum, veigamiklum misskilningi bygð. Hv. þm. (ÁÁ) talaði um kúgun, sektir, ríkislögreglu, tugthús o. fl., sem ekkert kemur málinu við. Dómurinn er ekki annað en einskonar hæstirjettur. En þvingunin er sú ein, að um takmarkaðan tíma eru kvaðir lagðar á sjálfsákvörðunarrjett verkamanna um söluverð vinnuorkunnar og samtímis samkynja kvaðir lagðar á notagildi framleiðslutækjanna.

Það offors, sem jafnaðarmenn sækja þetta mál með, er skiljanlegt, af því að þeir óttast, að um leið og dregið er úr æsingum minki vald þeirra yfir alþýðu manna, en þetta vald er þeirra dýrmætasta eign, og hana verja þeir með grimd villimannsins, og skal jeg ekki ámæla þeim fyrir það. En ljósasta dæmi þess, með hverju offorsi þetta mál er sótt, eru þau brigslyrði, sem hv. 2. þm. Reykv. (HV) hefir leyft sjer að hafa við hv. þm. V.-Sk. (LH) og sömuleiðis við hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem ekki gat svarað fyrir sig, þar sem hann verður að vera í forsetastóli, og meira að segja ekki hringt þennan ósvífna ræðumann niður. Og auk þess þurfti þessi hv. þm. (HV) að seilast yfir núverandi lögmann til þess að geta svívirt fyrverandi bæjarfógeta Reykjavíkur.

Jeg skal þá ljúka máli mínu með þeim orðum, að mjer finst þetta mál fá þær undirtektir, sem eðlilegt er, litla mótspyrnu frá verkamönnum, en nokkra frá vinnuveitendum, sem ekki hafa enn áttað sig á því til fulls, og grimmúðuga mótstöðu frá foringjum

jafnaðarmanna, vegna þess að þeir óttast, að vald þeirra yfir alþýðunni verði nú af þeim tekið.

Haraldur Guðmundsson: Jeg held að jeg verði í þetta sinn að fara aftan að siðunum og byrja á skottinu á ræðu hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Hann sagði, að eign okkar jafnaðarmanna og sú einasta, væri valdið yfir alþýðu, og til þess að verja þennan eignarrjett, berðumst við með grimd villimannsins. Hv. þm. hefir víst með þessari samlíking ætlað að vera fyndinn, en hún minnir helst til mikið á orð, sem fjellu úr þeim sömu herbúðum núna fyrir skemstu. Jeg ætla, að það hafi verið flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Reykv. (MJ), sem dró hjer inn í umr. allsnjalla lýsingu á villimanninum á frumstigi menningarinnar, er notaði steinsleggjuna bæði sem vopn og rök.

Jeg býst nú ekki við, að við jafnaðarmenn förum að nota slík steinaldarvopn á hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Hann er ekki það heljarmenni, að lumbra þurfi á honum með þungri steinsleggju. En það er ekki óhugsandi, að við mundum nota á hann annað og minna vopn, sem virðist líka að öllu leyti betur viðeigandi. Og það er tituprjónn. (**ÓTh:** Sagði þm. tituprjónn?).

Já, hann leyfði sjer að nefna tituprjón, og í því sambandi dettur mjer í hug gömul vísa, sem hljóðar svo:

> Margur blásinn belgur sprakk,
> bljúgur laut að fróni,
> í sem glettin ungfrú stakk
> ástartituprjóni.

Nú býst jeg ekki við, að það verði neinn sjerstakur „ástartituprjónn", sem við notum, heldur mundi verða reynt með tituprjónsstungunni að hleypa út dálitlu af þeim heljarvindi, sem þessi hv. þm. er uppbelgdur af.

Það er nú komið á daginn, að það er sameiginlegt með öllum þeim hv. þm., sem lagt hafa þessu frv. liðsyrði, að þeir vilja ekki halda sjer við frv. eins og það er. Og breytingarnar, sem þeir vilja gera á frv., eru hvorki fáar nje smáar.

Allir hafa þeir verið að reyna að breiða yfir það, að með frv. væri bannað að gera verkföll, en mismunandi er sú niðurstaða, sem þeir þykjast komast að.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) segir, að hvergi sje bannað að gera verkföll, en þau sjeu bara dauðadæmd, ef frv. verður að lögum. Hv. þm. Dal. (SE) vildi líta svo á, að verkföll væru leyfð eftir að dómur væri upp kveðinn. Hv. 1. flm. (JÓl) sagði, að það væri ekki bannað að gera verkfall eftir að dómur væri fallinn, en það væri heldur ekki leyft eins og frv. er orðað. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) held jeg að hafi komist einna skýrast að orði um þetta deiluatriði. Hann sagði, að mönnum væri ekki bannað að gera verkfall, en þeir væru heldur ekki skyldugir að taka upp vinnu sína eftir að dómur er fallinn, en ef menn vildu vinna, þá yrðu þeir að hlíta því kaupi, sem dómurinn hefði ákveðið. M. ö. o., það er ekki bannað að gera verkföll, segir hann, en eftir frv. er verkalýð bannað að gera verkfall í því skyni að fá kaup sitt hækkað eða kjör sín bætt að einhverju leyti. Þetta er vitanlega nægilegt fyrir þá, sem standa að þessum þrælalögum, því að þeir vita, að engum dettur í hug að gera verkfall í öðrum tilgangi en þeim, að fá kaupið hækkað og kjörin að öðru leyti bætt.

Sumir þessir hv. meðmælendur frv. tala með miklum fjálgleik um friðinn, sem ríkja eigi á meðal beggja aðilja, „vinnufriðinn“, og tala í angurværum tón um það mikla tjón, sem verkföll geti leitt yfir þjóðina. Því neitar enginn, að verkbönn og verkföll geta í bili valdið miklu tjóni fyrir báða aðilja, sem að því standa, og þjóðina í heild. En hvernig ætla þessir hv. þm. að fyrirbyggja slíkt tjón með frv., þegar þeir jafnframt segja, að leyfilegt sje að gera verkbönn og verkföll eftir sem áður, þótt dómur sje fallinn um kaup og kjör? Hvað er þá unnið við að setja slík lög sem þessi og hvernig fer þá um vinnufriðinn, ef hvorugur aðili er skyldur til að hlíta þeim dómi, sem upp er kveðinn? Ef ekki á að fara eftir dóminum, þá eru lögin sú hringavitleysa, sem ekki nær nokkurri átt, og hv. d. ósamboðið með öllu að eiga nokkurn þátt í slíkri grautargerð.

Enda meina flm. þetta alls ekki.

Það er einmitt tekið fram í 8. gr., að dómurinn skuli vera skuldbindandi. Þar segir svo: „Dómsúrslit skuldbinda aðilja sem dómur almennt.“ Næsta stigið hlýtur þá að verða það, að heimta að dóminum verði framfylgt, leggja á þá menn víti og viðurlög, sem ekki vilja góðfúslega beygja sig undir dóminn. (SE: Þetta er stór misskilningur!) Misskilningurinn er hjá hv. þm. (SE).

Hvaða meining væri í því, að þessi dómstóll kvæði upp dóm, sem hvorugur aðili væri bundinn við? Annars mundu útgerðarmenn, ef þeim þykir kaupið of hátt eftir dómnum, stöðva vinnuna, gera verkbann, og verkamenn mundu á sama hátt gera verkfall, ef þeim þætti kaupið of lágt, sem vinnudómstóllinn hefir dæmt þeim til handa.

Sje nokkur skynsamleg og heil brú í frv., þá verður að ætlast til að dómnum sje hlýtt, eins og líka tekið er fram í 8. gr.: Dómsúrslit skuldbinda aðilja sem dómur almennt.

Hitt er ömurleg lítilmenska að hlaupa frá öllu, sem í frv. stendur, og jeta ofan í sig helstu ákvæðin, sem segja má þó um, að heil brú sje í, frá sjónarmiði þeirra manna, sem er það hagsmunamál að koma þessum þrælalögum á.

Jeg hefði nú viljað drepa á nokkur atriði, sem komið hafa fram í ræðum þeirra hv. þm., sem lagt hafa blessun sína yfir frv., þótt enginn kostur sje þess að leiðrjetta allar þær fjarstæður, sem komið hafa fram í umr.

Mest hefir mig furðað á þeirri tóntegund, sem hv. formælendur frv. hafa talað í. Þeir hafa forðast að nefna aðalatriðin, farið í kringum kjarna málsins eins og kötturinn, sem hræðist heita grautinn. Þeir hafa með bljúgum huga og hátíðlegum svip verið að tala um friðarboðskap og fórnarvilja, eins og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) orðaði það. Hann kvaðst fús til að fórna sjerhagsmunum sínum og annara útgerðarmanna til þess að bæta hag þjóðarinnar. Falleg orð, en innantóm. Sumir hæla sjer mest af því, sem þeir hafa minst af.

Sami hv. þm. og fleiri af því sauðahúsi þykjast með þessu vera að auka vinnufriðinn í landinu. En glámskygnir eru þeir, eða vilja ekki kannast við að þeir sjái, hvert stefnt er með frv. Því að í staðinn fyrir að auka friðinn, blása þeir að ófriðareldinum og auka úlfúð

og hatur milli þeirra, sem eigast við.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, að hugmyndin með frv. væri góð, en það væri óheppilega orðað. Hugmyndin er, að því er hann sagði, sú, að fá rjettláta og óvilhalla menn til þess að kveða upp dóm um það, fyrir hvaða kaup verkamenn skuli vinna á hverjum tíma. En því aðeins getur þessi góða hugmynd komið að gagni, svo að jeg haldi mjer við hugsanagang hv. þm., að báðir aðiljar sjeu skuldbundnir að hlíta endanlegum dómsúrslit m, hver sem þau kunna að verða. En því neita nú flm., hver eftir annan.

Jeg ætla þá með nokkrum orðum að víkja að því atriði í ræðum hv. formælenda frv., að menn væru ekki skyldugir að hlíta þeim dómsúrslitum, sem upp yrðu kveðin í vinnudeilum. Og ætla jeg þá að halda mjer að því, sem hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði, því að hans skilgreining í þessu efni virtist mjer einna skýrust. Fyrir honum var aðalatriðið það, að ef dómstóllinn ákvæði kaupið með dómi, þá væru verkamenn skyldir til að vinna fyrir það kaup, ef þeir á annað borð vildu vinna. Hinsvegar væri mönnum frjálst, hvort þeir vildu vinna eða ekki. Þætti þeim kaupið of lágt, gætu þeir látið vera að vinna, og að því er mjer skildist, tekið þá upp aðra atvinnu. Hv. þm. (MJ) virtist leggja mikla áherslu á, að frelsi verkamanna væri látið óskert, þeir þyrftu ekki að vinna frekar en þeir vildu. En þetta „frelsi“ getur orðið litils virði. Ef mennirnir ekki vinna, verða þeir að svelta. Þeim er m. ö. o. frjálst að svelta.

Hjer eru um 1000 manns, sem vinna á togurum, og margfalt fleiri, sem vinna að verkun og hirðingu aflans og við höfnina. Ef allur þessi fjöldi vildi ekki vinna fyrir það kaup, sem dómurinn hefði ákveðið, að hvaða gagni kæmi þeim þá frelsið? Ekki mundu þeir geta fengið aðra vinnu, ef öll útgerð stöðvaðist. Nei, allir þessir verkamenn mundu verða að sitja auðum höndum og svelta eða sætta sig við dóminn um kaupið, enda er það ætlun þeirra manna, sem grípa vilja til slíkra þvingunarráðstafana, sem felast í frv. Ofan á hörmungarnar af atvinnuleysinu bætast svo skaðabætur og sektir samkvæmt frv.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) komst svo að orði, eins og jeg drap lítilsháttar á í upphafi ræðu minnar: Friðsamleg samtök eru vopn verkamanna, en verkföllin eru vopn alþýðuleiðtoganna! Og hann tók það fram, að hann meinti þetta. Það er þá sennilega það eina, sem hann hefir meint í þessari ræðu sinni. En það er ekki eina vitleysan, sem hann flutti þar.

Nú vil jeg spyrja þennan hv. þm.: Hvar var ófriðurinn í síðustu kaupdeilu? Var það hjá sjómönnunum? Jeg segi nei. Það var fullkomin friðsemd í allri framkomu sjómanna á meðan á deilunni stóð.

Annars vildi jeg spyrja þessa hv. þm. einnar spurningar og hún er þessi: Hvað eru friðsamleg samtök alþýðu, ef það er ekki fjelagsskapur þeirra, sem sjer um að verkföllin fari friðsamlega fram, þar sem hundruð og þúsundir manna standa saman sem einn maður um rjettmætar kröfur sínar um kauphækkun og bætt kjör, án þess að nokkrar óeirðir eða óspektir verði?

Og hvað stoðar fyrir verkamenn að fara fram á kauphækkun, er hinir skella skolleyrunum við öllum rjett-

mætum kröfum þeirra? Til hvers er að biðja um hækkað kaup, ef það er látið fylgja með, að þótt hækkunin ekki fáist, þá verði samt haldið áfram að vinna — fyrir lága kaupið.

Nei, það er víst, að þessi friðsamlegu samtök, sem formælendur frv. eru að stagast á, þau lifa ekki stundinni lengur, ef þau sýna ekki mátt sinn í því að knýja fram kröfur verkalýðsins — með verkföllum, ef ekki er annað fært.

Samtök verkamanna hjer eru friðsamleg, þau knýja fram bætt kjör án óspekta og ofbeldis. Þetta hefir reynslan kent verkalýð um allan heim og einnig hjer, þó að samtökin hjer sjeu tiltölulega ung. Og eina ráðið til þess að gefa kröfum verkamanna styrk, þegar mikið liggur við, er mögulcikinn til þess að geta stöðvað vinnuna, þ. e. a. s. að geta gert verkfall. Og alveg sama er að segja um útgerðarmenn. Þegar þeir gera verkbann, gera þeir það í þeim tilgangi, að fá sínum kröfum framgengt.

Friðsamleg samtök verkamanna hafa sýnt mátt sinn í öllum kaupdeilum okkar.

Það, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) var að segja um mig og fjelaga mína hjer á Alþingi, að okkar eign væri engin önnur en vald það, sem við hefðum náð yfir alþýðu þessa lands, er orðavaðall einn, því miður liggur mjer við að segja, því að ef rjett væri sagt frá um vald okkar væri þetta hið mesta hól.

Mjer kemur undarlega fyrir sjónir, að maður eins og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem á kost á því að tryggja sjer hin mestu völd, þar sem hann er hvorttveggja í senn: einhver stærsti og fjesterkasti atvinnurekandi þessa bæjar og þingmaður jafnframt — og á ítök í fjölda blaða, skuli segja það kinnroðalaust hjer á Alþingi, að menn, eins og t. d. jeg, sem enga atvinnu geta veitt og enginn þarf neitt til að sækja, höfum ríkara eða meira vald en hann hjá verkalýð þessa bæjar. Hvers vegna notar hann ekki aðstöðu sína til að vinna fylgi verkamanna? Enginn getur meira gert fyrir þá en einmitt hann. Hvers vegna trúir enginn blöðum hans eða blaðskrifum sjálfs hans? Gleggri viðurkenningu á vesalmensku sjálfs sín er varla hægt að hugsa sjer, og ekkert sýnir betur, hvað þessi hv. þm. hefir litla trú á eigin málstað og málaflutningi.

Mjer finst það mikið lof, þegar talað er um, að alþýðuleiðtogarnir, sem að vísu eru all-oftast nefndir æsingamenn, skuli ráða jafn miklu og vera eins voldugir menn og andstæðingarnir eru í tíma og ótíma að fárast um.

Aðstaða þeirra sjálfra er þó ólíkt betri, þeir ráða yfir framleiðslutækjunum og fjármagninu og þeir ráða yfir stærri og meiri blaðakosti heldur en við jafnaðarmennirnir, sem höfum hjer aðeins Alþýðublaðið. Slík aðstaða sem þessi ætti að tryggja atvinnurekendum fylgi, ef þeir væru svo vitrir og hagsýnir, að þeir kynnu að notfæra sjer það og hugsuðu ekki mest um að tryggja sjer gróða og skamta verkalýðnum sem naumast. En því er ekki að heilsa. Í stað þess að tryggja sjer hugi fólksins, með því að reyna að bæta hag þess, emja þeir og kvarta yfir því, að „æsingamennirnir“ með skrifum sínum og ræðum snúi huga alþýðu frá sjer. Jeg verð nú að segja það um sjálfan mig, að jeg hefi ekki þá trú á mjer,

að jeg sje svo voldugur maður sem hv. þm. vill vera láta, eða svo snjall, að jeg telji fjölda fólks hughvarf. Hitt vil jeg fullyrða, að það eru atvinnurekendurnir sjálfir, sem með óstjórn sinni á atvinnurekstrinum og margskonar hátterni, eru þess valdandi, að fjöldinn tapar trúnni á forsjá þeirra og snýr við þeim bakinu. (ÓTh: Jeg held að það sje sáralítill munur á lifnaðarháttum mínum og hv. þm. Ísaf. (HG). Við erum báðir, eins og það er kallað á reykvísku, „flottræflar"!) Hv. þm. um það, hvaða nafn hann velur sjer.

Þá var hv. 2. þm. G.-K. að skýra hv. deild frá því, að hann hefði átt nýlega tal við verkamann í Hafnarfirði, sem var eindreginn fylgismaður frv. Mest fyrir þá sök, að mjer skildist, að hann áleit að frv., ef að lögum yrði, væri ekki annað en lög um einfaldan gerðardóm er allir kæmu sjer saman um.

En hvernig dettur nokkrum óbrjáluðum manni í hug að líkja því tvennu saman? Gerðardómur, sem báðir aðiljar koma sjer saman um, er ekki annað en það, að báðir velja þá menn, sem þeir treysta best til þess að jafna það, sem um er deilt. Það er svipað og átti sjer stað í síðustu kaupdeilu. Þá völdu útgerðarmenn hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) einan til þess að semja fyrir þeirra hönd, þegar hæstv. forsrh. (TrÞ) hafði tekið málið að sjer. Sjómenn höfðu áður falið það stjórn fjelags síns. Báðir aðiljar voru í sínum fulla rjetti, og það sem þeir koma sjer saman um skuldbindandi fyrir alla þá, er stóðu að baki þeim, þ. e. a. s., þá útgerðarmenn og sjómenn, sem í þessari kaupdeilu áttu. Hjer var um hreint samkomulag að ræða.

En þessi samningsleið er gersamlega óskyld og andstæð þeirri leið, sem gert er ráð fyrir með frv. um dóm í vinnudeilum. Svo að ef málalokin í síðustu kaupdeilu eiga að fara að notast sem meðmæli með frv., þá get jeg ekki betur sjeð en að rökin fari að snúast í höndum formælendanna.

Þá sagði sami hv. þm., að í dóminn ættu að veljast óvilhallir og rjettsýnir menn, sem krefjast mundu fullra skýrslna um allan rekstur útgerðarinnar, er þeir svo bygðu á dómsúrskurð sinn. Í því sambandi vitnaði hann og fleiri í grein, sem stóð í Alþýðublaðinu fyrir skömmu, og ber fyrirsögnina „Reikningarnir á borðið!" Halda þeir því fram, að með frv. sje þessari kröfu Alþýðublaðsins fullnægt. Reikningarnir yrðu lagðir á borðið, þ. e. a. s. dómurinn gæti skyldað aðilja með úrskurði til þess að sýna bækur sínar eða reikninga. En þetta er vísvitandi blekkingartilraun. Málið á að flytja fyrir lokuðum dyrum og ekkert má uppskátt gera um rannsókn þá, er þar fer fram. Yfir öllu slíku á að vera fullkomin leynd samkv. 7. gr. frv., eins og jeg nú skal benda á með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnan skal flytja mál fyrir lokuðum dyrum, ef opinber flutningur þess ylli því, að óviðkomandi menn fengju vitneskju um leyndarmál kaupsýslumanna eða fjelagsskapar, eða annað, er menn eiga rjett á að haldið sje leyndu fyrir óviðkomandi mönnum."

Nú vil jeg spyrja: Hvaða vitneskju fær almenningur um rekstur og hag atvinnufyrirtækjanna þegar svona er í pottinn búið?

Jeg svara hiklaust: almenningur fær ekkert að vita. Dómurinn getur aflað sjer þekkingar í þessu efni, ef hann

hefir þá dáð í sjer til þess, og þennan sama rjett hefir sáttasemjari samkv. núgildandi lögum. En fyrir alþýðu verður þetta hulinn leyndardómur eftir sem áður. Annars gefst formælendum frv. tækifæri til að sýna, hvað þeir meina með þessu munngjálfri sínu, þegar rætt verður um það málið, sem næst er hjer á dagskrá (rannsókn togaraútgerðarinnar), svo að jeg sje ekki ástæðu til að dvelja lengur við þetta atriði að þessu sinni.

Þá mintist hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) á friðhelgi eignarrjettarins og fórust orð eitthvað á þá leið, að sjer þætti einkennilegt, að við alþýðuleiðtogarnir, sem værum á móti friðhelgi eignarrjettarins, skyldum ekki láta okkur vel líka að hún væri rofin á verkamönnum. En hann gætir ekki þess, að ef frv. þetta verður að lögum, þá gilda hjer í landi tvennskonar reglur um eignarrjettinn. Önnur um fasteignir og lausafjármuni „borgaranna", en hin um starfsorku verkalýðsins. Og sjá þó allir, að ekki nær nokkurri átt, að í einu og sama landi gildi tvennskonar lög um eignarrjett manna.

Þá ræddi sami hv. þm. allmikið um það, að tilgangur frv. væri einmitt sá að brjóta þær „þrældómsviðjar", sem alþýðuleiðtogarnir hefðu lagt á verkamenn. Þessu fylgdi að vísu engin nánari skýring, sem ekki var heldur að vænta. Hvernig ættu líka alþýðuleiðtogarnir að halda verkamönnum í þrælaviðjum? Ekki geta þeir ógnað verkamönnum með því að svifta þá atvinnu, ef þeir hegða sjer ekki eins og þeim er sagt. Alþýðuleiðtogarnir hafa enga aðstöðu til þess að ógna mönnum með atvinnumissi til þess að kjósa sig á þing, eða greiða atkvæði þeim til geðs. Það má vel vera að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) kannist við dæmi þess, að þetta hafi verið gert, en það nær vitanlega ekki nokkurri átt að bendla alþýðuleiðtogana við nokkuð slíkt.

Annars virtist hann byggja þenna þrældómsviðjasleggjudóm sinn á atkvæðagreiðslu sjómanna um till. sáttasemjara. M. ö. o., að við, sem hann nefnir leiðtoga alþýðu, hefðum átt að ráða því að sjómenn feldu till. Nú ætti honum að vera kunnugt um, ekki síður en öðrum, að till. var alls ekki birt, eða um hana ritað, áður en greidd voru atkv. um hana. Atkvæðin voru sumpart greidd á fundi og sumpart á skipsfjöl úti í rúmsjó. Ekkert blaðanna ræddi um till. áður en atkvæðagreiðslan fór fram. Hvernig áttu nú t. d. alþýðuleiðtogarnir að hafa áhrif á allan þann fjölda sjómanna, sem atkvæði greiddu á skipsfjöl?

Jeg ætla að enda mál mitt við hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) með því, að rifja upp orð þau, er hann hóf ræðu sína á.

„Samningaleiðin í kaupdeilum er að verða æ torsóttari og torsóttari," sagði þessi hv. þm. En það er auðsjeð, að hann leit aðeins á aðra hliðina. Hann hefir meint: samningaleiðin er að verða æ torsóttari og torsóttari fyrir okkur útgerðarmenn. Hann á við það, að launadeilurnar þrýsti verkamönnum fastara og fastara saman um kröfur sínar, svo að erfiðara reynist með hverju árinu, sem líður, fyrir útgerðarmenn að ráða kaupgjaldinu einir.

Allir formælendur frv. hafa rætt um „offors" sjómanna í kaupdeilum; að þeir setji kröfur sínar miklu hærra en þeir hugsa sjer að ganga að, og látist furða sig á, að sjómenn skyldu hafna till. sáttasemjara, úr því að þeir gengu

að lokum að samningum þeim, sem gerðir voru fyrir milligöngu forsætisráðherrans, þar sem kaupið var ákveðið aðeins um 3% hærra en í tillögu sáttasemjara. Þessir hv. þm. vilja láta líta svo út, að ef sjómenn hefðu samþ. till. sáttasemjara, þá hefði kaupdeilunni þar með verið lokið og alt fallið í ljúfa löð. En þetta er hin fáránlegasta blekking, svo sem sýnt skal verða. Útgerðarmenn feldu tvisvar tillögu sáttasemjara svo að segja í einu hljóði. Ef lagður er trúnaður á atkvgr. þessar, hefði það ekki stoðað hót, þótt sjómenn hefðu, á hinn bóginn, samþ. till. sáttasemjara. Það hefði verið árangurslaust og enda mjög óhyggilegt. Það hefði sennilega spilt fyrir málstað sjómanna, því af útgerðarmanna hálfu hefði slíkt verið lagt út á þá leið, að nú væru sjómenn farnir að sjá sitt óvænna, og vildu nú slá af kröfum sínum. Hefði þetta því aðeins orðið til þess að bæta aðstöðu útgerðarmanna í kaupdeilunn, enda mun hafa verið til þess ætlast af þeirra hálfu. (**ÓTh:** Hvað hefir þessi hv. þm. sagt í blaði sínu?). Jeg hefi sagt það, að útgerðarmenn hafi í síðara skiftið líklega felt till. sáttasemjara til málamyndar, og af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram. Að vísu er þetta ekki sannanlegt, en af sjómanna hálfu var þetta skýrt á þann veg, eins og líka eðlilegt var. Offors sjómanna var síst meira en útgerðarmanna, sem í upphafi buðu kauplækkun en síðan gengu að 16% hækkun.

Þá ætla jeg lítillega að snúa mjer að hv. þm. V.-Sk. (LH). Hann kvartar undan því, að Alþýðublaðið hafi haft miður prúðmannleg ummæli um sig, í sambandi við umræður um þetta mál í blaðinu. Þessu verð jeg að mótmæla, sem og því, að blaðið hafi sagt nokkuð móðgandi um þennan hv. þm. Það sem blaðið hefir sagt um hann og afstöðu hans til sjómanna í Skaftafellssýslu, er á fullum rökum bygt. Rjett er það, að það er ekki honum til lofs. En þar má hann sjer sjálfum um kenna. Það er alkunnugt, að við síðustu kosningar greiddu margir sjómenn í V.-Sk. þessum hv. þm. atkv. sín vegna þess, að hann var á vegum þess flokks, sem ætla mátti að væri fylgjandi vökulögunum. Vafalaust hefir þetta aflað þessum þm. margra atkvæða, sem hann ella ekki hefði fengið. En framkoma hans á síðasta þingi olli mörgum þessara fylgismanna hans þungra vonbrigða. Mjer er persónulega kunnugt um þetta, því að jeg hefi talað við marga sjómenn, bæði þar eystra og annarstaðar. Jeg vil þó ekki segja, að hann hafi gefið kjósendum sínum fyrirheit um að styðja framgang vökulaganna, en hann bauð sig fram sem Framsóknarmaður, og var því full ástæða til að ætla, að hann mundi fylgja sínum flokki að málum, í því máli sem endranær.

Þá talaði þessi sami hv. þm. um það, með miklum fjálgleik, að samtök væru góð, ef ekki fylgdu þeim æsingar. Mjer er ekki fyllilega ljóst, hvað hv. þm. á við, þegar hann talar um æsingar í þessu sambandi. Hvaða æsingar voru samfara kaupdeilunni síðustu? Framkoma sjómanna var hin prýðilegasta í alla staði, og bar vitni um stillingu og sanngirni. Þetta verður ekki hrakið. Alt málæði um æsingar í sambandi við kaupdeiluna síðustu er algerlega út í hött. Sennilega hefir aldrei verið friðsamlegri kaupdeila heldur en sú, sem nú er nýafstaðin. En þegar þessi hv. þm. talar um, að hann óski að öll alþýða

ætti við sem best kjör að búa, þá er slíkt vitanlega orðagjálfur eitt, svo framarlega sem hann ekki bendir á neinar leiðir til þess að bæta aðstöðu þeirra í lífinu. Og afskifti þessa hv. þm. af þessu máli, miða eingöngu að því, að gera alþýðu torveldara að ná sjálfsögðum rjetti sínum.

Jeg verð að þakka hv. 1. þm. Reykv. (MJ) fyrir hin mjög vinsamlegu ummæli í garð jafnaðarmanna og jafnaðarstefnunnar. Hefi jeg ekki enn heyrt öllu sannari ummæli um þau mál, af munni andstæðinga stefnunnar. Þessi hv. þm. komst svo að orði, að jafnaðarmenn hefðu ávalt það hlutskifti, að skipa brjóstfylking mannkynsins á för þess neðan úr villimensku og alt upp á hátinda fullkomnunarinnar. Þeir jafnaðarmenn, er eigi vildu sýna þetta í verki, væru ekki sannir jafnaðarmenn, brigðust köllun sinni. Þetta er fullkomlega rjett, enda verður því ekki mótmælt, að jafnaðarmenn hafa ávalt verið, síðan sú stefna hófst, í brjóstfylking mannkynsins og munu ávalt verða það. En því get jeg ekki neitað, að næsta broslegt er að heyra slík orð af vörum íhaldsmanns, og ömurlegt má það vera fyrir hann, að þurfa að gera slíka játningu opinberlega. Mundi honum, sem íhaldsmanni, ekki vera ljúfara að tileinka sínum flokki þennan heiður? En auðvitað treystir hv. þm. sjer ekki til þess, og er honum það síst láandi. En furðulegt má það heita, að þessi hv. þm. skuli ekki gera meiri kröfur til síns flokks en þessi ummæli virðast bera vitni um. Það er þó löng leið neðan úr villimensku, þar sem sleggjan og sleggjudómar gilda sem vopn og rök, upp til þess samræma og fullkomna þjóðfjelags framtíðarinnar, og það er býsna hart fyrir íhaldsmann að geta ekki tileinkað sjer eða sínum flokki hinn minsta hluta af þeirri miklu framþróun, sem þar hefir átt sjer stað.

Þá talaði sami hv. þm. um alþjóðabandalagið og alheimsfriðinn. Taldi hann fullkomna afvopnun leið til fullkomins friðar, og um það er jeg honum sammála. Nú væri það ekki óskynsamleg ályktun, ef hv. þm. hefði sagt sem svo: Ef atvinnufriður á að fást, þá verður fyrst að afvopna stjettirnar, sem deila. En því fór fjarri að hv. þm. kæmist að svo heilbrigðri niðurstöðu. Þvert á móti segir hann, að vopnin eigi ekki að taka af aðiljum kaupdeilanna. Hann segir, að verkamönnum sje ekki með frv. bannað að gera verkföll, með öðrum orðum, að verkalýðurinn eigi að halda verkfallsvopninu og atvinnurekendur þá líka verkbannsvopninu. En samt á friðurinn að fást trygður, ef frv. verður að lögum. Þessar röksemdir hv. 1. þm. Reykv. eru alveg einstakar í sinni röð, og vil jeg spyrja þdm. hvort þeir muni eftir öðrum eins sætsúpuvellingi. En rjett er að geta þess, að þessi hv. þm. sagði ekki rjett frá um frv. Því er einmitt ætlað að afvopna aðra stjettina með öllu, eða að minsta kosti gera vopn hennar bitlaus, meðan hin stjettin heldur sínum vopnum og neytir þeirra. Það má vel vera að þessi hv. þm. kunni vel að segja frá Páli postula, en það eitt er víst, að hann skilur ekki jafnaðarstefnuna. (**MJ**: Er ekki eins góður sætsúpukokkur og hv. þm. Ísaf.). Mjer þykir sætsúpa góð, en jeg bý aldrei til sætsúpu. Þá sagði sami hv. þm., að þar sem hjer væri um fjárhagsmál að ræða, mætti ekki gera það að æsingamáli. Jeg vil spyrja hv. þm. hvaða æsingar hafi átt sjer stað í sambandi við þetta mál.

Mjer er ókunnugt um þær. En annars eru það nú einkum og sjer í lagi fjárhagsmálin, sem valda mestum hita allra deilumála, og ræður það að líkindum, því einmitt þau koma átakanlega við allan þorra manna, hvað afkomu þeirra og lífskjör snertir. Er því ekki nema eðlilegt, þótt slík mál yllu æsingum öðrum málum fremur, þótt ekki hafi kveðið að því nú.

Hv. 1. þm. Reykv. fann okkur jafnaðarmönnum það mjög til foráttu, að við færum að dæmum flokksbræðra okkar erlendis. Þetta gerum við vissulega oft og með góðum árangri. Hitt er rjett, að erlendar fyrirmyndir gefast misjafnlega, stundum vel og stundum miður vel. En mjer fyndist hv. þm. sæma betur að snúa ásökunum sínum til hv. flm. Þeim hefir orðið það á, að leita út fyrir landsteinana, og það sem verra er, tekið til fyrirmyndar einmitt þá lagasmíð, sem verst hefir reynst af öllum lagasmíðum síðari ára hjá nágrannaþjóðum okkar.

Mjer hefir virst flestum ræðumönnum koma saman um, að ákvæðið um það, hvernig dómurinn skyldi skipaður, væri óhæft, eins og það líka er. Það getur aldrei komið til nokkurra mála að fela sýslumönnum og bæjarfógetum að fara með það vald, sem frv. gerir ráð fyrir. Slíkt væri með öllu óafsakanlegt. Þessum hv. þm. fanst það undarlegt, að við skyldum ávalt miða við það ástand, sem nú er, en ekki við það ástand, sem ætti að koma. En við erum neyddir til að miða við núverandi skipulag. Í þessu sambandi vildi eg leiðrjetta misskilning um verkamannafjelögin, sem jeg hefi orðið nokkuð var við. **Þau eru ekkert annað en hákapítalistisk fyrirbrigði; þau eru aðeins vopn í** baráttunni, sem nota verður meðan þetta atvinnuskipulag er við lýði. Þau hverfa, sem slík, þegar ekki eru lengur tveir aðiljar með andstæða hagsmuni um framleiðsluna, aðiljar, sem deila um hvernig afrakstrinum skuli skift. Auðvaldsskipulagið heldur þeim við og gefur þeim tilverurjettinn.

Loks átti jeg mikið ótalað við hv. 1. flm. (JÓl). Hann hóf ræðu sína með því að segja, að það væri hart að þurfa að eiga orðastað við menn, sem ekkert skynbragð bæru á þá hluti, er þeir væru að tala um. Hann brigslaði okkur mótstöðumönnum frv. um sleggjudóma og æsingar í þessu máli. En er lengra leið á ræðu hans, bar hann mjer á brýn leti, að jeg lifði á öðrum, og loks að jeg væri mesta „beinahít" þessarar deildar. Jeg legg það nú undir dóm hv. deildar, hversu skýr og veigamikil rök þetta eru í þessu máli. En þeim hv. þm. vildi jeg segja það, að hann skyldi síst þann veg mæla. Hann er sagður fjáður maður í betra lagi. Þeim fjármunum hefir hann safnað með því að skila sjómönnum sínum og verkamönnum minna af arði útgerðarinnar en þeim bar að rjettu lagi. Auður hans er mismunur á sannvirði vinnu starfsfólks hans og þess, sem hann hefir greitt því í kaup. Gróði þessa manns eru því spænir og bitar úr öskum verkamanna. Hvað er að lifa á öðrum, ef ekki þetta? Auk þess er það alkunnugt, að þessi hv. þm. er inn kominn í þessa hv. deild, fyrir tilstilli þessara fjármuna eingöngu. Og fyrsta verk þessa hv. þm. á Alþingi var svo að berjast með hnúum og hnefum á móti 8 tíma hvíldarlögunum, á sama tíma, sem lögfestur var 8 stunda hámarks-vinnudagur í nærliggjandi löndum. Við um**ræður um það mál á þinginu, fórust**

honum þannig orð um verkamenn, að varla er kinnroðalaust hægt að hafa eftir. Meðal annars sagði hann það, að nú á tímum væri varla hægt að halda hjú, vegna ódygða, eftirtalna og ótrúmensku, og fólkið heimtaði meira kaup og minni vinnu. Blað eitt hjer í bæ, sem þessum hv. þm. er áhangandi, lýsir verkamönnum þannig, að þeir hengslist við vinnu dag og dag, og eyði síðan kaupinu í vín, tóbak, kaffihússetur og Bió. Þetta eru þá þakkirnar, sem þessi hv. þm. lætur þeim mönnum í tje, sem með vinnu sinni og erfiði hafa aflað honum fjár og, illu heilli, óbeinlínis lyft honum upp í þessa hv. deild.

Þá ætla jeg að snúa mjer að beinabrigslyrðum þessa hv. þm. Verð jeg að lýsa hann ósannindamann að þeim ummælum. Auk þess situr síst á þessum hv. þm. að núa mjer sliku um nasir, því honum er of vel kunnugt um, að margir flokksmenn hans belgja sig á beinum og bitlingum. Vil jeg í því sambandi aðeins benda á hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem sjálfur hefir upplýst það, að hann hafi eitt sinn haft 400 kr. fyrir klukkutímann. (**ÓTh**: Ekki frá ríkinu). Gengisnefnd er kostuð af almannafje. Hvað mig snertir sjálfan, þá hefi jeg haft um 1500 kr. á ári um tveggja ára bil, fyrir opinber störf, og ætla jeg að beinhákörlum íhaldsins, sumum hverjum a. m. k., myndi tæpast hafa vaxið slikt í augum, ef þeir hefðu sjálfir átt í hlut. Jeg var kosinn í milliþinganefnd í skattamálum á síðasta þingi. Þar naga beinin með mjer þeir hv. 3. landsk. (JÞ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef.), svo að líkt er á komið með okkur. Ennfremur átti jeg sæti í Ríkisgjaldanefndinni, og þori jeg að fullyrða, að þar hefir mikið starf verið af hendi leyst. (**ÓTh**: Ósjálfhælinn maður segir frá!). Verkin sýna merkin. Og jeg býst við því, að beinhákörlum íhaldsins hafi stundum verið greiddar stærri upphæðir fyrir minni vinnu en þá, sem hjer er um að ræða. Í þessu sambandi væri ekki fjarri að minnast á eitt bein, sem mikið hefir verið deilt um, og á hv. 1. þm. Reykv. (MJ) þar í hlut. Hann átti, eins og kunnugt er, sæti í bankaráði Landsbankans, en eftir að lögum bankans var breytt í fyrra, og kosið í bankaráð á ný, varð hann að víkja úr sæti. Mun hv. þm. hafa tekið sjer þetta mjög nærri, enda höfðaði hann mál gegn bankanum út af launagreiðslunni. Hann vildi fá launin, en kærði sig ekkert um sætið í bankaráðinu og þá vinnu, sem því fylgdi. Hann hefir líka embætti að gegna í þjónustu ríkisins, tiltölulega vel launuðu. Dómur er nú fallinn í Hæstarjetti, og á þá leið, að þetta bein er nú að fullu af honum tekið. Hv. þm. hefði ef til vill kosið að þetta beinamál hans hefði verið lagt undir úrskurð þess dómstóls, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem hjer er rætt um. Ef slíkur dómstóll hefði verið hjer til á síðasta ári og fjallað um málið, hefðu úrslit þess ef til vill orðið honum hugljúfari.

Annars og yfirleitt verð jeg að segja, að það sýnir býsna mikla ósvífni íhaldsmanna að brigsla öðrum um bein og bitlinga, því að sú synduga fortíð, sem þeir eiga sjer að baki, gerir slíkt að hnefahöggum í andlit þeirra sjálfra. Hvað mig snertir, þá tel jeg mjer sóma að því, að vera falin trúnaðarstörf opinber, t. d. að eiga sæti í milliþinganefndinni í skattamálum, og mun jeg

reyna að vinna þar eftir bestu getu. Jeg get ósköp vel skilið, að hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) telji laun mín eftir. Hann um það. Flokkur hans hefir ekki gert mikið að því, að fela honum vandaverk eða trúnaðarstörf.

Jeg get, að svo stöddu, leitt að mestu hjá mjer þau ummæli hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að við jafnaðarmenn hefðum ekkert vit á þessu máli, sem um væri að ræða. Honum er bersýnilega sjálfum alls ekki ljóst, hver er hin eiginlega orsök þessarar deilu. Það má vel vera, að hann beri nokkurt skyn á togaraútgerð í sjálfu sjer, en honum er allsendis varnað skilnings á því atriði málsins, sem mestu skiftir, sem sje því, að undirrót deilunnar er skipulagið sjálft, hið núverandi atvinnurekstrarfyrirkomulag yfirleitt.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði, að eftir röksemdum mínum mætti ætla, að jeg væri fylgjandi vinnudómi. Slík ályktun er fjarri sanni, og enda alveg út í bláinn. Mín orð voru þau, að meðan mannlegt eðli og ríkjandi þjóðskipulag er óbreytt, mun hver ota sínum tota, og haldast kaupdeilur og kjara milli þeirra, sem eiga framleiðslutækin og hinna, sem vinna með þeim, nota þau. Er því einsætt, að slíkur dómstóll, sem hjer ræðir um, er síst þess megnugur, að ráða bót á þessum vandræðum. Eina lækningin, sem dugar, er að taka meinsemdina burtu, í stað þess að vera sífelt að plástra utan á hana. Meinsemdin er núverandi skipulag og því verður að breyta, ef varanleg lausn á að fást á þessum deilumálum.

Þá vildi sami hv. þm. gera gys að því, að jeg hafði í Alþýðublaðinu haldið því fram, að kröfur sjómanna í kaupdeilunni síðustu hefðu verið sanngjarnar, og í öðru lagi, að það, sem áunnist hefði um kauphækkun, væri sigur samtakanna. Sagði hann, að þetta væri ósamrýmanlegt. En jeg vil þá enn ítreka það, að kröfur sjómanna voru fyllilega rjettmætar, og vil jeg leyfa mjer að benda þessum hv. þm. á það, að honum ferst síst að leggjast á móti ekki stærri kauphækkun en hjer var um að ræða til sjómanna, þar sem hann flytur frv. um að hækka dýrtíðaruppbót embættismanna, sem hafa margföld laun á við sjómennina. Þurftarlaun embættismanna telur hann frá 10—14 þús. krónur. En samt leyfir hann sér að gera gys að kauphækkunarkröfum sjómannanna og styðja þá, sem vildu varna þeim hækkunar. Það, sem áunnist hefir í kaupdeilunni, nemur 500 kr á sjómann hvern á ári, og er það eftir atvikum sigur fyrir sjómennina, þegar þess er gætt, að upprunaleg krafa útgerðarmanna var um kauplækkun. Smáir sigrar eru líka sigrar. Sjómenn munar um minna en 500 króna hækkun á árstekjum.

Frá tilboði útgerðarmanna er munurinn h. u. b. 560 kr. á ári á kaupi sjómanna. Sjómenn hafa unnið þetta eingöngu með samtökum sínum Ef þeir ekki hefðu notað „verkfallsvopnið“, myndu þeir engu hafa fengið áorkað. Þó aldrei nema að þetta hafi áunnist nú, vantar þó ennþá mjög mikið á það, að sjómenn og verkamenn beri það úr býtum fyrir vinnu sína, sem rjett er og sanngjarnt, en hver hækkun sem þessi, og hver umbót á kjörum þessara manna, er spor í áttina, og þokast því smátt og smátt áfram til rjettlátari skiftingar.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) rangfærði mjög margt það, sem jeg sagði. M. a.

hjelt hann því fram, að jeg hefði dróttað því að sjómönnum, að þeir spiltu viljandi fiskinum, þegar stundaðar væru ísfiskiveiðar. Að jeg hafi sagt þetta eru hrein og bein ósannindi. Það, sem jeg sagði, var aðeins það, að það myndi sennilega hafa orðið til hagnaðar fyrir útvegsmenn að ganga að kröfu sjómanna, um ½% af afla ísfiskjarins, því að slíkt væri hvöt fyrir sjómennina að vanda sem best meðferð fisksins, um leið og þeir líka gengju ánægðari að starfinu. Með þessu er alls ekki sagt, að sjómenn spilli viljandi aflanum, heldur hitt, sem er óhrekjanleg staðreynd, að eigi menn að einhverju leyti laun sín undir afkomu þess fyrirtækis, sem þeir starfa fyrir, er það þeim jafnan hin mesta hvöt til þess að leggja rækt við starfið. Enda er það svo, að minsta kosti hvað sjómenn snertir yfirleitt hjá þeim Norðurálfuþjóðum, sem botnvörpuveiðar reka, að laun þeirra eru að meira eða minna leyti miðuð við andvirði aflans og aflamagn. Þessvegna er það næsta undarlegt, að þessir friðarpostular hjer skuli hvað mest berjast gegn slíkri tilhögun, sem viðurkend er hin hagfeldasta hjá öðrum þjóðum. Það sýnir, að þeir líta svo á, að atvinnuvegirnir eigi aðeins að vera til þeirra sjálfra vegna, en ekki vegna þeirra, sem að þeim vinna. Þeir telja sig þannig sjálfsagða til að ráða yfir atvinnuvegunum, til að njóta einir arðsins, ef vel gengur. Þeir telja atvinnureksturinn, atvinnuvegina, sitt einkamál.

Það leiðir af sjálfu sjer, að verði sá siður tekinn upp, að sjómennirnir fái hlut af aflanum, þá verða þeir einnig að fá eitthvað að vita um afkomu útgerðarinnar og stjórn, því að undir því er hlutur þeirra kominn. En þegar um slíkt er talað, er komið að hjartanu í atvinnurekendunum. Þá er komið að „einkamálum" þeirra. Þeir vita, að fullkomin þekking á rekstri og afkomu útgerðarinnar yrði til þess, að þeim hjeldist ekki uppi til lengdar að gera bjargræðisvegi fólksins að fjárhættuspili fyrir sjálfa sig.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón A. Jónsson: Jeg hefi einkum heyrt það haft á móti þessu frv., að í því fælist þvingun. En nú hefir verið sýnt fram á það í þessari hv. d., að svo er eigi. En það skal játað, að í því felst takmörkun á athafnafrelsi um ákveðinn tíma. Samkv. frv. er óheimilt að gera verkfall eða verkbann meðan sáttatilraunir og dómsmeðferð stendur yfir. Jeg skil frv. svo, og sá skilningur er í samræmi við yfirlýsta skoðun flm. sjálfra, að eftir þann tíma sje hvorki verkfall eða verkbann ólöglegt. Hjer er aðeins um tímabundna takmörkun að ræða og dómur sá, sem frv. gerir ráð fyrir, er enginn fullnaðardómur, sem aðiljar verði að hlíta, að viðlögðum sektum eða fangelsi. En að einu leyti er athafnafrelsi verkkaupa eða atvinnurekenda takmarkað, eftir að dómur er fallinn. Þeim er, að mínu áliti, óheimilt að ráða verkamenn fyrir lægra kaup en dómurinn ákveður. Mjer er satt að segja óskiljanlegt, hversvegna hv. fulltrúar jafnaðarmanna, eða rjettara sagt verkalýðsfjelaganna, skuli vera

á móti þessari ráðstöfun, því að frv. er verkamönnum talsvert hagstæðara en atvinnurekendum. Hindrunin á athafnafrelsi verkamanna er aðeins tímabundin, en hún er meira að því, er til atvinnurekenda kemur, a. m. k. að einu leyti, eins og jeg hefi berlega sýnt. Verkamönnum standa þrjár leiðir opnar. Þeir geta í fyrsta lagi hætt að vinna, ef þeim sýnist svo, og þeir telja ákvörðun dómsins um kaupgjaldið ekki viðunandi. Í öðru lagi geta þeir leitað sjer nýrrar atvinnu. Og loks er þeim heimilt að vinna fyrir hærra kaup en dómurinn ákveður, ef það býðst. En atvinnurekendur eiga aðeins um tvent að velja, að ganga að því, sem verkalýðurinn sættir sig við eða hætta atvinnurekstrinum.

Það, sem aðallega hefir verið talið frv. til gildis, er það, að það fyrirkomulag, sem það gerir ráð fyrir, muni gefa mönnum lengri tíma og betra næði til að athuga þessi deilumál. Og það hefir líka reynst svo í öllum deilum, að rannsókn og róleg yfirvegun leiðir til heppilegastrar lausnar, þar sem ofurkapp aftur á móti aldrei leiðir til farsællegra lykta málanna. Mjer virðast fulltrúar verkalýðsfjelaganna líta svo á, að eina leiðin til þess að gera þetta land byggilegt sje sú, að verkalýðurinn fái sem hæst kaup. Jeg held, að í togaraverkfallinu nýafstaðna hafi verið byrjað á skökkum enda. Það er mála sannast, að kaupið á togurunum er hærra en við nokkra aðra líkamlega vinnu hjer á landi. Ekki geta bændur greitt svo hátt kaup, eins og ástand landbúnaðarins er nú. Smábátaútvegurinn er eigi heldur fær um það, enda gerir hann það ekki.

Það sje fjarri mjer að neita því, að stjettarfjelög vinnandi stjetta sjeu til nokkurs gagns. Þeim hefir orðið mikið ágengt í því að gera meðlimi sína færari til samstarfs og gæta rjettar þeirra. Sum þeirra, eins og iðnaðarmannafjelög, hafa stórum aukið verklega þekkingu meðlima sinna. En það er ákaflega óheppilegt, þegar foringjar verkamannanna eru að prédika það fyrir þeim, að þeir megi aldrei hugsa til annars en að verða verkamenn alla æfi. Slíkur hugsunarháttur er skaðlegur og órjettmætur, því að hjer í okkar landi eru miklir möguleikar fyrir duglega menn að komast áfram. (HV: Á þá enginn að vera verkamaður?) Jú, auðvitað, en verkamenn mega ekki missa sjónar á því, að þeir geta með dugnaði orðið sjálfum sjer nógir og eignast aðstöðu til að reka sjálfstæða atvinnu. En nú mun það vera svo, að menn, sem hverfa úr verkamannastjett og gerast sjálfstæðir atvinnurekendur, eiga á hættu að verða fyrir aðkasti og hnjóðsyrðum. Þetta er háskalegt ástand og drepur úr verkamönnum alla framfaraviðleitni. En dæmin eru deginum ljósari. Það eru ekki nema 2 dagar síðan hv. 2. þm. Reykv. (HV) rjeðist á hv. 1. þm. Árn. (JörB) með ókvæðisorðum og kallaði hann svikara, af því að þessi hv. þm. (JörB), sem einu sinni var verkamaður hjer í Reykjavík, hefir nú gerst bóndi í sveit. Annað eins og þetta nær vitanlega engri átt. Jeg þekki annað dæmi. Það er frá Vestfjörðum. Maður, sem hafði verið í verkalýðsfjelagi, eignaðist hluta í mótorbát og tók sjálfur að sjer formensku á bátnum. En hvað skeður? Þessi maður er ofsóttur og hrakyrtur fyrir þessa sjálfs-

bjargarviðleitni sína, honum brugðið um fjelagssvik o. s. frv. Hve langt geta þessi ósköp gengið?

Jeg held, að lítið verði úr bjartsýni og framsóknarhug hinnar íslensku þjóðar, ef verkamennirnir, fjölmennasta stjettin, ætlar sjer að skerast þar úr leik. Haldi slíku fram, fer eigi hjá því, að svartsýni, tortrygni og öfund gegnsýri þjóðfjelagið.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) sagði, að verkalýðurinn vildi einn öllu ráða og ætti öllu að ráða. Þessi ummæli þykja mjer óviðkunnanleg í meira lagi. Alveg eins og mjer er það óljúft, að t. d. embættismenn einir ráði lögum og lofum í landinu, eins er mjer það óljúft, að verkamannastjettin sje einráð í öllu. Af því mundi auðvitað leiða einlita löggjöf, sem eingöngu miðaðist við hag þeirrar stjettar. Nei, hver stjett verður að hafa nokkur ráð, svo að engra hagur sje fyrir borð borinn og hver stjett komi nokkru fram af sínum málum.

Því hefir verið mótmælt í þessari hv. d. að kúgun eigi sjer stað í verkalýðsfjelögunum, og það er svo sem auðvitað, að takmarkið með verkalýðssamtökunum er alt annað en kúgun. En jeg skal nefna dæmi, sem sýnir að þetta er nú svo, kúguninni er beitt. Þetta dæmi er úr síðasta verkfalli. Á Vestfjörðum eru, eins og kunnugt er, þrjú togarafjelög. Tvö þeirra ákváðu að gera hásetunum kost á að halda áfram veiðum með því skilyrði, að þeir fengju sama kaup og endanlega yrði ákveðið við samninga hjer í Rvík. Fjelag það, sem jeg veiti forstöðu, er raunar ekki í fjelagi reykvíkskra útgerðarmanna, en við höfum þó altaf fylgt þeim taxta, sem um hefir samist hjer í Rvík. Hásetarnir vildu gjarnan ganga að tilboði okkar. En svo stóð á, að meðal þeirra voru fjórir menn úr Sjómannafjel. Rvíkur. Þessir menn vildu fá leyfi hjá fjelagi sínu til að halda áfram vinnu með þessum kjörum. En þeim var synjað um það leyfi. Þegar svo var komið, sögðust hásetar heldur vilja fara úr skiprúminu, þótt þeim væri það nauðugt, því að við mundum eflaust geta fengið aðra menn á skipið. Fann jeg það á öllu, að þeir vildu á engan hátt skaða útgerðina. En daginn eftir fáum við tilkynningu um það, að ef við gerðum togarann út áfram og rjeðum á hann aðra menn, yrði lagt afgreiðsubann á skipið. Finst mjer það hart, að vegna þessara fjögra sjómanna, er voru í Sjómannafjelagi Reykjavíkur, er öllum hinum meinað að vinna, en afgreiðslubann lagt á skipið, ef menn eru ráðnir í þeirra stað.

Er þetta ekki kúgun?

Þegar kaupkrafan kom fram í haust játuðu hásetar yfirleitt, að þeim hefði aldrei dottið í hug, að krafan yrði svona há, enda mundi það gert til þess, að geta slegið af henni. — Það kom líka á daginn, því að krafan var færð niður um ⅔. Jeg álít, að það sje alls ekki rjett að setja kröfurnar svona langt fyrir ofan þá samninga, er menn hugsa sjer að ná. Hefði krafa Sjómannafjelagsins verið sett t. d. 25% hækkun í upphafi, er jeg sannfærður um það, að sjómenn hefðu gengið að tillögum sáttasemjara við nýár. Það verður að virða sjómönnum það til vorkunnar, að þeir hafa ekki aðstöðu til þess að gera sjer fulla grein fyrir því, hve hátt kaup útgerðin er fær um að borga. Þegar krafan er sett svo hátt sem á síðasta hausti, er sjómönnum um leið gefið í skyn, að eitthvað nálægt þessu muni verða

samið, og það nái ekki nokkurri átt að slaka til um ⅔.

Margir munu hafa undrast þær undirtektir, er till. sáttasemjara fekk hjá hásetum um síðustu áramót. — Og ekki var nóg með það, heldur fekk sáttasemjari alvarlegar ákúrur fyrir það, að bera fram sömu till. í febrúarmánuði og hann hafði borið fram í janúar. Nú er það viðurkent, að kauphækkunarkrafan í okt. var bygð á því, að verð á fiski hækkaði mjög á síðasta fjórðungi ársins sem leið, og útlit var fyrir, að gott verð hjeldist framvegis. Finst mjer eðlilegt að miða kaupgjald að einhverju leyti við sölu afurðanna, því að þegar vel árar, er útgerðin færari um að greiða hátt kaup. Þegar sáttasemjari bar fram miðlunartill. sína í árslokin, var verð á fiski enn þá hátt, eða um 55 au. ½ kg. af fullsöltuðum þorski flutt um borð. Þegar sáttasemjari bar fram sömu till. í febrúarmánuði var svo um breytt, að fiskverðið var komið niður í 44 aura kg. Var fiskurinn þá ekki í hærra verði en á sama tíma árið 1928, en lýsisverð hafði fallið mjög mikið, eða var rúmum 30% lægra en um þetta leyti árs í fyrra.

Finst mjer því, að sáttasemjari hafi gengið mjög langt til móts við kröfu Sjómannafjelagsins með því, að bera fram till. sömu krónuhæðar í febr. Tel jeg víst, að ef dómstóll hefði fjallað um síðustu vinnudeilu, hefði hún fyr verið til lykta leidd, og jafnvel engin vinnustöðvun orðið um nýjárið.

Af því að hjer við þessa umr. hefir verið rætt um togaraútgerðina sjerstaklega, vil jeg fara nokkrum orðum um þá hlið þessa máls.

Hv. þm. jafnaðarmanna halda því fram, að útgerðarmenn taki í flestum tilfellum stærri hlutann af arðinum af þessum atvinnurekstri, en sjómenn fái minni hl.

Jeg heyrði, að hv. þm. Ísaf. (HG) hjelt því fram, að meðalkaup háseta á togurum hafi síðastliðið ár verið um 3000 kr. Þessi skoðun hv. þm. hlýtur að vera bygð á misskilningi, eða því, að hann hefir ekki kynt sjer málið.

Lágmarkskaup háseta á þeim togara, sem jeg veiti forstöðu, að meðtöldum lifrarhlut og vinnu í einn mánuð við hreinsun skipsins var frekar 4000 kr. og ókeypis fæði. Ennfremur fiskur allur, er hásetar drógu á síldveiði. Nú var skip þetta óheppið á síldveiðum og var því síldarhlutur háseta óvenju lágur. Hinsvegar var þorskaflinn í meðallagi. (**SÁÓ:** Hve lengi höfðu sjómenn vinnu við skipið í landi?). Skipið var í Englandi frá 8. jan. til 21. jan. og er það venjulegt, að skip eru svipaðan tíma í aðalviðgerð erlendis á ári hverju. Þegar heim kom fór það ekki strax á veiðar, en af því að einungis var um 6—8 daga að ræða, hjeldu skipverjar kaupi sínu. Hreinsun skipsins, áður en því var lagt á síldveiðar, stóð yfir 16 daga, og í haust tók hreinsunin 24 daga.

Í þau 4 ár, er togarafjelag þetta hefir starfað, hefir beinn rekstrarhalli orðið rúmlega 30 þús. kr., og er þó eigi gert ráð fyrir fyrningu skipsins. Hluthöfum hefir verið greitt 1% af innborguðu hlutafje, sem er um 300 þús. kr. Afli þessa skips hefir verið í meðallagi, engin sjerstök óhöpp komið fyrir, hvorki í rekstri nje afurðasölu.

Nú heyrist oft sagt, að þeir sem veita þessum fjelögum forstöðu, taki svo mikið fje fyrir sín verk, að þeir gleypi allan gróðann. Þetta er hreinasti misskilningur, og veit jeg að slík störf eru

ver launuð en hliðstæð störf við önnur fyrirtæki. Og til þess að sannfæra menn um að svo sje, vil jeg upplýsa um það, hvernig þessu er háttað hjá því togarafjelagi, er jeg veiti forstöðu.

Jeg sem framkvæmdastjóri þess hefi 6300 kr. í árslaun. Af þeim tekjum á jeg að borga skrifstofuvinnu alla, húsnæði fyrir skrifstofu, ljós og hita. Hin raunverulegu laun eru því 3400—3600 kr. á ári, og hefir sá reikningur eigi verið vefengdur, er jeg hefi gefið upp tekjur mínar til skatts.

Stjórn fjelagsins ásamt með endurskoðendum hefir fengið 1200—1400 kr. á ári.

Slíka sögu og þessa hygg jeg að megi segja frá fleiri togarafyrirtækjum. Hefi jeg síst á móti því, að dómstóll, eins og hjer er gert ráð fyrir, dæmi um allan hag útgerðarinnar. Hygg jeg, að það sje það eina í þessu frv., sem er útgerðarmönnum í hag, að dómstóll rannsakaði hag útgerðarinnar og gjaldþol hennar.

Þá mintist hv. þm. Reykv. á vinnustöðvun togaranna, einkum á sumrin. Út af þeim umælum hans vil jeg benda á það, að það væri hreinasta heimska að nota togarana til þorskveiða á sumrin, nema um væri að ræða alveg óvenjulega hátt fiskverð. Það er vitanlegt, að í 9 tilfellum af 10 er það tap fyrir útgerðina að halda skipunum úti til þorskveiða á sumrin. Skip þessi eru svo dýr í rekstri, að það er ógerningur að gera þau út á þeim tíma, nema þau skip ein, er til síldveiða geta gengið. Og til þessa hefir ekki verið hægt að láta meginhluta togaranna stunda síldveiðar, vegna vöntunar á síldarverksmiðjum. Auk þess sem í nær öllum tilfellum væri tap að þorskveiðum skipanna yfir sumartímann, tapa sjómenn einnig, ef togararnir eru hafðir við þorskveiðar.

Á 10—12 tonna bátum hafa menn yfir 400—600 kr. kaup á mánuði yfir sumartímann. Hvaða vit er þá í því, að sjómenn sjeu á togurum þann tíma, því að óhugsandi er, að þeir geti fengið slíkar tekjur þar af þorskveiðum. Sumarið er sá tími, sem menn geta yfirleitt fengið gott kaup, og það jafnvel svo, að flestir lifa á sumarvinnu sinni mestan hluta árs.

Þá sagði hv. þm. Ísaf. (HG): „Með óbreyttu þjóðskipulagi er óhugsandi að ekki verði ávalt vinnudeilur.“ Hv. þm. og samherjar hans álíta, að á engan hátt verði ráðin bót á þessu nema með þjóðnýtingu. Jeg hygg, að eigi muni hægt að koma að fullu í veg fyrir slíkar deilur, hvorki með þessu frv. eða þrengri gerðardómi, en jeg álít, að hjer sje verið að stíga spor í rjetta átt til þess að jafna vinnudeilur á sem skynsamlegastan og rjettlátastan hátt. Því fanst mjer undarlega við bregða, er hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi bíða með að setja vinnudóm í þessum deilum, þar til báðir aðiljar kæmu sjer saman um það. Ef á að bíða eftir því að þeir verði sammála um það, má víst bíða til eilífðar. Telji verkalýðsforkólfarnir, að með þessu frv. sje verið að skerða rjett þeirra, enda þótt rjettur atvinnurekenda sje skertur öllu meira, er ekki von að þeir biðji um slíkan gerðardóm. Þegar jafnaðarmenn segja, að eina lausnin sje að þjóðnýta útgerðina, lýsa þeir um leið yfir þeirri skoðun sinni, að þeir vilja e k k e r t gera til þess að skipa vinnudeilum með gerð eða dómi, en að stefna beri einungis að þjóðnýtingu. En það mundi taka of langan tíma að sýna fram á það, að þótt útgerðin yrði þjóð-

nýtt mundu deilur í vinnumálum verða eftir sem áður. Till. hv. þm. V.-Ísf. um biðina er af þessum orsökum ótæk. Jeg hafði hugsað mjer að svara ýmsu af því, er hv. þm. V.-Ísf. sagði í ræðu sinni, en þar sem hann er ekki viðstaddur mun jeg falla frá því. (BÁ: Jeg skal skrifa athugasemdir fyrir þm.). Mjer fanst hv. þm. vera að afsaka það, að hann gæti ekki að svo komnu aðhylst þjóðnýtingu á útgerðinni.

Háttv. þm. viðurkendi, að sáttasemjarastigið væri frumstig, og bæri okkur að komast á hærra stig í þessum málum. En mjer fanst, að hann sæi engin millistig á milli þessa frumstigs og þjóðnýtingar.

Þá kom hv. þm. með spurningu um það, eftir hverju dómurinn ætti að dæma: Á hann að dæma mönnum þurftarlaun, eða á hann að dæma mönnum þau laun, sem útgerðin getur mest borið? Jeg held nú sannast að segja, að í slíkum málum verði að byggja dóminn á því, hvað sanngjarnt er og hvað er hæfilegt. Hvað er sanngjarnt að sjómennirnir fái af arði atvinnuvegarins, ekki einasta af afganginum, því að það mun oftar verða svo, að hann verði enginn, heldur að þeir fái hluta af tilkostnaði við atvinnuna, jafnvel þótt afgangur verði enginn?

Eitt þótti mjer líka einkennilegt, það var að hv. þm. (ÁÁ) óttaðist svo mjög tóninn í blöðunum. Jeg verð nú að segja það, að jeg vona, að þetta hafi verið mælt af gáska einum, en ekki alvöru, því væri svo, að hv. þdm., einn eða fleiri, höguðu skoðunum sínum eftir því, hvernig þeir byggist við að tónninn yrði í blöðunum, þá væri það illa farið. Hv. þm. var hræddur við tóninn í Morgunblaðinu og hann var hræddur við tóninn í Alþýðublaðinu. En þó tók út yfir, að mjer fanst, að hv. þm. hjelt því fram, að við mættum ekki vænta þess að finna úrlausn, þar sem aðrar þjóðir hefðu ekki fundið úrlausn. Það vita allir, að það er svo stórkostlegur munur á atvinnulífi okkar og annara þjóða, að það er ekki sambærilegt, og það á að vera svo miklu hægra að finna leiðir hjer í þessu litla þjóðfjelagi heldur en í stóru löndunum. Því miður lítur oft svo út, sem menn vilji aðeins ganga þau spor, sem aðrir hafa stigið, vilji aðeins ganga troðnar brautir, og því miður finst mjer of mikið kenna þess á jafnaðarstefnunni hjer, að taka upp allar útlendar fyrirmyndir, en ekki að reyna að sníða eftir högum og þáttum okkar eigin þjóðar.

Jafnvel þótt jeg sjái, að í þessu frv. felist meiri takmarkanir á atvinnufrelsi útgerðarmanna og vinnuveitenda heldur en verkamanna, þá vil jeg samt reyna þessa leið. Hún mun verða leiðin til þess, að menn rannsaki betur þá hluti, sem hjer þarf við, og þá er jeg ekki í vafa um, að með rólegri athugun, með hag þjóðfjelagsins fyrir augum, verði ráðin sú bót, sem ekki mundi fást með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) talaði lengi og af miklum áhuga um það, hversu afskaplegt það væri, að 201 maður í verkamannafjelagi rjeði á móti 200 mönnum. En jeg sje ekki, að það sje neitt afskaplegra en að 21 maður í sameinuðu þingi rjeði á móti 20. Það er sama reglan á báðum stöðum, að meiri hl. ráði, og svo er alstaðar þar sem lýðræði er. Þar sem skipu-

lag þjóðfjelagsins er á þá leið, þar er ekki gengið út frá því, að það sjeu fáir menn, sem hafi mest og best vitið og hafi sjerrjettindi til yfiráða, heldur eigi að vera jafnrjetti á milli allra. En hin afskaplega reiði hv. þm. (JÓl) yfir þessu er skiljanleg og af hálfu útgerðarmanna yfirleitt, því að sannleikurinn er sá, eins og allir vita, að ef þetta sama lýðræðisfyrirkomulag rjeði í málum útgerðarmanna og verkalýðsins, þá yrðu atvinnurekendurnir í miklum minni hl. Þannig ætti það að vera að þeir menn, sem atvinnuveginn reka, þeir ættu í grundvallaratriðunum ekki að hafa meiri rjett en þeir, sem starfa undir þeirra stjórn. Þá hjelt hv. þm. langa tölu um það, að við andstæðingar frv. hefðum ekki vit á málinu. Mjer finst það, satt að segja, hlægilegt, að hann eigi að hafa meira vit á þessu en við hinir. Jeg er óviss um hversu snjall hv. þm. kann að vera í slíkum málum. Þótt hann geti selt fisk og gert út togara, þá er þó langt frá því, að hann hafi meira vit á því en hver og einn annar, hvort lögþvingaður gerðardómur á að vera í þessu máli frekar en einhver önnur aðferð. Mjer er það a. m. k. óskiljanlegt, hvers vegna hv. þm. álítur sig slíkan yfirvitring í þessu máli, eða yfirleitt í fjelagsmálum, því að aðrir en hann sjálfur munu ekki hafa orðið varir við yfirburði hans í þeim málum.

Þá sagði hv. þm., að ef jeg hefði heyrt hljóðið í verkamönnum á meðan togararnir voru bundnir, þá mundi jeg ekki álíta, að verkamennirnir væru eins mikið á móti gerðardómi í kaupdeilum, eins og jeg hjeldi nú fram. Jeg verð að segja það, að þó að hv. 3. þm. Reykv. hafi margt fólk í vinnu hjá sjer bæði á sjó og landi, og hafi um eitt skeið verið vel látinn af því, þá hefir hv. þm. þó síðustu árin fylgst mjög lítið með hugsunarhætti þess fólks. Ef hann talaði mikið við fjölda verkamanna, eins og jeg geri daglega, mundi hann vita hvernig hljóðið var í þeim í þessu máli bæði á meðan á togarastöðvuninni stóð og síðar. Verkamenn í landi stóðu með sjómönnunum, þó að ekki reyndi á það. En hitt var það, að þeir óskuðu, að þessi deila leystist sem fyrst, og þá með sigri sjómanna, og jeg get fullvissað hv. 3. þm. Reykv. um það, að það eru ekki aðrir meiri andstæðingar frv. en verkamenn hjer, sem hann var að vitna til. Mjer hefði þótt gaman, ef hv. þm. hefði verið staddur á fundum í Dagsbrún, þar sem eru fjelagar allir þeir bæjarmenn, sem vinna við skip, og heyrt þau orð, sem þar fjellu. Þá hygg jeg að hv. þm. hefði þótt við hjer á þingi heldur vægir á móti þeim. (**ÓTh:** Hve margir voru á því þingi?). Það er sama hvað þeir voru margir. Jeg hygg, að erfitt muni vera að finna verkamenn, sem sjeu með þessu frv., nema þeir sjeu þá lokaðir inni í búri hjá Kveldúlfi. Í verkamannafjelaginu Dagsbrún eru annars um 900 fulltíða verkamenn.

Þessi hv. þm. (JÓl), hefir stundum látið á því bera, að hann áliti sig hafa einhverja sjerstaka þekkingu á því yfirleitt, hvernig verkafólk hugsi hjer í bæ. Jeg man það, að þegar togaravökulögin voru hjer á ferðinni, þá lýsti hv. þm. því yfir með miklum fjálgleik, að hann hefði látið rannsaka hugarfar manna á 12 togurum, að því er þau lög snerti, og hefði þeir allir verið á móti þeim. En þetta er hlægilegt, enda var gaman að því hent, því að hjer lá fyrir

þinginu yfirlýstur vilji allra skipshafna á togurunum, meðmæli með þessu frv, með eigin undirskriftum sjómannanna. Hv. þeim veit því ekki, hvað hann er að tala um, eða ef hann veit það, þá talar hann á móti betri vitund.

Þá fór hv. þm. að tala um það, að jeg hefði sagt, að það væri auðvitað, að verkafólkið á Íslandi væri ekki ánægt með kjör sín. Það verður heldur ekki ánægt með þau fyr en þau fara batnandi ár frá ári, og börn þess fá betri kjör en það hafði sjálft. Og það þýðir ekki heldur að vitna í það, að verkafólk hafi haft verri kjör áður, þó að það kunni að vera rjett á ýmsum sviðum; að minsta kosti var aðbúðin að sumu leyti verri á skútunum heldur en nú er á togurunum. En það gefur ekki neinar sannanir gegn því, að verkafólkið vilji ekki láta vellíðan sína og bætt kjör fara enn meira vaxandi en verið hefir. Eins er á það að líta, að það auðsafn, sem hjer hefir myndast eftir stríðið, hefir ekki lent hjá verkamönnum, heldur hjá atvinnurekendum, svo að þó nokkuð af fólkinu eigi við betri kjör að búa en áður var, þá hefir það hlutfallslega ekkert betra en þeir, sem með völdin fara, þegar litið er til þess, sem áður var. Annars má vitna til þess, að hjer í stærsta bæ Íslands er fjöldi fólks, sem á ekki við neitt betri kjör að búa en verkafólk hafði hjer áður, og er það síst þeim til sóma, sem ráða mestu hjer í bæ, bæði í atvinnuvegum og bæjarstjórn, íhaldsmönnunum. Nægir í því efni að vísa til ummæla landlæknis, sem fullyrðir, að húsnæði hafi ekki farið batnandi síðustu 20 árin. Það megi ganga út frá því, að húsnæði verkalýðsins sje öllu verra nú en árið 1907. Jeg hygg líka, að fæði manna sje ekki betra nje hollara en það var um það leyti. Jeg vil ekki deila mikið um það við hv. 3. þm. Reykv., hvort Verkamannafjel. Dagsbrún hafi haft betra af því, að jeg er þar formaður, eða ekki, en benda má á það, að fjelagatala þar hefir tvöfaldast síðan jeg tók við því starfi, kaupgjald hefir hækkað og ljettara að fá ýmsum kröfum verkamanna fullnægt nú en þá.

Það var beint ýmsum fyrirspurnum til hv. þm. (JÓl) um það, hvort verkföll væru leyfð eftir frv. eða ekki, og komu talsverðar vöflur á hv. þm. þegar átti að fara að svara þeim. En síðar, þegar andstaðan gegn frv. kom í ljós, þá sáu ýmsir af flm. þess, að ekki þýddi að halda því fram, að verkföll væru algerlega bönnuð eftir því, svo að á endanum slæddist það út úr hv. þm. (JÓl), að einstaklingum væri ekki bannað að neita að vinna, en aftur á móti væri verkföll ekki leyfð sem samtök. Náttúrlega er það ekki verkfall, þótt einstakur maður hætti vinnu, en það er verkfall, ef menn taka sig saman um það, vegna þess að þeir eru óánægðir með hag sinn og vilja bæta hann með því að hætta að vinna, þangað til þeir fá kröfum sínum fullnægt. Og að áliti hv. aðalflm. (JÓl) eru slík samtök bönnuð, enda er líka vitanlegt, að það, sem hv. þm. er mestur þyrnir í augum, er það, að til skuli vera verkalýðsfjelög, samtök verkamanna. Innan góðra samtaka eru verkamennirnir öruggir, eins og stafaknippi, sem er vel bundið saman; hv. þm. (JÓl) getur tekið hvern einstakan staf og brotið hann, en þegar þeir eru allir bundnir saman í eitt knippi, þá verða

þeir of sterkir fyrir hann, eða aðra stóratvinnurekendur. Ef þessu máli væri framfylgt á þann hátt, sem hv. þm. (JÓl) hefir látið á sjer skilja, þá væri hægt að dæma verkalýðsjelögin í sektir, þar sem stendur í frv., að slíkur dómur eigi að vera bindandi sem venjuleg dómsúrslit. Það er hægt að dæma fjelögin í skaðabætur, ef hægt er að sýna fram á, að samtök þeirra hafi bakað atvinnurekendum tap, og verður þá gengið að sjóðum þeirra og fjelögin uppleyst, en þegar það hefði verið framkvæmt, þá stæði hv. 3. þm. Reykv. nokkuð á sama, hvort þessi lög væri upphafin eða látin standa.Tilgangur hans með þeim er ekki að koma á friði, heldur að fá aðstoð laganna til þess að vinna bug á andstæðingum sínum, sem hann ræður ekki við, er þeir geta neytt afls samtakanna.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) talaði með miklum helgisvip um frv. þetta, og kom nú þarna einu sinni fram sem hlutlaus maður í deilunni milli atvinnurekenda og verkamanna, að því er hann sagði, og þá líklega í fyrsta sinni, því að það er alkunnugt af þingsögu hans, að hann er altaf þeim megin ,sem peningarnir eru. Hv. þm. sagði, að í staðinn fyrir hnefarjett kæmi gerð góðra manna. Hver skyldi hafa á móti því, að góðir menn geri um málið? Það er áreiðanlegt, að hvor aðili fyrir sig hefði ekkert á móti því, að sinn maður frá hvorum flokki gerði um málið, þegar grundvöllurinn væri fundinn, sem gera ætti um málið eftir. En það er vitanlega eftir, og hvernig er hægt, eins og hjer er verið að gera, að búa til dómstól, þegar ekkert er til að fara eftir við að kveða upp dóminn, — engin löggjöf, er segði dómurunum fyrir um, hverju ætti að fylgja! Þá væri dómstólnum ekki aðeins fengið vald til að dæma, heldur líka vald til að skapa sjer sjálfur lög og reglur til að fara eftir. Dómstóllinn hefði ekki einungis dómsvald, heldur líka löggjafarvald, — og hvaða dómstóll í heimi annar hefir það? Og hvernig ætti hann að gera það? Hver getur talist óhlutdrægur, þegar deilt er um „princip"-mál? Hverjum mundi treyst til að segja til um það, hvort væri rjettara, íhaldsstefna eða jafnaðarstefna? Hverjum mundi verða treyst til að kveða rjett á um það, hve mikinn hlut skuldi greiða fyrir vinnu, hve mikið fyrir að stjórna fyrirtækinu, og hve mikið fyrir að leggja til fjármagn? Þetta er það, sem ekki er hægt að fá menn til að gera um. Þegar um rjettarfarsleg atriði er að ræða, þá er hægt að láta dómstólana fjalla um slík mál, en þegar um meginstefnumál stjetta þjóðfjelagsins er að ræða, er það ekkert annað en valdið, sem getur skorið úr, hvort sem það svo verður með verkbönnum, verkföllum eða atkvæðisrjettinum um löggjöf til að skapa grundvöllinn.

Þá sagði hv. þm. (MJ), að þegar litið væri á það, hve mikil andstaðan gegn lögunum væri, þá væri ekki hægt að vita, hve mikið af þeirri mótstöðu væri verkalýðsforingjunum að kenna. Það má sjálfsagt ávalt segja, að þeir, sem tala fyrir málum, hafi nokkur áhrif á það. En hvernig gætu þeir, ef verkafólkið væri á algerlega annari skoðun, fengið það til að greiða atkv. á móti sinni eigin skoðun og sannfæringu? Og þar að auki get jeg fullvissað hv. þm. um það, að fjöldi sjó-

manna og verkamanna hafa staðið upp á fundum og verið fult eins ákveðnir á móti því frv., sem hjer er um að ræða, eins og við jafnaðarmenn, sem sitjum á þingi. Hv. 1. þm. Reykv. hefir jafnvel sjálfur orðið fyrir því á borgarafundi í Reykjavík að finna hug alþýðunnar, þar sem með vinnudómsfrumvarpinu hafa fengist 2—3 atkv., en fult hús, um 400 manns, á móti.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði það, að í sósialistisku þjóðfjelagi hlyti eitthvað líkt að koma fyrir eins og sá gerðardómur, sem hjer er verið að tala um. Hv. þm. tók líka fyrirvara fyrir hverri gr. í frv., en virtist ekki vera á móti frv. í heild sinni fyrir því. Það skal fyllilega játað, að í sósialistisku þjóðfjelagi verður að vera friður um það, hvernig skift verði tekjum þeirra, sem í því starfa, en fyrst og fremst væri sá stóri munur, að þar myndi alþýðan sjálf ráða, hvernig skift yrði, en ekki fáeinir útvaldir menn, sem ekki er nein sönnun fyrir að hafi næga þekkingu til að dæma um slík mál, og eru tilheyrandi yfirstjettinni, sem hefir yfirleitt litinn skilning á högum og kröfum verkalýðsins. Í sósialistisku þjóðfjelagi myndi verða fylgt ákveðinni grundvallarstefnu um þessi mál, verkamennirnir jafnframt vera sameigendur fyrirtækjanna og aðeins ein stjett í þjóðfjelaginu, þeirra sem vinna. Þess vegna myndi sá ágreiningur hverfa, sem kemur og haldið er fram frá kapitalistisku sjónarmiði í gegn jafnaðarstefnu. Þar myndi koma föst grundvallarákvæði annarar stefnunnar, jafnaðarstefnunnar einnar, um alt, og eftir henni yrði sjálfsákvörðunarrjettur kaupgjaldsins í höndum verkalýðsins, þótt fylgt yrði föstum reglum. Sama regla myndi gilda fyrir alla, svo að ákvörðun yrði ekki tekin um kaupgjald fátækasta fólksins af hálfu þess efnaða, þeim fátækustu sjerstaklega markaður bás. Tökum t. d. verslunarstjettina. Hver er það, sem setur takmörk fyrir því, hvernig kaupmaðurinn aflar fjár síns, ef hann aðeins heldur fjáröflun sinni innan þeirra takmarka, sem lögin setja honum? Það dettur engum í hug að takmarka gróða hans í kapítalistisku þjóðfjelagi, nema komið getur fyrir, að skipuð sje verðlagsnefnd á sjerstökum neyðartímum. Hv. þm. (MJ) sagði, að það væri líku máli að gegna um þessa menn, eins og starfsmenn hins opinbera. Það ætti að vísu að vera líkt um þá, en þó er þar sá mikli munur, að því er starfsmenn hins opinbera snertir, að þar er fyrst lagður grundvöllur af þinginu, reglur um, hvernig eigi að launa mönnunum, þar sem hægt er að hafa fullkomna gagnrýni, ræða málið opinberlega, og láta fulltrúa þjóðarinnar á þingi taka afstöðu til þess og bera ábyrgð á því.

Um starfsfólk á skrifstofum vildi hv. þm. (MJ) segja, að svipað gilti og embættismenn. En það er fráleitt. Þar mun kaupið fult eins oft miðað við manninn sjálfan sem stöðuna. Ef skift er um mann, er venjulega breytt til um kaup. — Hjer er því augsýnilega ekki um aðrar stjettir að ræða en verkamenn og sjómenn, sem á að kúga til að taka við kaupi sínu af dómstólnum. Þá sagði þessi sami hv. þm. oftar en einu sinni í ræðu sinni: „Við skulum taka til dæmis 2 menn, er deila.“ Það er eins og hann skoði atvinnurek-

endur og verkamenn jafnrjetthåa aðilja. Þetta má ef til vill til sanns vegar færa í sveitum, þar sem húsbóndinn gengur til verka með vinnumanni sínum og hefir kannske ekki nema einn vinnumann. En það er alveg fráleitt í bæjum að halda slíku fram, eins og t. d. í Reykjavík. Þar eru annarsvegar t. d. í útgerðinni um 20 atvinnurekendur, en hinsvegar 2000 verkamenn. Þar er sannarlega ekki um jöfnuð að ræða. Ef aðiljar ættu að nefna jafnmarga menn í dóm hvor, þá væri þar troðið á öllum lýðræðisreglum og dauðir peningarnir virtir á móti lifandi og starfandi fólki. Það er ranglátt, að atvinnurekendur hafi þar jafnmikið að segja og verkamenn, sem eru 100 sinnum fleiri. Það er ekkert vit í slíku.

Hv. þm. (MJ) spurði, hvort verkföll leiddu til góðs. Þegar menn þurfa ekki sjerstakrar hvíldar, eins og t. d. á hvíldardögum, eða á kvöldin og næturnar, þá er stöðvun atvinnuveganna ekki heppileg fyrir þjóðfjelagið. En til þess að fá eitthvað unnið á, þá verður líka að fórna einhverju. Er verkalýðurinn hefir ekki önnur vopn, þá verður hann að neyta síns frjálsa vilja og afls samtakanna, og neita að vinna, nema fyrir rjettlátt kaup. Fyrst verður að athuga það, hvort holt sje að verkalýðurinn sje illa klæddur, hafi ljelegt fæði, búi í illum húsakynnum, fái ljelega mentun og hafi lítil tækifæri til að menta börn sín betur. Í öðru lagi er vert að athuga, hvort ekki sje rjettlátt og heppilegt, að verkalýðurinn hafi ráð um sína eigin tilveru. Þessar spurningar hljóta að vakna, er rætt er um hagsmuni verkamanna af verkföllum. Meðan verkalýðurinn getur bætt aðstöðu sína í þjóðfjelaginu, jafn miklum misrjetti sem hann er beittur þar nú, er verkfallið, þetta skæða vopn, ekki aðeins afsakanlegt, heldur væri óafsakanlegt af verkalýðnum að neyta þess ekki og láta halda áfram að traðka á sjer.

Hv. þm. Dal. (SE) kom með þá skýringu á frv., að dómurinn ætti ekki að vera bindandi fyrir aðilja, heldur ætti hann að leggjast með siðferðilegum þrýstingi að aðiljum og skapa almenningsálit. Þetta fer þó bæði í bág við það, er aðrir hafa sagt hjer í hv. deild og eins frv. Samkv. frv. verður sá aðili skaðabótaskyldur, er rýfur dóminn. En ef þessu væri ekki svo farið, hvernig gæti dómurinn þá, eins og grg. frv. segir, „afstýrt“ verkföllum og verkbönnum. Hann gæti einungis gert annan aðila vinsælli hinum! En sá sigrar ekki ávalt, sem er vinsælastur, og því síður baráttulaust.

Þá sagði sami hv. þm., að alt væri undir því komið, hversu vel rökstuddur dómurinn væri. En það hugsa jeg, að fjölda þeirra manna, er aðhyllast kenningar jafnaðarstefnunnar, finnist ekki rök þeirra manna um kaupgjald aðlaðandi, er dóminn mundu skipa samkv. frv. Í dóminn mundu veljast borgaralega hugsandi menn, og er ekki líklegt, að þeir geti fallist á kröfur verkamanna um sibatnandi kjör og sívaxandi yfirráð yfir atvinnu sinni. Lífsskoðun manna er aðalatriðið, og það er ekki við því að búast, að menn annarar skoðunar aðhyllist lífsskoðun jafnaðarmanna, þegar í dóminn kemur. Það er ekki hægt að fá rjettlætið út með því, að helminga lífsskoðanir aðilja og leggja þær svo saman í einn graut!

Þá sagði hv. þm. Dal., að gerð væri æskileg til að gera út um þessi mál, eins og mál milli ríkja. En þar er margt, sem á milli ber. Í fyrsta lagi eru milliríkjamál ekki lögð í gerð, nema aðiljar komi sjer saman um. Þeir halda sjálfsákvörðunarrjettinum. Í öðru lagi er tiltekinn viss uppsagnarfrestur í öllum milliríkjasamningum. Og loks hefir gerðin þar vissan rjett til að fara eftir, þjóðarjettinn. Það er ekki tilviljun, hvernig gerðin fellur, heldur er þar að fara eftir viðurkendum rjetti.

Það kom vel út hjá hv. þm. V.-Sk., hvað það væri, er gerði hann fylgjandi frv. Hann sagði, að ekki þyrfti dóm, ef engin væru samtökin. Það voru samtök verkalýðsins, sem voru honum Þrándur í Götu. Samt taldi hann, að samtökin gætu verið góð, ef ekki væri gengið of langt í kröfum og æsingum. Hvað meinar hv. þm.? Jeg hygg, að ekki sje gengið hjer á landi of langt í kaupkröfum. Engar æsingar hafa farið fram í sambandi við sjómannaverkfallið nýafstaðna. En jeg hjelt þó, að hv. þm. notfærði sjer „æsingar" í sínu eigin kjördæmi, er honum þætti við þurfa, engu síður en aðrir. Hann sagði, að það hefði eigi við rök að styðjast, að hækkun kaups stafaði af verkföllum. Það er satt að segja leitt að þurfa að svara öðru eins. Hjer á landi skapaðist ekki almennur taxti verkakaups, fyr en tekið var til verkfalla. Áður rjeð geðþótti atvinnurekenda öllu þar um. Og á hvaða hátt geta verkalýðsfjelögin framfylgt kröfum sínum um hærra kaup, ef á að banna þeim að gera verkföll? Þau eru eina vopnið, þó að oft þurfi ekki að neyta þeirra, af því að allir vita, að *hægt* er að neyta þeirra. Hann benti á, að í sjómannaverkfallinu síðasta hefði ávinningurinn verið minni en því nam, er stöðvunin kostaði. Jeg skal benda á, að áhrifa verkfalla gætir á tvennan hátt, auk hins líðandi kaups. Í fyrsta lagi hækkar grundvöllurinn undir kaupsamningum, og þau áhrif geta staðið heilan mannsaldur. Og í öðru lagi, — og það er einna mest virði, — fá atvinnurekendur fulla vitneskju um, að þeir geti ekki einir öllu ráðið. Það á ekki við, að nota verkföll sýknt og heilagt, í tíma og ótíma. En atvinnurekendur vita það, að þeir geta altaf átt von á stöðvun, ef þeir ekki ganga að rjettmætum kröfum.

Það held jeg sje sleggjudómur hjá hv. þm., er hann segir, að mótstaðan gegn frv. þessu stafi aðallega frá foringjum verkamanna, en þeir sjeu þar að vinna fyrir sjálfa sig, því verkföll sjeu þeim til hagsmuna. Það er víst, að við, sem hjer sitjum á þingi sem fulltrúar verkamanna, þiggjum ekki laun fyrir störf okkar í þeirra þágu. En hægt væri að leggja sama bragðið á hv. þm. og hans flokk, svo að hann stæði nokkuð höllum fæti, ef spurt væri um afstöðu ýmissa kaupfjelagsstjóra og stjórnenda til samvinnustefnu. En slíkt sannar auðvitað ekkert.

Þá sagði hv. þm. það, að með frv. þessu fengjum við það, er við hefðum krafist: reikningana á borðið. Það er satt, að ætlast er til, að þessir fáu útvöldu menn, er dóminn sitja, fái að sjá reikningana. En yfir þeirra störfum á að hvíla launung. Þeir eru bundnir þagnarheiti. Það getur ekki skapað neinn dóm yfir dómnum, engan dóm almennings. Almenningur fær

ekkert að vita. En þáltill., sem ræða á hjer á eftir, er á þá leið, að full vitneskja fæst um það, hver sje hagur útgerðarinnar. Ef hún verður samþ., þá getur almenningur gert sjer skoðun um málið. Og ef þetta er aðalatriðið fyrir hv. þm., þá ætti hann að fylgja þáltill., en ekki frv.

Þá vildi hv. þm. afsaka framkomu sína gagnvart skaftfellskum sjómönnum með því að segja, að sjómenn hefðu eigi komið til sín og sett sjer nein skilyrði, áður en kosið var. Hv. þm. er kunnugt um það, að þeir eru ekki svo mjög fáir, er stunda sjó á togurum hjer í Reykjavík, sem ættaðir eru úr Skaftafellssýslu, og eru margir þeirra, sem þar eiga lögheimili og kosningarrjett. Þeir eru fleiri en atkvæðamunurinn varð við síðustu kosningar. Og það vita bæði andstæðingar hans og fylgismenn, að það voru atkvæði sjómanna, er baggamuninn riðu. Hv. þm. mátti vita, að hann yrði dæmdur eftir sömu reglu og aðrir Framsóknarmenn. Framsókn hafði sýnt fullan skilning á vökulögunum og þm. gat ekki neins ágreinings í því flokksmáli Framsóknarflokksins. En hann brást þar. Hv. þm. mintist á það, að sjómenn þeir, er hingað hefðu komið í vetur, hefðu áreiðanlega ekki komið í þeim tilgangi að gera verkfall. En jeg vil beina spurningu til hv. þm.: Hvort vildu þessir sjómenn heldur hækkað kaup eða lækkað? Hvort vildu þeir heldur vinnudóm eða fullan sjálfsákvörðunarrjett yfir vinnu sinni? Hvort vilja þeir heldur 18 tíma vinnudag eða 16? (LH: Öllu þessu svaraði jeg rækilega í gær). Því er ósvarað enn, og jeg heyri, að hv. þm. ætlar ekki að svara þeim spurningum. Hann getur það ekki.

Hv 2. þm. G.-K. (ÓTh) talaði um það, að sjómenn kæmu fram með óhæfilegar kröfur í byrjun samninga. Þessu hefir verið svarað af öðrum. En jeg skal minnast hjer á aðferð verkamanna í landi. Jeg staðhæfi, að í deilum þeim, er þeir hafa átt, hafa þeir yfirleitt sett fram þær kröfur, er þeir hafa framfylgt. Árið 1922 eða 1923 varð hjer snögg verðbreyting upp á við. „Dagsbrún“ gerði þá kröfu um kauphækkun. Verkamenn kröfðust að fá kr. 1.50 um klst., í stað kr. 1.20, er þá var taxti. Síðast gekk fjelagið inn á að taka kr. 1.40 um klst. En það var ekki nærri því komandi; atvinnurekendur neituðu að ganga að því. Þá var látið til skarar skríða, og varð verkfall í nokkra daga. Þá ljetu útgerðarmenn undan og ljetu vinna eftir taxta þeim, kr. 1.40, er fjelagið hafði sett. Það er ekki hægt að segja, að í þessu verkfalli hafi „Dagsbrún“ byrjað með hærri kröfur en hún hafi ætlað sjer að ná. Síðast átti „Dagsbrún“ í samningum fyrir 2—3 árum. Kaup var þá kr. 1.40 um klst. Útgerðarmenn fóru fram á lækkun og komu saman nefndir aðilja. Verkamenn buðu strax nokkra lækkun, en það lengsta, sem þeir vildu fara, var kr. 1.20 um klst., og var útgerðarmönnum sagt það á öðrum fundi. Útgerðarmenn fjellust ekki á þetta. Eimskipafjelagið gekk þá að þessu kaupgjaldi, og var um það gerður samningur milli „Dagsbrúnar“ og Eimskipafjelagsins, en útgerðarmenn vildu ekki fara hærra en í kr. 1.18 um klst., eftir langa streitu.

Jeg var þá í samninganefnd, og átti

tal við hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Og af því, er hann sagði þá, sannfærðist jeg um það, að atvinnurekendur vildu ekki greiða hærra kaup en kr. 1.18 um klst., og mundu heldur leggja togurunum í höfn um langan tíma, en að fallast á það. Af þessu mælti jeg með því á fundi í fjelaginu „Dagsbrún", að gengið yrði að þessu kaupi, enda þótt jeg viðurkendi, að þeir, er vinna við togarana, hafa miklu erfiðari og verri vinnu en þeir, er vinna við önnur gufuskip. En þetta gerði jeg aðeins vegna þess, að jeg áleit, að ekki væri unt að komast hærra. En svo fóru leikar í fjelaginu, að verkamönnum þótti misrjettið of mikið og neituðu að ganga að kr. 1.18 um klst., en samþ. að kaupið skyldi vera kr. 1.20, eins og rjett var, úr því þeir treystu sjer til þess. Og eftir tiltölulega stutt verkfall urðu úrslitin þau, að útgerðarmenn auglýstu sjálfir sem kauptaxta kaup það, sem verkamenn höfðu samþ., kr. 1.20 um tímann, sem „Dagsbrún" síðan neyddi útgerðarmenn til að undirskrifa samninga um.

Þetta sýnir, að í vinnudeilunum milli „Dagsbrúnar" og útgerðarmanna hafa þeir síðarnefndu gengið óhreint að verki, þar sem þeir ljetu fulltrúa sína segja annað en það, sem þeir meintu. Vil jeg sjerstaklega taka fram, að hv. þm. G.-K. er viðurkendur af okkur öllum, er staðið hafa í slíkum vinnudeilum af hálfu verkamanna, sem óáreiðanlegasti maðurinn, sem atvinnurekendur hafa hjer á landi. Það er því ekki von, að slíkum mönnum sje treyst. Það getur því aðeins orðið, að þeir komi einlæglega fram við samningatilraunir, en reyni ekki sífelt að blekkja hinn samningsaðiljann. Reynsla „Dagsbrúnar" í viðskiftum hennar við útgerðarmenn er því sú, að kaupkröfunum fáist frekar fullnægt, þegar fjelagið setur ákveðinn taxta, heldur en ef það reynir að semja við atvinnurekendur. Það er því eðlilegt, þó mikill hluti Dagsbrúnarmanna sje á móti því að semja við þessa menn, en vilji heldur setja taxta.

Jeg fyrir mitt leyti var lengi með því að semja, en reynslan hefir stöðugt gert mig efasamari um rjettmæti þeirrar aðferðar, þegar jeg hefi komist að raun um, hverskonar menn andstæðingarnir eru.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að friðsamleg samtök væru vopn verkalýðsins, en verkföllin væru vopn verkalýðsleiðtoganna. Hvað sem því nú líður, þá er svo mikið víst, að þegar hann hefir mátt ráða, hefir hann heldur kosið verkfall en friðsamlega sáttaumleitun.

Hv. þm. beindi þeirri spurningu til mín, hvaða álit jeg hefði á þeim tveimur sáttasemjurum, er hjer hefðu verið. Jeg veit nú ekki hvaða þýðingu það getur haft í þessu máli, að jeg fari að láta í ljós álit mitt á þeim. Annars má geta þess, að tillaga síðasta sáttasemjara fól í sjer mun lægra kaup heldur en það, er sjómenn báru úr býtum, og hefði hann því getað verið nær kröfum þeirra. Hinsvegar efast jeg ekki um það, að báðir sáttasemjararnir hafa í þessum málum farið eftir bestu sannfæringu, en þeir hafa báðir verið úr borgaralegri stjett manna, og hafa því vitanlega hugsað sem slíkir. Þeir hafa átt örðugt með að skilja afstöðu verkamanna, og ekki þekt kjör þeirra nægilega. Þó er jeg sannfærður um það, að verkamönnum er yfirleitt ekki í nöp við þessa

menn, en mundu hinsvegar aldrei kjósa þá í gerðardóm, sem skyldi ákveða, hvaða kaup væri goldið, frekar en aðra þá menn, sem þeir vissu ekki fyrirfram um hvaða stefnu hefðu í slíkum málum.

Jeg gæti haldið lengi áfram að skýra frá samningaumleitunum er sýna, hvernig útgerðarmenn og ýmsir atvinnurekendur líta á þessi mál. Hjá þeim vill það oft verða svo, að „pólitíkin" ræður þar meira heldur en áhuginn á því að verða við sanngjörnum kröfum verkamanna. Löngunin til að kúga er oft meiri en til að græða fje. En jeg skal nú láta mjer nægja að nefna eitt dæmi.

Verkamenn hafa jafnan haft áhuga fyrir því, að koma lausavinnu hjer við höfnina í fastara horf, svo að þeir, sem þar vinna, gætu haft nokkurnveginn fasta atvinnu. Til þess að ráða bót á þessu komu þeir með till., sem var mjög aðgengileg fyrir útgerðarmenn, og sem hefði leitt til þess, að verkamenn þeir er stunda þessa lausavinnu, hefðu ekki heimtað eins hátt tímakaup og þeir nú neyðast til að gera. Till. þessi var á þá leið, að sett yrði upp ráðningarskrifstofa við höfnina. Skyldu útgerðarmenn og aðrir vinnuveitendur ávalt snúa sjer til hennar, er þeir þyrftu að láta vinna eitthvað. Sjerstakur maður skyldi veita skrifstofunni forstöðu, og áttu verkamenn að greiða honum kaup hans, en útgerðarmenn halda eftir til þess ½ eyri um klukkustund af kaupi hvers verkamanns. Þetta fyrirkomulag hefði getað haft mikla þýðingu, því þá hefði ekki verið hleypt að fleiri mönnum en góðu hófi gegndi, og vinnan því orðið jafnari og öruggari fyrir þá, er stunduðu hana. Ráðningarstjórinn átti að útnefnast af „Dagsbrún". Að þessu vildu útgerðarmenn ekki ganga, því að þeir óttuðust, að þetta mundi styrkja verkalýðsfjelögin um of. Þótt verkamenn fengju fasta vinnu og útgerðarmenn gætu þá greitt heldur lægra tímakaup, þá stoðaði það ekki, er útgerðarmenn hjeldu að samtökin mundu græða á því.

Af sömu ástæðu mun það vera, að útgerðarmenn fjandskapast nú mjög gegn verkamannafjelaginu „Dagsbrún", vegna þess að það hefir haft sterk samtök um það, að meðlimir þess einir gangi að allri vinnu hjer í bænum. Hafa útgerðarmen meira að segja haldið fundi til að ráðgast um það, hvernig hægt væri að sporna við slíkum samtökum. Þó hygg jeg, að það muni aðallega vera einstakir menn er vaða þannig uppi og láta pólitík hafa meiri áhrif á sig en góðu hófi gegnir, en á þessum mönnum ber mest á þingi, og þeir standa að baki þessu frv.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það lítur svo út, sem þeir stærri flokkarnir tveir sjeu ákveðnir í því, að láta þetta mál fara í gegnum þessa umræðu. En jeg get ekki sjeð ástæðu til þess að láta nefnd athuga þetta mál, og vart trúi jeg því, að slíkt frv. sem þetta verði samþykt hjer, meðan Alþingi er eins skipað og það er nú. Enda væri það til einskis. Verklýðsfjelögin mundu ekki láta kúga sig til að þola slíkan yfirgang og ójöfnuð. Jeg get ekki skilið, að hv. þm. láti sjer sæma að samþykkja, í óþökk verkalýðsins, frv. er snertir hann jafnmikið og þetta frv. gerir.

Pjetur Ottesen: Það er nú hvorttveggja, að búið er að ræða þetta mál mikið, enda virðast hv. þdm. vera farnir að þreytast, að minsta kosti var svo að sjá er síðasta ræða var haldin, því þá þyntust mjög fylkingar hjer í deildinni. Samt sem áður ætla jeg að fara nokkrum orðum um málið.

Því var haldið fram hjer í deildinni í gær af hv. þm. Ísaf. (HG), að nú væri svo komið, að enginn okkar flm. vildi lengur kannast við frv. Þetta er algerlega rangt. Það er dálítið annað þó flm. lýsi yfir því, að þeir geti gengið inn á breytingar á frv., þær er til bóta mættu horfa og leitt gætu til samkomulags, eða hitt, að þeir vilji ekki kannast við það. Enda er það svo, að það eru tiltölulega fá frv. þau sem nokkru verulegu máli skifta, sem ekki taka einhverjum breytingum í meðferð þingsins. Að minsta kosti hefir hv. þm. Ísaf. ekki tekist það með sín frv. frekar en öðrum ennþá, og ætla jeg þó, að hann vilji kannast við þau jafnt fyrir það.

Þó búið sje að sýna fram á að alt skraf hv. þm. Ísaf. (HG) um 1. gr. frv. sje meinloka ein, þá ætla jeg samt að bæta þar nokkru við. Hann sagði að samkv. 1. gr. ætti dómur þessi: 1. að setja lög, 2. dæma eftir þeim lögum, og 3. að kveða á um sektir. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt. Dóminum er alls ekki ætlað að búa til lög, heldur á hann að fara með mál og dæma samkv. l. frá 1925 um sáttasemjara í vinnudeilum, eða lögum er kæmu í þeirra stað eða þeim til viðbótar. Ennfremur á hann að dæma í málum er rísa út af rofum á dómum samkv. þessu frv. og loks á hann að skera úr um lögmæti verkfalla og verkbanna og ákveða bætur fyrir ólögmætt verkfall eða verkbann líka samkv. þessu frv. ef að lögum verður. Við þetta sama er átt í 10. gr. frv. þar sem sagt er, að ekki megi gera verkfall eða verkbann meðan málið er í dómi.

Jeg held að þetta sje mjög auðskilið fyrir þá, er vilja skilja mælt mál eða kunna að lesa venjulegt prentletur. Það er heldur ekki af því, að hv. þm. Ísaf. (HG) skilji þetta ekki, að hann talar svona, heldur er hann að reyna að koma þessum skilningi á frv. inn hjá öðrum, enda þótt hann viti ósköp vel, að hann sje rangur. Sama var uppi á teningnum hjá honum, er hann sagði, að bannað væri samkv. frv. þessu að leggja niður vinnu eftir að búið væri að kveða upp dóm. Þetta er algerlega rangt. (**HG:** Má þá gera verkfall?) Já, það má leggja niður vinnu eftir að dómur er fallinn, ef til dóms kemur. Það er ekkert í frv. er skuldbindur verkamenn til að vinna eða vinnuveitendur til þess að láta vinna þegar svo er komið. Dómurinn kveður einungis á um það, hvaða kaup hann telur sanngjarnt eftir að hann hefir rannsakað öll atriði þar að lútandi. En hann hefir ekki vald til að kveða á um nein viðurlög, þó ekki sje farið eftir því.

Jeg sný mjer sjerstaklega að þessum hv. þm., því það hefir orðið hlutverk hans að gagnrýna frv. Annars var hann nú heldur farinn að linast í gagnrýningu sinni. Þó virtist svo sem hann vildi halda því fram, að ef þetta frv. yrði samþykt, biði verkamanna ekki annað en sulturinn og seyran.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) tók mjög undir þetta með honum, nema hvað hann

tók þó ennþá dýpra í árinni, þar sem hann sagði, að með þessu væru verkamenn sviftir öllu frjálsræði og fyrir þeim lægi ekki annað en að svelta. Og jeg verð að segja það, viðvíkjandi ræðu þessa hv. þm., að hún sýnir vel hversu öfgar og æsingar geta hlaupið í gönur með þá menn, sem þó eru í eðli sínu gætnir og hættir yfirleitt ekki við að hlaupa á sig. Nei, fullyrðingar þær, sem þessir hv. þm. hafa borið fram um þetta ná vitanlega engri átt, því eins og áður hefir verið bent á, er mönnum vitanlega frjálst að leita sjer atvinnu hvar sem þeir helst kjósa.

En færi svo, að aðrar atvinnugreinar og samskonar atvinnurekstur annarsstaðar treystu sjer ekki til þess að greiða hærra kaup en dómurinn hefði talið sanngjarnt, þá væri það einmitt sterkasta sönnun þess, að úrskurður dómsins um kaupgjaldið væri rjettur, og að atvinnufyrirtækin gætu ekki greitt hærra kaupgjald ef fjárhagsafkoma þeirra ætti að vera örugg. Og því verður ekki mótmælt, að besta tryggingin fyrir góðri afkomu þeirra, er stunda, hvort heldur er, sjómensku eða landbúnaðarstörf, er sú, að atvinnufyrirtækin standi á traustum grundvelli fjárhagslega.

Út af þeim ummælum er hv. þm. Ísaf. (HG) hafði í þessu sambandi, vil jeg varpa fram þeirri spurningu, hvað liggi fyrir sjómönnunum þegar hann og hv. 2. þm. Reykv. (HV) skipar þeim að fara á land og gera verkfall?

Þessir sömu hv. þm. töluðu mikið um það, að með þessu frv. ætti að koma verkalýðsfjelögunum á knje, með því að dæma þau í svo háar skaðabætur, að þau gætu ekki risið undir því. En jeg vil benda þeim á, að í þessu frv. er hvergi talað um skaðabætur, nema þær sem felast í 10. gr. og eiga við um það, ef verkfall er gert meðan sáttatilraunir standa yfir eða meðan málið er í dómi. Verkamenn og sjómenn munu yfirleitt ekki, þegar þeir eru sjálfráðir gerða sinna, vera svo sólgnir í að gera verkföll, að þeir færu til þess meðan svona stæði á, ekki einu sinni þó að reynt væri að fá þá til þess. Afleiðingar þessa eru því þær, að ekki getur verið um neinar skaðabætur að ræða eða sektir. Þessi ótti foringja jafnaðarmanna er því algerlega ástæðulaus.

Það hefir mikið verið talað um það hvernig þessi vinnudómur mundi verða í framkvæmdinni og því haldið fram, að hann mundi bæði verða ranglátur og halla á verkamenn. Þetta geta þeir menn einir sagt, sem eru svo algerlega blindaðir af ofsa og æsingu, að þeir geta ekki hugsað sjer, að mönnum sje fært að hrista af sjer pólitískar skoðanir og fara eftir eðlisávísun sinnar eigin samvisku, er þeir eiga að skera úr þeim vandamálum, er fyrir þá eru lögð. Jeg ætla að það væri hv. 2. þm. Reykv. (HV), er fyrstur kvað upp úr með þetta. Það kom greinilega fram í ræðu hjá hv. 2. þm. Reykv., að til væru menn, sem litu svo á meðbræður sína í þjóðfjelaginu, að einskis væri af þeim að vænta, nema ranginda og hlutdrægni. En hvernig stendur á því, að slíkar hugsanir skuli kvikna í brjósti nokkurs manns? Það kemur af því, að jarðvegurinn er slíkur hjá þeim manni er þannig hugsar, að þar getur ekki þrifist annar gróður en þessi. Jeg þykist þess fullviss, að þó að þeir hv. þm.

Ísaf. (HG) og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) hafi tekið mjög vel undir þessa skoðun hv. 2. þm. Reykv. (HV), þá sje það frekar vegna þess að þeir vilji vera honum sammála en vegna þess, að slíkur hugsunarháttur sje rjettur spegill af þeirra eigin innræti. Þó að hv. 2. þm. Reykv. (HV) líti svona á, þá er þetta alveg röng skoðun á manneðlinu yfirleitt. Jeg efast ekki um, að þeir menn, sem yrði fengið það ábyrgðarmikla starf að leita að grundvelli, sem bygður yrði á rjettur og sanngjarn úrskurður um kaupgjald, mundu gera það eftir bestu sannfæringu, enda vita þeir, að það fer alveg eftir árangrinum af vinnu þeirra, hvort þetta fyrirtæki nyti tiltrúar eða ekki.

Það getur verið, að það sje rjett, sem haldið hefir verið fram, að heppilegra væri að skipa þennan gerðardóm á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. Við flm. erum fúsir til að taka höndum saman við þá menn, sem sjá leiðir til þess að tryggja þetta betur en gert er í frv. okkar. Það er sameiginlegt áhugamál okkar, að geta gert dómstólinn svo úr garði, að hann geti unnið sjer traust allra landsmanna. En um þetta þýðir ekki að tala við þá talsmenn sósialista. Þeir vilja engar umbætur í þessu efni.

Sumir menn tala á þá leið, að sá dómur, sem kveðinn yrði upp um kaupgjald, mundi verða að engu hafður. Þessu hafa allir þrír sósialistarnir hjer í hv. d. lýst yfir. Jeg verð að segja, að mjer finst blátt áfram ósæmilegt að slá þessu fram, eins og er ósæmilegt að fullyrða, að slíkur dómstóll, sem hjer er um að ræða, mundi sýna ranglæti og hlutdrægni í starfi sínu. Það er ósæmilegt bæði gagnvart þeim mönnum, sem mundu skipa dómstólinn, ef frv. yrði að lögum, og engu síður gagnvart vinnuveitendum og vinnuþiggjendum, sem þá er borið á brýn, að þeir kunni ekki að meta eða viðurkenna sanngjörn málsúrslit.

Það hefir mikið verið talað um það af þessum mönnum, hvað ynnist við það, ef ekki væri hægt að þvinga það fram, að menn hlýddu úrskurði dómsins. Því hefir verið lýst hjer í hv. d. hvernig deilurnar um kaupgjaldið fara á stað, og þeim sem fylgst hafa með verkfallsmálinu síðasta, er það kunnugt, hvernig það hófst. Það verkfall bar þannig að, að byrjað var á að tiltaka þær kröfur, sem flestum kom saman um að væru langt frá allri sanngirni. Afleiðingin varð sú, að kapp komst í málið, og þeir sem að því stóðu, komust í vígamóð, og hugarfar þeirra var ekki slíkt, að líklegt væri til þess að leiða þrætumál til lykta. Svo liðu vikur og mánuðir, og engu varð um þokað. Atvinnulífið á þessu sviði legst í dá og þjóðlífið fær þann svip, sem er eðlileg afleiðing af atvinnutruflun. Loks er málið „leyst" á þann hátt, að ríkissjóður verður að taka á sig að greiða nokkurn hluta af hækkun kaupgjaldsins. En það er engin frambúðar lausn, heldur bara stundarfriður.

En hvað vinst, ef þetta frv. verður samþykt? Það vinst, að þegar deila er jöfnuð, hvort heldur það er fyrir milligöngu sáttasemjara eða með dómsúrskurði gerðardómsins, er tryggður vinnufriður yfir þann tíma, sem sættir til taka, ef sættir takast. Og þetta hefir unnist án þess að nokkur vinnu-

stöðvun hafi orðið. Annars er undir öllum kringumstæðum að minsta kosti trygt, að ekki verði vinnutruflun, meðan málið er í höndum sáttasemjara eða í dómi.

Jeg verð að segja það sem mína bjargföstu trú, að ef farið yrði inn á þessa braut, yrðu málalok þau, að trygður væri vinnufriður í landinu. En ef svo kæmi fyrir, að ákvæðum frv. yrði ekki hlýtt, þá hefir þó löggjafarvaldið gert það sem í þess valdi stóð til þess að draga úr þeim voða, sem af langvarandi vinnustöðvun stafar, að fá deilumálin jöfnuð á friðsamlegan hátt.

Það er engu líkara en að hv. þm. Ísaf. (HG) sje farinn að harma það, að ekki skuli vera hægt að finna ákvæði í frv. um það, að verkföll sjeu undir öllum kringumstæðum bönnuð. Það er vert að athuga, af hverju hv. þm. hefir tekið þessum sinnaskiftum. Jeg er hræddur um, að ástæðan til þess, að svona er komið fyrir hv. þm. sje sú, að með þessu er kipt í burtu þeirri átyllu, sem hv. þm. og samherjar hans þykjast finna fyrir því, að hægt sje að skíra frv. „þrælalög" eða álíka gögnum nöfnum. Jeg segi þetta ekki af því að jeg viti eigi, að hv. þm. heldur áfram að kalla þetta þrælalög, enda er það ekki nema einn liðurinn í þeirri háttsemi hv. þm., að nefna ýmsa hluti öðrum nöfnum en þeir heita. Það er nú komið svo þeirri gagnrýni á þessu frv., sem hv. þm. hóf hjer í fyrstu ræðu sinni, að allar þær brýr, sem hann hefir verið að byggja og feta sig eftir til þess að varpa tortrygni á málið og flytjendur þess, eru brotnar undan honum. Og af hverju? Af því að efniviðurinn í þeim var svikinn.

Hv. þm. Ísaf. (HG) sagði í gær, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá væru til tvenn mismunandi lög í landinu um eignarrjett manna, ein lög um fasteignir og önnur um yfirráð manna yfir vinnu sinni. Þetta er alveg rangt. Það eru til lög, sem heimila það, að taka fasteignir manna eignarnámi, ef almenningsheill krefst þess, og þær eignir verða menn að láta af hendi skilmálalaust fyrir það verð er þeim er metið fyrir þær.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) þótti á þinginu 1927 held jeg, helst til vel um þá hnúta búið, að menn fengju sannvirði fyrir þessar eignir með því að láta óvilhalla menn meta þær, því að þá flutti hann brtt. þess efnis, að það væru hinir pólitísku flokkar á Alþingi, sem dæmdu um þetta verð.

Það má og benda á það í þessu sambandi, að samkvæmt lögum er starfsmönnum ríkisins bannað að gera verkfall, og ríkið skamtar þeim sitt kaup. Það er því alls ekki um tvennskonar lög að ræða, þó að frv. þetta verði samþykt, heldur er löggjöfin í báðum þeim tilfellum, er jeg nú nefndi, miklu strangari en hún mundi verða samkv. þessu frv.

Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) ljet sjer það um munn fara hjer á dögunum, að jeg hefði gert það af þægð að tala í þessu máli. Og af hverju dró hv. þm. það? Af því að jeg ætti ekkert í trollara, sem er alveg satt, og af því að í mínu kjördæmi væru sjómenn upp á hlutaskifti. En hvernig er sálarástandi þessa hv. þm. farið? Honum veitti ekki af að reyna að gera sjer það

ljóst, og til þess að vekja hann ofurlitið til umhugsunar um sitt eigið ástand í þessu efni, ætla jeg að leggja fyrir hann nokkrar spurningar. Hvernig lítur hv. þm. á langvarandi verkföll eða vinnuteppu? Kemur það engum við nema þeim, sem búa í því kjördæmi, þar sem vinnuteppan er, eða kannske ekki nema vissri stjett manna í því kjördæmi? Lítur hv. þm. svo á, að það komi þjóðfjelaginu í heild sinni ekkert við, þegar stendur eins á og um daginn, þegar þau vinnutæki, sem leggja í þjóðarbúið alt að því helminginn af öllum þeim fiski, sem fluttur er út úr landinu, eru stöðvuð? Eða hvernig lítur þessi hv. þm. á starf þingmanna yfirleitt í löggjafarmálunum? Er þeim alveg óviðkomandi alt, sem ekki beinlínis snertir þeirra eigin kjördæmi, eða kannske bara vissa stjett manna í þeirra kjördæmi? Hvernig heldur hv. þm. að löggjafarstarfið mundi fara, ef slíkt væri hugarfar þingmanna? Jeg vil mælast til, að hv. þm. athugi þessar spurningar í ró og næði, og gæti svo farið fyrir honum, að þeim tíma væri vel varið.

Jeg á þá aðeins eftir að svara hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) nokkrum orðum. Hann talaði mjög alment um þetta mál. Það hefir þegar verið tekið fram af öðrum hv. deildarmanni, að hann virðist ekki sjá neinar vörður á leiðinni til þess að bæta ástandið. En þessir hlutir eru svo alvarlegir, að það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að gera tilraunir í þessa átt. Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að það væri undir öllum kringumstæðum ógerlegt að setja upp slíkan dóm, nema það væri vitað fyrirfram, að aðiljar mundu beygja sig undir hann. En það hefði verið hægt að segja alveg þetta sama, þegar lögin um sáttasemjara voru á döfinni.

Hv. þm. talaði um einveldi í atvinnurekstrinum og að því fylgdi jafnan órói. En jeg verð að segja, að ef um slíkt er að ræða hjer, virðist mjer, að einmitt með því að setja á stofn slíkan óvilhallan vinnudóm, sje þá tekinn broddurinn af einveldinu.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri unt að finna ráð, sem bætti þetta alt í einu. Það er sjálfsagt alveg rjett. En frá hálfu þeirra manna, sem hafa von um og beinlínis trú á því, að geta bætt ástandið að einhverju leyti, er sjálfsagt að gera tilraun til þess, og það því fremur, þegar þess er gætt, hver urðu endalok síðustu kaupdeilunnar. Á þann sama hátt er ekki hægt að jafna slíkar deilur í framtíðinni. Það má segja um þetta mál eins og einn vitur maður sagði um annað mál, að „allur er varinn góður".

Út af þeirri ósk, sem jeg bar fram, um að með þeim mönnum, sem vildu vinna þessu máli gagn, gæti tekist bróðurleg samvinna, sagði hv. þm. V.-Ísf., að þá fyrst gæti fengist bróðurleg lausn í þessu máli, þegar skipulagið væri orðið bróðurlegt. En er það ekki einmitt leiðin til þess að gera skipulagið bróðurlegt, að bróðurleg samvinna geti tekist um úrlausn vandamálanna á grundvelli þess skipulags, sem ríkir á hverjum tíma. Og að því stefnir þetta frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Því hefir nú verið haldið fram af hv. flm. og meðmælendum þessa frv., að í raun og veru væri hjer ekki um dóm að ræða, sem á neinn hátt hefti athafnafrelsi

manna. Og ennfremur, að þrátt fyrir ákvæði frv. um dóm, væri samt sem áður hægt að gera verkfall. Á það hefir verið bent af mótmælendum frv., að þá mundi dómur að litlu gagni koma, ef verkföll væru heimul eftir sem áður.

En jeg er þeirrar skoðunar, að það, sem hefir vakað fyrir hv. flm. sje í raun og veru það, að verkföll og verkbönn væru bönnuð með þessu frv., enda kom þetta skýrt fram í ræðu hv. flm., því að hann vildi gefa í skyn, að verkföll væru bönnuð öllum öðrum en einstaklingum. Ef skilningur annara hv. þdm. er annar en hans, þá eru einhver mistök á ferð frá flm. sjónarmiði.

Jeg skal ekki fara mjög mikið út í að gagnrýna frv., þ. e. a. s. sjerstakar greinar þess, við þessa umræðu, enda hefir það verið gert af öðrum andmælendum frv. allrækilega. En jeg vildi þó frá mínu sjónarmiði aðeins benda hv. þdm. á, hvernig slíkir dómar í raun og veru dæma um svona mál.

Um gerðardóm er hjer ekki að ræða, það er öllum ljóst. Sá dómur er vanalega myndaður af fúsum og frjálsum vilja beggja aðilja, með oddamanni, tilnefndum af þriðja aðilja. Við gætum öllu fremur kallað þennan dóm, sem farið er fram á að mynda, nokkurskonar hæstarjett í vinnudeilum. Það hefir nú verið mjög skilmerkilega bent á, hvernig sá hæstirjettur í raun og veru er myndaður. Hann er sem sagt myndaður af fulltrúum frá öðrum aðiljanum að mestu leyti, nefnilega þeim hluta þjóðfjelagsins, sem maður getur altaf vænst, að hafi minni samúð með hinum stríðandi hóp, verkalýðnum. Samkvæmt þessu frv., eins og það liggur fyrir, á hjeraðsdómari í einkamálum að tilnefna tvo af þessum mönnum, sem dæma eiga. Jeg býst við því í allflestum tilfellum, að hversu varkár sem sá dómari vildi vera, þá yrði örðugt að tryggja það, að í hann veldust ekki menn, sem meira og minna væru háðir atvinnurekendum á einn eða annan hátt, annaðhvort hluthafar í atvinnurekstrinum eða hreint og beint vinir og venslamenn þeirra, sem að atvinnurekstrinum standa. Í öðru lagi má segja það, að hæstirjettur, sem á að tilnefna tvo menn í dóminn, gæti alls ekki trygt það, að ekki veldust í dóminn slíkir menn, sem jeg áður nefndi. Þótt nú svo ekki yrði, að hluthafar eða vinir og venslamenn atvinnurekenda veldust í dóminn, þá verðum við samt að gera ráð fyrir, að teknir yrðu menn, sem væru kallaðir svona skikkanlegir borgarar, sem hefðu alt aðrar skoðanir heldur en verkalýðurinn yfirleitt í þessu máli. Menn, sem myndu líta fyrst og fremst á sjálfa sig og miða þörf annara við sig og hugsa sem svo: Jeg hefi þessi laun, því ætli þessi maður geti ekki haft svo og svo miklu minni laun? Þetta er það mannlega í þessu tilfelli hjá þeim, sem þó vilja gera rjett, eins og frekast er unt. Það mundi í flestum tilfellum veljast í þennan dóm menn af þeirri borgaralegu stefnu — svo að jeg orði það ekki frekar. — Og það er augljóst, að hversu vel sem þessir menn vildu dæma, þá mundi dómurinn vera í allflestum tilfellum andvígur verkalýðnum, þegar til alls kæmi. Við höfum þegar nokkra reynslu af gerðardómi í þessu landi, en miklu meiri er sú reynsla í öðrum

löndum. Jeg minnist þess, að fyrir nokkrum árum var það iðnaðarstjett hjer í bænum, sem af fúsum og frjálsum vilja kom sjer saman um gerð í launagreiðslumáli. Oddamaður var valinn sá maður, sem að allra dómi var mjög góðviljaður í garð verkamanna alment, og hvorugur aðilja gat sagt, að hann hefði sýnt sjer neina andúð. Hvernig dæmir svo þessi maður? Hann skar mitt á milli krafna beggja aðilja. Þannig dæmdi gerðardómurinn. En var nokkurt rjettlæti í því að skera mitt á milli? Var ekki krafa annars aðiljans, verkamannanna, í eðli sínu svo rjett, að órjettmætt væri að skera á milli á þennan hátt? Jeg hygg það. Enda fjekk þessi iðnaðarstjett þá reynslu af dómnum, að hún hefir ákveðið að leggja aldrei slík mál í gerð. Það er reynslan, að sá, sem ætlar að sætta menn, hann reynir að fika sig mitt á milli aðilja, hvort sem það er rjett eða rangt, til þess að gera báðum jafnt undir höfði í orði kveðnu.

Jeg hygg nú, að öðru máli sje að gegna um þennan dómstól. Hann þarf í raun og veru ekki að fara eftir þessu lögmáli, sem jeg nefndi. Hann getur upp á sitt eindæmi sagt: Jeg dæmi eins og mjer virðist rjettast. Og þá er — eins og jeg hefi nefnt — mikið komið undir því, hvernig hugsunargangur þeirra manna er, sem dóminn sitja. Nú vitum við, að hinir borgaralega sinnuðu menn líta með töluverðum ugg og sumir með ótta til verkalýðshreyfingarinnar. Og yfirleitt líta þeir svo á, að kröfur verkalýðsins sjeu altaf óbilgjarnar. Þeir miða við aðrar stjettir og segja, að verkamenn sjeu komnir of hátt í launastiganum o. s. frv. Þess vegna endurtek jeg, að meiri líkur eru til, að borgaralegur dómstóll slái striki yfir nýjar kröfur verkalýðsins á hverjum tíma. Í fleiri tilfellum myndi nauðalítið tillit verða tekið til þess, sem hann ber fram. Þetta kalla jeg að hefta sjálfsákvörðunarrjett þeirra manna, sem eru að fika sig áfram upp á bjartari brautir, til þess að geta lifað fullkomnara lífi og aflað sjer betri lífskjara yfirleitt. Það er því rjettnefni, sem hjer hefir verið bent á, að hjer er hreint og beint um þvingun að ræða gagnvart þeirri fjölmennustu stjett, sem byggir þetta land, verkamönnum til sjávar og sveita.

Það hefir verið blandað inn í þessar umr. löggjöfinni um sáttaumleitun í vinnudeilum. Jeg er orðinn nokkuð kunnugur því, hvernig hefir verið starfað í þessum málum, síðan sú löggjöf varð til. Og jeg get sagt hjer, án þess að leggja dóm beint á þá menn, sem að því máli hafa starfað, hvernig sáttasemjarar í vinnudeilum líta yfirleitt á sitt starf. Það er ekki einungis hjer innanlands, sem þessi reynsla er fengin, heldur meðal nágrannaþjóðanna, þar sem slík löggjöf er þaulreynd. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að jeg hefði frá upphafi haft þá trú, að í okkar þjóðfjelagi, eins og atvinnuvegum er háttað, væri ekki enn sem komið er annað haldkvæmara til þess að ná sáttum en að einhver þriðji maður kæmi til, sem ríkisvaldið tilnefndi. Jeg er óbreyttrar skoðunar enn. Hitt er rjett, að það eru ýmsir gallar á þeim lögum, sem þarf að bæta úr á ýmsan hátt. Síðan þessi starfsmaður ríkisins tók til starfa eftir núverandi löggjöf, þá hafa deilurnar tekið stigbreytingu, ef svo mætti að

orði kveða. Áður var það í raun og veru lífsskilyrði, að aðiljar kæmu sjer saman á einhvern hátt, því að þriðja aðiljann vantaði til að ganga á milli. Þó brá út af þessu, og man jeg til, að þáverandi forsrh. í annað skifti og þáverandi atvmrh. í annað skifti, gripu inn í málið. En eins og jeg gat um í minni fyrri ræðu, þá hafa tvær deilur verið leystar hjer einmitt fyrir afskifti sáttasemjara ríkisins. En sáttasemjari lítur á sitt hlutverk á þennan eina veg, það er að leiða til sátta, á hvaða hátt sem það er. Og það er yfirleitt svo, að þegar hann gerir sjálfstæða till. eftir að hafa reynt möguleika til þess að koma aðiljum saman árangurslaust, þá reynir hann að kljúfa á milli krafnanna og þess, sem boðið er frá hinum aðiljunum. Um sáttasemjarastörf í Noregi og Danmörku hefi jeg það eftir manni, sem kynti sjer störf þessara manna, að þeirra meginregla sje sú, að þegar þeir gera till., hagi þeir henni svo, að heldur sje skorið upp á atvinnurekandann í því, sem á milli ber. Þeir líta svo á, að meiri vandi sje að fá hinn fjölmenna hóp verkamanna til að samþ. till. heldur en fámennan hóp atvinnurekenda. Þetta er reynslan erlendis, sem oftast hefir gefist vel. En það má segja, að hjá okkur sje þetta á byrjunarstigi. Enda hefir tekist svo óheppilega til í þau tvö skifti, sem sáttasemjari ríkisins hefir gert till. í máli milli sjómanna og útgerðarmanna, að hann hefir skorið upp á verkamenn í till. sínum. M. ö. o.: sáttasemjarinn hefir, vægast sagt, ekki skilið, að það er verkalýðurinn sjálfur, en ekki foringjar hans, sem gerir kröfurnar. Einmitt þetta atriði, að svona hefir tekist til, hefir gert deilur lengri hjá okkur en þurfti að vera. En jeg hygg að þessi mistök eigi þá orsök, að menn eru ekki nægilega búnir að skilja, hvernig á að vinna í svona málum og til hverra mest tillit ber að taka.

Það er fjarri mjer að kasta nokkrum steini að þeim heiðursmanni, sem um þetta mál hefir fjallað, en jeg skýri frá þessu af því, að það er ekki þýðingarlaust í sambandi við launadeilur alment, hvernig till. er gerð, sem fram er borin. Í tveimur deilum við sjómenn áttu sjer stað hrapalleg mistök af þessari ástæðu, að farið var svo fjarri þeirri meginreglu, sem sáttasemjarar erlendis hafa valið.

Það er trúa mín, að hvernig sem fer um þessi mál framvegis, þá sjeum við nú búnir að læra það af reynslunni í síðustu kaupdeilu, að í samningaviðleitni sáttasemjara á fremur að skera upp á atvinnurekendur en verkamenn, það dregur fyr til sátta. Jeg vildi sjerstaklega benda á þessa hlið málsins í sambandi við störf sáttasemjara, til þess að þau geti framvegis orðið að sem bestum notum.

Jeg tek undir það með hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að í þessu frv. felst engin lausn á þessum vandamálum. Með því á aðeins að taka af verkamönnum þeirra helgasta rjett, frelsi til þess að ákveða verð vinnu sinnar.

Jeg hefi þá með þessum inngangi ræðu minnar skýrt frá, hvernig jeg álít heppilegast fyrir þjóðfjelagið að unnið sje að þessum málum til sátta, þannig, að deiluaðiljar fari báðir ósærðir út úr deilunum.

Það er langt frá því, að kaupdeilur leiði altaf til vinnustöðvunar. Stundum tekst að útkljá þær mjög fljótt. Jeg skal nefna dæmi frá síðastl. sumri, þar sem ágreiningur varð um kaupgjald við síldveiðar. Þá tókst sáttasemjara að koma á fullum sáttum með deiluaðiljum málsins. Jeg hygg, að þegar tveir aðiljar deila jafnheitt og nú í síðustu kaupstreitu, þá sje engin sanngirni í því, að áfella aðeins annan aðilja fyrir þær kröfur, sem hann gerir, eins og hv. flm. þessa frv. hafa látið sjer sæma gagnvart verkalýðnum. Báðir aðiljar eiga þá áreiðanlega nokkra sök. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni í þessu máli, að aðfarir atvinnurekenda við framburð á kröfum sínum í kaupdeilumálum undanfarin ár, hefðu gefið sjómönnum fordæmi fyrir því, hvernig þeir ættu að sækja mál sín. Kröfur atvinnurekenda höfðu ávalt verið fjarri því marki, sem þeir hugðust að ná. Nú hafa kröfur verkamanna verið taldar ósanngjarnar af ýmsum hv. þm. Jeg hefi ekki farið langt út í að skýra, hvaða kröfur væru sanngjarnar, enda er það sveigjanlegt orð. En nú er rjettast að gera hv. þm. grein fyrir þeim.

Krafa Sjómannafjelagsins var aðeins 17% hækkun á mánaðarkaupi. Hitt er aftur á móti rjett, að sjómenn fóru fram á miklu hærri lifrarþóknun, og nam sú hækkun ca. 70%. En sú krafa var bygð á þeirri gömlu venju og kenningu sjómanna, að lifrin væri þeirra hlutur, hana ættu þeir að fá með fullu verði. Auðvitað gefur það mikinn tekjuauka þegar vel aflast. — Þetta voru nú þær óforskömmuðu kröfur, sem ýmsir hv. þm. hafa kallað svo. Og þegar þetta er reiknað eftir núverandi verðlagi, sem er miklu hærra en í meðalári, þá mátti, ef kröfunum hefði verið fullnægt, reikna það alt að 5000 kr. árskaupi fyrir háseta að meðaltali. En þeir, sem báru fram þessar kröfur, höfðu annað fyrir augum. Þeir bjuggust við, að sáttasemjari kæmi til skjalanna, og að útgerðarmenn semdu aldrei við fulltrúa sjómanna sjálfa; þeir urðu því að búast við að lækka seglin og ganga út frá því, að sáttasemjari bæri fram miðlunartillögu. Sannleikurinn í málinu er sá, að með þetta fyrir augum voru kröfurnar bornar fram, til þess að tryggja samningsaðstöðu sjómanna gagnvart miðlunartill. En svo illa tókst til, að miðlunartill. sáttasemjara fór eigi meðalveginn á milli þeirra krafa, sem útgerðarmenn og sjómenn gerðu. Þessvegna varð kaupdeilan svo löng og hörð, sem raun varð á. Af þessu voru mistökin sprottin, sem leiddu það af sjer, að eftir bardagann náðist ekki sú miðlun, sem kröfurnar stefndu til. Ef til vill hafa útgerðarmenn sjeð hvað sjómenn áttu við með kröfum sínum, og þess vegna hafa þeir hafnað fyrstu till. sáttasemjara; gert ráð fyrir, að sjómenn mundu ekki samþ. hana, eins og raun varð á. Önnur mistökin við sáttaumleitunina voru þau, að annar aðilinn — útgerðarmenn — greiddu atkv. eftir að sjómenn höfðu að mestu lokið sinni atkvgr. Jeg var sjálfur heyrnarvottur að því, að sáttasemjari bað útgerðarmenn að hafa fund sinn á sama tíma og sjómenn og greiða þá atkv. um till. En þeir drógu það í 2 daga, og voru þá búnir að vita hvernig atkv. fjellu á meðal sjómanna. Eins og allir hljóta að skilja, var þetta í mesta máta. óheiðarleg framkoma

gagnvart sáttasemjara, og átti sinn mikla þátt í því, að deilurnar lengdust.

Jeg vil þá lítið eitt minnast á þær kröfur, sem útgerðarmenn hafa borið fram í kaupdeilum á undanförnum árum, og tel rjett að það komist inn í þingtíðindin, til þess að allir landsmenn geti kynt sjer þetta mál frá báðum hliðum.

Árið 1921 krefjast útgerðarmenn, að mánaðarkaup háseta lækki um 33⅓% og lifrarþóknun um 50%. En þá varð engin breyting á kaupinu.

Sama ár, 11. sept., krefjast útgerðarmenn, að mánaðarkaupið lækki um 37% og lifrarþóknun um 70%. Þá varð niðurstaðan sú, að kauplækkun varð 14% og lækkun á lifrarþóknun 50%.

Árið 1922, 25. okt., kröfðust útgerðarmenn, að mánaðarkaup lækkaði um 30% og lifrarþóknun um 40%. — En þá varð engin kauplækkun fyrri en 23. sept. 1923, og nam hún aðeins 9% á mánaðarkaupinu einu.

Árið 1925, 16. nóv., kröfðust útgerðarmenn, að mánaðarkaupið lækkaði um 25% og lifrarþóknun um 25%. Þá var samið um 9,6% lækkun á mánaðarkaupi og 6% lækkun á lifrarþóknun. Sá samningur var gerður til 3 ára, og rann út við síðastl. árslok. Jeg hefi skýrt frá þessu til þess að sýna, hvernig útgerðarmenn hafa beitt sjer, þegar þeir hafa verið að krefjast kauplækkunar hjer í þessum bæ. Jeg skal þá líka geta um kröfu sjómanna nú síðast, 1928; hún var 17% hækkun á mánaðarkaupi og 70% hækkun á lifrarþóknun. Samningsúrslitin eru öllum kunn.

Nei, útgerðarmenn hafa aldrei verið vægir í kröfum sínum, og á það vildi **jeg benda, þegar verið er að tala um** hinar ósvífnu kröfur sjómanna. Þó að hjer verði eigi farið lengra út í þessa sálma, að skýra frá viðskiftum útgerðarmanna og sjómanna, má telja, að þó að stundum hafi gefið á bátinn, þá hefir hann samt flotið yfir blindsker og boða. Samtök sjómanna hafa ekki altaf getað spornað við því, sem þurfti. En nú eru þau orðin það sterk, að útgerðarmenn sjá nú, að þeir eru ekki einir um að ráða kaupinu. Þess vegna er þetta fram komið af þeirra völdum, og engum ástæðum öðrum. Það er ekki flutt af umhyggju fyrir verkalýðnum eða til tryggingar fyrir þjóðfjelagið. Nei, það er sprottið upp í þeirra eigin heila, til varnar eiginhagsmunum þeirra.

Jeg ætla þá að snúa mjer að því að svara nokkru af því, sem komið hefir fram í ræðum fylgismanna frv., og byrja á þeim, sem talað hafa af hálfu flm.

Hv. þm. Borgf. (PO) skilur dóminn aðeins á eina lund. Hann er svo mikill íhalds- og afturhaldsmaður, að hann sjer bara eina hlið á málinu, og finst þar engan skugga á bera. Hv. þm. kvaðst vona, að dómurinn mundi verða óhlutdrægur. Jeg geri ráð fyrir, að það sje sannfæring hans. En það er leiðinlegt, að ekki óskýrari maður en hann er, skuli blekkja svo sjálfan sig. Hv. þm. talaði um, að við jafnaðarmenn hjeldum, að afstaðan til stjórnmálanna yrði látin ráða við dómsúrslit. Jeg verð þá að fræða hv. þm. á því, að í kaupdeilumálum hefir oft ráðið grimmasta pólitík hjá útgerðarmönnum. Það, sem útgerðarmenn ætluðu sjer að vinna með kaupdeilunni 1921, var að fá lækkaðan innflutningstoll á kolum og salti. Með

deilu þeirri, sem nú er nýlega um garð gengin, sagði stjórnarblaðið, að útgerðarmenn hefðu ætlað að kreppa að landsstjórninni og koma henni í vanda. Þeir gerðu alt af ráð fyrir, að kaupdeilan mundi standa langt fram á þingtimann. Hvað er þetta annað en pólitik?

Þá talaði hv. þm. (PO) um, að við, andstæðingar frv., ætluðum þeim mönnum, sem í dómnum sætu, alt ilt, af því að við værum svo illir í huga sjálfir. Það er fjarri mjer að ætla þeim mönnum nokkuð ilt, en þeir yrðu vitanlega háðir sinni samtið og þeim, sem þeir umgengjust, og gætu þar af leiðandi ekki tekið óhlutdræga afstöðu, en hlytu að líta á málin með öðrum augum en verkalýðurinn.

Jeg skal geta þess, að jeg átti nýlega tal við góðan, óhlutdrægan embættismann hjer í bænum. Það var í síma. „Þið sigruðuð," sagði hann. Jeg svaraði því, að mjer þætti þetta ekki mikill sigur. Hann sagði, að sjer þætti gott að fá 10% uppbót á sín laun; það gat hann skilið. Þessir menn miða alt við sjálfa sig og eru svo háðir tíðarandanum. (**MJ**: Þetta hefir verið misheyrn í síma). Nei, fjarri því.

Hv. þm. (PO) taldi það ekki vert af löggjöfum að slá því fram, að vinnudóminum yrði ekki hlýtt. Við andstæðingar frv. höfum haldið því fram, að þessi lög færu algerlega í bág við rjettlætistilfinningu manna. Og það verð jeg að segja, að jeg hefi oft heyrt því varpað fram af þm. hjer í þessum sal, t. d. þegar vínbannslögin voru hjer til umræðu, að það væri þýðingarlaust að samþykkja slík lög, því að þeim yrði aldrei hlýtt. Þetta sögðu margir þingm. úr flokki þeim, sem hv. þm. (PO) tilheyrir, og þeim tókst líka að koma því til leiðar, að þeim lögum var ekki hlýtt.

Hv. þm. (PO) hjelt því fram, að kaupdeilur og verkföll mundu endurtakast árlega, ef ekki væru reistar skorður við því samkv. frv. þessu. Jeg hefi áður skýrt frá því, að það hafa aðeins verið háðar 5 kaupdeilur á síðastl. 13 árum. Mjer þykir ákaflega líklegt, að sá kaupsamningur, sem nú hefir verið gerður milli útgerðarmanna og sjómanna, standi óbreyttur árið 1930, að óbreyttum ástæðum, og kannske 1931, ef útgerðarmenn segja honum ekki upp, og ef verðlag í landinu breytist ekki frá því, sem nú er. Sjómenn segja honum varla upp, ef dýrtíðin vex ekki. Hvað útgerðarmenn gera, veit jeg ekki, en þetta teldi jeg þó talsverðan vinnufrið.

Hv. þm. (PO) lagði mikið upp úr því í ræðu sinni, að hægt væri að gera verkföll eftir sem áður, þrátt fyrir þessi lög, en jeg sje þá ekki til hvers á að setja þau. Það er betra að hafa engan vinnudóm, ef ekki er ætlast til að hann geti spornað við verkföllum. Þá kom hv. þm. inn á eignarrjettinn og taldi að tveir óvilhallir menn ættu að dæma milli deiluaðilja, þannig að vinnudómurinn mundi veita eignum verkamanna meiri vernd og trygging en nú. En hvaða traust er í því fyrir verkamenn, þegar andstæðingar þeirra eiga að dæma? „Skýst þó skýr sje," má segja um þenna hv. þm.

Jeg ætla þá að svara fyrirspurnum hv. þm. (PO) með nokkrum orðum. Fyrst spurði hann, hvaða gagn væri að þessum langvinnu verkföllum, og hvort þau kæmi þjóðfjelaginu ekki

við. Jeg hefi aldrei neitað því, að þau snertu þjóðfjelagið. En verkalýðurinn er yfirleitt svo stór aðili í þjóðfjelaginu, að það er heilög skylda þess að taka tillögur hans til greina. Og þó að verkalýðurinn neyðist stundum til þess, að gera verkföll, þá á þjóðfjelagið ekki að hella olíu í eldinn með þeirri lagasmíð, sem hjer er á ferðinni. Allar siðmenningarþjóðir viðurkenna sjálfsákvörðunarrjett verkalýðsins til þess að ákveða kaup fyrir vinnu sína. — Í öðru lagi spurði hv. þm. hvernig jeg liti á starf þingm. Jeg hjelt, að það þyrfti ekki að svara þessu. Þingmenn hvers kjördæmis eru jafnframt þingmenn allrar þjóðarinnar og eiga að taka sinn þátt í öllum hennar málum. Jeg hefi nokkuð kynt mjer þingsögu þessa hv. þm., og hefi aldrei orðið þess var, að hann hafi skilið eða stutt málefni verkalýðsins, heldur hefir hann altaf snúist öfugur gegn þeim. Hann hefir því ekki verið þm. fyrir þjóðarheildina, en aðeins rekið erindi atvinnurekenda. Hann hefir aldrei uppfylt þær þingmannsskyldur, að taka fult tillit til allra stjetta þjóðfjelagsins. — Jeg hefi þá að mestu svarað þessum hv. þm.

Næstur honum talaði hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að vísu stillilega; en þrátt fyrir það kom hann með ýmsar fjarstæður, sem jeg get ekki látið fram hjá fara að leiðrjetta. Hann hjelt því fram, að með þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, ynnist nógur tími til að undirbúa þessi mál í ró og næði til dómsúrskurðar. Hv. þm. veit vel, að tími er nægur orðinn til þess, að samningar geti tekist með nægilegum fresti frá samningsuppsögn. Uppsagnarfresturinn er og hefir verið 3 mánuðir, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje nægur tími til að vinna að lausn málsins í ró og næði.

Þá komst hv. þm. N.-Ísf. inn á kaupgjaldið og virtist ætla að slá sjer upp hjá bændafulltrúunum hjer í deildinni. Sagði hann að bændur gætu ekki greitt eins hátt kaup og greitt væri við sjávarútveginn. En það er ekki ný saga, að sjávarútvegurinn færi þeim, sem hann stunda, meiri tekjur en landbúnaðurinn færir þeim, sem hann rækja. Það liggur í hlutarins eðli. Togaraháseinn ber tífalt úr býtum á við vinnumenn í sveit, og togaraeigandinn hundraðfalt á við sveitabóndann. Það er því ekki hægt að bera þetta kaupgjald saman, enda hefir reynslan sýnt, að auðæfi okkar Íslendinga eru úr djúpinu sprottin, þó að hitt verði að játa, að tryggasti forðinn sje í hinni ræktuðu jörð. Enda þarf ekki togaralaunin ein til samanburðar, því hv. þm. vitnaði í hlut smábátamanna vestra og gat þess, að þeir fengju alt að 1500 kr. fyrir 3—4 mán. Það er víðar hægt að afla sjer tekna en togurum.

Þá var hv. þm. að tala um þá kúgun, sem verkalýðsfjelögin beittu í viðskiftum sínum við atvinnurekendur. Jeg gæti nú sagt frá miklu harðari kúgun frá hendi útgerðarmanna, ef jeg vildi fara að rifja þá ófögru sögu upp. Fjelagsskapur atvinnurekenda kúgar sína samherja engu síður, hvort sem þeir standa utan eða innan fjelagsskaparins. Hv. þm. veit það ósköp vel, að einstakir útgerðarmenn mega ekki semja upp á sitt eindæmi, þó að þeir vilji það. (**JAJ**: Þetta er ekki rjett). Jú, þetta er rjett. Samtök útgerðarmanna eru svo sterk, að þeim

manni, sem brýtur þau, er ekki framar líft. Mjer er það persónulega kunnugt, að ýmsir útgerðarmenn, sem ekki voru í fjelagsskap atvinnurekenda, höfðu mikla löngun til að gera sjersamninga, en þeir þorðu það ekki og ljetu það í ljós við mig, í hálfyrðum að vísu. En þessa kúgun, sem atvinnurekendur beita við sína samherja, tel jeg miklu meiri og harðari en þá kúgun, sem verkalýðsfjelögin neyðast til að beita við meðlimi sína. Enda þurfti ekki að beita þá neinu harðræði í þessari deilu, því að skilningur manna á gildi samtakanna er orðinn það þroskaður, að þeim er ljúft að fylgjast að með fjelögum sínum.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) talaði mjög mikið um þá menn, sem vinna á hans eigin skipum, og sjerstaklega þessa fjóra, sem eru í Sjómannafjelagi Reykjavíkur. Jeg veit að hv. þm. segir rjett frá viðskiftum sínum við þá, og að þeir ljeku þann skollaleik, að þykjast vilja vera á skipinu, ef Sjómannafjelagið samþ. það. En þetta sýnir ekkert nema það, að hægt er að blekkja menn eins og hv. þm. N.-Ísf., engu síður en hv. þm. Borgf. Sannleikurinn var sá, að þeir vildu ekki styggja húsbóndann, en óskuðu beinlínis eftir því, að við leyfðum þeim ekki að sigla fyr en friður kæmist á.

Þá sagði hv. þm., að kröfur sjómannanna hefðu verið of háar. Jeg skal ekki fara inn á það, af því að það er þegar búið að skýra frá því, af hverju þær voru svona háar, og svo mikið er víst, að teljandi voru þeir sjómenn, er þótti of langt gengið.

Þá fanst hv. þm. að till. sáttasemjara hefði verið boðleg í alla staði. **Jeg skal ekki láta mig inn á það at**riði, en svo mikið vil jeg segja, að hún náði skemmra en allir óskuðu, auk þess sem ýmislegt vantaði í hana, sem seinna kom fram hjá hæstv. forsrh. (TrÞ) og tekið var inn í samninginn.

Þá fanst hv. þm. það undarlegt, að sjómennirnir skyldu ekki hafa gengið að þeirri sömu till. í janúar, sem þeir höfnuðu í desember. Við, sem erum orðnir það fullorðnir, að við munum sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga við Dani, vitum, að þá var það metnaðarmál að taka ekki boði, sem einu sinni var búið að neita, og jeta ofan í sig kröfur sínar. Og það er svo mikið sjálfstæði enn þá í Íslendingum og íslenskum sjómönnum, að þeir gátu ekki gengið að till., sem þeir voru búnir að hafna áður. Það var þeim metnaðarmál. Ef til vill skilur hv. þm. það ekki, hvað það er að eiga metnað, en íslenskir sjómenn vita það vissulega.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að sanngjarnt væri að miða kaupið við það verð, sem á afurðunum væri á hverjum tíma. Þetta virðist ekki ósanngjarnlega mælt, af hálfu þessa hv. þm., sem einnig er útgerðarmaður. En hefir kaupið verið miðað við þetta? Nei, sú stefna hefir altaf ráðið hjá togaraeigöndum, að hásetarnir fengju ákveðin skamt, hvernig sem gengi. Sjálfum sjer ætla þeir að bera áhættuna, ef illa fer, og hinsvegar að hirða gróðann, þegar vel gengur. Frá þessari stefnu hafa útgerðarmenn aldrei hvikað. (**ÓTh**: En dómurinn? Eftir hverju mundi hann fara?). Hann mundi fara eftir vilja hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), ef hann tórði, því að hann mundi varla láta undir höfuð leggjast, ef jeg þekki hann rjett, **að beita sínum kringlóttu til að koma**

fram vilja sínum, ef annað ekki hrifi. (**ÓTh:** Á hv. þm. við það, að jeg mundi múta dómnum?) Jeg get ekki gefið hv. 2. þm. G.-K. trúna. Hann trúir því, að ef dómur hefði gert um málin í síðustu kaupdeilu, þá hefði ekki komið til verkfalls. Jeg held það gagnstæða. Og báðir erum við jafn ófróðir um það, hvað orðið hefði, og getum hvorugur um það dæmt. Það má vel hugsa sjer, að dómur hefði gert um málin eins og sáttasemjari. Nú var till. hans feld, og þar sem leyfilegt er að gera verkfall eftir frv., hefði verkfall orðið eftir sem áður.

Hv. þm. N.-Ísf. skýrði frá því, hvaða kaupgjald hefði verið á þeim togara, sem hann stendur fyrir. Mjer kemur ekki til hugar að rengja þenna hv. þm. um, að hann skýri rjett frá, en eftir því, sem honum segist frá, skilst mjer, að hásetar á hans skipum hafi haft vinnu óslitið alla tólf mánuði ársins. Og mánaðarkaup þeirra var 338 kr., eða litið eitt hærra en meðalkaup á togurum árið 1927. Þetta styrkir mig í þeirri trú, að við höfum reiknað rjett, og að meðalkaup togaraháseta á mánuði hafi verið 300 kr., miðað við 10 mánaða vinnu.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að jeg hefði sagt, að togararnir ættu að stunda þorskveiðar á sumrin. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi aldrei sagt neitt í þessa átt. Mjer er það vel ljóst, að þessi tími, frá júlíbyrjun og fram í miðjan ágúst, er verst fallinn til þorskveiða, enda er hann notaður til þess að dytta að skipunum, ef þau fara þá ekki á síld. Mjer hefir því aldrei komið til hugar að áfellast útgerðarmenn fyrir það, þó að þeir gerðu togarana ekki út á þorsk yfir þennan tíma. Það er fjarri því.

Jeg hefi þá svarað öllu verulegu í ræðu hv. þm. N.-Ísf., og skal því ekki fjölyrða frekar við hann. Jeg sje, að hv. þm. Dal. (SE) er ekki staddur í deildinni. Jeg get því hlaupið yfir hann, en jeg get ekki látið vera að segja það, að mig undraði það stórlega, að hann skyldi tjá sig fylgjandi þessu óskapnaðarfrv. Hann þykist þó vera í frjálslynda flokknum, en jeg fæ ekki sjeð, að það lýsi miklu frjálslyndi, að fylgja öðru eins frv. og þessu. En það er eins og sumir eigi minst af því, sem þeir guma mest af.

Þá kem jeg að þeim, sem, eins og danskurinn segir, er í „Halen“ á hinum öðrum fylgjendum frv., hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). (**MJ:** Er hann að fiska á Halanum). Jeg býst við því, að hv. 1. þm. Reykv. (MJ) skilji hvað við er átt, og geti þreifað eftir skottinu, sem fyr, og sannfærst um, hvort það sje ekki allnærri honum. Jeg og hv. 2. þm. G.-K. höfum oft ræðst við áður, og höfum margt við hvorn annan að segja. Hann þykist vera vel fróður í þessum málum, en jeg verð að segja það, að það þarf brjóstheilindi til að koma og tala eins og þessi hv. þm. gerði, með jafnmikla syndabyrði á bakinu og hann hefir frá fyrri og síðustu kaupdeilum. Jeg hygg því, að honum væri fyrir bestu að svara ekki, þegar inn á það er farið. (**ÓTh:** Jeg læt Odd svara). Þeir menn hafa sennilega nóg, sem svo ríkir eru, að þeir hafa ráð á að hafa hirðfífl í þjónustu sinni.

Hv. 2. þm. G.-K. byrjaði ræðu sína með því að lýsa yfir því, að framtíð-

arhorfurnar væru alt annað en góðar. Jeg hefi áður skýrt frá því, hvernig við jafnaðarmenn lítum á það mál, en með þessum ummælum skýrir hv. flm. frá viðhorfi útgerðarmanna til þess, og gefur fyrirheit um það, að þeir muni segja upp nýgerðum samningum. Jeg get ekki skilið þessi orð á annan veg. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að það er með hag fósturjarðarinnar fyrir augum, að hann hugsar til slíks.

Þá skýrði hv. þm. frá því, að við hefðum átt tal saman út af síðustu kaupdeilu. Jeg er nú svo gerður, að jeg get ekki fengið mig til að skýra frá því, sem einhver kann að segja við mig í „privat"-samtali. En þetta er satt. Við hittumst á götu og töluðum saman í kringum þrjá stundarfjórðunga. Og það kom margt fram í því samtali. Jeg er ekki sá ódrengur, að fara að skýra frá því, sem þessi hv. þm. sagði, en þá skildi jeg hug hans allan og sá, hvernig hann ætlaði að hegða sjer í kaupdeilunni. Það getur ekki verið annar en hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), sem hv. flm. (JÓl) kallar hinn æstasta í hópi útgerðarmanna, því að hann er maður, sem hikar ekki við að spila svo hátt spil, að öllu þjóðfjelaginu stafi voði af, til þess að geta verið voðalega mikill maður!! Það er hann, sem heldur flokksmönnum sínum dyggilegast saman í öllum launadeilum, því að hann virðist vera svo voldugur peningamaður, eða ræður yfir svo miklu fje, að hann getur haldið þeim í járngreipum, til þess að þeir rjúfi ekki fylkinguna á meðan hann vill að deilan standi.

Í fyrstu gat hv. 2. þm. G.-K. ekki haft persónuleg afskifti af síðustu kaupdeilu, vegna þess að hann hafði öðrum störfum að gegna, fór af landi burt nokkru eftir að samningar hófust, setti því annan mann í sinn stað. En á síðustu stundu mætti hann við samningana í veikindaforföllum þess manns, sem áður hafði mætt. Hann mun hafa skoðað sig sem einhvern frelsandi engil, eins og hann sjálfur mundi kalla það, og vilja láta líta svo út fyrir þjóðinni. Þessi staðgöngumaður hv. þm. starfaði að öllu leyti í sama anda og hann vildi vera láta, að samningagerðinni, en það var ekkert gert, sem afgerandi var fyrir lausn málsins, fyr en á síðustu stundu, hjá hæstv. forsætisráðherra. Með þessu móti heldur hv. þm., að hann geti spilað sig mikinn mann og sjer sje að þakka lausn deilunnar. En hinu ber ekki að neita, að hann er stórhættulegur fyrir þjóðfjelagið, þegar kaupdeilur eru á döfinni, því enginn einn maður á meiri þátt í því, að þær eru jafn langdregnar og raun er á orðin. (**ÓTh**: Jeg er hættulegur fyrir suma). — Yfirleitt var það svo í þessum deilum, að hvorugur aðili vildi gera nokkra tilslökun, af því að menn vissu, að málið átti að ganga til miðlunar. Og jeg er hræddur um, að sáttasemjari hafi vitað, að till. hans hafi ekki átt miklum vinsældum að fagna hjá útgerðarm., og því hafi varfærnin verið helst til mikil frá hans hálfu. Þar með meina jeg, að sáttasemjari hafi óttast of mikið þá hörku, sem fulltrúar útgerðarmanna sýndu honum í samningunum, og það því ráðið mestu um, hvernig tillaga sú leit út, er hann bar fram.

Hv. 2. þm. G.-K. vjek að því, að hlutaskifti gætu komið til mála í framtíðinni, en ekki á meðan hann rjeði

óþvingaður. Jeg veit það, að hann vill skamta hásetum skarðan hlut, og að hlutaskifti komast ekki á, meðan hans andi svífur yfir vötnunum. Hann þarf ekki að upplýsa mig um það. En því verður ekki á móti borið, að það er rjettlátt að mörgu leyti, að hásetarnir taki sinn þátt í því, hvort vel eða illa gengur, og jeg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að hlutur háseta hefði ávalt orðið stærri en verið hefir, ef slík regla hefði gilt um launakjörin. Hinsvegar verð jeg að játa, að núverandi fyrirkomulag er bæði ranglátt og vitlaust. Jeg skal nefna dæmi frá síðasta hausti. Skip hv. 2. þm. G.-K. er á veiðum vestur á Hala. Það fiskar svo að segja eingöngu ufsa, og lifrin gerir 195 föt. Upp úr ufsanum er minna að hafa fyrir útgerðina en ef um þorsk væri að ræða, en lifrarhlutur hásetanna var allmikill. Á sama tíma er annað skip á ísfiski. Lifrin gerir nú ekki nema 20 föt, en skipið selur aflann í Englandi fyrir 1800 pund. Útgerðin stórgræðir á þessari ferð, en hásetarnir bera langsamlega minna úr býtum en í fyrra tilfellinu. Svona er launagreiðslum við íslenska togaraútgerð vitleysislega fyrir komið.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að fulltrúar verkamanna segðu við sína menn: Þið semjið ekki. Hv. þm. veit auðvitað ekkert um það, hvað við segjum við verkamenn, en svo mikið get jeg sagt honum, að við segjum ekkert nema það, sem við höldum að sje rjett. En jeg gæti trúað, að þetta væri runnið út úr eigin höfði hv. þm. Hann hefir svo oft sjálfur viðhaft þessi orð við sína menn.

Þá fór hv. þm. að reikna út það tap, sem sjómenn hefðu orðið fyrir vegna verkfallsins. Nú var vinnustöðvunin að meðaltali á skip 1½ mánuður, en þetta er tími, sem skipin að öllum jafnaði ganga á ísfisk, og þar með um leið nota til að búa sig undir vertíðina í Englandi. Ísfisksveiðarnar eru vanar að gefa hásetum 240 kr. á mánuði, svo að tap sjómannanna í þennan 1½ mánuð er alls 360 kr. í stað 1000 kr., eins og hv. 2. þm. G.-K. vildi vera láta. Miðað við aflabrögð tveggja síðustu ára, nemur kauphækkun háseta 500 kr. á ári, svo að hjer er óneitanlega um ábata að ræða fyrir þá, þrátt fyrir það vinnutjón, sem þeir hlutu af verkfallinu. Þrátt fyrir þetta hafa þeir haft hag af samningunum. Og meiri verður þó ávinningurinn, ef svo færi, að þessi samningur stæði eitt ár enn. Síðasta tilboð útgerðarmanna var 205 kr. á mánuði og 25 kr. lifrarþóknun, og við það hefði setið, ef sjómenn hefðu látið bilbug á sjer finna. Mismunurinn er því 9 kr. á mánuði og 3.25 á lifrarfati eða sem næst 325 kr. á ári á mann. Útreikningur hv. þm. er því bábilja ein.

Þá segir hv. þm., að enginn dómstóll dæmi minna en þurftarlaun. Nú höfum við, þessir tveir menn og fleiri, deilt um þurftarlaun, og jeg býst við, að ef hv. 2. þm. G.-K. segði sín þurftarlaun eins og þau munu vera í raun og veru, að þá yrðum við ekki sammála um þau. Hversu velviljaður, sem hann vildi vera í garð sjómanna, tel jeg víst, að þau þurftarlaun, sem hann reiknaði þeim, yrðu fyrir neðan það, sem þeim væri samboðið, er telja sig menn með mönnum. Jeg býst við, að slíkur dómstóll sem þessi liti líkt

á þetta og hann, og sje enga tryggingu fyrir, að svo verði ekki. Væri fróðlegt að láta hagfræðinga reikna út þurftarlaun sjómanna, sem verja besta tíma ævinnar í slítandi og heilsuspillandi erfiði. Landlækni telst svo til, að starfsorka togaraháseta endist í 20 ár að meðaltali. Eftir það sje hann farinn maður. Auk þess mætti í þessu sambandi taka tillit til þeirra mörgu, sem druknað hafa í köldum mar, og hinna, sem beðið hafa slys við þessa atvinnu.

Alt þetta þarf að taka með í reikninginn, er reikna skal sjómanninum þau þurftarlaun, að hann þurfi ekki að verða þjóðinni til byrði vegna slits og slysa.

Svo kom hv. þm. með þá kenningu, að verkföllin væru vopn verkalýðsforingjanna, en friðsamleg samtök vopn verkalýðsins. Eftir þessu geta verkföllin eigi verið friðsamleg. Nú vil jeg spyrja hann: Hvað getur friðsamlegra verið en framkoma sjómanna í síðustu kaupdeilu? Jeg held að víða mætti leita að svo friðsamlegri og prúðmannlegri framkomu, sem þó var bygð á festu og skilningi. Þar kom fram sá vilji, sem enginn dómstóll er megnugur að kæfa og engin völd geta bugað.

Jeg hefi þegar minst á úrslit síðustu kaupdeilu og fer ekki út í þau nánar. En það skal jeg segja hv. 2. þm. G.-K. og öðrum í hans herbúðum: Þó að þeir kalli okkur æsinga-postula, skulu þeir vita það, að á bak við okkur standa þúsundir manna brynjaðir sterkum vilja og með fullum skilningi á því, að sá tími er kominn, að sú kúgaða stjett krefjist rjettar síns. Og sá tími kemur líka, að málsvarar hennar hjer í hv. deild verða ekki þrír, heldur margfalt fleiri. Mótstaða auðvaldsins gegn bættum kjörum alþýðunnar þýðir ekkert annað en harða sókn af hálfu verkalýðsins með þeim vopnum, sem honum eru gefin. Og jeg er sannfærður um það, að á móti frv. því, er hjer liggur fyrir, og stutt er af tveimur Framsóknarmönnum og sameinuðum Íhaldsmönnum, rís slík andúðaralda, að þess vænti jeg, að aldrei verði frv. þetta að lögum á þessu þingi, og það hljóti þá meðferð, að aldrei skjóti það upp höfði framar.

Magnús Jónsson: Jeg hefi nú skrifað hjá mjer ýms atriði úr ræðum andstæðinganna, en af því að mjer finst ekki laust við, að þessi umræða sje farin að líkjast málþófi, býst jeg ekki við að verða mjög langorður. Það er ekki laust við, þegar maður lítur í kringum sig, að manni detti í hug sagan um djáknann, sem gekk til prestsins, þegar allir höfðu smátt og smátt tínst út úr kirkjunni, lagði kirkjulykilinn á altarishornið og hvíslaði að klerki: „Þjer lokið svo kirkjunni, prestur minn, þegar þjer eruð búnir.“ En jeg sje, að hjer sitja tveir skrifarar og skrifa sem ákafast, og á meðan svo er, finst mjer ekki úr vegi að segja nokkur orð í því trausti, að þau berist til þjóðarinnar, sem skrifað er fyrir.

Jeg vil þá fyrst leyfa mjer að ávarpa stól hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) nokkrum orðum, því að nú er svo skipað hjer í hv. d., að menn verða eins að snúa sjer til stólanna eins og hv. þm. Hann talaði um málið á víð og dreif, og var ekki gott að henda reiður á því, sem

hann sagði, en þó heyrðist mjer hann vera málinu andvígur. Hann kvaðst ekki vilja setja upp dómstól, sem ekki væri trygging fyrir að yrði hlýtt. Það má vera, að ekki sje fullkomin trygging fyrir því, en þess verður að gæta, að oft eru settar upp stofnanir, sem tvísýna er á í fyrstu, hvernig reynist, í von um að þær gefist svo vel að þær ávinni sjer traust. Og af því að jeg veit, hversu miklu betri þessi dómstóll yrði, ef hann hefði traust beggja aðilja, þykir mjer leitt að lagst skuli vera á móti honum af svo mikilli óbilgirni og óvild. Annars greinir okkur hv. þm. V.-Ísf. meira á um leiðir en takmark.

Hann sagði, að hjer væri aðeins um ósk að ræða frá öðrum aðilja. Nú er hv. þm. kunnugt um, að þegar rætt hefir verið um gerðardóm hingað til, hafa báðir aðiljar verið honum jafnandvígir. Þetta er eðlilegt. Menn hafa haldið, að þeir græddu á baráttunni, sem dómnum er ætlað að taka fyrir. Hefði jeg ekki verið búinn að frjetta um afstöðu jafnaðarmanna nú, hefði jeg ekki treyst mjer til að segja um, hvorir yrðu málinu andstæðari. Jeg hefði fremur getað trúað, að það yrðu atvinnurekendur. Verkamenn segjast hafa borið sigur úr býtum í þeim deilum undanfarið, sem jafnaðar hafa verið fyrir atbeina þess opinbera. Atvinnurekendur ættu því að vera slíkum dómi móthverfir. En nú hefir einn þeirra atvinnurekenda, sem mest ber á hjer á landi, rjett fram höndina til sátta með flutningi þessa frv., og annar lýst fylgi sínu við það. Og jeg fyrir mitt leyti vil, að þetta tækifæri verði notað. Jeg veit ekki, hvort vinnuveitendur verða síðar jafnfúsir til friðsamlegra lausna á kaupdeilum og nú, ef þessari útrjettu hendi verður hafnað.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að ekki væri rjett að þriðji aðiljinn, ríkið, feldi dóm um mál þessara tveggja aðilja. Til þess er heldur ekki ætlast. Fyrst skal reyna sættir og allar samkomulagsleiðir. Það er ekki meiningin að sleppa öllum sáttatilraunum, enda væri það óheppilegt. En dómurinn er bein hvöt fyrir báða aðilja að komast að samkomulagi sjálfir, án þess að láta hann skera úr. Það er ávalt dálítið undir hælinn lagt, hvernig hann verður, og því líklegt, að hvorugir vildu eiga undir því. Það er t. d. eigi ávalt auðvelt að fá menn til að gefa tekjur sínar upp til skatts, en þó taka flestir þann kostinn heldur en að eiga undir því, að þeim verði áætlaður skattur.

Hv. þm. lagði áherslu á, að ríkið ætti að vera milligöngumaður í slíkum deilum. Þessu er jeg alveg sammála, en til þess er einmitt gerðardómur ágætt ráð. Hann nefndi aðra aðferð, er hann teldi betri en þá, er frv. leggur til, sem sje þá, að aðiljar sjálfir nefni svo og svo marga menn í dóminn og svo sje skipaður einn oddamaður. Frv. í þessa átt kom fram hjer á þingi frá Bjarna heitnum Jónssyni frá Vogi, en var ekki vel tekið. Enda verð jeg að segja, að sú skipun er ekki heppileg, því að þá eru þeir stríðandi herir beggja aðilja sterkastir í dómnum. Hv. þm. sagði ennfremur, að ráð til að jafna kaupdeilur fyndust ekki alt í einu, heldur þyrftu að þróast og þroskast. Þessu er jeg sammála. Jeg held að mönnum myndi smátt og smátt skiljast, að þessar deilur

á að jafna með gerðardómi, en ekki með afli hins sterkara. Þessi þróun fæst aldrei, ef aldrei er lagt af stað.

Seinni partur ræðu hv. þm. voru almennar hugleiðingar um ástandið á jörðinni, og niðurstaða hans var sú, að til þess að gerðardómar gætu verkað, þyrftu allir að verða bræður og vinir. Yfirleitt hafði hann ekki trú á gerðardómi fyr en kominn væri nýr himinn og ný jörð. Það var því hann sjálfur, sem var í dómsdagshugleiðingum, en ekki við „aðventistarnir", er hann nefndi svo. En ef nýr himinn og ný jörð risi, þyrfti hvorki gerðardóm nje margt af þeim lögum, er nú gilda, en því miður þarf nú víst ekki að gera ráðstafanir út af slíku á þessu þingi.

Hv. þm. Ísf. (HG) talaði langt mál og snjalt, en ekki mun jeg þó fara mikið út í þá ræðu hans. Hann sagði, að verkföll væru alveg bönnuð með frv., en dró þó nokkuð úr þeim ummælum sínum, er hann fór að færa fram rök sín. Hann sagði sem sje, að ef verkföll væru ekki bönnuð eftir að dómur er fallinn, þá væru þau samt tilgangslaus. Þetta er nú talsverður munur. Gildi frv. liggur einmitt í því að nema burtu ástæðuna til að gera verkbann og verkfall. Með því er gert ráð fyrir því, að gerðardómurinn reynist vel, því væri hann ranglátur, væri hann verra en ekkert. Og því er mikið unnið, þegar óhlutdrægur dómur, sem hefir aðgang að öllum gögnum, er búinn að kveða upp úrskurð um það, hvað kaupið eigi að vera. Við skulum segja, að úrskurður fjelli þannig, að verkamenn væru ánægðir, en vinnuveitendur óánægðir og vildu ekki gera út togarana. Þeim myndi beinlínis ekki haldast það uppi vegna almenningsálitsins, og sama gildir um hvorn aðiljann, sem er, sem skirrist við að hlíta dómi, er almenningur telur rjettan. Það er samviska þjóðarinnar, sem þar skerst í leikinn.

Þegar friðarsamningarnir í Versölum stóðu yfir, sagði Rantzau, fulltrúi Þjóðverja við Bandamenn: „Þið getið boðið okkur hvað sem þ.ð viljið, en samviska heimsins þolir það ekki til lengdar." Þetta þótti nú „slagorð", en þetta hefir reynst rjett. Ef dómstóllinn fær gildi yfirleitt, þá kemur rjettarmeðvitund almennings til skjalanna og gefur dómnum afl.

Hv. þm. Ísaf. hóf víst ræðu sína á lofsyrðum í minn garð fyrir það, að jeg hefði sagt um jafnaðarmenn, að þeir stæðu jafnan í brjóstfylkingu þeirra manna, er hefja vildu mannkynið til meiri menningar og þroska. Út af þessu datt mjer í hug ritdómur, sem Þórhallur heitinn biskup, sællar minningar, birti eitt sinn í Kirkjublaðinu. Blaðið var lítið eins og menn muna, enda varð þessi snjalli rithöfundur oft að takmarka sig. Hann hafði líka sjerstakt lag á því að segja meiningu sína í fáum orðum, svo að mörgum varð minnisstætt. Í þessari ritfregn var fyrst nefnt nafn bókarinnar, stærð hennar o. fl. eins og venja er til. En svo kom ritdómurinn, sem hljóðaði svo:

„Besta bók, sem út hefir komið á íslensku um þetta efni — segir höfundurinn í formálanum."

Jeg sagði aldrei annað en það, að jafnaðarmenn teldu sig leiðtoga, vildu láta trúa því að þeir væru að le ða mannkynið til hærra menningarstigs.

En jeg sagði annað lof, sem hv. þm.

hefði mátt minnast, og það var lof mitt um íslenska verkamenn Og þau lofsyrði voru engir gullhamrar, heldur almenn sannindi, sem svo margir hafa sagt og eru alviðurkend.

All-langur kafli í ræðu hv. þm. Ísaf. voru almennar hugleiðingar hans um bein og bitlinga, og skil jeg satt að segja ekki, hvað það kom þessu máli við, sem hjer liggur fyrir til umræðu. Nema af ástæðan væri sú, sem fleygt hefir verið upp á síðkastið, að mjög væri tekin að spillast sambúðin á kærleiksheimili stjórnarflokkanna. Þetta minnir á sambúðina á öðru heimili. Þar bjuggu tvær fjölskyldur í sömu baðstofunni, en til þess að þær hefðu sem minst saman að sælda, var hafður tveggja stunda munur á klukkunni. Önnur fjölskyldan fór 2 stundum á undan hinni á fætur, borðaði 2 stundum fyr og gekk líka til hvíldar 2 stundum fyr á hverju kvöldi. Jeg hugsa mjer, að eitthvað þessu líkt sje ástandið í stuðningsflokkum stjórnarinnar, að eitthvað sje farið að slettast upp á vinskapinn þar. Því að tala um bitlinga í herbúðum núverandi stjórnar, finst mjer ærið náskylt því að nefna snöru í hengds manns húsi.

Annars vildi jeg spyrja hæstv. forsrh. (TrÞ), úr því við höfum þá ánægju að hafa hann þessa stundina hjer í hv. deild, hvort hann ætli ekki að tala í þessu máli. Mjer virðist það undarlegt, að við hinir sjeum að deila dag eftir dag um mál, sem allir viðurkenna að snerti mjög alla þjóðina, en hæstv. stjórn steinþegi og láti ekki sjá sig nema með höppum og glöppum í deildinni. Vildi jeg því leyfa mjer að beina þeirri áskorun til hæstv. forsrh., að hann skýrði frá, hver væri afstaða stjórnarinnar í þessu máli. En þetta var nú aðeins útúrdúr, sem jeg vænti þó að tekinn verði til greina á hærri stöðum.

Hv. þm. Ísaf. vildi bauna því á okkur Íhaldsmenn, að fyrverandi stjórn hefði verið einhver sjerstök bitlingahít. Jeg get ekki kannast við, að svo hafi verið, og veit ekki heldur til, að hjá fyrverandi stjórn hafi verið um aðra bitlinga að ræða en þau störf, sem æfinlega þarf að ráðstafa, svo sem endurskoðun landsreikninga, endurskoðun við Landsbankann og eftirlit með opinberum sjóðum. En þetta er ekkert annað en venjuleg störf, sem löggjöfin gerir ráð fyrir að unnin sjeu, og ættu því að rjettu lagi alls ekki að kallast bitlingar.

En síðan núverandi hæstv. stjórn hófst til valda, hefir alveg keyrt um þverbak í þessu efni. Þar er ekki aðeins um hin lögskipuðu endurskoðunarstörf að ræða og önnur störf, er áður þektust, heldur hafa verið stofnuð ný og óþörf embætti, hrófað upp allskonar nefndum, sumum alóþörfum, en þó vel launuðum, og alt er þetta gert til þess að þóknast hinum marglitu stuðningsmönnum og vikadrengjum hæstv. stjórnar. Það væri annars gaman að fá að vita með sannindum, hvað mörg þau eru þessi störf, sem bæst hafa við í tíð núverandi stjórnar.

Annars er jeg sammála hv. þm. Ísaf., að starf hans, t. d. í ríkisgjaldanefndinni, er ekki rjett að nefna bitling. Þetta orð á aðeins við um þá styrki, sem lítið eða ekkert aukastarf krefja. Og vil jeg þá í því sambandi taka það fram, svo það heyrist þó að minsta kosti einu sinni hjer í hv. þd., að fjölda mörg af þessum störfum, sem nefnd

eru einu nafni bitlingar, eru að rjettu lagi ekki annað en nauðsynleg störf, sem unnin eru fyrir borgun, sem oft og einatt er alls ekki rífleg, samanborið við starfið. Hitt er annað mál, að sum þessi störf eru misjafnlega unnin. Og um ríkisgjaldanefndina er það lakast, að hennar störf eru hvorttveggja í senn hroðvirknisleg og illa unnin. Sú nefnd hefði þó eflaust getað orðið að miklu gagni, ef hún hefði vandað starf sitt betur. Sem dæmi þess skal jeg benda á, að í skýrslu hennar eru færðir langir dálkar um margskonar útgjöld, sem saman eiga, en þessir dálkar eru ekki lagðir saman. Ef t. d. 100 menn vilja sjá hverju þessi útgjöld nema, þarf að leggja þessa dálka saman hundrað sinnum, af því að nefndin hefir ekki hirt um að framkvæma þetta verk einu sinni. En slíkt er óþarfa fyrirhöfn fyrir þá, sem nota vilja skýrsluna. Að jeg ekki nefni aukaatriði eins og það, að Jónas er talinn á undan Jóni, sem einhver gamansamur náungi hefir getið sjer til, að væri gert til þess að fela hæstv. dómsmálaráðherra. Auk þess er þar sagt villandi til um tekjur sama hæstv. ráðherra. Sýnast þær lægri en þær voru.

Jeg skal ekki segja, hvort háttv. þm. Ísaf. ber ábyrgð á þessum frágangi á skýrslunni, en það er vont, að góðu starfi skuli hafa verið spilt fyrir svona smávægilega handvömm.

Hv. þm. Ísaf. fann ástæðu til þess að salla því á mig, að jeg hefði engin bein núna sem stendur. Það er nú nýtt að heyra þetta um mig, sem einu sinni var sagt um af andstæðingum mínum, að sett hefði met í bitlingum. Reyndar sannaðist það þá, að sá sem þetta sagði, hjelt að jeg hefði launuð störf, sem jeg ekki hafði. En hann vildi samt ekki láta sig, frekar en úlfurinn í dæmisögunni, sem rjeðist á lambið. Lambið sagðist ekkert hafa unnið til saka. „Það er sama, það var þá hann faðir þinn," sagði úlfurinn og át lambið. Hv. þm. gaf líka í skyn, að jeg hefði nýlega tapað máli. Þetta er rjett. Jeg leit svo á, að þegar Alþingi kaus mig í bankaráð Landsbankans, með ákveðinni þóknun til ákveðins árabils, þá gæti næsta þing ekki vikið mjer frá, fyr en ráðningartími minn væri úti. Mjer fanst nauður reka til, að gefa dómstólunum kost á að dæma um þetta atriði. Jeg var sannfærður um, að jeg hefði á rjettu að standa, og jeg er jafn sannfærður um það enn. En samt vefengi jeg ekki dóm hæstarjettar. Þetta sýnir ekki annað en það, sem allir vita, að blindur er hver í sjálfs síns sök. Þetta er einmitt eitt ágætt dæmi um nauðsyn þess, að láta dómstóla skera úr vafamálum.

Hv. þm. (HG) hefir ef til vill álitið rjettara af mjer, að jeg hefði setið fyrir bankastjórunum á strætum og gatnamótum og slegið af þeim hattinn eða ógnað þeim á annan hátt, svo þeir þyrðu ekki annað en að borga mjer launin. Þá aðferð þekkja þeir sennilega betur, þessi hv. leiðtogar alþýðu, sem trúa á hnefarjettinn sem þá einu og rjettlátustu úrlausn allra mála. Jeg kaus þá aðferðina, að láta dómstólana skera úr, í stað þess að láta ofríki aflsmunar ráða.

Þá kem jeg að auðum stól samþm. míns, hv. 2. þm. Reykv. (HV). Hann lagði út af því, að þingsaga mín hefði sýnt, að jeg hefði ekki verið hlutlaus þegar dæmt hefði verið um mál verka-

lýðsins. Þegar tveir deila, er náttúrlega erfitt að segja, hver sje hlutlaus og hver ekki. Það fer sennilega líkt fyrir þeim og kerlingunum sem sögðu: klipt er það — nei, skorið er það, heillin!

En þó skal jeg minna á það, að þegar togaravökulögin voru hjer á ferðinni í fyrstu, þá var jeg meðmæltur óskum sjómanna um 6 stunda hvíld á sólarhring. Og jeg hefi jafnan fylgt kröfum verkamanna, á meðan þær voru sanngjarnar og á rökum bygðar. Jeg vildi tryggja sjómönnum vissa hvíld á sólarhring. En þegar fara átti að færa sig lengra og lengra upp á skaftið og heimta meiri hvíld á sólarhring, þá gat jeg ekki lengur fylgst með. Jeg hefi í þessari deilu staðið mitt á milli öfganna frá báðum hliðum, og það kalla jeg hlutleysi.

Þá varð þeim báðum skrafdrjúgt um það, hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., að einn aðalgalli frv. væri sá, að vantaði grundvallarlögin til þess að dæma eftir. Þetta er að sumu leyti satt, en eftir mínu viti á það ekki á neinn hátt að þurfa að gera starf dómsins ómögulegt. Dómurinn á að skapa hefð og venju í þessu, en slík hefð getur orðið bindandi eins og lög. Jeg hefi látið fróða menn segja mjer það, að t. d. enskir dómstólar byggi mjög á hefð, og það er víst, að þeir vitna mjög í eldri dóma. Og í mörgum viðskiftamálum Englendinga er alls ekki um nein lög að ræða, sem dæmt er eftir, heldur viðskiftavenjur. Reglan er því sú, í því gamla menningarlandi, að alloftast byggja dómstólarnir dóma sína á eldri dómum, en vitna mjög sjaldan í lög. Ensku dómstólarnir hafa því skapað rjettarfarið í landinu; þeir hafa skapað hefð í staðinn fyrir lög.

Og þetta sama ættum við að reyna. Og jeg hefi þá trú, að það mundi takast, að þessi dómstóll skapaði heilbrigða hefð, sem byggja mætti á, er stundir líða.

Hitt nær vitanlega ekki neinni átt, að dómurinn eigi að helminga kröfurnar. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) lýsti því, hvernig málspartarnir spentu oft kröfur sínar út yfir sanngirni, til þess að meðaltalið yrði þeim sem mest í vil. Sagði hann um kröfur vinnuveitenda, að þær væru „regindjúpt fyrir ofan alla sanngirni", og má þá gera ráð fyrir ámóta öfgum hjá hinum aðiljanum, að kröfur verkamanna verði þá himinhátt fyrir neðan alla alla sanngirni. Við getum bara hugsað okkur kröfurnar nógu vitlausar á bága bóga: að vinnuveitendur t. d. heimti að verkamenn borgi með sjer 500 krónur á mánuði, þegar verkamenn setja upp 1000 króna kaup á mánuði. Hvaða skynsemi væri að hleypa slíkri vitleysu af stað, með því að taka upp þá venju, að helminga slíkar kröfur?

Nei, hjer er um að ræða að dómurinn fái þau gögn í hendur, sem hann þarf til þess að fella dóminn eftir. Hann verður að gera sjer ljóst, hvaða þurftarlaun verkamenn verða að hafa, til þess að sjá sjer og sínum farborða, og hinsvegar að rannsaka hag og rekstur útgerðarinnar, svo að upplýst verði, hvaða kaup atvinnureksturinn geti greitt, án þess að honum sje stefnt í voða. Og þessi rannsókn verður að framkvæmast án tillits til þess, hvaða kröfur aðiljar hafa gert. Og jeg hefi þá trú, að ef sanngjarnir menn og vitr-

ir veljast í dóminn, þá muni þeim takast að skapa heilbrigða venju til þess að fara eftir.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði eitthvað á þá leið, að það væri svo sem ekki hann eða aðrir leiðtogar verkalýðsins, sem skapað hefðu andúð gegn frv., því á fyrsta fundi, sem haldinn var til þess að ræða þetta mál, hefðu sjómennirnir sjálfir risið upp úr sætum sínum, hver á fætur öðrum, og lýst sig mjög andvíga þeim þvingunarráðstöfunum, sem fælust í frv.

Þetta er ekkert að marka, því að þetta mál er alls ekki nýtt að þessu sinni. Jeg man t. d. eftir því, að þegar gerðardómsfrv. Bjarna frá Vogi var hjer á ferðinni, þá var jeg boðinn af Jóni Baldvinssyni á fund í Bárunni, þar sem mál þetta átti að ræðast. Þá voru margir verkamenn á báðum áttum til þess að byrja með, en hv. 2. þm. Reykv. útskýrði málið, sagði að það væri skylda verkamanna að vera á móti frv., og mjer varð það þá strax ljóst, að hann vann mikið á með ræðu sinni, að snúa hugum verkamanna frá frv. Og um þetta er ekkert að segja. Það vita allir, hvað æstir og málsnjallir leiðtogar hafa mikil áhrif á kjósendur sína. Alþingisrímurnar lýsa áhrifum ræðu Hannesar Hafstein þannig:

> Hornstrendingum heldur brá,
> hvítnuðu þeir í framan:
> Kjósum Hannes Hafstein þá
> hrópuðu allir saman,

— og þeir kusu svo Hannes.

Ef hv. þm. jafnaðarmanna hefðu lagt með frv., efast jeg alls ekki um, að annað hefði orðið upp á teningnum. Þá hefðu í hinum einstöku verkalýðsfjelögum verið samþ. áskoranir til Alþingis um að hraða þessu nauðsynjamáli.

Þá kem jeg að löngum kafla í ræðu sama hv. þm., er gekk að mestu út á það, að engin takmörkun væri sett af hálfu löggjafarvaldsins fyrir fjáröflun kaupmanna; þeir væru sjálfráðir um verðlagið á vörum sínum.

Jeg hefi áður minst á verðlagsnefndina, sem hjer starfaði fyrir nokkrum árum, og jafnaðarmenn voru mjög ánægðir með. En þegar hjer er stungið upp á annari verðlagsnefnd, þá á hún að vera þessi dæmalaus ófreskja. En um verðlag kaupmanna er það að segja, að þeir eru þar ekki einráðir, jafnvel þótt engin verðlagsnefnd sje. Það er annar aðili, sem þá ræður verðinu, og hann má sín mikils, sem sje hin frjálsa samkepni. Hún setur vægðarlaust hámarksverð á hverja vöru. Og það er þá fyrst, þegar eitthvað hindrar þessa frjálsu samkepni, að hætta verður á því, að kaupmaðurinn verði of einráður yfir verðinu.

Annars sje jeg mjer ekki fært að fara eins langt út í ræðu hv. 2. þm. Reykv. eins og þó hefði verið ástæða til.

Einkennilegt þótti mjer, er hann var að tala um, hvernig dómurinn ætti að vera skipaður. Hann sagði, að annarsvegar stæðu 2000 menn, en hinumegin aðeins 20, og eftir þeim hlutföllum ætti að velja í dóminn. Þetta veit jeg nú að hv. þm. hefir sagt gegn betri vitund. Mjer er sama hvort það er einn aðili móti miljón, ef þessir 2 aðiljar, sem deila, eru svo sterkir, að þeir geta látið þjóðfjelagið leika á reiðiskjálfi, þá kemur það ekki málinu við, hvort það eru margir annars-

vegar en fáir hinumegin. Deilan verður að jafnast með jöfnum mannafjölda hvors aðilja, enda getur aldrei verið um samkomulag að ræða, ef fleiri menn eru kvaddir í dóm frá öðrum aðilja. Það er sama og að siga 100 mönnum móti einum og kveða svo upp þann úrskurð, að sá hafi rjett, sem sigrar.

Þá sagði hv. sami þm. (HV), að jeg hefði mikið rætt um skaðsemi verkfalla. Þetta er satt, jeg benti á, að verkföll væru alla jafnan til skaða fyrir þjóðfjelagið, og þetta játa þeir líka, hv. leiðtogar verkalýðsins. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði það berum orðum, að því væri alls ekki að neita, að margt verðmæti færi í súginn af völdum verkfalla. En að jeg hafi talað þar fyrir utan um skaðsemi verkfalla, því mótmæli jeg. Jeg hefi altaf verið með því, að verkamenn næðu rjetti sínum, og þykir vænt um, að þeir hafa fundið þetta vopn, verkföllin, til þess að knýja fram kröfur sínar, þegar á að beita þá óbilgirni. En þeim kröfum eiga verkamenn að fá framgengt án verkfalla og þess tjóns, sem af þeim leiðir. Verði frv. þetta að lögum, fá þeir allar þær kröfur sínar fram án bardaga, sem er stilt í hóf og eru viðurkendar rjettmætar, að dómi góðra manna og viturra. Hitt er líka auðsætt, að báðir aðiljar út af fyrir sig eru verst færir til þess að dæma um sínar eigin kröfur. Að ekkert geti skorið úr þessum deilum nema vald, eins og hv. 2. þm. Reykv. segir, er vitanlega fjarstæða. Jeg er á móti því, að hnefarjetturinn ráði, og vil að slíkur draugur sje kveðinn niður, enda vona jeg, að slíkt takist von bráðar. Í þessu máli á sanngirnin að dæma — og sigra. Það verður affarasælast fyrir alla þjóðarheildina.

Hv. 4. þm. Reykv. hafði það helst út á dóminn að setja, að hann mundi dæma útgerðarmönnum í vil. En slík staðhæfing er eins og hvert annað fleipur og sleggjudómur, sem gripið er til, þegar öll rök eru þrotin. Það var á honum að skilja, að hv. 2. þm. G.-K. og aðrir útgerðarmenn, kæmu með nokkrar kringlóttar, og mútuðu dómnum, en slík aðdróttun er ósæmileg og ætti ekki að heyrast af vörum þm. á hinu háa Alþingi. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að dómurinn mundi altaf dæma rjett. En ef dómi hans hallaði eitthvað, þá tel jeg sennilegra, að hann mundi í flestum ef ekki öllum tilfellum fremur ívilna verkamönnum en útgerðarmönnum. Og þetta byggi jeg á því, hvernig jeg hugsa mjer, að dómurinn mundi skipaður. Jeg geri t. d. ráð fyrir, að í honum verði embættismaður, og hans „tendensar", — svo jeg noti nú útlent orð, eins og þessi hv. þm. (SÁÓ) — mundu eflaust stefna í þá áttina, að verkamenn fengi hærra kaup, því um leið væri það stuðningur embættismönnum í þeirra eigin kauphækkunarkröfum. Nú, það mætti líka hugsa sjer, að kaupmaður ætti sæti í dómnum. Hann mundi eflaust styðja rjettmæta kröfu verkamanna um hærra kaup. Með því býst hann við, að atvinna sín batni, er kaupgeta verkamannsins eykst. Það er því hagur allra, að verkamaðurinn sje ekki illa launaður. „The Gospel of high wages", sem Amerikumenn tala um, er ekki tóm ímyndun. Hátt kaup verkamanna

er öllum til góðs, nema rjett þeim í svip, sem eiga að greiða það. Og þeir yrðu hjer ekki dómarar. Með þessu er jeg ekki að segja, að dómurinn hljóti að verða háður eigin hagsmunum að meira eða minna leyti. En ef persónuleg áhugamál dómenda komast inn í dóminn, þá tel jeg sennilegra, að það verði verkamönnum fremur í vil en útgerðarmönnum.

Þó að margt sje eftir að athuga af því, sem komið hefir fram í umr. á móti þessu frv., þá ætla jeg samt að láta hjer staðar nema að sinni. Andstæðurnar eru bæði stórar og miklar hjá andstæðingum frv. Sumir tala um nýja jörð og nýjan himinn. Það væri náttúrlega æskilegt, að sá draumur rættist, en því miður verður það varla á þessu þingi eða þeim næstu. Aðrir vilja láta knje fylgja kviði, og heimta að hnefarjetturinn ráði. Við hinir syndum mitt á milli. Við viljum ekki, að aflið ráði, heldur óskum við, að góðir menn og vitrir greiði úr þeim snurðum, sem ávalt hljóta við og við að hlaupa á í sambúð mannanna.

Bjarni Ásgeirsson: Þessi umr. hefir nú farið svona nokkuð á víð og dreif, enn sem komið er. Þess vegna vona jeg, að mjer fyrirgefist, þó að jeg taki lítilsháttar hliðarhopp, áður en jeg geri grein fyrir atkv. mínu. Þó skal jeg taka það strax fram, að jeg ætla ekki að hjálpa hv. 1. þm. Reykv. (MJ) til þess að gera umr. þessa að eldhúsdegi.

Annars finst mjer, að engan þurfi að furða, þó að umr. fari á víð og dreif, þegar um jafn kynlegan kvist er að ræða og frv. þetta, er stendur rótum djúpt í mestu vandamálum þjóðarinnar. Þess vegna finst mjer ekki nema eðlilegt, þó að hv. jafnaðarmenn noti tækifærið til þess að skýra afstöðu sína til atvinnumálanna, er svo mjög snertir afkomu þess flokks, sem þeir eru fulltrúar fyrir.

En þó að umr. um þetta mál verði sennilega bráðum lokið, þá heldur hún samt áfram, því að næsta mál á dagskrá, sem er till. jafnaðarmanna um rannsókn á rekstri útgerðarinnar, er nákvæmlega sama eðlis.

Bæði málin eru tilraun tveggja aðilja að ráða bót á böli, sem hjer er um að ræða, og allir eru í raun og veru sammála um, að verkföll og verkbönn sjeu þjóðarböl.

Hv. jafnaðarmenn í þessari deild hafa mikið talað um það, hversu dýrmæt guðsgjöf verkföllin væru. Verður því að vísu ekki neitað, að þau hafa nokkru áorkað til hagsmuna fyrir verkalýðinn, og veitt honum styrk og stuðning í baráttunni fyrir bættum lífskjörum. Hafa þau smátt og smátt skapað verkalýðnum aðstöðu sem algildum aðilja í kaupdeilum öllum, og ber að taka þetta til greina. Á hinn bóginn verður því heldur ekki neitað, að reynslan hefir ávalt orðið sú, að þeir, sem á yfirborðinu hafa sigrað í slíkum kaupdeilum, hafa í rauninni beðið margfalt meira tjón en því nemur, sem áunnist hefir í hverju einstöku tilfelli. Þetta er í sjálfu sjer ofur eðlilegt, og er engin ástæða til að ætla, að út af þessu bregði í framtíðinni. Það hlýtur því að vera óskift áhugamál allra, sem láta sig nokkru skifta afkomu íslenskra atvinnuvega á komandi tímum, að eigi þurfi að grípa til slíkra úrræða, sem verkfalla eða verkbanna. Verkföllin eru bitur vopn

og handhæg í mörgum tilfellum, en sem best væri að þurfa eigi að grípa til. Um þetta atriði býst jeg við, að flestir sjeu á einu máli. Hvað frv. því viðvíkur, sem hjer er til umræðu, þá get jeg ekki talið það lýti á því, þótt það geri ráð fyrir, að verkföll og verkbönn eigi sjer stað í framtíðinni, en hitt væri þó æskilegra, að það tækist að skapa það ástand, sem gerði allar slíkar ráðstafanir óþarfar. Jeg á hjer við það, að menn kæmu sjer niður á haldbetra fyrirkomulag á atvinnurekstri þjóðarinnar, einkum þeim stórtækari, svo sem togaraútgerð, og jeg vil síðar gera frekari grein fyrir, að slíkt fyrirkomulag er til, og gegnir það furðu, að menn skuli ekki hafa tekið það til athugunar í sambandi við þetta mál. Og jeg vil taka það fram þegar, að jeg álít þetta frv. enga lausn á þessu máli. En jeg get virt þann vilja og viðleitni, sem liggur að baki þessa frv. Mönnum er það ljóst, að hjer verður eitthvað til bragðs að taka, til þess að firra atvinnuvegina því böli, sem slíkar kaupdeilur valda. En misskilningurinn liggur í því, að sökinni er skelt á þá menn, sem aðild eiga í deilunum, í stað þess að gagnrýna skipulagið. Og það er ekki hinn minsti vafi á því, að það er skipulagið, sem er orsök allra þessara vandræða. Þess vegna er hin eina endanlega lausn breytt skipulag. Hinsvegar miðar þetta frv. að því einungis, að lappa upp á úrelt og óhæft skipulag. Er einsætt, að slíkt er ekki til frambúðar. Gallar skipulagsins munu ávalt fylgja því eins og skugginn manninum. En þó er ekki með öllu ómögulegt að finna megi ráð til að draga úr þessum göllum, og hefir nokkuð verið gert í því skyni. Má þar nefna milligöngu sáttasemjara samkvæmt lögum frá 1925. Í öðru lagi lögfestan gerðardóm eða vinnudóm, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Slíkt getur að vísu orðið til þess að milda stjettabaráttuna í bili, en ekki meira. Alt eru þetta aðeins bætur á gamalt fat. Eina varanlega lausnin er, eins og jeg hefi tekið fram, að gerbreyta skipulaginu. Og það mun sannast, að sú verður framtíðarúrlausn þessa máls.

Það hafa fallið þung orð á báða bóga í sambandi við kaupdeilu þá, sem nú er nýafstaðin, og í sambandi við þetta frv. Málið hefir verið rætt, bæði utan þings og innan, af miklum alvöruþunga og áhuga. Ræður að líkindum, að í slíku alvörumáli, sem um leið er hagsmunamál alls þorra manna, hafi mörg orð fallið, sem betur væru ótöluð, og sem lítt eru til þess fallin að glæða sáttahug aðilja deilunnar, hvors gagnvart öðrum. Jafnaðarmenn hafa verið kallaðir æsingaseggir og borið á brýn, að þeir eyðilegðu alla friðsamlega starfsemi, spiltu vinnufriðnum í landinu og vildu jafnvel atvinnuvegi landsins feiga, til þess að geta sjálfir síðar fleytt rjómann af öllu saman. Þessar ásakanir eru, sem betur fer, órjettmætar og óverðskuldaðar. Meðan þessum málum er svo háttað, að tvær stjettir manna, sem þó geta ekki án hvorrar annarar verið, glíma um afrakstur og arð atvinnugreinanna, þá segir það sig sjálft, að verkamenn verða að hafa sína fulltrúa, til þess að beita sjer fyrir hagsmunamálum stjettarinnar út á við. Og þessum mönnum er það bæði rjett og skylt að duga sinni stjett sem best og bregðast ekki því trausti, sem til

þeirra er borið. Og meðan skipulagið er þannig, að enginn fastur grundvöllur er til í kaupgjaldsmálum, og menn greinir á um, hvort miða beri við svokölluð þurftarlaun, eða t. d. afkomu atvinnugreinarinnar, þá er ofur eðlilegt að ætla, að sú harðvítuga togstreita um kaup og kjör, sem ávalt hefir átt sjer stað, muni ekki mildast til muna á komandi tímum. Svo má og geta þess, að t. d. jafnaðarmenn eiga þess engan kost, að afla sjer fullra upplýsinga um það, hvernig atvinnugreinarnar bera sig, t. d. togaraútgerðin, hvort hún sje fær um að greiða hærra kaup eða ekki. Þegar þessu er þannig varið, er það ekki óeðlilegt, þótt slíkar kaupdeilur verði sem áflog ósiðaðra manna. Enda er sú reynslan, að kröfurnar eru settar fram úr öllu hófi í byrjun, af beggja aðilja hálfu, í von um, að geta á þann hátt fremur komið áleiðis málum þeirra manna, er að þeim standa.

Hvað útgerðarmenn snertir, þá er sama álasið í þeirra garð. Þeir eru kallaðir böðlar verkalýðsins og blóðsugur, er eigi skeyti um, þótt verkamenn svelti og fjölskyldur þeirra veslist upp af klæðleysi og hungri. Þessar aðdróttanir eru jafn órjettmætar. Það er skylda útgerðarmannanna að gæta þeirra fyrirtækja með forsjá og trúmensku, sem þeim er falið að veita forstöðu. Þeir hafa annara fje undir höndum, og ber að kappkosta um að láta það bera góða vöxtu. Þeir verða og að leysa af hendi skatta og skyldur til hins opinbera, svo að þegar aðstaða þeirra er athuguð til hlítar, verður það skiljanlegt, þótt þeir vilji halda fast utan um sitt. Og það er ekki mönnunum að kenna, þótt slíkar snurður hlaupi á sambúðina í þessum efnum, heldur er það skipulagið sjálft, sem á sökina. Og jeg held, að hv. 1. þm. Reykv. (JÓl) sje góð sönnun þess, hvílíkur vandi hvílir á þeim mönnum, er standa fyrir stórum atvinnufyrirtækjum undir núverandi skipulagi. Hann er að allra áliti, sem til þekkja, talinn einhver besti húsbóndi hjúum sínum og undirmönnum. Þó er nú svo komið, að skipulagið er gersamlega vaxið honum yfir höfuð. Hann verður að stöðva reksturinn á miðri vertíð og ræður ekki við neitt, varpar að lokum öllu upp á þing og stjórn, með þeim tilmælum, að það taki í taumana. Þannig horfir nú málið við, og dylst það engum, að hjer er brýn þörf viturlegra ráðstafana.

Nú vil jeg spyrja: Hvers vegna koma aldrei verkföll í landbúnaðinum, í smábátaútgerðinni, og aðeins að litlu leyti í línubátaútgerðinni. Svarið er eitt og ekki nema eitt. Í þessum atvinnugreinum er þeirri reglu fylgt, að eigandi og verkamaður eru sameinaðir í einni og sömu persónu. Í sveitinni vinnur bóndinn með fjölskyldu sinni að sameiginlegri velferð heimilisins. Þar er eigandi og verkamaður eitt og hið sama venjulega. Í smábátaútveginum hefir þeirri reglu verið fylgt frá fornu fari, að afla og arði hefir jafnóðum verið skift milli bátseiganda og háseta. Með slíku fyrirkomulagi fara saman hagsmunir beggja. Verkamaðurinn er um leið framleiðandi. Þetta hefir nú að nokkru leyti verið yfirfært í vjelbátaútveginn, og er mjer kunnugt um, hvernig það hefir gefist, t. d. í Keflavík og á Akranesi, og held jeg að mjer sje óhætt að segja, að það hefir gefist vel, enda

hefir þessi atvinnugrein til þessa verið laus við það böl, sem stórútgerðin hefir átt við að búa, svo sem vinnutruflanir, verkföll og því líkt. Það getur því ekki farið hjá því, að stórútgerðin verður að sníða sitt skipulag eftir sömu grundvallarreglum, ef hún vill losna að fullu út úr því öngþveiti, sem hún nú er í. Og mig undrar það stórum, að þeir sem hafa rekstur stórútgerðarinnar með höndum, skuli ekki þegar fyrir löngu hafa gert háseta hluttakandi í hagnaði og halla útgerðarinnar. Þá væru hagsmunir útgerðarmanna og sjómanna ekki lengur á öndverðum meiði heldur fjellu saman, og óneitanlega myndi það auka starfsgleði og starfshvöt hjá sjómönnum að finna, að þeir væru um leið eigendur, og að hagur atvinnugreinarinnar væri um leið þeirra hagur. Væri slik tilhögun vel fallin til framkvæmdar þegar í stað, og lægi þá beinast við að taka smábáta- og vjelbáta-útveginn til fyrirmyndar, þó með þeim breytingum, sem eftir kringumstæðunum væru nauðsynlegar. Ef útgerðin og rekstur hennar kemst í það horf, sem jeg nú hefi gert grein fyrir, mun ekki þurfa að gripa til lögregluvalds eða annara þvingunarráðstafana, til þess að tryggja vinnufriðinn í landinu. Hann mun þá koma af sjálfu sjer. En ef útgerðarmenn gera engar ráðstafanir í þessa átt, er jeg hræddur um, að bráðlega skelli yfir höfuð þeirra sú þjóðnýtingaralda, sem æ virðist rísa hærra og hærra með þessari þjóð. Og það vil jeg taka fram, að eftir því óska jeg ekki. En jeg vil ítreka þau tilmæli mín til hv. deildar, að hún athugi málið frá þessari hlið, því jeg get ekki sjeð betur, en að eina leiðin út úr þessu öngþveiti sje að finna rjettlátara skipulag. Og slikt skipulag er til, svo að ekkert tálmar nema skilningsleysi aðilja.

Í fyrra lá fyrir þinginu málaleitun frá Samvinnufjelagi Ísfirðinga um styrk til að koma á fót útgerð á hreinum samvinnugrundvelli. Framsóknarflokkurinn sýndi fullan skilning á málinu og ljeði því fylgi sitt. Honum var það ljóst, að enda þótt þá væri ekki um verkfall að ræða, gæti þó slikt skollið yfir þá og þegar, ef engin breyting væri gerð á rekstrarfyrirkomulaginu. Flokknum var það og ljóst, að hjer væri loks fundið skipulag, sem gæti firt sjávarútveginn því böli, sem af hinum sífeldu kaupdeilum leiðir. Og ef hv. 1. flm. þessa frv. vildi taka sjer Ísfirðinga til fyrirmyndar, þá myndi hann ekki þurfa að flýja á náðir þings og stjórnar til þess að skerast í leikinn í hans eigin atvinnugrein.

Nú segir það sig sjálft, að slik breyting á skipulaginu, sem hjer ræðir um, þarf sinn tíma og skeður ekki í einu vetfangi. Það getur því oft verið óhjákvæmilegt að skerast í leikinn og jafna deilumálin um leið og þau steðja að. Með tilliti til þess, getur þetta frv. verið fullkomlega rjettmæt tilraun til bráðabirgða úrlausnar. Það ætti ef til vill að setja þessa stofnun, sem hjer um ræðir, í samband við sáttasemjarastarfið, og tæki hún þá við að honum frágengnum. En þó má enginn halda, að í því felist nokkur endanleg lausn.

Menn hafa gjarnan talað um þetta frv. sem einskonar bibliu, sem bæði meðmælendur og andstæðingar hafa tíðum vitnað í, máli sínu til stuðnings.

Þó er því nú svo varið, að flestir meðmælendur frv. hafa að einhverju leyti fett fingur út í meginmál þess. Afstaða manna er mjög á reiki. Þeir segjast ekki leggja áherslu á hið mælta mál frv., heldur andann, sem þessi ritning er innblásin af. Má því af líkum ráða, að næsta erfitt er að handfjalla slíkt mál. En það má hiklaust telja á misskilningi bygt, að þetta frv. geti ráðið nokkra skjóta og endanlega bót á vinnu- og kaupdeilum. Slíkt yrði ávalt að gera með einhverskonar þvingun af hálfu hins opinbera, þannig að báðir aðiljar sjeu neyddir til að hlýða. En slíkt yrði í þessu tilfelli með öllu óframkvæmanlegt. Þeim aðilja, sem þættist misrjetti beittur, kæmi eigi til hugar að hlýða úrslitum dómsins, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis. T. d. yrði ómögulegt að skylda sjómenn til að vinna, ef þeir vildu það ekki sjálfir. Sama er að segja um útgerðarmenn. Enginn gæti rekið þá út með skipin nauðuga. Slíkur vinnudómur, jafnvel þó lögþvingaður sje, getur því á engan hátt greitt úr því öngþveiti, sem í væri komið, nema að því leyti, sem báðir aðiljar yrðu ásáttir um. Að hinu leytinu, ef hjer er ekki um úrslitadóm að ræða, heldur um framhaldandi sáttatilraunir, þá hefi jeg mun meira álit á frv. Og í því trausti, að takast megi að sjóða upp úr því eitthvað nýtilegt í þessa átt, mun jeg fylgja frv. að svo stöddu. En jeg vil að lokum undirstrika það, að í frv. felst engin lausn, jafnvel þótt svo gæfulega tækist til, að aðiljar sættu sig við úrslit dómsins í bráð. Hin eina endanlega lausn þessa máls, framtíðarúrlausnin, er gerbreyting skipulagsins.

Jón Ólafsson: Það er nú búið að ræða þetta mál nokkuð til hlítar, og býst jeg við, að flest hafi verið tekið fram, sem nokkru verulegu máli skiftir. Hv. meðflm. minn (PO) hefir rekið margt ofan í andstæðinga frv., sem því kemur við, en hinsvegar hefir margt verið sagt í sambandi við þetta mál, sem ekki er því viðkomandi.

Hv. þm. Mýr. (BÁ) talaði af góðvilja um þetta mál, en því miður af helst til ónógri þekkingu. Get jeg þó ekki látið ógert að svara honum í fám orðum. Það, sem að mínu áliti er aðalatriði þessa máls, er það, að atvinnuvegum okkar sje ekki íþyngt með svo háum og ósanngjörnum kröfum, að þeir geti ekki undir risið. Það er þetta, sem mestu máli skiftir. Skipulagið er að vísu stórt atriði, en þó enganveginn einhlítt, því hvað stoðar slíkt, ef atvinnuvegirnir sligast undan byrðunum. Þetta ætti að vera öllum ljóst, sem hugsa skynsamlega um málið. Það er nú búið að reyna 3 tegundir útgerðar, og þar af hafa tvær ekki risið undir byrðunum. Ekki er því þó um að kenna, að ekki hafi verið fullkomið rjettlæti í skiftingu afla og arðs, heldur því, að kröfurnar hafa verið settar svo hátt, að alt hefir farið út um þúfur, og útgerðin flæmst út úr landinu. Ef þetta á svo til að ganga framvegis, og aldrei verður í hóf stilt kröfunum, er nokkurnveginn einsætt um framtíð hinnar íslensku útgerðar. Ein kórvilla jafnaðarmanna, sem þeir ekki vilja kannast við, en hljóta þó að sjá, er það, að um leið og þeir gera meiri og meiri kröfur til útgerðarinnar og gera henni nauðugan einn kost að draga sig til baka, um leið gerast þeir böðlar sinna eigin skjólstæðinga,

með því að svifta þá atvinnu og lífsviðurværi. Þetta er öldungis ómótmælanlegt, og það er ekki af því, að þessir menn viti þetta ekki og sjái, heldur hlýtur það að vera af öðrum lakari ástæðum. Hjer er því ekki skipulaginu um að kenna, enda myndi vera gert meira að því að láta háseta hafa hlut í afla á togurum, ef slíkt hefði ekki reynst eins illa og raun er á. Og vert er að gefa því gaum í þessu sambandi, að slík hlutdeild hefir oft komið til orða í herbúðum andmælenda þessa frv., og jafnvel að taka fleytu og gera hana út eftir þeirra aðferðum, en þá hefir viðkvæðið ávalt verið það, að verkamenn skyldu ekki vera svo heimskir að láta sjer detta slíkt í hug. Heldur hitt, að heimta sífelt meira og meira. Mál þetta hefir oft borið á góma meðal jafnaðarmanna, en ávalt verið kveðið niður. Foringjarnir hafa sjeð það og skilið, að slíkt myndi ef til vill hefta þá á þeirri braut æsinga og undirróðurs, sem þeir löngum hafa lagt stund á að tæla verkalýðinn út á.

Þá mintist hv. þm. Mýr. á það, hvers vegna verkföll kæmu aldrei í landbúskapnum. Því er fljótsvarað, því eins og hv. þm. mun vera vel kunnugt, er nú á tímum varla um nokkurt óviðkomandi fólk eða daglaunafólk að ræða í sveitunum. Kröfurnar eru orðnar svo háar, þar eins og annarsstaðar, að bændur treysta sjer ekki til að halda launahátt fólk. Þar er ekki lengur um þetta gamla og friðsamlega hjúahald að ræða. Og að svo miklu leyti, sem bændur geta ekki bjargast af við sinn eigin vinnukraft og fjölskyldu sinnar, eru þeir auðvitað neyddir til að minka um sig og draga saman seglin. Þannig er ástandið orðið um allar sveitir lands. — Það er undirbygging atvinnuveganna og traustleiki þeirra, sem skapar blómlegt atvinnulíf, en ekki það, að gera svo háar kröfur til þeirra, að þeir geti ekki veitt þeim, sem að þeim standa, sæmilegt lífsviðurværi. Þetta vita jafnaðarmenn sjálfir ósköp vel. Þess vegna vilja þeir leggja alla atvinnuvegina í rústir á þennan hátt, til þess að geta síðan, að loknu eignaráninu úr höndum einstaklinganna, þjóðnýtt alt eftir sínum aðferðum.

Jeg lofaði hæstv. forseta því í upphafi að vera stuttorður, og ætla að efna það. Ætla jeg þá fyrst að snúa mjer að hv. 2. þm. Reykv. (HV), og víkja stuttlega að nokkrum atriðum í ræðum hans. Mjer sást eiginlega yfir nokkuð í síðustu ræðu minni, þar sem hann í fyrstu ræðu sinni kvað svo að orði, að hann hefði ekki trú á 8. grein frumvarpsins, sem ákveður, að rannsókn skuli fara fram á hag aðilja, ef þess þyki þurfa til skýringar á málsatriðum, og svo skuli dæmt á þeim grundvelli. Hefir sú skoðun komið áður fram hjer í hv. deild, að rjettarfar okkar sje svo illa komið, að ekki sje að treysta undirdómi nje yfirdómi. Sami hv. þm. segir: „Menn vita alment hvernig hæstirjettur dæmir milli alþýðu og auðvalds.“ Er ekki von að slíkir menn hafi mikla trú á dómum, sem halda rjettarfar okkar svo rotið, eins og hjer er gefið í skyn. Hv. þm. er mjög illa við það, að jeg gat um það í fyrri ræðu minni, að mikill fjöldi verkamanna, þ. á m. úr Dagsbrún, væru slíku frv. sem þessu meðmæltir. Ber hann þetta til baka, en jeg hefi verið á fundi, þar sem sár-

fáir verkamenn voru á móti slíku frv. sem þessu, en flestir virtust hlutlausir ef ekki meðmæltir því.

Hv. 2. þm. Reykv. tók nokkuð nærri sjer þegar jeg sagði, að hann hefði ekkert vit á þessu máli. Jeg stend við það. Hann hefir ekkert vit á þessu og hefir aldrei ætlað sjer að hafa það. Annars hefði hann ekki stuðlað að því, að dembt yrði á slíkri bölvun, sem verkföllin eru. Hann setur menn í æsingu þegar verkföll eru boðuð, og styður þau hryðjuverk, sem þeim eru samfara.

Hv. sami þm. talar um rjettlåta skiftingu tekna á rjettlátum grundvelli. En þar sem hann hefir ekki gengið hjer sjálfur á undan með góðu eftirdæmi, verður þetta ekki kallað annað en hræsni, þar sem hann sýnir það ekki sjálfur, en prjedikar öðrum að gera það. Ætti hann í slíku máli sem þessu að byrja sjálfur með eigin krafti, en ekki að draga sig til baka og skipa öðrum út í ófæruna.

Þá veittist hv. þm. harkalega að einum flm. þessa frv. Jeg ætla ekki að hafa yfir þau ummæli, en þar sem hv. þm. var að tala um það, að verkamannafjelagið „Dagsbrún“ hefði blómgast í seinni tíð og komið miklu góðu til leiðar, vil jeg benda á það, að þetta fjelag tók mestum framförum á allan hátt meðan sá flm. frv. var formaður þess, sem hv. þm. hallmælir nú svo mjög. Ef hv. þm. vill kalla það spor í rjetta átt, þegar á að þvinga menn til þess að reka úr vinnu þá menn, sem ekki vilja ganga í „Dagsbrún“, þá verð jeg að segja, að hann sje ekki allskostar sjálfum sjer samkvæmur, þegar hann prjedikar vinnufrelsi. Ef nokkuð eru veruleg þrælatök á einstaklingsfrelsi manna, þá er það þetta, að reka menn í fjelagið til þess síðar að reka þá úr vinnu.

Jeg sje enga ástæðu til að svara hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ). Hann fór algerlega utan hjá því efni, sem felst í þessu frv., en hjelt sig við smávægileg aukaatriði. Datt mjer þá í hug formaðurinn, sem fór landveg langa leið af því að honum þótti of hættulegt að fara sjóleiðina. Þessi hv. þm. er eins. Hann teygir lopann með sögum, sem ekkert koma málinu við, og hávaðaglamri. Get jeg ekki skilið hvaða áhrif sögur hans um samninga hingað til og endalok þeirra geta haft á þetta mál.

Þá hefi jeg ekki mikla ástæðu til að svara hv. þm. Ísaf. (HG), því að öll aðalatriði ræðu hans er nú búið að reka svo rækilega ofan í hann, og það nú síðast af hv. þm. Mýr. (BÁ). Annars fanst mjer alt annað en prúðmannlega tekið á móti hjá honum, þegar talað var um bein og beinamaskínu. Hjelt jeg þó, að hann vildi í umræðum fara sem gætilegast kringum þetta hættulega beinasoð. Nú vill svo til, að jeg þekki ummæli af verkamannafundi, þar sem bornar voru svo þungar sakir á hv. þm. í þessu efni, að hann þorði ekki að ætma nje skræmta, og fór út án þess að segja nokkurt orð. (HG: Vill ræðumaður tilgreina fund og fundarmenn?) Jeg vil fylgja þeirri almennu reglu, sem flestir telja sjálfsagða, nema ef til vill hv. þm. Ísaf., að vera ekki að stagast á nöfnum einstakra manna hjer í hv. deild. Vil jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, þar sem jeg lofaði að verða

stuttorður, enda eru ræður nú orðnar margar og langar, og er nóg komið af svo góðu.

Jóhann Jósefsson: Það er skýrt tekið fram af þeim mönnum, sem mælt hafa með þessu frv., að tilætlunin með því sje alls ekki sú, að banna verkföll með öllu. Þau einu bönd, sem frv. leggur á aðilja, eru, að ekki megi gera verkbann eða verkfall meðan stendur á sáttatilraunum sáttasemjara eða dómsmeðferð vinnudómsins. Þetta vildi jeg undirstrika og vekja sjerstaka athygli á. Af andstæðingum frv. eru engin rök færð fyrir því, að verkamönnum eða alþýðu sje þetta mótstætt. Jeg fyrir mitt leyti tel mjer óhætt að fullyrða, að verkamönnum sje yfirleitt mjög óljúft að vera knúðir út í verkfall. Þeir hafa auðvitað sinn samtakarjett, og er sjálfsagt að vernda hann. Vilja verkamenn sem heild miklu heldur fá kröfum sínum framgengt án verkfalla, og er hjer í þessu frv. fundin leið til þess að svo geti orðið, þegjandi og hljóðalaust, og án þess að nokkur vinnustöðvun eigi sjer stað. Flestir hv. þm., sem hafa látið til sín heyra í þessu máli, hafa verið sammála um það, að verkföll og verkbönn væru eitt þungbærasta böl þjóðfjelagsins, og núna síðast tók hv. þm. Mýr. (BÁ) í sama strenginn. Aftur á móti hafa nokkrir jafnaðarmenn, og þó sjerstaklega hv. 2. þm. Reykv. (HV), viljað halda því fram, að verkföll gætu verið mjög blessunarrík og yfirleitt ágætur hlutur að mörgu leyti.

Löngu áður en þing kom saman var það margra manna mál, að Alþingi hlyti óhjákvæmilega að skifta sjer eitthvað af þeirri vinnudeilu, sem þá stóð yfir. Þessi vinnudeila, togaraverkfallið, var mjög alvarleg, en þó hafa formælendur frv. um of bundið sig við togara og togaraverkföll, og er mönnum hjer almennt tamast að miða alt, sem að þessum málum lýtur, við togara. Það verður samt að athuga, að víðar er unnið en á togurum, og verkföllin geta alstaðar skotið upp höfðinu þar sem unnið er. Í minu kjördæmi t. d. var gerð tilraun í vetur til þess, að stöðva mótorbátaflotann þar. Var auglýst í Alþýðublaðinu, að sjómenn hjeðan skyldu ekki fara í atvinnuleit til Vestmannaeyja, þar eð bátaflotinn þar yrði stöðvaður. Bak við þessa auglýsingu stóðu aðeins örfáir menn, sennilega ekki nema 3 menn úr stjórn Sjómannafjelags Vestmannaeyja, og var þetta alls ekki samþ. af sjómönnunum sjálfum. Afleiðingarnar af þessu, væri því trúað, sem reyndar var nú ekki í þessu tilfelli, gætu orðið miklar og afdrifaríkar. Þessir leiðtogar leyfa sjer sem sje ekki litið. Boðskapur örfárra manna á að stöðva allan flotann í heilli verstöð og stofna aðalatvinnuveg og afkomu íbúanna í stórhættu. Þó að vinnudeila á togurunum sje ef til vill stórfeldust og alvarlegust, er óhjákvæmilegt fyrir Alþingi að gefa gætur að slíku sem þessu, því að þeir menn, sem til forystunnar ryðjast hjá verkalýðnum, eru svo djarfir og ósvífnir í aðgerðum sínum, að þeir svífast einskis til þess að fá mál sitt fram gegn atvinnurekendunum

Hv. þm. Mýr. (BÁ) komst svo að orði, að frv., — þessi kynlegi kvistur, eins og hann kallaði það, — væri vel þess

vert, að það næði fram að ganga, því að vel gæti verið, að fá mætti eitthvað gagnlegt út úr því. Er þetta vel mælt og ætti það að vera vilji allra hv. þm. að binda enda á þessi vandræði með einhverju skynsamlegu móti. Enginn ágreiningur er um það, að það er ekki hægt með einu einstöku lagaboði, en hér er þó verið að stiga spor í rjetta átt, og má að líkindum búa svo um hnútana, að vel fari. Þeir, sem mest leggja upp úr sáttasemjarastarfinu, geta huggað sig við það, að þó þetta frv. nái fram að ganga, hefir sáttasemjari sama starfi að gegna og áður, og hans aðstaða verður ekkert verri með að binda enda á vinnudeilur.

Af hálfu jafnaðarmanna koma nú fram í margföldum mæli nákvæmlega sömu mótmæli og forustumenn þeirra komu áður fram með gegn gerðardómsfrumvarpi Bjarna heit. frá Vogi, sem var bygt á sama grundvelli og þetta frv. hjer. Er ósköp vel skiljanlegt, að veggir í hverbúðum þeirra skjálfi, er ráð eru fundin til þess að afstýra verkföllum. Verkalýðsfjelögunum er haldið saman með verkföllum, og undir þeim er brautargengi forkólfanna komið. Er því eðlilegt, að þetta höfuðvígi sje þeim viðkvæmt og dýrmætt. Þessvegna er ilt að fá þá til þess að gera samninga til lengri tíma en eins árs. Þeir þykjast þurfa að hafa verkfall á hverju ári til þess að geta aukið samtökin og blásið að kolunum. Því minni vinnufriður, því betri aðstaða fyrir jafnaðarmennina að þjappa verkamönnunum inn í verkalýðsfjelögin og hamra svo inn í fólkið: sameinaðir stöndum vjer, sundraðir föllum vjer. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) var svo hreinskilinn að viðurkenna, að hann hefði sett kaupkröfu fjelaga sinna tvöfalda við það, sem hann gerði ráð fyrir að ná, því að það væri um að gera að spenna bogann nógu hátt, hann væri altaf viss með að fá helminginn. Er auðskilin aðstaða þessara manna, þegar athuguð er sú hlið, sem snýr að jafnaðarmönnum. Þeir menn, sem hafa valið sjer annað hlutskifti en að vera verkamannaleiðtogar, hljóta að sjá, að Alþingi verður að gera eitthvað verulegt til þess að koma í veg fyrir slíkar öfgar sem þessar í framtíðinni, og með þessu frv. er stigið slíkt spor, og getur það ekki talist nein goðgá, þó reynt sje að tryggja vinnufriðinn í landinu. Er ómögulegt að fleka þjóðina til þess að trúa því, að verið sje að ganga á rjett hinna vinnandi stjetta með því, að afstýra verkföllum. Jafnaðarmenn benda ekki á aðra leið út úr þessu en hnefarjettinn. Að vísu er það viðurkent, að þeir, sem vinna, hafi rjett til þess að gera verkfall. En hvernig er þetta svo í framkvæmdinni? Er það svo, að þeir, sem vilja vinna, fái að gera það í friði, en hinir láti þá hlutlausa? — Nei, það er greinilegt, að frelsið á ekki að ná svo langt í augum hv. jafnaðarmanna. Þeir láta sjer ekki nægja að banna mönnum að vinna, heldur hindra þá í því með ofbeldi og hótunum, jafnvel þótt þeir sjeu ekki í neinum verkamannafjelagsskap.

Eftirtektarvert var það, þegar verkfallið á skipum Eimskipafjelagsins var rætt í norskum blöðum, og Norðmenn athuguðu, hvernig það gæti gefið þeim byr í seglin og hvað orðið þeim til trafala. Þá komust þeir að þeirri niðurstöðu, að hafnarverkfall gæti altaf skollið á í Reykjavík, og allir vissu, að Ísland gæti ekki verndað þá, sem vilja

vinna gegn verkfalli og því ofbeldi, sem siglir í kjölfar þess.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) talaði hrærður um sjálfstæðisbaráttuna og sjálfstæðistilfinningar manna. En þá finst mjer sjálfsákvörðunarrjettur manna alvarlega fyrir borð borinn, er þeim er bannað að vinna af leiðtogunum, og þeir sóttir og reknir frá störfum sínum með ofbeldi, ef þessir húsbændur þeirra telja þau ekki sem ákjósanlegust. Þessi aðferð er áreiðanlega ekki ákjósanlegri en dómur borgaranna, sem hv. sami þm. er svo hræddur við. Hann virðist óttast svo mjög menn með borgaralegu hugarfari. En eru ekki verkamenn líka borgarar? Jafnaðarmenn tala um að skipuleggja alla skapaða hluti, og er það eitt af þeirra algengustu slagorðum. Hv. þm. Mýr. (BÁ) sagði, að sjer virtist frv. vera sem næst spor í áttina til þess að skipuleggja vinnudeilur, og taldi hann það gott og blessað. En aðaltilgangur frv. er, eins og marg oft er búið að taka fram, að koma í veg fyrir, að hlaupið sje út í verkföll án þess að sætt sje reynd til fullnustu, og það er þetta, sem er eitur í beinum þeirra manna, sem á móti því standa. Jeg sje, að hv. þm. Mýr. er kominn inn í deildina, og ætla jeg því að minnast á eitt atriði í ræðu hans. Hann talaði um Samvinnufjelag Ísfirðinga og málaleitan þess til þingsins í fyrra. Hann sagði, að Framsóknarflokkurinn hefði sýnt það viðsýni, að aðhyllast þær kröfur, af því að honum hefði verið ljóst, að þar væri fundið hið rjetta skipulag.

Það getur verið. Úr því á reynslan eftir að skera. En jeg man svo langt, að þessi sami hv. þm. sagði í fyrra, þegar hann var að skýra frá ástæðunni til þess að fjvn. vildi styðja þessa málaleitan, að þetta væri hallærisráðstöfun. En nú er það skipulagið, sem á alla samúð hans.

Jeg held ekki, að ástæða sje til að eyða miklum tíma í að tala meira um þetta mál. Þessi lífróður andstæðinganna til þess að koma frv. fyrir kattarnef, fer sennilega að enda, en ástæðan til þess, hve mjög þeir hafa barist á móti frv., er engin önnur en sú, að þeir vilja ekki koma neinu lagi á í þessu efni. Þeir vilja láta deilurnar vera sem magnaðastar. En jeg ber það traust til annara hv. dm., að þeir sjái, að hjer er á ferðinni heiðarleg tilraun til þess að ráða bót á þeirri hættu, sem yfir þjóðinni vofir af vinnutruflun. Jeg vona, að þeir sjái, að ríkissjóður endist skamt, ef á að brúka hann framvegis til að jafna á milli þeirra, sem deila um kaupgjald. Jeg hygg, að um það atriði sje meiri hl. hv. d. sammála, að það verði að hverfa inn á einhverja aðra braut, til þess að ná friðsamlegum sáttum.

Sigurður Eggerz: Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagðist eiga erfitt með að skilja það, að frjálslyndur maður gæti verið með þessum ósköpum, sem hjer væru á ferðinni. Mig langar til þess að rifja það upp enn þá einu sinni, hvað felst í frv. Það er í fyrsta lagi það, að meðan verið er að leita um sættir, má ekki gera verkfall eða verkbann, og liggja sektir við, ef út af er brugðið. Og í öðru lagi það, að meðan dómur gengur í málinu, má ekki gera verkfall eða verkbann. Við þessu eru lögð viðurlög en engu öðru. Jeg er sannfærður um, að ef sjómenn væru sjálfir spurðir um, hvort þeim fyndist það ósamboðið frjálslyndum manni að vera með slíku,

mundu þeir svara, að þeim fyndist alveg sjálfsagt, að gerð yrðu ákvæði um þessa hluti. (SÁÓ: Sjómenn hafa látið í ljós álit sitt um þessa hluti.) Það er engin furða, þótt þeir mótmæli, þegar málið er skýrt fyrir þeim á þann hátt, sem forkólfar jafnaðarmanna skýra það. Jeg minni enn á það, að jeg hitti mann á götunni einn morgun, sem sagði við mig: „Nú líst mjer illa á, Sigurður minn." „Hvað er það?" spurði jeg. „Jú, þegar búið er að dæma í vinnudeilum, þá má taka okkur sjómennina, setja okkur í járn og flytja okkur nauðuga viljuga út á skipin." Þegar lögin eru skýrð á þennan hátt, þá skil jeg, að þau sjeu kölluð þrælalög. En ef lögin eru skýrð á rjettan hátt, þá trúi jeg því ekki, að íslenskir sjómenn, með óspiltan hugsunarhátt, reyni að sporna við því, að friðsamleg úrlausn fáist á þessum málum.

Nei, það er áreiðanlega í fullu samræmi við skoðanir frjálslyndra manna í þessu landi, að reyna að afstýra öfgum og ofstopa. Í sannleika sagt, er með þessum lögum verið að búa til vernd um rjett einstaklingsins, en það er einmitt eitt höfuðatriði á stefnuskrá frjálslyndra manna. Þegar strið skellur á, þá er enginn einstaklingsrjettur til. Mönnum er þá skipað undir kúlurnar. Þeir eru reknir áfram eins og skynlausar skepnur. Og þegar verið er að brúka verkfallsvopnið, sem háttvirtir leiðtogar jafnaðarmanna tala um eins og helgidóm, þá er mönnum þröngvað með offorsi út í innanlandsdeilurnar, án þess að hirt sje um þeirra eigin ástæður og skoðanir.

Það er alveg óskiljanlegt, hvernig jafnaðarmenn hjer í hv. d. hafa tekið í þetta mál. Þeir byrja með því að tala um þrælalög og þvingun, og ganga svo langt að gera árásir á forseta í forsetastól og kalla hann svikara og liðhlaupa. Þá rjeðust þeir með sömu kurteisi á hv. þm. V.-Sk. (LH). Þessir menn eru ekki mínir flokksmenn, en mig tekur sárt að heyra þessi brigslyrði í þeirra garð, því að þeir eru gamlir sjálfstæðismenn og hafa aldrei brugðist í þeim málum.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það, að á bak við þetta mál stæði svo sterkur kraftur, að það kæmist áreiðanlega aldrei lifandi út úr þinginu. Hvað meinar hv. þm.? Jeg veit ekki, hver sá sterki kraftur er. Jeg veit ekki betur, en að það sje meiri hl. þm., sem ræður niðurlögum þessa máls. Menn hafa að vísu ekki enn fengið að vita, hvernig hæstv. stjórn lítur á þetta mál. Jeg verð þó að telja það æskilegt, að hæstv. stjórn þóknist að skýra þinginu frá vilja sínum í þessu efni. Jeg er sannfærður um, að svo framarlega sem hæstv. stjórn er sammála flytjendum þessa máls er enginn mannlegur kraftur, sem getur stöðvað það. Hitt er annað mál, að hv. 4. þm. Reykv. er kannske búinn að fá yfirlýsingu hæstv. stjórnar um, að hún ætli ekki að láta málið ganga fram.

Jeg trúi því ekki, að sjómannastjett okkar, sem jeg þekki ekki nema að góðu einu, vilji ekki heldur að öðru jöfnu friðsamlega lausn á sínum vandamálum, heldur en stefna úrslitum þeirra undir verkföll og illdeilur. Jeg trúi því ekki, að ef atkvgr. færi fram um það meðal sjómanna, hvort þeir vildu heldur fá kröfum sínum fullnægt friðsamlega eða ófriðsamlega, að þeir mundu ganga í lið með þeim mönnum, sem einir þykjast vera talsmenn þeirra hjer í hv. d. Jeg endurtek það,

að jeg hefi þá tröllatrú á sjómönnum vorum, að þeir skoði það ekki sem móðgun við sig eða óvilja í sinn garð að ákveða, að ekki skuli verða verkfall eða verkbann, meðan dómur gengur í kaupgjaldsmálum. Jeg trúi því ekki, að sjómenn vorir skoði það móðgun við sig, að ekki má gera verkfall meðan dómur gengur um málið. Og jeg trúi því ekki, að sjómenn vorir skoði það móðgun við sig, þó feldur sje úrskurður af góðum mönnum þjóðarinnar um það, hvaða kaup sje rjett að greiða.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) var að tala um, hve lítil von væri til þess, að dómurinn gæti haft nokkura þýðingu, þegar ekki væri hægt að þvinga það fram, að niðurstöðu hans væri hlýtt. En þess ber að gæta, að til þessa starfs yrðu valdir menn, sem njóta trausts alþjóðar. Þeim eru fengin öll gögn, sem fáanleg eru um málið, og síðan kveða þeir upp þann úrskurð, sem þeir telja rjettmætastan. Ef vel er valið í dóminn, er alveg víst, að þetta hefir mikil áhrif á það, að sættir takist. Það er altaf svo, að þegar þær kröfur, sem framboðnar eru, hafa haft samúð almennings, eiga þær miklu hægra með að ná sigri. En það verður einmitt til þess að verka á almenningsálitið, að fenginn er rökstuddur dómur.

Mjer er það alveg óskiljanlegt, að nokkur sjómaður skuli geta verið því andvígur, að reynt sje að rannsaka það af bestu mönnum þjóðarinnar og færð rök að því, hvaða kaup sje sanngjarnt. Og mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig hægt er að kalla slíkt þvingun og „þrælalög".

Nú skulum við setja svo, að leiðtogar jafnaðarmanna segi: „Þetta felst alls ekki í frv." En þá ber þess að gæta, að frv. á að fara til nefndar. Þar á að athuga málið frá öllum hliðum og gera tillögur til bóta. Ef frv. verður að lögum, á það ekki að vera neitt annað en siðferðilegt aðhald um það, að ekki sje að óþörfu lagt út í deilur, sem eru stórhættulegar þjóðinni. Hitt skal jeg játa, að það er engin v i s s a fyrir því, að dómurinn leiði til endanlegrar niðurstöðu. Það er aldrei hægt að gera slík ákvæði sem þetta að vissu. En hjer er gerð tilraun til þess að afstýra þeim hættum, sem stafa af verkföllum og verkbönnum, og jeg trúi því ekki, að leiðtogar þjóðarinnar treysti sjer til þess að mótmæla því hjer á Alþingi, að tilraun sje gerð til að skapa friðsamlega lausn á hættulegum deilumálum.

Þó að hv. alþm. jafnaðarmanna sjeu svo forhertir að standa á móti þessum lögum, eftir að hafa heyrt þennan skilning á þeim, þá verð jeg að vona, að hinir flokkarnir hjer á þingi láti þá ekki hafa þau áhrif á sig, að slíkum sanngirniskröfum verði hægt frá.

Haraldur Guðmundsson: Það er orðið ljóst, að hjer er alls ekki verið að ræða af hálfu flm. um frv. sjálft, heldur einhverjar óljósar hugmyndir í hugum formælenda þess og sínar hugmyndirnar hjá hverjum þeirra. Frv. sjálft er sæmilega skýrt. 1. gr. þess ræðir um, um hvað dómurinn skuli dæma, 4. gr. um það, hvernig hann skuli skipaður, og 10 gr. ákveður, að aldrei megi gera verkbann eða verkfall, áður en deilumálin koma til aðgerða sáttasemjara og ekki heldur meðan sáttatilraunir standa yfir eða málsmeðferð hjá dómstólum. Og dómnum ber að hlýða seg-

ir 7. gr. Samt sem áður halda formælendur frv. því fram, að ekki sje bannað að gera verkföll. Þeir eru allir undantekningarlaust búnir að halda því fram, svo að ætla mætti, að þessum ákvæðum verði breytt í nefnd. Þá yrði eftir dómstóll, sem dæmir um vinnukjör án þess að hinir dæmdu sjeu skyldugir til að hlýða dómnum. — Fæ jeg ekki sjeð, að „friður" sje trygður með því.

Jeg verð að segja, að eins og nú er orðið áliðið nætur, er það nærgætnislegt af hv. þm. Dal. að fara að segja hjer í annað sinn skáldsöguna um sjómanninn, sem hann mætti á götunni einn morgun. Jeg veit að hv. þm. er skáldmæltur vel, og jeg vil ráðleggja honum að láta prenta þessa sögu sem fyrst, svo að sem flestir megi njóta hennar, en hlífa þingdeildarmönnum við að heyra hana oftar. — Hann, sem er svo spar á landsfje, ætti ekki að láta margprenta hana í þingtíðindunum.

Hv. þm. Vestm. (JJós) lagði nokkuð til málanna. Hann upplýsti það, að vinnudeilur og verkföll yrðu víðar en á togurunum og skýrði í því sambandi frá því, að í vetur hefðu nokkrir unglingar gert tilraun til að koma á verkfalli í Eyjum — en vitaskuld hefði það orðið alveg árangurslaust — sagði hann. Ef þetta eru aðalrök hv. þm. með frv. um gerðardóm í vinnudeilum, þá er ekki miklu til að tjalda.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hafa kvartað undan því, að jeg hafi verið vondur við þá í síðustu ræðu minni. Má hv. 3. þm. Reykv. sjálfum sjer um kenna. Jeg hefi það fyrir sið, að svara nokkurnveginn í sama tón og á mig er yrt, hver sem í hlut á. Hv. þm. hóf slíkar umræður. Jeg svaraði honum í sama tón og hefi þá ef til vill um leið komið óþægilega við kaun hv. 1. þm. Reykv. (MJ). Var það þó ekki ætlun mín, en vel skil jeg að viðkvæm sjeu honum bitlingakaunin. Út af starfi mínu í ríkisgjaldanefndinni fór hv. þm. líkt að og persóna, sem ekki má nefna hjer í hv. deild. Meðal annars fann hann það að starfi m nu þar, að ýmsir dálkar í ríkisgjaldaskýrslunni hefðu ekki verið lagðir saman. Þetta er helber misskilningur hjá hv. þm. Allar niðurstöðutölurnar eru í samandreginni heildarskýrslu aftast í fyrra hefti. Það sem ekki var lagt saman, var skrá yfir ýmiskonar greiðslur af opinberu fje til einstakra manna, svo sem laun, uppbætur, skrifstofu- og ferðakostnaður o. fl. o. fl. En þar var um svo gerólíkar upphæðir að ræða, að það var ekkert vit að ganga öðruvísi frá því en gert var.

Hv. þm. Borgf. komst svo að orði, að verkföll væru ekki bönnuð með frv. þessu, þótt tilgangur þess væri að koma í veg fyrir þau. Sjómenn yrðu aldrei fluttir í handjárnum um borð í skipin. Og þeim væri heimilt að leita sjer vinnu annarstaðar. Setjum svo að þetta sje meining hans, þótt frv. segi annað. Hvar eiga þá þessar þúsundir manna að fá vinnu? Er nokkurt útlit fyrir það, að þeir geti fengið vinnu, ef þeir ekki vilja vinna hjá útgerðarmönnum? Dómurinn gildir. Kaupgjaldið er ákveðið. Þessir menn eiga því ekki nema um tvo kosti að velja: Svelta eða láta undan. Hv. þm. Vestm. talaði um að með frv. væri gerð tilraun til að „skipuleggja deilurnar". Þetta er nógu sniðuglega að orði komist. Við jafnaðarmenn viljum skipuleggja atvinnuvegina, til þess að þeir verði öflugri og afkastameiri. Á sama hátt vill hv. þm. skipuleggja deil-

urnar, svo að þær verði enn þá öflugri og harðvítugri. Hv. þm. hefir ratast rjett á munn. Frv. stefnir í þessa átt.

Ólafur Thórs: Þar sem nú er liðið á nótt mun naumast gustuk að vera langorður, þótt mörgu sje að svara.

Hjer hefir nú verið barist í 3 daga, hinum heilaga bardaga fyrir friðnum í landinu, bardaganum g e g n verkföllum til þess að t r y g g j a v i n n u f r i ð i n n í landinu. En það undarlega hefir þá skeð hjer í hv. deild, að g e r t hefir verið v e r k f a l l til þess að t r y g g j a v i n n u f r i ð i n n í deildinni. Hæstv. dómsmrh. hefir ekki látið sjá sig í deildinni þessa dagana. Jeg er þess fullviss, að hæstv. fors. hefði ekki reynt að ljúka þessari umr. í nótt, ef þetta verkfall hefði ekki verið gert.

Hv. 2. þm. Reykv. (HV) sagði, að það mælti með dómi, ef hægt væri að sanna, að kröfur þær, sem aðiljar bæru fram í kaupdeilum væru svo öfgafullar, að ekki væri hægt að sættast á þær. Þetta er rjett. Jeg skal nú játa, að fjelag það sem hann fer með forustuna í, hefir ekki nýlega borið fram mjög öfgafullar kröfur. En hins vegar hefir verið upplýst hjer í deildinni af báðum aðiljum, að sjómenn og útgerðarmenn hafi oft borið fram öfgafullar kröfur, og er þá fengin sú sönnun fyrir ágæti dómsins, sem hv. þm. fer fram á. Þá vildi hv. þm. vefengja ágæti dóms, af því að í dóminn mundu veljast menn af „borgaralegri stjett". — Jeg veit nú ekki hvað hv. þm. á við, en þykist þó skilja, að þessi mótmæli sjeu á litlum rökum bygð, sjeu aðeins venjulegt aðkast hv. þm. til allra þeirra, sem ekki eru sósialistar.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði í 2 klst. En ræða hans öll var þess eðlis, að ekki þurfti aðra en hann sjálfan til að andmæla henni. Hann gerði eiginlega enga tilraun til að ræða það frv., sem hjer lá fyrir. Ræðan snjerist um verkföll og sögu þeirra í nútið og fortið rjett eins og til umræðu væri saga íslenskra verkfalla, en kom ekki nærri máli því, sem fyrir lá. Þó er máske rjett að víkja að einni firru hv. ræðumanns. Hv. þm. skildist, að það væri hlutverk sáttasemjara að fara meðalveg um kröfur þær, sem fram kæmu frá kaupdeiluaðiljum. Þegar t. d. á milli ber í kaupgreiðslu 50%, þá litur hv. þm. svo á, að það sje skylda sáttasemjara að koma fram með till. mitt á milli, eða 25%. Jeg veit nú ekki eftir hvaða reglu þetta ætti að vera svo, nema það væri sú „að fáir ljúga nema helming". Eða hvað á hv. þm. við? —

Hv. þm. Ísaf. sagði, að jeg hefði sagt, að friðsamleg samtök væru vopn verkamannanna, en verkföllin væru vopn leiðtoganna. Það er rjett. Þetta sagði jeg. Hv. þm. vildi halda því fram, að friðsamleg samtök hefðu enga þýðingu, ef verkfallsvopnið væri tekið úr höndum verkamanna. — En þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Fjelagsskapur verkamanna verður ávalt voldugur aðili í vinnudeilum og það alveg jafnt þótt frv. þetta nái lögfestu. Gangur málsins verður sá, að fyrst reyna aðiljar sjálfir samninga. Þá tekur sáttasemjari við. Og dugi það ekki, þá fer málið í óhlutdrægan dóm. Og það væri fjarstæða að segja, að máttur samtakanna sje brotinn, þótt verkfallsvopnið sje um stund tekið úr höndum leiðtoganna.

Hv. þm. vildi sanna vanmátt friðsamlegra samtaka með því, að í nýafstaðinni kaupdeilu hefðu sjómenn ekkert

fengið, ef þeir hefðu ekki átt verkfallsrjettinn. Hásetar hefðu því grætt á verkfallinu. En það má alveg með sama rjetti segja, að útgerðarmenn hafi grætt á verkfallinu. Það má nefnilega eins halda því fram, að ef verkfallið hefði ekki verið gert, þá hefði engin tilslökun fengist á þeirri 57% kauphækkun, sem hásetar fóru fram á, en eins og menn vita var að lokum sæst á 15% hækkun. Ef hugur fylgir máli hjá hv. jafnaðarmönnum, að nauðsynlegt sje að rannsókn fari fram á útgerðinni, þá ættu þeir að fylgja frv. Að vísu hjelt hv. þm. því fram, að sú rannsókn, sem dómurinn gerði, kæmi ekki almenningi til vitundar. En það er rangt. Dómsniðurstaðan færir almenningi vitneskju um hag útgerðarinnar. Og það ætti að vera ákjósanlegust og sanngjörnust leið fyrir alla, að fá óhlutdrægan dóm um vinnulaun, sem byggist á hag útgerðarinnar.

Hv. þm. Ísaf. taldi það fjarstæðu, að leiðtogar háseta hefðu haft áhrif á atkv. þeirra. Þeir hefðu greitt atkv. á skipum sínum langt úti á sjó og því verið fjarstaddir foringjunum. Það er nú að vísu rjett að í fyrra skiftið voru margir sjómannanna úti á sjó. En ætli þeir hafi samt ekki verið búnir að drekka í sig öfgarnar úr Alþýðublaðinu. Ef það blað er ekki með öllu áhrifalaust, hlýtur það að hafa ráðið miklu um úrslit atkvæðagreiðslunnar. Síðari atkvæðagreiðslan fór svo fram undir handarjaðri og handleiðslu leiðtoganna, svo það er síst ofmælt, að þeir hafi miklu eða mestu ráðið um atkvæði sjómanna.

Þá vjek hv. þm. að því, að rangt væri að kenna sjómönnunum um verkfallið. Ef þeir hefðu samþ. till. sáttasemjara, þá hefðu útgerðarmenn eftir sem áður neitað og notað tækifærið til þess að koma kaupinu enn lægra. En í greinum eftir þennan sama hv. þm., sem birst hafa í Alþýðublaðinu hefir nú staðið hvað eftir annað, að útgerðarmenn hafi eingöngu felt till. sáttasemjara af því þeir vissu, að sjómenn hefðu felt hana. Það er nú erfitt að eiga rökræður við aðilja, sem segja svona sitt á hvað, alt eftir því, sem þeir telja sjer hagkvæmast í það og það skiftið.

Þá hafði jeg sagt í fyrri ræðu minni, að samningaleiðin yrði æ torsóttari. Þetta vildu hv. jafnaðarmenn skilja svo, að jeg hefði átt við meiri samheldni og ötulli framgöngu í þeirra flokki. En þetta er ekki rjett. Sannleikurinn er sá, að samningsaðiljar háseta síðari árin hafa verið verri og verri og fara síversnandi. Þetta hljóta allir að geta skilið, sem hafa heyrt þessa tveggja tíma ræðu hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ), formanns hásetafjelagsins. Halda menn að það sje gaman að fást við samningsgerðir við svoleiðis mann, sem malar og malar og aldrei kemur nærri efninu. (**SÁÓ:** Hv. 2. þm. G.-K. er alveg hættur að koma að samningum sjálfur!) Ekki er það nú rjett. En það er eðlilegt, að jeg sje farinn að þreytast á því.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði í garð jafnaðarmanna, að það væri leiðinlegt að eiga í deilum við slíka óvita um þessi mál. Þetta þótti hv. jafnaðarmönnum ofmælt. En jeg vil nú samt benda á, að svo var ekki með öllu. Hv. þm. Ísaf. sagði, að það kæmi fyrir, að togararnir væru ekki gerðir út lengur en 2 mánuði ársins, og að þeir hefðu verið látnir hætta í aprílmánuði. Slíkt er nú hin mesta fjarstæða, eins og allir vita, sem til þekkja. Það væri eitthvað svipað því, að bóndi hætti heyskap í miðjum

túnaslætti. Aprílmánuður er tvímælalaust besti mánuður útgerðarinnar. Og af afrakstri þess mánaðar verða vextir og fyrning togaranna að greiðast.

Þá fór hv. þm. Ísaf. þeim orðum um hv. 3. þm. Reykv., að allan sinn auð og velgengni hefði hann dregið frá alþýðunni. Það væru spænir og bitar úr aski sjómannanna, eins og hann orðaði það. — Þetta eru algerlega ómakleg orð. Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) er gæfumaður. En hann hefir verið sinnar gæfu smiður. Og hann hefir orðið fleirum að liði en sjálfum sjer. Hann er fæddur í fátækt, en hefir með góðum hæfileikum, dugnaði og þrautseigju unnið sig upp. Hann byrjaði sjómensku sína á seglskipi og fjekk þá hæst 600 kr. í laun á ári. Þetta var sú aðstaða, sem framkvæmdamennirnir þá höfðu skapað vinnuorku sjómannanna. Þetta hefir nú breyst mikið síðan, ekki síst fyrir atbeina hv. 3. þm. Reykv., því að hann má telja einn forgöngumanninn á þessu sviði. Og nú hefir kaup sjómannanna tífaldast vegna þessarar starfsemi. — Það má máske með sanni segja, að hv. 3. þm. Reykv. hafi sjálfur auðgast á dugnaði sínum og hagsýni. En efni hans eru ekki nema örlítið brot af því, sem aðrir hafa hlotið vegna aðgerða hans. Jeg ætla ekki með því að segja, að sjómenn hafi ekki unnið vel. En þeir hefðu bara ekki fengið sama tækifæri til þess, hefði hv. 3. þm. Reykv. og hans líkar ekki skapað þau.

Og slíka menn telja jafnaðarmenn til óþrifa í þjóðfjelaginu! — Jeg er í sjálfu sjer ekkert á móti stjórnmálastarfi jafnaðarmanna. En þessi vopn, sem þeir nota, eru einhver hin verstu, sem notuð eru í baráttunni milli einstaklingsframtaksins og þjóðnýtingarstefnunnar. Þeir ganga á milli manna og stjetta, sem hagnast hafa fyrir gagnkvæman atbeina, og ala á rógi og öfund til þeirra manna, sem eitthvað eiga, segjandi: Alt, sem hann á, er frá þjer tekið. Og þar sem því er nú svo varið, að jafnan er auðalið á öfund og tortrygni, þá er ekki að undra þótt talsvert af verkamönnum fylgi þeim fulltrúum, sem slíkum vopnum beita. — Hv. þm. Ísaf. þarf því ekkert að miklast af því, þótt jeg segi, að fulltrúar verkamanna hafi eignast ítök í mörgum verkamanninum, með því að slá á þessa lægstu strengi mannlegs eðlis. Þetta er þó enginn dómur yfir mjer, eins og hv. þm. vildi vera láta, heldur er það dómur um veikleika mannlegs eðlis. Hinu vil jeg svo jafnframt halda fram, að jeg eigi meiri ítök í hugum alþýðunnar heldur en þessir svokölluðu leiðtogar hennar. Það er dómur um á g æ t i mannlegs eðlis.

Hv. þm. jafnaðarmanna hafa haldið því fram, að útgerðarmenn hefi tekið ljónspartinn af afrakstri togaranna. En fyrst þeir halda þessu fram, þá ættu þeir líka að sjá, að þeim væri ávinningur að fá óhlutdrægan dóm um þessi mál. Í slíkum „óhlutdrægum“ gerðardóm, sem verður að dæma eftir m a t i, hljóta dómararnir ávalt að hafa tilhneigingu, og það alveg ósjálfrátt, til þess að dæma í vil hinum mörgu og lágt launuðu mönnum gegn hinum fáu, sem meira hafa, eða sýnast hafa, handa á milli. Það er því ekki hægt að berjast með þeim rökum gegn frv. þessu, að það verði verkamönnum til óhags. Það er bert, að mótstaðan gegn frv. er uppblásin af fáum mönnum, sem

með æsingum og ósönnum málaflutningi hafa upphafið sig, en eru nú hræddir um að þeir muni missa völd sín, þegar æsingarefnið er frá þeim tekið.

Ýms rök hv. jafnaðarmanna hjer í deildinni hafa verið Alþingi til hinnar mestu vansæmdar og ættu aldrei að heyrast á Alþingi Íslendinga. Þeir hafa sagt, að verkamenn ættu einir öllu að ráða. Þeir hafa sagt, að ef lög þessi verði samþ., þá skuli þeim aldrei verða hlýtt. — Það er hart, að löggjafar skuli mæla slík orð. Þeir hafa sagt, að dómurinn myndi verða vilhallur og svívirða þar með lögmennina og hæstarjett, sem eiga að nefna í dóminn. Og loks segja þeir, að dómurinn muni láta stjórnast af mútum. — Þessi rök eru þeim sjálfum að vísu mest til skammar. En það er alþjóð til skammar, að hafa slíka menn á Alþingi.

Bjarni Ásgeirsson: Vegna orða hv. þm. Vestm. (JJós), þar sem hann hjelt því fram, að höfuðástæða Framsóknarflokksins í fyrra á þinginu fyrir því, að styðja Samvinnufjelag Ísfirðinga til útgerðar, hefði verið sú, að um hallærisráðstöfun væri að ræða, þá vil jeg með leyfi hæstv. fors. leyfa mjer að lesa kafla upp úr ræðu, er jeg hjelt þá. Að vísu mintist jeg þá líka á neyð þá, sem þar stæði fyrir dyrum, ásamt fleiru, er mælti með málinu. Jeg mælti þá meðal annars: „Eftir lýsingu á ástandi kaupstaðarins eru engar líkur til annars, en að hallæri verði þar á næstu árum, ef ekki verða gerðar gagngerðar breytingar á högum þorpsbúa og reynt að koma fótum undir þessa einu atvinnugrein, sem getur orðið þeim til bjargar.“ — — En svo bæti jeg við síðar í ræðunni: „Og það sem er þess valdandi, að jeg fyrir mitt leyti greiði með sjerstakri ánægju atkvæði með þessari ábyrgð er það, að þetta er í fyrsta sinn, að alvarlegar tilraunir eru gerðar til þess að koma nýju skipulagi á sjávarútveginn, á grundvelli samvinnunnar. Og þar sem Framsóknarflokkurinn byggir stjórnmálastarfsemi sína á þeim grundvelli, tel jeg skýlausa og siðferðislega skyldu flokksins að greiða máli þessu atkvæði sitt. Mesta meinið í fyrirkomulagi útgerðarinnar hefir verið það, að hún er bygð á þeim grundvelli, sem veldur því, að atvinnurekendur og atvinnuþiggjendur vaxa hvorir frá öðrum og fjarlægjast til tjóns fyrir báða aðilja. Það er fyllilega tími til kominn að reyna að lagfæra þetta og sameina þessa tvo flokka í eina persónu, sem er hvorttveggja í senn, eigandi og verkamaður.“ — —

Þeim, sem lesa þessi ummæli mín, getur varla blandast hugur um, að hv. þm. Vestm. hefir rangt fyrir sjer, og að fyrir mjer og mínum flokksbræðrum vakti einmitt það, sem jeg hefi nefnt. Með því að lesa fyrir hv. þdm. þennan kafla ræðu minnar um ábyrgðina til Ísfirðinga, þykist jeg hafa veitt hv. þm. (JJós) viðeigandi hirtingu og læt þar við sitja.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg hefi ekki langan tíma til umráða og verð því að hlaupa yfir margt, sem jeg hefði gjarnan viljað svara. Mjer þykir leitt, að hv. 1. flm. frv. (JÓl) er ekki viðstaddur, en ætla þó að kvitta með örfáum orðum fyrir það, sem hann mælti til mín. Hann var að tala um einhvern skipstjóra. En mjer dettur í hug sagan um skipstjórann, sem svaf eða lá í „kojunni“ sinni á meðan hásetarnir voru

að draga fiskinn og hagræða seglum og annað sem gera þurfti. Aðrir sáu um verkun og alt það, sem gera þurfti. En sjálfur hlaut hann lof fyrir þeirra dugnað og árvekni, og peninga hlaut hann af þeirra fiskidrætti, án þess að hafa nokkuð aðhafst sjálfur. Mjer finst hv. flm. hafa farið svipað í þessu máli, sem nú er til umræðu. Sjálfur hefir hann reynst ljettvægur til að færa rök fyrir frv., en látið fylgismenn sína hafa fyrir því að mestu leyti. Það er hliðstætt með hann og skipstjórann í „kojunni", sem hann ef til vill kannast við. Skil jeg svo við þennan hv. þm.

Þá kem jeg að hv. þm. Dal. (SE). Jeg þóttist fara vægilega með hann í síðustu ræðu minni, enda var hann ekki viðstaddur. Jeg sagði þá, að það væri frjálslyndum mönnum ólíkt, að hjálpa til þess að þrýsta kjörum verkamanna. Og jeg held, að þeir flokkar erlendis, sem kalla sig frjálslynda, ljái aldrei lið sitt til þess. En hjer virðist einhver taug tengja þennan hv. þm. við íhaldsflokkinn, eins og oftar.

Hv. þm. (SE) virðist álíta, að þessi dómur eigi að vera einhverskonar svefnmeðal, að hann eigi að svæfa almenningsálitið í landinu. Það getur vel verið, að hv. þm. vilji gjarnan losna við almenningsálitið, en jeg tel affarasælast, að því sje haldið vakandi. Enginn vafi er á, að það mundi hv. þm. hollast.

Þá var hv. þm. að vitna í heimsstyrjöldina og bera hana saman við vinnudeilurnar hjer hjá okkur. Sagði hann, að sjer kæmi undarlega fyrir sjónir, að jafnaðarmenn væru á móti ófriði en styddu verkföll. Jeg veit nú ekki betur en að frjálslyndu flokkarnir erlendis hafi verið íhaldsmönnum hjartanlega sammála um að hefja ófrið, þegar svo bar undir. Þá ættu þeir eftir kenningu hv. þm. líka að vera með verkföllum. Hefi jeg svo ekki tíma til að tala meira við þennan hv. þm.

Jeg hefi fáu að svara hv. þm. Vestm. (JJós), enda tók hann eigi til máls fyr en undir lok þessara umræðna og lagði fátt nýtt til mála. Hann var að beina einhverjum fyrirspurnum til mín, en jeg held að þær hafi ekki verið svo veigamiklar, að það taki því fyrir mig að svara þeim. Annars talaði hann ýmislegt um ástandið í sínu kjördæmi, en þar er jeg tæplega nógu kunnugur til að geta rætt við hann um það.

Jeg hjelt, satt að segja, þegar hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fór að tala, að nú hefði loksins sprungið gat á belginn og allur vindurinn hlaupið út. Svo hógvær var hann í upphafi ræðu sinnar. En þegar á ræðuna leið, kom það í ljós, að einhver „fítonsandi" var eftir í belgnum, enda kom úr honum þjettingsroka undir það síðasta. Var auðheyrt, að hv. þm. hafði sárnað hirting sú, er jeg veitti honum síðast. Orð mín reyndi hann ekki að hrekja, en hjelt því fram, að jeg hefði verið að deila á sáttasemjara ríkisins. Það gerði jeg nú ekki. Jeg skýrði aðeins frá því, hvaða aðferðum erlendir sáttasemjarar beittu í þessum málum og ljet í ljós von um, að þær yrðu teknar hjer upp með vaxandi reynslu. Þetta var hv. þm. vorkunarlaust að fara rjett með, ef hann hefði viljað. Önnur stóryrði hans læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja.

Að síðustu vil jeg segja það, að hv. 2. þm. G.-K. stendur næst að líta inn í sinn eigin barm, ef hann vill vita, hver mestan kinnroða þarf að bera fyrir framkomu í málefnum þjóðarinnar

hjer á Alþingi. Því engan veit jeg skaðlegri, eins og nú standa sakir, öllu því, sem til hins betra má fara íslensku þjóðlífi en einmitt hann.

Jóhann Jósefsson: Jeg man satt að segja ekki eftir því, að jeg spyrði hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) um nokkurn hlut í síðustu ræðu minni. En honum finst víst, þessum hv. þm., að hann sje sjálfur nokkurskonar lás fyrir allri visku, og til sín hljóti öllum fyrirspurnum að vera beint.

En jeg stóð aðallega upp til þess að lesa fyrir hv. þm. Mýr. (BÁ) og hv. deild þann kaflann úr ræðu hans á síðasta þingi, sem hann klígjaði sjálfan við að lesa. Hv. þm. er þar að tala um nauðsynina til þess að veita Ísfirðingum ábyrgðina, en kaflinn hljóðar svo:

„Jeg skal í þessu sambandi benda á það, að ekki alls fyrir löngu voru Gerðahreppi veittar 40 þús. kr. sem hallærislán. Nú eru íbúar Ísafjarðar 8 sinnum fleiri en íbúar Gerðahrepps voru þá, enda er upphæð sú, sem hjer er farið fram á, 8 sinnum hærri, svo að hlutföllin eru í fullu samræmi. Ef það var rjett á sínum tíma að veita Gerðahreppi þetta hallærislán, þá er það engu síður rjett nú að láta Ísafjörð njóta sömu hjálpar, til þess að forða honum frá að lenda í sömu fordæmingunni. Jeg fyrir mitt leyti er bjartsýnn á, að þetta fyrirtæki hepnist vel, en hinsvegar hygg jeg, að hallærislán hafi aldrei verið veitt með þeirri vissu, að þau yrðu endurborguð, enda væri óafsakanleg harðýðgi að setja það sem skilyrði, þegar það væri vitanlegt, að fólkið hryndi niður án þessarar ráðstöfunar. Jeg sje ekki annað en að það, sem farið er fram á, sje fyllilega sanngjarnt, hvernig sem á það er litið."

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (BÁ) kærir sig um meira af þessu tægi, en jeg verð að segja það, að eftir þennan lestur finn jeg ekki mikið til þeirrar hirtingar, sem hann þóttist hafa veitt mjer áðan.

Ólafur Thors: Jeg veit ekki, hvort hv. þdm. hafa veitt því athygli, að hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) er nú búinn að tala fullar 4 klst. í þessu máli, og samt verður naumast sagt, að nokkur maður hafi svarað honum. Svo stendur þessi hv. þm. upp með miklu yfirlæti og talar um, að menn þori ekki til við sig. Er þá svo mikill ofmetnaður þessa hv. þm. að hann skilji ekki, hvað því veldur, að enginn hefir svarað honum? Hann getur neytt menn til að hlusta á sig, og þó þá eina, sem skylduræknastir eru. En hann getur engan neytt til andsvara. Fáir hafa hlustað en enginn svarað. Ástæðan er sú að ræður hans í þessu máli eru svo langt fyrir neðan ræður flokksbræðra hans, að til þeirra beina fylgismenn frv. orðum sínum en ekki hans. En það lítur út fyrir að hv. þm. þurfi að reka sig alvarlega á til þess að honum skiljist, hvert álit hv. deild hefir á ræðumensku hans. Og jeg skal nú lofa honum því, að leysa þessi vandræði hans og deildarinnar með því, að taka ærlega í lurginn á þessum hv. þm. og lækka í honum rostann, áður en langt um líður.

Sigurður Eggerz: Jeg skal aðeins gera örstutta athugasemd. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sagði, að jeg vildi þrýsta kjörum verkalýðsins með því að samþ. þetta

frv. Hann hefði átt að svara þeim rökum, sem jeg bar fram í málinu, en til þess hefir hann sýnilega ekki treyst sjer. En jeg vil nú spyrja: Er það að þrýsta kjörum verkalýðsins, þó að skapaður sje friður, meðan leitað er um sættir í vinnudeilum? Er það að þrýsta kjörum verkalýðsins, þó að sjeð sje um, að sá friður haldist, meðan dæmt er í þeim deilum? Og í þriðja lagi: Er það að þrýsta kjörum verkalýðsins, þó að leitað sje álits og úrskurðar hinna vitrustu og sanngjörnustu manna um það, hvað sje rjettmætt kaup? Jeg veit að hv. þm. (SÁÓ) treystir sjer ekki til að svara þessu. En hann heldur, að hann geti flotið á því að segja, að jeg þrýsti kjörum verkalýðsins. En með þessu frv. er einmitt verið að tryggja það að verkalýðurinn geti náð kröfum sínum án þess að lenda í illdeilum. Mig furðar á því, satt að segja, að hv. jafnaðarmenn skuli láta sjer sæma að berja það fram í sifellu, að gert sje á hluta verkalýðsins með máli, sem einmitt á að vinna honum stórgagn. Og jeg verð að segja það, að jeg vorkenni íslenskum verkamönnum, að leiðtogar þeirra skuli tala af svo litlum skilningi og svo litlum velvilja sem þeir hafa gert í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, JörB.

nei: HG, HV, SÁÓ.

Fjórir þm. (BSv, ÁÁ, TrÞ, ÞorlJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 18 : 3 atkv.

Á 56., 59., 60., 61. og 63. fundi í Nd., 29. apríl, 2., 3., 4. og 7. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 33, n. 197, 492 og 496).

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Það má kannske um það deila, hver fyrst eigi að taka til máls, því n. er þríklofin. Annars er jeg búinn að hálfgleyma þessu máli, því svo langt er síðan n. hefir um það fjallað. Frv. er eitt af þeim fyrstu, er fram var borið, eins og sjest á því, að það er þskj. 33. Það hefir þannig komið alveg í hælana á stjórnarfrv. En þrátt fyrir þetta hefir það átt svo erfitt uppdráttar, að nú fyrst, mánuði eftir að nál. er dagsett, er það tekið til 2. umr. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv., svo ekki sje það mjer að kenna, þótt umr. verði langar, en jeg vil með fáum orðum skýra frá áliti minni hl. allshn. á þskj. 197.

Minni hl. lítur svo á, að vinnustöðvun sje eitt hið mesta böl þjóðfjelagsins og álítur, að skylt sje að freista þess að finna ráð til að fyrirbyggja hana. Þá liggur nær að neyta hinna sömu aðferða sem notaðar eru yfirleitt til að setja niður deilur manna á milli, dómstólana. Allar deilur manna á milli eru settar niður af dómstólum og ekki einungis það, heldur er nú líka mjög uppi á teningnum að útkljá á þann hátt deilur þjóða á milli. Enda veit jeg ekki til, að fundin sje önnur betri leið til að jafna deilur en óvilhallur dómur.

Við föllumst því á frv. og teljum það munu verða til að draga úr vinnudeilum, og þó við flytjum nokkrar brtt.

við það, þá eru þær á engan hátt til að draga úr frv.

Fyrsta brtt. er um það, að fella niður 2. lið 1. gr., ekki af því að mál þau, sem þar eru nefnd, gætu ekki heyrt undir vinnudóminn, heldur af því, að við álítum ekki rjett að setja þau í sjerstakan dóm, heldur geti hinir almennu dómstólar skorið úr þeim.

Á 2. gr. viljum við gera þá breytingu, að á eftir orðinu „hæstarjetti" komi: og forseta vinnudóms. Er það jafnnauðsynlegt fyrir báða, hæstarjett og forseta vinnudóms að vita, hvenær máli er vísað til vinnudóms.

Aðalbreytingin er við 4. gr. um skipun dómsins. Við leggjum til, að dómur verði þannig skipaður, að hvor aðili tilnefni 3 menn og ryðji tveim af þeim, sem hinn tilnefnir. Verður þá eftir einn maður tilnefndur af hvorum aðila, hjeraðsdómarinn og tveir menn, sem hæstirjettur tilnefnir. Við göngum út frá því, að þeir, sem aðiljar tilnefna, verði málfærslumenn fyrir þá, sem deila, en ætlumst til, að þeir tveir menn, sem hæstirjettur skipar, og formaður dómsins, verði óhludrægir í málinu. Og við teljum dóminn nægilega fjölskipaðan, þar sem hæstirjettur er jafnvel ekki skipaður nema þrem mönnum. — Aðrar breytingar á 4. gr. eru ekki stórvægilegar, og skal jeg því ekki tefja tímann á því að fara út í þær.

4. og 5. brtt. skal jeg ekki fara út í. Þær eru í raun og veru ekki mikils verðar, en við teljum það orðalag betur fara en það, sem í frv. er.

Jeg vona, að jeg hafi ekki með þessum fáu orðum gefið tilefni til langra umræðna. Málið var það mikið rætt við 1. umr., að það er að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða það nú. Þá stóðu umr. yfir í 4—5 daga og vona jeg, að þá hafi grynst nokkuð á því, sem segja þarf um málið.

Frsm. 3. minni hl. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg þarf varla að lýsa því, að jeg er á móti frv. þessu, og get jeg sagt það sama fyrir hönd Alþýðuflokksins og verkalýðssamtakanna yfirleitt. Meðal verkalýðsins er það skoðað sem hin grimmilegasta og fjandsamlegasta árás á hann, sem gerð hefir verið síðan ríkislögregluna leið. Það er skoðun verkalýðsins, að meðan hann þarf að selja vinnu sína á markaði hinnar frjálsu samkepni, þá hafi hann rjett til að setja verð á vinnu sína og neyta samtaka til að stöðva vinnu, neita að leggja fram vinnuafl sitt, ef hann álítur, að hann fái ekki rjett verð fyrir hana. Með frv. er þessi rjettur tekinn af verkalýðnum og hann fenginn öðrum í hendur.

Hv. frsm. (MG) sagði, að það væri ekki óeðlilegt að fá dómstólum rjett til að setja niður vinnudeilur eins og aðrar deilur manna milli og þjóða. En þar við er þess að gæta, að þótt slíkur dómur væri skipaður mönnum, sem hefðu fullan hug á að sýna alla sanngirni og rjettlæti, þá hlýtur verkalýðurinn að skoða meiri hluta dómsins, eins og honum er fyrir komið, skipaðan af annari stjett og því óhjákvæmilega sjer mótsnúinn. Í öðru lagi hljóta verkamenn að sjá muninn á þessum dómstól og öðrum, hvort heldur sem þeir eiga að dæma milli einstakra manna eða þjóða. Venjulegir dómstólar hafa eftir settum lögum að fara, en þessi á sjálfur að setja sjer lögin um leið og hann dæmir. Honum er bókstaflega fengið í hendur ekki einungis dómsvald, heldur einnig lög-

gjafarvald. Það er eðlilegt, að verkamenn vilji ekki fela þessum mönnum að lögákveða, hvaða kjör þeir eigi við að búa, sjerstaklega þegar tillit er tekið til þess, að verkalýðurinn er sú stjett, er verst stendur á fyrir, sú stjett, er ríður á að fá sem mest af rjettmætum kröfum sínum framgengt.

Nú er svo komið, að útlitið fyrir að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, er ekki mikið í bili, enda hygg jeg að stuðningsmenn þess hafi ekki mikla trú á því. Það er og skiljanlegt, að það er erfitt fyrir andstæðinga einnar stjettar að skapa löggjöf fyrir hana gegn vilja hennar, en á því tel jeg ekki vafa, að verkalýðurinn er andvígur frv. þessu, hvar á landinu sem er.

Jeg vil ekki að sinni fara nánar út í einstök atriði. Jeg skal játa, að æskilegt væri, að löggjöfin hefði afskifti af þessum málum á ýmsan hátt, frekar en nú er. En jeg verð að leggja áherslu á, að slík löggjöf verður að vera sprottin af samkomulagi aðilja, en ekki þvingunarráðstöfun af hálfu annars aðiljans á hendur hinum. En þetta frv. er beinlínis flutt af hálfu stórútgerðarinnar hjer í bæ, eftir sjómannaverkfallið síðasta, til þess að binda hendur og fætur verkalýðsins á sjó og landi, svo að stórútgerðarmenn geti einir ráðið verði vinnunnar.

Legg jeg til að það verði felt.

Jón Ólafsson: Það mun vera til lítils að hafa langar umr. um þetta mál, því það þykir sýnt, hvaða leið á að fara. Frv. kom fram 22. febr. Mánuði síðar skilar 1. minni hl., hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Skagf., nál. Eftir það bólar ekkert á málinu, nema það er stöku sinnum tekið á dagskrá, þar til minsti hl. n., hv. 2. þm. Rang. skilar nál. 30. apr., og daginn efir hv. 2. þm. Reykv. Þessi er afgreiðsla málsins í hinni virðulegu allshn., og gefur það til kynna, að hv. n. meiri hluti annaðhvort þori ekki eða vilji ekki afgreiða málið á ákveðnum grundvelli, heldur eru þeir að melta það með sjer í langan tíma, þar til alt er komið í öngþveiti. Mannlegra hefði þótt, að þeir hefðu komið hreint fram og sagt til, hvort þeir fylgja frv. eða eru á móti því. En í stað þess humma þeir málið fram af sjer af sýnilegri hræðslu við ráðandi hluta flokksins (þ. e. stjórnarfl.) sem sje jafnaðarmenn.

Jeg veit, að ýmsir af mínum flokksbræðrum eru ef til vill á móti þessu frv., þó það sje að vísu ekki hjer á þingi. En jeg hefi líka komist á snoðir um það, að þótt hv. 2. þm. Reykv. hafi hjer mjög hampað því, að vilji verkalýðsins stæði á bak við sig í þessum mótþróa gegn frv., þá er það síður en svo, því verkamenn vilja, að frv. nái fram að ganga. Þetta veit jeg af persónulegri viðkynningu við fjölda verkamanna hjer í Reykjavík og víðar.

Því hefir verið haldið fram, að þetta væri ekki örugg leið til að fyrirbyggja verkföll. En þetta mál er borið fram til þess, ef verða mætti, að það geti orðið spor í áttina til að fækka verkföllum og verkbönnum, því mörgum hrýs hugur við því böli, er af þeim leiðir.

Eins og jeg tók fram í upphafi ræðunnar þá á ekki við, er forlög frv. eru sjeð, að halda langar ræður, enda hefir það verið gert áður. En jeg verð þó að geta þess, að mjer þykja brtt. hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Skagf. allar til bóta. — Aftur á móti mætti fara mörgum orðum um nál. hv. 2. þm. Rang. Það er mikið að vöxtum, eins og við var að

búast, en sitthvað er nú í því, sem er loðið, og ástæða er til að fara nokkrum orðum um. M. a. kemst þm. að þeirri niðurstöðu, eftir tveggja mánaða umhugsun, að samkomulag væri sú leið, er allir gætu við unað. Og eftir öll heilabrotin kemur það upp úr kafinu, að frv. er ekki frambærilegt vegna þess, að aðrar menningarþjóðir hafi ekki farið svo langt, sem í frv. er gert ráð fyrir. Þó er þetta af þekkingarleysi sagt. Það er að vísu rjett, að fyrir þessu er ekki mikil reynsla fengin, en tilraunir þær, sem gerðar hafa verið með öðrum þjóðum, virðast þó hafa reynst vel eftir því, sem af er látið. Hv. þm. talar um, að hjer sje ekki til hervald, en aðeins veikt lögregluvald. En hafi hv. þm. komist til að fara í gegnum frv. og í gegnum 10. gr. þess, þá gat hann sjeð það, að ekki er ætlast til að þvinga menn með valdi til að vinna eða láta vinna. Það hefir ekki verið gert ráð fyrir slíku valdi í frv., og dómurinn verður aldrei framkvæmdur á þann hátt. En aðiljar mundu að sjálfsögðu þreyja þann stutta tíma, sem beðið er eftir dómsúrslitum. Eftir þann tíma getur hver farið sína leið. Hvort hann vill vinna eða hvort hann vil láta vinna kemur engum við.

Hv. 2. þm. Rang. er samt að hringsóla kringum þetta atriði og lætur enga ákveðna skoðun uppi á málinu í heild. Samt segist hann munu geta orðið með vinnudómi, „ef kaupkröfur verkalýðsins aukast alment og verkföllin magnast". Þarna er eins og hann finni til þess, að eitthvað verði að gera, og viðurkennir að hann geti þó orðið með þessari úrlausn, og er þetta viðurkenning á ágæti frv. Jeg býst við, að reynslan hafi sýnt honum það, að vinnudeilur eru ægilegri nú en þær voru í hans ungdæmi, og af því gæti hann hæglega dregið þá ályktun, að síst myndi von á betri tímum í þessu efni. Ætti hv. þm. því að fallast á að gera nú þegar þær ráðstafanir, sem hann viðurkennir að muni verða þrautalending þessa máls.

Svo sýnist mjer nú sem ekki líti friðvænlega út fyrir næstu áramótasamninga, með því ástandi, sem nú ríkir í útgerðinni frá Reykjavík, bæði togveiðum og línuveiðum. Það væri betur, að menn væru þá svo skynsamir að hleypa ekki öllu í jafnmikinn voða og seinast. En margt sýnist benda til þess, að ekki sje minni ástæða að ætla, að menn komi sjer ekki frekar saman næst heldur en um síðustu áramót.

Eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, þá býst jeg við, að jeg láti þetta nægja að sinni. Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um það, að menn ættu að hafa rjett til þess að ráða vinnu sinni óskorað. Það er merkilegt, að hann skuli ekki hefa skilið, að þeir ráða henni engu síður, þó þeir hafi þetta aðhald, sem felst í frv. Það er þó öllu merkilegra, að hann skuli ekki minnast á það öfrelsi, er hann og foringjar jafnaðarmanna leggja á verkalýðinn, er þeir skipa fyrir um verkföll. Það er merkilegt, að hann skuli ekki minnast á það, er alllítill meiri hl. ákveður að hefja verkfall og gerir minni hl., hversu stór sem hann er, ófrjálsan þess að vinna. Mjer fyrir mitt leyti finst hvergi meira öfrelsi en einmitt innan þessara vjebanda, þar sem fáir menn er hafa enga ábyrgð og litla ábyrgðartilfinningu, reka menn úr vinnu sinni til þess, æði oft,, að svelta konu og börn þeirra. Og þetta finna reyndar forkólfarnir óljóst sjálfir. Því

að eftir því, sem skilja mátti orð háttv. 2. þm. Reykv. (HV) áðan, þá er eins og flökri að þeim, forkólfunum, að gott sje að hafa einhverja löggjöf þessu viðvíkjandi, sem hægt sje að dæma eftir. (HV: Jeg sagði ekki til þess að dæma eftir.) Þetta hefir verið eitthvað óljóst fyrir háttv. þm. sjálfum, hvað hann vildi segja, og stafar það sennilega af því, að hann finnur, að hann er hjer að berjast á móti góðu máli gegn betri vitund.

Sama máli er að gegna um hv. 2. þm. Rang., því að það skín út úr nál. hans, að hann veit, að hann hefði betur mátt gera en hann hefir borið gæfu til. Hann vill því lofa góðu, ef viss skilyrði sjeu fyrir hendi, er hann telur að nú sjeu ekki, þó það sje nú samt svo, að þau skilyrði, sem hann meinar, sjeu nú þegar fyrir hendi. Það er mjög leiðinlegt, að hann skyldi ekki geta tekið hreina afstöðu til þessa máls, og verið annaðhvort með eða móti. Það mundi hafa orðið honum til gæfu og gengis, en nú hefir hann heldur kosið þessa leið, að haltra milli þeirra tveggja aðilja, er hjer deila.

Jeg get ekki sagt, að jeg sje sjerstaklega reiður þeim tiltektum Alþingis, að ætla að kæfa þetta mál. En jeg þykist viss um, að þeir tímar muni koma, er menn munu ekki gleðjast yfir því, hversu fálega þeir nú tóku þessu máli.

Frsm. 2. minni hl. (Gunnar Sigurðsson):* Það hefir verið kvartað um það, hve lengi þetta mál hafi dregist hjá þinginu. Jeg skal taka það fram, að það er ekki eingöngu n. að kenna, og jeg þori að fullyrða, að hún á mjög litla sök á þessum drætti. Hvað mig snertir persónulega, þá hefi jeg, eins og kunnugt er, nokkra sjerstöðu í málinu, og áleit það ekki á neinn hátt skyldu mína að hefjast handa til þess að gefa út nál. En eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, er langt síðan allshn. tók ályktun um þetta mál, enda hygg jeg, að óhætt muni að segja, að hún sje fljótvirkust þeirra nefnda, er starfað hafa hjer í þinginu í vetur.

Það er helst hv. 3. þm. Reykv., sem jeg þarf að svara nokkrum orðum. Mjer virtist svo, sem honum þætti nál. mitt ekki skýrt eða vel ritað. En jeg þori að bera það undir hvern meðalgreindan mann, að það er fullkomlega ljóst af því, hver skoðun mín er í þessu máli. Jeg lít ekki á þennan fyrirhugaða vinnudóm sem neina allsherjarlæknun verkfalla. Því að ef svo væri, þá er mjer spurn, hversvegna stórþjóðirnar, eins og t. d. Englendingar, sem bæði hafa öflugt hervald og lögregluvald, hafa ekki komið slíkum dómi á hjá sjer. Jeg tek það fram í nál. mínu, að jeg vil í lengstu lög reyna samkomulagsleiðina. En mjer er það líka ljóst, og það veit jeg, að hv. 3. þm. Reykv. er líka full-ljóst, hvers virði stjett, eins og t. d. sjómannastjettin íslenska, er fyrir þjóðina, því það mun óhætt að segja, að hagur þjóðarinnar standi og falli einna mest með henni.

Að þessu öllu athuguðu tók jeg það ráð, að flytja frv., ásamt hv. 2. þm. Árn., um breytingu á sáttasemjaralögunum. Vildi jeg reyna þá leið fyrst. Hefi jeg þá trú, að með því móti megi leysa úr mörgum málum, enda hefir það sýnt sig, að lögin um sáttasemjara í vinnudeilum, hafa orðið til stórbóta. Í þessu frv. mínu er alveg sama prin-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

cip og í frv. um vinnudóminn, nefnilega það, að ekki megi hefja verkfall fyr en útsjeð er um það, hvort samkomulag næst. En það hefir líka einn stóran kost, þó hann sje ekki á neinn hátt þvingunardómur, en hann er sá, að það mundi reynast svo, að sá aðili, er hafnaði sæmilegum kjörum, fengi almenningsálitið á móti sjer, en það er vald, sem ávalt ræður úrslitum að lokum.

Það má hver lá mjer það, sem vill, þó jeg sje deigur við það, að taka fasta ákvörðun í þá átt, að setja á þvingunarvinnudóm, eins og hjer er farið fram á. Því að það hefir sýnt sig, að þar sem verkföllin hafa verið mest og hervald og lögregla í bestu lagi, hefir ekki verið hægt að koma slíkum dómum við.

Allir vita, að það var vöntun á því, að geta framfylgt lögunum, sem kom hinu forna íslenska lýðveldi á knje. Eins mundi það verða hjer. Það mundi verða svo, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að þegar dómur væri fallinn, þá mundi hver fara sína leið. En hvað þýðir þá vinnudómurinn? Hann hefir enga þýðingu, ef menn vilja ekki vinna. Og það eina, sem þjóðfjelagið getur gert í slíku tilfelli, er aðeins það, að horfa á. Ef á að framfylgja dómnum, þarf a. m. k. að vera til lögregluvald svo sterkt, að hægt sje að vernda þá, er vilja vinna, en það er ekki til. Þessvegna þýðir ekkert að setja svona dóma, nema lögreglan sje aukin um leið. Hinsvegar bind jeg mig ekki við það, að vera ekki með dómnum í einhverri mynd, ef verkföll skyldu magnast að mun. En jeg hefi svo mikla trú á greind þessarar þjóðar, að jeg er ekkert hræddur við slíkt, ef skynsamlega er af stað farið. Jeg held því, að hyggilegast sje að byrja með því, sem jeg legg til í þessu máli.

Jeg segi í nál. mínu, að það sje ljóst, að við getum ekki búið við það, að greiða hærra kaup en nágrannaþjóðirnar. En það eru til aðrar leiðir til þess að bæta kjör verkalýðsins heldur en að greiða honum hærra kaup. Er það einkum tvent hjer, sem þarf að bæta úr. Annað er hin geysiháa húsaleiga, en hitt er að ljetta hina háu tolla á ýmsum nauðsynjavörum. Var reyndar borið fram hjer í vetur frv. þess efnis, er eigi náði fram að ganga.

Jeg hefi þá skoðun, að jafn mikilsvert og þetta mál er, þá skuli ekki endanlega útkljá það, nema með þjóðaratkvæði. Því að sje nokkurt mál þess vert, að vera borið undir þjóðaratkvæði, þá er það einmitt þ e t t a. Og ef talsverður meiri hl. þjóðarinnar greiðir ekki atkv. með því, þá kemur ekki til greina að lögtaka það.

Jeg vænti þess svo, að þeir hv. þdm. og aðrir, er lesið hafa nál. mitt, skilji hvað jeg meina. Þykist jeg geta skrifað svo íslenskt mál, að öllum meðalgreindum mönnum sje það ljóst, hvað jeg meina. Jeg vil gera alt, sem unt er, til þess að leysa þetta á sanngjarnan hátt, en ef offors verður óhæfilega mikið hjá öðrum hvorum aðilja, þá er jeg fús til þess að tala um að koma á þvinguðum vinnudómi, þó því aðeins, að líkur sjeu til, að hægt sje að framfylgja honum, svo að þeir fái þó a. m. k. að vinna, sem það vilja. Annars verður dómurinn aðeins til þess, að hver fer sína leið, og þjóðfjelagið horfir á í ráðaleysi. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Sökum

þess, að hæstv. fors.- og atvmrh. er forfallaður um nokkra daga, sökum veikinda, þykir mjer rjett að segja nokkur orð. Eftir því, sem mjer skilst, hafa komið fram 3 till. viðvíkjandi þessu máli. Stendur hver flokkur að einni. Íhaldsmenn vilja koma á og hafa beitt sjer fyrir þvinguðum vinnudómi. Er samkv. því gert ráð fyrir að sækja þá að lögum, er að vinnudeilunum standa og láta sekt fram ganga sem í venjulegum málum. Verkamenn stefna að því með sínum kröfum, að yfirtaka, þegar þeir hafa bolmagn til, alla útgerð og aðra slíka stóriðju, og láta ríkið reka alt slíkt. Að vísu má vera, að ekki sje hægt að segja, að till. sú, er jafnaðarmenn hafa nú borið fram, stefni beint í þessa átt, en þangað er henni stefnt. Þriðji flokkurinn, Framsóknarflokkurinn, hefir og látið til sín heyra í þessu fyrir munn sinna fulltrúa. Við höfum ekki trú á því, að almenn þjóðnýting sje heppileg og við höfum heldur ekki trú á því, að hægt sje að leysa þetta með þvinguðum gerðardómi. Við álítum, að ekki sje önnur leið en friðsamleg lausn þessara mála, með samkomulagi um sáttasemjara og frjálsum gerðardóm.

Nú er orðið svo áliðið þings, að óhugsandi er, að þetta mál verði afgreitt, þar sem aðeins fáir dagar eru eftir. Verða það og fleiri stórmál, sem verða að sæta því. En þar sem engri þjóð hefir ennþá tekist að finna allsherjarmeðal við þessu vandamáli, þá finst mjer ekkert undarlegt, þó að við getum ekki leyst úr því á fyrsta þinginu, sem það er til meðferðar. Mun fullvíst, að við, eftir reynslu annara, þurfum til þess mörg ár. Er og lítil ástæða til þess, að við getum auðveldlegar losnað við þessa tegund af deilum en þeir, sem búið hafa við þær í hálfa aðra öld eða meira, og mátt þola langvinnar vinnutafir þeirra vegna.

Jeg vil, að því leyti, sem jeg tala frá eigin sjónarmiði, benda á það, að þó Alþingi hallist að niðurstöðu þess frv., er hjer liggur fyrir, að rjett sje að setja á stofn dóm, sem á að kveða á um það, hvaða kaupgjald skuli vera og sem báðir aðiljar eiga að hlýða, — þá þykir mjer rjett að taka það fram, að bæði fyrirrennarar mínir, sem hafa verið dómsmálaráðherrar, og jeg, höfum orðið að viðurkenna, — þeir af reynslunni, en jeg í orði, — að hið íslenksa þjóðfjelag ræður ekki við það að framfylgja slíkum dómum, ef annarhvor aðili óhlýðnast.

Við getum í þessu sambandi hugsað okkur tvent, t. d. að atvinnurekendur fengju þann dóm á sig, sem væri svo, að þeir teldu sjer ekki fært að halda skipunum úti, og svo hinsvegar, að dómurinn fjelli á verkamenn, en þeim þætti kaupið of lágt og vildu ekki vinna. Ef fara ætti venjulega leið, um þau mál, er þjóðfjelagið ræður við, ætti ríkið að knýja þann, er óhlýðnast, til hlýðni. T. d. að knýja útgerðarmenn til þess að láta skipin ganga, þó þeir teldu að útgerðin gæti ekki borið sig. Ef þeir nú ekki vildu gera það samt sem áður, þá væri ekki annað fyrir hendi en að ríkið tæki skipin. Vitanlega á jeg ekki við það, að skipunum væri rænt, heldur ætti þar að koma hæfilegt endurgjald.

Þessa leið vill Framsóknarflokkurinn ekki fara. Hann vill hvorki ræna skipunum nje heldur kaupa þau. Það er heldur ekki víst, að ríkissjóður hafi altaf það fje fyrir hendi, er til þess þyrfti,

og auk þess eru á allri framkvæmd málsins fjölmargir erfiðleikar, sem Framsóknarflokkurinn vill ekki á sig taka. Það er því skiljanlegt, að sá flokkur, er ekki vill fara þessa leið, hann getur ekki óskað eftir því að vera settur í að framkvæma það, sem hann álítur ekki rjett.

Ef nú aftur á móti verkamenn neituðu að hlýða, þá væri ekki önnur leið en sú, að taka þá með valdi og flytja þá út í skipin. En á þessu er sá annmarki, að þetta er gersamlega ómögulegt. Hjer er ekkert slíkt vald til. Nú hefir Framsóknarflokkurinn áður lýst því yfir, að hann sje á móti því, að setja upp ríkislögreglu. Hann er mjer vitanlega á sömu skoðun enn þá, og það er óhugsandi, að hann geti verið með því að fara þá leið, sem hlyti að gera þjóðfjelagið hlægilegt þess vegna, að það gæti ekki framfylgt dómum sínum, eða þá leiddi til þess, að flokkarnir færu sinn í hvora áttina, en það mundi aftur leiða af sjer upplausn þjóðfjelagsins.

Ef við nú aðgætum það, hvernig þessu er háttað hjá þeim mörgu þjóðum, er hafa reynt að fara þessa leið, þá sjáum við, að slíkir dómar hafa komið að litlu gagni. Við skulum t. d. taka Norðmenn, sem okkur eru næstir og skyldastir. Þar hafa altaf öðru hvoru verið starfandi gerðardómar nú í nokkur ár. Hafa stundum báðir aðiljar jöfnum höndum verið á móti honum og þá afnumið hann, en svo hefir honum aftur verið komið upp. Þessi dómur hefir ávalt reynst vita gagnslaus. Hafa óvíða orðið eins harðar vinnudeilur og í Noregi þrátt fyrir þessar tilraunir. T. d. var þar fyrir 4 árum deila milli járnsmiða og verksmiðjueigenda. Hjeldu hinir fyrnefndu út með slíkri seiglu, að þeir ljetu ekki undan fyr en þeir voru orðnir hálf hungurmorða og búið var að selja alla innanstokksmuni, svo sem rúm, stóla, og annað því líkt. Það hefir aldrei tekist að fá neina allsherjarlausn á þessu máli í neinu landi, ekki einu sinni í Englandi, sem þó hefir lengst búið að stóriðjunni. Þegar við Framsóknarflokksmenn lítum á hina sögulegu reynslu og vitum, að þetta kemur ekki að neinu gagni, en mun hinsvegar verða til þess eins að vekja úlfúð og deilur, þá getur flokkurinn ekki hallast að þeirri leið, sem leysir ekki vandamálið, heldur skapar nýjan vanda þjóðinni til handa. Jafnvel þótt meiri hluti hv. Alþingis vildi reyna að ráða fram úr þessu máli með þeirri aðferð, sem í frv. felst, þá er það víst, að ekki mun vinnast tími til að ljúka málinu á þessu þingi. Hinsvegar lít jeg svo á, að þótt málið hafi ekki verið rætt nema við þessa umr., hafi þetta þing unnið því mikið gagn með því, að glöggva aðstöðu flokkanna til málsins, þannig að stjórnin á hægara með að undirbúa það fyrir næsta þing. Jeg álít, samkvæmt lausn vinnudeilunnar nú í vetur, að heppilegast muni reynast að hafa sáttasemjara og frjálsa gerðardóma, en hvort slíkt kæmi að fullum notum er ekki hægt að segja fyrirfram, enda mundi reynslan sanna það. Jeg ætla ekki að fara að ráðleggja hv. deild, hvað hún skuli gera í málinu, en mjer þætti vænt um, þar sem sjáanlegt er, að ekki verður hægt að afgreiða málið á þessu þingi, að umræður væru ekki teygðar mjög mikið. Það er nauðsynlegt að rannsaka þetta mál nákvæmlega, og hvað sem kann að verða gert

í náinni framtíð til að tryggja vinnufriðinn í landinu, hlýtur það að byggjast á þeirri rannsókn.

Ólafur Thors: Jeg vil gjarnan verða við tilmælum hæstv. ráðh. um að lengja ekki mikið umræður um þetta mál, en hæstv. ráðh. gaf mjer tilefni til að standa hjer upp, því að margt var athugavert í ræðu hans. Hæstv. ráðh. gaf okkur alveg nýja lýsingu á því, hvernig þetta mál horfði við, og hver væri aðstaða flokkanna til þess. Íhaldið var með ofsa, jafnaðarmenn með ofsa, en Framsókn var hrein sem engill af öllu slíku, og friðsemin einkendi framkomu hennar. Það væri nú afsakanlegt, þótt menn væru farnir að gleyma gangi þessa máls, því að svo langt er liðið síðan það kom hjer fyrst fram í deildinni, en jeg held að jeg fari ekki vitlaust með, þótt jeg segi, að af 5 flm. þessa frv. voru 3 íhaldsmenn og 2 Framsóknarmenn, svo að Framsókn á þó altaf ⅖ af þeim öfgum, sem frumvarp þetta fer út í. Þessi friðsami flokkur á því sinn hluta. Þó er óhætt að fullyrða, að þeir tveir flm., sem þaðan eru, sjeu ekki af verri endanum. Það er skemtilegt fyrir okkur, sem erum fylgjandi þessu frv., að hlusta á, þegar andmælendur þess eru að búa til nýjar ástæður fyrir framkomu frv. og leggja í það nýjan skilning, sem flm. hefir aldrei dottið í hug. Ráðherrann fullyrti, að ef frv. þetta næði lögfestu, yrði að taka þá, sem ekki vildu vinna samkvæmt gerðardóminum, og flytja þá út í skipin með valdi, og eins væri það, ef útgerðarmenn vildu ekki láta skip sín ganga og greiða ákveðið kaup, þá yrði að taka þau af þeim, og gera þau út á ríkisins kostnað. En hjer er ekkert slíkt á ferðinni. Það var margtekið fram við 1. umr. málsins, að tilætlun frv. væri sú, að ef sættir reyndust árangurslausar yrði skorið úr deilunum með dómi, sem útgerðarmenn yrðu að hlýða, ef þeir kærðu sig um að gera út, og sem verkamenn yrðu að sætta sig við, ef þeir vildu vinna. Af þessu mundi leiða, að verkföll og verkbönn mundu falla úr sögunni, og þá væri komið í veg fyrir þann hnekki, sem atvinnulíf og efni þjóðarinnar bíður við slíkar deilur. Það er vitanlegt, að langar vinnudeilur spretta af því, að báðir aðiljar segja alt annað en þeir meina. Útgerðarmenn bjóðast til að gjalda ákveðið kaup, en verkamenn heimta meira, og svo berjast menn í þeirri tálvon, að hvor beygi annan. Þetta er sannleikur, er reynslan hefir leitt í ljós, en á þessu væri ráðin bót, ef gerðardómar væru settir á stofn. Jeg get rifjað nýjustu sönnunina upp fyrir hæstv. ráðh., og það er deilan nú í vetur. Verkamenn heimtuðu 60% hækkun, en útgerðarmenn komust upp í 10%. En þegar forsrh. lagði hönd á plóginn og sagði: nú gengur þetta ekki lengur, þetta verða síðustu afskifti stjórnarinnar af málinu — þá sættust menn, ekki upp á 60% hækkun og ekki heldur upp á 10%, en 17% eða minna en ⅓ af kröfum sjómanna. Engum, sem þekkir eðli þessa máls, getur blandast hugur um það, að það þarf enga ríkislögreglu, þótt frv. þetta nái fram að ganga, heldur þurfa menn að fá vissu fyrir því, að það hafi enga þýðingu fyrir þá að deila lengur, enda sýndu lok síðustu deilu það, að þótt hvorugur fengi uppfyltar kröfur sínar, urðu þó allir glaðir er deilunni ljetti, og skipin voru svo áköf að komast út, að það lá við árekstrum hvað eftir annað. Það er vitanlegt, að báðir aðiljar

vilja forðast deilur og mundu taka þessum gerðardómi tveim höndum, ef menn gerðu ekki alt til að spilla fyrir honum og telja mönnum trú um, að hjer sjeu þvingunarlög á ferðinni, en það skal standa alþjóð ljóst, að svo er ekki, og þá munu þessir menn sanna, að það er til einskis að spyrna á móti broddunum, enda er þetta eina lausn málsins. Það er óþarft af hæstv. ráðh. að reyna að telja flokksmönnum sínum trú um, að þessir dómar muni verða gagnslausir eða gagnslitlir, því málið er nú að skýrast fyrir mönnum, svo að sannleikurinn verður ekki lengur dulinn.

Jeg efast ekki um, að hæstv. dómsmrh. gengur þess ekki dulinn, að alþjóð manna er þegar farin að átta sig á, hvílikt þjóðaröryggi er fólgið í þessu, en honum er í nöp við það sökum þess, að jafnaðarmenn eru á móti því, enda hafa þeir eðlilega ástæðu til þess, og hæstv. ráðh. rennur blóðið til skyldunnar. Jafnaðarmenn fylkja sjer gegn þessu frv. af því, að þeir óttast, að besta vopn þeirra, verkföllin og verkbönnin, verði slegið úr hendi þeirra þannig, að þeir geti ekki efnt til æsinga meðal verkalýðsins, eins og þeir hafa gert til þessa. Hæstv. ráðh. vill þetta þarafleiðandi ekki heldur, en hann getur ekki farið út um sveitir landsins og sagt: „Við Framsóknarmenn vildum ekki rísa upp gegn jafnaðarmönnum", og því kýs hann heldur að sigla undir fölsku flaggi. Hæstv. ráðh. er hygginn „agitator" og því vill hann ekki hafa þetta vopn hangandi yfir sjer við næsta landskjör, og því getur hann ekki risið eins gegn þessu frv. og hann annars mundi gera. Þegar hæstv. ráðh. sjer, hver er þjóðarviljinn í þessum efnum, þá hopar hann, til frekara er ekki hægt að ætlast af honum. Það er rjett hjá hæstv. ráðh, að vonlaust er um, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og það var ekki laust við, að hann yrði klökkur og talaði um það eins og látinn vin. En hverjir eiga sökina á því? Framsóknarflokkurinn hefir eytt því með hæglátri mótstöðu, og hæstv. dómsmrh. á í því mestan þáttinn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Það var hálfgerður harmagrátur í einum hv. flm. yfir því, hvað málið hefði gengið seint hjer í hv. deild. Jeg vildi skjóta því að honum, að sætt er sameiginlegt skipbrot, því fleiri hafa undan þessu að klaga en hann. Jeg vil nú spyrja hæstv. forseta að því, hvað till. þeirri líður, er jeg og hv. flokksmenn mínir báru hjer fram í byrjun þings, því að jeg veit ekki til, að skilað hafi verið nál. um hana ennþá, en það getur skeð, að stóru flokkarnir í þinginu ætli sjer að láta hana daga uppi, af því að við jafnaðarmenn höfum borið hana fram. Þannig er því farið með fleiri mál, sem við jafnaðarmenn höfum borið fram, að þau hafa ekki komið ennþá til 1. umr. sum þeirra. Jeg harma ekki þótt þetta mál yrði svo síðbúið, enda virtist alger óþarfi að vekja það upp á ný, þegar 2 mánuðir eru liðnir frá því, er það fyrst kom fram, eins og hv. þm. G.-K. vjek að í ræðu sinni. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að verkamenn væru ekki mótfallnir gerðardómi, og kvaðst hafa átt tal við þá marga og hefði það ýtt frekar undir, að hann gerðist flm. að þessu frv. Segjum að þetta sje að einhverju leyti rjett, einhverjir hafi látið slík ummæli sjer um munn fara; en þeir hinir sömu verkamenn hafa þá

ekki látið hið sanna álit sitt í ljós við hann, ef til vill af ótta við mikilsráðandi atvinnurekanda. Verkamönnum er vel kunnugt, að betra er að tala gætilega í svona málum í áheyrn atvinnurekandanna, ef þeir eiga að halda vinnunni áfram. Jeg hefi líka átt tal við mjög marga verkamenn um þetta frv., og jeg get fullyrt, að það hefir vakið almennan ugg og ótta meðal þeirra. Frv. þetta er líka svo úr garði gert, að það væri hin mesta fásinna af hv. Alþingi að láta það ganga fram. Hegningar eru við lagðar, ef menn hlíta ekki gerðardóminum, eins og 8. gr. sýnir. Það er hægt að sekta þá, sem ekki vilja hlýða og setja þá jafnvel í fangelsi, en það er sama og að taka fyrir kverkar verkalýðsins og þvinga hann til að hlýða. (**LH:** Þessu má beita við báða aðilja.) Það kann vel að vera, að það líti svo út á pappirnum, en hvenær myndi þessum ákvæðum verða beitt gagnvart útgerðarmönnum? Slíkum lögum sem þessum er aldrei beitt við þá, sem peningunum og framleiðslutækjunum ráða, svo lengi auðvaldið hefir völdin. Hv. 3. þm. sagði, að það myndi ekki líta eins friðvænlega út um næstu áramót og nú, en jeg get ekki skilið hvað hann meinar með því, nema að það sje ætlun útgerðarmanna að rifta samningunum. (**ÓTh:** Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm.) Það fer vel á því, að foringi launadeilanna svari fyrir meðbræður sína. (**ÓTh:** Hvað ætla sjómenn að gera?) Jeg hygg, að þeir muni ekki segja upp samningnum, að óbreyttum ástæðum. Hv. 3. þm. Reykv. fór að rifja upp ýmislegt, sem stóð í sambandi við launadeiluna síðustu, og vildi halda því fram, að nokkrir menn hefðu ráðið því, að verkfallið stóð svona lengi, en það er ekki rjett hvað sjómennina snertir. Öll sjómannastjettin ákvað það með atkvæði sínu, hvaða kaupi og kjörum hún vildi hlíta. Öðru máli er að gegna með þá herra, útgerðarmenn. Það er kunnugt, að sjerstaklega tveir menn rjeðu mestu um allar þær ályktanir, er gerðar voru í þeirra herbúðum, og hugmynd þeirra var að ávinna eitthvað stórt og mikið með því að þröngva kosti sjómanna og þar með að lengja verkfallið. Jeg verð að segja það, að mjer virðist hræsnin vera farin að færast í aukana, þegar hv. flm. vilja láta líta svo út, að þeir beri fram þetta frv. af umhyggju fyrir verkalýðnum. Heyr á endemi! Miðar ekki öll þeirra starfsemi í þá átt, að tryggja fyrst og fremst sjálfa sig. Þetta frv. fer heldur ekki varhluta af þeirri stefnu. Nei, frv. er skjólgarður fyrir atvinnurekendurna, eins og líka var við að búast úr þeirri átt. Það er gripið til þessa ráðs, þá öll önnur vopn þeirra bila. Þegar þeir sjá, að verkalýðurinn hefir nú svo öflug samtök, að hann muni geta tekið meira í sinn hlut af þeim skerf, sem framleiðslan lætur þeim í tje, sem hreinan gróða, þá er þeim nauðsyn á að geta gripið til dómenda, sem flestallir yrðu úr sömu skúffunni, og látið þá ákveða launin. Undanfarin ár hafa þeir ekki hrópað á dómstól, meðan þeir höfðu þá trú, að þeir væru hinir sterkari í viðskiftunum. En þeir höfðu um langt skeið verið vanir því að hafa líf verkalýðsins í hendi sjer. En nú þegar þeir fara að sjá mátt samtakanna, þá byrja þeir að hrópa um vernd ríkisvaldsins sjer til handa.

Jeg býst við, að menn sjái, hver afleiðingin yrði af vinnudómi eins og þeim, er hjer um ræðir. Það þýða eng-

in þvingunarlög í jafn viðkvæmum málum eins og kaupdeilur eru. Dómur, sem er skipaður eins og gert er ráð fyrir hjer, yrði yfirstjettardómur. Reynslan mun sýna, að verkalýðurinn hlýðir honum ekki. Og þá geri jeg ráð fyrir, að erfitt yrði að þvinga fram hlýðni með úrskurðum hans. Það mundi þurfa öfluga löggæslu til slíkra starfa — nýja ríkislögreglu auðvitað, og til þess munu refarnir skornir með þessu frv. í og með.

Besta lausnin er því sú, að frv. þetta mætti fara í gröf sína, með sem fljótustum dauðdaga, þó sársaukalaust yrði það ekki feðrum þess og velunnurum.

Þegar hv. 2. þm. G.-K. var að svara hæstv. dómsmrh., þá fljettaði hann ýmislegt inn í ræðu sína, sem meir var beint til okkar jafnaðarmanna. Hann gerði mikið úr fylgi frv. meðal þjóðarinnar. Væri því sjálfsagt, að málið næði fram að ganga. Jeg get frætt hann um það, að ekki hafa slíkar raddir heyrst frá verklýðssamtökunum. Verklýðsfjelög, jafnt utan Alþýðusambandsins sem innan, líta með ugg og ótta á frv. þetta. Það er því óhætt að segja, að vinnandi lýðurinn er eindregið mótfallinn frv. Hinn raunverulegi verkalýður landsins er meiri hl. landsmanna. Það er því röng ályktun hjá hv. þm., að frv. hafi fylgi meiri hl. landsmanna, um leið og það er hættuleg stefna hjá löggjafarvaldinu, að ætla að knýja fram löggjöf, sem vitað er um, að meiri hl. landsmanna er mótfallinn. Og það skýtur nokkuð skökku við, ef við förum að lögfesta hin hörðustu ákvæði um þetta efni á sama tíma og nágrannar okkar eru að fella úr gildi miklu vægari löggjöf, er fjallar um sama efni. Þess hefir verið getið í blaðafregnum, að Danir, sem búa við mikið vægari löggjöf á þessu sviði, ætli nú að afnema þau lög. Það er vitað, að norsku vinnudómslögin falla úr gildi í sumar, og býst enginn við, þar í landi, að vinnudómslög verði lögfest þar á ný. Þannig hafa slík lög reynst í því landi. En á sama tíma vilja íslenskir útgerðarmenn, íhalds- og afturhaldsmenn, koma á hjá okkur ennþá strangari vinnudómslöggjöf en nokkurn tíma hefir gilt hjá þessum nágrönnum vorum.

Jeg hygg, að málið sje nú orðið svo rætt, að engum blandist hugur um, hvaðan að því standa rætur. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það breyti skoðun nokkurs hv. þm., þó það væri rætt í alla nótt frá báðum hliðum. En hv. d. á að afgreiða málið á þessum fundi með þeirri röggsemi og festu, að flm. þess sjái sitt óvænna, og hreyfi því aldrei framar. Önnur meðferð þess er ekki deildinni samboðin.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki miklu að svara og skal jeg byrja á síðasta ræðumanni.

Hann talaði um það, að dómsúrslit væru bindandi sem dómur alment. Þetta er rjett. En hvernig hljóðar þessi dómur? Sá sem vinnur má ekki heimta hærra kaup en ákveðið er, og sá sem lætur vinna má ekki greiða hærra. Það kaup, sem á að greiða, er ákveðið. Dómurinn segir, að þegar unnið sje, þá skuli þetta kaup gilda. Hitt kemur ekki málinu við, hvort verkamenn vilja vinna eða hvort vinnuveitendur vilja láta vinna. Það þarf því enga lögreglu, því að hver og einn er sjálfráður, hvort hann vinnur. Það er alveg eins og nú. Það er vitleysa, að hjer sje verið að þvinga menn til að vinna. Það er að-

eins verið að taka frá mönnum tálvonir um að þeir geti þrýst kaupinu annaðhvort upp eða niður.

Hv. þm. mintist á löggjöf annara þjóða og sagði, að norsku lögin fjellu úr gildi nú í vor. Þau falla úr gildi 1. ágúst í sumar. En jeg hefi hjer í höndum úrklippu úr norsku blaði, þar sem sagt er frá, að bændaflokkurinn norski stingi upp á að framlengja lögin. Og stjórnarflokkurinn norski hefir lýst yfir fylgi við lögin, svo að líkur eru til, að þau verði framlengd.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að dómstóllinn hlyti að verða hlutdrægur gagnvart verkamönnum. — Jeg get ekki sjeð það. — Yfirleitt mun sú tilfinning ríkja hjá dómurum, að gera það eitt, sem rjett er. Jeg sje ekki ástæðu til að væna þessa dómara frekar öðrum um að gera annað. — Þá sagði hv. þm., að ekki mætti setja lög móti vilja hlutaðeigandi stjettar. En jeg er alls ekki viss um, að verkamenn sjeu á móti frv., og alveg viss um, að engin stjett er á móti því, að dómur segi til um, hvað álitast megi rjett kaup.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að hjer vantaði lögregluvald og jafnvel hervald, ef setja ætti slíkan dómstól á stofn. Þessu hefi jeg svarað áður með því að sýna fram á, að þess er ekki þörf frekar en nú. Ef nú er hægt að komast af án þess, þá er það eins hægt, þó vinnudómstóll verði settur.

Hv. 2. þm. G.-K. svaraði hæstv. dómsmrh. öllu sem þurfti, og þarf jeg því ekki að fara út í það. Hann hjelt, að við myndum ekki geta leyst málið á þennan hátt frekar en aðrar þjóðir. En það eru ýmsar þjóðir, sem hafa freistað að leysa málið, og mjer er ekki kunnugt, að neinar hafi farið þessa leið. Jeg er því ekki vonlaus um, að þetta megi að gagni verða. Það er heimskra manna háttur að halda, að deiluaðiljar vilji ekki hlíta óvilhallra manna dómi, og í síðustu kaupdeilu var málið einmitt lagt undir úrskurð hæstv. forsrh. En það var þá fyrst gert, er búið var að þrengja að aðiljum og þeir höfðu beðið stórskaða.

Grundvallar misskilningurinn liggur í því, að halda því fram, að með þessu eiga að þvinga menn til að vinna, þó þeir vilji það ekki. Það er ekki tilgangurinn. Tilgangurinn er sá, að svifta aðilja öllum tálvonum um kauphækkun eða kauplækkun. Reynslan sýnir, að það eru þessar tálvonir, sem eru undirrót kaupdeilna. Sjeu þær teknar burt, hafa kaupdeilur ekki neitt til að lifa á.

Jörundur Brynjólfsson:* Það skulu ekki verða mjög mörg orð, sem jeg segi. Við 1. umr. var málið svo rækilega rætt, að jeg geri ekki ráð fyrir, að margt nýtt komi fram. Jeg hefði því getað látið vera að leggja orð í belg, ef nokkur atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. hefðu ekki gefið mjer tilefni til að standa upp.

Áður en jeg vík að ummælum hans, skal jeg þó fara nokkrum orðum um málið í heild. Eins og rækilega hefir verið tekið fram, þá var það ekki tilgangurinn með þessu frv. að skerða rjettindi þeirra aðilja, er það snertir. En það er nú svo, að hagsmunamál, eins og þetta, eru ætíð viðkvæm þeim,

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

er þau snerta, og því hægt að villa mönnum sýn. Mjer hefir virst þess gæta helst til mikið hjer í umr., frá báðum hliðum, að jeg ætla, og þó einkum annari. Þeir hafa óttast, að af frv. leiddi rjettindamissi, óttast málið meir en ástæða er til. Ef jeg hefði því vitað fyrirfram, að menn mundu líta jafn einhliða á málið og með jafn miklum geig, þá mundi jeg ekki hafa flutt það. Því mjer er það ljóst, að eigi frv. að ná tilgangi sínum og vinna það gagn, sem því er ætlað að vinna, þá mega aðiljar, annarhvor eða báðir, ekki hef a fyrirfram ákveðna andstöðu gegn úrslitum dómsins. Eigi að síður get jeg lýst því yfir, að því fer fjarri, að jeg sjái eftir að hafa flutt málið inn á þing. Með því móti varð sjeð hvern hug menn bera til slíks máls. Og þó það beri ekki verulegan árangur, er leiði til úrslita, þá held jeg samt að það hafi áunnist, að menn hugleiði þessi mál meira og leiti frekar úrlausna.

Þess er rjett til getið, að sjómannaverkfallið í vetur varð þess valdandi, að frv. þetta var flutt. Atvinnuskærur hjer á landi hafa hingað til verið svo smávægilegar, að þær geta ekki heitið neitt verulegt þjóðarböl. Síðasta atvinnudeila varð lang stórfeldust. Eftir því sem fólkinu fjölgar, eftir því sem atvinnufyrirtækin eru rekin í stærri stíl og kalla fleira fólk saman, eftir því má búast við, að þegar í odda skerst, þá grípi þær deilur meir og meir inn í þjóðarhaginn.

Okkur flm. virtist rjett að gera einhverja tilraun til að leysa þessi mál. Nú hefir málið verið rætt og það komið í ljós, hvaða augum menn líta á það. Og jeg er sannfærður um, að þegar stundir liða og menn fá meiri reynslu, þá verði haldið eitthvað í þessa átt. Það er eðlilegt, að menn hafi ekki áttað sig á því til fulls. Það hefir kostað aðrar þjóðir langar stundir að átta sig á málinu, og engin þjóð hefir náð þeirri lausn, er allir sjeu ásáttir um að sje viðunandi. Þjóðir, sem hafa aldalanga reynslu í þessum málum, hafa ekki leyst þau enn, og það má vel vera, að þess verði langt að bíða. En hins bendir þó reynslan til, að þess verði ekki langt að bíða að þjóðir þær, er mesta og sárasta reynslu hafa í þessum efnum, fái skipað þessum málum í sæmilegt horf. Og það má vera, að það verði svo fljótt, að okkur verði bið in ekki tilfinnanleg.

Eitt er ljóst, að meðan annar aðili beitir sjer af alefli gegn lausn málsins, þá er það ekki sigurvænlegt, þó löggjafinn setji lög sem þessi. Í meginatriðum verða báðir aðiljar að vera með í að finna lausnina. Hinsvegar dregur þetta engan veginn úr rjettmæti þess, að flytja málið inn á Alþingi.

Jeg get látið þetta nægja. Jeg mun að sjálfsögðu greiða frv. atkv. Jeg get ekki neitað því, að jeg hefði kosið að meiri og eindregnari vilji hefði komið fram, ekki síst hjá hv. sósialistum þessarar deildar, til að finna lausn þessara mála. Og verð jeg að segja, að þess eins sakna jeg frá þeirra hálfu.

Þá vil jeg víkja nokkuð að orðum hæstv. dómsmrh. um það, hverjum augum Framsóknarflokkurinn lítur á málið. Hann drap fyrst á afstöðu ílialdsmanna til málsins og jafnaðarmanna. Virtist honum þær leiðir, er báðir þessir flokkar vilja fara, benda til öfga. En hins láðist honum að geta, að hingað til hafa tveir af flm., hv. þm. V.-Sk. (LH) og jeg, talist til Framsóknar-

flokksins. Og þar sem hann drap á stefnu „Framsóknar“ í þessu máli, þá virtist eins og hann teldi okkur hafa einhverja sjerstöðu. Má vera að svo sje, ef aðeins eru taldir þm. flokksins, að við hv. þm. V.-Sk. höfum sjerstöðu í málinu. Getur verið, að hæstv. dómsmrh. sje kunnugra um hugi þm. en mjer. En jeg hefi lagt það eitt til þessa máls, sem jeg ætla mjer að bera ábyrgð á og svara fyrir, og býst jeg við, að hv. samflokksmaður minn (LH) muni gera hið sama. (LH: Jeg gat þess við 1. umr.).

Jeg verð að játa, að mjer koma ummæli hæstv. dómsmrh. á óvart, því að þótt hann hafi ef til vill bygt þau á þekkingu sinni á hugarfari Framsóknarmanna hjer innan þingsins, þá er víst, að hæpið er, að þau eigi við Framsóknarmenn í landinu yfirleitt. Jeg er ekki viss um, að allir Framsóknarmenn landsins líti svo á, að aðstaða okkar hv. þm. V.-Sk. í þessu máli fari í bága við stefnumál flokksins. Jeg býst við, að allmargir Framsóknarmenn óski eftir því, að lausn fáist á vandræðamáli því, sem hjer er um að ræða, og geti fallist á, að sú lausn verði, ef til vill, eitthvað í þá átt sem hjer er lagt til.

Ef þetta mál er krufið til mergjar, verður fullyrðing hæstv. dómsmrh. þó enn hæpnari, þar sem nú eru komnar fram tillögur frá þeim hv. 2. þm. Árn. (MT) og hv 2. þm. Rang. (GunnS), og eins og allir vita, er annar þeirra í Framsóknarflokknum, en hinn stendur mjög nærri. Ef litið er á tillögur þeirra sjest, að ekki skilur ýkja mikið á milli þeirra og frv. um vinnudóm. Í þessum till. er gert ráð fyrir gerðardómi, og ef aðiljar koma sjer saman um skulu deilumálin lögð í gerð og dómurinn vera bindandi. Að vísu eru aðiljar ekki skuldbundnir til að leggja málið í gerð.

Hæstv. dómsmrh. gerði mikið úr þeirri hættu sem þjóðfjelaginu stafaði af því, ef ekki væri hægt að fullnægja dómnum eftir að hann hefði verið feldur. Mig furðaði dálítið á þessu, því að eftir ákvæðum frv. eru menn ekki skyldaðir til að vinna eða láta vinna eftir að dómur er fallinn, ef þeir sjá sjer ekki fært að ganga að dómnum, og við slíku eru engin viðurlög. Jeg er líka hissa á því, að hv. 2. þm. Árn. og hv. 2. þm. Rang. skuli ekki geta látið sjer detta í hug að þessir aðiljar hlíti ekki dómnum, enda þótt þeir hafi skuldbundið sig fyrirfram. Og ef svo fer, er þá þjóðfjelagið ekki jafnhörmulega sett og með úrslitum vinnudómsins? Jeg get því ekki sjeð hjer neinn eðlismun. Ef menn vilja, að þjóðfjelagið kúgi menn til að hlíta dómnum, þá er jafnnauðsynlegt að gera það þótt menn hafi lagt málin í gerð af fúsum vilja, ef þeir halda ekki sett skilyrði. Það má að vísu segja, að málstaður þeirra, sem brjóta sett skilyrði, sje verri en hinna, og það hafi áhrif á almenningsálitið, en í framkvæmdinni er ekkert regindjúp staðfest hjer á milli.

Þessir hv. þm. hafa því ekki lagt neitt allsherjarbjargráð af mörkum í þessu máli. Jeg er ekki að segja, að tillögur þeirra sjeu með öllu gagnslausar, en að þær bregði einhverjum sjerstökum bjarma yfir þá sem fylgja þeim, en skugga á aðra, það getur mjer ekki fundist. Jeg get þó vel viðurkent tillögur þeirra sem spor í þá átt, að koma í veg fyrir langvinnar vinnudeilur, sem öllum landslýð eru til tjóns og angurs.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja til

hvaða flokks jeg á að teljast eftir flutning þessa máls. Jeg ætla hjer eftir sem hingað til að bera sjálfur ábyrgð á því, sem jeg legg til þjóðmála, en enga forráðamenn að hafa í þeim efnum.

Haraldur Guðmundsson: Því verður ekki neitað, að formælendur þessa máls fara öllu hóflegar í sakirnar nú en þeir gerðu við 1. umr. Er það vel, því að batnandi manni er best að lifa.

Hv. 1. flm. (JÓl) hóf mál sitt á því að viðurkenna, að ekki væri víst, að farið væri inn á alveg örugga leið með frv. Þetta er meiri hófsemi en gætti í ræðum hans við 1. umr. Bæði hann og aðrir gortuðu af því, að hjer hefðu þeir fundið örugga leið, til þess að tryggja vinnufriðinn í landinu og fyrirbyggja verkföll og verkbönn. Við jafnaðarmenn höfum áður sýnt fram á, að frv. mundi gera hið gagnstæða og verða orsök þess, að vinnudeilur yrðu enn harðari og óvægilegri en nú.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) er ekki búinn að fá sjónina til hlítar enn þá, og heldur því enn fram, að frv. sje örugt til þess að fyrirbyggja verkbönn og verkföll. Hann segist að minsta kosti trúa þessu enn þá, hvort sem hann gerir það eða ekki. Þó heldur hann því fram, að tilgangur frv. sje alls ekki að banna verkföll eða ganga hið minsta á rjett verkamanna til að neyta samtaka sinna. Jeg vil nú fyrst athuga, hvort þessi staðhæfing hv. þm. er rjett. Nú er almennt viðurkendur sá rjettur manna að verðleggja vinnu sína og reyna að fá sem mest fyrir hana. En frv. sviftir verkamenn þessum rjetti. Það hefir og hingað til verið skýlaus rjettur verkamanna, að mega bindast fjelagsböndum og neita að vinna, ef þeim ekki líkar kaup eða kjör. Með frv. er þessi rjettur af þeim tekinn. Flm. segja að vísu, að hver einstakur maður megi neita að vinna eftir sem áður. En fjelagsheildin má ekki gera neinar ráðstafanir um það, svo sem verkfall. Þess vegna er þessi rjettur verkamanna að engu gerður, ef frv. verður að lögum. (**LH:** Rjettur forkólfanna til að kúga verkamenn. — **ÓTh:** Og halda uppi æsingum). Jæja, er það þá komið þarna alt saman: Frv. skerðir rjett forkólfanna til að kúga verkamennina og halda uppi æsingum. Jeg efast um að hv. þm. V.-Sk. (LH) viti hvað hann segir, en hv. 2. þm. G.-K. veit það, að engin verkföll eru ákveðin nema meiri hluti verkamanna greiði atkvæði með því á almennum fundi. Og hvernig ættum t. d. við hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) að kúga mörg hundruð sjómanna til að gera það, sem þeir ekki vilja?

Þá er að athuga, hvernig lánast muni að tryggja vinnufriðinn eftir skilgreiningu þessara manna á frv. Þeir segja, að dómur eigi að ganga, en enginn sje skyldugur að fara eftir honum, hvorki verkamenn nje atvinnurekendur. Hvernig er þá vinnufriðurinn tryggður? Ef útgerðarmenn vilja ekki gera út og verkamenn ekki vinna. — Hvað þá? Hvað er þá unnið? Vinnustöðvunin helst, deilurnar halda áfram. Hvar er þá „vinnufriðurinn"? Ef aðeins það er tilgangurinn, að fá óvilhalla menn til að láta uppi álit um kaupgjaldið, þá duga sáttasemjaralögin eins og þau eru nú. (**ÓTh:** Þetta er óvenjulega grautarleg hugsun hjá hv. þm.). Ef svo er, þá er það frv. að kenna og skýringum hv. þm. á því, en ekki mjer.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að frv. yrði til að kveða niður tálvonir manna um

gróða af verkföllum eða verkbönnum. Hann sagði sem svo: Lítið á úrslitin í vetur, þegar hæstv. forsrh. (TrÞ) sló í borðið og sagðist nú koma fram með sína síðustu sáttatilraun. Þá hækkuðu útgerðarmenn strax tilboð sitt um 17% og verkamenn lækkuðu sig úr 50% niður í 17% hækkun. En hv. þm. gleymdist að geta, hvað fylgdi með í þessum kaupum: að útgerðarmönnum var gefinn eftir skattaukinn, sem alls mun nema á landinu upp undir 400 þús. kr., til þess að fá þá til að leysa skipin og vera svo væna að ljetta verkbanninu af. Hitt er vitanlegt, að sjómenn voru fyrir löngu síðan fúsir til að semja um sömu kjör og samið var um á línuskipunum, 17% hækkun, og að því hefðu þeir gengið strax, ef útgerðarmenn hefðu boðið það. Þá hefði engin vinnustöðvun orðið. Það var því alls ekki vegna þess, að hæstv. forsrh. kvaðst segja sitt síðasta orð, að sættin tókst, heldur af því, að ný atriði voru komin inn í málið, loforð um fjegjafir til útgerðarmanna.

Jeg vil að lokum víkja lítið eitt að ræðu hv. 1. þm. Árn. (JörB), af því að hann hefir ekki talað fyr í málinu, þó að hann sje flm. frv. Hann sagði eitthvað á þá leið, að ef hann hefði vitað fyrirfram, að verkamenn litu með svo miklum ugg og andúð á frv. sem raun er nú á orðin, þá hefði hann ekki flutt það. Mjer þykir vænt um að hv. þm. skuli hafa sjeð það, sem samherjar hans í málinu hafa ekki sjeð, að lög sem þessi eru með öllu óframkvæmanleg og til ills eins ef annar aðili telur þau ranglát í sinn garð. Þetta hefði hv. 1. þm. Árn. raunar átt að vita fyrirfram. Hann hafði sjerstaka aðstöðu til þess vegna fortíðar sinnar.

Hinsvegar sagði hv. þm., að gott hefði verið að hreyfa málinu til þess að kynnast hugum manna til þess. Mjer skildist niðurstaða ræðu hans vera sú, að gott hefði verið að hreyfa málinu — en að ilt og óviturlegt hefði verið að samþ. frumvarpið.

Það er gott að hv. 1. þm. Árn. hefir öðlast þessa þekkingu við þær undirtektir sem málið hefir fengið hjer. Öllum þm. ætti að vera það ljóst, að slík mál sem þessi verða aldrei til lykta leidd með valdboði. Það er ekki nema ein leið út úr ógöngunum og hún er sú, að þeir menn, sem vinna að framleiðslunni, sem nota framleiðslutækin og eiga afkomu sína undir rekstri atvinnufyrirtækjanna, sjeu jafnframt umráðamenn og stjórnendur fyrirtækjanna ásamt með mönnum, sem þar eiga að gæta hagsmuna alþjóðar. (LH: Vilja ekki jafnaðarmenn þetta?) Hv. þm. V.-Sk. ætti að læra betur, úr því að hann veit ekki að þetta er stefna jafnaðarmanna. (LH: Þið ættuð að reyna að leggja í einn togara). Vill þm. útvega fjeð t. d. 30 sjómönnum ca. 300 þús. kr.? Og loks þetta: Einn af stuðningsmönnum frv. hefir lýst yfir, að ekki ynnist tími til að koma málinu fram og virtist ekkert óánægður með það — og einn flm. frv. hefir óskað eftir að það yrði felt. Með þau úrslit get jeg verið ánægður.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki fyr látið það mál, sem hjer liggur fyrir, til mín taka. Við 1. umr. þessa frv. tók jeg ekki til máls og í nefnd þeirri, er fjallaði um málið, varðist jeg allra sagna um það. Jeg get lýst yfir því, að frá minni hálfu voru sjerstakar ástæður til þessa, þær ástæður, að þegar er jeg hafði lesið frv. sá jeg fram á, að frv.

á þessum grundvelli mundi ekki ná fram að ganga. Hinsvegar vissi jeg, að allmörgum flokksmönnum minum og þó einkum hæstv. forsrh. var mjög hugleikið að fá heppilega lausn þeirra vandamála, sem frv. fjallar um. Get jeg hugsað, að enginn hafi haft meiri áhyggjur en hann af því, sem gerðist í vinnudeilunni í vetur, nje haft betri og fastari vilja á því, að hindra slíkar deilur. Vissi jeg til, að hann talaði við ýmsa um málið, og hvatti menn til að gera tillögur um það.

Árangurinn af þessum hvötum hæstv. forsrh. er frv. það, sem jeg hefi þá ánægju að standa að ásamt hv. 3. þm. Rang. — Aðstaða mín og Framsóknarflokksins til þessa máls byggist á því, að reynslan hafði sýnt, að þau lög, sem sett höfðu verið með samhljóða vilja þingsins og vörðuðu þetta efni, höfðu orðið til góðra bóta. Jeg á hjer við sáttasemjaralögin frá 1925, sem jeg hafði þá æru að styðja og fjalla um í nefnd. Þau lög máttu heita samþ. með samhljóða atkv. hjer í deildinni. Árangurinn af þessum lögum hefir orðið góður, enda þótt þau hafi ekki reynst einhlít þegar á hefir reynt. Þegar þessi lög voru samin upphaflega, komu fram till. um að hafa þau talsvert ítarlegri. Þó varð ekki að ráði að ganga lengra í það sinn, þar sem sá fjelagsskapur, sem stendur á báðar hliðar, var ekki kominn í svo fastar skorður, að slíkt þætti gerandi þá. Af þessu má skilja, að við lítum svo á, að rjettast sje að bæta ofan á þann góða grundvöll. En sá grundvöllur er, að sem mest sje gert af frjálsum vilja beggja deiluaðilja í þessum efnum. Þó skal jeg benda á, að það er ekki svo að skilja, að ekki sje nokkur þvingun í frv.; það kemur fram, ef á þarf að halda í nefning oddamanna í gerð. Jeg hefi líka dálítið kynt mjer slík lög í nágrannalöndunum, og þekki engin, þar sem ekki sje gert ráð fyrir að beita einhverri þvingun, ef á reynir. Hinsvegar teldi jeg rjettast að fylgja þeirri stefnu, að þvingunin yrði sem minst. Sú tilraun, sem hjer er flutt í frumvarpsformi af mjer og háttv. 2. þm. Rang., liggur ekki fyrir til umræðu nú, og skal jeg ekki fara út í að tala um það. Jeg ætla mjer ekki heldur út í einstök ákvæði vinnudómsfrv., en mun geyma mjer að tala um málið, þangað til frv. það, sem við flytjum samkvæmt stefnu Framsóknarflokksins í þessu máli, kemur til umræðu hjer í deildinni.

Um leið og jeg lýk máli mínu, skal jeg benda á, að jeg hefi hjer getið þess, hvernig hæstv. forsrh. hefir reynt að draga til sátta í þessu máli. Og ennfremur vil jeg benda á hin vinsamlegu ummæli hæstv. dómsmrh. í ræðu sinni hjer í kveld til stuðnings þessu máli. Og með því að vitanlegt er, að engin tillaga getur gengið fram á þessu þingi í málinu, þá held jeg rjettast að fela stjórninni að undirbúa það til næsta þings. Mjer er nokkuð sama í hvaða formi málinu yrði vísað til stjórnarinnar, en þó væri jeg þakklátur þeim háttv. þdm., sem styddu það, að frv. það, sem við háttv. 2. þm. Rang. flytjum, yrði vísað til stjórnarinnar í þeim tilgangi, að málið yrði undirbúið á þeim grundvelli. Jeg álít líka heppilegast, að þessu frv., sem hjer liggur fyrir, um dóm í vinnudeilum, yrði vísað til stjórnarinnar; og svo framarlega sem enginn af formælendum málsins vill gera það að tillögu sinni og rökstyðja hana, þá ætlast jeg til, að þetta verði skoðað sem

tillaga frá mjer, bygð á þeim rökum, sem jeg nú hefi flutt.

Sigurður Eggers: Jeg hefi nú talað þrisvar í þessu máli; og háttv. 2. þm. Árn. kemur nú með tillögu um að vísa því til stjórnarinnar. Hversvegna? Háttv. jafnaðarmenn hafa talað svo um þetta mál, að það væri ofbeldi, ef Alþingi gerði það að lögum. Menn vita, hvað felst í vinnudómsfrv. Fyrst og fremst á að leita um sættir á milli aðilja, en sektir liggja við, ef verkfall og verkbann er hafið meðan á sáttaumleituninni stendur. Ef sættir ekki takast, á að leggja ágreiningsmálin í dóm og á meðan málið er undir dómi má heldur ekki hefja verkfall eða verkbann og liggja sektir við því. Aðaltrygging frv. felst í því, að góðir menn fá tækifæri til þess að fjalla um málin og kveða upp rökstuddan dóm um ágreiningsatriðin. Sá rökstuddi dómur mun skapa almenningsálit, sem örðugt verður að fara á móti. Þetta kalla jafnaðarmenn ofbeldi og ef til vill einnig sumir Framsóknarmenn. Sá mikli dráttur, sem orðið hefir á afgreiðslu þessa máls í þinginu, bendir á, að áhuginn sje ekki mikill fyrir því í stjórnarherbúðunum. Hvað geta menn þá búist við að stjórnin geri í málinu? Er þetta ekki einungis bragð til þess að breiða yfir þá óskiljanlegu aðferð stjórnarliða, að gera ekkert í þessu máli? Það er aðeins bráðabirgðatilraun til að losna við málið, að vísa því til stj. Mjer er ómögulegt annað en að líta svo á, að stjórnarflokkurinn hefði getað leitt málið til lykta á þessu þingi, ef nokkur alvara hefði fylgt því. Hjer er alls ekki um neina þvingun að ræða í frv., heldur á dómurinn að leiða til friðsamlegra úrslita í deilumálunum. Þessi framkoma stjórnarliðsins í málinu verður dæmd þannig, að flokkurinn þori ekki að leiða það til lykta af hræðslu við sósialista, sem eru stuðningsmenn stjórnarinnar. Kemur þar í ljós hættan af þessu óheppilega sambandi á milli Framsóknar og jafnaðarmanna, þegar þetta góða mál þarf að eyðileggjast af völdum þess. Mjer fanst rjett að láta þetta koma hjer skýrt fram. — Að vísa þessu frv. til stj. er því sama og að steindrepa málið. Nú er stjórnarflokkurinn búinn að drepa málið á þessu þingi. Og hjer á Alþingi er auðvitað ekki hægt að koma fram ábyrgð gegn flokknum fyrir það. En það má vera, að kjósendur líti öðruvísi á málið, og fyrir þeim dómstóli þjóðarinnar verður stjórnin og flokkur hennar að lúta.

Magnús Torfason: Jeg get ekki viðurkent, að stjórnin hafi gert neitt til þess að tefja þetta mál. Að vísu er það rjett, að það stóð all-lengi á því, að bolla-leggja um það frv., sem við hv, 2. þm. Rang. höfum flutt af hálfu stjórnarflokksins, og svo hafa ýmsar óviðráðanlegar ástæður orðið þess valdandi, að það hefir dregist um hálfan mánuð, að málið kæmi til umr. Jeg held því fram, að frv. okkar hafi komið nógu snemma fram til þess að það yrði afgreitt á þessu þingi, ef íhaldsflokkurinn hefði sýnt nokkurn lit á því að styðja það. Það hefir verið hlerað eftir því, hvort frv. fengi fylgi úr þeirri átt, en engin rödd heyrst, sem vildi hlynna að því. Sjerstaklega hefði jeg þó getað búist við, að hv. þm. Dal., sem mælti af miklum móði um þetta mál, hefði reynt að styðja það til samkomulags. Eftir því sem hann lætur, mætti ætla, að hann

hefði viljað eitthvað gera; en jeg hefi ekki heyrt neitt frá honum um þetta mál, fremur en öðrum íhaldsmönnum. Ef þeir hefðu lagst á eitt með Framsóknarmönnum, að fylgja þessu máli, þá hefði það siglt hraðbyri gegn um þessa hv. deild og þingið yfirleitt.

Ólafur Thors: Það er alveg rjett áframhald af framkomu hv. 2. þm. Árn. í þessu máli, þegar hann er að leika þann leik í umr. hjer í deildinni, að látast vera vinveittur málinu og vilja styðja það, og þar sem hann fullyrðir líka, að stjórnin sje málinu hlynt. Þetta er ekkert annað en fals. Við höfum haft hjer í dag annað mál til meðferðar, frv. um verkamannabústaði, þar sem hæstv. stj. studdi jafnaðarmenn. Þar var ekki verið að tefja fyrir. En hitt er aftur á móti vitanlegt, að hæstv. dómsmrh. hefir átt sinn mikla þátt í því, að draga þetta mál á langinn. Og þar sem sá dráttur er með öllu óverjandi, þá gerist þetta broslega, að hv. stjórnarflokksmenn koma hjer fram til að þvo hendur sínar.. En það er sannkallaður Pílatusarþvottur.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að Íhaldsflokkurinn hefði ekki sýnt lit á því, að frv. hans og hv. 2, þm. Rang. næði fram að ganga. En hvað hafa þeir flutt? Það er þetta, að ef deiluaðiljar vilja af frjálsu samkomulagi ákveða eitt eða annað, þá skal það gilda. En þetta er ekki nýtt. Það þarf ekki að skipa því með lögum, sem deiluaðiljar koma sjer saman um.

Að vísa þessu máli til stj., er sama og að varpa því í opinn dauðann. Hv. 2. þm. Árn. hlýtur að vera það ljóst, að þess var ekki að vænta, að við íhaldsmenn gætum átt samleið með honum um að styðja tillögur hans, sem við álítum algerlega einskis virði til að fyrirbyggja vinnudeilur. Við höfum sagt okkar heila hug í þessu máli, og teljum að lögin um vinnudóminn geti orðið til gagns. Annars hafa umr. aðallega snúist um refsiákvæði laganna, ef dóminum yrði ekki hlýtt. Jeg er reiðubúinn að taka höndum saman við þá menn, sem vilja styðja vinnudóminn, þó að engin refsiákvæði liggi við því, að útgerðarmenn neiti að gera út skip sín, og að sjómenn neiti að vinna með þeim kjörum, sem dómur ákveður, enda höfum við íhaldsmenn frá upphafi lagt þann skilning í frv. Hitt er höfuðatriði í þessu máli, að þegar dómur er uppkveðinn, þá viti útgerðarmenn út frá hverju er að ganga, ef þeir vilja gera út sín skip: að borga það kaup, er dómurinn ákveður. Og sama er að segja um sjómenn, ef þeir vilja vinna. Þeir verða þá að vinna fyrir það kaup, sem dómurinn ákveður. Við útgerðarmenn erum líka reiðubúnir að ganga inn á að kauptaxti sá, sem dómur kveður upp, skuli aðeins gilda til reynslu — stuttan tíma, t. d. 2—3 mánuði. Jeg veit, að þá þarf ekki meira til að sætta báða aðilja við það.

Jeg býð jafnaðarmönnum þessa sætt og hæstv. dómsmrh., og öllum þeim, sem hafa reynt að leggja annan skilning í vinnudómsfrv. heldur en við höfum, sem styðjum það.

Jörundur Brynjólfsson:* Hv. þm. Ísaf. virtist taka sér til inntekta nokkur ummæli, sem jeg viðhafði í ræðu minni. Taldi hann sínum málstað mikinn feng í þeim orðum mínum, er jeg gat um það, að jeg hefði fyrirfram vit-

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

að, að annar aðilinn í vinnudeilunum mundi veita þessu frv, svo harðsnúna mótstöðu og meta vinnudóminn að engu, þá hefði jeg skoðað hug minn betur og athugað, hvort jeg ætti að flytja þetta frv.

Hv. þm. fer villur vegar, ef hann skilur þetta sem afsökun frá mjer fyrir því, að jeg hefi stutt að því, að þetta mál kom hjer fram, og telur að í þessu sje fólginn vinningur fyrir andstæðinga frv. — Jeg tók það skýrt fram, að það væri ekki hægt að vænta góðs af þeim úrslitum, sem dómurinn ákvæði, ef hugur verkamanna og sjómanna væri honum fjandsamlegur. En að í þessu sje fólgin viðurkenning fyrir því, að mótspyrnan gegn frv. frá hálfu jafnaðarmanna hafi gert gagn eða verið rjett aðferð, það er mjög fjarri sanni. Jeg tók það ennfremur skýrt fram, að jeg saknaði þess, að verkamenn skyldu ekki láta sjer ant um að fá niðurstöðu í kaupdeilumálum með öðru en stríðinu einu. Sú dýrkeypta reynsla, sem fengist hefir af stríðum og styrjöldum er þannig, að þær leiða aldrei til sátta. Jeg get ekki neitað því, hvað sem öllu öðru líður, að mjer finst jafnaðarmenn vanta einlæga viðleitni til þess að leita friðsamlegra lausna í vinnudeilum, og það er þeim þó vissulega ekki síður skylt en hinum aðiljanum. Vissulega má telja öllum jafnskylt að leita þeirrar úrlausnar, sem minstum sársauka veldur, en þó engum fremur en formælendum þeirra verkamanna, sem venjulega verða sárast leiknir í þessum atvinnustyrjöldum, þegar þær geysa til langframa.

Jeg er sannfærður um, að þær umr. og sá málaflutningur, sem fram hefir farið hjer í þessari hv. deild um þetta frv., er mikilsvert spor í áttina til þess að fengin verði heppileg úrlausn þessa máls. Mjer dettur ekki í hug, að það sje komið nærri marki, en í áttina liggja sporin, þó að úrslit fáist ekki á þessu þingi. Þó að úrræðin sjeu ekki fundin enn, þá vænti jeg svo góðs af verkamönnunum, að þeir leggi eitthvað fram til þess að fá sem heppilegasta lausn á þessu máli. Það er ekki aðeins nauðsyn, heldur er það skylt hverjum góðum dreng.

Pjetur Ottesen:* Jeg skal ekki vera langorður. En út af því, sem fram hefir komið, einkum í ræðu háttv. 2. þm. Árn., þar sem hann var að bera í bætifláka fyrir þann drátt, sem orðið hefir á þessu máli af hans völdum og tveggja annara í hv. allshn., vil jeg láta það koma fram í Alþingistíðindunum, hvernig gangur þessa máls hefir verið í þinginu: Frv. um dóm í vinnudeilum er útbýtt á Alþingi 22. febr.; tekið á dagskrá 25. febr., og þá tekið út af dagskrá. Sömuleiðis er málið tekið af dagskrá 26. febr. og 4. mars. Það er enn tekið á dagskrá 5. mars, og þá tekið til umræðu; en 7. mars var því vísað til 2. umr. og nefndar. Nefndaráliti minni hl. allshn. var útbýtt 23. mars, eða eftir 16 daga. Nú líður og bíður og loks 1. maí kemur nál. frá háttv. 2. þm. Rang. Og 2. maí, eftir 2 mánuði og 7 daga frá því að málið var borið fram í þinginu kemur nál. frá háttv. 2. þm. Reykv. Frá háttv. 2. þm. Árn. kom ekkert nál. Hv. þm. hafði ekki svo mikið við að skrifa nál. eins og venja er til, heldur bar hann fram till á annan hátt, og verður ef til vill vikið að því síðar.

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

En sagan er ekki öll sögð enn þá. Málið er tekið á dagskrá 29. apríl, en er þá tekið út. Sömuleiðis 2., 3., 4. og 7. maí, en alt fer á sömu leið.

Rennur nú upp sá herrans dagur 10. maí, og lýsi jeg ekki þeirri sögu lengur.

Jeg gat þess áðan, að hv. 2. þm. Árn. (MT) hefði ekki skilað neinu nál. um málið, en í stað þess borið fram frv. ásamt hv. 2. þm. Rang. (GunnS) um breyting á lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum, og var því útbýtt 26. apríl síðastliðinn.

Mun fæðing frv. hafa verið all-ströng, enda þótt hv. þm. hafi ekki verið einn um tilorðningu þess, því að hæstv. stj. hafði verið þar með í ráðum, og eftir venju hennar hafa ekki allfáir sjerfræðingar verið kallaðir til aðstoðar.

Þó felst ekkert annað í þessu frv. en það, að ef þeir aðiljar, sem deila, koma sjer saman um að leggja málið í dóm, þá megi þeir það. Mjer vitanlega er ekkert til í lögum landsins, er hindri menn í að leggja mál sín í dóm, svo að öll þessi mikla fyrirhöfn er til einskis.

Jeg verð að segja það, að í ræðum hv. 2. þm. Árn. (MT), og þó sjerstaklega þeirri síðustu, hefir hræsnin og yfirdrepskapurinn, og mjer liggur við að segja blygðunarleysið, náð hámarki sínu, svo að hann jafnvel skammast sín fyrir. (Forseti hringir). Og því er það, að hann reynir að klína skömminni á aðra. (Forseti hringir). Hæstv. forseti þarf ekki að hringja, því að nú hefi jeg lokið máli mínu.

Gunnar Sigurðsson:* Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að jeg ber enga ábyrgð á þeim drætti, er á málinu hefir orðið, og tek alls ekki á móti ákúrum fyrir þann drátt.

Ennfremur vil jeg leyfa mjer að geta þess, af því að gefið er í skyn, að hæstv. stj. hafi haft áhrif á drátt málsins, að hún hefir aldrei int að neinu sliku við mig.

Jeg hefi lýst minni skoðun á þessu máli, og álít að best sje fyrir alla, að það sje leyst á friðsamlegan hátt, enda virtist sem allir væru á þeirri skoðun frameftir í kveld.

Jeg tók undir það, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) sagði, að það væri aðeins stigmunur á frv. okkar og því, sem hjer liggur fyrir, og það er vissulega of langt farið hjá hv. þm. Borgf. (PO) að segja, að frv. okkar sje einskis virði. Ef báðir aðiljar leggja mál sitt í gerð, er víst að sá, sem ekki vill hlíta dómnum, hefir almenningsálitið á móti sjer. (**ÓTh:** En ef annarhvor aðilja vill ekki leggja mál sitt í gerð?). Þá kemur þvingunardómurinn til. Hitt er víst, að sá, sem neitar að leggja mál sitt í gerð, hefir almenningsálitið á móti sjer, og það mun, þegar alt kemur til alls, ráða svona málum best til lykta.

Annars get jeg ekki betur sjeð, en að þetta mál geti ennþá náð fram að ganga, ef afbrigði eru veitt til þess.

Hv. þm. Dal. (SE) hefir nú sem áður farið að tala um „dóm þjóðarinnar" í sambandi við þetta mál. Jeg fer fyrst og fremst eftir mínu eigin áliti, hvað sem dómi þjóðarinnar líður. Hitt veit jeg, að Íslendingar eiga svo mikla heilbrigða skynsemi til að bera, að allur þorri þeirra mun óska þess, að slík mál sem þessi verði til lykta leidd á friðsamlegum grundvelli, og þá leið vil jeg ganga eins lengi og unt er.

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. 1. þm. Árn. (JörB) hefir komið með ávítur í garð okkar jafnaðarmanna fyrir að hafa ekki komið fram með till., er leyst gætu þetta vandræðamál á einhvern veg. Þessum ávítum hv. þm. vil jeg svara með því að geta þess, að þegar meiri hl. allshn. ljet bóka það, að hann væri á móti málinu eins og það lægi fyrir, vissi jeg ekki betur, en að það yrði síðan rætt innan meiri hl., á hvern hátt ætti að afgreiða málið.

Ennfremur vissi jeg, að hv. frsm. ætlaði að koma fram með breytingar á sáttasemjaralögunum, og bjóst jeg við, að jeg myndi fá að eiga einhvern þátt í þeim breytingum. Svo varð þó ekki.

Alt í einu kom nál. og frv. fram, án þess að að jeg vissi og átti jeg því engan hlut þar að máli og svo áliðið þings, að erfitt var fyrir mig að fara að undirbúa nýjar tillögur, þótt jeg hefði viljað það.

Hv. þm. Borgf. (PO) hjelt langa raunarollu yfir þessu máli og meðferð þess. Jeg álít, að þetta mál hefði átt að fella strax við 1. umr., og það hefði helst aldrei átt inn í þingið að koma.

Skil jeg ekki, hversvegna því er haldið fram, að verið sje að tefja málið, þegar allir sjá, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Þetta mál verður væntanlega á sínum tíma kosningamál og væri rjett að leyfa íhaldsflokknum að finna vinsældir þess hjá verkalýð landsins á kjördegi. Á þingmálafundunum er hægt að ræða þetta mál. og við jafnaðarmenn munum ganga ótrauðir til þeirra funda. — Menn af báðum flokkum hafa talað um það, að með þessu væri verið að leysa andstæðurnar milli verkamanna annarsvegar og vinnuveitenda hinsvegar. — Jeg held, að þetta stafi af því, að þessir hv. þm. skilji ekki hvernig þessar andstæður eru. Það er ekki eðlilegt, að verkamenn vilji viðurkenna, að þeir eigi altaf að vera þjónar atvinnurekenda. Þeir vilja verða frjálsir menn í sínu atvinnulífi. (**LH:** Hver bannar þeim það?) — Það veit hv. þm. vel, að þegar afl þeirra hluta, er gera skal, framleiðslutækin, eru í höndum hins aðiljans, er það ekki hægt. Og því verður þessi deila ekki leyst nema með breyttu skipulagi. En frekari kúgun með löggjöf, svo sem vinnudómi þessum, bætir ekki þar um.

Jeg veit, að ef frv. þetta yrði samþ., yrði það til þess að vekja verkalýðinn á Íslandi til að hefjast handa, og það stríð gæti orðið til mikils góðs. Þrátt fyrir það óska jeg ekki eftir, að það verði samþ., því að friðsamleg endurbót kjara verkalýðsins er æskilegri, ef hún fæst á annað borð.

Fyrir því get jeg vel fallist á þá till., að vísa málinu til stjórnarinnar, — því að jeg álít að „öxin og jörðin geymi það best".

Lárus Helgason:* Jeg vil aðeins víkja fáum orðum að hv. þm. Ísaf. (HG).

Hann gat þess í sinni ræðu, að aldrei yrði ráðin bót á þessu meini, fyrr en verkafólkið ætti arðinn af framleiðslunni. Jeg skaut því þá fram í, að jafnaðarmenn ættu að gera tilraun í þá átt, og brosti hv. þm. háðulega að þeirri fávisku minni.

Jeg býst við því, að jeg hefði átt að vita, að takmark þeirra er þjóðnýting á öllum sviðum, og að það finnist þeim

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

eina lausnin. Mikil mega þá áhrif þeirra jafnaðarmanna verða, ef þeir eiga að fá allan almenning í landinu til þess að trúa því, að það sje eina lækningin.

Það dettur engum í hug, að jafnaðarmenn verði neitt vægari í kröfum sínum, þótt hið opinbera ætti í hlut. Og jeg býst reyndar við, að hv. þm. Ísaf. (HG) lifi það ekki, að sjá þjóðnýting hjer á landi á öllum sviðum. Hinu ætti hann og aðrir jafnaðarmenn að beita sjer fyrir, að verkamenn ynnu að því að eignast þótt ekki væri nema einn togara, til þess að þeir gætu sjeð sjálfir, hvað arðurinn er mikill.

Fyrir 20 árum voru hjer ekki margir togarar, og það voru engir auðmenn, sem hófu þann atvinnuveg fyrst. En málsháttur segir, að margar hendur vinni ljett verk.

Jeg er sannfærður um það, að ef jafnaðarmenn þeir, sem nú sitja á þingi, hefðu tekið þessu frv. vel, hefði það borið betri árangur en nú er orðið, því að altaf er hægra að rifa niður en byggja upp.

Ejarni Ásgeirsson: Hv. þm. Dal. (SE) stóð hjer upp og talaði með svo miklum fjálgleik, að jeg hjelt að heilagur andi hefði komið yfir hann. Hv. þm. gat þess með mörgum orðum, að Framsóknarmenn væru hræddir við jafnaðarmenn, og því reyndu þeir að tefja málið svo að það næði ekki fram að ganga. — Nú er hjer annað mál á döfinni, þessu skylt, sem borið er fram af jafnaðarmönnum, og hefir sannarlega ekki blásið byrlegar fyrir því en þessu — jeg á hjer við tillöguna um rannsókn á togaraútgerðinni. Eftir kokkabókum hv. þm. Dal. (SE) ættu Framsóknarmenn líka að vera hræddir við íhaldsmenn. — Alt er þá þrent er, segir máltækið. Vantar þá ekkert til þess að fullkomna fjarstæðurnar en það, að Framsókn sje líka hrædd við Frjálslynda flokkinn!

Ef um nokkra hræðslu er að ræða hjá Framsóknarmönnum, er það hræðsla við að knýja fram mál, sem er gagnslaust eða til hins verra. Og það er ósæmilegt af hv. þm. Dal. að ætla Framsóknarmönnum aðrar hvatir en þeir hafa látið fram koma í skýrum og ótvíræðum orðum, fremur en sjálfum sjer og sínum samherjum. (**JÓl:** En flm. frv.?) Á sama hátt og flm. hafa gert grein fyrir sinni skoðun, hafa andstæðingar málsins borið fram sín rök af engu minni einlægni og ekki fremur en þeir haft neitt að hræðast. Það má með engu minni rjetti geta þess til, að hv. þm. Dal. sje hræddur, hræddur við íhaldið — ef ekki á þinginu, þá íhaldskjósendur í Dalasýslu, og því þykir honum best að tvístíga við íhaldsmenn öðru hvoru og klappa þeim á vangann.

Sigurður Eggers: Hv. þm. Mýr. (BÁ) hjelt, að heilagur andi hefði komið yfir mig áðan. Jeg held að andi sannleikans hafi komið yfir mig, til þess að segja það, sem reyndar allir vissu en ekki nærri allir þorðu að segja. Hv. þm. Mýr. sagði, að ekki vantaði annað en Framsóknarmenn væru hræddir við Frjálslynda flokkinn. — Oft veltir lítil þúfa stóru hlassi. —

Það var einu sinni keisari, mikill og voldugur, sem var ákaflega hjegómagjarn. — Nú er jeg alls ekki að segja að Framsóknarflokkurinn sje mikill og voldugur — en hjegómagjarn — það er annað mál. Eitt sinn saumaði skraddarinn föt á keisarann, sem hann sagði

að væri úr fínasta hýjalíni. Og allir sem nærri voru keisaranum lofuðu fötin. Keisarinn varð ákaflega hrifinn, og efndi til stórrar skrúðgöngu, til þess að sýna sig í nýju fötunum. En þegar dýrðin stendur sem hæst, kemur alt í einu drenghnokki og segir, að keisarinn sje ber. Og þá sáu allir, að keisarinn var ber. — Það þekkja allir söguna hans Andersens. En væri nú ekki hugsanlegt að einn einasti þingmaður dygði til þess að sýna hýalinið, sem Framsókn er í — sýna rakaleysið, sýna að hún væri ber og að hún snjerist eftir jafnaðarmönnum í þessu máli. Allir vita, að þessi dráttur stafar af því, að stjórnarflokkurinn vildi kveða málið niður. Það hefir verið að gægjast inn á dagskrána við og við, eins og hv. þm. Borg. (PO) lýsti svo vel áðan, en svo hefir því verið kipt út. En sennilega fer svo um fleiri stórmál en þetta, að þau dagar uppi. Hvað líður gengismálinu? Nú, þegar liðl. vika er eftir af þinginu, eru nýlega komin tvö nál., frá stóru flokkunum í þinginu, sitt frá hvorum, þau eru hvort um sig tvær línur, samtals fjórar línur og er lítill vafi á, að það mál er stöðvað. Ætla jeg svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en aðeins segja það, að þeir, sem vilja vísa málinu til stjórnarinnar, vilja drepa það.

Benedikt Sveinsson:* Jeg vil aðeins gera stutta grein fyrir atkvæði mínu. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, eins og hv. 2. þm. Rang. (GunnS), að það yrði að fást friðsamleg úrlausn málsins á þessu þingi, en það er auðsjeð, að það verður ekki hægt, því að málið hefir tafist svo í n., sem hv. þm. (GunnS) er formaður fyrir. En það verður að virða allsh. þá til vorkunnar, því að hún hefir mörgum öðrum málum að gegna og þetta er mesta vandamál.

Nú hefði jeg helst kosið, að þetta mál mætti svo greiðast, sem hv. þm. (GunnS) sagði, en úr því að það er ekki hægt, mun jeg fylgja till. hv. þm. Árn. (MT), um að vísa málinu til stjórnarinnar, og tel jeg það betra en að það dagi hjer uppi á annan hátt í deildinni. Að vísu verð jeg að líta svo á, að hæstv. stjórn sje sett þar með í allmikinn vanda, en málið er mjög ábyrgðarrikt og þarf mikillar athygli við og afskifta stjórnarvaldanna á sínum tíma, ef í það slæst að misklíð verði á næsta ári um þetta mál, eins og varð um síðustu áramót. Jeg hefði því heldur kosið að leysa stj. frá þeim vanda, sem henni er skapaður með því að leggja málið í hennar vald nú, en sje ekki annað fært, eins og sakir standa.

Jón Ólafsson: Það eru aðeins nokkur orð, en þó ekki til þess að gefa mig í þá sömu iðju og nokkrir hv. þdm. hafa haft með höndum, að þvo aftur og aftur hendur sínar í þessu máli. Jeg sje nú, að þegar þessi þvottur er endaður, þá bregður hv. 2. þm. Reykv. (HV) á leik og lýsir því yfir, að hann muni fylgja því að vísa þessu máli til stjórnarinnar, því að öxin og gröfin geymi það best. Jeg veit nú ekki, hvaða sláturhús stjórnarráð Íslands kann að vera og ekki heldur hvaða gröf. En hitt vita allir, að þegar þetta mál kom fram, mun öxin hafa verið reidd að hálsi stjórnarinnar með þeim ummælum, að ef hún ekki hagaði sjer svo sem þurfa þætti, þá mundi öxin látin ríða að hálsi

* Ræðuhndr. óyfirlesið.

hennar, því að jafnaðarmenn höfðu einmitt öxina í höndum sjer. Þetta er ósköp afsakanlegt, en það, sem jafnaðarmenn sjá í málinu, og sem jeg skal viðurkenna að sje rjett hjá þeim, er það, að ef slíkt frv. sem þetta er gert að lögum, þá er alveg útilokað, að þeir geti haldið við sinni iðju, sem sje því valdi, sem þeir hafa til að ákveða slíkan ófögnuð sem verkföll eru. Jeg er alveg viss um, að sjómenn hefðu sætt sig við þá dóma, sem dæmdir hefðu verið í þessu máli. — Þess vegna er alveg eðlileg sú þvottariðja, sem margir hv. þm. hafa starfað að á þessu kvöldi.

Magnús Torfason: Það mun vera þýðingarlítið að þræta lengur um þetta mál. Það er nú komið á daginn, sem jeg vitaskuld þóttist hafa nokkurn pata af, að hugur þeirra aðilja, sem þetta mál helst snertir, mundi ekki standa til þess að leiða það til lykta á friðsamlegan hátt, og með því hefir verið sannað það hugboð mitt í fyrstu, að ekki mundi vera neinn vegur til að láta þetta mál ganga fram að sinni.

Jeg hefi skrifað hjá mjer ýms orð, sem hjer hafa fallið í kvöld, en þar sem talsvert er orðið áliðið, skal jeg ekki rekja það neitt frekar, en þó hefi jeg sjerstaklega höggvið eftir því, að það er alveg sýnt, að þetta mál á að nota sem bitbein á næstu þingmálafundum, af mönnum, sem að því standa. Berlegast kom þetta fram í ræðu hv. þm. Borgf. (PO), sem lýsti því yfir, að mín afskifti af þessu máli sýndu hræsni, yfirdrepskap og blygðunarleysi. — Jeg hefi, hvorki fyr nje síðar, skotið skökku orði til þessa hv. þm. (PO), en það má heita, að jeg hafi varla tekið svo til máls um þau mál, sem deilt hefir orðið um, að hv. þm. hafi ekki þurft að hreyta í mig svívirðingarorðum; aldrei hefi jeg heldur svarað hv. þm. í sömu mynt, og mun ekki heldur gera það, því að slík orð sýna aðeins, hvað inni fyrir býr, og það sýnir mjer enn fremur það, að jafnvel hv. þm. (PO), sem jeg hjelt að mundi líta nokkuð óvilhallari augum á þetta mál heldur en þeir, sem mestir öfgamenn eru í hans flokki, er ekki á nokkurn hátt fær til að gera sjer það í hugarlund, að tillögur okkar sjeu á neinni alvöru bygðar.

Jeg býst við því, að mjer gefist kostur á því síðar að koma að frv. því, sem jeg ber hjer fram með hv. 2. þm. Rang., og get jeg þar tekið til athugunar ýmislegt af því, sem sagt hefir verið hjer í kvöld. Þó að jeg þykist vita það, að þetta mál horfi nokkuð öðruvísi við en jeg hafði gert mjer í hugarlund, þá er þó fram komið við þessa umr., að ekki líta allir, sem standa að frv. um vinnudóminn, sömu augum á það, eins og þeir tveir hv. þm., sem sjerstaklega hafa um það rætt.

Það hefir verið tekið fram, að slíkt frv. sem það, er jeg bar fram, væri gagnslaust, menn gæti altaf lagt mál í gerð. En þá vil jeg spyrja: Voru þá ekki lögin um sáttatilraunir í vinnudeilum þá sömuleiðis? Er ekki altaf hægt fyrir hvern mann að láta mál í sátt? Af þessu ætti það að vera bert, að mál eins og þetta getur altaf gert mikið gagn, ef hugur fylgir máli.

Ólafur Thors: Það er aðeins í tilefni af síðustu orðum hv. 2. þm. Árn. (MT), sem jeg verð að segja nokkur orð. Hv. þm. benti á, að hjer hafi verið samþykt lög um sáttasemjara og spyr, hvort þau hafi ekkert gagn gert, og ætlast þá til,

ef því er svarað játandi, að þá sýni það, að hans tillögur í vinnudómum sjeu gagnlegar. En jeg vil minna hv. þm. (MT) á það, að það er skylda að leggja mál sitt undir sáttasemjara, en það, sem við erum að leggja hjer til í þessu máli, það er einmitt að hafa skyldugerðardóm, en hv. þm. er eimitt að leggja til, að það sje engin skylda, heldur megi menn aðeins leggja málið í gerð, ef þeim komi saman um það. Jeg er ekki viss um, að það hefði orðið gagn að lögunum um sáttasemjara, ef ekki hefði verið skylda að leggja málin undir hann, og hræddur er jeg líka um, að það verði ekkert gagn að þessu frv hv. þm.

Hv. þm. (MT) talaði um, að það væru mestu öfgamennirnir, sem væru með þessu vinnudómsfrv., en á móti hans tillögum. En það eru þó ekki meiri öfgamenn en hv. 1. þm. Árn. (JörB) og hv. þm. V.-Sk. (LH). Þeir hafa flutt frv., svo að öfgatalið fellur alveg á þá eins og okkur, sem styðjum það.

Hv. þm. sagði, að það mætti nota þetta mál sem kosningamál. Jeg er alveg sannfærður um það, að þessi langi meðgöngutími að þessum litla og ljóta vanburði hv. þm. stafar nokkuð af því, að þetta mál mun ekki verða álitið óviðkvæmt, þegar til kjósendanna kemur, enda vita það allir þm., að þjóðin mun hafa vakandi auga á því, sem hjer gerist í málinu. — Jeg hefi stundum sjeð menn, sem mjer hefir sýnst verða ljótari við að þvo sjer, sýnist mjer það sama hjer, að hv. þm. (MT) hafi ekki fríkkað við þvottinn.

Magnús Torfason: Þetta síðasta, sem hv. þm. (ÓTh) sagði, getur sjálfsagt til sanns vegar færst, ef menn ætla að þvo sjer úr sínum eigin saur. (**ÓTh:** Það er gott að ekki er sameinað þing, því þá mundi forseti hafa hringt). Jeg hefi ekki meitt neinn mann þótt jeg mintist á gamalt máltæki. (**ÓTh:** Nei, það er aðeins þm., sem meiðir sjálfan sig.) En það, sem jeg vildi aðeins benda á er það, sem alveg rjettilega hefir verið tekið fram, að gerðardómur verður, samkvæmt þessu frv., ekki lagaleg skylda, en það er lögð önnur áhersla á hann, það kemur fram siðferðisleg skylda og það kemur fram „pólitísk" skylda, og jeg er alveg viss um að sú skylda vegur alveg eins mikið og lagaskyldan, af þeirri ástæðu, sem hv. þm. (ÓTh) var að brýna mig með. Það verður ætíð sárt fyrir hvern flokk að ætla sjer þá dul að neita friðsamlegri samvinnu um lausn slíkra mála, en stofna til ófriðar. Sá flokkur, sem stofnar til ófriðar, á vissulega von á hirtingu við kosningar fyr eða síðar, en sá flokkurinn, sem kýs sjer friðarleiðina, hann mun vaxa og vel hafast.

Ólafur Thors: Það skal vera örstutt. Jeg var að tala um, að sumir menn fríkkuðu ekki við þvottinn, en hv. 2. þm. Árn. (MT) má gerst vita, upp úr hverju hann hefir þvegið sjer. (Forseti hringir). Nú má hæstv. forseti gjarnan hringja vel, því að nú hefi jeg lokið máli mínu.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinar, feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, BÁ, HG (greinargerð: Í því trausti, að stjórnin geri ekkert í málinu), HV, IngB, MT, SÁÓ,

SvÓ, ÞorlJ, BSv.
nei: GunnS, HStef, HJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.
Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 197, 1 samþ. með 15 : 3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, BSv.
nei: MT, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HV, IngB.
Tveir þm. (EJ, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 197, 2 samþ. með 15 : 2 atkv.
— 2. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 5 atkv.
3. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 197, 3 (ný 4. gr.) samþ. með 16 : 3 atkv.
— 197, 4 samþ. með 15 : 3 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 4 atkv.
6.—9. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
— 197, 5 samþ. með 14 : 3 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 4 atkv.
11. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: PO, SE, HStef, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, ÓTh, BSv.
nei: SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HV, IngB, MT.
Tveir þm. (EJ og TrÞ) fjarstaddir.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Vegalagabreyting.

Á 10. fundi í Nd., 28. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (þmfrv. A. 50).

Á 12. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal eigi vera langorður um þetta litla frv., sem hjer liggur fyrir, til breytinga á vegalögunum.

Í fyrra lágu fyrir þinginu ýmsar breytingar á vegalögunum, og jeg kom þá fram með till. svipaða því, sem hjer liggur fyrir í frv. En þá varð málið ekki útrætt nje afgreitt frá þinginu, þessvegna flyt jeg það nú aftur á nýjan leik. Á síðasta sýslufundi í Austur-Skaftafellssýslu var skorað á mig að fá þennan veg, frá Höfn í Hornaf. að vegamótum þjóðvegarins til Almannaskarðs, tekinn í tölu þjóðvega. Þar hefir altaf verið ríkjandi óánægja, síðan 1924 að vegalögin voru sett, yfir því, að þessi vegur skyldi þá ekki vera tekinn í tölu þjóðvega, af því að hann er fyllilega sambærilegur öðrum aðalvegum til kaupstaða. Vegarspotti þessi er ekki langur, aðeins 5 kilóm., en hann er langfjölfarnasti vegurinn í sýslunni. Þessi Hafnarvegur var gerður um aldamótin, þá var verslunin flutt til Hornafjarðar fyrir fám árum, en algerðar vegleysur út í verslunarstaðinn. Ákveðið var, að sýslusjóður og ríkissjóður legðu fram fje til lagningar vegarins, sinn helminginn hvor. En eftir rúm 20 ár var vegurinn farinn að síga og troðast svo að hann var næstum ófær með

köflum. Fyrir 3 árum var hafin gagngerð endurbygging á veginum á vissum svæðum, og endurbætur á honum öllum. Varð þá einnig að samkomulagi, að sýslan og ríkisstjórn legðu jafnt fram til þeirrar aðgerðar, og hefir nú verið varið til þess rúmum 18 þús. kr. frá þeim aðiljum báðum. Nú er ráðgert að vegurinn verði fullgerður næsta sumar, og búist við að til þess þurfi um 2000 kr.; verður þá kostnaðurinn samtals 20 þús. kr. Sýslan hefir orðið að taka lán til þessarar vegagerðar, bæði í upphafi og til þeirrar endurbyggingar, sem gerð hefir verið á veginum. Og þar eð sýslufjelagið er fáment og efnalítið, þá hefir þetta orðið því mjög þung byrði.

Á síðasta ári bættist við önnur byrði á sýsluna, þar sem hún var skylduð til að kosta flutning á efni til landssímalínunnar sunnanlands, og nemur það rúml. 8000 kr., sem sýslan verður einnig að fá að láni. Nú liggur og fyrir þinginu beiðni frá sýslunni um 4000 kr. lán úr Viðlagasjóði.

Jeg vona, að hv. þingdm. sjái, að frv. mitt er ekki ósanngjarnt, þegar þess er gætt, að þetta er langfjölfarnasti vegur sýslunnar, og sambærilegur við kaupstaðavegi, sem liggja út af þjóðvegum annarstaðar. Ekki þarf heldur að segja, að ríkið hafi lagt neitt stórfje fram til vega í A.-Skaftafellssýslu, og engar brýr hafa þar verið bygðar, enda mun það ekki hægt sökum erfiðleika frá náttúrunnar hendi.

Jeg skal líka geta þess, að A.-Skaftfellingar hafa fleiri sýsluvegi á sinni könnu, en hafa orðið að vanrækja þá, af því að alt vegafje sýslunnar hefir farið í Hafnarveginn. Skal jeg svo eigi þreyta deildina með lengri umr. um þetta mál, en vona að hún taki því vel; og legg jeg til að frv. verði, að lokinni umr., vísað til hv. samgmn.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins láta þess getið, að jeg mun koma með brtt. um, að svonefndur Laxárdalsvegur í Dalasýslu verði tekinn upp í vegalögin. Skal jeg eigi lýsa nauðsyn þess máls nú, en mun gera það um leið og brtt. kemur fram.

Jeg vil aðeins vekja athygli á því, að Dalasýsla, sem er eitt mesta landbúnaðarhjerað landsins, hefir hingað til orðið mjög útundan um fjárveitingar til vegalagninga. Vænti jeg, að hv. þdm. viðurkenni rjettmæti þessarar till.; jeg gerði grein fyrir því í fyrra. Mun jeg bera hana fram síðar í sambandi við þetta mál.

Halldór Stefánsson: Á Lestrarstofu Alþingis liggur frammi þingmálafundargerð úr N.-Múlasýslu, þar sem borin er fram einróma áskorun um að tekinn verði í tölu þjóðvega vegurinn af þjóðveginum frá Eyvindarárbrú út á Unaós.

Þá liggur einnig fyrir ósk um slíka breytingu á vegalögunum frá þingmálafundi í S.-Múlasýslu. Jeg veit ekki hvort við, þingm. þessara kjördæma, hefðum ráðist í að bera þessar óskir fram einar fyrir sig. En fyrst farið er að „opna" vegalögin og bera fram breytingar á þeim, þá munum við eigi komast hjá því, að bera fram þessar óskir kjósenda vorra.

Jeg skal svo ekki fara nánar inn á ástæður þessa máls að sinni, en býst við að gera það síðar þegar till. kemur fram.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil aðeins taka það fram, sem form. samgmn., að jeg býst við að nefndin biði eftir till. vegamálastjóra í þessum efnum. En hann mun koma heim úr utanför sinni um 24. þ. m. Hv. þdm. geta því ekki búist við, að nefndin afgreiði till. um vegamálin fyrri en hún hefir borið sig saman við vegamálastj., og mega þeir því ekki liggja n. á hálsi fyrir það, þó það kunni að dragast nokkuð.

Annars vil jeg geta þess, að jeg er mjög fylgjandi öllum samgöngubótum á landi, en það verður eigi komist hjá að takmarka framlögin til þeirra. Jeg geri ráð fyrir, að kröfur þær, sem hjer eru fram bornar, sjeu allar meira og minna sanngjarnar; en þó sje jeg ekki annað en að nefndin verði aðallega að fara eftir till. vegamálastjóra, að minsta kosti hlýtur nefndin að ráðfæra sig við hann.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætla ekki á þessu stigi málsins að boða brtt. frá mjer við vegalögin. Það get jeg síðar, ef mjer sýnist, enda á betur við að tala um einstök atriði við 2. umr. — En vegna þess, að hv. flm. þessa frv. (ÞorlJ) lagði til að vísa því til samgmn., þá vil jeg geta þess, að það geri jeg ekki með glöðu geði, enda þótt jeg búist við, að það verði að neyðast til þess. Á flestum þingum síðan 1924 hafa verið flutt frv. til breytinga á vegalögunum, og ávalt hefir þeim verið vísað til samgmn. En meðferð hennar á þeim frv. hefir orðið slik, að jeg hugsa ekki til þess með neinni sjerstakri gleði, að láta hana enn hafa þau mál til meðferðar. Jeg vil nú láta þá ósk í ljósi til nefndarinnar, að hún viðhafi aðrar starfsaðferðir en tíðkast hefir hjá henni undanfarið.

Það er vitanlegt, að þegar gengið var frá vegalögunum á þinginu 1924, vildi svo slysalega til, að tvö hjeruð urðu fyrir harkalegum misrjetti. Jeg vildi óska að hv. samgmn. gerði sjer þetta ljóst og líti nú á þessi mál með meiri sanngirni og víðsýni en þá var gert. Nefndin verður að athuga og meta hvaða breytingum á að koma í kring og leggja hiklaust með því, sem hún telur rjettmætt.

Jeg geri ráð fyrir að víða á landinu sje ástæða til að taka ýmsa vegi í þjóðvegatölu. En sjálfsagðast er þó að bæta úr því ranglæti, sem framið var 1924, þegar tvö hjeruð voru tekin út úr, á þann hátt, að viðhaldi akvega var ljett af öllum hjeruðum nema þeim. Það rjettasta er að ljetta nú viðhaldskostnaðinum af þessum tveim sýslum líka. Þetta frv. sem hjer liggur fyrir, er bygt á sanngirniskröfu. Að sá vegur, sem þar er um rætt, verði tekinn í þjóðvegatölu, er í fullu samræmi við þann grundvöll, sem vegalögin eru reist á.

Benedikt Sveinsson:* Mæli jeg sem aðrir mæla, og býst jeg við að flytja fleiri en eina brtt. við þetta frv. áður en lýkur. Jeg hefi á nokkrum undanförnum þingum komið fram með smávegis brtt. á vegalögunum, en afdrif þeirra hafa jafnaðarlega orðið þau sömu, að hv. samgmn. hefir sjeð fyrir þeim. Um eina af þessum till. stendur svipað á og um frv. hv. þm. A.-Sk., því að þar er um að ræða vegarspotta, sem liggur frá þjóðvegi til næsta kaup-

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

túns, sem mjög er fjölsótt af hjeraðsbúum. Er þar og viðkomustaður aðalpósta. Þessi vegarspotti er eigi langur, en erfitt að halda honum við sökum bleytu, og er hann nokkur byrði og allórjettlát á viðkomandi hreppi. Mælir öll sanngirni með því, að ríkið taki hann að sjer, en ekkert á móti, nema sú tiltölulega litla fjárupphæð, sem til þess mundi fara. Vegarspotti þessi er á Langanesi í N.-Þingeyjarsýslu og liggur af Brekknaheiðarvegi til Þórshafnar.

Eins og jeg gat um í upphafi máls míns, hefi jeg áður komið fram með brtt. um smávegis endurbætur á vegalögunum. Hefir þeim ætíð verið vísað til hv. samgmn., en aldrei átt þaðan afturkvæmt. Álit þeirrar hv. nefndar hefir að jafnaði komið fram mjög fyrir þinglok, eða svo seint, að ómögulegt hefir verið að taka tillit til þess. Vil **jeg** nú skora á þessa hv. nefnd að bregða **vana** sínum og hrista af sjer slenið og jafnframt að mynda sjer sjálfstæða skoðun á málinu. Er mjer eigi ljóst, að brýna nauðsyn beri til þess að bíða heimkomu vegamálastjóra, áður en ákvörðun er tekin. Er mjer það kunnugt, að verkfræðingur sá hefir ferðast um mestan hluta landsins á undanförnum árum, og munu liggja fyrir athuganir frá þeim ferðum. (**LH:** Auk þess hefir hann aðstoðar-verkfræðing.) Vil jeg svo enda mál mitt með því að heita enn á ný á hv. nefnd, sem mjer hefir líkað miður vel við undanfarið, að taka sjer fram, og leggja sig fram til að gjöra alt sem má til að bæta akvegi landsins. Hin nýju samgöngutæki, bifreiðarnar, valda því, að vegamálin horfa nú alt öðruvísi við en áður. Áður fyr voru eingöngu lagðir vegir fyrir hesta og smávagna, en nú ryðja bifreiðarnar öllum öðrum samgöngutækjum úr hugum manna, jafnvel sjálfum járnbrautunum.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefði getað sparað mjer það ómak að standa upp nú, ef hv. þm. N.-Þ. (BSv) hefði verið inni þegar jeg talaði áðan. Jeg endurtek það, að jeg tel, að meðferð samgmn. viðvíkjandi vegalögunum hafi eigi verið allskostar eins og jeg hefði kosið. En vitalega ber jeg ekki ábyrgð á því, hvað samgmn. hefir gert á undanförnum árum, þar sem jeg var fyrst í henni árið sem leið, síðan síðasta breyting var gerð á vegalögunum. Þó að mjer sje málið skylt, verð jeg að segja það, að jeg legg allra manna mest áherslu á samgöngur á landi. — En ef það ætti að taka til greina allar þær till., sem fram koma á þingi um breytingar á vegakerfinu, þá fylgir því ókleifur kostnaður fyrir ríkissjóð.

Jeg ber það traust til vegamálastjóra að jeg vil taka tillit til ráða hans. Það er ákveðið að hann kemur heim 24. þ. m., eins og jeg hefi áður tekið fram. Út af ummælum hv. þm. N.-Þ. (BSv) vil jeg mótmæla því, að bifreiðar sjeu að útrýma járnbrautunum alment. Slíkt hefir aðeins komið fyrir þegar um stuttar vegalengdir hefir verið að ræða, og þó óvíða mjög.

Einar Jónsson: Jeg get ekki sagt, að jeg hafi numið mikinn fróðleik úr þessum umr. Aldrei minnist jeg þess, að hafa heyrt hv. þm. N.-Þ. (BSv) mæla það um sjálfan sig, nje aðra bera honum það á brýn, að hann mæli það sem aðrir mæla. En undir þau ummæli hans mun jeg taka fyrir hönd minna hjeraðsbúa. Og það er spá mín, að hjer

muni nú fara sem oftar, að þegar flutt er ein brtt. við vegalögin, þá muni fylgja henni heil keðja af brtt.; og þetta er eðlilegt. Þó að hjer sje t. d. farið fram á vegarstúf í Hornafirði, þá er jeg eigi svo kunnugur staðháttum þar, að jeg geti verið viss um að meiri þörf sje á honum en ýmsum vegum í mínu hjeraði. Jeg hefi ekkert á móti því, að þetta frv. fari til nefndar; en illa spái jeg fyrir því að till. háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) verði ein samþykt. Því að svo mun fara sem okkar besti íslenskumaður, hv. þm. N.-Þ. (BSv) sagði, að margur mun hjer mæla sem aðrir mæla áður lýkur þessu máli.

Bernharð Stefánsson: Hv. form. samgmn. (GunnS) hefir boðað það, að n. muni fara eftir till. vegamálastjóra í þessu máli. En jeg fæ ekki sjeð, að meiri sjerþekkingu en til er innan n. þurfi, til þess að skera úr því, hvort hjeruð landsins eigi að njóta jafnrjettis eða ekki í þessu efni. Og því vil jeg eindregið styðja þá áskorun hæstv. forseta þessarar deildar, að n. noti a. m. k. að einhverju leyti sína eigin dómgreind, en hlaupi ekki í öllum efnum eftir tillögum vegamálastjóra athugunarlaust. Jeg segi þetta ekki að ástæðulausu, því að till. vegamálastjóra hafa of oft komið í veg fyrir, að sjálfsagðar umbætur næðu fram að ganga. Jeg vil því skora eindregið á hv. n., að taka á þessu máli með sjálfstæði og fullri einurð.

Gunnar Sigurðsson: Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) fór ekki rjett með ummæli mín. Jeg sagði, að jeg byggist við, að n. vildi heyra till. vegamálastjóra, sem bæði er tillögugóður og sanngjarn maður. En hinu lýsti jeg yfir, að n. mundi láta það ganga fyrir, sem hentast þykir. En vitanlega verður að ganga á þetta smátt og smátt, og verður ekki hægt að taka allar þær till. til greina, sem fram kunna að koma, og væri sanni næst, hygg jeg, að flokka vegina og taka þá í röð þannig, að þeir vegir verði teknir fyrst, sem brýnust nauðsyn er fyrir að leggja, og svo koll af kolli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 66., 67. og 68. fundi í Nd., 11., 13. og 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, 61, 66, 69, 72, 85, 102, 196, 268, 280, 546, n. 564).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Útsvör.

Á 11. fundi í Nd., 1. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv. A. 55).

Á 13. fundi í Nd., 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Jónsson): Það er nú búið að minnast svo mikið á vesalings oddvitana, að vert er að taka störf þeirra betur til greina.

Allmargir hreppsnefndaroddvitar

hafa komist að raun um það, að ýms atriði, er þeim ber að inna af hendi, eru erfið til framkvæmda, er fara skal eftir ákvæðum laga um útsvör frá 1926.

Þótti þar nokkuð við bregða, er reikningsárinu var breytt úr fardagaári í almanaksár, og hafa margir kunnað því illa fram að þessu. Tel jeg það líklegt, að þetta komist upp í vana, og óánægja út af því atriði smáhverfi, enda eðlilegt, að þar gildi sömu ákvæði fyrir landið í heild. Við flm. förum því ekki fram á breytingu reikningsársins. Á síðasta þingi var gerð tilraun til þess í Ed. að fá reikningsárinu breytt í fardagaár, en sú breyting fjekk ekki byr.

Á þingmálafundum í Rangárvallasýslu komu einkum fram óskir um tvær breytingar á útsvarslögunum. Önnur óskin gekk í þá átt, að fyrri gjalddaginn, sem nú er 15. júlí, yrði færður fram og ákveðinn 15. maí. En auðsætt er, að eftir ákvæðum útsvarslaganna gæti svo farið, að niðurjöfnun væri þá ekki lokið og tókum við því það ráð, að ákveða gjalddagann 15. júní í frv. Manntalsþing er haldið eftir þann tíma, og væri því oddvitum gert hægra um vik að standa skil á fje þar, en eins og kunnugt er , eiga þeir að inna þar allmiklar greiðslur af höndum. Þetta þykist jeg vita að hv. þdm. muni skilja.

Hin breytingin, sem við förum fram á, er viðbót við 28. gr. og fer í þá átt, að húsbændur skuli bera ábyrgð á útsvörum hjúa sinna. Þetta er nýtt ákvæði, sem nauðsynlegt er að komist inn í lögin, vegna þess að sú hefir orðið raunin á, að illmögulegt hefir oft orðið að innheimta útsvör þeirra manna, sem oft skifta um dvalarstað eftir atvinnu, en hinsvegar auðvelt fyrir húsbónda að halda útsvarsupphæðinni eftir af umsömdu kaupi. Þetta mundi stórum ljetta innheimtuna, og þessari aðferð hefir verið beitt við innheimtur á ýmsum öðrum gjöldum svo sem sóknargjaldi, ellistyrktarsjóðsgjaldi, tekjuskatti o. fl. Jafnvel útsvör, sem lögð hafa verið á menn í verstöðvum og á togurum, hafa verið innheimt á þennan hátt. Finst mjer sjálfsagt, að þetta verði gert að reglu um land alt. Þykist jeg vita, að öllum sje þetta svo augljóst, að óþarfi sje að skýra það nánar og lýk því þessum fáu orðum með þeirri ósk, að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

Bernharð Stefánsson: Þótt jeg búist ekki við að jeg ljái þessu frv. óbreyttu fylgi mitt, verð jeg þó að láta í ljós ánægju mína yfir því, að komið er fram frv. til breytinga á útsvarslögunum frá 1926, því að jeg vona, að úr því að frv. er komið fram til breytinga á lögunum á annað borð, verði einnig fleiri ákvæði laganna tekin til athugunar.

Þegar útsvarslögin frá 1926 gengu í gildi, varð mikil breyting á fyrirkomulaginu í þessu efni og um mikla stefnubreytingu að ræða. Áður hafði ákvæðunum um útsvarsskyldu verið hvað eftir annað breytt í þá átt, að færa út rjett sveitarfjelaganna til að leggja útsvar á atvinnu. En eftir lögunum frá 1926 var heimilisfang að mestu látið ráða um útsvarsskyldu, og sum hjeruð voru á þennan hátt svift miklum tekjum.

Það er mitt álit, að löggjöf þessi hafi ekki verið nægilega undirbúin og athuguð. Jeg vil því benda þeirri hv. nefnd, sem kemur til með að hafa þetta mál til meðferðar á, að binda sig ekki við þær breytingar, er frv. fer

fram á, heldur taka galla laganna til athugunar yfirleitt og leitast við að ráða bót á þeim; þeir hafa komið fleiri og fleiri í ljós með tímanum. T. d. hefir það komið á daginn, eins og spáð var hjer, er lögin voru til umræðu, að skifting útsvars á milli heimilissveitar og atvinnusveitar hefir verið miklum örðugleikum bundin. Einnig hefir það og komið í ljós, eins og líka var spáð hjer, að sumir óreiðumenn hafa með öllu sloppið við að greiða útsvar. Jeg býst við, að jeg komi fram með ýmsar breytingar á útsvarslögunum er þetta frv. kemur aftur frá nefnd, ef nefndin ekki kemur sjálf fram með þær breytingar, sem jeg tel æskilegar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg get tekið í sama streng og hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að jeg er þakklátur þeim, sem opna dyrnar að breytingum á núgildandi útsvarslögum. Jeg hafði sjálfur haft í huga að koma fram með tillögur til breytinga á þeim. Einu atriði vil jeg að þessu sinni sjerstaklega vekja athygli hv. nefndar á. Það er kærufresturinn í kaupstöðunum. Í lögunum er svo ákveðið, að kærufrestur sje í sveitum 4 vikur en í bæjum 2 vikur. Með þessum hætti eru sjómenn í raun og veru að mestu leyti oft og einatt útilokaðir frá því að kæra útsvör sín, svo niðurjöfnunarnefnd hefir algert hæstarjettarvald um þau. Kæru er ekki hægt að skjóta til yfirskattanefndar, nema að hún hafi áður legið frammi fyrir niðurjöfnunarnefnd. Sjómenn eru oft úti á sjó um það leyti, sem skráin kemur út og liggur frammi gjaldendum til athugunar og er þeim því ómögulegt að nota rjett sinn til að kæra útsvar sitt, að jeg ekki nefni farmenn, sem eru lengri tíma í siglingum en kærufrestinum nemur. Jeg vil beina því til hv. nefndar, að hún taki þessa breytingu upp, ella mun jeg koma með brtt. við frv. Mjer virðist öll sanngirni mæla með því, að sami kærufrestur sje í bæjum og sveitum, þar sem sýnt er, að annars eru menn útilokaðir frá að geta kært útsvar sitt.

Hannes Jónsson: Jeg vildi drepa nokkrum orðum á tvískiftingu gjalddagans. Jeg held, að út um sveitir landsins sje alment litið svo á, að tvískifting útsvarsinnheimtunnar hafi aðeins aukna fyrirhöfn í för með sjer. En þeir, sem að innheimtunni starfa, eru ekki svo vel launaðir, að rjett sje að leggja á þá fyrirhöfn að óþörfu. Mjer er kunnugt um, að í mínu hjeraði eru útsvör yfirleitt greidd í einu lagi, og þeir, sem skifta þeim, eru oftast þeir, sem síst þurfa þess með og minst ástæða er til að hliðra til við. Jeg mundi helst kjósa, að alt útsvarið væri greitt 1. júlí. Greiðsla útsvaranna færi þá fram í júnímánuði. Nú munu manntalsþing víðast haldin síðari hluta júnímánaðar, og þá ættu oddvitar að geta int af höndum helstu greiðslur. Að vísu má segja, að ekki skifti miklu máli, hvort gjalddaginn er 15. júní eða 1. júlí. En viðkunnanlegra finst mjer, að kærufrestur sje útrunninn, en það er ekki fyr en í júnílok, ef útsvörin eru ekki lögð á fyr en í maímánaðarlok, sem heimilt er samkv. lögunum.

Þá vil jeg og benda nefndinni á, að gera þyrfti breytingar á ákvæðum laganna um vaxtagreiðslur af útsvörum. Ákvæði laganna um þetta efni eru nú þannig, að ef útsvör eru greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur

vaxtagreiðsla niður. Þetta er í raun og veru alveg sama og að færa gjalddagann aftur um tvo mánuði. Menn reyna að nota sjer þetta, einkum þó þeir, er síst þurfa, og gera sjer að reglu að inna enga skuld af höndum fyr en á síðustu stundu. Það er alveg sjálfsagt að fella annaðhvort vextina niður með öllu eða taka þá frá gjalddaga. Venjulegast er það trassaskapur eða önnur verri tilhneiging, sem veldur því, að útsvör eru ekki greidd í gjalddaga. Þó virðist rjett að oddviti geti gefið frest á greiðslu, ef sjerstaklega stendur á.

Jeg er á sömu skoðun og hv. 2. þm. Eyf. um það, að ýmsu þurfi að breyta í lögunum. Jeg mun þó eigi fjölyrða um málið að sinni en legg áherslu á, að gjalddagi í sveitum sje eigi nema einn og vaxtagreiðslan verði tekin til athugunar.

Pjetur Ottesen: Þær óánægjuraddir, sem heyrst hafa gegn lögunum frá 1926, hafa einkum komið frá bæjunum, og þó sjerstaklega frá Siglufirði. Eins og kunnugt er, var eftir gömlu lögunum hægt að ganga svo hart að mönnum um útsvarsálagningu, þar sem þeir stunduðu atvinnu utan heimilissveitar sinnar að ekki náði neinni átt. Oft voru lögð þar margfalt hærri útsvör á menn en fært þótti í heimilissveit þeirra, þar sem mönnum voru kunnari efni þeirra og ástæður. Það er því ekki ástæða til að kippa sjer upp við það, þótt bæjarfjelögin kvarti yfir þeim spæni, er þau hafa mist úr aski sínum. En þeir, sem líta svo á, að efni manna og ástæður sjeu heppilegur grundvöllur fyrir útsvarsálagningu hljóta að líta svo á, að breytingin, sem gerð var 1926, hafi verið fullkomlega rjett, enda var henni almennt fagnað út um bygðir landsins. Það mundi því vekja mikla óánægju þar, ef þessu yrði nú breytt í gamla horfið.

Jeg vil taka fram um þetta frv. er hjer liggur fyrir, að rjett er, að oft er lítið komið inn af útsvörum 15. júlí í sveitum, og oddvitar eiga því erfitt með að inna að fullu skil á greiðslu sýslusjóðsgjalds, en hingað til hefir þetta ekki valdið árekstri, enda hafa oddvitar venjulega getað fengið líðan.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. (HJ) sagði, að heppilegra væri að hafa gjalddagann einn en tvo, verð jeg að segja það, að augljóst er, að í bæjum, þar sem útsvörin skifta þúsundum á hvern gjaldanda, er sjálfsagt að hafa tvo gjalddaga, og getur það vafalaust komið smærri gjaldendunum vel líka. Hins vegar eru agnúar á að hafa aðra löggjöf um þetta fyrir sveitir en kaupstaði. Milli þeirra eru margvísleg viðskifti í þessum efnum, svo að af því gæti hlotist árekstur.

Um það atriði frv., að húsbændur beri ábyrgð á útsvörum hjúa sinna, er það að segja, að slíkt er auðvitað oddvitum til hægðarauka, en hinsvegar lagðar tilsvarandi kvaðir á húsbændur. Í þeim fáu tilfellum, þar sem um vinnufólk er að ræða, má að vísu segja, að húsbændur hafi í hendi sjer að halda eftir af kaupi þess fyrir útsvarinu og býst jeg við, að þeim yrði það ljúft án lagaskyldu. En ef um lausamenn er að ræða, er hjer kvöð lögð á húsbændur, sem valdið gæti þeim óþægindum.

Jeg vil vara hv. þdm. við að fara að gera breytingar á lögunum frá 1926. Gæti þá svo farið að við lentum í sömu fordæmingunni og áður, en það ástand, sem þá ríkti, var með öllu óþol-

andi. Útsvörin skiftust ójafnt og ranglega á milli heimilissveitar og atvinnusveitar, og fjölda manna var ofboðið með útsvarsálagningu utan heimilissveitar.

Bernharð Stefánsson: Hv. þm. Borgf. sagði, að kvartanir yfir útsvarslögunum væru aðallega komnar úr bæjunum og þá sjerstaklega frá Siglufirði. En jeg verð að segja, að jeg hefi engu síður heyrt umkvartanir úr sveitum. Hafa sveitastjórnir talið erfitt að framfylgja lögunum. T. d. mun töluvert vera farið að brydda á því, að menn, er leika nokkuð á lausum kili, velja sjer lögheimili eftir því, hvar minst eru sveitarþyngsli, án tillits til þess, hvar þeir í raun og veru dvelja og hafa atvinnu sína. Með þessu er verst stæðu hreppunum sköpuð hætta af teknamissi. Enn var það óþægilegt sveitunum, að reikningsárinu var breytt. Sú venja, að miða reikningsárið við fardagaárið, er gömul og bygð á ástandi sveitanna. Við það er og margt annað miðað. Jeg skal þó ekki gera mjög mikið úr þessum óþægindum.

Hv. þm. gerði mikið úr ranglæti Siglfirðinga í útsvarsálagningum á liðnum árum. Hefir það og heyrst fyr úr þessari átt, en aldrei verið rökstutt. Verð jeg að mótmæla þeim aðdróttunum til kjósenda minna, meðan engin rök eru færð fram og líta á þær sem hvern annan sleggjudóm, er ekki hafi við staðreyndir að styðjast. En hitt, að atvinnurekendur á Siglufirði hafa kvartað, sannar ekkert. Þeir vilja náttúrlega bera sem mest úr býtum, njóta allra þeirra rjettinda, er bærinn veitir, en greiða sem minst til hans. En það sannar alls ekki, að þeim hafi verið sýnt órjettlæti.

En hitt er alvarlegt, þegar stefna löggjafans hefir um langan tíma gengið í ákveðna átt og sveitir hafa bygt á, að hún mundi haldast, ef þá er alt í einu snúið við blaðinu. Það var gert með útsvarslögunum frá 1926, og urðu þá ýmsar sveitir fyrir stórkostlegum tekjumissi fyrirvaralaust, þar á meðal Siglufjarðarkaupstaður.

Flm. (Einar Jónsson): Þótt við flm. færum ekki lengra í brtt. okkar við útsvarslögin en óskir kjósenda okkar gáfu tilefni til, þá bjóst jeg þó við því, að ýmsum öðrum hv. þm. mundi detta í hug hinar og þessar breytingar aðrar. Jeg er samþykkur hv. þm. Borgf. (PO) um það, að varla sje þó rjett að fara út í neinar grundvallarbreytingar á lögunum. En hinu hefi jeg síst á móti, þótt nefnd sje bent á ýms smærri atriði, er breyta þurfi. Hjer hefir verið bent á óánægju ýmsra með breytingu reikningsársins. En mín reynsla er sú, að menn sjeu farnir að venjast þessu og hætti því að þræta um það. Enda fer best á því, að hafa sama reikningsár um land alt, almanaksárið. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) mintist á, að hann hefði ýmsar brtt. í huga, en gerði ekki nánari grein fyrir þeim, svo jeg skal ekkert um þær segja. Hann mintist þó á óánægju með reikningsárið, en sagðist þó ekki gera mikið úr því. Hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) ræddi mest um kærufrestinn. Getur vel verið rjett að athuga það. En breytingin á gjalddaganum þarf ekki að fara í bága við það, að lengja kærufrestinn, því samkvæmt lögunum er mönnum skylt að greiða útsvar sitt á gjalddaga,

þótt þeir hafi kært, en er þá auðvitað endurgreitt, hafi úrskurður fallið þeim í vil. — Hv. þm. V.-Húnv. (HJ) var aðallega óánægður með að hafa gjalddagana tvo. Jeg get ekki fallist á að breyta þessu, því vafalaust mundi, eins og hv. þm. Borgf. (PO) tók fram, mörgum reynast ógreiðara að gjalda útsvarið alt í einu lagi. — Hv. þm. Borgf. virtist aðallega hafa á móti síðari brtt. okkar, að húsbændur beri ábyrgð á útsvörum heimilismanna sinna. En ákvæði það er nauðsynlegt og ætti ekki síst að ná til lausafólks. Virðist það engin knýjandi nauðsyn fyrir húsbændur að leyfa lausingjum að skrifa sig til heimilis hjá þeim, ef þeir geta ekki haft útsvarsborgunina í hendi sjer.

Sem sagt, jeg bjóst fyrirfram við ýmsum fleiri breytingum við lögin. En þess óska jeg, að ekki verði á þeim gerðar grundvallarbreytingar.

Pjetur Ottesen: Það er einungis örstutt athugasemd við ræðu hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann kvað það, er jeg sagði um útsvarsálagningar Siglfirðinga, órökstutt. En þar gerist hv. þm. nokkuð gleyminn. Við ræddum nokkuð um málið hjer á þingi 1926. Þær umr. skal jeg ekki taka upp nú, en vil vísa hv. þm. í umræðupart Alþingistíðindanna frá því ári og til nánari leiðbeiningar á bls. 2303. En því skal jeg bæta við, að hv. 2. þm. Skagf. (JS) skaut því að mjer áðan, að hann vissi dæmi til þess, að Skagfirðingar, er atvinnu hafi stundað á Siglufirði, hafi verið þar svo þunglega skattlagðir, að heimasveitin hafi ei sjeð sjer fært að leggja á þá einn einasta eyri, því að gjaldþol þeirra hafði verið gjörsamlega út-tæmt og -taugað af Siglfirðingum.

Sveinn Ólafsson: Jeg get ekki algerlega leitt svo hjá mjer þessa umr., að taka ekki til máls. Jeg var einn þeirra, er óánægðir voru með afgreiðslu útsvarslaganna 1926. Ekki tel jeg þó þeim atriðum laganna mest ábótavant, er hjer er farið fram á að breyta. Og mun það vafasamt, hvort rjettarbót yrði nokkur að þessum breytingum. En brýnasta nauðsynin er, að því er mjer virðist, á því, að fá breytt ákvæðum laganna um skiftingu útsvaranna milli hreppa, þegar gjaldþegn verður gjaldskyldur víðar en á einum stað. Vil jeg vekja athygli hv. n. á þessu atriði.

Út af fyrri brtt., sem hjer liggur fyrir, vil jeg taka það fram, að gjalddaginn, 15. júlí, er miðaður við þann tíma, er bændum er hentastur til greiðslu. Þá hafa þeir lokið sölu vorvörunnar. Hinir tveir eldri gjalddagar eru einmitt miðaðir við afurðasöluna vor og haust. Menn eiga þá hægast með peningagreiðslur. Held jeg vel ráðið, að þeir fái að haldast, og er því mótfallinn þeirri till. hv. þm. V.-Húnv., að hafa einungis einn gjalddaga. Síðari brtt. finst mjer litlu máli skifta, en líka óþörf. Getur það og verið viðurhlutamikið að leggja þá kvöð á húsbændur alment, að ábyrgjast gjöld heimilismanna, þegar los er jafnmikið á vinnulýð sem nú er orðið. Býst jeg við, að þeir yrðu oft ófyrirsynju ánetjaðir í hættulegum ábyrgðum, ef þetta yrði upp tekið.

Annars skal jeg ekki tefja tímann lengur, en geymi mjer frekari athugasemdir til síðari umr.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Dýrtíðaruppbót (frv. MJ).

Á 12. fundi í Nd., 2. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um dýrtíðaruppbót á launum embættis- og starfsmanna ríkisins (þmfrv. A. 58).

Á 14. fundi í Nd., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., 9. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg hefi flutt þetta frv. fyrir tilmæli Sambands starfsmanna ríkisins.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa starfsmenn ríkisins við og við verið að kvaka til þingsins um einhverjar bætur á kjörum sínum undanfarin ár, ýmist margir í hóp eða færri. Dýrtíðaruppbót sú, sem starfsmönnum ríkisins er ætluð með lögum frá 1919, hefir af óviðráðanlegum atvikum lækkað um hjer um bil ⅓. Það má sjá af þskj. 58, bls. 19—20, hvernig í þessu liggur. Þegar var verið að undirbúa útreikning á dýrtíðaruppbótinni, þá voru tvær aðferðir að velja um. Önnur var sú, að reikna sem flestar vörur með, sem menn nota, og fjekst þá út visitalan 2,57. Hin aðferðin var að taka aðeins nokkrar matvörur og reikna eftir þeim. En út úr þeim reikningi kom verðstuðullinn 3,17. Það var nokkuð sama, hvor aðferðin var notuð, hvort teknar voru allar vörur og reiknuð dýrtíðaruppbót á öll launin, eða teknar matvörur og uppbótin miðuð við ⅔ launa. Sú aðferð er einfaldari, og var því valin. En hvað skeður? Á næsta ári lækka þessar vörur, þannig að þær komast niður í sama verð og vörur almennt eða niður fyrir það. Svo að þetta, sem átti að vera aðferðamunur, hefir orðið til þess að svifta starfsmenn ríkisins síðan ⅓ dýrtíðaruppbótar. Kannske þetta hafi verið heppilegt, — að þingið 1919 hafi farið of langt. En hitt er áreiðanlegt, að starfsmennirnir hafa mist ⅓ af því, sem það þing ætlaðist til að þeir fengju.

Jeg held það sje alveg áreiðanlegt, að af öllum stjettum þjóðfjelagsins sjeu starfsmenn ríkisins lakast settir, ef miðað er við árið 1914 eða þann tíma, áður en dýrtíðin hófst. Ef þeir eru eins vel settir og aðrir, væri það aðeins af því, að þeir hafi haft betri kjör 1914 en aðrir. En jeg held, að nálega allar stjettir, sem á launum lifa, hafi hækkað til muna meira síðan 1914. Það er dálítið á þetta minst í áliti um launamálið, sem jeg ljet prenta með frv. Almennt verkamannakaup hefir hækkað margfalt meira — án þess að jeg sje að hafa á móti kauphækkun þeirra í sjálfu sjer eða vekja umr. um það. En mjer virðist það hafa hækkað um 300% á sama tíma sem dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins er sú, sem hjer er sýnt í frv. Eins er t. d. um þá handverksmenn, sem búa við fasta samninga, nefnilega prentara, þeir hafa nú hækkun, sem nemur 138%. Það svarar til þess, að dýrtíðaruppbót embættismanna væri yfir 100%. Ef til vill voru prentarar ver settir áður en dýrtíðaruppbótin var hækkuð. En hvað sem því líður, þá hefir engin fjölmenn stjett á landinu eins litla hækkun fengið síðan dýr-

tíðaruppbótin var tekin upp eins og starfsmenn ríkisins, allur þorri þeirra, þó að stöður kunni að vera innan um, þar sem launin hafa hækkað sæmilega.

Jeg ætla ekki við þessa umr. að gefa tilefni til umræðna. Mjer þykir sennilegt, að hv, þdm. vilji líta velvildaraugum á þetta mál starfsmanna ríkisins og láta athuga það í nefnd fyrst og fremst.

Eins og sjest á áliti því um launamálið, sem birt er hjer með, þá mundi þessi hækkun upp í 51% nema um 300 þús. kr., ef teknir eru með barnakennarar. Og þó að það sje nokkuð mikil upphæð, þá er hún samt sem áður ekki ægileg, þegar miðað er við jafnstóran part útgjalda ríkissjóðsins og starfsmannalaun eru í heild. Og sjerstaklega mun það erfitt fyrir hið háa Alþingi að standa mjög fast á móti sanngjarnri ósk sinna starfsmanna, þegar jafnvel er farið að leggja út á þá braut, að ríkið borgi nokkra hlutdeild í kaupi starfsmanna við einkafyrirtæki, eins og Eimskipafjelagið, sem jeg ætla þó ekki við þetta tækifæri að gera að umræðuefni. En það er nær skinnið en skyrtan, og það hlýtur þá að vera fyrst og fremst sjálfsagt fyrir ríkið að sinna rjettmætum óskum sinna eigin starfsmanna, áður en það seilist þar út fyrir.

Eins og hv. þm. sjá, er þetta all-langt þingskjal með svo stuttu frv. Starfsmannasambandið, sem hefir undanfarin ár oft óskað eftir bót á kjörum starfsmanna ríkisins, rjeðst í það að vinna málið talsvert mikið út. og er niðurstaðan prentuð með frv. Auðvitað hefir þessi rannsókn ekki hepnast eins vel eins og ef milliþinganefnd hefði fjallað um málið, en jeg hygg þó, að í þessu áliti sjeu svo margvíslegar upplýsingar um launamálið, að erfitt verði að hrekja það með rökum, að það sje farið mjög varlega í sakirnar, þegar óskað er eftir hækkun upp í 51%.

Það er kannske þörf að minnast á, hvers vegna farið er fram á einmitt 51%. Það er einmitt af þeirri ástæðu, sem jeg nefndi áðan, að dýrtíðaruppbótin skertist um ⅓, vegna þess, hvernig vísitalan var reiknuð. Í hagtíðindunum er vísitalan reiknuð óskert. Hún var í fyrra 60% og er nú 51%. Hjer er því aðeins farið fram á að miða við vísitölu hagstofunnar. Auk þess er farið fram á að nema burt takmörkun við 4500 kr. og eins 9500 kr. laun og dýrtíðaruppbót samtals. Það er aðeins til þess, að samræmi milli uppbótar í mismunandi launaflokkum ruglist ekki.

Það hefir komið fram till. um það í hv. Ed., að ákveða dýrtíðaruppbót fyrir næsta ár 40%. Sú till. er miðuð við að halda dýrtíðaruppbótinni eins og hún var á síðasta ári. Það er ómögulegt að fá þá tölu út við útreikning á dýrtíðaruppbót. Talan er alveg út í bláinn, miðast ekki við annað en að halda því ástandi, sem var á síðasta ári.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar. Vonast til þess, að jeg hafi ekki gefið tilefni til langrar umr. að sinni. Jeg vona, að hið háa Alþingi meti starfsmenn ríkisins það mikils, — ekki síst þar sem þeir hafa undirbúið þetta mál svo vel, að þeir taki málið til velviljaðrar athugunar í nefnd. Geri jeg að till. minni, að því verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Fátækralög (frv. HV o. fl.).

Á 13. fundi í Nd., 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927 (þmfrv. A. 67).

Á 18., 19. og 20. fundi í Nd., 9., 11. og 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 13. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Fátækramálin hafa verið svo mikið rædd á síðustu þingum, að jeg tel ekki þörf á langri framsögu.

Með nýju fátækralögunum frá 1927 var ekki ráðin bót á ýmsum göllum skipulagsins. Því höfum við, flm. þessa frv., hugsað okkur að reyna, hvort hinir nýju þingmenn mundu ekki líta öðruvísi á það mál en þá var gert.

Frv. þetta fer fram á, að ríkið alt verði gert að einu framfærsluhjeraði, að hver maður hafi rjett til framfærslu í dvalarsveit sinni. Sveitarfjelögin halda áfram að hafa úthlutun styrksins á hendi og eftirlit með styrkþegum. En reipdráttur hreppanna um framfærsluskylduna hættir. Hjer hefir komið fram annað frv. um breytingu á fátækralögunum, um að stytta sveitfestistímann niður í 2 ár. En þetta frv. fer það lengra, að það gerir dvalarsveit að framfærslusveit. Kostnaði hreppsfjelaganna af framfærslu þurfamanna ræður ekki nein eðlileg skifting, heldur hending. Sveitarþyngslin á sumum hreppum eru mjög ranglát. Hjer er samábyrgðin gerð viðtækari, þannig að ríkið alt er gert að einu framfærsluhjeraði. Sveitarstjórnirnar reikna út kostnaðinn og senda stjórnarráðinu skýrslu um, en ráðuneytið skiftir síðan kostnaðinum niður eftir efnum hreppanna og ástæðum. Með frv. er því verið að reyna að koma á meiri jöfnuði milli hreppanna en verið hefir og afnema sveitarflutning. Það má telja upp ýms dæmi um ómannúðlegan fátækraflutning. Slík dæmi hafa verið birt í blöðunum. En þau hafa verið varin með því, að sveitunum væri ekki á annan hátt unt að fá ódýra fátækraframfærslu. Með frv. þessu er reynt að koma á jöfnuði á kostnað sveitarfjelaganna. Svipuð hugmynd hefir verið uppi áður, og ætla jeg að hv. þm. Borgf. (PO) hafi fyrstur bent á þá leið.

Að öðru leyti felur frv. litlar breytingar í sjer, nema á 43. gr. Þar eru talin upp þau tilfelli er sveitarstyrkur er ekki afturkræfur, en ekki, eins og í núgildandi lögum, lögð á vald sveitarstjórna ákvörðun í þessum efnum.

Vænti jeg að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Hákon Kristófersson: Það er ekki meining mín að mæla móti því, að málinu verði vísað til nefndar. En jeg sje ekki, að það eigi nokkurt erindi þangað. Allshn. hefir þegar tekið afstöðu til fátækralaganna; hún hefir afgreitt nefndarálit viðkomandi frv. um breytingu á 21. gr. laganna, og mjer sem einum nefndarmanni er kunnugt um, að n. treystir sjer ekki til að mæla með viðtækari breytingum á fátækramálun-

um en felast í fyrnefndu frv., sem n. hefir skilað umsögn um og bráðum verður tekið til umr. hjer í hv. deild.

Jeg ætla ekki að fara út í breytingar þær er frv. það, sem hjer er um að ræða, gerir á núgildandi lögum. Þær eru svo miklar og margvíslegar, að það þarf sjerstök gögn til að fara út í það. Þó býst jeg við, að ekki muni þorri þjóðarinnar aðhyllast þá skipun, að gera land alt að einu framfærsluhjeraði. Jeg hygg, að núverandi skipulag verði ólíkt ódýrara. Ef um víðtæka breytingu væri að ræða frá því, sem nú er, mundi engu síður geta komið til mála, að hvert sýslufjelag yrði sameiginlegt framfærsluhjerað, í staðinn fyrir að hugsa sjer landið alt sem slíkt.

Hv. flm. hjelt því fram, að fátækraflutningar væru sumstaðar ómannúðlega framkvæmdir. Jeg leyfi mjer að mótmæla, að svo sje. Hann benti heldur ekki á neitt dæmi um slíkt. Hitt vitum við báðir, að ýmsir, er þurfa á fátækrastyrk að halda, vilja gjarnan vera á þessum og þessum stað og einkanlega í bæjunum. En styrkþegar, sem búa í bæjunum, ætla að sliga sumar sveitir. Jeg skal benda á tvo hreppa, sem alveg eru að sligast undir slíku fátækraframfæri: Auðkúluhrepp í Ísafjarðarsýslu og Gufudalshrepp í Barðastrandarsýslu. Auk þess hafa aðrir hreppar í þeirri sýslu fengið mismunandi þunga skelli af því. Og þetta er ekkert óeðlilegt. Í bæjunum þarf ekki annað en fá fátækrafulltrúa til að skrifa á seðil vottorð um, að þessi eða þessi þurfi styrk; svo verða hrepparnir að borga. En ekki er nema eðlilegt, ef sannað er, að ódýrara verði að ala ómagann heima heldur en í fjarlægð, að hann sje þá fluttur á sína sveit.

Eins og jeg benti á, þá hefir allshn. tekið afstöðu til breytinga á fátækralögunum, og er því tilgangslaust að vísa frv. til hennar. Sjálfur hefði jeg komið með ýmsar frekari brtt. við fátækralögin, ef jeg hefði ekki vitað, að hún vildi ekki hreyfa frekar við þeim en hitt frv. fer fram á.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg hygg, að hv. þm. Barð. (HK) hafi hjer ekkert umboð til að tala fyrir hönd allshn. Jeg er sjálfur í nefndinni, og þegar frv. um breytingu á 21. gr. fátækralaganna var rætt þar, var ekki minst á aðrar breytingar. Þá vantaði og einn nefndarmann. Það má vera að meiri hl. n. verði mótfallinn þessu frv., en hitt hygg jeg rangt, að hún hafi viljað útiloka aðrar breytingar á fátækralögunum frá því að verða ræddar í nefndinni. Að minsta kosti er jeg fylgjandi breytingum á þeim lögum og þá eru þó ekki eftir nema 3 af 5 nefndarmönnum, er geta hafa tekið afstöðu í málinu.

Annars eru þau dæmi, er hann nefndi um hreppa, illa stadda vegna sveitarþyngsla, svo sem Auðkúluhrepp og Gufudalshrepp, einmitt meðmæli með frv. mínu. Frv. fer einmitt fram á, að jafna kostnaðinum milli hreppanna. Ef hv. þm. veit einhverja leið hagkvæmari en þá, sem í frv. er farin, þá ætti hann að benda á hana. — Hann mótmælti því, að enn ættu sjer stað ómannúðlegir fátækraflutningar. Jeg vil benda honum á nokkur dæmi, sem skýrt er frá í umr. 1927. Nýlega er og dæmi til þess, eins og skýrt hefir verið frá í blöðum, að kona var elt af lögreglunni suður í Hafnarfjörð til að verða flutt með valdi sveitarflutningi. Það getur stundum verið fólki fyrir góðu að komast í

heimahagana, en það koma fyrir þau tilfelli, að fólki er það óbærilegt að vera rifið upp með rótum frá þeim stöðum þar sem það dvelur.

Hákon Kristófersson: Jeg vil leiðrjetta þann misskilning hjá hv. 2. þm. Reykv. (HV), að orð mín hafi verið töluð fyrir hönd allshn. Það var síður en svo. Þessi fáu orð sagði jeg aðeins með hliðsjón af því, sem fram hafði komið í n. Og jeg vona, að jeg hafi ekki stygt hv. þm., þótt jeg ljeti þá skoðun mína í ljós, að frv. ætti ekki erindi til n.

Hv. þm. sagði, að þau dæmi, er jeg nefndi, hafi mælt með sínu frv. Það getur verið og verið ei. Það er svo margt, sem þarna getur komið til athugunar. T. d. getur það komið til mála, að gera sýslurnar að framfærsluhjeruðum. Mjer er sem jeg sjái alla þá úlfúð og skriffinsku, sem af því mundi leiða, að landið alt væri gert að einu framfærsluhjeraði! (HV: Skriffinskan mundi hætta.) Sú mundi nú hætta! Hvernig er reynslan með útsvarslögin? Er ekki óánægjan svo mikil, að til vandræða horfir, þegar hrepparnir eiga að fara að gera upp með sjer?

Þá nefndi hv. þm. það sem dæmi upp á ómannúðlegan fátækraflutning, að kona hefði verið elt af lögregluþjónum suður í Hafnarfjörð. (HV: Það er rjett.) Rjett? Ja, hvað hjet hún. Jeg vænti, að hv. flm. skýri frá því. (HV: Það var ekki Kristín Breiðfjörð). Nú, það var ekki hún. Einu sinni kastaði þó þessi hv. þm. til mín út af þeirri persónu, en jeg held að hann viti það nú, að þau orð hans voru ekki á rökum reist, og svo mætti ef til vill einnig vera að þessu sinni.

Sem sagt, jeg er ekki að hafa á móti því, að frv. verði vísað til n.; að minsta kosti er ekki nema sjálfsagt að sýna hv. flm. þá kurteisi. En allshn. hefir þegar gengið frá þeim breytingum, sem hún vill gera á fátækralögunum. Jeg persónulega mundi hafa hreyft fleiri brtt., en leit svo á, að sú hugsun væri ríkjandi í n., að rjett væri að láta lögin sýna sig betur, áður en tekið væri til að breyta þeim. En svo áberandi nauðsyn var á því að breyta 21. gr., að það mátti alls ekki dragast lengur. Þar með er þó ekki sagt, að fleiri breytingar hafi ekki verið mjög nauðsynlegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Ungmennaskóli í Vestmannaeyjum.

Á 14. fundi í Nd., 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum (þmfrv. A. 68).

Á 17. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Samkvæmt óskum hjeraðsbúa hefi jeg leyft mjer að bera fram, á þskj. 68, frv. til l. um unglingaskóla í Vestmannaeyjum. Ástæður fyrir frv. þessu eru tilfærðar í grg. þess, en þó vil jeg minnast á einstök atriði til frekari skýringar.

Eins og kunnugt er, hefir Vestmanna-

eyja verið fremur getið fyrir annað undanfarið en skólamentun og skólalíf, og lífskjör okkar Vestmanneyinga flestra, sem nú erum fullorðnir, voru þannig, að lítið tækifæri bauðst til mentunar. Náttúruskilyrði og baráttan fyrir lífinu krefst þess af unglingunum þar, að þeir snúi sjer óskiftir að athafnalífinu á þeim aldri, sem unglingar annars sækja skóla og á þeim tíma árs, þegar helst er hvíld í atvinnulífi manna annarsstaðar. En með bættum lífskjörum hefir sú skoðun rutt sjer til rúms, að nauðsynlegt sje að fá unglingaskóla. Nokkur vísir til slíks skóla hefir að vísu verið þar í 8 ár, og starfaði hann fyrst 3 mánuði en síðar 6 mánuði á vetri. En kenslukraftar og annar útbúnaður hefir verið takmarkaður, og þeir, sem vit hafa á, telja, að unglingaskóli komi eigi að gagni þar nema að hann sje að nokkru leyti sambærilegur við aðra skóla. Þetta frv. fer í þá átt, að skólinn verði svipaður því, sem frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir að hjeraðsskólar í sveitum verði, og markmið hans, eins og þeirra, sje að búa unglingana undir lífið með bóknámi og vinnukenslu.

Jeg er ekki skólamaður og hefi því ekki tekið fram í frv. hverjar námsgreinir skulu kendar. Ætti að ákveða slíkt í reglugerð í samráði við fræðslumálastjóra. Jeg vil aðeins taka það fram, að taka verður fullkomið tillit til þess, að staðhættir í Vestmannaeyjum eru allfrábrugðnir því, sem víða er annarsstaðar. Takmark bóklegrar og verklegrar fræðslu í skóla þessum yrði því að vera að undirbúa unglingana undir athafnalífið í Vestmannaeyjum sjerstaklega. Þess er ekki að vænta, að skólinn yrði sóttur af öðrum en Vestmannaeyingum. Að því er bóklegt nám snertir álít jeg, að móðurmálið og stærðfræði ættu að skipa æðsta sess. Af erlendum tungum tel jeg ensku heppilegasta, og auk þess yrðu þar svo kendar venjulegar námsgreinir, eins og venja er til í slíkum skólum.

Að því er verklega kenslu snertir, verður að taka fult tillit til staðhátta í Vestmannaeyjum. Finst mjer, að kenna ætti undirstöðuatriði siglingafræðinnar og annað, er að gagni má koma við sjómensku. Auk þess ætti að kenna þeim meðferð vjela, er þess óska. Jeg hefi heyrt að Búnaðarfjelag Íslands vilji láta taka upp kenslu í matreiðslu í barnaskólum. Jeg held að heppilegt væri að slíkt væri gert í unglingaskólunum, og veit að fræðsla í matreiðslu, heilsufræði og hjúkrun mundi reynast mjög hagnýt í Vestmannaeyjum.

Jeg vona, að hv. deild líti með velvilja á þetta nauðsynjamál. Við búumst við, að skólinn verði sóttur af 30—40 manns árlega. Barnaskólinn ræður yfir stóru leikfimisplássi, sem þessi skóli gæti notað, en hinsvegar mundi hann alveg vanta húsnæði fyrir bóklega fræðslu, og yrði því að koma upp nýju húsi.

Jeg treysti hv. deild til að unna oss Vestmannaeyingum jafnrjettis við aðra landshluta í þessu máli sem öðrum. Legg jeg svo til, að frv., að lokinni umr., verði vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd. var útbýtt nál. frá mentmn., á þskj. 407, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Ófriðun sels í Ölfusá.

Á 17. fundi í Nd., 8. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (þmfrv. A. 83).

Á 19. fundi í Nd., 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er sama efnis og það, sem flutt var á síðasta þingi í þessari háttv. deild. Þá komst það til nefndar og var samþykt út úr deildinni. En því miður komst inn í það, samkvæmt brtt. þingmanna, ákvæði um það, að draga mjög verulega úr því, sem ríkið samkvæmt frv. átti að leggja til ófriðunar selsins. Nú hefir þetta mál verið rætt í vetur heima í hjeraði, og mjer er óhætt að segja, að það sje einróma álit þeirra, sem þar eiga hlut að máli, að eins og lögin komu frá þinginu, sje ekki við þeim litandi. Eftir lögunum verður það aðeins ein jörð, Hraun í Ölfusi, sem fær bætur svo um munar, og þó svo litlar, að ekki er hægt að hugsa sjer, að þær fari fram úr 500 kr. á ári, nú sem stendur, en mundu fara þverrandi; því að í landi þessarar jarðar er í ráði að setja niður laxveiðivjelar. Eigendur Hrauns hafa í sumar samið við menn um stundarsakir, að leigja þeim veiðirjett með slíkum vjelum.

Jeg býst nú við, eftir því sem fram kom í fyrra, að menn hafi svo glöggan skilning á því, hverja þýðingu það hefir að bæta og auka laxveiðina í landinu, að þeir láti eigi smámuni standa fyrir framkvæmdum í þá átt. Og því fremur vona jeg, að þingmenn bregðist vel við þessu frv., sem með því er verið að afmá blett af íslenskri löggjöf. Það er óneitanlega blettur á löggjöfinni, að í einni af stórám landsins, sem er full af laxi, skuli selur vera friðhelgur, þessi ránsskepna; og það jafnvel í þarfir heilagrar kirkju, eins og var í fyrri daga.

Síðan landið eignaðist jörðina hefir selveiðin verið metin, segi og skrifa 50 kr. á ári upp í heimatekjur prestsins. Núverandi prestur, sá góði maður, er nú kominn á sjötugs aldur. Og með því að brauðið er sjerlega erfitt, þar sem hann gegnir líka Selvogsprestakalli — en þangað er sex tíma ferð — þá er varla hægt að búast við, að hann gegni embættinu nema örfá ár eftir þetta. Það getur því ekki kostað landið mikið, að bæta honum upp þennan litla tekjumissi. En jeg veit, að ríkið muni beint og óbeint skera upp arð af þessum ráðstöfunum. Og þar sem virðing löggjafarinnar liggur við, býst jeg við að háttv. deild sjái sóma sinn í því að afmá þennan blett fyrir 1930. Að endingu vil jeg óska þess, þar sem selurinn er lagardýr, og sjór gengur alla leið upp að Arnarbæli, að frv. þessu verði, að lokinni umræðu, vísað til háttv. sjútvn. (PO: Þetta mál var í landbn. í fyrra, og sting jeg upp á, að því sje einnig nú vísað til þeirrar nefndar.)

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Till. flm. um að vísa því til sjútvn. feld með 10 : 9 atkv.

Frv. vísað til landbn. með 15 : 2 atkv.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 226).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get í þessu máli að mestu skírskotað

til nál., sem er að finna á þskj. 226. Landbn. hefir athugað frv. og lagt til, að það yrði samþ. með nokkrum breytingum. Aðalbreytingin er við 2. gr. frv. og er fólgin í því, að í stað þess að frv. gerir ráð fyrir því, að hálfar bætur fyrir missi selveiðinytja greiðist úr ríkissjóði, þá fer brtt. n. fram á það, að þessar bætur greiðist að öllu leyti af laxveiðieigendum eða leigjendum. Eftir atvikum getum við flm. fallist á þessa tillögu. Þá er og bætt við einum eða tveimur málsliðum, sem af óaðgæslu höfðu fallið úr frv. og frv. þar með sett í sama horf og það var í á síðasta Alþingi. Næsta brtt., við 3. gr., leiðir af áðurnefndum brtt.

Þá er síðasta brtt. n., að í stað þess að 3 þeirra manna, er bætur eiga að greiða, geti gert kröfu um mat á arði af laxveiðiaukningu, eins og er í frv., komi 10. Þykir nefndinni full-auðvelt um heimting á yfirmati, ef aðeins 3 menn geta heimtað það. En þarna er um marga menn að ræða, sem á einhvern hátt hafa rjett til laxveiða, og telur því 10 ekki of hátt sett. — Vona jeg að hv. deild fallist á frv., einkum þar sem brtt. n. leiða til þess, að útgjöld ríkissjóðs hverfa svo að segja með öllu, og þau litlu, sem verða, hverfa eftir tiltölulega skamman tíma. Vona jeg því, að ekki verði neinn ágreiningur í hv. deild um þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 226, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 226, 2a samþ. með 16 : 1 atkv.

— 226, 2b — — 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj.

Brtt. 226, 3 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17. shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísið til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 242).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 242).

Á 38. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 325).

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Nefndin hefir orðið sammála um, að frv. þetta verði gert að lögum.

Svo sem mörgum er kunnugt, er mikið af sel í ósi Ölfusár. Er þar friðað látur, sem jeg hygg að 3 bæir eigi: Arnarbæli, Arnarbælishjáleiga og Hraun. Þessi selur gerir mikinn usla í lax- og silungsgöngu. En nú hefir

þótt sýnt, að laxveiði mundi aukast svo mikið við útrýmingu selsins, að sú aukning mundi með tímanum meira en borga þann skaða, sem selaláturs-eigendur verða fyrir. Vegna þessa er frv. fram komið. — Kunnugir menn segja, að innan óss í Ölfusá sje stundum um 2000 selir. Og þar sem þeir lifa mest á laxi og silungi, þá er augljóst, hvern usla öll þessi hjörð gerir í þessum fiskúm. — Í frv. hjer í fyrra um sama efni, var lagt svo fyrir, að ríkið borgaði allan þann halla, sem af útrýmingu selsins leiddi fyrir þá, er þeirra hlunninda hafa notið. En nú er lagt til að kostnaðinum sje að mestu jafnað niður á ábúendur þeirra jarða, er laxveiðahlunnindi hafa í Ölfusá og ám þeim, er í hana renna, þar til svo er komið, að laxveiðin sjálf er talin að bæta upp þann halla, sem selveiðijarðirnar hafa beðið.

Er svo, að jeg hygg, ekki meira um þetta að segja. En eins og jeg hefi áður sagt, þá leggur n. til að frv. verði samþ.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg vil leyfa mjer að gera litla fyrirspurn til hv. n., út af frv.

Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvernig á því stendur, að í síðari málslið 3. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði bætur til núverandi prests í Arnarbæli, en hinsvegar er á öðrum stað í frv. gert ráð fyrir, að laxveiði-eigendum sje gert að skyldu að greiða þessar bætur til annara. Jeg sje ekki í fljótu bragði, að ástæða sje til þess að ríkissjóður greiði neinar bætur. Jeg vil því spyrja hv. n., hvort hún sæi ekki fært að fella niður síðari lið 3. gr.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Eins og jeg gat um áðan, þá var frv. upphaflega fram borið í þeirri mynd, að greiðslur fyrir mist hlunnindi af selveiði kæmu eingöngu frá ríkinu. En í þessu frv. er farið bil beggja, þannig að ríkið greiði ábúendum þeirra jarða, er það á sjálft, fyrir það, sem þær missa við að selveiðin minkar eða hverfur, en aftur sje jafnað gjaldi niður á þá, er laxveiðihlunnindi hafa, til þess að bæta upp þeim, er selveiði missa og eru sjálfseignarbændur. Þarna mun nú um mjög lítið að ræða, eða vegna einnar hjáleigu frá Arnarbæli. (**GÓ:** Líklega of lítið fyrir aðra en ríkissjóð að greiða það!) Já, þetta er nú ekki mikil upphæð, og það munar ekki um einn lítinn kepp í sláturtíðinni nú. Annars var nú enginn nefndarmanna þessu máli verulega kunnugur. En þetta kom nú svona frá hv. Nd., þar sem frv. var til álita af kunnugum mönnum. Jeg geri helst ráð fyrir því, að þarna hafi verið um málamiðlun að ræða, enda er þetta sennilega lítil upphæð og aðeins til bráðabirgða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 242, 395).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 395. Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Jeg hefi leyft mjer

að bera fram brtt. við þetta frv. Þarf jeg ekki að fjölyrða um efni þeirra, því þær þarfnast ekki skýringa.

Þetta frv. er þess efnis, að ófriðaðar verði selalagnir og selalátur í Ölfusá og í 2. gr. þess er ákveðið að þeir, er missi selveiðanytjarnar, skuli fá fullar bætur. Þessar bætur eiga þeir að greiða, er laxveiðirjett hafa í Ölfusá. Við þetta er vitanlega ekkert verulegt að athuga, svo framarlega að samkomulag næst milli aðilja þar eystra um það, að þetta skuli vera svo. En jeg lít svo á, að ekki þurfi að ákveða sjerstakar bætur þeim mönnum, er not hafa haft af selveiði, ef almenningsheill krefur, að því er laxveiðina snertir, að selnum sje útrýmt. Því þó að nokkrir hafi not af selveiðinni, þá eru þeir þó mikið fleiri, er hafa gagn af laxveiðinni. En sje samkomulag þar eystra um það, að hafa þetta eins og frv. gerir ráð fyrir, sje jeg ekki ástæðu til þess að hafa á móti því.

En það er 3. gr. frv., er jeg felli mig ekki við, og sem mjer finst koma í bága við 2. gr. Í 2. gr. er sem sje gert ráð fyrir því, að þeir, er laxveiðirjettinn hafa, greiði bætur til þeirra, er haft hafa not af selveiðum. En svo er gerð undantekning frá þessu í 3. gr., því að þar er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði einum búanda, nefnilega núverandi presti í Arnarbæli. Þetta finst mjer í ósamræmi hvað við annað. Annaðhvort fyndist mjer, að það ætti að vera svo, að ríkið greiddi öllum bætur, eða þá að þeir, er laxveiðirjettinn hafa, borguðu öllum. Enda mun það hafa verið svo skv. frv. því, er lá fyrir síðasta þingi, að ríkið greiddi allar bæturnar. En jeg verð að segja það, að mjer þykir það nokkuð varhugavert að láta ríkissjóð greiða þessar bætur, því jeg get vel hugsað mjer, að það gætu orðið nokkuð háir reikningar, er ríkissjóður yrði að greiða. Jeg gæti jafnvel trúað því, að þó hann ætti ekki að greiða nema þessum eina búanda í Arnarbæli, þá gæti svo farið, að reikningur hans yrði eins hár eða hærri en allra þeirra, er laxveiðieigendur eiga að greiða. Þetta er nú að vísu aðeins spádómur, en maður veit hvernig það gengur með ýmsa þá reikninga, er ríkissjóður á að greiða. En sem sagt, þá flyt jeg þessar brtt. til þess að meira samræmi verði í frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er ánægjulegt fyrir mig, að þetta frv. skuli vera komið svona langt nú, því á fyrsta þinginu, er jeg sat, flutti jeg frv., sem var mjög svipað þessu. Síðan hefir þetta mál af og til verið til umr. hjer í þinginu og virðist nú vera að því komið að *fá endanlega afgreiðslu*.

Jeg játa það, að hv. þm. Snæf. (H-Steins) hefir mikið til síns máls, er hann segir, að rjettast væri að þeir, er laxveiðarjettinn hafa, bættu þeim, er skaða hljóta af því, að selur verður ófriðaður. En það stendur nú svo á þarna, að það eru ekki mjög margir, sem hljóta skaða af því, þó þetta frv. verði að lögum, og auk þess vita þeir, er kunnugir eru þar eystra, að vafasamt er að fult samkomulag náist um bætur fyrir selveiðimissi, meðan hann veiðist nokkuð að ráði.

Þar sem nú að ætlast er til þess, að þessar bætur til Arnarbælis falli niður, er prestaskifti verða þar næst, sje jeg ekki ástæðu til þess að hafa á móti því, að bótunum verði svo fyrirkomið, sem gert er ráð fyrir í frv. En svo væri það

í raun og veru hugsunarrjett að gera ráð fyrir því, að eftir prestaskiftin, þá greiði laxveiðendur líka bætur til Arnarbælis. En ekki er gert ráð fyrir því.

Þó jeg nú þannig játi, að hv. þm. Snæf. hafi mikið til síns máls, þá þori jeg samt ekki annað en að vera á móti brtt. hans, því að jeg óttast að svo kynni að fara, ef þær yrðu samþ., að síður næðist samkomulag um þessar bætur. En jeg lít svo á, að þetta sje svo þarft mál, að það sje tilvinnandi þó ríkið verði að kosta nokkru til. Annars er jeg alveg sammála hv. þm. Snæf. um það, að selurinn á að víkja fyrir laxinum, og að það er hin mesta fásinna að ala bæði þessi dýr í sama vatnsfalli. Jeg held því að það hyggilegasta sje að samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir.

Halldór Steinsson: Jeg þarf eiginlega ekkert að andmæla hæstv. dómsmrh., því hann var mjer sammála í öllum aðalatriðum. En hann óttaðist að ekki væri hægt að koma á fjelagsskap um þessar bætur þar eystra, ef brtt. mínar væru samþ. En jeg verð nú að segja það, að það er þá ekki mikill áhugi fyrir þessu máli, ef fjelagsskapurinn gæti strandað á því, að laxveiðanotendur greiddu bætur jafnt til Arnarbælis sem annara jarða, sem selveiðinytja mistu. Ef brýn nauðsyn er á slíkum fjelagsskap, getur þetta ekki orðið til þess að spilla fyrir frv.

Hæstv. ráðherra gat um það, að eðlilegt væri, þegar núverandi prestur í Arnarbæli fellur frá, að missir selveiðinytja væri greiddur ábúendum Arnarbælis. Það er rjett, en þá gildir hin sama regla og upphaflega var gengið út frá og eins og kemur fram í 2. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. o. s. frv.“

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að skýra nánar, hvað fyrir mjer vakti með aths. mínum. Því er svo háttað með Ölfusá, að það eru ýms missmíði á veiðiaðferðinni, eins og víðar við laxár. Til dæmis er búið að setja niður veiðivjel við ósana, sem er þannig gerð, að jeg geri ráð fyrir, að hún bráðum verði bönnuð. Ennfremur er þar mikið drepið af laxi ofan til í þveránum, þegar komið er fram á vetur, og er það vitaskuld til stórhnekkis fyrir laxgengdina í ána.

Þetta frv. er framtíðarmál. Það er enginn vafi á því, að það er hægt að fá miklu meiri lax í ána, ef því væri betur sint. Það á að ýta undir bændurna til að fara að rækta lax. Jeg held, að það yrði sannarlega til að styðja gott mál, að leggja ekki of þungar byrðar á þessa tiltölulega fáu menn, sem hafa laxveiðina.

Þó að það sje hugsunarrjett, að eftir næstu prestaskifti í Arnarbæli verði greiddar bætur þangað, er það of mikið rjettlæti. Landið hefir lítið meira upp úr jörðunni með laxi en án hans.

Páll Hermannsson:* Hv. þm. Snæf. (HSteins) sagði, að sjer fyndist gæta ósamræmis í frv., sem hann vildi leiðrjetta með brtt. sinni. Jeg er ekki sam-

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

dóma hv. þm. um, að um nokkurt ósamræmi sje að ræða. Hv. þm. sagði, að eðlilegast væri, að annaðhvort greiddi ríkissjóður allar bætur vegna ófriðunarinnar eða engar. Jú, það má að vísu segja, að það sje eðlilegt, en það er ólíkt, hvort ríkissjóður vill fyrir sitt leyti láta niður falla kröfur til skaðabóta, heldur en að greiða hinar ýmsu kröfur manna þarna eystra. Þegar litið er á það, að prestssetur á í hlut, og veiðin er metin til tekna prestinum fyrir mjög væga upphæð, er þetta alveg óskylt því, hvort ríkissjóður vildi vera viðbúinn að taka að sjer greiðslur, sem kynnu að verða metnar hinum og öðrum.

Jeg verð að líta svo á, að svo geti staðið á, að það sje alveg rjett fyrir ríkissjóð að gera þetta, af því að hann munar það ekki miklu, en hinsvegar er það þýðingarmikið fyrir þann fjelagsskap, sem stendur að veiðibótum. Jeg þekki að vísu ekki vel þetta einstaka tilfelli, sem hjer er um að ræða, en í mínu bygðarlagi er jörð, sem ríkissjóður á, þar sem selveiði er ef til vill meiri en nokkursstaðar annarsstaðar. Þessar nytjar hafa ekki munað hann miklu, en nytjar landseta yrðu hátt metnar.

Að þessu athuguðu hlýt jeg að greiða atkvæði á móti brtt. hv. þm. Snæf.

Guðmundur Ólafsson: Þó að brtt., sem hjer er um að ræða, sje sanngjörn og ekki mikil fyrirferðar, rísa menn þó upp hver á móti öðrum. Hæstv. dósmrh. mælir á móti brtt., vill halda því, að ríkissjóður fái þau hlunnindi að greiða bætur fyrir missi selveiðinnar fyrir Arnarbæli, þótt laxveiðieigendur eigi að borga ábúendum þeirra jarða annara, er selveiði missa, bætur fyrir það. Jeg sje ekki, að nauðsynlegt sje að halda svo fast í það, því að ef það er, eins og sagt er, að í Ölfusá sje um mikla laxveiði að ræða, finst mjer ekki þeim, sem hlut eiga að máli, vera ofvaxið að borga þessari jörð og örfáum jörðum einhverjar skaðabætur, ef selnum er kipt burt úr ánni. Það er nauðsynlegt vegna laxveiðinnar að ná selnum úr Ölfusá, en það sama má segja um ýmsar aðrar laxveiðiár, enda þótt Alþingi hafi ekki mikið um það hugsað. Jeg hefi borið fram frv. til mikilla bóta á laxveiðilögunum, og jeg tel, að hver sem á land að laxveiðiá, eigi jafnan rjett á vernd vegna selsins og öllu öðru er hindrað getur göngu laxins eftir ánum. En það er ekkert gert til að koma á slíku jafnrjetti. Jeg býst ekki við, að jeg hefði farið fram á, að ríkissjóður borgaði þeim, sem töpuðu selveiði í mínu kjördæmi, ef þar hefði verið um slíkt að ræða, heldur þeir, sem laxveiði ykist hjá vegna útrýmingar selsins. Það er ekki í þetta eina sinn, sem jeg er á móti því, að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóð.

Jeg held, að þó að ekki þyrfti að borga næsta presti í Arnarbæli skaðabætur, yrði að borga honum hærri laun er heimatekjur rýrnuðu við missi selveiðinnar. Ef um mikla selveiði er að ræða, er það mikill hluti af heimatekjum prestsins, sem tekið verður frá honum. Hann yrði að fá það áfram í einhverri annari mynd. En ef hv. d. vill veita laxveiðanotendum einhverjar rjettarbætur, væri viðkunnanlegt, að þær næðu til fleiri en þeirra, sem veiði eiga í Ölfusá.

Frsm. (Jónas Kristjánsson): Jeg verð að endurtaka það, að nefndin leit svo á, að hjer væri um samkomulagsleið að ræða, þar sem ekki er öllum skaðabót-

um jafnað niður á þá, sem fá aukna laxveiði, heldur hlaupi ríkissjóður undir bagga. Það má búast við, að aukinnar laxveiði gæti ekki strax. Það geta liðið mörg ár þangað til, og það getur orðið til að draga úr áhuga manna, þegar þeir fá ekkert í aðra hönd.

Landbn. hafði að vísu ekki fengið upplýsingar um það, um hve mikla selveiði er að ræða, og gat því ekki giskað á, hve mikill yrði skatturinn á ríkissjóði, en hann getur aldrei orðið mikill. Hann verður reiknaður eftir mati sanngjarnra manna eða eftir skattframtali, bara til fárra ára væntanlega.

Jeg tel rjettast að samþ. frv. eins og það kom frá Nd. og legg það til.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg gerði örfáar athugasemdir við þetta frv. við 2. umr. Jeg verð að segja um tillögu hv. þm. Snæf., að jeg er með henni að hálfu leyti. Hann hefir gengið lengra en jeg hefði viljað gera. Hann vill fella niður síðari málslið 3. gr., sem sje losa ríkissjóð við að greiða prestinum tap það, sem hann verður fyrir. Hinsvegar vil jeg til samkomulags hafa það svo, að laxveiðanotendur sjeu í framtíðinni lausir við að greiða bætur vegna Arnarbælis. Jeg held, að þessi hlunnindi sjeu metin á 50 krónur á ári, svo að það mundi tæplega koma á ríkissjóð meira en sem því svarar. En jeg vil, að ríkissjóður geti verið laus við nokkura breytingu á þessu, meðan núverandi prestur situr í Arnarbæli.

Halldór Steinsson: Það hafa eiginlega engar ástæður komið fram gegn brtt. mínum. Mjer finst það vera undarlegt rjettlæti hjá hæstv. fjmrh. að geta verið með brtt., bara ef síðari liðurinn er feldur burt. Hann ætlast til, að engar bætur verði greiddar prestinum fyrir missi selveiðinytja. Hversvegna á Arnarbæli að vera eina jörðin, sem engar bætur eru greiddar vegna missis selveiðinnar? Það er mjög ranglátt, enda er það alveg rjett hjá hæstv. forseta (GÓ), að það má fastlega gera ráð fyrir því, þegar prestaskifti verða og hlunnindin eru fallin burtu, að ríkissjóður komist alls ekki hjá því, að greiða einhverjar bætur í staðinn til Arnarbælis.

ATKVGR.

Brtt. 395, 1 samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EÁ, HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JónJ, JÞ, GÓ.

nei: EF, JBald, JónasJ, JKr, PH.

Brtt. 395, 2 samþ. með 9 : 5 atkv.

Frv., svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 416).

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 416, 440, 466).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Landbn. þessarar hv. deildar hefir leyft sjer að bera fram brtt. við frv., eins og það kom frá hv. Ed. Brtt. ganga út á það, að færa frv. í sama horf og það var, þegar það fór hjeðan.

Hv. Ed. hafði felt burtu 3. gr. frv., sem laut að því, að landið greiddi prestinum bætur fyrir nytjamissi af selveiði, á meðan hans nyti við, en bætur væru svo látnar niður falla þegar prestaskifti

yrðu. Þessar tekjur munu metnar á 50 kr. Í framtíðinni er því um þessar 50 kr. að ræða á ári, sem gera má ráð fyrir að landið þurfi að greiða prestinum árlega. Það má segja að vissu leyti, að ekki sje um mikla upphæð að ræða, en þar sem nú þeir menn, sem laxveiði stunda, eiga að greiða öllum þeim mönnum á öðrum jörðum fullar bætur, sem selveiði stunda, fyrir þann tekjumissi, sem þeir bíða, þá virðist ekki nema sanngjarnt, að landið taki að þessu leyti þátt í bótunum, þar sem um opinbera eign er að ræða.

Hjer er um nauðsynjamál að ræða að því leyti, að laxveiði hlýtur að aukast mjög í ánni við þessar umbætur. Víðsvegar upp um hjeraðið hafa menn reist klakhús, þar sem klakið er út lax- og silungshrognum. Í einu klakhúsi við Þverá, sem fellur í Ölfusá, hefir á undanförnum árum verið sum árin klakið út einni miljón seiða, sem slept hefir verið í ána. Þessari starfsemi verður gefið svo utan undir, ef selurinn verður látinn óáreittur áfram í ósum Ölfusár, að jeg býst við að hún verði látin niður falla. Hin síðari ár hafa á hverju ári haldist við undir tvö þúsund selir í ármynninu, og það sætir furðu, hve seint er ráðin bót á þessu, en vegsummerki má sjá, því að víðsvegar upp um þverárnar, þar sem laxgengdin var mjög mikil til skamms tíma, sjest varla branda nú, hjálpast þar sennilega að þau fullkomnari veiðitæki, sem þeir hafa nú, er neðar búa við ána, og selahjörð sú hin mikla í árósunum. Manni þætti því vel til fallið, að Alþingi brigðist vel við því, að útrýma selnum. Það þýðir ekki að halda því fram að þeir menn, sem stundi útrýmingu selsins, hafi tekjur af þessu, því að þeir ná varla selnum, hann verður skotinn í straumvatni og allir, sem til þekkja vita, að selurinn sekkur, þegar hann er skotinn í straumvatni. Það er ekki hægt að svifta þá menn, sem selveiðina hafa, þeim tekjum sínum, án þess að fullar bætur komi fyrir, en þær bætur verða þeir að greiða, sem laxveiðina stunda, samkvæmt mati virðingarmanna þar til hagur af laxveiði er orðinn til jafns við það, sem áður var af selveiðinni hjá þeim er selveiðinytjar hafa nú.

Nú hagar svo til við Arnarbæli, að það er erfitt að stunda laxveiði þar, vegna þess að þar eru grynningar upp við landið, svo að erfitt mun að koma laxalögnum þar fyrir, verða bætur því að standa lengur. En hepnist laxveiði fyrir landi þeirrar jarðar, þá verður það á sínum tíma til tekna fyrir prestinn. Það má því gera ráð fyrir, að einhverntíma síðar meir fái landið aftur þessar tekjur, svo að það þurfi ekki að fella niður þann 50 kr. tekjumissi, sem hjer er um að ræða.

Jeg ætla, að það hafi verið á mjög miklum misskilningi bygt hjá hv. Ed., þegar hún breytti þessu frv. eins og hún gerði. Ber jeg það traust til þessarar háttv. deildar, að hún nú leiðrjetti frv. og þar næst til háttv. Ed., að þegar hún þekkir málavexti, þá verði hún fús til að fallast á slíka leiðrjettingu.

Það, sem hermt var um flutning málsins á síðasta þingi, var rangt að því leyti, að það var ekki ætlast til að landið bætti að öllu leyti þeim, sem hefðu orðið fyrir tekjumissi við útrýming selsins. Það var ekki ætlast til þess á síðasta þingi, og alls ekki nú, nema fyrir þessa einu jörð, sem landið á.

Jeg hefi litið á þetta sem eina tegund þeirrar viðleitni, sem Alþingi á að sýna

til að auka hlunnindi til lands og sjávar. Jeg teldi þess vegna mjög vel fara á því, að Alþingi sýndi þann skilning á þessu máli, að það leiðrjetti þann misskilning, sem varð hjá hv. Ed. — Og fullvíst er það, að ef við komum okkar laxveiðalöggjöf í það horf, sem ætti að vera, þá má margfalda þau hlunnindi, sem landið hefir af þeirri veiði haft nú um stund, og þetta er einn þátturinn, sem hið háa Alþingi á að stuðla að.

ATKVGR.

Brtt. 440, 1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 440, 2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 466 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 481).

Á 67. og 70. fundi í Ed., 13. og 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Hlutafjelög.

Á 19. fundi í Nd., 11. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um hlutafjelög, nr. 77, 27. júní 1921 (þmfrv. A. 94).

Á 22., 24. og 25. fundi í Nd., 14., 16. og 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., 20. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Eftir núgildandi l. um hlutafjelög, er ekki greinilega kveðið á um, hvaða gögn þau eigi að láta af hendi við lögreglustjóra. Þetta frv. fer fram á, að hlutafjelög sendi reikninga sína til lögreglustjóra, og að almenningur hafi aðgang að þeim þar. Svipuð ákvæði eru víða erlendis. Þetta er gert til þess, að almenningur eigi tiltölulega greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um hag hlutafjelaga og starfsemi þeirra, en þau eru orðin svo umsvifamikil í framleiðslu og viðskiftum, að þetta virðist með öllu sjálfsagt. Jeg vil líka geta þess, að hlutafjelögin eru flest rekin með takmarkaðri ábyrgð, svo að það gegnir alt öðru máli með þau en fyrirtæki einstakra manna, sem rekin eru með fullri ábyrgð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara nánar út í frv. að sinni, en vil mælast til, að því verði vísað til allshn., þegar þessari umr. er lokið.

Jón Ólafsson: Í fljótu bragði gæti maður haldið, að í þessu frv. fælist eitthvað mikið — greinarnar eru það margar, að maður gæti búist við að margt nýtt væri tekið fram í þeim. En svo er þó ekki. Hjer er aðeins um eina breytingu að ræða á núgildandi l. um hlutafjelög, og hún er sú, að reikningar fjelaganna verði lagðir fram öllum almenningi til sýnis. Þetta, og ekkert annað, vakir fyrir hv. flm. þessa frv.

Það er nú svo um allan atvinnurekstur, bæði einstakra manna og fjelaga, að ef ein grein atvinnurekstrar er

tekin út úr, þá er hinum hætt í hverju einstöku tilfelli. Það veltur því alt á því, að þessi afskifti af hálfu hins opinbera sjeu nauðsynleg fyrir þjóðarheildina.

Hvað hlutafjelög snertir, þá veit jeg ekki betur en að almenningur hafi betra yfirlit yfir hag þeirra og starfsemi en annara fjelaga, sem fámennari eru og rekin með sama hætti. Hlutafjelögin verða að gera grein fyrir starfsemi sinni um hver áramót, og ber skylda til að senda skattstjóra viðkomandi hjeraðs rekstrar- og efnahagsreikninga, og sömuleiðis hluthafaskrá. Ef hluthafaskráin væri til sýnis almenningi, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., er mjög hætt við, að hlutabrjefin hættu að hljóða á nafn, en það væri mjög ilt, ef svo færi. Alveg það sama yrði uppi á teningnum, ef farið væri að flagga framan í almenning með bankainneignum manna. Menn mundu taka fje sitt út úr bönkunum og koma því fyrir, þar sem minna bæri á. Mannlegu eðli er nú einu sinni svona farið.

Eins og jeg tók fram í upphafi, vakir það eitt fyrir flm. þessa frv., að almenningi gefist kostur á að kynna sjer hag og starfsemi hlutafjelaganna. En jeg held, að öðrum fjelögum sje hætt, ef gengið er inn á þessa braut, og álít þetta í alla staði varhugavert. Jeg býst ekki við, að hv. flm. (HV) væri nein þægð í því, að farið væri að hnýsast í þau fyrirtæki, sem hann hefir með höndum. (HV: Hvaða fyrirtæki?). Jeg á við „Tóbaksverslun Íslands“ og „Olíuverslun Íslands“ og „Alþýðubrauðgerðina“, sem hv. þm. á sínum tíma var mjög riðinn við, og er reyndar enn. (HV: Hún hefir aldrei verið hlutafjelag). Það þykir mjer einkennilegt. Að minsta kosti voru mjer einu sinni boðin hlutabrjef í henni. Samkvæmt eðli þeirra fjelaga, sem hluthafamörg eru, fer rekstur þeirra ekki fram með neinni leynd, auk þess sem sú skylda er á þau lögð, að gefa upp til hlutaðeigandi skattstjóra alt viðvíkjandi rekstrinum og því öðru, sem nokkra þýðingu kann að hafa. Jeg tel þetta frv. því fjarri öllu lagi, enda geng jeg þess ekki dulinn, að hv. flm. þessa frv. beri það fram með það eitt fyrir augum, að nota þær upplýsingar, sem þeir með þessu móti gætu aflað sjer um efnahag manna, í pólitísku augnamiði.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg bjóst aldrei við því, að hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) myndi verða með þessu frv., enda þótt það í sjálfu sjer sje mjög saklaust. Jeg skil ekki hvað hlutafjelög, sem starfa hjer í landinu, geta haft á móti því, þó að almenningur hefði aðgang að reikningum þeirra hjá lögreglustjóra; það myndu hvort sem er ekki aðrir fara að hafa fyrir að hnýsast í þá en þeir, sem þess þyrftu með. En jafnvel þó einhverjir aðrir gerðu það, til þess að vita hvernig þau stæðu sig, þá sje jeg ekki, að það gæti gert neitt, ef þau stæðu sig vel. Þá myndi vissan um það verða sama sem vaxandi lánstraust, en ef þau stæðu sig illa, þá væri heldur ekki nema sanngjarnt, að allir fengju að vita það, því að þótt vel sje um mörg hlutafjelög búið, þá eru líka mörg þeirra varhugaverð fjárhagslega, og kæmust menn þá að því, við að sjá reikninga þessara fjelaga. Væri það gott fyrir alla.

Hv. 3. þm. Reykv. bjóst við því, að ef uppvíst yrði, hverjir ættu hluti í hlutafjelögum, þá mundu hlutabrjef ekki lengur vera skráð á nafn, heldur á handhafa. Jeg býst við, að fáir kynnu illa við að láta sjá nöfn sín sem eigendur hlutabrjefa, því að það er fáum til skammar. Yfirleitt álít jeg, að það ætti að vera miklu greiðari aðgangur að öllum upplýsingum um slík atvinnufyrirtæki og miklu minni leynd heldur en nú er. Hjá samvinnufjelögunum komast menn að öllu, sem menn vilja, öðru en viðskiftaleyndarmálum, ekki aðeins fjelagsmenn, heldur allir óviðkomandi, og sama finst mjer ætti að vera um hlutafjelög. Með stærri fjelög erlendis er það svo, að ekki er aðeins heimtað, að þau birti opinberlega reikninga sína, heldur líka að aðalfundir þeirra sjeu opnir fyrir frjettariturum blaðanna, svo að allir geti fengið að vita, hvað þar gerist.

Við flm. þessa frv. höfum ekki farið fram á þetta, heldur aðeins að þessar upplýsingar væru gefnar. Það getur verið, að það sje hægt að heimta þetta, þó að þessar upplýsingar sjeu ekki gefnar nú, því að öll fjelög eru skyld að senda reikninga sína þangað, sem þau eru skráð. En hvað það snertir, sem hv. þm. (JÓl) sagði um Alþýðubrauðgerðina í þessu sambandi, þá kom það náttúrlega ekki vel heim, því að hún hefir aldrei verið hlutafjelag, heldur sameign verklýðsfjelaganna hjer í bænum. Fleiri hundruð manna hjer í bæ hafa vitað um hag hennar, og er að því leyti svipað að segja um hana og samvinnufjelögin, að þar er ekki mikil leynd yfir.

Ólafur Thors: Jeg lít ekki á þetta mál sem neitt stórmál. Jeg viðurkenni, að það sje rjett að krefjast þess, að reikningar hlutafjelaga sjeu aðgengilegir þeim, sem um þá þurfa að vita, en jeg álít, að það sje trygt með gildandi lögum, að þeir, sem fyrst og fremst þurfa að vita um hag og afkomu þessara fyrirtækja, eigi tryggan aðgang að reikningunum. Auk þess liggur hjer fyrir þinginu frv. til l., sem tryggir mönnum nokkra þekkingu á hag hlutafjelaga, þ. e. a. s. frv. til l. um vinnudóm, ef samþykt verður. Bankar og lánardrotnar geta auðvitað trygt sjer alla nauðsynlega vitneskju, og einstakir viðskiftamenn fjelaganna hafa líka aðstöðu til þess. Þeir geta, ef þeim sýnist, heimtað þessa reikninga af fjelögunum, að minsta kosti ef fjelögin eiga eitthvað undir högg að sækja.

Hjer er farið fram á það, að almenningur eigi aðgang að reikningum þessara fyrirtækja. Jeg sje ástæðu til að beita mjer á móti því, enda vita það allir, að það er hverjum manni hvimleitt að láta alla vita um efnahag sinn, og því ekki rjett að setja slík lagafyrirmæli, ef það er ekki nauðsynlegt. Það vita allir að það, sem mest gerir það að verkum, að menn eru andvígir tekju- og eignaskatti, er sú kvöð, sem þeim skatti fylgir, að gefa upp fjárhagslega afkomu sína. Það er öllum sameiginleg tillhneiging, ef mönnum gengur illa, að láta ekki mikið á því bera, og eins er það, ef vel gengur, og jeg hygg að það sje alveg eins með hv. aðalflm. þessa frv. (HV). En frv. er ein viðleitni jafnaðarmanna til þess að gera einstaklinginn sem allra leiðastan á að sinna sínum atvinnurekstri. Þeir fara margar leiðir, fyrst og fremst með beinu sköttunum, og svo með ýmsum

síður beittum vopnum, eins og t. d. þeim, sem felast í þessu frv.

Jeg vil auk þess leyfa mjer að benda á það, að það getur vel skaðað hlutafjelög, að hver og einn geti hnýst í þeirra reikninga, mönnum þarf ekki að vera það meinalaust að keppinautar þeirra geti gengið að reikningunum og skoðað þá, það geta falist mörg einkamál í þeim.

Að lokum vil jeg benda á það, að ef svo á að vera um hlutafjelög, þá sje jeg ekki annað en að sömu kröfu megi gera til hvers einstaklings, sem atvinnu rekur. Það má lengi deila um það, að hve miklu leyti fjárhagur slíks einstaklings á að vera opinber, og jeg sje ekki, að það sje ljett að setja takmörkin, ef menn vilja fara inn á þá braut, sem hv. þm. (HV) leggur til. — Jeg verð því að segja það, að þótt jeg líti ekki á þetta frv. eins og neitt stórmál, þá álít jeg það óþarfa málaleitun, flestum heldur hvimleitt og engum til gagns, og mun jeg því greiða atkvæði á móti því.

Haraldur Guðmundsson: Jeg skal ekki að þessu sinni lengja mjög umr., en jeg vil þó ekki láta hjá líða við 1. umr. að segja nokkur orð, af því að tveir hv. þm., hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), hafa talað um þetta mál eins og enginn munur væri á hlutafjelögum og einstaklingum. Þykir mjer því rjett við þessa umr. að benda þessum hv. þm. á það, hver munurinn er.

Hlutafjelög öðlast, samkvæmt lögunum um hlutafjelög, margvísleg rjettindi, þau fá rjettindi til atvinnurekstrar og viðskifta eins og einstaklingur væri, en **þau eru mynduð af einstaklingum, sem** leggja fram ákveðið fje og hafa takmarkaða ábyrgð í langflestum tilfellum. Þess vegna væri eðlilegt að mikill greinarmunur væri gerður á rekstri einstaklinga og rekstri hlutafjelaga; einstaklingurinn stendur persónulega til tryggingar hverri þeirri skuldbindingu, sem hann tekur á sig, og sömuleiðis með þeim tekjum og eignum, sem hann síðar kann að eignast. En alt öðru máli er að gegna með hlutafjelag. Það hefir ekki aðra tryggingu að bjóða en það fje, sem í það er lagt, því að aðgangurinn að mönnunum, sem í því eru, er enginn, þegar ábyrgðin er takmörkuð við hlutafje, sem hefir verið lagt fram. Vitanlega er það svo stundum, að stjórnin er í ábyrgð, persónulega, fyrir skuldum fjelagsins, en það er þá af sjerstökum ástæðum, enda ekki gert ráð fyrir því í lögum.

Nú er talað um þessar breytingar, aðallega með tvent fyrir augum, og virðist annað þessara atriða sjerstaklega vera þyrnir í augum þessara hv. þm., og það er, að hlutafjelög, sem reka stórkostlega atvinnu, verði fyrir opinberri gagnrýni, að allur almenningur geti hnýst í þeirra hag, því að þessir hv. þm. (ÓTh og JÓl) álíta, að hagur þeirra komi eingöngu eigendunum við og ef til vill fáeinum, sem vegna skuldaskifta við þau þurfa um hag þeirra að vita. En hverjir eru það þá? Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) taldi það helst vera ríkissjóð. **(ÓTh:** Jeg sagði, að lánardrotnar þeirra væru bankarnir, stærri viðskiftamenn og almenningur). Ef þetta er skoðun hv. þm., þá á hann vitaskuld að greiða atkv. með þessari brtt., því að það er eina leiðin til þess að allir þessir lánardrotnar, sem hann kallar, **fái að vita um hag fjelagsins.**

En þar sem hv. þm. drap á, að vinnudómsfrv. gefi þessar upplýsingar, þá er það ekki annað en fjarstæða, eins og hv. þm. líka veit, því að ef það væri svo, þá mundi hann ekki vera með því frv. Þær upplýsingar, sem vinnudómurinn kynni að fá, má enginn vita neitt um nema dómendurnir, enda er ætlast til, að alt fari þar fram með leynd og pukri, t. d. á öll málafærslan að vera leynileg, til þess að almenningur fái alls enga vitneskju um hag aðilja og dómendur skulu bundnir þagnarheiti. Það þarf býsna mikil brjóstheilindi til þess að halda því fram hjer í hv. deild, að vitneskja vinnudóms eigi að vera opinber gerð, þar sem í tveimur greinum frv. er tekið fram, að alt slíkt skuli vera leynilegt og bundið þagnarheiti.

Jeg lít svo á, að um þessi fjelög þurfi miklu fleiri menn að vita en eigendur þeirra, og því sje sjálfsagt að alt það, sem gefur yfirlit rjett og fullnægjandi um hag og afkomu þessara fjelaga, eigi að vera opinbert mál. Það er og vitanlegt, að allskonar hlutafjelaganefnur spretta upp eins og gorkúlur á haugi, spretta upp í skjóli þeirrar leyndar, sem hvílir yfir þess konar fjelögum, og sum þeirra virðast aðallega til þess stofnuð að hafa fje af fávísum mönnum, sem trúa þeim fyrir nöfnum sínum eða fje sínu. Ef hlutafjelögum væri skylt að láta stofnskjöl sín og alla reikninga liggja frammi, þar sem hver og einn gæti gengið að þeim, þá er enginn vafi á því, að það mundi draga úr stofnun slíkra „svindl"-fjelaga. Og engin ástæða virðist til þess, að ljetta slíkum fjelögum þesshátt starfsemi.

Hv. 2. þm. G.-K. var hjer með, að því er mjer virtist, einhverjar sálfræðilegar ástæður fyrir því, sem hann kallaði andúð manna yfirleitt gegn þessu frv., og sagði, að það væri eðli flestra að vilja ekki láta vita um það, hvort atvinna þeirra gengi vel eða illa. Það má vel vera, en hv. þm. (ÓTh) veit sjálfsagt, að slíku verður ekki leynt til lengdar, hvort betur gengur eða ver. Og það, að leyna slíku til lengdar, getur að minsta kosti verið og er oft beinlínis sviksemi við viðskiftamennina. Með því að leyna illum efnahag og halda áfram að nota sjer tiltrú manna, sem trúa því, að efnahagurinn sje eins og þegar hann var bestur, eru þeir beinlínis narraðir. En ef efnahagur fjelagsins batnar aftur, þá ætti að minsta kosti viðkomandi sveitar- og bæjarfjelag að fá vitneskju um það og fá rjetta skatta og skyldur, eins og líka sá hópur verkalýðs, sem hefir lagt sitt til að skapa þessa velmegun, og sem ætti þá líka að vera þátttakandi í henni með hærra kaupi o. fl.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði að leiða mundi af þessu fyrirkomulagi, að ýms blöð, sem hefðu það fyrir atvinnu að leggja vissa menn í einelti, mundu fá eitthvað til að moða úr, til þess að geta svift menn æru, lánstrausti, og jeg veit ekki hvað. Þetta er að snúa öllu öfugt. Með því að lögleiða opinber reikningsskil hlutafjelaga er einmitt fyrirbygt, að hægt sje að tortryggja þau að ósekju. Þá getur hver og einn sjeð reikninginn og kynt sjer, hvort rjett er frá sagt í blöðunum. Ef hv. þm. (JÓl) væri virkilega ant um það, að ekki bærist út nema það eitt, sem rjett væri um hag og afkomu þessara fjelaga, þá ætti honum að vera það áhugamál, að reikningarnir lægju til sýnis öllum, því það er einmitt þessi launung, sem gerir það að verkum, að menn hafa stundum

ástæðu til þess að ætla annað en er í raun og veru. Jeg geri auðvitað ráð fyrir, að það yrðu rjettir reikningar, sem lagðir væru fram, reikningar, sem hægt væri að byggja á, bæði staðfestir af endurskoðendum og samþyktir á aðalfundi.

Það er alveg rjett, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að í raun og veru er þetta heldur lítilfjörleg breyting frá núverandi lögum. Það verður ekki annað sjeð á núgildandi lögum, en að reikningarnir eigi að liggja frammi, en þar er bara ekki sagt neitt um það, til hvers þeir eigi að liggja frammi. Mín skoðun er sú, að eftir lögunum eigi þeir að liggja frammi, almenningi til sýnis, en jeg hygg, að lögreglustjórinn í Reykjavík telji sjer ekki heimilt að láta reikningana liggja frammi í þeim tilgangi, og er því sjálfsagt að taka af öll tvímæli um þetta efni.

Ólafur Thors: Hv. þm. Ísaf. (HG) vildi gera einhvern reginmun á hlutafjelögum annars vegar og einstaklingum hins vegar, vegna þess að einstaklingar stæðu í ábyrgð fyrir rekstri sínum með aleigu sinni, en hlutafjelögin aðeins með hlutafje einu saman. Jeg vil nú spyrja hv. þm. (HG) að því, hvernig hann ætlar viðskiftamönnum einstaklings að vita, hver þessi aleiga hans er, því vitaskuld veltur mikið á því fyrir viðskiftamanninn. Sje maðurinn eignalaus, er ábyrgð hans einskisvirði. En með hlutafjelög er það öllum vitanlegt, hvert stofnfje þau hafa, og þótt hlutafjelög geti tapað sínu stofnfje, þá má samt fá nokkurt yfirlit yfir gjaldgetu þeirra, hlutafje og afkomu, af skattskýrslum. Það er því engin ástæða til að hlutafjelög geri opinber reikningsskil sín, en einstaklingar ekki. En eins og jeg hefi leitt athygli hv. þdm. að, þá er svo um búið í lögum, að lánardrottinn og þeir viðskiftamenn, sem citthvað eiga undir fjelögunum, geta fengið að sjá reikningana, og hver og einn viðskiftamaður, sem setur það að skilyrði fyrir viðskiftum sínum við fjelagið, getur vitanlega fengið að ganga úr skugga um hag þess.

Jeg játa það, að almenning skiftir þetta mál nokkru, en aðeins að vissu marki, þ. e. a. s. um getuna til kaupgjalds. En það er rangt hjá hv. þm. (HG), að þessi hlið málsins verði með engu móti trygð með þeim ákvæðum, sem í vinnudómsfrv. eru. Þau lög mæla svo fyrir, að kaupgjaldið skuli ákveðið af óvilhöllum dómstóli, sem ekki aðeins á að hafa vald, heldur skyldu til að kynna sjer hag fjelaganna. Það er líka rangt, þegar hv. þm. heldur því fram, að almenningur fái enga vitneskju um hag fjelaganna. Vitneskjan felst í dómsúrskurðinum.

Þá bar hv. þm. (HG) kvíðboga fyrir því, að hjer muni spretta upp, eða hafi þegar sprottið upp, málamynda fyrirtæki, til þess eins gerð að hafa fje af fávísum mönnum. Ef þetta ætti að vera ástæðan fyrir þeim lagafyrirmælum, sem hjer er verið að setja, þá væri miklu nær á annan hátt að tryggja, að slíkt geti ekki komið fyrir.

Annars mun það rjett athugað hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), að almenning varðar lítið um afkomu slíkra fjelaga, eins og líka hitt, að allur almenningur mun lítið athuga reikningana, þó að þeir liggi frammi á skrifstofu lögreglustjóra einhvern ákveðinn tíma. Alþýðu manna, sveina yfir höfuð, verður eflaust ekki tíðförult á lögreglustjóra-

skrifstofurnar í þeim tilgangi.

Þá var hv. þm. Ísaf. (HG) að skopast að tilhneigingu hluthafanna um að leyna alþjóð manna afkomu slíkra fjelaga.

Það rifjast nú upp fyrir mjer, að þegar við buðum okkur fram saman í G.-K., hv. þm. Ísaf. (HG) og jeg, að það var á fundi í Hafnarfirði, er við deildum um beinu skattana; að jeg hjelt fram sömu skoðun þá eins og nú; þá upplýstist, að menn fengjust ekki til þess að gefa upp eignir sínar, og voru á fundinum borin fram mörg dæmi þess, að menn, sem stæðu framarlega í Alþýðuflokknum, sýndu mjög mikla tregðu í því að gefa upp tekjur sínar.

Hitt er vitanlegt, að það getur skaðað viðskiftamenn slíkra fjelaga, ef eignir fjelaganna rýrna án þess þeir viti um það. En flestir þeirra hafa þá aðstöðu, að þeir geta auðveldlega kynt sjer afkomu fjelaganna, svo að út frá því sjeð, virðist það með öllu óþarft að setja sjerstaklega löggjöf um þetta efni. Enda er það svo, að hjer í landi fer það sjaldnast leynt, hvort gengið hefir vel eða illa fyrir einhverju fyrirtæki.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þessi ósk um reikningana á borðið væri eingöngu fyrir þá menn gerð, sem snúa vildu út úr reikningunum og nota þá til árásar á sjerstök fyrirtæki. Þessu neitaði hv. þm. Ísaf., og taldi það rökvillu, því að leggja reikningana fram, væri einmitt trygging fyrir því, að ekki yrði út úr þeim snúið. En þó að hann segi þetta, veit jeg og fleiri, sem þekkja hann, að hann meinar það alls ekki. Ef hann t. d. í blaði sínu byrjar árásir á einhvert fyrirtæki, sem hann vill koma á knje, þá notar hann vafalaust reikningana eða tölur þeirra á þá leið, er hann telur heppilegasta til að gefa árás sinni frekari stuðning. Hann veit ofur vel, að ekki þarf að gera ráð fyrir að allur þorri lesenda blaðsins fari að ómaka sig niður á skrifstofu lögreglustjóra til þess að sannfæra sig um, að rjett og satt sje frá skýrt í blaðinu. Nei, allur almenningur lætur sjer nægja það, sem hv. þm. með ritstjóra myndugleik sínum segir í blaðinu. Honum verður trúað, hann hefir sjeð reikninga fjelagsins, og þá þarf ekki framar vitnanna við.

Hv. þm. þarf ekki að reiðast mjer fyrir það, að jeg, sem þekki skrif hans í Alþýðublaðinu, fullyrti, að hann mundi ekki verða litlaus í frásögninni, ef hann vildi það við hafa og þættist þurfa á einhvern hátt að ná sjer niðri á fyrirtækinu. Hann er maður, sem er þektur að því í blaðaskrifum sínum, að svífast einskis um að rangfæra málstað andstæðinga sinna, þegar honum býður svo við að horfa.

Þess er skamt að minnast, að jeg hefi nýlega átt orðastað við þennan hv. þm. í blöðunum út af reikningum sjerstaks fjelags, sem hann hafði ráðist á í blaði sínu með þeirri venjulegu prúðmensku, sem honum er lagin í rithætti. Og þeim mun meiri vitneskju, sem jeg gaf honum og leiðrjetti rangfærslur hans, því meiri blekkingum beitti hann í útúrsnúningum sínum. Jeg segi þetta hvorki af reiði nje illgirni í garð hv. þm., heldur er þetta óyggjandi sannleikur um hans innræti og það hátterni, sem hann temur sjer í skrifum sínum í blaðsnepli þeim, sem hann stýrir.

Haraldur Guðmundsson: Hv. 2. þm.

G.-K. (ÓTh) vjek nokkrum orðum til mín í lok ræðu sinnar, og þó að það liggi utan við það mál, sem hjer er til umr., þá kemst jeg ekki hjá því að svara honum fáeinum orðum.

Hann staðhæfði, að því meiri vitneskju, sem jeg fengi, því betur notaði jeg hana til þess að blekkja og snúa út úr. Jeg ætla ekki hjer að fara að rifja upp það, sem við skrifuðumst á í blöðunum í vetur. Hv. þdm. sumum mun það í fersku minni. En jeg ætla aðeins að benda hv. 2. þm. G.-K. á það, að ef frammi hefðu legið endurskoðaðir reikningar skipsins fyrir umliðið ár, þá var ekki hægt að rangfæra tölurnar nje að snúa út úr þeim. En hitt er auðsætt öllum, er til þekkja, að þær tölur, sem hv. þm. bjó til og taldi óyggjandi, þær voru hrein og bein blekking frú upphafi til enda. Þetta veit þm. sjálfur og því óþarft að vera að rifja það upp hjer á þingbekkjunum.

Hv. þm. ætti að vera það ljóst, að það eitt er almenningi trygging fyrir því, að nokkurn veginn rjett sje frá skýrt, að endurskoðaðir og samþyktir reikningar liggi frammi. En hitt er engin trygging um rjetta frásögn, þó að hv. 2. þm. G.-K. skrifi í blað, að t. d. Kveldúlfur tapi svona og svona miklu á þessu skipi, þegar líka sannast, að þessar „óyggjandi tölur" þm. eru ekkert annað en tómur tilbúningur og ágiskanir, eins og það, sem hann kallaði aflaskýrslur. Allur almenningur hlær að slíkum staðhæfingum og ekki síst þegar tölur þær, sem þm. slær fram, stangast innbyrðis eins og verstu íhaldshrútar.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að ef reikningarnir lægju frammi, þá gæti eitthvert blað, með myndugleik ritstjórans, eins og hann orðaði það, notað sjer tölurnar, rangfært þær, og lesendur blaðsins mundu ekki fara til lögreglustjóra til að ganga úr skugga um, að rjett væri frá skýrt, heldur taka blaðið trúanlegt.

Hv. þm. virðist hafa næsta náin kynni af einhverjum ritstjórum, sem hann þekkir að því, að falsa tölur og rangfæra. En ritstjóri Alþýðublaðsins er ekki svo heimskur, að honum dytti nokkru sinni í hug að falsa tölur úr slíkum reikningum, þar sem auðvelt væri að fá hinar rjettu tölur staðfestar hjá lögreglustjóra. Hinsvegar er og mun ritstjóri Alþýðublaðsins alls ófeiminn við að vefengja tölur þær, sem hv. 2. þm. G.-K. kann að bera fram órökstuddar og langoftast eru ekki annað en rakalausar fullyrðingar.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ef fyrirtæki gengi illa eitthvert skeið, þá væri engin leynd yfir því, heldur fengi almenningur vitneskju þar um. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. Margir hafa tapað fje á því að halda efnahag fjelags betri en hann var. — En einmitt svona ætti það að vera, og því þá ekki að láta alla vita hið sanna og rjetta um afkomu fyrirtækisins og taka af öll tvímæli þar um, með því að láta reikningana liggja frammi?

Það kann líka að vera rjett, að sumir viðskiftamenn slíkra fyrirtækja gangi eftir upplýsingum um afkomu fjelaganna, en þó er það ekki algengara en svo, að allur fjöldinn viðskiftamannanna, þ. e. a. s. verkalýðurinn, fær enga vitneskju um hinn raunverulega hag slíkra fjelaga. Margur verkamaður og sjómaður hefir orðið af kaupinu sínu af þeim sökum.

Það er þarfleysa að hefja að nýju

umr. um vinnudómsfrv. Það hefir hvílst um hríð hjá hv. allshn., og vonandi er, að ró þess verði ekki raskað það sem eftir er þingsins, Að vísu játar hv. 2. þm. G.-K., að þó að vinnudómsfrv. verði að lögum, þá fáist aldrei í gegnum þau neinar upplýsingar um fjárhagslega afkomu fyrirtækjanna. Og þetta er vitanlega hverju orði sannara. Þessvegna þótti mjer dálitið undarlegt, er hann svo að segja í sömu andrá kastar fram þeirri staðhæfingu, að almenningur fái vitneskju um hag fyrirtækjanna í þeim úrskurði, er dómurinn fellir um, hvað kaupgjaldið skuli vera — og um annað varðar almenning alls ekki neitt — bætir þm. við. — Hv. þm. var ekki eins myrkur í máli nú og á dögunum, þegar frv. um vinnudóm var til umr. Þá skortu ekki blíðmælin, er hann var að reyna að færa rök fyrir því, að með frv. yrðu reikningarnir lagðir á borðið og að almenningur fengi alt að vita um rekstur og hag togarafjelaganna. Enn hefir hv. þm. tekist að sanna, hversu heill hann er í garð alls almennings, að alt sem hann hugsar og talar snýst um sjálfan hann og hans eigin hagsmuni. En úrskurður vinnudóms um kaupgjald gæti vitaskuld ekkert sagt um hag fjelaganna. Vitanlega eru ísl. togarafjelögin mismunandi vel stæð, en jeg geri ekki ráð fyrir, þótt vinnudómshugmyndin sje vitlaus, að hún sje svo snarvitlaus í huga þingmannsins, að hann ætlist til, að sjómenn og verkamenn sjeu dæmdir til að vinna fyrir lægra kaup hjá fátæku fjelögunum en þeim ríku, og fyrir ekkert hjá þeim, sem eru á hausnum. Nei, vitaskuld yrði kaupið ákveðið jafnt fyrir alla sjómenn á togurum. Og hvernig er þá hægt að fá vitneskju gegn um þann úrskurð um hag hvers fjelags?

Þá fór hv. þm. að rifja upp gamlar endurminningar frá framboðsfundum okkar í Hafnarfirði. Hann sagði, að þar hefði verið upplýst, að einhverjir „alþýðuleiðtogar" þar, sem hann svo nefndi, hefðu verið tregir á að telja fram eignir sínar til skatts. Það má vel vera, að slíkar upplýsingar hafi komið fram á fundinum, þó að jeg muni ekki eftir því. Jeg veit ekkert um þetta nje við hvað hann á. En það þarf ekki suður í Hafnarfjörð til þess að fá vitneskju um skattsvik. Það er áreiðanlega meira en nóg til af slíku hjer í Reykjavík, fyrst og fremst meðal flokksbræðra hv. þm. (ÓTh). Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að uppvíst hefir orðið um stórkostlega misbresti á framtölum manna. Enn þann dag í dag má nefna ekki svo fá dæmi þess, að menn hafa þrjóskast við eða látið undir höfuð leggjast að telja fram eignir sínar og tekjur. En þetta smá lagast og færist í rjetta átt. Hjer í Reykjavík veit jeg, að gengið er röggsamlega eftir því nú, að framtölin sjeu rjett og þau sannprófuð eftir því, sem föng eru á.

Eitt vil jeg taka fram í þessu sambandi. Jeg veit, að út um land tíðkast það, að leggja fram sundurliðaðar skattskrár, þar sem ekki einasta er tilfærð skuldarupphæðin heldur líka upphæð skattskyldra eigna og tekna. Hjer í Reykjavík hefir skoðanabræðrum hv. 2. þm. G.-K. lánast til þessa að hindra að þetta yrði gert hjer. Skattskráin hjer sýnir aðeins skattupphæðina í einu lagi, þ. e. samanlagðan tekju- og eignaskattinn. Þetta er alveg ótækt. Sjálfsagt er, að sama gildi hjer og annarsstaðar.

Vona jeg að hæstv. stjórn sjái um, að þetta verði lagfært tafarlaust.

Eins og áður segir, get jeg ekki sjeð að breytingar þær, er frv. þetta fer fram á, geti á nokkurn hátt gert hlutafjelögunum hið minsta ógagn, en fyrir allan almenning, alla viðskiftamenn fjelaganna, er þetta aukin trygging. Jafnframt er þá útilokað, að hægt sje að setja upp hrein braskfjelög til fjárpretta, og útilokað að hægt sje að gera efnahag fjelaga tortryggilegan að ástæðulausu. Breytingarnar eru því til bóta bæði fyrir fjelögin, sem eiga að lifa, og almenning.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg er hissa á þeirri miklu andstöðu, sem þetta litla frv. mætir, eins og breytingarnar virðast þó vera sjálfsagðar, sem farið er fram á, að gerðar sjeu á hlutafjelagalögunum. Á síðasta þingi bar jeg fram frv. í þessu efni, sem fann þó ekki náð fyrir augum hv. þdm., enda fór það dálitið lengra; vildi jeg því ekki taka það óbreytt upp aftur, með því líka að ætla mætti, að þetta frv. hefði fremur fylgi meðal hv. þdm.

Annars skil jeg ekki hræðslu hv. andstæðinga frv. við það, að öllum almenningi verði fyllilega ljós afkoma fyrirtækja þeirra, er fjelögin reka, og jeg get ekki heldur sjeð, að rjett sje, ef eitthvað er, sem þeir þykjast þurfa að fela í rekstri atvinnufyrirtækjanna, að því sje haldið leyndu fyrir allri alþýðu manna, þó þeir jafnhliða haldi því fram, að hagur hlutafjelaganna sje öllum lýðum ljós, sem er algerlega rangt. Það hefir því skinið í gegnum ræður andstæðinga frv. sú skoðun, að í raun og veru varðaði almenning ekkert um fjárhagslega afkomu þeirra atvinnufyrirtækja, sem rekin eru með hlutafjelagsskniði, og því síður einstakra manna fyrirtæki. Þetta er skiljanlegt frá sjónarmiði hluthafanna sjálfra og þeirra einstaklinga, sem fyrirtækin reka eða hafa með höndum. Þeir líta svo á, að engan varði um öll skakkaföllin, er þeir gera, engan varði um þann gróða, sem þeim kann að hlotnast, þótt alt sje rekið fyrir lánsfje frá þjóðfjelaginu og óhepnin lendi á því, þegar illa gengur. En frá minu brjósti horfir málið öðruvísi við. Jeg lít svo á, að allur sá mikli fjöldi verkalýðs, sem á afkomu sína undir atvinnurekstri hlutafjelaganna, eigi heimtingu á að vita um, hvernig hag fyrirtækjanna er varið. Svo er það ekki alveg þýðingarlaust fyrir þann aðiljann, sem lánar fjeð til fyrirtækjanna, hvernig með það er farið. Það er ekki hægt að treysta því skilyrðislaust, sem fjelögin gefa út um hag sinn, þar eð engri gagnrýni er hægt að koma við frá þeim, sem utan við standa. Verkamönnum og öðrum þeim, sem vinna hjá sumum þessum hlutafjelögum, sem tíðast eru stórútgerðarfjelögin, er atvinnurekstur hafa með höndum, er sagt aðeins undan og ofan af um fjárhagslega afkomu þeirra, og oftast nær látið í veðri vaka, að hagur fjelaganna sje svo slæmur, að þau geti ekki greitt hærra kaup en stjórnendum fjelaganna þóknast að bjóða á hverjum tíma, án tillits til brýnustu þarfa verkamanna. Það má vel vera, að hagur ýmsra þessara fjelaga sje ekki altaf jafn glæsilegur og margir álíta. En allur vafi í því efni mundi hverfa, þegar hver og einn gæti sannfærst um það af sjálfum reikningum atvinnufyrirtækjanna á

hvaða tíma sem er. Báðum aðiljum ætti að koma vel slík opinber birting reikninganna. Tortrygni í garð hlutafjelaganna mundi minka frá öllum almenningi, sem utan við þau stendur. Hluthafarnir mundu öruggari með fje sitt, og þau fyrirtæki, er sæmilega eru rekin, mundu afla sjer almenns trausts. Það mundi einnig hafa þau áhrif, að fjöldi manna legði fje sitt í fyrirtæki frekar en nú er. Eins og nú er ástatt, þá munu þess mörg dæmi, að hluthafarnir fylgjast ekki með hag og rekstri allmargra atvinnufyrirtækja. Þá fyrst er knýja þarf á buddu þeirra, eru þeir vaktir til vitundar um fjelag það, er þeir eru hluthafar í.

Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að mjer hafa sagt bankafróðir menn, sem gerst mega vita um slíka hluti, að í löndunum í kringum okkur væri þeirri reglu fylgt undantekningarlaust, að hlutafjelög birtu reikninga sína opinberlega. Og sumstaðar er svo langt gengið, að blaðamönnum hinna ýmsu stjórnmálaflokka landanna er heimilað að sitja á fundum hlutafjelaga, til þess að geta enn þá betur aflað sjer vitneskju um hag þeirra, er blöðin flytja svo aftur öllum almenningi. Í þessum löndum þykir þetta ekki nema sjálfsagt, svo að auðveldara sje fyrir almenning að fylgjast með rekstri og hag fjelaganna. Sömu reglu mun fylgt í Stóra-Bretlandi um fiskveiðafjelög að minsta kosti, og þar er ekki látið nægja að reikningarnir liggi fyrir í árslok, heldur er þar sú venja, að birta reikningana í lok hvers ársfjórðungs. Á þennan hátt hefir verkalýðurinn og allir aðrir, sem vilja fylgjast með atvinnurekstrinum og afkomu hans á hvaða tíma sem er, eitthvað ábyggilegt til þess að byggja á kröfur sínar og aðrar ályktanir, sem oft og einatt standa í sambandi við, hvernig hag fyrirtækjanna er varið, að minsta kosti hefir það verið svo á voru landi í sambandi við allar kaupdeilur, að því hefir verið óspart hampað, að hagur fjelaganna þyldi ekki það kaupgjald, sem krafist væri. Enda hygg jeg að hjer mundi koma í ljós, ef allur almenningur vissi með sannindum um rekstur og hag stórútgerðarinnar, þá mundi ljettara að jafna ágreining þann er nú á sjer stað í kaupdeilumálunum, og um leið fundin opnari leið til þess að benda á, hvernig kaupgreiðslufyrirkomulagið skuli vera, sem tvímælalaust er hægt að hafa á annan veg en nú er, svo báðir mættu vel við una.

Hv. 3. þm. Reykv. var eitthvað að minnast á hlutafjelag, sem jeg væri við riðinn. Jeg skal nú upplýsa hann um það, að jeg stend ekki að neinu hlutafjelagi og svo mun einnig vera um flokksbróður minn hv. þm. Ísaf. (HG). Sami hv. þm. var að vitna í hlutafjelag hjer í bæ, sem sje Alþýðubrauðgerðina, og vil jeg þá leiðrjetta þau ummæli hans. Alþýðubrauðgerðin er ekki hlutafjelag heldur sameignarfjelag, á sama hátt og stofnanir ríkisins, landsbanki, sími, póstur, verslanir, skipaútgerð o. s. frv. eru eign þjóðarinnar. Á sama hátt er Alþýðubrauðgerðin eign verkalýðsfjelaganna hjer í bænum. Hver einstakur meðlimur þeirra á sinn litla skerf í því fyrirtæki. Þar með er jeg ekki að segja, að jeg sje á móti því, að slík samvinnufjelög birti reikninga sína, enda er það nú svo um Alþýðubrauðgerðina, að reikningar hennar eru ekkert pukursverk. Þeir eru til gagnrýningar og úrskurðar hjá öllum fjelagsskapnum og kjörnum fulltrúum, eins

og reikningar rikisfyrirtækjanna eru gagnrýndir og samþ. af Alþingi. Jeg vildi með þessum orðum aðeins leiðrjetta þessi vitlausu ummæli hv. 3. þm. Reykv., sem vitanlega hafa verið sögð gegn betri vitund. Því að honum er vel kunnugt um, hverskonar skipulag er á umræddu fyrirtæki.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði ennþá einu sinni, að engin leynd hvildi yfir reikningum stór-útgerðarinnar. Við höfum oftar þráttað um þetta, enda veit hv. þm., að svona staðhæfingar eru ekkert annað en blekkingar, því þó að skattstofan fái eitthvað að vita um það, hvernig fjelögin standa sig, þá er það hulinn leyndardómur öllum almenningi. Samskonar blekking var og sú staðhæfing hans, að allar upplýsingar lægju frammi, ef frv. um vinnudóm yrði að lögum. Þetta var nú marghrakið á dögunum og rekið jafnóðum ofan í meðmælendur frv. þá, því eins og frv. er orðað, þá eru það aðeins dómendurnir, sem geta fengið þetta að vita, en þó jafnhliða tekið fram, að þeir sjeu bundnir þagnarskyldu um alt það, er fram kemur, og einstök fjelög varðar. Hjer ber því að sama brunni, að allur almenningur fær ekkert að vita um rekstur og hag þessara atvinnufyrirtækja.

Ef þessi regla kæmist á, að almenningur hefði greiðan aðgang að reikningum fjelaganna, þá mundi jafnframt skapast heilbrigð gagnrýni á starfsemi þeirra. Og jeg verð að líta svo á, að hlutafjelög, sem hafa að láni sparifje landsmanna, megi gjarnan vera undir gagnrýni almennings, ekki síður en þau fyrirtæki, sem rekin eru af hinu opinbera. En um heilbrigða gagnrýni á rekstri hlutafjelaga getur ekki verið að ræða fyr en reikningarnir eru lagðir á borðið og birtir fyrir alþjóð. Og að því miðar þetta litla frv., sem mjer mundi þykja mjög undarlegt, ef ekki næði samþ. hv. deildar. Með því er ekki farið fram á annað nje meira en það, sem segja mætti um, að öll heilbrigð hugsun og rjettlætismeðvitund mæli með.

Að lokum vildi jeg segja hv. 2. þm. G.-K. það, að jeg varð satt að segja meira en hissa, þegar hann fór að vitna í útreikning, sem hann hafði í vetur gefið um rekstur eins af skipum sínum. Hafi hv. þm. nokkurn tíma mistekist í rökfærslunum, þá var það að minsta kosti þá, enda fór hann svo illa út úr þessari ritdeilu sinni, að það mun lengi í minnum haft. Blekkingarnar lágu svo í augum uppi, að fáum eða engum kom til hugar að festa hinn minsta trúnað á skrifum hans. Það eru ekki þvílíkir útreikningar, tilbúningur einn, sem frv. það, er hjer um ræðir, fer fram á að birtir verði, heldur reikningar, sem styðjast við veruleikann.

Ólafur Thors: Jeg ætla ekki að lengja umr. með því að fara að deila við hv. þm. Ísaf. (HG) um afkomu einstakra togara. Jeg ætla þó að geta þess, að í þessu deilumáli okkar komu fram það skýr gögn frá minni hálfu, að vandalaust var fyrir hann að komast að rjettri niðurstöðu, ef hann hefði ekki fremur kosið að þjóna lund sinni. Það er því ekki hallað á þennan hv. þm., þó að staðhæft sje, að hann mundi ekki sjá í það að rangfæra tölur til þess eins, að reyna í bili að sjá málstað sínum borgið.

Jeg lagði sjálfur fram reikning yfir hina ýmsu kostnaðarliði, og skýrði þá

mjög nákvæmlega, en ritstjóri Alþýðublaðsins skelti skolleyrunum við upplýsingum mínum og tók þær ekki til greina. Jeg lagði þá tölur hans til grundvallar, en bætti einungis við þeim kostnaðarliðum, sem hann hafði gleymt. En alt kom fyrir ekki. Hann vildi ekki sjá nje skilja í það skiftið, og jeg er hræddur um, að svo reynist oftar.

Þá var það rangt hjá hv. þm. Ísaf., að jeg hefði sagt, að þótt vinnudómur væri lögleiddur, gæfist almenningi enginn kostur vitneskju um hag fyrirtækjanna. Jeg sagði þvert á móti, að dómsniðurstöðurnar væru það eina, sem almenning skifti nokkru máli að vita, og þær fengi almenningur að vita. Og þær niðurstöður eru áreiðanlega meira virði en þær heildarútkomur, sem reikningar fyrirtækjanna sýndu, þótt þeir lægi öllum almenningi til sýnis. Það er því rangt og mjög vanhugsað af hv. 4. þm. Reykv., þegar hann undirstrikar þau ummæli hv. þm. Ísaf., að almenningur fái í dómsniðurstöðunum engar upplýsingar um hag fjelaganna. Að svo sje, vill hann rökstyðja með því, að Alþýðuflokkurinn eigi ekki nema 1 mann í dómnum og sje hann auk þess bundinn þagnarskyldu. En til hvers á almenningur að fá þessar upplýsingar, nema til þess að geta á þeim grundvelli bygt sanngjarnar kaupkröfur? (HG: Ætlast þm. til, að dómsniðurstöðurnar sjeu einungis bygðar á gjaldgetu fyrirtækjanna?) Dómsniðurstöðurnar eru bygðar á þeim upplýsingum, sem fram koma, og dómurinn hlýtur ávalt að hafa frjálsar hendur um að marka höfuðlínurnar í þessum viðskiftum beggja aðilja. Annars má um það deila, hvað beri að leggja til grundvallar slíkum úrskurðum, og fer það auðvitað eftir atvikum. Jeg teldi eðlilegt að hafa hliðsjón af gjaldgetu og notaþörf.

Nokkurs virði er mjer sú játning hv. þm. Ísaf., að jeg þyrfti ekki að færa sjerstakar sannanir fyrir því, að almenningi væri óljúft að birta efnahag sinn umfram það, sem minst væri hægt að komast af með. Þetta er staðreynd, og þess vegna er þýðingarlaust að ætla að pína almenning um skýrslugjöf umfram alþjóðarnauðsyn.

Jón A. Jónsson: Mjer virðist kenna nokkurs misskilnings hjá hv. flm. Þeir segja, að erlendis sje öllum almenningi heimill aðgangur að reikningum hlutafjelaganna. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rjett. Erlendis, þar sem kauphallir eru, er það venja, að þau hlutafjelög, sem þurfa að auka hlutafje sitt eða þvílíkt, láta skrá hlutabrjefin á kauphöllinni. Það er líka oft, að hlutabrjef ganga manna á milli, og er því nauðsyn að fá þau skráð. En slík fjelög eru þó tiltölulega mjög fá. Í Danmörku eru t. d. ekki nema um 60 fjelög, sem hafa hlutabrjefin skráð á kauphöllinni, af öllum þeim þúsundum hlutafjelaga, sem eru til í landinu. Eðlismunurinn er sá, að þessi fjelög, sem eru flest mjög stór, þurfa á fje að halda frá almenningi; þau þurfa að auka hlutafje sitt, til þess að geta fært út kvíarnar. Mörg stærstu fjelögin í Danmörku, svo sem Austur-Asíu-fjelagið og Sameinaða gufuskipafjelagið, hafa á þennan hátt margfaldað hlutafje sitt. Þessi opinberu reikningsskil, sem hv. þm. hafa talað um, ná aðeins til slíkra fjelaga, sem þannig stendur á fyrir, en alls ekki til hlutafjelaga alment. Hvað okkur snertir, þá höfum við enga kauphöll, enda veit jeg ekki af neinu fje-

lagi hjer á landi, sem þarf að láta skrá hlutabrjef sín, nema Eimskipafjelagið, og það er einmitt eitt slikt fjelag, sem þarf á almennri þátttöku að halda vegna starfsemi sinnar.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 94).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 8 atkv. og til allshn. með 15 : 3 atkv.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 502, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Myntlög.

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var útbýtt:

Frv. til myntlaga (þmfrv. A. 96).

Á 26. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það frv., sem jeg hefi hjer borið fram, er fram komið í þeim tilgangi, að okkar íslenska króna verði með lögum fest í því gildi, sem hún nú hefir og hefir haft 3 síðustu árin.

Við, sem stöndum að þessu frv., leggjum þetta til af því, að við erum sannfærðir um, að með því fæst mest rjettlæti meðal þegnanna. Mestalt núverandi sparifje þjóðarinnar hefir safnast á þeim tíma, þegar krónan hafði minni kaupgetu og verðlagið var hærra, og sama er að segja um flestar núgildandi skuldir og skuldbindingar. Er því ekki farið hjer fram á annað en hið fylsta rjettlæti. Ríkið er hjer á engan hátt að svíkjast undan gjöldum, heldur gerir það þessa ráðstöfun til þess að skipa málum þegnanna svo rjettvíslega sem unt er.

Þar sem verðföst króna er eini tryggi og öruggi grundvöllurinn í atvinnu- og viðskiftalífi þjóðarinnar, ættu ekki að renna tvær grímur á menn um að taka þann kostinn. Auk þess hafa erlendir sjerfræðingar látið svo um mælt, að verðfesting krónunnar geti ekki á neinn hátt leitt af sjer álitshnekki fyrir landið út á við, og vaxtakjör þess muni ef til vill batna, þegar svo sje komið. Þetta eru höfuðástæðurnar, sem liggja að því, að við leggjum til, að myntlögunum verði breytt.

Gengismálið er tiltölulega nýtt mál í þingsögunni, en þó svo gamalt, að staðið hafa um það miklar umr. Ályktanir Alþingis hafa fallið í þá átt, að halda ætti genginu föstu, og reynslan hefir sýnt, að það mun þjóðarheildinni happasælast, að þær ráðstafanir, sem Alþingi hefir gert hingað til, til þess að halda óbreyttu gengi, leiði til fullrar verðfestingar. Alþingi getur ekki ár eftir ár gert ráðstafanir til þess að halda föstu gengi krónunnar, án þess að taka síðar ákvörðun um, að svo skuli vera til frambúðar.

Fyrstu afskifti Alþingis af þessu máli voru ýmsar ráðstafanir um aðflutnings-

höft á erlendum vörutegundum. Á þeim tímum gerðu menn sjer ekki fyllilega ljóst, hvaða orsakir gætu legið til truflananna, en hjeldu, að gengissveiflurnar stöfuðu eingöngu af óhagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd. Þessar ráðstafanir höfðu ekki tilætluð áhrif, heldur urðu þær allar til þess að halda uppi verðlagi á þeim vörutegundum, sem innflutningur var takmarkaður á, en ekki til þess að hindra, að raunveruleg gengislækkun ætti sjer stað. Síðar hafa menn komist að rjettri niðurstöðu um þetta, og nú er öllum almenningi það ljóst, að það er verðlagið á vörum og vinnu í landinu ,sem mestu ræður um hið raunverulega gengi og um það, hvaða gengi er hægt að skrá og hvaða gengi á að skrá. Þessi regla er viðurkend að vera sú rjetta, að það sje verðlagið í landinu, sem segi til um gildi krónunnar og kaupmátt.

Á gullinnlausnartímanum var miðað við gullþunga, og kaupmáttur gjaldauranna var miðaður við gullgildi. Þetta getur ekki átt við um okkur nú, og fær ekki ráðið mestu um hið skráða gengi. Hjá okkur gildir ómótmælanlega sú regla, að gengið miðist við verðlagið alment, enda er það alment viðurkent. Um leið verður mönnum ljósara, hvílíkir erfiðleikar eru á því, að halda genginu föstu, ef verðlag raskast.

Nú er langt um liðið frá því, að verðfall íslenskra peninga varð. Þær breytingar ollu að vísu miklu ranglæti, þar sem þær skertu eignarrjett þeirra, sem safnað höfðu sparifje. Ber þjóðfjelaginu skylda til að gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess að hindra raunverulegt verðfall gjaldeyrisins. En þegar það mistekst, eins og hjá okkur o. fl. þjóðum, getur það orðið til þess að skapa mest rjettlæti, að taka beinlínis upp nýjan gjaldeyri. Og nú er svo komið fyrir okkur, eftir miklar gengistruflanir og verðsveiflur, að ekki fæst rjettlæti í þessum málum, nema sá mælikvarði, sem við núna mælum viðskifti okkar á, verði festur í því gildi, sem hann hefir.

Þegar það svo er orðið mönnum ljóst, að það er verðlagið í landinu, sem ræður mestu um það, hvert gildi gjaldeyririnn hefir, þá á hitt líka að vera ljóst, að öllum tilraunum til að hækka hann fylgja kreppur, verkföll, verkbönn og hverskonar þjáningar, sem verðsveiflur hafa í för með sjer. Það má nú að vísu segja, að slíkar kreppur, verkföll og það, sem þeim fylgir, sjeu ekki með öllu óviðráðanlegar fyrir þjóðina, því að hún hafi staðið undir slíkum vandræðum hvað eftir annað, og að hún hafi vissan forða af eignum og kröftum til þess að standast slíkt. En til þess að taka upp þá baráttu, verður maður að minsta kosti að vera sannfærður um, að barist sje fyrir rjettlátum málsstað, nauðsyn þjóðarinnar og metnaði hennar. En skorti þá sannfæringu, er ekki leggjandi út í baráttuna.

Í þessu efni ætti öllum að vera það ljóst, að það er ekki nauðsyn að hækka krónuna vegna þjóðarmetnaðar, eða til þess að ná auknu rjettlæti fyrir þegnana. Þvert á móti er hægt að sýna fram á það með rökum, að ef við hækkum krónuna upp í hið gamla gullgildi, eru þeir tiltölulega fáir, þegnarnir, sem fá sinn rjett við það, en ef við festum hana í því gildi, sem hún er nú, eru það langt um flestir þegnarnir, sem fá sinn rjett við það. Og auk þess má fullyrða, að eftir tiltölulega skamman tíma verður horfinn sá rjettur, sem fæst með

hækkun, en rjettur sá, sem fæst með festingu gjaldeyrisins, verður orðinn algildur. Það er því rjettur atvinnuveganna og þegnanna, sem við berum fyrir brjósti, þegar við berum fram tillögu þá, sem hjer liggur fyrir um festingu gjaldeyrisins, vitandi það, að heiður þjóðarinnar út á við skerðist ekki við þá ráðstöfun.

Fyrir tilstilli hæstv. forsrh, átti jeg síðastliðið sumar tal við ýmsa erlenda fjármálamenn um gengismál okkar, og var einróma álit þeirra, að best væri fyrir okkur að festa gjaldeyrinn, og töldu þeir áliti okkar erlendis engar hættur búnar af þeirri ráðstöfun. Um álit þeirra að öðru leyti visast til fylgiskjala þeirra, sem frv. fylgja. En jeg vil geta þess, að það eru engir ómerkingar, sem hjer er um að ræða, heldur stórmerkir menn, sem ekki segja annað en það, sem þeir telja samboðið virðingu sinni og þeim háu embættum, sem þeir sitja í. Er því ekki gerandi lítið úr þessum plöggum, og allra síst fyrir þá, sem leggja mikið upp úr því, sem útlendingar kynnu að segja um okkur út af þessum ráðstöfunum. Fyrir þeim mönnum ætti það að vera höfuðatriði, hvað slíkir menn sem Cassel, Jochnick og Rygg segja um þessi mál, því einmitt af áliti þeirra getum við vitað, hvað hinir minni fjármálamenn erlendis segja líka um þau.

Eins og frv. ber með sjer, leggjum við til, að framtíðargildi íslensku krónunnar verði það, að 3037 kr. jafngildi einu kílógrammi af ómyntuðu skíru gulli, og það er reiknað eftir dollaragengi, það gullgildi, sem hún stendur nú í. Það er þetta, sem sumir vilja kalla stýfingu, en það er ekki rjettnefni. Hjer er ekki um það að ræða, að stýfa núverandi krónu, heldur hitt, að festa gildi hennar. Rjettnefni slíkrar ráðstöfunar er því verðfesting núverandi krónu. En eigi að nota orðið „stýfing" í þeirri merkingu, sem það hefir í íslensku máli um aðra hluti en þessa, væri sönnu nær að nota það um stefnu hækkunarmanna, því að þeir vilja stýfa eignarrjett meiri hluta landsmanna, með því að láta alla, sem lán hafa tekið, borga meira en þeir hafa fengið að láni. Að ganga þannig á rjett manna, að bæta ⅕ við skuldir þeirra, og færa inn á kontó hinna, sem eiga sparifje, er stýfing á eignarrjettinum. Ef tillaga væri gerð um að taka ⅕ hluta af fasteignum manna, mundi það vera kallað „afnám eignarrjettarins" og það með rjettu. En alveg það sama verður, ef krónan er hækkuð upp í sitt gamla gildi. Það væri ekkert annað en eignarán, bylting, sem væri framkvæmd á ósýnilegan hátt og án þess að fjöldi manna skildi, hvað um væri að vera, eða gerði sjer grein fyrir rjetti sínum.

Slíkar byltingar ber þjóðfjelaginu skylda til að koma í veg fyrir, en það verður ekki gert að því er þetta mál snertir, nema með því að verðfesta gjaldeyrinn. Með hvaða hætti krónan verður verðfest, leggjum við flutningsmenn enga höfuðáherslu á. Við teljum það litlu máli skifta, hvort heldur það verður gamla krónan, sem tekin verður upp á eftir með umreikningi af trygð við þá mynt sem þó ekki var okkar mynt, eða gamli ríkisdalurinn, eða þá einhver alveg ný mynt. Höfuðatriðið er, að sá sem fengið hefir að láni litla krónu, þurfi ekki að greiða hana aftur með stórri krónu, eða, svo jeg noti líkingu, að sá, sem fengið hefir að láni í álnum, þurfi ekki að endurgreiða í

metrum. Þetta er það höfuðatriði, sem við festingarmenn leggjum áhersluna á.

Annars býst jeg ekki við, að nokkur hv. þdm. óski þess í raun og veru að fá aftur gengisbreytingar með öllu því ranglæti, sem þeim fylgja, þegar jafnlangur tími og nú hefir liðið frá því, að verðfallstruflanir byrjuðu. Hvort við fáum gömlu krónuna, sem við höfðum fyrir stríðið, með umreiknun, eða þá sem við höfum haft nú síðastliðin þrjú ár, er aukaatriði, eins og jeg hefi tekið fram áður. Sömuleiðis er það aukaatriði, hvort við höfum myntsamband við Norðurlönd eða einhver önnur lönd. Það eina myntsamband, sem oss varðar nokkuð að vera í, er „myntsamband" þeirra þjóða allra, sem gullfót hafa, og ef við tökum nú þá ákvörðun að festa gjaldeyrinn, komumst við í það myntsamband.

Að svo stöddu mun jeg ekki segja meira um þetta mál, nema sjerstakt tilefni verði til. Að öðru leyti en því, sem jeg nú hefi tekið fram, vísa jeg til greinargerðar frv., og þá sjerstaklega til álits hinna útlendu sjerfræðinga. Að lokinni umræðunni óska jeg málinu vísað til 2. umr. og fjhn.

Sigurður Eggers: Jeg vil í fáum orðum leyfa mjer að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa merkilega máls. Mjer skilst það svo, að hv. þm. V.-Ísf. sje eini maðurinn, sem framkvæmt hefir verulega rannsókn í þessu máli. Höfuðástæða hans gegn því, að við megum hækka krónuna er sú, að hann telur það svo mikið ranglæti. En jeg fyrir mitt leyti er hræddur um, að ef við ætlum að taka afleiðingunum af þeirri kenningu, þá yrðu þær dálítið einkennilegar. Jeg tel hjer um hreina stýfingu að ræða, þar sem ætlast er til, að minna gull verði í hinni nýju krónu en var í hinni gömlu. (ÁÁ: Það er jafnmikið gull í henni og þeirri, sem nú gildir). Og verði nú horfið að því ráði, að samþykkja þessa nýju krónu, og gera seðlana innleysanlega, þá getur farið svo, að eftir nokkurn tíma verði seðlarnir gerðir óinnleysanlegir aftur, en þá fellur pappírskrónan og getur vel farið svo, að hún fari þá aftur niður í 47 aura. Á þá samkvæmt kenningu háttv. þm. V.-Ísf., að festa hana þar sem hún stoppar, af því að alt annað væri ranglæti. Annars hljóta allir að sjá, að ef það er ranglæti að hækka krónuna úr 81½ sem hún er nú í, upp í gullgengi, þá hefir það ekki síður verið ranglæti að hækka hana úr þeim 47 gullaurum, sem hún stóð í þegar hún komst lægst, upp í það gildi, sem hún hefir nú. En hver ætli óski þess, að hún stæði enn í 47 aurum. Jeg býst við að það sjeu fáir.

Þá vitnaði háttv. þm. til þess, sem erlendir sjerfræðingar hefðu látið til sín heyra um þessi mál, og taldi álit þeirra mjög miklu skifta. En ef maður les grandgæfilega álit þeirra, einkum þó brjef bankastjóra Ryggs, þá finst mjer að fá megi út úr því, að hann sje ekki mjög meðmæltur því, að við stýfum gjaldeyri okkar. Enda væri annað mjög óeðlilegt, því að hann barðist manna mest fyrir því, að hækka norsku krónuna. Í svari sínu við spurningum þeim, sem lagðar voru fyrir hann af flm. frv. þessa, gengur hann út frá því, að þegar hafi verið ákveðið að krónan skuli stýfð, og byggist svar hans því mikið á því. Í svarinu við fyrri spurningunni, þar sem hann er spurður að því, hvort hann telji ráðlegt að verðfesta krónuna í 80—82% af gamla gullgildinu,

segir hann meðal annars: „Sje það nú talið ókleift að ná aftur gamla gullgildinu og heil þrjú ár eru liðin með föstu gengi, þá sje rjett o. s. frv.“ Og þegar hann er spurður að því, hvort hann telji, að það muni valda álitsspjöllum fyrir landið að festa krónuna í því gildi, sem hún hefir nú, segir hann: „.... Þá á jeg bágt með að trúa því, að þetta valdi nokkrum álitsspjöllum til lengdar.“

Þá er einn sjerfræðingurinn, sem hv. þm. vitnar til, prof. Cassel. Hann er eins og kunnugt er mjög merkur fjármálafræðingur, sem rjeð sinni eigin þjóð til þess að stýfa gjaldeyri sinn, og sömuleiðis Norðmönnum og Dönum, en engin þessara þjóða gerði það samt. Sjerfræðingarnir eru því að ráða okkur til að gera það, sem þeirra eigin þjóðir vildu ekki gera. Jeg vil því spyrja: Af hverju halda menn, að þessar norrænu þjóðir hafi lagt út í það, að koma gjaldeyri sínum í sitt fyrra gildi með öllum þeim erfiðleikum, sem því fylgdi? Svarið er auðsætt. Það var einungis sökum þess, að þær litu svo á, að það mundi rýra álit þeirra hjá heiminum, ef þær legðu ekki þá erfiðleika á sig. — Sannleikurinn er því sá, að sje gripið til þess úrræðis að stýfa gjaldeyrinn þegar örðugleikarnir blása á móti, er það aðeins til þess að skapa óstöðvun í fjármálaheiminum, því þegar galdeyririnn hefir ekkert fast að miðast við, er eitt í dag og annað á morgun, skapast raunverulegur óstöðugleiki í öllum viðskiftum. Ef við t. d. lítum á hækkun íslensku krónunnar úr 47 gullaurum upp í það, sem hún er nú, vita allir, að sú hækkun var miklum örðugleikum bundin, og það meiri örðugleikum en beinlínis hefði verið þörf á, af því að margir eru nú sammála um það, að hún hefði ekki þurft að vera eins ör og hún var. En hin öra hækkun varð aðallega til þess að skapa örðugleikana, því að hinu sama marki mátti ná, þó að hún hefði farið hægara. En þrátt fyrir alla þá örðugleika, sem hækkunin kostaði okkur, býst jeg ekki við, að þeir sjeu margir í þessu landi, sem sjá eftir að hafa lagt þá erfiðleika á sig eða óski þess, að krónan stæði lægra en hún stendur nú. Og þannig mun einnig fara, þó að við höldum áfram á hækkunarleiðinni þangað til við náum hinu gamla gullgildi. Við mundum, þegar því marki væri náð, verða glaðir yfir sigrinum.

Jeg var einn þeirra manna, sem vildi fara hægt í hækkuninni, því að mjer voru og eru enn fullkomlega ljósir þeir örðugleikar, sem fylgja hinni öru hækkun fyrir atvinnuvegina. Jeg sje ekki betur en að einmitt vegna þess, að atvinnuvegirnir fengu tíma til að hvíla sig og safna kröftum, ættum við að vera færari um að halda áfram að koma krónunni upp í gullgengi. Jeg get hinsvegar fallist á það, að ef til vill væri rjettara að geyma hækkunarmöguleikana nokkuð enn. Síðastl. ár námu útfluttar vörur 70 milj. kr., en innfluttar ekki nema 50 milj. Ef mörg ár slík koma, skil jeg ekki í, að nokkrum lifandi manni detti í hug, að þjóðinni sje ofvaxið að ná gullmarkinu. Mjer finst hið ágæta ár, sem leið, og framtíðarhorfurnar ekki benda til þess, að þjóðin sje að gefast upp. Jeg skal auðvitað ekki neita því, að slík hækkun hljóti að þyngja skuldabyrðirnar nokkuð. En krónan hefir áður hækkað úr 47 aur-

um upp í 81½ eyri, og þá þyngdust skuldabyrðirnar auðvitað ekki síður. En menn verða líka að muna, að um leið og krónan hækkar, er ýtt undir hina sparandi krafta í þjóðfjelaginu, en það eru þeir, sem leggja atvinnuvegunum fjeð til framkvæmda

Hv. flm. (ÁÁ) sagði, að það væri sama og að gera byltingu að halda lengra áfram á hækkunarbrautinni. Hvað segir hann þá um hækkunina úr 47 aurum upp í 81½? Var hún ekki bylting líka? Þar er enginn „principiell" munur á. Þvert á móti er full ástæða til að ætla, að seinni parturinn af áfanganum yrði ljettari, ef ekki eru tekin því stærri stökk.

Jeg hefði satt að segja talið hyggilegt, að þetta frv. hefði ekki verið látið koma fram hjer á þinginu. Jeg skal að vísu játa, að jeg þekki ekki hjörtu og nýru hv. þingmanna, en ef jeg lít inn í nánustu fortíð, þykist jeg hjer um bil geta sagt fyrir um fylgi þess. Jeg held, að ennþá sje Íhaldsflokkurinn næstum óskiftur og allir Jafnaðarmenn andstæðir verðfestingu eða stýfingu krónunnar og kjósi að fara hækkunarleiðina. Framsóknarflokkurinn mun hinsvegar standa öndverður hækkuninni. Þannig hefir afstaðan verið og jeg hefi ekki ástæðu til að ætla annað en að hún sje óbreytt. Það er að vísu kunnugt, að einn hv. þm. í Íhaldsfl., hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) er fylgjandi stýfingu, en það vissu menn áður, svo að þar er ekki um neina breytingu að ræða. Ef frv. þetta verður felt, og það verður felt, að þessari afstöðu óbreyttri — því þótt ást Íhaldsins á Framsóknarflokknum sje mikil, nægir hún varla til þess að frv. verði samþ. — þá tel jeg gengismálið horfa miklu ver við en áður. Frv. þetta, sem hv. flm. ber fram með hæstv. forsrh. á horninu, er í rauninni ekki annað en stjórnarfrv. Stjórnin hefir lýst yfir því erlendis, að krónan verði stýfð. Ef nú frv. verður felt, verður litið svo á erlendis, að stjórnin hafi ekki getað komið þessu áhugamáli sínu fram, vegna þess að hjer sje svo ákveðin hækkunarstefna ríkjandi. Afleiðingin af þessari skoðun gæti orðið sú, að erlendir stór-„spekúlantar" færu að „spekúlera" í krónunni, og að hún hækkaði á svo stuttum tíma upp í fullgildi, að tap atvinnuveganna yrði tilfinnanlegt. Jeg verð því að telja það mjög vafasama aðferð hjá hæstv. stjórn, að láta þetta frv. koma fram að þessu sinni, nema hún hafi fengið einhverja þá vitneskju um aukið fylgi þm. við málið, sem oss öðrum dauðlegum mönnum er hulin. Því að jeg tel, að hæstv. stjórn beri þetta frv. fram, þar sem hæstv. forsrh. hefir skrifað aths. við frv.

Jeg hefi nú sjeð meira um þetta mál rætt í erlendum blöðum en íslenskum. Og þótt hinir erlendu fjármálamenn þykist, sumir hverjir, ekki hafa neitt að athuga við það, að við stýfum krónuna, þá finst mjer alt af meðaumkunin skína út úr ummælum þeirra, — að þeir kenni í brjósti um litlu þjóðina, sem ekki hefir mátt til að lyfta þeirri byrði, sem engri nágrannaþjóðinni hefir reynst ofviða.

Það hefir verið sagt, að stýfingin hefði ekki áhrif á lánstraust þjóðarinnar út á við, því að hver fengi sitt. Jeg held að enginn vafi sje á því, að hvarvetna yrði litið á slíka ráðstöfun sem merki um fjárhagslega veiklun. Þetta virðist mjer líka mega lesa út úr þeim orðum Ryggs bankastjóra, er hann segir, að stýfingin muni ekki valda álits-

spjöllum til lengdar. Þetta verður eigi skilið öðruvísi en þannig, að hún valdi álitsspjöllum nú.

Það vita allir, sem nálægt viðskiftamálefnum hafa komið, hvers virði það er fyrir hvern einstakling, að hafa óskert lánstraust. En ef svo er, hvers virði er það þá ekki fyrir litlu þjóðina okkar, sem er nývöknuð til lífsins og á svo margt ógert? Ef þessi ráðstöfun verður til að veikja lánstraust hennar, verkar það böl á hvern einstakling, og þá auðvitað allra mest á viðskiftalíf þjóðarinnar sem heildar.

Jeg skal ekki segja um það, hvort jeg hefi dæmt rjett afstöðu manna á þingi til þessa máls. Margt getur breyst, og svo gæti líka hafa orðið í þessu máli. En hvað sem um það er, er jeg viss um, að þegar þjóðin vaknar og veit, hvað gert hefir verið, þá munu falla þung ámælisorð í garð þeirra manna, sem dregið hafa lánstraust þjóðarinnar niður, með því að víkja af þeirri braut, sem nágrannaþjóðirnar hafa talið sjer bera skyldu og þjóðarmetnað til að fara í þessu máli — að koma krónunni upp í gullgengi.

Magnús Guðmundsson: Jeg geri ráð fyrir, að margur hafi búist við að sjá fyr framan í stýfingarfrv. en nú. Fyrir kosningarnar 1927 var lýst yfir því af Framsóknarflokknum, að stýfingin væri mál málanna, og kosningarnar snerust um það mál. En hvernig fór? Á þinginu í fyrra bólaði alls ekki á slíku frv., og nú líður meira en mánuður af þessu þingi áður en það sjer dagsins ljós. Og loks þegar það kemur, er það ekki einu sinni flutt af stjórninni. (**TrÞ:** Formanni gengisnefndar.) Jeg get ekki skilið, hvað stjórninni gengur til að flytja ekki málið sjálf. Jeg gæti trúað, að það stafaði af því, að hún teldi forlög þess óviss. Jeg hafði búist við, að þetta yrði eitthvert fyrsta málið á þinginu í fyrra. Það verður a. m. k. ekki sagt, að vel sje staðið við kosningaloforðin með því, að láta það ekki koma fram fyr en nú. Annað er þó, sem jeg undra mig enn meira á, og það er, hversu seint það kemur fram nú. Jeg held, að það sje af þeirri ástæðu, að ekki sje gert ráð fyrir að leiða málið til lykta nú.

En mín skoðun er sú, og þar er jeg á öðru máli en hv. þm. Dal. (SE), að við eigum að komast til botns í þessu máli á þessu þingi og leiða það til lykta á einhvern hátt. Mjer finst, að eftir góðæri eins og 1928 eigi að hugsa til hækkunar, ef það á að gera á annað borð.

Hv. flm. (ÁÁ) vildi halda því fram, að hjer væri verðfestingarfrv. á ferð. En svo er ekki. Frv. er hreint stýfingarfrv., þar sem það kveður svo á, að minni gullþungi skuli vera í hverri krónu framvegis en nú er. Jeg veit ekki hvort hv. flm. á við, að við höfum aldrei mótað gull sjálfir, og getum því ekki stýft það, sem ekki er til. En myntlögin frá 1873 eru enn í gildi, og þótt við höfum erlenda mynt, ákveða þau lög, hver gullþungi skuli vera í krónunni. Þetta er stýfingarfrv., því að það segir, að verða skuli minni gullþungi í krónunni en nú er ákveðið í íslenskum lögum. Ef um verðfestingu væri að ræða, ætti gullkrónan að vera óhreyfð, en hinsvegar ætti þá að verðfesta seðlana meðan verið væri að skifta um hina verðfestu seðla og nýja gullgilda seðla.

Jeg get ekki gert eins lítið úr myntsambandinu við Norðurlönd eins og hv. flm. gerði. Mjer finst eðlilegt og hag-

kvæmt, að þær þjóðir, sem mest skifta saman, hafi sameiginlega mynt, ekki síst, ef myntin heitir sama nafni. Jeg held, að þegar þessi litla króna okkar verður borin saman við krónuna í hinum löndunum, verði það til að rýra álit vort erlendis. Mig undrar, að hv. stjórn skyldi ekki fremur taka upp þá stefnu, að verðfesta seðlana. Þá væri líka um verðfestingu að ræða, eins og hv. flm. vildi telja felast í þessu frv., en ekki stýfing, eins og í því felst í raun og veru. Og jeg get ekki látið vera að taka fram, að ef um annaðhvort er að ræða, stýfingu eða verðfestingu, þá yrði mjer ljúfara að fara síðari leiðina. Það á að vera oss metnaður að halda gömlu krónunni.

Jeg viðurkenni, að það sje rjett hjá hv. flm., að því erfiðari verði hækkunin sem lengur líður frá. Jeg býst við, að sú leið sje yfirleitt ekki álitin fær, að hækka krónuna smátt og smátt. En jeg er þó ekki fjarri því, að sú aðferð gæti gefist vel hjer, vegna þess hve smáir við erum. Dönum skeikaði í því, að þeir ákváðu hækkunina fyrir of stutt tímabil í einu, án þess að ákveða, hvað svo tæki við, nema að hækka skyldi krónuna upp í gullgildi. Þetta gaf spákaupmensku byr í seglin, svo að ekki varð ráðið við hækkunina, vegna þess að aðeins var ákveðið að hækka krónuna í gullgildi, en ekki, hve hart skyldi farið

Stýfing á myntinni er stórt spor, sem verður að athugast vel. Og eitt af því, sem færir okkur heim sanninn um það, að slíkt megi ekki gera að óhugsuðu máli, er það, að engin þjóð nema stríðsþjóð hefir stýft mynt sína. Jeg skal að vísu játa, að ef stríð er ástæða til stýfingar, geta verið fleiri ástæður til hennar. En allar þær þjóðir, sem ekki lentu í stríðinu, hafa lagt á sig þær byrðar, sem því eru samfara, að hækka krónuna upp í gullgildi. Það hafa þær því aðeins gert, að þær hafa álitið, að til einhvers væri að vinna.

Jeg skal ekki gera lítið úr erfiðleikunum, sem hækkuninni fylgja. En það er nú oft svo, að erfitt er að uppfylla skuldbindingar sínar. Fátækur maður klífur þrítugan hamarinn til að greiða skuldir sínar. Hjer er um svipað að ræða. Þótt skyldan sje máske ekki jafnrík í þessu tilfelli og um skuld einstaklingsins, er þó um lagaskyldu að ræða. Það eina, sem gæti rjettlætt slíka ráðstöfun, væri það, að hún yki rjettlæti meðal þegnanna. En það verður að líta á eftirköstin af slíkri ráðstöfun, og ástæðan til að stíga slíkt spor, verður að vera veigamikil, ef ríkið á að hlaupast frá skuldbindingum sínum. Jeg skal viðurkenna, að nokkrar ástæður eru fyrir hendi, en það verður að vega, hvort þær eru nógu miklar. Út í þá sálma fer jeg eigi hjer. Jeg álít, að mál þetta eigi að athuga með fullri einlægni í nefnd, en umr. um það hafi lítið að segja. En jeg held, að þótt erfiðleikar við hækkun sjeu miklir, þá sje hægt að bjarga rjettlætinu milli þegnanna innbyrðis á annan hátt en með stýfingu.

Jeg skal ekki um það segja, hver traust-spjöll stýfingin kynni að orsaka erlendis, en jeg verð að taka undir það með hv. þm. Dal. (SE), að svar Ryggs bankastjóra um þetta er mjög óákveðið. Hinsvegar verður að viðurkenna, að svör sænsku bankastjóranna eru skýr, og einkum þó Cassels. En það er nú svo um Cassel, að jeg get ekki undrast, þó að svar hans sje ákveðið, því að hann hefir fyrir löngu tekið afstöðu

til þessa máls og ráðið þjóð sinni til að stýfa, en enginn viljað fara að ráðum hans. Hjer er því ekki um annað að ræða en framhald af fyrri skoðunum hans í þessu efni.

Eitt atriði er það enn, sem nauðsynlega þarf að koma til athugunar í sambandi við þetta frv. Eigi nú á annað borð að hrófla við gildi krónunnar, er óhjákvæmilegt að spyrja: Hve mikið þarf að þrengja að okkur til þess að við gerum þetta aftur? Það er ómögulegt að segja, að við sjeum aðfram komnir nú sem stendur. Árferðið er eiginlega eins gott og það getur verið, svo að ekki er hægt að halda því fram, að við sjeum nú í slíkri úlfakreppu, að önnur eins geti ekki komið fyrir oftar. Þess vegna liggur einmitt fyrir spurningin: Hversu mikið má þrengja að okkur, án þess við hróflum aftur við gildi peninganna? Það þarf ekki endilega að koma styrjöld til þess að valda kreppu. Hún getur alveg eins orðið af völdum harðæris. En jeg spyr: Til hvaða ráðs verður þá gripið? Á þá aftur að stýfa gullkrónuna?

Jeg hefi tekið eftir því, að í svörum hinna erlendu bankastjóra er talað um, að við þurfum að sjá svo um, að þjóðbankinn ráði yfir nauðsynlegum styrk til að halda genginu föstu. Jeg veit ekki, hvort svo er, en geri ráð fyrir, að stjórn og gengisnefnd hafi athugað þetta atriði. Væri gott að heyra álit hv. flm. um það.

Hv. flm. sagði, að tilgangurinn með þessu frv. væri ekki sá, að svikjast undan skyldum að neinu leyti. Jeg er heldur ekki þeirrar skoðunar, að það sje borið fram í þeim tilgangi. En afleiðingin verður óneitanlega sú, að við losnum við skyldur, sem á okkur hvíla. Svo fer t. d. um lán það, er ríkið tók hjá háskólanum árið 1918. Það lán fengum við í verðmeiri krónum en þeim, sem nú gilda. Og þó að frv. sje ekki borið fram til að svíkja neinn, þá losnar ríkið við nokkurn hluta af skyldum sínum í sambandi við þá lántöku.

Að svo komnu skal jeg eigi tefja frv. frekar en orðið er, en tel sjálfsagt, að því verði vísað til nefndar, eins og hv. flm. lagði til.

Fors. og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg mun eigi nota þetta tækifæri til þess að bæta við þau rök, sem hv. flm. hefir fært fram í þessu máli. Bæði er, að jeg hefi áður haft tækifæri til að ræða þetta mál hjer í hv. deild, og svo hefi jeg haft aðstöðu til þess sem gengisnefndarmaður að koma fram með álit mitt á því. Það, sem nú hefir verið fært fram gegn þessu frv., er heldur ekki svo veigamikið, að hv. flm. sje ekki einfær um að svara því. Tilefnið til þess, að jeg stend upp nú, eru ummæli þau, er hv. 1. þm. Skagf. (MG) ljet falla um afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa máls.

Hv. þm. gat þess, að við Framsóknarmenn hefðum lagt mikla áherslu á þetta mál við síðustu kosningar. Hann sagði, að við hefðum kallað það mál málanna. Þetta er alveg rjett. Og við höfum í engu breytt skoðun á því efni síðan. En hv. þm. sagði, að við hefðum svikið loforð okkar með því að bera ekki fram á síðasta þingi frv. um endanlega festingu gengisins. Hv. þm. hefði ekki síður átt að geta þess, að allmargir íhaldsmenn lofuðu því fyrir kosningar, að þeir skyldu vinna að hækkun krónunnar. Hversvegna hafa þeir ekki komið með frv.? Vafalaust

af því, að þeir hafa ekki treyst sjer til að koma því fram. Afstaða ríkisstjórnarinnar er hliðstæð að þessu leyti. Hv. þm. veit, að stjórnin hefir hingað til ekki haft aðstöðu til þess að koma fram formlegri festingu gengisins. En hún hefir gert það, sem í hennar valdi stóð, og það var að halda genginu föstu. Og vegna þeirra aðgerða tel jeg, að festingin sje í raun og veru komin á, þó að hún sje ekki lögformlega samþykt enn þá.

Og nú skal jeg segja hv. þm. (MG), hversvegna við fylgismenn verðfestingarinnar berum þetta frv. fram nú fremur en á síðasta þingi. Það er af því, að við vitum, að okkar besti styrktarmaður í þessu máli, ef svo mætti að orði komast, er einmitt tíminn, sem líður. Og þegar hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal. spyrja um það, hvaða líkur sjeu til þess, að frv. verði fremur samþykt nú en í fyrra, þá get jeg eiginlega látið mjer nægja að vísa í ræðu hv. 1. þm. Skagf. sjálfs. Þessi hv. þm. talaði yfirleitt mjög hógværlega, og ræða hans bar vott um ábyrgðartilfinningu í þessu alvarlega máli. Hann gaf í skyn, að ein leiðin til verðfestingar a. m. k. væri sjer ekki ógeðfeld. (**MG:** Geðfeldari en önnur). Hann getur nú hugsað sjer leið, sem stefnir að sama marki og frv., en það er að verðfesta skuldirnar, eða það sem hv. þm. kallaði verðfestingu seðlanna. Slík orð hefðu líklega ekki heyrst af munni þessa hv. þm. á síðasta þingi. Og yfirleitt verða menn smátt og smátt að ganga til viðurkenningar á því, að verðfestingin sje hin rjetta leið (**MJ:** Því er frv. þá ekki látið bíða enn þá lengur?). Á þessum tíma erum við miklu nær árangri í þessu máli en nokkru sinni áður. En jeg tek undir það með hv. þm. Skagf., að ekki er ástæða til að ræða frv. mikið nú. Það þarf að komast í nefnd sem fyrst, og hún þarf að vanda sem best meðferð svo alvarlegs máls.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði í ræðu sinni, að hefði krónan á annað borð átt að hækka, þá hefði verið sjálfsagt að láta a. m. k. nokkurn hluta hækkunarinnar verða í góðærinu 1928. Jeg tek undir þessi ummæli með hv. þm. Í ræðu minni um fjárlagafrv. vakti jeg einmitt athygli á þessu atriði. Og jeg vil endurtaka það nú, að úr því að hin hagstæða afkoma atvinnuveganna síðastl. ár var ekki notuð til að hækka krónuna, verður það ekki gert úr þessu.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Skagf. flutti mjög sanngjarna ræðu um þetta mál, og þarf jeg aðeins að svara fáum atriðum í ræðu hans. Það er alveg rjett, að Framsóknarflokkurinn hefir skuldbundið sig til að festa gengi peninganna jafnskjótt og hann hefir bolmagn til þess. En — „ultra posse nemo obligatur". — Og það, sem stjórnin hefir getað, er að halda genginu föstu, það hefir hún gert. En úr því að hún hefir getað það og hefir tryggingu fyrir því, að geta gert það áfram meðan hún fer með völd, þá skiftir í raun og veru litlu máli, hvenær í sinni stjórnartíð flokkurinn leggur myntlagafrumvarp fyrir þingið. Okkur flm. er það ljóst, að úrslit frv. í þinginu nú eru engan veginn vís. Hitt tel jeg líklegt, að það eigi meira fylgi nú en áður. En þó að frv. hefði verið eins líklegt til samþykkis á síðasta þingi og nú á þessu þingi, þá efast jeg um, að ráðlegt hefði þótt að bera það fram þá. Munurinn á skráðu gengi og sanngengi

var þá meiri en nú. Árferðið var einnig lakara. Líkurnar til þess að hægt væri að halda genginu föstu voru því ekki eins miklar þá og þær eru nú.

Það er alveg rjett, að Framsóknarflokkurinn á það undir öðrum flokkum, hvort þetta frv. nær samþykki eða ekki. Og jeg geri ráð fyrir, að hinar pólitisku „konstellationir“ í þinginu muni hafa einhver áhrif á fylgi við málið. Mjer er næst að ætla, að einstaka þingmenn, sem í hjarta sínu eru festingarmenn, muni skirrast við að greiða frv. atkvæði, af því að þeir gætu með því bjargað andstæðingastjórn út úr þeim örðugleikum sem því fylgja að hafa gengismálið óútkljáð. Þessi aðstaða hefir efalaust sín áhrif. En þegar íhaldsflokkurinn kemur til valda næst, þá mun það koma í ljós hvort þenslan innan þess flokks er svo mikil að hún þoli, að haldið sje áfram á hækkunarbrautinni ef ekki á alt að klofna. Jeg veit nú, að það mun engum íhaldsráðherra líðast að breyta genginu. Og jeg er einmitt rólegri í þessu máli, af því að jeg er sannfærður um það, að næsti stjórnarflokkur muni ekki eiga hægra með að koma fram hækkunarstefnu sinni en við eigum með að fá gengið fest að lögum, eins og það nú er.

Það er eins og stendur einkennilega erfitt að leiða í ljós þingviljann í þessu máli. En jeg er viss um það, að ef nú mistekst að fá formlega samþykt fyrir festingu, þá mistekst eigi síður að fá formlega samþykt til hækkunar. Þingið virðist vera í sjálfheldu í þessu máli. En úrslitum gengisskráningarinnar hefir það hingað til ráðið, hver með völdin fór í hvert sinn og svo mun enn verða, þar til lausn málsins fæst með löggjöf.

Jeg skal ekki deila lengi um, hvort orðið beri fremur að nota, festing eða stýfing. En mjer sýnist ástæðulaust að nota orð, sem felur í sjer áfellisdóm yfir þeirri ráðstöfun, sem hjer er um að ræða. Krafa mín er a. m. k. sú, að ekki sjeu notuð tvö ólík heiti um sama verknað. Verðfesting er nákvæm þýðing á „Stabilisering“, sem erlendir fræðimenn nota um þá ráðstöfun, sem ætlast er til að verði gerð í þessu frv.

Það skiftir ekki miklu máli, hvort við er átt verðfesting seðlanna eða myntarinnar. Hjer á landi er engin mynt í umferð að skiftimynt undanskilinni og hefir ekki verið um mörg undanfarin ár. Það sem hjer er um að ræða, er að festa íslenskan gjaldeyri, og gjaldeyrir okkar er nú eingöngu seðlar.

Jeg er ósammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að myntsamband við Norðurlönd komi okkur að nokkru verulegu gagni. Viðskifti okkar við þau lönd eru tiltölulega lítil. Ef við viljum sækjast eftir gjaldeyriseiningu, sjerstaklega hentugri í viðskiftum út á við, ættum við helst að taka upp sterlingspund og „shillings“. Það er og algengt, að gjaldaurar heiti sama nafni, þó að verðgildi þeirra sje ólíkt. (MG: Þeir hafa þá einhverntíma haft sama gildi.) Já, en það gildi hefir þá ruglast, eins og hjer á sjer stað. Mjer virðist menn stundum hugsa svo, að fastur gjaldeyrir sje eitt af hinum eilífu hlunnindum mannkynsins. En sannleikurinn er sá, að fastur gjaldeyrir um langan tíma hefir ekki þekst. Truflanir á kaupmætti gjaldauranna eiga sjer ávalt stað, meiri eða minni, þegar til lengdar lætur. En þessu hættir mönnum til að gleyma og líta á gjald-

aurana eins og þeir sjeu óbreytanlegir.

Sem dæmi þess, hversu myntir breyta hlutföllum hver við aðra, skal jeg nefna það, að franki og sterlingspund voru einu sinni jafn verðmikil. Og ekki sannast þar kenning hækkunarmanna, að sú þjóðin, sem stærri myntina hefir, sje sparsamari. Ef stærð myntarinnar út af fyrir sig hefði nokkra þýðingu fyrir afkomu þjóðanna, þá liggur í augum uppi, að við ættum alls ekki að láta okkur nægja gömlu Norðurlandakrónuna. Við ættum þá að taka upp einhverja himinháa gjaldaura, sem sköruðu fram úr því, sem þekkist í nokkru öðru landi. En þessi kenning hefir enga stoð í veruleikanum. Það er enginn heiður að nota þumlunga fremur en sentimetra, þó að þumlungarnir sjeu stærri. Það hefir heldur engin áhrif á álit þjóðar út á við, hvort hún notar stóra mynteiningu eða litla. Því stærri sem einingin er, því færri fara í ákveðna gullþyngd, því minni sem hún er, því fleiri. En hvorttveggja kemur í sama stað niður.

Það er rjett, að með því að verðfesta peningana er stórt spor stigið. En með hækkun væri stigið miklu alvarlegra spor, svo alvarlegt, að þjóðin verður að hugsa sig um oftar en tvisvar áður en það er stigið. Yfirleitt gildir alt það, sem sagt hefir verið verðfestingu til ámælis, í enn ríkara mæli um hækkunina. Þeim, sem hækkuninni fylgja, er títt að nota orðatiltæki, sem þeir hafa engan rjett til að nota. Hv. 1. þm. Skagf. talaði um skyldur ríkisins og skuldbindingar, sem ætti að standa við. Hv. þm. getur auðvitað haft þessi orð yfir, ef honum sýnist svo, en þau koma ekkert við því máli, sem hjer er verið að ræða um. Ríkið losnar ekki við neinar skyldur, þó að gjaldeyririnn sje festur. Það gerir þá ráðstöfun vegna þegnanna, en ekki vegna sjálfs sín. Hv. þm. (MG) tók háskólalánið sem dæmi og gaf í skyn, að ríkið sviki háskólann, ef það greiddi lánið eftir núverandi gengi. En úr því að það er ekki rjett, að ríkið sviki fje út úr lánardrotnum sínum, þá er ekki heldur rjett að það greiði meira fje en þeim ber. Það, sem máli skiftir í þessu sambandi, er kaupmáttur peninganna og ekkert annað. Og kaupmáttur sáttmálasjóðs er meiri nú en þegar hann var lánaður. (MJ: Hvor helmingurinn hefir meiri kaupmátt, sá danski eða íslenski?) Það kemur þessu máli ekkert við, þó að Danir hafi hækkað sinn hluta um 200 þús. kr. fram yfir það, sem rjettur stóð til, og með því valdið tilsvarandi ranglæti gagnvart þeim, sem skulduðu þessa upphæð. Aðalatriðið er það, að háskólinn á engan rjett á meira fje en hann fær, ef gengið er fest nú. Jeg vil geta hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og öðrum háskólamönnum það ráð, að bera ekki sáttmálasjóð fram eins og einhverja sáttmálsörk í þessari gengisbaráttu, svo að þeir eigi það ekki á hættu, að sú sáttmálsörk verði frá þeim tekin eins og Gyðingum forðum. Jeg vil minna á það, að skuldir stúdenta og hin erfiðu kjör háskólamentaðra manna í landinu, sem ítarleg grein er gerð fyrir í frv., sem hv. 1. þm. Reykv. flytur nú í þinginu, eru miklu stærra atriði í þessu máli en viðskifti ríkisins og sáttmálasjóðs. Þær staðreyndir, sem koma fram í frv. 1. þm. Reykv., eiga miklu meiri rjett á því, að tillit sje tekið til þeirra en sáttmálasjóðs. Það getur raunar verið fallegt af háskólamönnum að gleyma sjálfum sjer vegna umhyggju

fyrir þessari sáttmálsörk sinni, en jeg verð að segja, að í því komi þó fram meiri fáviska en óeigingirni.

Jeg skal ekki vera á móti því, að Alþingi gefi sjóðnum einhverja fjárupphæð, ef það sjer ástæðu til. Raunar tel jeg enga brýna þörf á því, en get sætt mig við að láta það afskiftalaust, ef aðrir telja það nauðsynlegt. En þá ber að gera það með sjerstöku framlagi en ekki á þann hátt, að valda um leið stórkostlegu ranglæti.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um, hverjar mundu verða afleiðingar festingarinnar og að finna þyrfti leið til að bæta tjón þeirra manna, sem yrðu fyrir ranglæti, þegar hún yrði leidd í lög. Jeg skal síst amast við því, að þessi hlið málsins sje tekin til athugunar. En hv. þm. (MG) og öðrum þeim, sem tala um ranglæti í sambandi við festingu, ber skylda til að tala líka um það ranglæti, sem hækkun mundi hafa í för með sjer, og benda á leiðir til að bæta úr því ranglæti, ef þeir ætla að halda fram þeirri stefnu. Ella eru þeir ekki heilir í þessu máli. Dettur nokkrum í hug, að síður sje ástæða til að bæta úr því 98% ranglæti, sem hækkunarmennirnir vilja skapa en því 2% ranglæti, sem ef til vill mundi eiga sjer stað, ef horfið yrði að því, að festa peningana í núverandi gengi?

Mjer þótti vænt um, að þetta skyldi koma fram hjá hv. 1. þm. Skagf. Það er sanngjarnt að ræða þetta mál á þeim grundvelli, hvað skapi rjettlæti og hvað ranglæti, því að það er hinn rjetti vettvangur þessa máls. Og ef hv. andstæðingar þessa frv. fást til að standa á þessum grundvelli, þurfa þeir ekki að vera í vafa um, hvað þeir eigi að gera viðvíkjandi myntlögunum.

Hv. þm. Dal. byrjaði ræðu sína með því að segja, að jeg væri sá eini maður, sem framið hefði rannsókn á þessu efni. Þetta er oflof. Það er fjöldi manna, sem framið hafa slíka rannsókn. En sjerlega nákvæmrar rannsóknar þurfti ekki með. Höfuðdrættir þessa máls eru skírir, og það er eftir þeim, sem menn eiga að ákveða sig, en ekki eftir smávægilegum tölum, hvort eitthvað sje ógreitt frá 1914, eða hvort Sáttmála- og Söfnunarsjóðir hafi einhverjar smákröfur, miðað við þær stórfeldu kröfur, sem allir aðrir hafa. En hv. þm. Dal. hlýtur sjálfur sem bankastjóri að hafa framið rannsókn á þessu efni, því að hann vill ekki halda genginu föstu, og á bak við þá skoðun hlýtur að liggja rannsókn, sem rjettlætir það. Þó hefir hv. þm. Dal. ekki gert sem gengisnefndarmaður hina minstu tilraun til að hækka gengið frá því, sem nú er. Hinsvegar hefir hann lýst yfir því, að hann sje fylgjandi hægfara hækkun gengisins, og segist vera það af þjóðarmetnaði. Hann er ekki bráðlátur fyrir hönd þjóðar sinnar, þessi hv. þm. Þjóðarmetnaður hans er hægfara, og það sjest ekki berlega í hverju hann er fólginn. Hann svífur í lausu lofti, eins og eitthvert undraljós, sem enginn veit hvað er. Ef þjóðarmetnaður hans er miðaður við eitthvert sjerstakt rjettlæti, þá hefði hann átt að segja þjóðinni, að hún gæti ekki beðið, og hefði meira að segja átt að vera búinn að hækka krónuna til fulls fyrir þrem árum. Því að því lengur sem líður, því meira breytist þjóðarmetnaðurinn í að festa sem fljótast. En það eru ýmsir, sem hugsa, að hægt sje að komast hjá öllu ranglæti og erfiðleikum, ef orðið hægfara er sett framan við stefnuheitið. Hvers

eðlis slíkt er, sjest best á því, ef þetta orð er sett framan við orðin: rjettlæti og þjóðarmetnaður. Hægfara rjettlæti og hægfara þjóðarmetnaður — þau hugtök eru hvorki fugl nje fiskur.

Jeg vil segja hv. þm. Dal. það, að hann hefði ekki þurft að leita til mín um það, að hægfara hækkun væri óráðleg. Hann hefði alveg eins getað leitað til hv. 3. landsk. þm. (JÞ). Jeg er sammála hv. 3. landsk. um það, að ef eigi að fremja þetta ranglæti, þá sje best að gera það strax — eins og einhversstaðar stendur. Ef það á að svikja atvinnurekendur og alla þá, sem hafa umráð yfir rekstrarfje — jeg nota ekki sterkari orð en hækkunarmenn, þegar þeir gersópa orðabókina að orðum eins og skilamaður, svikari, gjaldþrot o. s. frv. — ef á að svíkja alla þá, sem hafa nýjar skuldbindingar, þá er best að það sje gert strax í einni svipan, bæði vegna þjóðarinnar og atvinnurekendanna sjálfra. Því að ef það er gert strax, kemur sú kreppa, að verðlag á vinnu og vörum verður að láta undan. Sje aftur á móti framkvæmd hægfara hækkun, verður afleiðingin sú, að enginn seljandi sjer nauðsyn á að lækka vöruverðið fyr en seint um síðir, og jeg býst ekki við, að hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) sjái ástæðu til, að sjómennirnir fari að lækka kaup sitt, fyrir svo litlar breytingar, sem þessu yrðu samfara. Hægfara hækkun er ráðið til þess að skapa svæsna og langvarandi baráttu á milli útgerðarmanna og verkamanna, af því að þá verður um svo lítið að berjast í hvert skifti, og af því leiðir svo langvarandi hnignun, kyrstaða og deyfð. Þetta hægfara „rjettlæti" er það versta ranglæti, sem hægt er að fremja í þessum efnum, ekki einungis gagnvart þeim, sem með þessu móti fá hækkaðar skuldir, heldur og líka gagnvart hinum, sem halda áfram atvinnurekstri sínum. (SE: Hv. þm. notar of mikið slagorð.) Jeg heyri, að hv. þm. Dal. skoðar þetta, sem jeg er að segja, sem „slag" fyrir sína stefnu.

Hv. þm. Dal. spurði sem svo: Hvað á að gera næst, ef krónan er fest nú?

Ef það er rjett nú, þá er það nákvæmlega eins rjett næst, þegar e i n s s t e n d u r á, og þó að nú væri hægt að hindra, að það yrði gert, sem rjett er að gera í þessu máli, er þ a ð engin sönnun þess, að þessi rjettlætiskrafa sigri ekki seinna meir, þegar eins stendur á, þegar hv. þm. Dal., t. d., er úr sögunni.

Hv. þm. Dal. sagði, að það hefði verið stór sigur fyrir þjóðina, að krónan hefði hækkað úr 47 aurum upp í 82, og af því að hægt hefði verið að framkvæma þessa hækkun, væri rjett að halda áfram. En það var ekki rjett að hækka krónuna svona mikið. (SE: Hún átti að vera í 87.) Þetta sýnir, að hv. þm. Dal. (SE) hefir ekkert vit á þessu máli. Það átti að stöðva hækkun krónunnar, þegar jafnvægi var komið á milli verðlags og gengis, og hún átti aldrei að komast svona hátt, ekki einu sinni upp í 81. Það er tvent, sem ræður mestu í þessu efni: Hvort verðlagsbreytingarnar eru í samræmi við gengisbreytingarnar, og hversu lengi breytingarnar hafa staðið. Hvenær sem þetta tvent vegur salt, verður krafan um verðfestingu jafn rík og hún er nú. Jeg veit, að hv. þm. Dal. notar það sem „slagorð", að „næst" eigi að stýfa á hverju ári. En stýfing er ekki framkvæmd nema örsjaldan, og það er sjaldgæft, að kröfur komi fram um slíkar aðfarir.

En eftir allar þær breytingar, sem heimsstyrjöldin olli, þarf engan að undra, þó að verðfestingarkrafan komi fram, til að skapa rjettlæti í peningamálunum. Þegar miklar breytingar verða í lífi þjóðanna og langvarandi verðlækkun gjaldeyrisins á sjer stað, kemur þessi sama krafa alt af fram. Þó að verðlagið breytist við það, að hallæri kemur á eftir góðæri, kemur það þessu ekki við vegna þess, að þó að einhverjar gengisbreytingar kunni að orsakast af því, þá eru þær yfirleitt ekki svo miklar, að krafan um verðfesting nýs gengis komi fram. Það fer enginn að „stýfa", nema gengið hafi raskast all-verulega og all-langt sje um liðið. Það mega menn vita, að núverandi stýfing er ekki eingöngu miðuð við nútíðina, heldur líka við framtíðina, og hvenær sem þarf að taka til þess að slíta sambandið á milli gulls og pappirspeninga, á mönnum að vera ljóst, að það getur endað með „stýfingu". Ef það hefði verið ljóst 1914, hefðu hjer verið gerðar ráðstafanir til þess að okkar peningar hefðu ekki fjarlægst það verð, sem þeir áttu að hafa, svo mjög sem raun varð á. (**MJ:** Peningarnir hefðu flúið.) Hver veit, hvenær verðfesting kann að skella á? Jeg held, að flóttahugsunin hefði ekki komið upp í mönnum, fyrr en breytingarnar voru um garð gengnar og þá um seinan. Við skulum taka t. d. Þýskaland, sem gerði sína peninga svo að segja að engu, og tók upp nýja mynt, og innleysti þá gömlu með svo miklum gengismismun, að mönnum þótti ekki tilvinnandi að hafa fyrir að innleysa þá. Auðvitað skyldi maður halda, að í svona landi sparaði enginn neitt, og að allir keptust um að eyða sem mestu og njóta lífsins eða forða fje sínu út úr landinu. En hvað segir reynslan? Hver flúði þar? Jeg las nýlega grein eftir Lloyd George um þetta efni. Hann segir þar meðal annars, að spörunartilhneiging þýsku þjóðarinnar sje nú meiri en hún var áður, að sparifjeð sitji heima og uppfylli sínar skyldur, og þjóðin yfirleitt hafi orðið sterkari við hörmungarnar.

Að ætla sjer að fæla menn með þessum spádómum er bara grýla. Sparsamur maður hugsar ekki um peningagildi, heldur um að spara. Ef þetta væri svo hættulegt og látið er, mundu menn hafa flúið, þegar við ljetum peningana falla. En því flúði enginn þá? Nei, þetta er bara grýla. Það eru allir sannfærðir um, að þjóðfjelagið geri í framtíðinni alt, sem það getur, til að halda gjaldeyrinum í föstu verði, alveg á sama hátt og það hindrar hækkun gjaldeyrisins, þegar það telur það rjettlátt. Þessi viðleitni þjóðfjelagsins kemur líka fram í því, að stöðva fall gjaldeyrisins, þegar svo ber undir. (**MJ:** Hvenær var rjettlátt að festa?) Það er rjettlátt á þessu augnabliki að festa krónuna í því gildi, sem hún er nú í, og það verður ekki heimtað meira af hv. 1. þm. Reykv. (MJ) en að hann veiti þeirri rjettlætiskröfu sitt fylgi.

Hv. þm. Dal. mintist á N. Rygg bankastjóra. Hann hefði ekki átt að vitna í hann, heldur hina, sem láta álit sitt skýrara í ljós. En þó er álit Ryggs svo skýrt, að það er ljóst, að ráð hans er þetta: „Þið skuluð rólegir verðfesta ykkar gjaldeyri." — En fortíð Ryggs hindrar hann í að skýra frá áliti sínu á þessu máli skýrar en hann gerir. Jeg fór til Ryggs og bað hann um álit sitt, svo að hækkunarmenn skyldu ekki geta

sagt, að við engan hefði verið talað úr þeirra hóp. En þegar álit hans kemur, setja þeir bara „kruss“ við setningu og setningu á stangli í áliti hans — og búið.

Hv. þm. Dal. þykir það undarlegt, að sænsku fjármálamennirnir skuli ráða okkur gagnstætt því, sem þeir ráðlögðu sinni eigin þjóð á sínum tíma. Svo er aðeins um suma þeirra. Þetta kann að virðast svo í fljótu bragði. En það stóð alt öðru vísi á hjá Svíum, þegar þeir hækkuðu. Það, sem rjettlætir hækkun sænsku krónunnar, er meðal annars það, að þar var hækkunin framkvæmd fyrst. Auk þess áttu Svíar stysta leið að fara; þeir höfðu ekki orðið fyrir verulegum slysum af völdum ófriðarins og bjuggu við það ástand, sem gerði þeim hægara að framkvæma hækkunina en öðrum.

Jeg sje, að það er komið fram yfir venjulegan fundartíma, svo það mun best, að láta hjer staðar numið að sinni.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var fram haldið 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg átti nokkur orð eftir af ræðu minni síðast þegar mál þetta var hjer til umr., og skal jeg byrja þar sem frá var horfið, að svara hv. þm. Dal. Þessi hv. þm. sagði meðal annars, að próf. Cassel hefði ráðið öllum Norðurlandaþjóðunum til þess að verðfesta sinn gjaldeyri, en engin þeirra hefði þó farið að ráðum hans, nema ef við gerðum það. Þessu er því að svara, að enda þótt svo sje, að Norðurlandaþjóðirnar hafi ekki farið að ráðum hans í þessu efni, þá er hans heiður engu minni fyrir það. Ástæðan fyrir því, að ekki var farið að ráðum hans í þessu, var hin almenna tregða almennings á því, að átta sig á nýjum viðfangsefnum. Menn skiftust ekki eftir pólitískum flokkum um þessi mál, heldur greindi menn mjög á innbyrðis um þau. Foringjar flokkanna voru óákveðnir, og forstjórar bankanna, sem sumir hverjir kendu sjer um lækkunina, hugðust að rjetta við álit sitt með hækkun, enda höfðu þeir, sem tilhneigingu höfðu til verðfestingar, ekki þann stuðning hjá hinu pólitíska valdi, sem þarf til þess að halda gjaldeyrinum föstum. Ýmsar ástæður sem þessar, urðu þess því valdandi, að gengismál Norðurlandaþjóðanna urðu útkljáð, án þess að nokkur ákveðin stefna væri tekin af þjóðþinginu. Orðstír próf. Cassels hefir því ekki orðið minni fyrir það, að ekki var farið að hans hollu ráðum, heldur hefir hróður hans aukist með hverju ári, síðan hann hóf verðfestingarbaráttu sína. Annars líta þjóðirnar nú orðið alt öðrum augum á gengismálið en þær gerðu. Aðstaðan í þessu máli er breytt um heim allan. Þjóðir og einstaklingar hafa lært af reynslunni, og tregðan er að mestu horfin, þó að enn eimi eftir af henni hjer. Það er engin röksemd gegn Cassel, að segja, að engin þjóð hafi farið eftir hans ráðum. Það er engin röksemd, að við eigum að ríða ofan í vökina, af því að samferðmennirnir hafi gert það á undan okkur. Hjer á að kryfja rök málsins sjálfs til mergjar, en ekki spyrja að því, hvað aðrir hafa gert.

Hv. þm. Dal. sagði, að þeir mundu ekki verða margir, sem sæju eftir erfiðleikunum við hækkun krónunnar,

þegar henni væri lokið. Hjer er þó einn, sem mundi sjá eftir þeim erfiðleikum, og jeg býst við, að þeir yrðu margir sem sæju, að unnið hefði verið fyrir gíg og kept hefði verið að marki, sem ekki samsvaraði erfiðleikunum. Þeir erfiðleikar leiddu ekki af sjer neinar umbætur, heldur sköpuðu aukið ranglæti, og þegar svo er, eru erfiðleikarnir hvorki vel fallnir til að æfa á þeim krafta þjóðarinnar nje heldur auka henni metnað.

Þá sagði hv. þm., að sigurhljóð mundi verða í þjóðinni, þegar hækkuninni væri lokið. Jú, jeg gæti trúað að svo yrði! Og þá ekki síst hjá bönkunum, sem mest fengju að kenna á afleiðingunum, þar sem þeir yrðu samnefnarar fjármálaörðugleika þjóðarinnar. Sá dans um gullkálfinn yrði fremur dapurlegur, og sú tilfinning, sem þar yrði ríkust, yrði tilfinningin um auknar byrðar. Þar mundi kveða við erfiðismannasöngur, en ekkert sigurljóð.

Hv. þm. Dal. sagði, að ýta þyrfti undir hina sparandi krafta. Með hverju er það gert? Það er gert með vöxtum. Hjer er eigi verið að tala um að taka neina vexti af sparifjáreigendum. Og eins og jeg hefi áður sýnt fram á, hafa þeir fengið sinn fulla rjett með tilliti til kaupmáttar sparifjárins þegar það var dregið saman. En það eru aðrir kraftar til í þjóðfjelaginu, sem ástæða væri til að ýta undir, og það eru hinir starfandi kraftar þess. Það er meginatriði þessa máls, að þeir hafa rjett til verðfestingarinnar. Með því er ekki gengið á hlut hinna sparandi krafta, sem nú er talað um, eins og þeir hafi einir rjett á sjer í þessu landi. En þeir hafa ekki rjett til þess að ganga á rjett þeirra, sem taka fje að láni og starfa fyrir það þjóðfjelaginu til heilla og framfara. Og því er það rjettur hinna starfandi krafta, sem hjer á að ráða úrslitum.

Hv. þm. sagði, að hætta stafaði af því, að þetta frv. væri fram komið. Það gæti orðið til þess, að „spekúlantar" kæmu truflun á gengið. Jeg vil nú benda honum á tvær leiðir til að komast hjá þessu. Önnur leiðin er sú, að fylgja frv., og sú leið liggur beinast við. En hin er sú, að hann beiti atkvæði sínu í gengisnefnd þannig, að hann komi í veg fyrir þessa truflun. Ef hætta er á að „spekulations"-fje streymi inn í landið, getur gengisnefnd haldið gjaldeyrinum föstum, meðan þetta fje er í umferð, meðan hún á annað borð hefir stjórnina bak við sig í því efni. Jeg tel að vísu, að ekki sjeu miklar líkur til að þessi „spekulations"-hætta vofi yfir, eftir reynslu okkar í þessu efni. En þótt að henni kæmi, væri hægt að sneiða hjá henni, svo framarlega sem gengisnefnd og stjórn vilja það.

Þá sagði hann, að málið hefði ekki fylgi þingsins. Það atriði kemur á daginn áður en lýkur, og munum við stuðningsmenn málsins ekki láta það fæla okkur frá fylgi okkar við það. Hann sagði ennfremur að andstæðingar stjórnarinnar mundu ekki vilja styrkja hana í þessu máli. Vel má nú vera, að það ráði afstöðu margra til málsins. En slíkt eru hvatir, sem við fylgismenn þess getum ekki skift okkur af, og þær snerta ekki hvað rjett er og satt í þessu máli.

Það var næsta fávíslegt hjá hv. þm. að tala um, að litið væri með meðaumkun á afstöðu „litlu þjóðarinnar" í gengismálinu. Þarf ekki annað en að benda á, að í umsögnum þeirra útlendu

manna, sem prentaðar eru aftan við frv., kennir engrar meðaumkunar. Það snertir ekki þetta mál, hvort þjóð er stór eða lítil. Örðugleikarnir verða hlutfallslegir við stærð þjóðanna, svo að „stór“ eða „lítill“ á ekki að heyrast í þessu sambandi. En úr því að hann leggur svo mikið upp úr áliti útlendinga, hví les hann þá ekki ummæli Cassels, þar sem hann segir, „að óhugsandi er að álit Íslands bíði hnekki af því, að fylgt sje því eftirdæmi“ — nfl. því, að „gjaldeyrir hefir verið verðfestur í svo mörgum mikilsháttar löndum“, eða umsögn ríkisbankastjóranna sænsku, þar sem þeir segja: „Um lánskjör landsins eða vaxtakjör, þá skiftir það ekki máli, hvort gjaldeyririnn er festur í því gildi sem hann nú hefir, eða öðru hærra gildi. Möguleikar ríkja til að fá lán og lánskjörin munu eingöngu fara eftir því, hvaða skilyrði ríkin hafa til að ávaxta og endurgreiða lánið.“

Og því les hann ekki ummæli Ryggs bankastjóra, þar sem hann segir, að verðfestingin valdi ekki álitsspjöllum fyrir landið til lengdar?

Það er með öllu gripið úr lausu lofti, að tala um fyrirlitningu útlendinga fyrir þessari litlu þjóð, sem er að gefast upp. Slíkt þýðir ekki að segja þeim, sem kunnugir eru. Auk þess er það ekki góð regla, að spyrja ávalt um það, hvað aðrir segi. — Hvað segja Danir um þetta? Hvernig hljómar það í eyrum hv. þm. Dal.? Alt þetta tal og allur þessi kvíði fyrir því, að útlendingar misskilji aðfarir okkar í gengismálinu, á ekki hjer við. Í þessu máli á að fara eftir innanlands rökum, eftir því, hvað rjettlátast er og hagfeldast. Umtalið hlýtur jafnan að fylgja athöfninni eins og skuggi. Það er því illa farið ef þessi ótti við erlenda dóma, sem engin hætta er á að nokkurntíma verði feldir, á að ráða úrslitum gengismálsins. Því ef tekin er beinasta leið til rjettlætis og hagsældar í landinu, megum vjer vera vissir um, að sú leið skapar oss hæstan heiður hjá öðrum þjóðum.

Magnús Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að elta ræðu hv. flm. (ÁÁ) út í æsar, heldur tala um málið frá mínu sjónarmiði, þó með tilliti til hins duglega málaflutnings hans, þegar þörf gerist.

Mjer þótti kenna viðkvæmni í fyrri hluta ræðu hans, þar sem hann bar sig upp undan því, að hv. þm. Dal. hefði talað hvast í þessu máli. Mjer þótti þetta því undarlegra, þar sem jeg held að ekki liggi eins mikil alvara á bak við þetta mál eins og látið er. Hjer er talað um málið eins og það sje stórmál — sem það líka er — en jafnframt talað um ákaflega auðvelda lausn á því. En mjer virðist margt benda til þess, að lítil alvara fylgi því, að fá málið í gegn á þessu þingi. Frv. er ekki lagt fram fyr en liðnar eru margar vikur af þingtímanum, enda þótt búast hefði mátt við því þegar í þingbyrjun, þar sem málið var allmjög undirbúið, og það var á allra vitorði, að hv. flm. hafði verið falinn undirbúningur þess, að tala við erlenda sjerfræðinga o. fl. En það eitt út af fyrir sig, hve seint málið kemur fram, bendir til þess, að lítil alvara liggi á bak við það, svo að manni verður á að spyrja, hvort hjer sje um annað en leiksýningu að ræða.

Jeg vil gera þá kröfu til stuðningsmanna frv., að þeir ýti á eftir Alþingi til að taka einhverjar ályktanir í málinu á þessu þingi. Ef þeir sýna ekki al-

vöru í því að koma frv. í gegn nú, þá er það af því, að þeir vilja ekki leysa málið vegna þess að þeir sjá, að það er ekki eins auðvelt og þeir láta. Afstaða þingsins skapar álit manna út á við á viðhorfi okkar til þessa máls. Ef þingið fellir frv., verður það skoðað sem yfirlýstur hækkunarvilji af þess hálfu.

Stjórnin átti að fylgja frv. sjálf, og það er engin afsökun, sem hæstv. forsrh. bar fram, að hv. flm. ætti sæti í gengisnefnd. Þetta er augljóst stjfrv., enda hefir hæstv. forsrh. tekið þátt í samningu grg. þess. Hjer er því um fullkomið „Cabinetsspursmál“ að ræða eftir öllum þingræðisreglum. Ef frv. verður felt, er ekki nema um tvent að gera fyrir stjórnina: annaðhvort að beygja sig fyrir stefnu meiri hl. í þessu máli eða hreint og beint að rýma. Því er rjett að hækkunarmennirnir sýni sína afstöðu í verkinu. Hitt er óafsakanlegt, að draga málið á langinn í því skyni, að nota það sem kosningabeitu næst.

Hv. flm. virtist skoða það sem einhverskonar uppnefni, að talað væri um „stýfingu“ í sambandi við frv., og áleit það vera af illvilja gert. Jeg get ekki fallist á, að nokkur óvirðing þurfi að vera tengd við orðið „stýfing“, nema hún felist þá í athöfninni, sem orðið táknar. „Stýfing“ og „verðfesting“ eru tvö ólík hugtök, sem ekki má rugla saman, eins og hv. flm. viðurkendi líka, er hann vjek að ræðu hv. 1. þm. Skagf. Verðfesting er að ákveða gildi þeirra peninga, sem í umferð eru í landinu. Hæstv. forsrh. kallaði þetta verðfesting á kröfum. Prófessor Cassel sjer einnig skýrt muninn á þessu tvennu og skilgreinir þetta á sama hátt og hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann segir í umsögn sinni „Festing á kaupmætti pappírsgjaldeyrisins gagnvart vörum væri að vísu frá vísindalegu sjónarmiði ágæt úrlausn.“ Þetta sýnir að hann gerir mun á verðfesting og stýfing. (**ÁÁ:** Fullkominn misskilningur — hjer er átt við, ef gull er ekki lagt til grundvallar.) Það má vera, en það má eins skilja þetta á þennan hátt.

En stýfingaraðferðin gengur í þá átt, að rýra myntina sjálfa. Frv. fer fram á, að framvegis skuli fást 3037 krónur úr kg. af ómyntuðu gulli í stað þess, að aðeins 2480 krónur fengust úr hverju kg. áður. Hvað er verið að gera hjer annað en að skrifa af myntinni, minka hana — stýfa hana? Hv. flm. vildi koma því á okkur, sem erum hlyntir hækkun krónunnar, að við værum þeir sönnu stýfingarmenn. Hann sagði, að við vildum stækka skuldirnar og stækka krónuna. Hvað er það þá, sem við viljum stýfa? (**ÁÁ:** Eignirnar). Nei, hv. þm. verður að finna annað nafn á okkur en þetta. Eignirnar stækka ekki við stýfingu, fremur en eyrað á kindinni stækkar við að tekið er ofan af því, við það að hún er mörkuð „stýft“. Auk þessa er þráfaldlega ruglað saman í grg. kaupmætti krónunnar og gullgildi hennar. En að tala um kaupmátt og gengi gegn gulli í sömu andránni, rjett eins og þetta tvent væri alveg hið sama, er ekkert annað en fásinna. Reynslan sýnir, að kaupmáttur og gengi hafa farið langt hvort frá öðru og alls ekki fylgst að. Árið 1918 voru danska og íslenska krónan, sem í þann tíma höfðu ekki enn sagt sundur með sjer, ofan við gullgildi, stóðu í 115 gullaurum. Á sama tíma var verðvísitalan hjer 250. Svona hafði kaupmáttur krónunnar þorrið, þó að hún væri ofan við

gullgildi. Nú stendur krónan í 82 gullaurum en vísitalan er ekki nema 217. Slík dæmi sýna, hvernig þetta tvent, gullverð og kaupmáttur, losnar hvort frá öðru. Jeg skal ekki fara langt út í orsakir þess, en reynslan sýnir, að svona er það. Aðalorsökin var vitanlega í þessu tilfelli hin mikla viðskiftateppa og framleiðsluskortur á stríðsárunum. Gullið var þá eigi það, sem menn þráðu mest, heldur nauðsynjavörur. En 1920 hófst hið mikla verðfall í Bandaríkjunum. Gullið hækkaði í verði. Hjer fór ekki fram sama verðfall, eða sama kaupmáttaraukning, og gengið gegn gulli fjell því.

Það er hreinasta fásinna, að nokkur hækkunarmaður haldi því fram, að krónan eigi að fá sinn gamla kaupmátt aftur. (ÁÁ: Hvar stendur, að hækkunarmenn vilji það?). Það stendur kannske hvergi, en stýfingarmenn reyna yfirleitt að rugla hugtökum í þessu máli eins og unt er. En engum hækkunarmanni dettur í hug að fara fram á að endurreisa að fullu kaupmátt krónunnar.

Aðalástæðan, sem fram er færð í greinargerð frv., verðfesting til styrktar, er sú, að með henni náist mest rjettlæti. Þetta er endurtekið í greinargerðinni hvað eftir annað. Það er raunar játað þar, að rjettlæti náist ekki alveg til fullnustu. En úr ranglætinu er gert ákaflega lítið. Á bls. 3 í greinargerðinni stendur:

„Má telja víst, að hreyft hafi verið á rúmum 14 árum svo mikið af hinum eldri 9½ milj., að nú muni vera eftir óhreyfðar frá 1914 í þessum 46½ milj. minna en 1 milj. kr. Það, sem hreyft hefir verið, hefir breyst í vörur, fasteignir o. fl., og þó nokkuð af því hafi komið aftur, þá hefir það mist rjett sinn til hækkunar við að verða hluttakandi í hinum miklu verðlagsbreytingum. Annað en það fje, sem óhreyft hefir staðið, hefir ekki rjett til hækkunar upp í hið gamla gullgildi."

Svona er nú skilgreining hv. flm. á því, hvernig eigi að ná rjettlæti í þessu efni. En jeg spyr: Hversvegna á endilega að ná þessu rjettlæti með því að festa krónuna í 82 gullaurum? Nú er það alkunna, að mestan hluta áranna 1920—24 var gildi krónunnar 50—60 aurar. Hún fjell jafnvel um eitt skeið niður fyrir 50 aura. Sje gildið miðað við kaupmátt, fjell hún auðvitað miklu fyr. Hvaða rjettlæti er í því, að láta þá menn, sem tóku lán eða áttu inni á þessum árum, greiða lán eða taka út inneignir í krónum, sem jafngilda 82 gullaurum? En þetta á sjer stað nú, og nákvæmlega það sama mundi eiga sjer stað síðar, ef krónan yrði hækkuð upp úr núverandi gildi. Þetta er náttúrlega ekki rjettlæti. En þetta sýnir svo átakanlega, að ómögulegt er að ná „rjettlæti" í þessu máli. Hvaða rjettlæti var í því t. d. að leyfa þeim, sem tekið höfðu lán fyrir 1914, að greiða þau með verðföllnum krónum á stríðsárunum? Með því var gerð árás á innieigendur í landinu. Skuldunautarnir græddu, er peningarnir fjellu á stríðsárunum. Nú þegar þeir hækka græða inneignamennirnir. Það getur tæpast talist rjett að gera upp á milli þessara manna með því að vega altaf í sama knjerunn. Hvorirtveggju eru þjóðfjelaginu nauðsynlegir, þeir, sem lána og þeir, sem ávaxta lánsfjeð. Er þá nokkurt vit í því, að veita þeim stöðugt lið, sem nota lánsfjeð, en láta hina altaf tapa? Ef það er þetta, sem hv. flm. kallar hægfara rjettlæti,

þá er það rjettnefni, því að slíkt rjettlæti er sannarlega hægfara.

Flm. frv. segja í greinargerðinni, að minna en ein miljón sje óhreyft af sparifje frá 1914 og ekkert annað fje eigi rjett til hækkunar. (ÁÁ: Já, ekkert annað sparifje.) Jeg mun þá sýna, að þetta er ærið hæpinn dómur.

Hv. flm. segir, að það fje, sem tekið hefir verið út úr sparisjóðum síðan 1914, eigi ekki rjett til hækkunar, því að það hafi tekið þátt í verðlagsbreytingum lausgengisáranna. Innieignir frá 1914, sem hreyfðar hafa verið, eiga eftir þessu ekki neinn rjett á hækkun. Þessir hv. flm. ætla áreiðanlega ekki að láta af mörkum meira rjettlæti en þeir þurfa. Í raun og veru geta þeir ekkert um þetta sagt. Það eitt er víst, að þetta er sú minsta upphæð, sem á rjett til hækkunar, en þeir vita ekkert um það, hversu mikið fje hefir verið tekið úr sparisjóðum án þess að eigendur þess nytu nokkurrar hækkunar, og á það þó sama rjett á hækkun og það, sem nú hefir notið hennar. Hjer kemur og annað til greina. Fjöldi innieigenda hefir tekið fje sitt út úr sparisjóðum og lánað það athafnamönnum með því skilyrði, að fá aftur jafn margar krónur og þeir lánuðu. Þetta fje getur ekki hafa mist rjettinn til hækkunar. Þetta fje er í raun og veru geymt í sparisjóði, þó að það sje ekki undir opinberu eftirliti. Alt þetta fje á því nákvæmlega sama rjett til hækkunar eins og það fje, sem ekki hefir verið hreyft.

En jeg vil ganga ennþá lengra. Segjum að fje sje tekið út úr sparisjóði og lagt í fyrirtæki. Fyrirtækið gengur ekki betur en svo, að það skilar aðeins fjenu með hæfilegri rentu. Eftir 3—4 ár kemur það aftur inn í sparisjóðinn. Hvað hefir nú eigandi þessa fjár grætt á því að hreyfa það, og hvers á hann að gjalda, ef það á að falla í verði eingöngu af því að það var hreyft?

Okkur hækkunarmönnum dettur ekki í hug að halda því fram, að við getum náð rjettlæti í þessu máli. En stýfingarmenn eiga þá líka að hætta að tala um „rjettlæti“ í þessu máli. Fjármálafræðingurinn Cassel hefir alveg rjett fyrir sjer, þegar hann segir, á bls. 7 í greinargerðinni: „Rjettlæti er ekki hægt að ná.“ Þessu ummæli eru kannske ekki sjerlega sterk, en í bók þeirri, er hann hefir ritað um peningamálin eftir ófriðinn, segir hann, að ekki þýði að standa gegn þeim sannleika, að ranglæti undanfarinna ára sje ekki hægt að bæta. (ÁÁ: En það er hægt að koma í veg fyrir ranglæti í framtíðinni.) Cassel fullyrðir eins og jeg segi, að ómöglegt sje að ná rjettlæti í þessu máli. (ÓTh: En þetta er alveg öfugt við skoðun Cassels.) Nei, hann talar um þetta mál alveg frá hagfræðilegu sjónarmiði, en kemur ekki fram með neitt rjettlætishjal.

En snúi maður sjer aftur að rjettlætinu, þá er aðeins eitt, sem helst verðskuldar það nafn í þessu máli. Það er að standa við þau lög, sem nú eru í gildi. Það er þó ein tegund rjettlætis að fylgja fram settum lögum. Og núgildandi lög ákveða, að í einu kg. gulls skuli vera 2480 íslenskar krónur. Þessi lög voru í gildi, þegar það ástand skapaðist, sem er ástæða verðlækkunarinnar. Því er nú rjett að taka afleiðingum þeirra laga. (ÁÁ: Vill hv. þm. (MJ) innleysa seðla með gulli, ef jeg kem með þá til hans?) Hv. þm. þarf ekki að gera að gamni

sínu. Engum hækkunarmanni dettur í hug að segja, að íslensk króna sje nú í gullgengi, en það er skilyrði þess, að seðla sje hægt að innleysa með nafnverði. En allir seðlar hljóða nú upp á hina fornu gullmynt. Eina rjettlætið í þessu máli er því að halda lögin. Jeg segi ekki, að það sje stórt rjettlæti, en því er ekki hægt að ná, fremur en hægt er að bæta manni að fullu fót, sem hann hefir einu sinni mist.

Stærsta röksemdin fyrir málstað stýfingarmanna og sú eina, sem hlustandi er á, er nauðsyn atvinnuveganna til þess að þeim sje eigi ofþyngt með skuldum. Sú röksemd styðst að nokkru leyti við þá atburði, sem gerðust á árunum 1925 og 1926. Það var mjög óheppilegt fyrir hækkunarstefnuna, að svo skyldi hittast á, að hækkunin fór einmitt fram seinna hluta ársins 1925, því að næsta ár á eftir varð eitthvert mesta hrun á verði afurða, sem þekst hefir á seinni tímum. (**Forsrh.**: Afleiðingar hækkunarinnar.) Nei, verðhrun í gulli. Það þurfti því enga hækkun til. Jeg neita því raunar ekki, að hækkunin hafi aukið á erfiðleika atvinnuveganna. Þar hjálpaðist hvorttveggja að, hækkun gengisins og fall afurðanna. En verðlækkun afurðanna hafði þó miklu meiri áhrif. Gengisbreyting er aðeins bundin við sinn tíma, en verðlækkun á afurðum er altaf beint tap fyrir landið.

Fylgismenn frv. tala um tvenskonar örðugleika: Annarsvegar stundar-örðugleikana, sem sjeu skárri af því að þeir lagist með tímanum. Þó telja þeir þessa örðugleika nokkuð langvarandi, og því til sönnunar benda þeir á, að verðvísitalan er ennþá ekki komin í rjett horf. Hún var 217 um áramótin síðustu. En jeg álít að ekki megi gera of mikið úr þessari röksemd. Verðvísitalan hefir verið mjög óstöðug nú upp á síðkastið. Seinni hluta ársins 1928 fór hún heldur hækkandi, en sýnist upp á síðkastið hvarfla til og frá. Jeg er ekki fjarri því að halda, að hún sje svo að segja alveg rjett nú. Til þess gætu legið ýmsar ástæður. Til dæmis valda tollar á vörum truflunum í þessu efni, þar sem verðvísitalan tekur þá með, og jeg hygg, að tollar hafi hækkað hjer til muna meira en hjá flestum nágrannalöndunum. Vísitalan er ekkert annað en hlutfallstala milli verðlagsins nú og verðlagsins 1914. Það er villandi að hugsa sjer hana sem einhverja mjög ákveðna tölu, og byrja röksemdir á því, að hún hljóti að geta komist á ný í sama horf og áður.

Stýfingarmenn eru altaf að vitna í verkalaun og vinnudeilur, og telja þetta meðal stundarörðugleika við hækkun gjaldeyrisins. Sjerstaklega var mikið um þetta talað um það leyti, sem frv. um þetta efni kom fyrst fram hjer á Alþingi. En mjer virðist hv. flm. ekki leggja eins mikið upp úr þessu nú og hann hefir áður gert. Sannleikurinn er sá, að verkföll og verkbönn koma jafnt fyrir því, hvort gengisbreyting hefir átt sjer stað eða ekki. Ekki þarf annað en vitna í síðustu vinnudeilu máli mínu til sönnunar. Hvaða gengisbreyting var þá á ferðinni? Engin, og þó var þessi vinnudeila sú alvarlegasta, sem komið hefir fyrir hjer á landi. Yfirleitt getur vinnudeila, þar sem farið er fram á kauphækkun, aldrei komið vegna hækkunar á gjaldeyrinum. Ef vinnudeila kæmi upp vegna gengishækkunar, myndi verða farið fram á kauplækkun. En mín skoðun er sú, að engu ver gangi

að fá kaupið hækkað en standa móti kauphækkun, ef sanngirni mælir með. Hafi verkamenn á annað borð ásett sjer að fá kaup sitt hækkað, falla þeir engu fremur frá því en mótstöðu gegn kauplækkunarkröfum frá atvinnurekendum. En vinnudeilur halda áreiðanlega áfram eins og hingað til, jafnvel þótt engin gengisröskun eigi sjer stað. (ÁÁ: Ekki þó af þeim ástæðum.) Jeg skal ekki bera á móti því, að vinnudeilur komi stundum af gengisbreytingum. En jeg held, að draumur fylgismanna frv. um eilifan vinnufrið í sambandi við festingu gengisins, sje eitt af þessum hverfulu paradísargæðum, sem síðarmeir muni verða til þess að „þeim bregði í brún, blessuðum, er þeir" vakna.

En til er önnur ástæða sterkari, sem eykur erfiðleikana á því að hækka gengið nú. Þá ástæðu mintist hv. flm. ekki á. En sú ástæða er samkepnin við Norðmenn á erlendum fiskmarkaði. Það er bert, að örðugleikar þeirrar samkepni hljóta að vaxa, meðan við erum að koma okkar peningum upp í gullgildi, þar sem Norðmenn eru búnir að koma fram sinni hækkun og þurfa ekki að leggja á sig aukabyrðar vegna hennar. En við nutum hagsmuna af örðugleikum Norðmanna fyrrum, meðan þeir voru að framkvæma sína hækkun, og mjer finst það ekki nema drengilegt, að við göngum nú gegnum þær þrengingar samkepninnar, sem þeir hafa áður orðið að þola.

Stærsti örðugleikinn við hækkunina eru auðvitað skuldirnar. Það er sá eini örðugleiki, sem skylt er að meta í því sambandi. Þann örðugleika ber að meta, þegar um það er rætt, hvort það borgi sig fyrir okkur að festa gengið. En þá verður að gera greinarmun skulda. Erlent lánsfje, sem veitt er út um landið. t. d. til landbúnaðarins, fyrir milligöngu rikissjóðs, veldur þar engum örðugleikum, því að það er reiknað í mynt þess lands, sem lánið veitir og hækkar því hvorki nje lækkar við hreyfingar á okkar gjaldeyri. Það sýnist engin ástæða til þess, að ríkissjóður græði á hækkuninni, heldur er rjettara að láta skuldunautana njóta hennar, með því að færa niður krónutöluna jafnótt og gengið hækkar. Erlent lánsfje þarf því ekki að auka örðugleika okkar við hækkun gjaldeyrisins. Innlenda lánsfjeð, sparisjóðsfjeð, er eini þröskuldurinn á vegi hækkunarinnar. Mat þeirra örðugleika á að skera úr um það, í hvorn knjerunninn nú skal höggva.

Í því sambandi verður að skilja það, að sá maður, sem tekur lán á lausgengistímum, kemst með því út í nokkurskonar gengisbrask, jafnvel þótt láninu sje varið til atvinnurekstrar eða annars nauðsynlegs fyrirtækis. En auðvitað á sú tegund gengisbrasks meiri rjett á sjer en það, sem venjulega er kallað því nafni. Gallinn á lausgenginu er nú einmitt þessi, að það neyðir hvern mann, sem lánsfje vill nota, út í gengisbrask. Ef jeg byggi hús og tek til þess 100 þúsund króna lán, þá verðfesti jeg í raun og veru þessar 100 þús. krónur. Gróði og tap á þessari verðfestingu fer eftir því, hvort gjaldeyririnn hækkar eða lækkar. Alveg sama á sjer stað, þó að jeg kaupi skip eða fjenað, eða hvað sem vera skal. Jeg á það undir auðnu, hvort peningarnir, sem jeg fjekk að láni, hækka eða lækka. Þetta er í raun og veru alveg það sama og að flytja gjaldeyrinn í annað land og bíða síð-

an átekta. Munurinn er aðeins sá, að annar verknaðurinn er þarfur fyrir þjóðfjelagið, en hinn ekki. Og þess vegna er tvennskonar rjettlæti látið ríkja í þessum efnum. Enginn vorkennir gengisbraskaranum, sem flutti myntina úr landi, þó að hann tapi á henni. En vorkunnsemin kemur fram, þegar fjeð er lagt í atvinnurekstur eða nytsöm fyrirtæki. En þetta vissu allir, bæði jeg og aðrir, sem vöfðum okkur í skuldum til að byggja hús á lausgengistímanum. Jeg veit ósköp vel, að jeg hefi tekið þátt í gengisbraski með því, að byggja hús fyrir lánsfje á lausgengistíma.

Enginn maður óskar eftir því, að baka atvinnuvegunum tjón og erfiðleika að óþörfu. En erfiðleikarnir eru þó ekki eingöngu ókostur. Allir atvinnuvegir verða að ganga í gegnum þrengingar. Það er ómótmælanlegt, að barátta stælir krafta. Það er hennar kostur. Við mundum sjálfsagt öll óska þess, að landið okkar væri dálítið hlýrra en það er. En reynslan sýnir að þjóðir, sem búa í köldum löndum, afkasta meiru en íbúar heitu landanna. Kuldinn og veðurharkan hafa gefist okkur Íslendingum vel. Það eru hörðu veturnir, sem hafa losað okkur við horkóngana. Það er þessi gamla regla Darwins: „Survival of the fittest". — Örðugleikarnir gefa þeim sterkari betra tækifæri til þess að þroska hæfileika sína, en það, sem veikara er, fellur. Þetta er hörð kenning, en undir þessu harða lögmáli hefir líf alt þroskast frá ómunatíð.

Auðvitað vill enginn viljandi leiða slíka örðugleika yfir þjóð sína, en hjá þeim verður ekki komist, og þeir geta einnig verið til góðs. Það þarf meiri „móralskan" þroska til þess að taka örðugleikunum og berjast við þá en að velta af sjer skuldabyrðinni, og geta örðugleikarnir þannig verið mikils virði. En hverjir eru það, sem valda örðugleikunum? Það eru ekki þeir, sem vilja hækkun gjaldeyrisins, heldur hinir, sem ekki höfðu vit á peningamálum og orsökuðu lággengið.

Það má svara þessu eins og Snorri goði svaraði Flosa forðum um bardagann á Þingvöllum: Eigi veld jeg, heldur eru það þeir Kolur og Þorvaldur Kroppinskeggur sem valda. En það voru hinir verstu menn í liði Snorra. (MT: Voru það þá þeir Jón Magnússon og Sigurður Eggerz, sem ekki höfðu vit á peningamálum?) Ef á að ræða málið svona persónulega, er eins gott að hætta, því að það var ekki mín ætlun með orðum þessum.

En þótt hv. 2. þm. Árn. (MT) reyni að ná sjer niðri persónulega, kemur það mjer auðvitað ekki við, — væri honum sæmra að leggja eitthvað gott til gengismálsins!

Jeg hefi ekki reynt að leyna örðugleikunum við hækkunarstefnuna, en fylgismenn stýfingarinnar reyna að leyna örðugleikunum við sína stefnu, og er það rangt. Var þó auðheyrt á ræðu hv. flm., að honum er vel kunnugt um, hverjir þeir erfiðleikar eru, enda sjest það líka á spurningum þeim, er hann lagði fyrir hina erlendu sjerfræðinga.

Það eru lánstraustspjöllin, sem af því leiða fyrir þjóðina, að vera hin eina af hlutlausu þjóðunum, sem stýfir gjaldeyri sinn. Hún verður ein eftir úr myntsambandi Norðurlanda, sem getur ekki fylgst með hinum þjóðunum að koma sinni krónu upp í gullgildi. Og lánstraustsspjöll þau, sem af þessu leiðir,

munu atvinnuvegir vorir fá að finna og borga.

Það er fyrsta regla heilbrigðra fyrirtækja, að geyma óskert lánstraust til hins síðasta, og leggja heldur á sig stórar byrðar en að skerða lánstraustið.

Gott dæmi þessa eru 1. flokkar veðdeildarbrjefanna, er seldir voru að mestu til útlanda. — Þegar krónan fjell lá nærri að láta þá, sem keypt höfðu, ekki fá vexti nema eftir hinni föllnu mynt. — Þó var þetta ekki gert, heldur var að ráði sendiherra tekið fje úr varasjóði, til þess að hægt væri að greiða kaupendum fulla vexti. — Það var líka rjettilega að farið, því að nógir örðugleikar eru á því að selja brjef okkar, þótt fyrsti örðugleikinn, sem mætir okkur, sje ekki látinn sýna útlendingum, að það sje ekki þorandi að kaupa íslensk verðbrjef.

Nei, hv. flm. er vel kunnugt um örðugleikana, sem af stýfingunni leiða, og þess vegna leggur hin særða samviska hans sömu spurningar fyrir alla sjerfræðingana. (ÁÁ: Og hver eru svörin, sem sjerfræðingarnir gefa?) Jeg kem að þeim síðar, en fyrst vil jeg segja það, að jeg vil ekki láta neina útlendinga segja okkur fyrir um það, hvað við teljum blett á okkar áliti, hvort sem það er Wallenberg eða aðrir.

Þessir sjerfræðingar, sem hjer er verið að vitna í, hafa allir verið spurðir með tvennu móti. — Fyrst voru þeir spurðir af reynslunni, og svöruðu þeir þá allir með því að hækka sinn gjaldeyri. — En svo spyrjum við þá á pappírnum og þá fáum við svarið: Þið getið stýft — þð gerir ekkert til. — Jeg vil heldur athuga, hvað þeir hafa gert fyrir sjálfa sig, þótt þeir ráðleggi okkur stýfingu, því að umhyggja manna er venjulegast meiri fyrir þeim sjálfum en öðrum.

Umsagnir hinna erlendu fræðimanna, að litið verði á stundarástandð eitt, er um lántöku er að ræða, eru ekki á rökum bygðar. Að minsta kosti gætu þau rök eigi gilt, ef um einstakling væri að ræða.

Peningastofnun, sem lánar manni fje, lítur auðvitað nokkuð á stundarástandið, hvernig efnahag mannsins er komið, en hún lítur líka á manninn sjálfan, og hvernig hann hefir sýnt sig í því að reyna að standa í skilum. Það er litið á reynsluna, og menn treysta þeim miður, sem einhverntíma hefir brugðist. Þetta er viðurkendur sannleikur. — En getur svo ekki einhver snefill af þessu sama áliti færst yfir á þá þjóð, sem ekki reynir að standa við skuldbindingar sínar? — Það er hætt við, að svo yrði, enda mundi það fljótt sýna sig með örðugri vaxtakjörum.

Fyrst eftir að Belgar stýfðu, urðu þeir að sæta afleitum lánskjörum. Þó er hjer um að ræða stóra þjóð og duglega, sem hefir mjög mikla möguleika til þess að hafa sig upp aftur. (ÁÁ: Brjef þeirra eru komin upp í 107 úr 94.) — Það kann að vera, að þau sjeu komin það nú, en þá urðu Belgar að greiða yfir 8% í raunverulega vexti, og greiddu þá Danir 4,5% i vexti á sama tíma. Hin ríkin höfðu ekkert traust á Belgum, eftir að þeir gátu ekki haldið myntinni uppi.

En hvaða samanburð má gera á okkur og Belgum? Belgar áttu einskis annars úrkosti en að stýfa. Ógnir ófriðarins höfðu skollið á þeim mest allra þjóða Evrópu. Það var um eðlilegt og alveg heiðarlegt gjaldþrot að ræða. Á hinn bóginn var hjer um að ræða stóra

og duglega þjóð, sem átti ótal möguleika á því að ná sjer upp innan skamms, — en samt þótti henni ekki fulltreystandi. En hjer hjá okkur er um að ræða hlutlausa þjóð, sem sat eins fjarri og eins ósnortin af áhrifum stríðsins eins og unt var. Allar þjóðir, sem svipað hefir staðið á um, hafa komið gjaldeyri sínum fremur fljótt í samt lag. Getuleysi er alls ekki hægt heldur að sanna, og gjaldþrotið hefir á sjer svikablæ. — Á hinn bóginn er hjer smáþjóð, sem fáir þekkja. Vildi hv. flm. að vísu gera lítið úr þessu, að það hefði nokkuð að segja, hvort þjóðin væri stór eða lítil. En þegar þjóð er eins lítil og við Íslendingar, eiga menn yfirleitt afar erfitt með að koma því inn í höfuðið, að hún geti verið sjálfstæð í peningamálum.

Og við ættum ekki að auka á þá ótrú, sem þeir hafa á okkur. Við verðum einmitt að halda með alveg sjerstakri varúð á okkar lánstrausti.

Það er rangt hjá Cassel, að við getum vel fylgt þeim þjóðum, sem hafa stýft gjaldeyri sinn, þ. e. a. s. stríðsþjóðunum, því engin hlutlausu þjóðanna hefir orðið til þess. Þjóðverjar breyttu gjaldeyri sínum, þegar hann var kominn ofan í einn biljónasta, Belgar stýfðu í 14,5%, Finnar í 10% o. s. frv. Hjer var um fullkomin gjaldþrot að ræða. En við erum búnir að hækka okkar gjaldeyri úr 46 aurum upp í 86. Ef við stýfðum, væri það óheiðarlegt gjaldþrot, og við myndum missa lánstraustið. Menn myndu segja, að hrakspárnar hafi sannast, þjóðin sje of fámenn til þess að vera sjálfstæð. Hún hafi ekki haft bolmagn til þess að halda gjaldeyrinum við, og ein allra hinna hlutlausu þjóða hafi hún orðið eftir. — Sá stóri getur leyft sjer margt, sem hinn minni má ekki. — Það er sagt um auðkýfingana í New York, að þeir geti leyft sjer að ganga illa til fara, allir viti um auðæfi þeirra eigi að síður. Sama máli er að gegna um stórþjóðirnar. (MT: Þegar menn eru komnir í pels, er það þá merki þess, að þeir sjeu gjaldþrota?) — Nei, það þarf nú ekki að vera. En pels er oft nefndur „Kreditvækker", og þeir sem minni eru, og þurfa á öllu að halda, þeir mega engan „kreditvekjara" vanrækja. Íslendingar verða einmitt að ganga í loðkápu. Þeir verða að láta öll fjármál sín líta vel út, og gera alt, sem þeir geta til þess að vernda lánstraust sitt. Það er okkur nauðsyn sökum fámennis okkar, og auk þess verðum við ætíð að leita til erlends fjármagns, ef á liggur. Jeg ætla að svo komnu að sleppa þeim „moralska" ósigri, sem við biðum við stýfingu. En peningatjónið, sem við myndum bíða af því að missa lánstraust annara þjóða, yrði gífurlegt, og myndi brátt lýsa sjer í hækkuðum vöxtum. Þetta eru tvær aðalástæður gegn stýfingu, en auk þeirra eru fjölmörg smærri atriði.

Um myntsamband Norðurlanda er komist svo að orði í greinargerð frv. á bls. 5, — að þótt einhverjir kynnu að sjá eftir hinu gamla myntsambandi við Norðurlönd, þá sjeu slík sambönd, eins og Norðurlandasambandið, lítils virði.

Myntsambandið út af fyrir sig er kannske ekki mikils virði, en það verður ekki svo lítils virði fyrir okkur, þegar við erum fallnir út úr því. Að Íslendingar hafi einir gefist upp á því, að koma sinni krónu upp í gullgildi, og því fallið út úr myntsambandi Norð-

urlanda, er ef til vill það eina, sem menn út um heim vita þá um okkar fjárhag. Og þegar talað er um Norðurlönd, er ekki svo lítils virði, að vera talið fullgilt fimta ríki.

Þá segir svo á sömu bls. grg., með leyfi hæstv. fors.: „Það eina myntsamband, sem oss varðar um að vera í, er „myntsamband" þeirra þjóða allra, sem gullfót hafa, og þeirra trygginga og þæginda í gjaldeyrismálum þurfum vjer sem fyrst að verða aðnjótandi."

Flm. hefir sjálfur fundið veiluna í þessari hugsun, því að hann hefir sett „myntsamband" innan gæsalappa. Við getum auðvitað alt af verið í því „myntsambandi", þótt við stýfðum gjaldeyri okkar í hálfvirði. Það er eins örugt fyrir okkur eins og manninn að vera í mannfjelaginu; því að úr þessu „myntsambandi" getur þjóðin ekki komist nema hún hætti öllum viðskiftum við aðrar þjóðir.

Þá sagði hv. flm., að stýfingin varðaði enga aðra en Íslendinga eina. Jeg skal ekkert um það segja, hvort öll lán Íslendinga erlendis eru nú tekin í útlendum gjaldeyri, og býst jeg við því, að hv. flm. geti lítið fullyrt um lán einstakra manna, þótt svo kunni að vera farið um ríkislánin. En þótt þetta mál varðaði enga aðra en Íslendinga sjálfa, get jeg ekki sjeð, að það sje þýðingarlaust fyrir því. Hvaða áhrif myndi þetta t. d. hafa á það, þegar ríkið þyrfti næst að leysa seðlabanka sinn undan innlausnarskyldu? Hjá því verður aldrei komist við og við. En hvað segðu innstæðueigendur um það í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefir fengist? Svarið gæti ekki orðið annað en alment herhlaup að bankanum. Allir vilja ná fje sínu áður en það fellur, því að nú er sýnt, að engin trygging er fyrir fullu verði.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem hv. flm. leggur svo mikið upp úr, að þessi aðferð, að breyta myntlögunum, sje svo góð, að enginn viti af henni.

Hv. flm. segir svo í grg. á bls. 6 — með leyfi hæstv. fors.: „Beinasta leiðin er að festa þá krónu, sem nú gildir. Það breytir engu, heldur segir einungis: núverandi ástand skal haldast!"

Breytingin er hin sama og þegar maður deyr í svefni. — Meðan maðurinn svaf, var ekkert um það talað, en nú fer fregnin út um alt, að nú sje hann dáinn. Mun víst engum detta í hug að halda því fram, að hjer hafi engin breyting á orðið. — Krónan hefir verið látin sofa alt of lengi, því að við höfum sofið af okkur Norðmenn, í stað þess að við hefðum átt að hækka jafnt og þeir. — Hæstv. atvmrh. var svo hreinskilinn að játa það, að því lengur sem það er látið bíða að hækka, því ófúsari eru menn a að leggja á þá braut.

Nú fer fregnin út um heim allan, að Íslendingar sjeu búnir að gefast upp á því að hækka gjaldeyri sinn og hafi stýft krónuna. Á meðan krónan var ekki verðfest með lögum mátti segja: „Hún er ekki dauð, heldur sefur hún." — Menn hafa lært mikið á þessari kreppu hinn síðasta tíma, enda má nú segja, að hvert barnið kunni nú eins mikið í hagfræði og vísindamennirnir kunnu fyrir stríðið. Þegar gengisnefndin var skipuð, var það með það fyrir augum, að festa eða hækka ísl. krónuna, og í fullu samræmi við þetta ljet fyrv. stjórn hækka krónuna í góðærinu 1925. En þrátt fyrir að árið 1928 hefir verið eitthvert hið mesta góðæri, sem yfir þetta land og þessa þjóð hefir komið, hefir

hæstv. núverandi stjórn látið það líða án þess að hækka krónuna. Þessi dráttur hefir svo orðið til þess, að enn þá örðugra er að taka hækkunarstefnuna, því að aldrei eru örðugleikarnir á því eins miklir fyrir banka og eftir góðæri, sem ekki hefir verið notað í þá átt. Í þess stað á að láta krónuna deyja í svefni, en sá dauði hefir í för með sjer stórkostleg lánstraustsspjöll, eins og áður hefir verið bent á. Og með því er innleidd sú stefna, sem erfitt er að stöðva sig á. Erlendir auðmenn munu komast á þá skoðun, að þeirri þjóð sje ekki treystandi, sem stýfir gjaldeyri sinn án þess að brýn nauðsyn krefji. — Þeir missa trúna á okkur í framtíðinni og ganga að því sem gefnu, að úr því að við höfum runnið frá örðugleikunum nú, munum við einnig gera það síðar. Með því að gefast upp nú, er í raun rjettri verið að leggja út á sömu leiðina og gömlu kongarnir, sem ljetu slá blandaða mynt. Þetta er alveg eins og með uppruna frankans, líru, peseta, sterlingspund o. fl., alt var þetta sama mynteiningin, sem upprunalega mun hafa verið pund silfurs. Út á þessa braut leggja menn nú, ef farið verður að stýfa okkar mynt. Þetta er allra alvarlegasti annmarkinn á stýfingunni, að hún verður ávalt endurtekin.

Mjer finst, að við þurfum fremur að ala upp það, sem stefnir til hreysti og harðfengi hjá okkur, og taka mannlega á móti þessum erfiðleikum. Fanst mjer sama hugsun uppi hjá hv. þm. Dal., þar sem hann heyrði helst þær raddir með þjóðinni, sem fögnuðu hækkun, en hv. flm. sagðist ekki vera glaður yfir hækkun, og vildi heldur ala upp þann hugsunarhátt sem reynir að þoka sjer undan erfiðleikunum.

Það kveður dálitið við annan tón hjá Dönum, í Finanstidende 29. desember 1926, og vildi jeg biðja um leyfi hæstv. forseta til að lesa það upp, og mun jeg þurfa tvöfalt leyfi, þar sem það auk alls annars er á dönsku. Þeir skrifa um það, að menn hafi búist við hroðalegum afleiðingum af því, þegar krónan kæmist upp í gullgildi. En svo segir í þessari merku yfirlitsgrein um fjármál Dana:

„Derfor gik man ind i 1926 med bange Anelser. .... Hvorledes er det saa gaaet? Kronen er stöt og langsomt gledet op fra 93—100, Priserne ligesaa jævnt faldet fra 153—145. Men Danmark staar endnu, og har det end knaget og braget i Tömmeret, holder det dog, og Skuden er tæt. Aaret har udviklet sig gunstigere en forventet. Og den Opfattelse er vistnok fremherskende, at 1927, om alt gaar vel, kan bringe Landet ind under Verdenskonjungturerne paa lige Fod med de övrige europæiske Lande. .... Den 1. Jan 1927 bliver en Æresdag for den danske Krone, paa samme Maade som den 5. Maj 1845, da Nationalbankens Sedler for förste Gang erklæredes indlöselige."

Já, hjer kveður dálitið við annan tón heldur en hjá þeim, sem segir: Nei, jeg var ekki glaður, jeg yrði glaðari, ef krónan væri sett niður í 46 aura. En jeg hefi þá trú, eins og hv. þm. Dal., að það sje affarasælast að reyna að halda út og koma krónunni upp í gullgildi, það má vel vera að sumir yrðu kannske ekki glaðir í svipinn, en jeg efast ekki um, að eftirá verði allir þakklátir þeirri kynslóð, sem vann þetta þrekvirki.

Það er náttúrlega gott og freistandi að bjarga undan svo og svo miklu af eignum sínum, hvort sem það er á nafn

konunnar eða með einhverju öðru móti; en menn eru samt miklu glaðari, ef þeir hafa látið aleigu sína og konunnar ganga í að svara öllum kröfum, þó að þeir standi slyppir uppi. Hjer er ekki alveg ólíkt ástatt um þjóðina í heild, og síðari tíminn mun líta á það sem sigur, ef okkur tekst að koma krónunni aftur upp í gullgildi.

Mig langar svo aðeins til að minnast á þessi álitsskjöl, sem hjer er talað um. Vil jeg þá fyrst segja, að mjer þykir ekki umsögn Cassels sjerlega áhrifamikil; jeg efast að vísu ekki um vitsmuni hans eða þekkingu, heldur er það af því, að þennan mann hefði alls ekki þurft að spyrja, því hvað þýðir að spyrja mann, sem í mörg ár hefir ritað fleiri bækur um að fá ákveðinn málstað fram í þessum efnum? Jeg býst ekki við, að hv. flm. hafi ímyndað sjer, að Cassel mundi gefa upp nokkurt það álit, sem ekki hefir þegar komið fram í bókum hans. Nei, mjer finst þetta svo mikill óþarfi, og jeg er heldur ekkert hissa á því, þótt próf. Cassel ráðleggi okkur það sama, sem hann hefir ráðlagt öllum öðrum. En margt er þó hæpið í hans tillögum, t. d. þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess hefir gjaldeyrir verið verðfestur í svo mörgum mikilsháttar löndum, að óhugsandi er, að álit Íslands meðal annara þjóða biði hnekki við, að fylgt sje því eftirdæmi."

Þetta er beinlínis villandi. Engin þjóð hefir stýft sinn gjaldeyri nema stórþjóðir og engin þjóð hefir stýft gjaldeyri, sem hefir staðið líkt því eins hátt og okkar gjaldeyrir. Við erum því alveg einir sjer um okkar stýfing.

Svo er álit þeirra Adolfs av Jachnick og ríkisbankastjóranna sænsku. Mjer finst það álit líkast svari Alexanders mikla. „Nú mundi jeg hætta, ef jeg væri Alexander mikli," sagði Parmenio. „Já, það mundi jeg líka gera, ef jeg væri Parmenio", svaraði Alexander mikli. Mjer finst þessi tillaga, eftir að búið er að koma sænsku krónunni upp í gullgildi, vera að ráðleggja Íslendingum það, sem þeir ekki vildu sjálfir gera. Það getur verið, að þeir hafi hækkað sænsku krónuna á móti betri vitund, en ef þeir hafa ekki gert það, þá er þetta aðeins lítilsvirðing á okkur. Það er eins og þeir segðu við okkur: „Það er líklega best fyrir okkur að gera þetta, en ekki vildum við gera það."

Svo kemur það, sem þeir segja um lánstraustsspjöllin. Hefi jeg að mestu svarað því áður. Þeir álíta að fjesýslumennirnir meti aðeins stundarhag lántakanda, en það getur ekki verið rjett. Nei, það fer ekki eingöngu eftir þessu, það er ómögulegt að leggja svo góð gögn á borðið, að þau verði ekki mismunandi metin eftir því, hver leggur þau fram. Það er ómögulegt að nokkur bankastjóri mundi ekki meta meira það, sem góður viðskiftamaður leggur á borðið, heldur en það, sem annar maður legði fram, er oft hefði brugðist honum. Þetta er því villukenning, og þeir vildu heldur ekki nota hana fyrir sjálfa sig.

Svo er hjer álit Rygg's bankastjóra. Hann er hjer sem fyr sá lang-raunhæfasti af öllum þessum mönnum á Norðurlöndum. Þar syngur við annan tón, það er ekki hægt að fá annað út úr hans svari, en að hann sje hækkunarmaður, og mundi ráðleggja okkur hækkun, ef málið hefði verið svoleiðis fyrir hann lagt. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þessara um-

mæla," — þ. e. a. s. forsætisráðherra, um að búið sje að ákveða stýfingu krónunnar — „sem benda á, að málinu sje í raun og veru þegar ráðið til lykta, þá skal jeg ekki fara nánar inn á það, hvort rjett sje að lögfesta krónugildið í 80—82% af gullverði."

Það er, m, ö. o., hann segist ekki vilja ráðleggja neitt um þetta, en bætir svo við því, sem er hárrjett um þetta atriði:

„Um þetta atriði eru það fyrst og fremst Íslendingar sjálfir, sem verða að fella dóminn, enda hefi jeg ekki í höndum þau gögn um það, hvernig til hagar á Íslandi, að álit mitt um þetta efni verði svo sjerlega mikilvægt."

Þetta er vitaskuld alveg rjett, og svo gengur hann í öllu út frá því, að Íslendingar sjeu búnir að ákveða að stýfa, svo hann þurfi ekkert um það að segja. Svo segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Sje það nú talið ókleift að ná aftur gamla gullgildinu og heil þrjú ár eru liðin með föstu gengi, þá er rjett að tryggja sjer, að gjaldeyririnn fari ekki út af sporinu aftur, og það gerist best með lögfestingu gengisins."

Hann segir: Ef þið ætlið að gera það, verið þá ekki að hringla neitt, stöðvið strax! Og svo segir hann líka:

„Að draga á langinn lagalega verðfestingu gengisins 80—82%, er því að mínu áliti óráðlegt, ef hætt er við þá hugsun að ná gamla gullgenginu."

Það er auðsjeð, að hann vill aldrei vísa á bug þessari hugsun sinni, að hækka. Og svo bætir hann við:

„Með þessum forsendum hlýt jeg því að svara fyrri spurningunni, sem til mín var beint, játandi."

Það, sem hann segir, er þá þetta: „Það, sem þú gerir, það ger þú fljótt!" En það var aðeins sagt. ef þú ætlar að gera það, komdu því þá í verk.

Um hina spurninguna, hvort við munum bíða lánstraustspjöll, segir hann, fyrir það fyrsta, að það fari eftir því, hvort önnur lönd biði tjón við stýfinguna. Jeg hefi svarað þessu áður. En svo segir hann:

„Viðvíkjandi hinu atriðinu, hvort annars sje kostur, þá vil jeg leggja áherslu á, að til þess að ná núverandi gildi, hefir verðmæti íslenskrar krónu verið hækkað að mun, ..." — Þetta eru málsbæturnar, sem hann álítur okkur hafa, að við erum búnir að lyfta gjaldeyrinum úr 46 aurum upp í 82, og getum kannske forsvarað að stýfa, af því að við höfum sýnt okkar góðu viðleitni í því að reyna að komast eins langt og við gátum. Rygg veit aðeins ekki, að við getum eins vel komist það, sem eftir er. Vill hann þá benda öðrum á, að „þið voruð að reyna". Er það ekki það sama og hann segi: Það er það, sem máli skiftir, að þið sýnið, að þið hafið gert það, sem þið gátuð?

Svo var það, sem hv. flm las. Jeg ætla líka að lesa það, en með öðrum áherslum, til þess að sýna hvað mismunandi áherslur geta gert. — Bankastjórinn segir þar: „— þá á jeg bágt með að trúa því, að þetta valdi nokkrum álitsspjöllum til lengdar." — Hann vill ekki segja að það verði til lengdar, því hann hefir einhverja von um, að það verði ekki svo.

Nei, jeg vil þess vegna segja það, að þessi álit útlendinganna, sem náttúrlega var alveg rjett að leita, þau eru ekki eins veigamikil og ætla mætti, sem eðlilegt er, því það er mikill munur að fá nokkrar spurningar lagðar fram, eða

athuga ástandið með eigin augum. Þrír þeirra segja eiginlega ekkert um málið, en um einn manninn er svo háttað, að það skín eins mikið út úr orðalagi hans, að við eigum að hækka, en ekki að stýfa.

Það er með okkur eins og með skulduga menn, að það eru erfiðleikar á allar hliðar. Það eru erfiðleikar við að komast upp í gullgengi, og erfiðleikar við að sæta verri vaxtakjörum með stýfingu. En jeg held að það sannist hjer, eins og svo oft áður, enska spakmælið, að „Honisty is the best policy". Það er best að fara þá leið, sem óspilt meðvitund okkar segir að sje hin heiðarlegasta, en það er eins og frændþjóðir okkar hafa gert, að koma okkar gamla gjaldeyri upp í sitt forna gullgengi.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Það hefir nú þegar verið mikið rætt um þetta frv. hjer í deildinni, enda er það að vonum. Jeg hjó eftir því, að einhver ljet í ljós, að hann undraðist, að þetta frv. skyldi koma svona seint fram. Jeg get ekki verið á sama máli og hann. Miklu fremur undrast jeg það, að þetta frv. skuli yfirleitt koma fram. Því eins og nú er, hefir ríkisstjórnin öll ráð, bæði í gengisnefnd og bankaráði, og hefir því algerlega á sínu valdi að halda genginu föstu. Þetta hefir stjórnin viðurkent og hv. flm. líka, enda hefir og reynslan best sannað það. Sumir hafa viljað halda því fram, að krónan hafi ekki getað hækkað s.l. ár, nefnilega 1928. Þetta hygg jeg að hafi ekki við nein rök að styðjast. Jeg tel það þvert á móti víst og þykist hafa fullkomin gögn fyrir því, að ísl. króna hefði hlotið að hækka, ef ekki hefði verið unnið að því að halda genginu niðri. Jeg skal samt ekki fara frekar út í þetta að sinni, en mun víkja frekar að því við síðari umr. þessa máls.

Af þessum ástæðum þykir mjer undarlegt, að slíkt frv. skuli koma fram eftir þriggja ára gengis-kyrstöðu. Jeg hafði haldið, að þurft hefði einhverjar sjerstakar ástæður til þess að rjúka nú í það í miðju kjörtímabili, að lögfesta krónuna. Hv. flm. sagði, að það væri af rjettlætis ástæðum, að krónuna þyrfti að stýfa eða festa, og býst jeg við, að ýmsir hv. þdm. taki undir þau ummæli. En mjer þykir það því undarlegra, að ekki hefir við þær umr., er hjer hafa átt sjer stað, verið neitt minst á það ranglæti, sem mikill hluti þjóðarinnar varð fyrir, er gengið lækkaði. Það ætti þó að vera öllum ljóst, og ekki síst hv. flm. og hæstv. stjórn. Hverjir voru það, sem töpuðu, er ísl. krónan lækkaði úr 100 aurum niður í 47 aura? Fjöldi einstaklinga og heilar stjettir manna urðu fyrir stórtjóni af gengislækkuninni. Og vitanlega tapaði sú stjettin mest, er fjekk alt sitt kaup greitt í ísl. krónum sílækkandi, og þurfti að kaupa nauðsynjar sínar fyrir sílækkandi ísl. krónur. Það var þessi hluti þjóðarinnar, sem tapið af gengislækkuninni lenti þyngst á. Því að altaf meðan gengið var að lækka, var kauphækkunin gífurlega langt á eftir gengislækkuninni, sem kunnugt er.

En hvað varð nú af þessu tapi verkalýðsins? Hvert rann það fje, er hann

tapaði? Jú, það rann til hinnar meginstjettarinnar, er seldi vörur sínar, afurðir landsmanna, fyrir erlendan gjaldeyri, en greiddi verkafólkinu í íslenskum krónum. Það voru þeir, sem græddu! Þetta er mjög mikilsvert atriði í þessu máli, þó að furðanlega lítið hafi verið á það minst.

Það hefir verið tekið fram af andstæðingum þessa frv., t. d. hv. þm. Reykv. (MJ), og það með rjettu, að ef krónan væri stýfð eða verðfest, þá væri öllum þeim, er ættu frá því fyrir gengisfallið innstæður í sparisjóðum, órjettur ger. Stýfingin verður vitanlega órjettur gagnvart þeim, er eiga peninga á vöxtu, frá því áður en verðfallið vegna gengislækkunarinnar gerði vart við sig. En í mínum augum er það ranglæti ekki ýkja mikið, sem þessir menn verða fyrir. Þeir hafa margir hverjir á ýmsan hátt grætt á gengisbreytingunum og þola allir þótt inneignir þeirra hækki ekki í verði frá því, sem nú er. Nei, aðalranglætið verður vitanlega framið gegn þeim, er mestu töpuðu á gengislækkuninni. Sem sje þeim, er taka laun sín í ísl. krónum, aðallega verkalýðnum og launafólki. Að vísu hafa verkamenn fengið aftur nokkuð af tapi sínu meðan krónan hækkaði úr 47 aurum upp í 81½. Því að eins og kauphækkunin var ávalt nokkuð á eftir gengislækkuninni, svo var og kauplækkunin ávalt nokkuð á eftir gengishækkuninni. Að því leyti hafa verkamenn fengið nokkuð af tapi sínu aftur, en ekki alt; enn vantar þar mikið á.

Það má nú ef til vill segja, að fullkomnu rjettlæti í þessum efnum verði aldrei náð. Jeg býst við að það sje rjett að nokkru leyti. Það verður aldrei hægt að bæta hverjum einstakling það tjón, sem gengisfallið hefir valdið honum, og heldur ekki að taka aftur af hverjum einstakling óverðskuldaðan gróða á lækkuninni. En það er hægt að komast betur í áttina til jafnaðar. Það er hægt að jafna mjög misrjetti aðalstjettanna einmitt með því, að láta krónuna hækka aftur upp í sitt gamla gildi. Þetta viðurkennir hv. flm., en heldur því jafnframt fram, að þeir er fengju fullan rjett sinn, ef hækkað væri, yrðu í miklum minni hluta og hinir miklu fleiri, sem rangindum yrðu beittir. Hv. flm. verður að gefa því nánar gætur, hvernig fjárstraumurinn skiftist milli meginstjetta þjóðarinnar, en má ekki horfa um of á það, hvað einstakir einstaklingar bera úr býtum. Næst rjettlæti í þessum efnum verður komist, ef verkalýðurinn fær bætt upp aftur með hækkandi gengi, það sem hann tapaði á gengislækkuninni. En slíkt næst ekki nema því aðeins, að gengið verði hækkað svo, að peningar okkar komist í jafngildi við það, er þeir áður voru, og að hækkunin taki svipaðan tíma og lækkunin tók.

Annað var það, sem mjer þykir eftirtektarvert við þessar umr. Það er það, að menn tala um gengislækkun og verðrask sem eitt og hið sama. Þetta er mjög fjarri öllum sanni, því að gullið hefir ekki hækkað nema um 20%, en verðlagsvísitalan um 120%. Það eru því aðallega aðrar verðlagssveiflur en gengissveiflan, er valda mestu raski á verðlaginu í landinu. Það hefir komið í ljós við sölu á framleiðsluvörunum, að verðsveiflur á þeim erlendis hafa á einu ári oft orðið meiri en það, sem okkur vantar nú til þess að koma krónunni í gullgildi. Mjer virðist menn gera of

mikið úr örugleikunum við að hækka gjaldeyrinn, þegar þess er gætt, að við höfum hækkað krónuna úr 47 aurum upp í 82 aura, tiltölulega þrautalitið. Jeg veit, að menn munu andmæla þessu, en jeg segi fyrir mig, að jeg vil bíða eftir fullum sönnunum fyrir því, að þessir miklu örðugleikar hafi raunverulega átt sjer stað. Jeg veit ekki betur, en að efnahagur okkar Íslendinga sje nú með meiri blóma en nokkru sinni fyr. Eru þó ekki nema liðlega þrjú ár liðin síðan krónan hækkaði úr 47 upp í 81—82 gullaura. Og varð þó sú hækkun á óhentugum tima. Jeg skal að vísu játa, að ekki allfá fyrirtæki hafa orðið að hætta störfum vegna hækkunarinnar, en mjer er líka kunnugt um það, að ekki var vanþörf á því að hreinsa nokkuð til sumstaðar, og það eins þótt engin gengishækkun hefði orðið. Það er svo, engu síður hjer en annarsstaðar, að sum fyrirtæki eiga rjett á að lifa, önnur ekki. Og af þeim, sem hættu störfum, þegar krónan hækkaði, voru sum, sem að skaðlausu hefðu mátt hætta fyr.

Við umr. þessa máls hjer í hv. d. hefir komið í ljós, að ekki ber eins mikið á milli hjá meginflokkum þingsins og hefir verið látið í veðri vaka. Jeg hjó eftir því hjá hv. flm. í fyrstu ræðu hans, að hann tók það greinilega fram, að enginn eðlismunur væri á því, hvort krónan væri fest í sínu núverandi gengi, eða upp væri tekin gamla gullkrónan, 100 gullaurar. Nýir gullgildisseðlar gefnir út, og þeir sem nú gildi, innleystir með 81—82 aurum hver króna. Jeg er hv. flm. alveg sammála um það. Þá hjó jeg eftir því hjá hv. 1. þm. Skagf. (MG), að hann sagði, að ef um stýfingu eða verðfestingu væri að ræða, þá væri rjettara að verðfesta seðlana en breyta myntlögunum. Það má nú að vísu teygja þetta dálítið, en jeg sje þó ekki betur, en að hjer sje um alveg það sama að ræða. Að gefnir sjeu út nýir seðlar, gulltryggðir, nefnilega innleysanlegir með 100 gullaurum, er alveg það sama og hv. flm. gat um í sinni ræðu. Það eru því fullar horfur á, að dregið gæti til samkomulags á milli flokkanna. En ástæðan til þess er sú, sem jeg benti á í fyrstu ræðu minni,— og líka hefir komið fram í umræðum, að hv. þm. líta ekki á hlut þess aðiljans, sem harðast verður úti, nefnilega verkalýðsins. Með því að stöðva krónuna í 81 eða 82 aurum, er útilokað, að verkalýðurinn geti fengið sem kauphækkun eitthvað til uppbótar á gömlu vangoldnu kaupi. Jeg held því, að það sje mjög fráleitt að kalla það rjettlæti, að verðfesta krónuna. Það er hreint og beint að staðfesta órjett og gera hann að lögum, órjett, sem mikill hluti landsmanna hefir verið og er beittur.

Þegar litið er til þess, sem hjer gerðist í gengismálinu í stjórnartíð íhaldsins árið 1925, þarf engann að undra, þótt aðalflokkarnir báðir líti nokkuð svipað á þetta mál nú. Þá var, eins og allir muna, nýafstaðið mesta veltiár, sem hjer hefir komið. Árið 1925 var líka gott, og þrátt fyrir viðleitni bankanna og gengisnefndar, lánaðist ekki að halda genginu niðri. Krónan sprengdi af sjer öll bönd, ef svo mætti segja, og sterlingspundið lækkaði á skömmum tíma úr 30 krónum niður í 22,15 kr. Nú er jeg þess fullviss, að ekki hefði þurft að gera annað en að láta rás viðburðanna ganga sinn gang þá um haustið, til þess að krónan hefði farið upp í gullgengi. Jeg er bess líka full-

viss, að þeir erfiðleikar, sem gerðu vart við sig í byrjun ársins 1925, hefðu litlu meiri orðið, þó að skrefið hefði þá verið stigið til fulls. Þáverandi fjármálaráðherra, hv. 3. landsk. (JÞ) stöðvaði gengishækkunina með hinu gamla þrautaráði, að gefa út nýja seðla. Síðan hefir krónan staðið í stað. Það er því fyrst og fremst hv. 3. landsk., sem hefir valdið því, að krónan er ekki löngu komin í gullgildi.

Hv. þm. Dal. virðist halda því fram, að það sem stefna beri að, sje hægfara hækkun krónunnar upp í sitt gamla gildi. Jeg er hv. þm. ekki sammála um þetta. Jeg veit, að margir menn voru þeirrar trúar, að hægfara hækkun væri besta lausn gengismálsins hjer. En eins og hv. flm. tók rjettilega fram, höfum við lært mikið um gengismál á undanförnum árum, og reynslan hefir m. a. kent okkur, að hægfara hækkun er bæði afartorveld og athugaverð mjög. Jeg álít að snögg hækkun, þegar aðstæður eru sjerstaklega góðar, sje langbesta lausnin á þessu vandamáli. Það hefði áreiðanlega verið auðvelt að hækka krónuna fyrir eða um áramótin 1928 og 1929 upp í fult gildi. Það sjest m. a. á inneignum Landsbankans erlendis í árslokin. Jeg get alveg fallist á þær röksemdir hv. flm., að það hlýtur að draga úr framkvæmdum og kjarki manna að eiga von á hækkun smám saman, þannig að þeir hljóti sífelt að búast við að þurfa að borga meira en þeir hafa tekið til láns, að skuldir þeirra hækki í verði með hverju ári. Þá vilja þeir auðvitað heldur bíða.

Jeg skal ekki deila um það við hv. flm., hvort rjett sje að kalla þetta verðfestingu eða stýfingu. En ef við eigum að skoða frv. sem verðfestingarfrv., þá vil jeg leyfa mjer að spyrja: Í hverju er sú verðfesting fólgin? Jeg veit, hvert svarið verður: Í gullinnlausn seðlanna. Jeg vil minna hv. flm. á það, að til ársins 1914 var gullinnlausn á seðlum. En fyrir atvik, sem þá gerðust, var innlausnarskyldunni afljett. Hjá því varð ekki komist. Og hvað skeði? Krónan fjell og fjell. Það er engin trygging, þó að gullinnlausnarskyldu sje komið á nú, fyrir því, að ekki kunni að höndum að bera eitthvað það, sem gerir innlausnarskyldu bankanna nafnið tómt. Og þá fer sem fór. Jeg ætla ekki að spá neinum hrakspám, en það er ekki hægt að neita því, að þetta getur vel komið fyrir aftur. Einmitt í þessu sambandi þarf að athuga forsendur hv. flm. Hann heldur því fram sem algildum sannindum, að jafnan sje framið ranglæti, ef gjaldeyririnn er hækkaður. Setjum svo, að þingið fallist á, að þetta sje rjett, og að gjaldeyririnn yrði nú festur með lögum en fjelli síðan aftur. Eftir forsendum hv. flm. væri þá ranglátt að hækka hann úr því sem hann þá fjelli í. En jeg hygg samt, að enginn muni leyfa sjer að halda því fram í alvöru, að þeirri meginreglu beri að fylgja í gengismálinu, að gæta þess ávalt, að gengið hækki ekki, en sje látið leika á lausu niður á við. Það væri bein fjefletting á annari meginstjett þjóðfjelagsins, verkalýð og launamönnum. Það vær þá útilokað, að sú stjett, sem hefir hagnað af því að gjaldeyririnn væri hækkaður, gæti á þann hátt fengið bætt tjón gengislækkunarinnar.

Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að víkja að þessu sinni að þeim örðugleikum, sem eru á því, að hækka krónuna upp í gullgildi. Jeg býst við, að fram fari frekari umræður um þetta mál og

að rjett sje að bíða þangað til. Jeg vil þó drepa á eitt meginatriði.

Þeim, sem skulda íslenskar krónur frá lággengisárunum, eru bundnir þeir baggar, að skuldir þeirra hækka að verðgildi um h. u. b. 20%. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) benti á, að bankarnir, sem skulda tugi miljóna króna í útlöndum, fá, ef íslensk króna hækkar, lækkun á greiðslu vaxta og afborgana, sem nemur mörgum miljónum. Ekkert er sjálfsagðara, en að það fje verði notað til þess að hægja um fyrir hinum, sem skulda bönkunum íslenskar krónur. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hugsar sjer, að þetta verði gert á þann hátt, að beinlínis verði felt niður af skuldinni, en mjer finst eðlilegra, að gera þetta með vaxtalækkun. Útlánsvextir bankanna eru nú 7½%. Ef hægt væri að lækka þá upphæð niður í 6½% eða jafnvel 6%, þá væri mönnum að fullu bætt, að því er vextina snertir, það sem skuldin hefði aukist að verðmæti. Jeg bendi bara á þetta, til þess að sýna, að til eru margar leiðir til þess að ljetta skuldunautunum þá erfiðleika, sem hækkun gjaldeyrisins bakar þeim.

Jeg get fallist á það með hv. flm., að það hefir í sjálfu sjer litla þýðingu að vera í myntsambandi við Norðurlandaþjóðirnar, að minsta kosti fjárhagslega sjeð. En jeg get ekki neitað því, að það er mikið til í því, sem andstæðingar stýfingarinnar segja, að einmitt af þeim þjóðum, sem næstar okkur eru og hafa búið við lággengi, en samt hækkað gjaldeyri sinn í gullgildi, verður litið svo á, að stýfingin sje yfirlýsing um fjárhagslegan vanmátt okkar Íslendinga. Það er að vísu rjett hjá hv. flm., að í mörgum tilfellum þarf þetta ekki að spilla lánstrausti okkar erlendis. Lánstraustið fer eftir því yfirleitt, hvernig efnahagur okkar og afkoma er. Þegar kemur til samninga, verður alt slíkt rannsakað. En áður en farið væri að kryfja slíkt til mergjar, mundu margir líta á aðferð okkar í gengismálinu og telja hana bera vott um litla fjárhagslega getu.

Jeg mun að sjálfsögðu greiða atkvæði með því, að frv. verði vísað til nefndar, til rækilegrar íhugunar þar. En jeg býst ekki við, að neitt það komi fram, sem breyti skoðun minni svo, að jeg samþykki frv. Jeg skal endurtaka meginástæður minar gegn frv. Þær eru þessar: Í fyrsta lagi: Ef samþyktar eru forsendur hv. flm., er þar með slegið föstu, að gengishækkun sje ranglát, og að því sje ekki tiltækilegt að gera opinberar ráðstafanir til þess að hún geti orðið, þótt nýtt gengisfall, er fjeflettir alþýðu, berí aftur að höndum. Í öðru lagi: Jeg tel, að það ranglæti, sem gengishrunið orsakaði, verði bætt, að svo miklu leyti sem unt er að bæta það, ef krónan aftur er hækkuð í sama verð og hún hafði áður. Hitt væri að lögfesta ranglæti.

Sigurður Eggers: Það eru nú nokkrir dagar síðan jeg tók fyrst til máls um þetta frv., og vil jeg nú svara ýmsu, sem komið hefir fram í umr. síðan.

Það voru aðallega ummæli hæstv. forsrh., sem komu mjer til að standa upp. Hann var að tala um aðstöðu þessa máls í þinginu og var auðsætt, að hann taldi óvíst, að krónan yrði formlega stýfð. Þetta sama skildist mjer á hv. flm. Bæði hann og hæstv. ráðherra gera ráð fyrir, að aðstaðan í þinginu sje sú, að óvíst sje, að frv. nái fram að ganga. Það er að vísu gott að fá þetta

staðfest. Það er í fullu samræmi við það, sem hæstv. ráðherra sagði í útlöndum, að íhaldsflokkurinn og jafnaðarmannaflokkurinn væru á móti því, að krónan yrði stýfð. Hæstv. ráðherra sagði samt í útlöndum, eða að minsta kosti hefir Rygg bankastjóri skilið það svo, að krónan mundi verða fest. Nú er svo að heyra á ummælum eins aðalforingja jafnaðarmanna (HG), að aðstaða þeirra sje óbreytt í þessu máli, og það sama hefir komið í ljós af hálfu íhaldsmanna.

Áður en jeg vík frekar að þessu atriði, verð jeg að taka í sama streng og hv. 1. þm. Reykv. (MJ), um að augljóst sje, að mál þetta er virkilega hjartansmál hæstv. stjórnar. Jafnan, þegar talað hefir verið um þetta mál, hefir hæstv. stjórn lagt svo mikla áherslu á það, að hún virðist hafa skoðað það sem mál málanna. Í þessu sambandi álít jeg rjett að hafa upp þær frumreglur, sem sjálfsagt er að fylgja í stjórnmálum.

Jeg verð að líta svo á, að þar sem aðalmaður stjórnarinnar hefir skrifað aths. við þetta frv. og fylgt því úr hlaði með meðmælum, þá verður stjórnin, þó að hún flytji ekki frv. sjálf, að leggja svo mikla áherslu á, að það nái fram að ganga, að hún fari frá völdum eða leysi þingið upp og spyrji þjóðina, ef frv. kemst ekki í gegnum þingið. Það væri í fullu samræmi við þær parlamentarisku reglur, sem gilda alstaðar um hinn siðaða heim.

Hæstv. forsrh. sagði, að þó að þetta mál næði ekki fram að ganga, mundi samt stjórnin og flokkur hennar hafa það á valdi sínu, að halda krónunni í sama gengi, og hún er í núna, meðan hún sæti að völdum. Jeg efast um, að þetta sje hægt. Ef svo færi, að frv. yrði felt, eða það dagaði uppi, þá er augljóst, að stjórnin hefir ekki getað komið þessu máli fram í þinginu, og þá færi sú hugsun að vakna, að í landinu ríkti hörð hækkunarstefna, og gæti það leitt til spekulationa. Jeg vil minna á atvik, sem gerðist á hækkunarferli þjóðarbankans árið 1925. Það hafði verið keypt svo mikið af sterlingspundum, að Landsbankinn treysti sjer ekki til þess að halda áfram að kaupa. Afleiðingi varð sú, að pundin fjellu í verði og krónan hækkaði. Svo fer, ef stjórnin hefir ekki á valdi sínu að gera þær ráðstafanir, að þjóðbankinn geti haldið áfram að kaupa sterlingspund. Þá hefir hún mist tökin á gengisbreytingunni og krónan getur þá farið skyndilega upp í gullgildi. Þetta sýnir það, að ef stjórninni er alvara í þessu máli, þá ætti hún að fara eftir almennum reglum, sem eru þær, að ef málið kemst ekki í gegnum þingið, þá á hún að leysa þingið upp og láta kjósa um málið. Þetta er sú eina rjetta regla. Hæstv. forsrh. og fleiri hafa látið þau ummæli frá sjer fara, að óverjandi væri að hækka krónuna úr þessu, og að nú þegar væri búið að slá því föstu, að hún yrði ekki hækkuð. En jeg vil spyrja: Hvar eru þau ákvæði að finna, að Alþingi hafi ákveðið að krónan skuli stöðvuð þar sem hún er nú? Á Alþingi 1926 kom fram till., að mig minnir frá hv. þm. Borgf., er fór fram á það, að halda krónunni fastri það ár. Ástæðan til þess var sú, að menn voru skelkaðir eftir hækkunina, sem gerð var á árunum 1924—1925. 1927 kom svo fram festingarfrv., sem ekki gekk fram. Og á þingi 1928 var samþ. till. um að stjórnin ljeti fara fram rannsókn á endanlegri lausn gengismálsins fyrir næsta þing. Enda

gert ráð fyrir því að gengið hjeldist óbreytt á meðan. En í þessu er engin bending fólgin um endanlega skipun myntarinnar, hvort hækka skal eða festa. Þá sagði hæstv. forsrh., að þegar krónan væri svona lengi búin að haldast föst í þessu lága gildi, þá kæmi ekki til mála að fara að hækka hana. Fleiri hafa tekið í þann streng. Mjer er það vel ljóst, að hækkuninni síðustu fylgdu miklir erfiðleikar, sem einkum stöfuðu af því, hve krónan hækkaði fljótt. Var því viturlegt að stöðva hækkunina um tíma, meðan bankarnir og atvinnuvegirnir voru að ná sjer og safna kröftum. Og ef litið er yfir sögu okkar krónu, þá er sist að furða sig á því, þó örðugleikarnir yrðu miklir í bili, því samfara krónuhækkuninni voru lagðir svo gífurlegir skattar á þjóðina, að borgaðar voru miljónir af ríkisskuldum. Var því ekki að undra, þó þetta samanlagt ylli erfiðleikum. Það er viðurkent, að reynslan er ólygnust. Og jeg vil spyrja: Hvar stöndum vjer nú eftir þennan reynslutíma? Hvernig er hagur þjóðarinnar nú? — Það er talið, að í stríðsbyrjun hafi sparisjóðsfje þjóðarinnar verið um 9 milj. kr. en nú er það um 47 milj. Ef litið er til atvinnurekendanna, sem þó hafa orðið fyrir þyngstum búsifjum, þá sjest, að hagur þeirra margra er með meiri blóma en áður. (ÓTh: Það ættu bankastjórarnir best að vita, því í bönkunum er samnefnari hags almennings!). Jeg hefi ekki gefið neinar upplýsingar úr bankanum. Það er víðar en þar hægt að fá upplýsingar um atvinnuvegina. — Jeg get máske sagt svo mikið, að sá maður, sem greip fram í fyrir mjer, virðist ekki þurfa að kvarta eftir því sem hagur hans virðist standa nú eftir öllum sólarmerkjum að dæma. (HG: Hann barði sjer um daginn út af kaupgjaldinu!) Jeg er ekki að tala hjer sem bankastjóri, en sem þingmaður, og ummæli mín verða að skoðast í því ljósi, en jeg sný ekki aftur með það, að margt standi nú með miklum blóma í augnablikinu. Það er eðlilegt, að þeir sem skulda til hægri og vinstri og sjá ekki fram á, að þeir komist frá skuldunum, fari til sinna lánardrotna og fari fram á að fá eftirgefin 20% af skuldinni í þeirri von, að þeir þá vinni sig upp og geti staðið í skilum með það, sem eftir er. Slík eftirgjöf getur trygt hag beggja aðilja. En ef skuldunautur á 20—30 þúsundir í banka og leynir því, þá hefir hann farið fram á sviksamlega eftirgjöf. En hver munur verður þá á aðstöðu einstaklings og þjóða í þessu efni. Nú hefir verið hið mesta góðæri. Útfluttar afurðir síðastliðið ár munu hafa numið um 70 milj. kr. En þó þykir sumum sjálfsagt að gefast upp. Er ekki þetta að minsta kosti vottur um, að siðferðisþroskinn sje ekki á nógu háu stigi? — Hjer hefir nokkuð verið um það deilt, hvort heldur bæri að kalla þetta verðfesting eða stýfing krónunnar. Hv. flm. vill kalla það verðfesting. Jeg lít svo á, að þetta skifti ekki miklu máli og skal því ekki deila um það. En jeg sje þó ekki betur, en að stýfing sje rjettnefni, þar sem frv. fer fram á, að gullgildi kr. minki. Aftur á móti hefir komið fram önnur till., sem frekar má kalla verðfesting. Jeg get þó tekið undir með hv. þm. Ísaf., að ekki er stór munur á þessu tvennu. Hvortveggja leiðin er stýfingarleið. — Jeg hefi líka skilið þann hv. þm., sem þá till. bar fram, svo, að hann sje sjálf-

ur á móti henni, en aðeins telji þá leið betri, ef stýft er hvort sem er. Það er formaður íhaldsflokksins, hv. 3. landsk., sem varpað hefir þessari hugmynd fram. En jeg hefi skilið hann sjálfan svo, að hann sje ákveðinn hækkunarmaður og því móti þeirri till., þótt hann hafi varpað henni fram, af því hann taldi hana betri en þá stýfing, sem felst í þessu frv. — Eftir því, sem jeg kemst næst, þá hefir engin stefnubreyting um þetta mál átt sjer stað hjá íhaldsmönnum eða jafnaðarmönnum. Þótt hv. 2. þm. G.-K. sje festingarmaður, þá er engin stefnubreyting í því fólgin, því að hann hefir altaf verið það.

Jeg hefi hlýtt með athygli á ræður hv. flm. Og mjer hefir skilist svo á hans ræðum, og skal fúslega leiðrjetta, ef jeg fer rangt með, að hann teldi að öllu leyti sjálfsagt að festa krónuna og sæi enga galla er fylgdu því. En það mætti nú samt merkilegt heita, ef mál þetta er eins afar auðvelt og einfalt sem hv. þm. virtist halda fram að það væri, þar sem nágrannaþjóðir okkar og svo að segja allur heimurinn, hefir deilt svo mjög mikið um það. Þetta hefir allsstaðar verið talið mjög örðugt mál. En eftir því sem hv. þm. farast orð, þá er málið svo afar einfalt. Hv. flm. sagði, að skoðanirnar væru breyttar og viðhorf annað. En hvar sjest sú stefnubreyting? Um þetta mál er hætt að tala hjá nágrannaþjóðunum. Þar er búið að hækka og því ekki ástæða til að ræða málið lengur. Og jeg hefi ekki í neinum erlendum blöðum sjeð votta fyrir stefnubreyting á þessu máli.

Hv. flm. spurði á þessa leið: Ef svíkja á atvinnurekendur þessa lands, því þá ekki að gera það strax. En jeg vil spyrja: Á hvern hátt verða atvinnurekendur sviknir og á hvern hátt svíkur Alþingi þá, þótt krónan verði hækkuð í gullgildi? Jeg skýrði áðan frá þeim samþyktum, sem um þetta mál hafa verið gerðar á þingunum 1926—'28. Jeg get ekki sjeð, að í þeim felist neitt loforð um stýfingu. Jeg get því ekki sjeð í hverju þessi svik eru fólgin. Hv. þm. benti á hið mikla ranglæti, er af hækkun leiddi. Jeg benti á í fyrri ræðu minni, að hið sama ranglæti hefði þá hlotið að eiga sjer stað, þegar krónan var hækkuð úr 47 upp í 81½ gulleyri. Og ekki sje neitt meira ranglæti að hækka hana nú í 100 gullaura en var þá að hækka hana úr 47. Þessu getur enginn mótmælt. Það er eins og hv. þm. Ísaf. sagði, að ef slá skal fastri þessari reglu, að stýfa, þá stöndum við höllum fæti. Ef nú er stýft og pappírskrónan breyttist aftur og fjelli, þá ættum við eftir þeirri reglu að stýfa hana þar sem hún fjelli lengst niður. Með þessu er tekin öll stöðvun af krónunni, ef jafnan er stýft, þegar illa fer og þeir, sem skulda hærri krónuna sjá sjer færi á því, að borga þær skuldir með lægri kr. Ef þeir geta það, þá er það líka ranglæti. Það verður því nokkuð örðugt að komast fram hjá öllu ranglæti í þessu máli.

Hv. flm talaði um, að ef tekin væri hægfara hækkun, þá myndi það kosta svæsna baráttu milli verkamanna og atvinnurekenda. Jeg vil nú minna hv. þm. á það, að gengið hefir staðið fast í 3 ár. Og þó dundi yfir nú fyrir skemstu eitt hið harðvítugasta verkfall, sem átt hefir sjer stað hjer á landi. Og til þess að jafna það, varð að verja 4—5 hundruð þús. kr. frá ríkissjóði.

Jeg var mjög hissa á ummælum hv. flm. í sambandi við það, er jeg sagði,

að þrátt fyrir þá örðugleika, sem leiddu af hækkun þeirri, sem orðin er, þá væru þó allir ánægðir með hana. En mjer skildist á orðum hv. flm., að hann væri ekki í tölu hinna ánægðu, og virtist í því felast, að hann hefði gjarnan viljað stýfa niður í 47. En jeg held þó, að þeir menn sjeu fáir hjer á landi, sem halda því fram, að aðstaðan væri eins góð, ef stýft hefði verið niður í 47. Jeg er hræddur um, að við ættum þá við rýrt álit að búa. — Og jeg er viss um, að þótt nú megi telja þjóðina á stýfingu, með því að vinna þrekminni hluta hennar, sem hygst að losna við skuldir í bili, til fylgis við málið, og það hefðist gegnum þingið nú, þá yrði ekki langt þangað til þjóðin yrði óánægð með að hafa stýft. Það er hægt í bili að telja menn á að fara heldur niður brekkuna, heldur en að sækja upp á brekkubrúnina, „þar sem viðsýnið skín." — Mjer hefir heyrst af umræðum stýfingarmanna um málið, að í raun og veru sje þeim stýfingin trúaratriði. Og þótt hv. flm sje skýr og glöggur maður, þá hefir þó rannsókn hans á þessu efni verið einhliða, af því að hann gekk að þeirri rannsókn með fyrirfram ákveðinni skoðun á málinu. Hann var búinn að taka sína afstöðu og hefir því aðeins hlustað eftir hverri ástæðu, sem var stýfingunni í vil, en lokað eyrunum fyrir því, sem mælti á móti stýfingu. En svo fer ávalt, þegar gengið er að einhverri rannsókn með fyrirfram ákveðinni skoðun, að hún kemur ekki að fullum notum.

Jeg hjelt því fram, þegar jeg talaði um hina erlendu menn, sem getið er um í grg. við frv., að einn þeirra, Cassel, hefði ráðið öllum Norðurlandaþjóðunum til að stýfa, þótt engin þeirra hefði viljað fara að ráðum hans. Hv. flm. sagði, að þetta stafaði af almennri tregðu, og vantað hefði bakhjarl, ríkissjóðinn, fyrir þessu, og ákveðna stefnu í gengismálinu. En af hverju vantaði þennan bakhjarl? — Af því að þar þótti heiður að koma genginu upp. Hv. flm. sagði, að almenningur hefði verið ófræddur um þetta mál. En jeg vil spyrja: Hefir almenningur hjer fengið slíka fræðslu? Undanfarið hafa blöðin rætt þetta mál lítið. Það hefir verið þögn um þetta mál, bæði á himni og jörðu. Almenningur hefir því ekki fengið um það neina almenna fræðslu. Það hafa aðeins heyrst einhliða prédikanir um það, að hinn eini sanni sáluhjálparvegur væri það að gefast upp. Og hafi þessum prédikunum ekki verið trúað, þá hefir það verið talið til stórsyndar. (**MT**: Er þá Jón Þorláksson bara orðinn núll?) Jeg ákveð ekki, hverjir eru núll í þessu þjóðfjelagi, það gera aðrir. Jeg verð að segja það, að mjer þykir undarlegt að heyra, að nú sje komið alt annað hljóð í menn á Norðurlöndum, þar sem hækkað var. Jeg veit ekki á hverju það er bygt. Það er að minsta kosti stutt síðan ákveðið hækkunarhljóð var í mönnum í Noregi. Og nýlega talaði jeg við mann í Danmörku, sem sagði, að þrátt fyrir erfiðleika, sem fylgt hefðu hækkuninni, þá sæi þó enginn eftir því, að það var gert. Jeg hefi ekki heldur sjeð þess getið, að mótstöðumenn gengishækkunarinnar hafi eftir á gert nokkuð úr illum afleiðingum hennar. Ef til vill ber það gleggstan vott um, að þar er um enga stefnubreyting að ræða, að þeir menn, sem voru á móti, hafa eigi gert sjer neinn pólitískan mat úr því, að gengishækkunin hafi haft illar afleiðingar.

Og það er venjan, að ef einhver flokkur hefir haft gott mál að flytja, sem unnið hefir alþjóðar fylgi, þá sætir hann hverju tækifæri til að hampa því framan í kjósendur. En jeg hefi ekki orðið þess var, að þeir hafi álitið sig græða neitt á því að prjedika gegn því, að hækkunarákvörðunin var tekin. — Hjer á landi eru röksemdir og kenningar andstæðinga gengishækkunarinnar prjedikaðar eins og um trúarbrögð væri að ræða. Og þegar hv. flm. er að prédika um þetta mál hjer í hv. deild, þá minnir hann helst á áhugasaman trúboða. Hv. flm. sagði, að gleðin yfir því að hækka krónuna upp í sitt gamla gullverð, mundi verða dauf, sjerstaklega hjá bönkunum. Jeg hefi ekki farið neitt í felur með, að það mundi verða erfitt fyrir bankana, af krónan yrði hækkuð. Sambandið á milli bankanna og atvinnuveganna er svo náið. Þessir erfiðleikar eru öllum ljósir, og þess vegna hefi jeg talið rjett að hægt væri farið í hækkuninni, til þess að ofbjóða ekki atvinnuvegunum nje bönkunum. Að halda því fram, að ekki megi hækka krónuna úr þessu, þó að hún hafi nú verið stöðvuð um nokkurt árabil, eru aðeins fáránlegar trúarsetningar í þessu máli. Ef litið er til þess, sem erlendir fræðimenn segja um það atriði, þá hefir t. d. Rygg, bankastjóri ríkisbankans norska, komist þannig að orði: „Sje það nú talið ókleift að ná aftur gamla gullgildinu, og heil þrjú ár eru liðin með föstu gengi, þá er rjett að tryggja sjer, að gjaldeyririnn fari ekki út af sporinu aftur.“ En það liggur í orðum bankastjórans, að hann byggir ummæli sín á því, að ástæður hjer sjeu svo, að ekki sje hægt að ná gullgildinu. Í orðum hans felst aftur ekkert um það, að ekki megi ná gullgildinu fyrir því að 3 ár sjeu liðin. Þvert á móti. Það má ráða alt annað af þessum orðum hans. Að því er snertir ummæli hinna erlendu fræðimanna, þá hefi jeg bent á, að þar sem þeirra eigin þjóðir hafa ekkert tillit tekið til sjerfræði þeirra, og ekki viljað fara að ráðum þeirra í þessu efni, þá má marka af því, að þjóðirnar hafi farið meira eftir mönnum, sem reynsluna höfðu í fjármálunum, og að þjóðarmetnaður hafi miklu ráðið í þessum málum. En háttv. flm. vildi ekki gera mikið úr þeim metnaði.

Það hefir hvað eftir annað sýnt sig í hinu praktiska lífi að taka verður kenningum fræðimannanna með nokkurri varúð. Það er öllum vitanlegt um Rygg, bankastjóra Noregsbanka, að hann barðist fyrir því, að norska krónan var hækkuð upp í gullgildi; jeg held að sænsku bankastjórarnir hafi beitt sjer fyrir hinu sama í sínu landi; og jeg veit ekki annað, en að bankastjórar í Danmörku hafi yfirleitt verið fylgjandi hækkun dönsku krónunnar; með öðrum orðum, þeir menn, sem starfa í því praktiska lífi, hafa viljað hækka krónuna upp í gullmark. Og jeg verð að segja það, að jeg tek meira mark á þeim en kenningum hinna stofulærðu manna, þó að þeir geti túlkað þær fallega, þá reka þær sig á í lífinu. Jeg trúi erlenda fjármálamanninum betur, þegar hann er að ráðleggja sinni eigin þjóð í þessu vandamáli, heldur en þeim bendingum, sem hann gefur okkur. — Og við erum sannarlega búnir að fá nóg af að hlusta á erlend ráð í fjármálum. Vil jeg í því sambandi einkum minna á ráð þau, sem okkur voru gefin í bankamálinu, þegar við spurðumst fyrir um, hvort eigi væri heppi-

legast að stofna hjer sjerstakan seðlabanka, sem yrði bankanna banki eins og annarsstaðar. Ráðin, sem okkur voru gefin voru þau, að við færum alt aðra leið í þessum málum heldur en mennirnir, sem ráðin gáfu, höfðu ráðlagt sinni eigin þjóð. Afleiðingin varð sú, að skipun okkar bankamála var reist á rammskökkum grundvelli. Það sjálfsagða var að stofna sjerstakan seðlabanka, sem væri í persónusambandi við fasteignabankann. En eins og kunnugt er var vikið frá þessari braut og Landsbankinn var gerður að seðlabanka, en fasteignalánum skift niður á ótal hendur, og enginn veit hvað margir fasteignabankar verða hjer áður en lýkur. — Það er áreiðanlega betra að hlusta varlega eftir hinum erlendu ráðleggingum.

Háttv. flm. sagði, að jeg gæti með afstöðu minni í gengisnefndinni ráðið því, að íslenska krónan yrði ekki hækkuð, þó að Alþingi setti engin lagaákvæði um það. Þetta leyfi jeg mjer að efast um. Það er ekki nóg að skrá gengið í einhverju verði. Ef það vantar kaupanda að erlendum gjaldeyri með því skráða verði, þá hækkar krónan í verði og skráningin ein dugar þá ekki til að stöðva breytingarnar á gjaldeyrinum. Þetta kom í ljós árið 1925, þegar hin mikla gengishækkun átti sjer stað. Landsbankinn treysti sjer ekki til að halda áfram að kaupa pundin með hinu skráða verði, og afleiðingin varð auðvitað hækkun krónunnar. Þetta getur enn komið fyrir. Ef það kemur í ljós, að stjórnin hefir ekki nægilegt fylgi í þinginu til þess að koma stýfingarfrv. í gegn, þá er alls ekki vist að hún hafi kraft til þess að halda föstu gengi krónunnar og sporna við því, að hún hækki. Ef mjög mikið berst að af pundum og Landsbankinn treystir sjer ekki til að kaupa pund með því verði, sem nú er — hvað skeður þá?

Háttv. flm. vjek að því, er jeg sagði í minni ræðu, að jeg byggist varla við, að Íhaldsflokkurinn hefði svo mikla ást á stjórninni, að hann mundi þess vegna styðja þetta frv. og með því vildi hv. þm. gefa í skyn, að jeg áliti, að Íhaldsflokkurinn ætti að vera á móti málinu af stjórnarandstöðu, af því að það væri komið frá stjórninni. En jeg miðaði umsögn mína auðvitað við skoðanir Íhaldsflokksins á málinu og bjóst við, að þær væru óbreyttar. En hafi flokkurinn skift um skoðun, þá má hann ekki láta afstöðu sína til stjórnarinnar ráða framkomu sinni í málinu. Það verður hver að fylgja stefnu sinni í því, hvaða stjórn sem er við völd í landinu.

Jeg hefi ekki dregið dul á það nú, nje í fyrri ræðu minni, að það væru miklir örðugleikar á því að hækka krónuna upp í sitt fyrra gullverð. Allir, sem fylgst hafa með því, sem skeð hefir, vita það. En jeg álít hinsvegar, að þeir örðugleikar sjeu ekki svo miklir, að sú þjóð, sem er eins vel á vegi stödd og Íslendingar eru nú, og á svo mikla möguleika fólgna í skauti landsins, hún hafi nokkra ástæðu til að gefast upp á hækkunarbrautinni.

Háttv. flm. sagði, að við mættum ekki altaf vera að hugsa um það eitt, hvað aðrar þjóðir segðu um gerðir okkar í þessu máli á eftir. En í svona máli er ómögulegt að komast hjá því að hlusta á, hvernig þær dæma um ákvarðanir okkar. Sjerstaklega vegna þess, að lánstraust þjóðarinnar út á við er svo mikið komið undir áliti erlendra fjármálamanna á okkur. Jeg er í eng-

um vafa um það, að svo framarlega sem við höldum ekki áfram að hækka krónuna, þá verður það álitinn vottur um innri veiklun, eða að þjóðina skorti siðferðislegt þrek til að standa við skuldbindingar sínar.

Hv. flm. sagði, að jeg hefði verið að tala um þjóðarmetnað í þessu máli, og ljet þess getið, að þjóðarmetnaður minn væri hægfara, þar sem jeg hefði eigi framfylgt örari hækkun krónunnar. En ástæða mín fyrir því er sú, að jeg vildi að við ljetum okkur víti annara þjóða til varnaðar verða. Jeg hefi álitið, að viturlegasta lausnin á þessu máli væri sú, að ná því marki, sem þjóðarmetnaður okkar krefst, með gætilegri, hægfara hækkun. Þá mundu atvinnuvegirnir og þjóðin yfirleitt, verða minst vör við gengishækkunina. Jeg geri ráð fyrir, að frv. fari til nefndar, og jeg set mig alls ekki á móti því, að svo stórt mál sem þetta sje rannsakað í nefnd. En jeg þykist vita, að ef nógu ítarleg rannsókn fengist á þessu máli, og fjöldinn fengi að kynna sjer það betur en kostur hefir verið á, þá yrðu skoðanir manna nokkuð á annan veg en þær eru nú. Þekking manna á málinu er of lítil, enda hefir það, því miður, ekki verið rætt eins og skyldi.

Þó að hv. flm. vildi ekki gera mikið úr þeim þjóðarmetnaði, er jeg nefndi, þá er jeg viss um, að ekki er hægt að neita því, að þegar allar Norðurlanda-þjóðirnar hafa náð gullmarki, þá verðum við taldir eftirbátar þeirra, ef við náum ekki sama marki. Það er full ástæða til þess fyrir okkur að hafa þetta hugfast. — Þó að hv. þm. geri lítið úr þjóðarmetnaði okkar, þá er það einmitt hann, sem oftast hefir reynst Íslendingum drýgstur; við höfum haft næma tilfinningu fyrir því, hvað heiður þjóðarinnar heimtar, og það er mjög mikils vert. Og ef þetta mál verður nógu rækilega rætt og skýrt, þá er jeg viss um, að metnaður þjóðarinnar verður vakinn í málinu, svo að hann bjargar henni frá að gefast upp að ástæðulausu.

Magnús Torfason: Jeg get ekki verið á sömu skoðun og hv. þm. Dal., að þetta mál hafi ekki verið rætt nógu ítarlega hjer á landi. Og þá tala jeg ekki um hitt, ef alt, sem rætt hefir verið um það frá annari hliðinni, íhaldsmegin, er = 0, eins og hv. síðasti ræðumaður benti til. Mjer þykir það hart að h a n n skyldi segja þetta, því að hann er nú í þessu máli kominn á skoðun Jóns Þorlákssonar. Það virðist sönnu nær, að hv. þm. hefði talið, að það sem við mótstöðumenn gengishækkunarinnar hefðum sagt í þessu máli væri = 0. Það er nú búið að ræða mikið hjer í hv. deild um þessi gengisfræði, og jeg held, að mest af því, sem sagt hefir verið í umræðunum, að undanskilinni ræðu hv. flm. sjeu meira og minna endurtekningar. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar enn við.

Jeg er fulltrúi fyrir það hjerað, sem mun hafa orðið harðast úti vegna gengishækkunarinnar. Og þessvegna er það nokkur vorkun þó að jeg skyri málið frá þeirra hlið. Jeg hefi verið innan um þá menn, sem þyngstar byrðar hafa borið, og kynst kjörum þeirra; og jeg þykist hafa fult svo mikla þekkingu á að dæma um þau áhrif, sem gengishækkunin hefir haft á búskap og annan atvinnurekstur, eins og hver annar, sem setið hefir í sínum skrifstofustól.

Það er eitt höfuðatriði þessa máls,

sem ekki hefir verið rætt um eins mikið og þyrfti, hvaða aðstöðu þjóðin á að taka gagnvart skuldabyrðum atvinnurekenda.

Það er ábyggilegt, að við höfum sjerstaka aðstöðu í þessu máli, og mjög ólika staðhætti erlendum þjóðum, sjerstaklega Norðurlandaþjóðunum, svo að ekki tjáir að bera okkur saman við þær. Í því efni má meðal annars benda á, að við erum svo smá þjóð, að gengisbraskið getur ekki haft nein áhrif á það, hvernig við skipum þessu máli. Erlendir gengisbraskarar skeyta ekkert um okkur, svo að ekki þarf að óttast þá. Það voru útlendir gengisbraskarar, sem spentu krónuna upp í gullmark í Danmörku og Noregi. Þeir röskuðu peningamálunum mest í þeim löndum, af því að þeir bjuggust við að krónunni væri ætlað að hækka.

Það er þess vegna ekki rjett skýrt frá, þegar sagt er, að þessar þjóðir hafi af fullkominni sjálfsákvörðun hækkað krónuna upp í gullgildi; þær voru neyddar til þess af gengisbröskurunum.

Annað atriði þessa máls, sem greinir okkur frá nágrannaþjóðunum, er það að út á við skuldum við ekkert í íslenskum krónum, heldur í útlendum gjaldeyri, svo að þess vegna getum við ekki svikið erlenda lánardrotna okkar, þó að krónan verði fest í því marki, sem hún er nú. — Í þessu sambandi þýðir ekki að benda á reynslu Svía, sem stýfðu gjaldeyri sinn 1827; hafi þeir haft ilt af því, þá var það vegna þess, að erlendar þjóðir höfðu trúað þeim fyrir peningum sínum og veitt þeim lán.

Það gleður mig, að í umræðunum um þetta mál virðast allir vera sammála um, að það eigi að taka mest tillit til atvinnulífsins, og gæta þess fyrst og fremst, að hin starfandi hönd verði eigi lömuð. Í þessu efni er mjög mikill aðstöðumunur hjer og erlendis. Og sú ástæða vegur mest í málinu hjer, — mörgum sinnum meira en í öðrum löndum. Þetta stafar af því, hve við erum langt á eftir tímanum. Það er hægara fyrir þær þjóðir að hækka gjaldeyrinn, sem búnar eru að rækta lönd sín, koma á sæmilegum hýbýlum hjá sér, og hafa þegar gert þær framkvæmdir, að þær geta lifað við sæmilega líðan. Það er annað, þótt þær þjóðir líti svo á, að ekki geri mikið til, þó að atvinnulífið eigi við kreppu að búa í nokkur ár. Fyrir mjer er þetta aðalatriðið, hve langt við erum á eftir og hversu nauðsynlegt okkur er að tosa fram á hinar þjóðirnar. Jeg hefi aldrei verið í vafa um það, að við megum ekkert gera, sem stöðvi þá litlu framsókn, sem er í atvinnulífi þjóðarinnar. Þeir sem eru á móti því að festa krónuna í núverandi gildi hennar, verða vitanlega að gera sjer ljóst, hvernig við stöndum að vígi til þess að hækka hana, en ekki aðeins að líta til þess, hvernig aðrar þjóðir skipa þessum málum, og hvað fræðikerfin segja um þau. Þeir verða fyrst og fremst að taka tillit til þess, hvernig fjárhögum landsmanna er farið og undirstöðunni undir hækkunina. Verðjöfnuður er ekki enn kominn á. Það er játað af öllum. (**MJ:** Nei, það er ekki játað. Hvað munar miklu?). Jeg heyri það fyrst nú, að svo sje ekki. Jeg var nýlega að lesa gengisskýrslurnar og þar sá jeg, að 17 einingar vantaði í verðjöfnuð frá því að krónan stóð í 47 aurum. En í þessum 17 einingum er ekki tekinn með einn mjög stór liður, þegar verið er að tala um

verðjöfnuð, og það er húsaleigan hjer í Reykjavík. Hún hefir lítið sem ekkert lækkað, þrátt fyrir hækkun krónunnar, og það lítur ekki út fyrir, að hún muni lækka neitt að ráði fyrst um sinn. Vitaskuld hefir komið hjer fram í þinginu fyrir skömmu frv. til að hjálpa til að byggja verkamannabústaði, en jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg skil ekki hvernig landssjóður getur lagt í þetta, ef von er á hækkun krónunnar. Mjer finst það ærið kröfufrekt að ætlast til, að landssjóður og aðrir opinberir sjóðir leggi fram fje í fyrirtæki sem eiga, að þeirra vilja, að lækka um 20%.

Þá er það enn athugavert í þessu sambandi, að vextir eru enn þá 7½% og jafnvel 8%, þegar um framlengingarvexti er að ræða, en þeir munu algengastir, eins og kunnugt er. Þetta hefir verið svo í þrjú síðustu ár, og er það þó sú eina linkind, sem telja má að skuldunautur geti fengið, að vextirnir lækki. En það hefir ekki getað orðið. Og þetta, að vextirnir lækka ekki, finst mjer ótvíræð sönnun þess, að það sje enginn vegur til að hækka krónuna og að það sje ekkert vit í því.

Það er enn eitt atriði, sem er öðruvísi ástatt um hjer en erlendis, og það er, að bankarnir voru þar til styrktar við krónuhækkunina. En hvað er um okkar banka að segja? Þeir áttu víst nógu örðugt með að standa „krukkulaust", þegar krónan var hækkuð, og mun ekki ofmælt, þó að sagt sje, að þeir sjeu nú á hnjánum. En því undarlegra er það, að mönnum skuli koma til hugar að hækka krónuna. Það nær auðvitað engri átt að hækka krónuna í því landi, sem bankarnir eru á hnjánum, og er gagnstætt því, sem annarsstaðar er gert. Bæði í Noregi og Danmörku eru mjög sterkir bankar, og þó að þeir legðu fram beinan skerf til krónuhækkunarinnar í þessum löndum dugði það ekki til. Í Danmörku varð ríkissjóðurinn t. d. að leggja fram stórfje. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að svo er talið að meira en ⅓ af skuldum Landmandsbankans danska stafi af gengishækkuninni. Þó að jeg segi, að bankarnir hjer sjeu á hnjánum, vil jeg ekki þar með segja, að það sje bankastjórunum að kenna, nema hvað gengispólitik þeirra var ekki varleg, og þeir að því leyti eiga nokkra sök á þessu.

Á árunum 1924—25 var krónan hækkuð um ¾. Við skulum nú líta á, hvernig það kom við bankana. Mjer er sagt svo af skilagóðum manni, að ekki sje ofmælt, að 1924 hafi skuldir bankanna numið að minsta kosti 4 milj. gullkróna. Við það að gengið var hækkað eins mikið og gert var, jukust þessar skuldir um 3 milj., eða komust upp í 7 milj. gullkróna. En það var ekki aðeins, að bankarnir töpuðu þessu á þeim, sem þá áttu erfitt með að borga skuldir sínar. Það er vitanlegt, að margir aðrir, sem gátu borgað 1924, urðu þess vanfærir vegna gengishækkunarinnar. Ef gert er ráð fyrir, að bankarnir þannig hafi tapað einni milj. eða 25%, sem ekki er of hátt, eftir því sem kunnugur maður hefir sagt mjer, eru þetta orðnar 8 milj. gullkróna. Færum við því nú að hækka krónuna um 20%, eru þarna komnar 10 milj. gullkróna. Með öðrum orðum: 6 milj. gullkróna tap fyrir bankana.

Dettur nú nokkrum í hug, að bankarnir sjeu búnir að vinna þetta upp? Nei, það er áreiðanlegt að svo er ekki. Mjer er persónulega kunnugt um það, að bankarir líta svo á, að munurinn á

inn- og útlánsvöxtum sje ekki meiri en svo, að það liði mörg ár, áður en búið sje að vinna þetta upp. Annars er mönnum ekki fullkomlega ljóst um ástand bankanna. Að vísu hefir farið fram málamyndarannsókn á öðrum bankanum, en hún var svo einhliða, að engum hefir til hugar komið að taka tillit til niðurstöðu þeirrar nefndar, sem rannsóknina framdi, enda hefir verið alger þögn um það mál. Og hvað hinum bankanum líður, hefir ekkert verið rannsakað. Jeg verð því að líta svo á, að það sje óðs manns æði að láta sjer detta í hug að hækka krónuna, án þess að það sje rannsakað, hvernig bankarnir standa að vígi til að ganga undir hækkunina. Þau litlu gögn, sem fyrir hendi eru, benda öll í þá átt, að það sje rjett, að bankarnir sjeu alveg getulausir til að standast nokkra hækkun. Íslandsbanki hefir sama sem ekkert getað greitt af seðlaskuld sinni, en hefir orðið að fá hjálp hjá hinum bankanum og hvað eftir annað að leita á náðir þingsins. (**SE:** Hann er búinn að borga 3 miljónir.) Það er þá nýkomið til. Jeg ætla, að það sje þá ekki falið annarsstaðar, því að reikningarnir eru svo úr garði gerðir, að það er eins og það sje markmið þeirra að fela ástand bankans. Annars vil jeg ekki rengja hv. þm. Dal. um þetta, þó að mjer sje grunur á, að þetta sje falið á öðrum reikningsviðum. Maður á nú öðru eins að venjast um reikninga Íslandsbanka. (**SE:** Annars hefir bankaeftirlitsmaðurinn rannsakað hag bankans.) Það getur vel verið, en jeg og þingheimur hefir ekkert haft af því að segja. Og jeg hjelt, að eftirlitsmaðurinn væri bundinn þagnarheiti og sömuleiðis bankastjórarnir, þó að jeg hafi orðið þess var í dag, að hv. þm. Dal. var að láta uppi álit sitt á einum af stærstu viðskiftamönnum bankans. (**SE:** Þetta er birt í reikningum bankans sjálfs.) Já, jeg er nú ekki farinn að sjá það enn. Annars vil jeg biðja hv. þm. Dal. að vera ekki altaf með þennan malanda, en lofa mjer að tala í friði. (**SE:** Jeg leiðrjetti bara vitleysurnar hjá hv. þm.) Það getur hv. þm. gert í athugasemd á eftir. En jeg skal reyna að komast eftir því, hvað hæft er í þessu. Það er víst, að Íslandsbanki varð fyrir miklum áföllum við krónuhækkunina. Eins og alkunna er, sópuðu menn fje sínu út úr honum, og enn hefir hann ekki öðlast fult traust. (**SE:** Er forseti Sþ. að ráðast á bankann?) Jeg hefi ekki talað orð í þá átt. Þvert á móti. Ef jeg vildi bankanum illa, ætti jeg að vera með krónuhækkuninni, eins og hv. þm. Dal. Það er leiðin til að koma Íslandsbanka á knje. Og jeg hugsa, að jeg sje meiri vinur Íslandsbanka en hv. þm. Dal. (**SE:** Ekki verður það heyrt á ræðu hv. þm.) Annars get jeg ekki kannast við, að hv. þm. Dal. sje neinn forsvarsmaður Íslandsbanka í þessu máli. Mjer er kunnugt um það, að hinir bankastjórarnir eru ekki á sömu skoðun og hv. þm. Dal. (**SE:** Það er rjett. En jeg er hjer sem þm., en ekki sem bankastjóri.) Og þeir líta svo á, að gengishækkunin sje ekki forsvaranleg frá sjónarmiði Íslandsbanka. Enda er frá því að segja, að þær ástæður, sem hv. þm. Dal. færði fram með krónuhækkuninni, voru mjög lítið fjárhagslegs eðlis. Það mun rjett, að hann hafi þar talað sem þm., en jeg er óviss um, að hann hafi talað fyrir hönd Dalamanna. Aðalástæður

hans eru þetta, að það sje metnaðarmál fyrir okkur að hækka krónuna. Það er prjálið og uppskafningsháttur-inn, sem hann leggur mesta áherslu á. Aðalkjarni þessa máls er auðvitað það, hvort við höfum efni á að hækka krónuna eða ekki. En ef við höfum ekki efni á því að hækka, vill hv. þm. Dal. að við gerum það af uppskafningshætti. En metnaður slíkra manna er ljettur á metunum. Það er best að koma til dyranna eins og maður er klæddur, og ekki rjett að klæðast skartklæðum, ef maður hefir ekki efni á því. Það er víst, að allir hugsandi menn fara eftir innra manngildi hvers og eins, en ekki því, hversu fínum fötum er klæðst. Slíkt getur hjálpað til að fleka, þegar viðkomandi maður er óþektur, en kemur ekki til greina, þegar verið er að tala um fjármál eins lands.

Önnur ástæða, sem hv. þm. Dal. drap á í sinni fyrstu ræðu, og hefir síðan endurtekið í sífellu með miklum áherslum, var það, að stjórnin ætti að gera þetta mál að fráfararatriði. Þarna var það, sem hv. þm. talaði eins og þm. Það er ábyggilegt. Hann á ekki til heitari ósk en að stjórnin falli. Þess vegna get jeg vel skilið það, að hv. þm. Dal., sem í gengisnefndinni um árið vildi ekki láta hækka krónuna í meira en 26 stp., skuli nú vilja láta hækka hana upp í gullgildi. Það er af því, að hann má til að vera á móti stjórninni. Jeg er sannfærður um það, að ef stj. væri nú fylgjandi hækkun, væri hv. þm. Dal. festingarmaður. Jeg segi þetta ekki út í bláinn. Jeg hefi ástæður til að segja þetta af allri framkomu þessa hv. þm. Hann þarf altaf að vera að standa upp og sýna sig á móti stj., og hefir hún þó tekið vel í eitt af hans aðaláhugamálum. En jeg veit ekki betur en að það sje síður, að þeir, sem fylgjast að í einhverjum áhugamálum, sjeu ekki altaf að narta hverir í aðra.

Það er áreiðanlegt, að það er ekki metnaðurinn, sem þokar okkur áleiðis, heldur mátturinn, og þá fyrst og fremst fjármátturinn. Þess vegna er öllum alvarlega hugsandi mönnum það fyrsta boðorðið í þessu máli, að gera ekkert, sem geti dregið úr fjármætti landsins og landsmanna. Það er víst, að ef við stöndum fjármálalega vel að vigi, er öllu borgið, og þá höfum við ráð á að hafa þjóðarmetnað. En ef við stöndum fjárhagslega illa, getum við engan þjóðarmetnað haft. En hvað sem öðru líður, þá finst mjer, þegar verið er að tala um metnað, að okkar fyrsta verk ætti að vera að lækka veðböndin, sem nú hvíla á tekjum landsmanna. Það ætti vissulega að vera okkur metnaðarmál.

Jeg held, að það sje ekki rjett að hugsa til þess að hækka krónuna. Eftir þeirri þekkingu, sem jeg hefi á ástandinu úti á landsbygðinni, eru allar framfarir þar altof hægfara. Og ef nú væri farið að hækka, mundi það draga úr þeirri litlu framfaraviðleitni, sem orðin er. Árið 1924 rofaði mikið til í sveitum landsins. Menn fóru að verða bjartsýnir og vildu taka á sig rögg. En krónuhækkunin dró úr því og dregur enn. Eftir því sem jeg hefi haft kynni af úr sveitunum, þá er krónan of há nú. Hún hefði aldrei átt að verða hærri en svo, að hún hefði verið fest í gullfranka. En hitt er annað mál, að það mun vera örðugt að kippa þessu til baka, og þess vegna fylgi jeg þessu frv., þó að það sje nokkuð frá því, sem jeg tel rjett vera.

Hv. þm. var að tala um það, að það ætti að bjóða mönnum, sem eru illa stæðir, að gefa þeim eitthvað eftir af skuldum, bjóða þeim upp á að borga svo sem 20%. (SE: Þetta hef jeg aldrei sagt.) Jeg gat ekki skilið annað. Hann talaði um, að ef bankinn segði við einhvern mann, sem ekki gæti borgað nema 20%: Þú skalt borga þetta. (SE: Má jeg skýra þetta? Jeg sagði, að mjer þætti það eðlilegt, að þegar maður, sem væri skuldugur, gæti ekki borgað, reyndi hann að komast að samkomulagi við lánardrottinn sinn um t. d. 20%. Þá gæti verið, að hann rjetti við. Jeg talaði ekki um þetta í sambandi við banka. En jeg sagði, að þetta væri sviksamlegt, ef um sparisjóði væri að ræða.) Jeg verð að játa, að þegar hv. þm. var að tala um bankann sinn rjett áðan, þá tók jeg þetta í því sambandi. Og jeg ætlaði að þakka hv. þm. fyrir þetta, því að það eru menn þarna austur frá, sem skulda og geta ekki borgað. Hafa viljað fá svolítinn afslátt af skuldum sínum hjá Íslandsbanka, en ekki fengið neitt. En þetta dæmi, eins og hann þykist hafa sett það fram, hefir enga þýðingu í þessu máli. Hvað kemur það gengismálinu við, þó að við bjóðum skuldugum mönnum upp á nauðasamninga? Það hafa menn altaf gert og munu gera.

Þá var hv. þm. (SE) altaf að tala um það, að menn mættu ómögulega gefast upp. Já, þetta er nú atriði, sem hægt er að t a l a um. En jeg held það sje allmikil ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að hætta við að hækka krónuna upp í gullgildi — miklu fremur en fyrir aðrar Norðurlandaþjóðir. Við fengum að kenna betur á stríðinu heldur en þær þjóðir. Það, sem gerði það, voru hinir svokölluðu ensku samningar. Fyrir þá fengum við ekki á stríðstímunum nema svona helming af því verði, sem við hefðum annars getað fengið fyrir okkar afurðir. Þetta varð aftur til þess, að við gátum ekki safnað þeim kröftum til þess að mæta verðfallinu, sem við annars hefðum gert. Að þessu leyti stóðum við miklu ver að vígi en hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem svimuðu í peningum. Og það er annað verra, sem þessu fylgir. Það ruglaði reikningana. Eftir stríðið fara okkar afurðir upp, m. ö. o., þær breyta algerlega því sígilda lögmáli, að eftir hvert stríð komi verðfall. Og menn halda, að það þurfi því ekkert að sinna því lögmáli — menn geti lifað eins og ekkert verðfall væri framundan. Það er einmitt þetta, sem kom þessari þjóð á knje. Það voru fæstir menn, sem vildu trúa þessu lögmáli þá.

Þetta út af fyrir sig er algerlega næg ástæða fyrir þessa þjóð til að fara ekki að dæmi hinna Norðurlandaþjóðanna og annara þjóða, sem ekki komust í stríðið. Þetta var ábyggilega afar hár stríðsskattur.

Þá talaði hv. þm. (SE) í því sambandi um það, að það sýndi skort á siðferðisþreki að hækka ekki krónuna, og yrði ætíð talið sem skortur á siðferðisþreki. Jeg hygg, að það megi miklu fremur virðast til siðferðisþreks að hafa þrótt til þess að fara ekki hærra en gert er. Við vitum það, að okkur verður álasað fyrir þetta, og það er strax nokkurt þrek að vilja verða fyrir því álasi. Og maður veit það, að peningavald einnar þjóðar vill yfirleitt, að krónan verði hækkuð. Þess vegna er það þrek hjá þjóðinni, ef þeir, sem ekki hafa peningavaldið með sjer, geta stað-

ið á móti hækkuninni. Og yfir höfuð er það ætið þrek að kannast við, að maður sje minni maður en einhver annar. Það eru fæstir menn, sem hafa djörfung til þess að kannast við, hvað þeir eru litlir. Við vitum það, að við erum litlir, og það er þrek að þora að haga sjer þar eftir, hvað sem umheimurinn segir.

Þá vildi hv. þm. segja, að hækkun krónunnar væri ekki svik við atvinnureksturinn, og vildi byggja það á því, að atvinnurekendur hefðu ekki nein loforð frá þingi og stjórn um það, að krónan ætti ekki að hækka. Það kemur þessu ekkert við, og hefir víst engum dottið í hug að blanda þingi og stjórn inn í það, hvort þetta væri svik gegn atvinnurekendum. Það, sem vitanlega er átt við, er það, að menn fá svikna krónu.

Þá vildi hv. þm. segja, að stöðvunin væri tekin burt með því að festa krónuna í því gildi, sem hún nú hefir. Já, jeg verð að segja, að þetta finst mjer vera að hafa hausaskifti á hlutunum. Jeg gæti kannske skilið þessa hugsun, ef það ætti ekki að gera krónuna innleysanlega í gulli. En úr því að það er ákveðið að festa hana í gulli, þá er það löggjafinn, sem skuldbindur sig til að halda henni í gulli. Og hv. þm. gleymir því, þegar hann er að tala um þessa hluti, að það er yfirleitt hægara að halda krónunni í því gildi, sem hún nú er, en í hækkuðu gildi.

Þá var hv. þm. að vitna í það, hvað þeir væru glaðir í Noregi yfir krónuhækkuninni. Jeg hefi talað við nokkra Norðmenn um þetta, og lesið nokkuð í norskum blöðum um þetta efni. Og þar kveður við annan tón. Meira að segja hafa mjög merkir menn talið þetta hreina og beina ógæfu fyrir þjóðina, að þeir voru reknir til þess að setja krónuna svona hátt.

Þá talaði hv. þm. um einhliða prjedikara eða trúboða sem hjeldu þessari verðfestingu að mönnum. Þetta var nú eins og jeg tók fram áðan, illa gert gagnvart þeim manni, sem drjúgast hefir lagt til málanna á hans hlið. En ef menn hafa talað fyrir gengisfestingu sem trúboðar, þá vil jeg segja, að þeir, sem hafa talað fyrir hækkun, sumir hverjir, hafa talað fyrir henni eins og kaupsnápar.

Hv. þm. Ísaf. (HG) talaði mikið um þann órjett, sem verkamenn hefðu orðið fyrir á gengislækkunartímunum. Gengislækkunin hefði altaf orðið á undan kauphækkun að sama skapi. Þetta er sjálfsagt alveg rjett út af fyrir sig. En það er vitanlegt, að margar aðrar ástæður en gengið ráða í því máli. Jeg veit ekki nema það beri kannske minst á genginu hvað það mál snertir, að minsta kosti á síðustu tímum. En taki maður tímabilið frá 1914, þá hygg jeg, að foringjum verkamanna verði örðugt að sanna, að þeirra kaup hafi ekki hækkað eins mikið og annað kaup hjer á landi frá þeim tíma. Hitt er rjett, að embættismennirnir, sem hann nefndi, hafa borið nokkuð skarðan hlut frá borði. Annars hjelt jeg, að þetta með lækkun krónunnar hjá verkamönnum gæti fallist í faðma við það, þegar var verið að hækka krónuna. Þá var hún altaf að hækka á haustin og þegar komið var fram á sumarið, þegar bændur og framleiðendur yfirleitt ætla að fara að selja afla sinn. (**SÁÓ:** Búnir að selja hann). Nei, áttu það eftir. Það sýndi sig 1925. Mjer er eins kunnugt um það eins og hv. 4. þm. Reykv.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) var margt að segja, og jeg verð að játa, að jeg gat ekki hlustað á hann allan tímann. En fátt af því var nú þess efnis, að það þyrfti svars, og margt hafði maður heyrt áður. Það var eins og maður kannaðist við alt úr þingræðum hjer áður. Hann sagði meðal annars, að útlendingar mundu ekki kaupa af okkur brjef, ef krónan væri fest. Mjer er ómögulegt að skilja það. Jeg hjelt, að þegar komið væri í gullmynt, væri nokkurnveginn óhætt að kaupa brjefin.

Þá las hv. þm. upp klausu úr blaði, þar sem dásamað var það þrekvirki, þegar Danir gerðu sína krónu innleysanlega, 1845, ef jeg tók rjett eftir — það hefði verið gæfudagur fyrir Dani. Alveg rjett. En hvað fylgdi því? Það var kyrstaða frá Napoleons-styrjöldunum og þangað til 1840. Verulegar framfarir urðu fyrst í landinu eftir þann tíma. Þá spyr jeg: Höfum við ráð á þeirri kyrstöðu hjer á Íslandi? Jeg hygg ekki. Því að Danir stóðu þá jafnfætis öðrum þjóðum.

Hv. andmælendur þessa máls hafa gert sig mjög seka í þeirri kórvillu, að það komi útlendingum við, hvað við gerum í þessu máli. Það gerir það alls ekki, því að þetta er hreint og beint innanríkismál og ekki annað heldur en það, að verið er að skapa og skera á milli þess, hvernig rjettlátast verði gert á milli þeirra, sem eiga peninga og þeirra, sem skulda peninga. Og þá dylst mjer ekki, að með þessari gífurlegu krónuhækkun úr 47 aurum og upp í 82 aura fengu peningaeigendur miklu meira en þeir áttu rjett á, ef jöfnuður átti að vera.

En auk þess er það þetta gamla, að þegar á að koma skipulagi á eitthvað, þá er það ætíð best, að breytingin verði sem allra minst að unt er; og einmitt frá þessu sjónarmiði er það, sem jeg get fallist á frv., að festa krónuna í því gengi, sem hún er. Það verður langótilfinnanlegast fyrir þjóðina. Jeg er sannfærður um, að peningamenn landsins eru margir búnir að búa sig undir þetta. Auk þess er það svo, að þeir, sem safna í sarpinn og hafa peninga sína í sparisjóðum og verðbrjefum, sem gefa litla rentu, þeir fá minni vexti einmitt vegna þess, að krónan er ekki föst. Þeir eru að búast við gengishækkun, og þess vegna vilja þeir ekki taka peningana út. En ef þeir vita, að engrar gengishækkunar er von, þá er það hvorttveggja, að þeir munu fara að seilast til þess að reyna að fá meiri vexti af höfuðstól sínum, og eins verður það miklu tryggara fyrir þá að lána fje sitt heldur en nú er. Og það er alls ekki svo lítið í það varið.

Jeg skal svo enda ræðu mína með því, að jeg tel ekkert vit í því að vera að hugsa um að hækka krónuna meðan bankarnir ekki geta sýnt lit á því að lækka vexti. Eftir því má algerlega fara. Fyrst þegar þeir hafa haft ráð á því að lækka vextina, þá mundi vera óhætt að tala um krónuhækkun. En því miður býst jeg við, að það bíði langan tíma.

Umræðu frestað.

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var fram haldið 1. umr. um frv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það eru þegar orðnar langar umr. um þetta mál, og jeg ætla því ekki að lengja þær mikið. Jeg geri ráð fyrir, að hv. andstæð-

ingar þessa frv. hafi nú lokið við að tína fram þær ástæður, sem þeim hafa hugkvæmst gegn þessu frv., og þarf víst ekki að búast við neinum nýjum, markverðum röksemdum frá þeirra hlið úr þessu. Með þessu er ekki sagt, að andmælin, sem komið hafa fram við þessa umr. gegn frv., hafi verið svo sjerlega veigamikil eða þung á metunum. Þvert á móti. Það virðist svo, að ándstæðingar málsins hafi reynt að halda því of fjarri veruleikanum, og flutt það inn á tilfinningasviðið. Frá þeim sjónarhól hafa þeir svo sett fram fullyrðingar, sem ekki eru á rökum bygðar, um svik við sparifjáreigendur, ríkisgjaldþrot, álitshnekki hjá erlendum þjóðum o. fl. þesskonar. Þetta eru enganveginn nýjar staðhæfingar, þær eru allar marg-sagðar og marg-hraktar áður.

Það sem hjer kemur aðallega til greina er það, hvað verður, ef verðfesting fer fram, og hvað gerist, ef krónan er hækkuð. Í fyrra tilfellinu gerist ekki neitt, það verður alveg sama ástand og áður. Enginn verður var neinna missmíða eða byltinga á verðlagi. Núverandi ástand þekkja menn, og þjóðin er farin að byggja sínar framtíðarfyrirætlanir og atvinnuvegi á því. Gengið hefir staðið óhreyft í 3½ ár, og það hefir verið samkvæmt ákvörðun Alþingis, og eftir afskiftum undanfarinna þinga af málinu, má gera ráð fyrir að ætlast sje til þess, að alt sitji við það sama framvegis. Hv. þm. Dal. vildi halda því fram, að afstöðu Alþingis bæri svo að skilja, að ætlast væri til hækkunar. Er það fjarri rjettu lagi, því að miklu fremur má lesa það út úr ákvörðunum þingsins, að ekki eigi að breyta til frá því sem nú er í framtíðinni. Þjóðarbúskapurinn hefir lagað sig eftir verðlaginu, og með því fengist nokkurt samræmi í verðlagið innanlands. Um afstöðuna til skulda ríkisins í útlöndum þarf jeg ekki að tala. Það er búið að margsanna það, að ríkissjóður stendur þar við allar sínar skuldbindingar. Gengismálið er því algert innanríkismál, sem við getum ráðið til lykta eingöngu eftir eigin geðþótta.

Þá er hin spurningin. Hvað gerist, ef ákveðið er að hækka krónuna upp í gullgildi? Það er játað af öllum, að það mundi valda truflunum á öllu verðlagi í viðskifta- og atvinnulífi þjóðarinnar. Framkvæmdafyrirtæki mundu bíða þann hnekki, sem þau gætu ekki rönd við reist, og mörg þeirra falla í rústir. Skuldir frá lággengisárunum og þeim tíma, sem nú er að líða, mundu hækka stórkostlega, þar sem greiða ætti með stærri krónu heldur en út var lánuð. Atvinnuvegirnir kæmust í ný vandræði, og bankarnir ættu ilt með að standa straum af hækkuninni. Allir vita, hvað atvinnuvegirnir og bankarnir hafa liðið við gengishækkunina á síðari árum, og eru þeir alls ekki búnir að ná sjer svo nú, að þeir sjeu færir um að taka á móti nýrri hækkun. Ef hækkunarstefnan væri látin ráða, mundu framkvæmdirnar stöðvast og atvinnuvegirnir lamast um ófyrirsjáanlegan tíma.

Þetta er í rauninni játað af öllum, líka flestum hækkunarmönnum, en þeir reyna að breiða yfir sannleikann aðallega með tvennu móti. Fyrst og fremst með því, að gera sem minst úr þessu, og í öðru lagi með því, að halda því fram, að ef krónuhækkunin sje nógu hægfara, þá verði menn hennar lítt varir. Þessi hægfara hækkun, sem þeir lofa svo mjög, er barnaskapur, því

að þegar ákveðið er, að hækkun skuli framkvæmd og krónan er farin að hreyfast, megum við vera þess fullvissir, að við missum tökin á hækkuninni, og krónan getur farið upp í gullgildi á stuttum tíma. Við höfum dæmið fyrir okkur, þar sem hvorki Danir nje Norðmenn gátu haft hemil á hækkuninni hjá sjer, og eru ekki líkur til þess að okkur takist betur, þar sem við erum færri og máttarminni. Afleiðingunum af þessari hraðfara hækkun þarf jeg ekki að lýsa, enda hefi jeg tekið þær fram áður.

Í sambandi við hækkunina hafa hv. andmælendur þessa frv. talað mikið um það rjettlæti, sem felist í hækkuninni, en halda því hinsvegar fram, að með verðfestingu sje framið ranglæti. Sannleikurinn er sá, að hvaða leið, sem farin er í þessu máli, er engu fullkomnu rjettlæti hægt að ná, en rjettlæti og ranglæti getur verið misjafnlega mikið. Fyrir okkur, sem veljum þá leiðina er í frv. felst, vakir, að stöðva það, að ranglætið aukist frá því, sem orðið er nú, og með því gefa rjettlætinu meiri byr í seglin. Ef krónan er hækkuð, er verið að taka frá þeim, sem ekkert eiga, og gefa hinum efnaðri, því að þá hækkar inneign þeirra, sem lögðu inn í bankana þegar krónan var í lægra verði og hafði minni kaupmátt.

Undanfarin ár hefir verið mikill framfarahugur í mönnum, og hafa mörg stór fyrirtæki hlaupið af stokkunum. Lánsstofnanir hafa risið upp til þess að ljetta undir með fólkinu, sem rekur atvinnu í stærri stíl. Þessar lánsstofnanir eru t. d. veðdeildin, Ræktunarsjóðurinn og Byggingar og landnámssjóður. Þeir menn, sem fengið hafa fje að láni í þessum stofnunum til aukinna framkvæmda, eru sviknir með hækkun krónunnar, þar sem þeir verða að borga aftur með stærri krónum en þeir fengu upphaflega. Ef hækkunarstefnan verður ráðandi má gera ráð fyrir þjóðarböli, og meira böli heldur en því, sem beinlínis snertir gjaldeyrinn sjálfan.

Ef krónan verður hækkuð, má búast við, að við verðum heimsóttir af meira böli en áður, hvað kaupdeilur snertir. Hækkun krónunnar hlýtur óhjákvæmilega að hafa nýjar kaupdeilur í för með sjer. Með þessu er ekki sagt, að kaupdeilur geti ekki komið fyrir, án þess að hækkun eigi sjer stað, en víst er um það, að hækkun yrði til að auka á slíkar deilur og þau vandræði, sem af þeim leiða.

Mjer virðast hækkunarmenn horfa of mikið til baka í þessu máli. Þeir vilja fórna áframhaldandi þróun atvinnu- og viðskiftalífs þjóðarinnar á altari smávægilegs metnaðar um sameiginleg myntlög fyrir okkur og nágrannaþjóðirnar á Norðurlöndum. En fólkið vill horfa fram og sækja fram á svið atvinnulífs og viðskifta. Þá er krónuhækkunin hættulegur Þrándur í Götu á þeirri leið. Og í mínum augum er framþróun athafnalífs þjóðarinnar stórum veigameira atriði heldur en það, hvort okkar gullkálfur er nákvæmlega eins skapaður og gullkálfur nágrannaþjóðanna, og jeg sje ekki, að miklu máli skifti, þó að rófan á okkar gullkálfi sje ögn styttri en á gullkálfum þeirra.

Jeg sje enga ástæðu til að fara út í sjerstök andmæli, sem komið hafa fram gegn frv. Hv. flm. (ÁÁ) hefir fullkomlega haldið sínum hlut í þeirri viðureign og mun gera það framvegis.

Það er svo að sjá, að íhaldsflokkur-

inn og jafnaðarmenn, sem aldrei eru sammála um neitt, ætli hjer að blanda blóði til andstöðu. Þó skilst mjer, að hvatirnar sjeu ekki af sömu rótum runnar hjá báðum.

Mjer hefir skilist, að háttv. 1. þm. Reykv. (MJ) hafi haft aðalframsögu af hálfu Íhaldsflokksins í þessu máli: (**MJ**: Nei, jeg hefi enga framsögu haft, heldur aðeins talað fyrir sjálfan mig.) Aðstaða hans eða Íhaldsflokksins mótast í þessu máli á rótgróinni trú á hið gamla og takmörkuðum skilningi á framsækni lífsins. En fyrir jafnaðarmönnum virðist vaka það eitt, að með hækkun krónunnar hepnist að halda kaupgjaldinu um stund í óeðlilega háu hlutfalli við kaupgetu framleiðslunnar. En af því stafar auðvitað aukin hætta af verkföllum og þeim vandræðum, sem af þeim stafa. En samt geta þessir tveir andstæðingar tekið höndum saman í þessu máli.

Hv. þm. Dala. (SE) sagði, að hækkun krónunnar fylgdi vitanlega áreynsla fyrir atvinnuvegina og lánsstofnanirnar, og hvíld væri nauðsynleg eftir þessa áreynslu. Taldi hann heppilegast, að krónan væri hækkuð í smá stökkum, og þjóðin fengi að hvíla sig á milli. Um þetta er hægt að tala, en slíkt er með öllu óframkvæmanlegt. Mjer heyrðist á hv. þm. Ísaf. (HG) að hann áliti, að hækka hefði átt krónuna meira eða minna síðastliðið ár. En hv. þm. Dal. sagði að hvíldin væri ekki orðin nógu löng enn þá frá síðustu hækkun. Þetta er dálítið erfitt að samríma, og virðist ekki gott að vita, hvenær hv. þm. Dal telur hentugt fyrir atvinnuvegina og bankana að krónan taki að hækka. Hann virðist, satt að segja, kvíða fyrir þeirri stund. Hann er eins og barn, sem viðurkennir, að laxerolía sje góð, en vill þó bíða með inntökuna til morguns. (**SE**: Barn viðurkennir aldrei, að laxerolía sje góð.) Það getur viðurkent, að hún hafi góðar afleiðingar. Börnunum er sagt það og þau trúa því, og eins fer hv. þm. Dal. í þessu máli. En annars held jeg að hann sje nú á leiðinni að verða festingarmaður. Eftir því sem krónan er lengur búin að vera í föstu gengi, því meiri fjarstæða er að hækka hana. En hv. þm. hefir viðurkent að hækkuninni fylgi svo mikil áreynsla fyrir atvinnulíf og lánsstofnanir, að hún verði þeim ofviða í stórum stíl, og verði því að taka hana með hvildum. En jeg get sagt hv. þm. Dal. það, að þegar krónan fer að hreyfast á annað borð, þá verður það stökk svo stórt, að hætt er við að sumar stofnanir taki síðustu hvildina á eftir, og vildi jeg óska, að stofnun sú, er hv. þm. veitir forstöðu, væri svo sterk, að hækkunin legði hana ekki til hinstu hvildar.

Jeg læt þessi fáu orð nægja í bráðina. Jeg býst við að málið fari að verða fullrætt við þessa umr. og að tækifæri verði til að tala nánar um það við 2. umr. ef þörf gerist.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg tel rjett, að jeg taki nú til máls, þar sem flestir andmælendur frv. hafa þegar flutt mótbárur sínar.

Það er sameiginlegt með öllum andmælendum mínum, að þeir hafa byrjað á afstöðu stjórnarinnar til frv. Það er rjett, eins og ræða hæstv. fjmrh. (EÁ) sýndi, að stjórnin stendur á bak við frv., eða öllu heldur Framsóknarflokkurinn. Það er og rjett, að óvíst er um örlög þessa máls. En hitt er ekki rjett, sem

hv. þm. Dal. hlakkaði yfir og kveið fyrir á víxl, að óvíst væri um áframhaldandi skráning núverandi gengis, ef frv. yrði felt. Hv. þm. Ísaf. (HG) tók rjettilega fram, að stjórnin hefir skráning gengisins í hendi sjer. Stjórnin hefir skráninguna í hendi sjer og mun hafa, meðan hún situr. En Framsóknarflokkurinn vill með þessu frv. l ö g f e s t a núverandi gengi svo að aðrir fái ekki síðar aðstöðu til að breyta því gengi, sem stjórn hans hefir borið gæfu til að halda föstu til þessa.

Í gengisnefnd eiga nú sæti: einn fulltrúi fyrir landsstjórnina og fulltrúar fyrir sinn hvorn bankann. Nú vill landsstjórnin halda genginu föstu, og meiri hluti bankastjórna beggja bankanna er á sömu skoðun. Mætti því ætla, að trygt væri, að núverandi gengi yrði haldið föstu, hvort sem frv. verður afgreitt eða ekki.

En þó svo færi sem vart er hugsanlegt, að meiri hluti gengisnefndar skyldi bregðast, þá er landsstjórninni opin sú leið, að taka ábyrgð á gjaldeyrisversluninni, eins og hv. 3. landsk. (JÞ) gerði 1925 og með sömu heimild. Með því er trygður öruggur kaupandi að erlendum gjaldeyri og ríkissjóði engin hætta búin, nema sú, er honum kann síðar að verða sköpuð af hækkunarmönnum er þeir komast til valda, en þeim er í sjálfsvald sett, hvort þeir láta ríkissjóð verða skaðlausan eða baka honum tjón.

Allur þingheimur veit, að þannig stendur gengismálið hjá þeim aðiljum, sem þingið hefir falið umráð skráningarinnar. Ef þingið er ósamþykt þeirri stefnu, sem nú er fylgt af þessum aðiljum, verður það að taka jákvæða ákvörðun um það á þessu þingi, annaðhvort skifta um stjórn eða taka af henni ábyrgðarheimildina og skifta um gengisnefnd. (SE: Hvar er sú heimild?) Hún er í gengisnefndarlögunum, og ætti hv. þm. að vera kunnugt um hana, því að hann var í gengisnefnd, er henni var beitt í fyrsta skifti, og áfeldist þá ekki þá ráðstöfun. En hvort sem frv. verður samþykt eða ekki, kemur ekki fram jákvæður hækkunarvilji hjá þinginu, ef ekkert er að gert til að koma í veg fyrir festingarráðstafanir núverandi stjórnarvalda.

Hv. þm. Dal. þarf því engan kvíðboga að bera fyrir stjórninni eða gengisbreytingum, meðan hún situr, þótt frv. verði ekki samþykt. Og þar sem stefna Framsóknarflokksins í gengismálinu er þannig trygð, a. m. k. til næstu kosninga, þá er engin ástæða til að flýta kosningum vegna þessa máls — síst þar sem s tefna Framsóknarflokksins stendur því betur að vígi sem lengra líður frá síðustu gengisbreytingum.

Þá skal jeg víkja að hinum almennu mótbárum — eða viðbárum — hækkunarmanna.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Dal. sögðu, að jeg legði minni áherslu nú en áður á að verkföll og atvinnuleysi leiði óhjákvæmilega af gengishækkun. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að verkföll hefðu átt sjer stað bæði fyr og síðar, og hv. þm. Dal. sagði, að nú hefði eitt hið harðvítugasta verkfall staðið í 3 mánuði, þrátt fyrir þriggja ára fast gengi.

Mjer hefir aldrei dottið í hug að halda því fram, að gengisbreytingar væru hin e i n a orsök verkfalla og kaupdeilna. Jeg hefi sagt að þær væru

ein af orsökunum. Það afsannar alls ekki, að hiti fylgi lungnabólgu, þó að hiti sje algengur í sambandi við aðra sjúkdóma. Spyrjið hv. þm. Ísaf., hvað hann segi um verkföll í sambandi við hækkun krónunnar. Var hann ekki að tala um „viðspyrnu verkalýðsins gegn kauplækkunartilraunum“ og ætlaðist hann ekki til, að verkalýðurinn græddi á hækkun krónunnar með því að halda óbreyttu nafnverði kaupsins, þó kaupmáttur þess færi vaxandi? Þessir hv. þm., þm. Dal., þm. Ísaf. og 1. þm. Reykv., geta nú allir verið í sömu kröfugöngu gegn verðfestingunni, enda þótt þeir fari í hár saman undir eins og búið væri að hækka.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að jeg hefði ekki talið þá röksemd gegn hækkun krónunnar, að Norðmenn stæðu betur að vígi á fiskmarkaðinum, ef hækkun yrði hjá okkur, vegna þess að þeir hefðu orðið á undan okkur að hækka krónu sína upp í hið gamla gullgildi, og framleiðslukostnaður okkar yrði því hærri. Jeg get sagt hv. þm. það, að það er svo margt sem mælir með festingu krónunnar, að jeg hefi ekki komist yfir að telja nema höfuðástæðurnar. En hvers vegna mundi hækkunin valda örðugleikum í samkepni við Norðmenn og hækka framleiðslukostnað okkar móts við tilkostnað þeirra? Ætli það sje ekki vegna „viðspyrnu“ hv. þm. Ísaf.? Er ekki hv. 1. þm. Reykv. með þessu að sanna, að verkföll, verkbönn og atvinnuleysi muni sigla í kjölfar gengishækkunar? Ummæli eins og þau annars vegar, að verkföll komi hvort sem er, og stafi aldrei af gjaldeyristruflunum, og að við hinsvegar stöndum höllum fæti vegna aukins framleiðslukostnaðar, minna mann á andatrúarfund, þar sem sama röddin hljómar úr öllum áttum.

Gengishækkun þýðir það, að um leið og krónan hækkar, verður vöruverð og kaupgjald að lækka að sama skapi, ef hækkun gengisins á að verða varanleg. Af þessu leiðir ávalt verkföll, verkbönn, kreppu og atvinnuleysi. Þessu má enginn leyfa sjer að neita. En háum framleiðslukostnaði, atvinnuleysi og minkandi framleiðslu fylgir það, að mörg fyrirtæki verða að hætta með öllu, eða draga stórum saman seglin. Og við hækkun gengis er sá ávalt hygnastur, sem dregur seglin sem mest saman, uns óveðrinu er slotað.

Hv. þm. Ísaf. kallaði það „hreinsun“, að fyrirtæki yrðu að gefast upp sökum hækkunarinnar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem missa atvinnu sína af þessum orsökum, taki undir með honum. Þau fyrirtæki, sem falla fyrir sigð hækkunarinnar, falla ekki fyrir sverði rjettlætisins. Þau, sem svo eru stödd, að þau eigi að velta, þurfa ekki gengishækkunar með til þess að safnast til feðra sinna.

Það er hægt um vik að kalla þá „braskara“, sem hníga undir skuldabyrðinni af völdum krónuhækkunarinnar, atvinnurekendur og bændur, sem ekki hafa annað unnið til saka en að reka atvinnu sína undir ranglátri stjórn peningamálanna. Það er eins og einhver sagði um þessa menn. Þeir eru kallaðir „smart“, þegar vel gengur, en „braskarar“, þegar illa lætur í ári. En það bætir ekki atvinnuleysið, að klína „braskara“-nafni á píslarvotta hækkunarstefnunnar.

Með þeirri hækkun, sem eftir er að framkvæma, ef sú leið er farin, færist 10 milj. skuldabyrði yfir á herðar útgerðar og landbúnaðar, til hækkunar á sparifje, sem engan rjett hefir til hækkunar, og þaðan af meira til hækkunar á öðru lánsfje sem þessir atvinnuvegir starfa með. Þessi byrði lendir á atvinnurekendum til lands og sjávar og verkalýð, sem missir atvinnu sína vegna kreppunnar. Það má auðvitað segja um þessa menn, að þeir sjeu „braskaralýður" sem engan rjett eigi á sjer. En það er lítil huggun, nema þá fyrir þá, sem valdir eru að hækkuninni. Þeir verða orðnir margir „braskararnir" áður en lýkur.

Ástandið batnar ekki við það, að bankarnir v e r ð a að halda háum vöxtum, meðan á hækkuninni stendur. Í fyrsta lagi verða þeir að gera það til þess að fá eitthvað upp í töp þeirra fyrirtækja, er falla í valinn, og í öðru lagi til að halda seðlaútgáfunni innan þröngra takmarka. Aðra vaxtapólitík geta bankarnir ekki haft. Þeir verða að hlaða háum vöxtum ofan á aukna skuldabyrði atvinnurekenda.

Jeg tala um ranglæti í þessu sambandi, enda þó að hv. 1. þm. Reykv. segði í sinni ræðu, að ranglæti eða rjettlæti kæmi þessu máli ekki við. Hv. þm. talaði um, hve mikið ranglæti hefði átt sjer stað í fortíðinni vegna gengisbreytinga. Var ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að hann ætti við, að úr því að svo mikið ranglæti, sem ekki væri hægt að bæta úr, hefði átt sjer stað í sambandi við eldri gengisbreytingar, færist engum að tala um rjettlæti í sambandi við gengismál. Hjelt jeg þó að nógu skýrt væri tekið fram í greinargerð frv., að enda þótt ekki verði bætt alt það ranglæti, sem liðið er, sje ætlunin sú, að koma í veg fyrir ranglætið í framtíðinni. Hv. 1. þm. Reykv. fullyrðir, að í fyrsta lagi komi rjettlæti þessu máli ekki við, og í öðru lagi hafi gífurlegt ranglæti átt sjer stað vegna gengisbreytinga, og í þriðja lagi sje það „honesty" — eða rjettlæti — að hækka nú krónuna upp í sitt gamla gildi.

Þessar þrjár forsendur hv. þm. minna á manninn, sem ákærður var fyrir að hafa brotið ílát, er hann fjekk að láni, og afsakanir þær, er hann hafði fram að færa, en þær voru þessar: „Í fyrsta lagi fjekk jeg ílátið aldrei lánað, í öðru lagi var það brotið, er jeg tók við því, og í þriðja lagi var það heilt þegar jeg skilaði því aftur."

Jeg leyfi mjer að sannfærast ekki um, að hjer sje óviðeigandi að tala um rjettlæti vegna þess, hve mikið ranglæti sje áður búið að fremja með gengishækkunum. Yfirleitt er hækkunarmönnum óheimilt að nota orðtækið „Honesty is the best policy", sem hv. 1. þm. Reykv. vildi gera að einkunnarorðum hækkunarstefnunnar. Það er sá, sem hefir fengið 80 kr. að láni og á það á hættu að vera krafinn um 100 kr., sem einn hefir rjett á að taka sjer þau orð í munn. Hann hefir ástæðu til þess að koma til ríkisvaldsins með þessa setningu á vörunum og heimta, að ríkisvaldið sjái um, að hann sje ekki beittur ranglæti, svo að hann sjálfur geti verið heiðarlegur.

Hv. 1. þm. Reykv. hafði enn einn pistil til þess að lesa yfir þessum aumingja manni, sem á að borga 100 kr. fyrir hverjar 80. Hann segir, að

það verði allir atvinnuvegir að ganga í gegnum örðugleika, það væri t. d. æskilegt, að það væri heitara hjer á landi en raun er á, en kuldinn skapi þrótt o. s. frv. Hv. þm. hefir í þessu sambandi lagt út af guðspjallinu um „The Survival of the fittest". Alt sje þetta til þess að þroska vesæla menn — þeir eigi að sækja á brattann, og megi ekki gefast upp. Þetta hljómar ekki óáheyrilega og kann að virðast nógu hreystilega mælt. En einhvern veginn er það þannig, að menn leggja ekki á sig örðugleika nema til einhvers sje að vinna, og fæstum mun finnast ástæða til þess að b ú a t i l örðugleika ofan á þá, sem móðir náttúra leggur á götu vora. Hjer við bætist svo, að það sækja ekki allir á brattann fylktu liði, undir göfugu merki. Nei, þannig er ekki fylking sú, er sækist eftir gullkrónunni. Skuldunautarnir, hið starfandi afl í landinu, verða að draga lánardrotnana, hið dauða fjármagn, á eftir sjer upp á fjallið. Slík er sú skrúðganga! Þegar upp er komið hampar hið dauða fjármagn sinni „stóru gullkrónu", eins og hv. þm. Dal. kemst að orði, framan í framleiðsluna, sem sest aðgerðarlaus og blæs af mæði.

Væri nú ekki kristilegra fyrir hv. 1. þm. Reykv. að segja nokkur vel valin orð við þá, sem í vagninum sitja, um það, hvað það sje holt að ganga, þó ekki væri nema á jafnsljettu og undir sjálfum sjer, en að eyða mælsku sinni í það, að lesa yfir hinum, sem vagninn draga, hvílík guðsblessun það sje, að mega sækja á brattann með sem mest í eftirdragi!

Þá hjelt hv. þm. Ísaf. því fram, að verkamenn og aðrir launamenn, sem urðu fyrir halla af minkandi kaupmætti krónunnar, geti náð aftur ógoldnu kaupi sínu með hækkun krónunnar, og þá helst, ef hækkunin tæki jafnlangan tíma og lækkunin. Gengis- og verðlagstruflanir væru þá einfalt mál, ef hægt væri að snúa öllu aftur á bak, eins og þegar fata, sem sökt hefir verið í brunn, er undin upp aftur full af svalandi vatni. Ef þetta væri svona einfalt mál, þá skyldi jeg ekki deila á hækkunarstefnuna. Hins vegar fæ jeg þá ekki skilið, hvers vegna hinir miklu verkamannaforkólfar, bolsevíkar Rússlands, sem tóku við gjaldeyri sínum í því ástandi, að 100 pappírsrúblur svöruðu til einnar gullrúblu, festu hann 1923, þegar 100 miljónir pappírsrúbla þurfti til að jafngilda 1 gullrúblu, í stað þess að vinda hjól lífsins aftur á bak, svo að verkalýðurinn fengi rjettlátlega útmælt hið ógoldna kaup. (HG: Þetta er ekki sambærilegt.) Jú, það er sambærilegt, því þó bolsevíkar greiði máske nú sæmilegt kaup, þá vantar þó alveg endurgreiðslu ógoldna kaupsins, þar sem þeir höfðu ekki ráð hv. þm. Ísaf. í meðferð hins rússneska gengismáls. Nei, gengisbreytingar eru ekki svona einfalt mál. Sannleikurinn er sá, að hækkun og lækkun kaupmáttar, eða gengis, skapar hvorttveggja ranglæti — þó óskiljanlegt megi virðast þeim, sem óvanir eru að hugsa um þessi efni — og ranglæti verður aldrei bætt með ranglæti!

Tímakaup mun lengst af frá 1914 hafa fylgt verðlaginu nokkurn veginn, þótt það um skeið yrði dálítið aftur úr. Nú er það fyrir ofan verðlagið. Tímakaup er nú þrefalt á við það sem var 1914, en verðlagið ekki nema rúm-

lega tvöfalt. Eitthvað af „ógoldna“ kaupinu hlýtur því að vera þegar endurgreitt, ef hægt er að tala um endurgreiðslu í þessu sambandi.

Raunveruleg gengishækkun þýðir það, að kaupið verður að lækka með öllu öðru verðlagi. Ef krónan á að fá aukinn kaupmátt, verður hún að geta keypt meiri vinnu eins og meiri vörur. Við þá baráttu, sem nauðsynleg er til að breyta hækkun á skráðu gengi í aukinn kaupmátt krónunnar, jetst mismunurinn, ef einhver er, fljótlega upp af húsaleigu og sköttum, sem fellur enn tregara en verkakaupið — að ógleymdu atvinnuleysinu. Hugsum okkur tjónið af atvinnuleysinu og kaupdeilunum, alt það verðmæti, sem látið er ógert að skapa, en framleitt hefði verið, ef verkamenn og atvinnurekendur hefðu búið við öruggan gjaldeyri! Afleiðing gengishækkunar er, að þjóðin í heild sinni verður fátækari en hún hefði getað verið á verðföstum tímum.

Gengislækkun og gengishækkun er ekki sama og að ganga inn um dyr og svo út um þær aftur. Kaupið hlýtur að lækka fyrir gengishækkun, ef hún á að verða varanleg. En jeg skal benda hv. þm. Ísaf. á annað, sem ekki lækkar. Það er fjármagnið, sparifjeð, sem hefir hækkað um 22%, „kapitalið“, sem jafnaðarmenn hafa hingað til ekki talið sinn aldavin, lækkar ekki aftur. Það er staðreynd, að gengishækkunin gerir þá ríku ríkari, og þá fátæku fátækari, — hið dauða fjármagn hækkar í gildi, en hverjir borga? Atvinnulífið í landinu!

Þetta skildu jafnaðarmenn í Noregi. Í áliti þeirra frá því í fyrra, þar sem þeir mótmæltu hinni „stóru gullkrónu þjóðarmetnaðarins“, stendur meðal annars: „Það segir sig sjálft, að hin mikla hækkun gjaldeyrisins hefir sett fjárhagsástandið úr jafnvægi og haft í för með sjer hinar mestu truflanir: fjárhagskreppu, stórfelt atvinnuleysi, sem litur út fyrir að verða varanlegt, gífurlega aukningu á skuldum og skattabyrðum hins vinnandi fólks.“ Þeir segja ennfremur: „Arðskröfur fjármagnsins hafa aukist stórum og hluttaka hins starfandi fólks í arðinum af framleiðslunni hefir minkað að sama skapi.“

En þótt sýnt sje skýrum stöfum fram á það, að með verðfestingu gjaldeyris verði mestu rjettlæti náð í framtíðinni meðal þegnanna, og bestum arði fyrir alla, sem nálægt framleiðslu koma, jafnt verkamenn og atvinnurekendur, vegna þess öryggis, er fastur gjaldmælir skapar, þá eru formælendur hækkunar hjer í deildinni eigi af baki dottnir. Þá úthella þeir tárum sínum yfir þann álitshnekki og lánstraustsspjöll, sem „þessi litla þjóð“ úti á hala veraldar verður fyrir erlendis. Og sýni menn svo álit erlendra sjerfræðinga í þessu efni, þá segir hv. þm. Dal. og hv. 1. þm. Reykv. að það sje ekkert að marka, hvað þessir erlendu sjerfræðingar segja. Nei, það er „dómur útlendinga um þessa litlu þjóð, sem hafi orðið að gefast upp við að sækja á brekkuna sem við viljum hlusta á,“ segja þeir. Mjer er ekki fullljóst, hvernig jeg á að skilja þetta. Það hlýtur að vera ágallinn, að hjer er um s j e r f r æ ð i n g a að ræða. Jeg játa það, að jeg gætti þess ekki, að leita til fáfræðinga, en það er mála sannast, að þeir hrópa hæst og kyrja gullkrónugloríur — einnig erlendis.

En áður en jeg vik nánar að álitum þessara sjerfræðinga vil jeg segja hv. þm. Dal., að hjer er ekki um að ræða að gefast upp við neitt. Það er sannarlega ekki fyrst og fremst vegna örðugleikanna á að sækja á brattann, að lagt er til að krónan verði verðfest með lögum. Framsóknarflokkurinn hefir aldrei ætlað sjer að lyfta krónunni upp í sitt gamla gildi og gefst því ekki upp við neitt slíkt. Þjóðin hefir heldur ekki gefist upp, því að hún hefir aldrei ákveðið að koma krónunni upp í gullgildi. Hitt kemur manni minna við, þótt hv. þm. Dal. hafi haft aðra stefnu, en ekki heldur hann gefst upp, meðan hann spyrnir á móti broddunum. Við teljum ekki æskilegt að hækka krónuna, enda þótt það væri auðveldara en það er, vegna alls þess misrjettis, sem slíkt hefir í för með sjer. Það eru ekki örðugleikarnir út af fyrir sig, sem valda okkar stefnu, heldur hitt, að við viljum ekki að þjóðin leggi á sig örðugleika til að skapa misrjetti meðal þegnanna. Það er sannarlega nóg fyrir. Og við hv. 1. þm. Reykv. vil jeg segja það, að hjer er ekki að ræða um neinn skort á vilja til þess að standa við skuldbindingar. Íslenska ríkið svíkst ekki um neitt, þótt krónan verði verðfest, það græðir ekkert og tapar engu. — Hækkunarmenn, t. d. hv. 3. landsk., mæla bót ríkjum, sem þurftu að festa gjaldeyri sinn, meðal annars vegna þess, að þau gátu ekki greitt ríkisskuldir sínar ef gjaldeyririnn hækkaði, eins og t. d. Frakkland. Um þau ríki er alt öðru máli að gegna. Þau eru ekki ámælisverð, að þeirra dómi. En um okkur, sem viljum festa án nauðsynjar ríkissjóðs vegna þegnanna, segja þeir, að við „sýnum ekki nægan vilja til þess að standa við gerðar skuldbindingar“ og að hjer sje um „sviksamlegt gjaldþrot ríkisins“ að ræða. Þessi orðatiltæki hækkunarmanna styðjast við engin rök. Sá, sem í þessu sambandi talar um „skort á vilja til þess að standa við gerðar skuldbindingar“, getur ekki staðið við orð sín, sem eru ein tegund skuldbindinga. Og sá, sem talar um „sviksamlegt gjaldþrot“ þjóðar sinnar í þessu sambandi, er kominn í sviksamleg rökþrot.

Hvarvetna sem þess er getið í erlendum blöðum, að eitthvert ríki hafi fest gjaldeyri sinn, er það talið meðal gleðifregna. Það er hvergi nema hjer, að menn nota þessi sterku orð eins og grýlur til að hræða fólk, sem lítið vit hefir á þessum málum og litla möguleika til að kynnast áliti erlendra þjóða. — Og þeir, sem elska þjóð sína heitt og innilega, ættu síst að tala í þessum dúr.

Þegar svo þeir Moll, Adolf av Jochnich, Wallenberg og Krusenstjerna segja: Lánstraust ykkar er ekkert háð því, hvar þið festið krónuna, heldur möguleikum til endurgreiðslu og ávaxta, þá kemur hv. 1. þm. Reykv. og segir, að þetta sje bara vitleysa, hann þurfi ekki að láta þess útlendinga segja sjer neitt um það. Lánskjörin fari eftir því, hver leggi skjölin á borðið, og hjer sje um ríki að ræða, sem hafi ekki viljað standa við gefnar „skuldbindingar“, það hafi „gefist upp fjárhagslega“ o. s. frv., og það geti því ekki notið óskerts lánstraust. Þessum ágætu sjerfræðingum, sem auðvitað hafa fult vit á þessu máli, mun aldrei hafa komið til hug-

ar, að um nein svik eða pretti sje að ræða í þessu sambandi. Og þeim hefði áreiðanlega ekki skotist yfir það, ef um nokkuð slíkt hefði getað verið að ræða. Þegar menn segja um svör þessara manna, að það sje ekkert annað en vitleysa, sem þeir segja, þá gera hv. þm. sjer varla ljóst um hverja þeir eru að tala, nje við hverja. — Þeir halda sennilega, að þeir sjeu að tala við kjósendur, sem eigi að heyra bergmálið af orðum þeirra, og varðveita þau. En hverjir eru mennirnir, sem þannig er talað um? Það eru nokkrir merkustu fjármálamenn Norðurlanda. Einn þeirra er eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum í Svíþjóð, annar forseti bankaráðsins, þriðji ríkisbankastjóri, fjórði auðugasti og mest metni einkabankastjóri á Norðurlöndum. Þetta eru mennirnir, sem hv. 1. þm. Reykv. segir um, að viti ekkert um lánsskilyrði og lánstraust.

Til samanburðar við þessi ummæli hv. þm., get jeg getið þess, að jeg kom í Englandsbanka og átti þar viðtal við Sir Ernst Harvey, head controller of the Bank of England, — en það er regla Englandsbanka, að láta ekki skriflegar umsagnir í tje, þegar erlendir stjórnmálamenn leita ráða hjá þeim um fjármál þjóðar sinnar. Er jeg sagði honum frá umsögnum Svíanna, varð honum að orði: „Það, sem Moll og Wallenberg segja ykkur að gera, getið þið örugt treyst að sje rjett.“ Það er eitthvað annað, hljóðið í Englandsbanka en ummælum hv. 1. þm. Reykv. um þessa sjerfræðinga.

Svo kemur hv. þm. Dal. Hann varðar ekki heldur um þektustu fjármálamenn þroskuðustu fjármálaþjóðar á Norðurlöndum. Og hvers vegna? Jú, vegna þess, að hann vill fara eftir því, sem „útlendingar“ segja um okkur á e f t i r, — en varðar þar af leiðandi ekkert um, hvað þeir ráðleggja okkur f y r i r f r a m!

Þeir fá útreiðina hjer, þessir Svíar ,sem hafa ekkert unnið til saka, annað en að verða við þeim tilmælum, að láta álit sitt í ljós um gengismál okkar. En það mun þó varla vera ástæða fyrir þá að hryggjast, þótt jeg hryggist hins vegar yfir þessum ummælum. Því eins og sólin kemur upp, þótt enginn hani gali, þá munu þeir ekki eiga orðstír sinn undir árgölum gullkrónunnar hjer í deildinni.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Dal. eiga bágt með að skilja það, að þessir sænsku bankamenn ráða okkur nú til að festa, en sjálfir fóru Svíar upp með sína krónu fyrir 5 árum. Þetta virðast þeir ekki skilja, og er það þó auðskilið. Í því felst engin mótsögn. Hin rjetta aðferð í gengismálum er ekki ein og hin sama, undir öllum kringumstæðum, heldur fer það eftir ástæðum, hvað er rjett að gera. Það er engin mótsögn í því, að það er heitt í dag, þó að það væri kalt í gær, eða að hann sje á sunnan í dag, þótt hann bljesi á norðan í gær! En hitt vilja þeir ekki skilja, að það er eins eðlilegt að breyting verði á aðstöðu manna til gengistruflana með tímanum. Það sem mestu ræður um rjetta aðferð, er tíminn, sem líður, og þær breytingar, sem hann hefir í för með sjer á gildi skuldbindinga, innstæðum og verðlagi. Fram að Genúafundinum, árið 1922, voru stefnur vart skýrar í gengismálinu. Fæstir stjórnmálamenn höfðu þá glöggar hugmyndir um eðli hins nýja viðfangsefnis. Næstu árin fer að rofa

til. En þó vanst ekki nægur tími fyrir hinn rjetta skilning að ryðja sjer braut, fyr en eftir að margar þjóðir höfðu leyst málið með ýmsum hætti, heppilegum og óheppilegum. Það má vera okkur Íslendingum ljósast, að hinn rjetti skilningur var lengi á leiðinni, því hjer á landi var ekki talað um gengismálið með ljósum rökum, fyr en á þinginu 1925, og þó öllu heldur þinginu 1926. Líkt var það í Noregi; þar komst hinn rjetti skilningur ekki að, fyr en krónan var undir það komin í fult gullgildi. En hvað sem þessu líður, þá sýndu þó flestir hinir bestu menn Svía glöggan skilning á gengismálinu á undan öðrum þjóðum. Þeir hækkuðu sína krónu eingöngu af því, hvað skamt var um liðið frá því að hún fjell. Og þó hikuðu þeir. Ef lengur hefði dregist, nokkur ár eða svo, þá hefðu þeir orðið manna fyrstir til að fylla hóp þeirra þjóða, sem festu sinn gjaldeyri. Nú eru allar ástæður og þá um leið álit manna víða um lönd, gerbreytt frá því sem var fyrir 1926. Það er fagnað hverju nýju ríki, sem festir gjaldeyri sinn, án tillits til þess, hvar hann er festur. Þær þjóðir einar, er allra fyrstar voru til að hækka, Svíar, Bretar, Hollendingar og Svisslendingar, geta talist að hafa heiður af að fara upp í gullgildi, — hjá þeim voru fæstar skuldbindingar miðaðar við lágt gengi, — allar aðrar vanheiður.

Það er sama, hvaða mikilsháttar fjármálamaður í Svíþjóð væri spurður að því, hvað Svíar mundu nú gera, ef þeir hefðu ennþá 22% fallna krónu, svarið mundi alstaðar verða hið sama: „Við mundum festa hana þar". Og það sem þeir mundu gera *núna* sjálfir, það ráðleggja þeir okkur að gera.

Jeg sje, að hv. þm. Dal. hristir höfuðið. Er það vegna þess, hve hækkunarviljinn er ofarlega í hug manna og gullkrónugleðin sterk í nærliggjandi löndum? Jeg skal bregða upp mynd af skrúðgöngu Norðmanna, segja nokkuð nánar frá norska þinginu, þegar hin „stóra króna" þjóðarmetnaðarins hafði verið gerð innleysanleg.

Um það leyti, sem norska krónan hafði verið verðfest í sínu forna gengi í ½ ár, fóru nýjar kosningar fram í Noregi. Hvernig fór þá? Þá urðu þeir menn í meiri hluta, er voru eindregið fylgjandi verðfestingu og myndu hafa fylgt henni fram, ef sú leið hefði enn verið opin. Hægri menn — en þeir höfðu barist fyrir hækkuninni, — hriðfjellu. Sósialistar, er voru eindregnir festingarmenn, og bændaflokkurinn, er þá var að komast á rjetta skoðun í málinu, náðu stórum meiri hluta. Þá var ekki sunginn neinn sigursöngur í norska þinginu. Nei, þá braust út rjettlát reiði og gnístran tanna yfir því ranglæti, er framið hafði verið. Framsögumaður bændaflokksins norska segir þá svo í þingræðu:

„Jeg geri að vísu ráð fyrir, að þjóðin sje svo heilbrigð og þróttmikil, að henni takist að yfirstíga þá örðugleika, sem Mowinkel-stjórnin hefir lagt í götu hennar. (SE: Hver er nú forsætisráðherra í Noregi? Mowinkel!). En það mun taka langan tíma, mannsaldur eða meira. Neyð, sorg og söknuður mun ríkja á þúsundum heimila um alt landið, og aðstaða vor í samkepni þjóðanna er stórum veikari en áður, — bæði frá þjóðhagslegu og menningar-

legu sjónarmiði. Þegar jeg lít á alt þetta, vaknar spurningin: Er það verjandi, er það rjettlátt, eða var það nauðsynlegt, að dæma þjóðina til þessarar eyðimerkurfarar, e. t. v. í fleiri ættliði, fyrir það eitt, að ríkisvaldið hefir á þessari ófriðar- og krepputíð hlaðið einni vitleysunni ofan á aðra."

Þetta er fyrsta erindið í gullkrónusöngnum norska.

Foringi jafnaðarmannaflokksins, en það var þá stærsti þingflokkurinn, komst svo að orði:

„Raunin er sú, að „pari-krónan" þýðir festingu á kreppunni, festingu á hóflausu vaxtaráni, — framundan er niðurskurður á launum, niðurskurður á fjárveitingum til fjelags- og menningarþarfa, nauðungaruppboð, gjaldþrot, bankahrun og óþor og kjarkleysi mikils hluta hins vinnandi fólks!"

Þetta er annað versið úr gullkrónugloríu þessa lands.

Nú hefi jeg lesið upp það, sem sagt var um hækkunina í Noregi, þessu landi, sem á að verða okkur til fyrirmyndar. Það er tæplega sá gleðisöngur, sem hv. þm. Dal. hefir gert sjer í hugarlund. „Í þessu máli er margföld ástæða til að hugsa um, hvernig aðrar þjóðir dæma á eftir," segir þessi hv. þm. Nú hefir hann fengið að heyra það. Það er enginn efi á því, hvernig þessir menn mundu dæma hækkunina hjá okkur. Aðalmaður hækkunarinnar norsku, Rygg bankastjóri, áfellir okkur heldur ekki, þó við viljum verðfesta. Það kemur nægilega skýrt fram í áliti hans. Þannig eru allir flokkar í því landi, er vera á okkur til fyrirmyndar, nú á einu máli.

Þá hefir hv. þm. Dal. fundið að því, að hinir erlendu sjerfræðingar, er leitað hefir verið til, sjeu of lærðir! „Það er ekki hægt fyrir hið praktiska líf að fara að ráðum hinna stofulærðu," segir hann. Sleppum því, að þetta eru stærstu bankamenn á Norðurlöndum. Er ekki hæpið að telja álit sjerfræðinganna aðalhættuna? Jeg veit ekki hvaða „líf" hv. þm. á við. Það er eitthvert undir-líf, sem ekki er gott að koma auga á! Á hverju eru kenningar hinna vitrustu manna í þessum efnum bygðar öðru en rökum lífsins sjálfs. Þær eru raunvísindi. Og hvað eru sjerfræðingar í þessum efnum annað en þeir menn, er hlustað hafa með mestri athygli á rödd lífsins og skilið hana best? Er ekki öll okkar ógæfa í því fólgin, að við höfum ekki nógu snemma farið eftir rjettum kenningum hinna lærðustu manna? Þótt sannindi þeirra næðu ekki nógu fljótri útbreiðslu, þá verða þeir ekki áfeldir fyrir það, heldur lýðurinn, sem er lengi að átta sig. Nei, það hjálpar síst að fara að eins og Hákon jarl, að skjóta öllum lærðum mönnum á land og sigla svo út á haf „lífsins". Við skulum heldur kalla þá um borð og láta þá skýra okkur stefnu „lífsins". Kenningar þeirra eru safinn úr reynslu þjóðanna. Þess vegna fór jeg til Cassels og bað hann að greiða sundur rök okkar gengismáls.

Það er ekki þar fyrir, að hækkunarmenn hafi ekki sínar „teoríur". En sá er munurinn, að sumar þeirra eru gamlar, og gátu aðeins átt við fyrir stríð, en eiga ekki við nú, undir gerbreyttum kringumstæðum, en aðrar eru rangar og hafa aldrei annað verið. Það sem er undarlegast, er að

heyra skorpnaðar kenningar kallaðar „lifið"! Það er ekkert fjarskyldara lífi hinnar líðandi stundar. Það má virða hækkunarmönnum það til ágætis, að þeir eru stöðugt að kasta fleiri og fleiri af þessum kenningum sínum fyrir borð.

Í upphafi gengismálsins var það á hvers manns vörum, að það mætti til að hækka krónuna, til þess að ljettara yrði að greiða erlendar skuldir. Þá þyrfti færri krónur upp í greiðslurnar. Gjaldeyrisfræði eftirstríðsáranna, — sem er raunar uppvakin hagfræði Ricardo's og tímabilsins eftir Napóleonsstyrjaldirnar, — sem hafði gleymst um stund, af því það var ekki brúk fyrir hana — hefir nú algerlega rutt þessum misskilningi burt. Þessi fávíslega kenning hefir heldur ekki heyrst undir þessum umr.

Önnur kenningin var sú, að hækkun krónunnar yrði til að minka dýrtíðina í landinu. Jeg hefi heldur ekki heyrt neinn koma með þessa fullyrðingu undir þessum umr. Enda er það alrangt, því auðvitað verður hlutfallsleg kauplækkun að fylgja verðlækkuninni, og þá verður engin breyting á dýrtíðinni. Þarna er búið að kasta öðrum höfuðlærdómnum fyrir borð.

Hinn þriðji lifði lengst. Því var haldið fram, að það væri rjettlætiskrafa sparifjáreigenda að láta krónuna hækka. Þetta hefir klingt við til skamms tíma, en nú er því snúið upp í það, að ekki eigi við að tala um rjettlæti í þessu sambandi. En þótt hækkunarmenn hafi nú kastað þessum „dogmum" sínum fyrir borð, þá hafa þeir samt ekki boðið hinni nýrri gjaldeyrisfræði far. Þeir kjósa heldur að sigla sjerfræðingalausir.

Nú er einungis tvent eftir af því, sem hækkunarmenn hafa fyrir sig að bera. Annað er það, að lánstrausti þjóðarinnar sje hætta búin af festingu. Hv. 1. þm. Reykv. var svo óheppinn að nefna Belga þessu til sönnunar. Athugum Belga. Þeir urðu að taka dýrt lán til að koma á hjá sjer verðfestingu gjaldeyrisins. Þeir fengu útborgaða 94 af 100, en nú standa hin sömu skuldabréf í 107. Vextir ríkisbankans voru þá 7%, nú eru þeir 4—4½%. Þetta er hegningin, er sökudólgurinn hefir fengið fyrir að „svíkjast undan gefnum skuldbindingum"! Belgar eru einmitt ágætt dæmi til að afsanna lánstraustsspjöllin. Þeir áttu við ill lánskjör að búa, því fjárhagsástand þeirra var ilt. Nú njóta þeir góðra kjara, því ástand þeirra hefir batnað í skjóli hins verðfasta gjaldeyris. Nei, þessi „höfuðlærdómur" fer sömu leiðina og hinir. Á næsta þingi verður varast að nefna þessa ástæðu, þó svo færi, að þessi mál yrðu þá til umræðu.

Það sem jeg geri ráð fyrir að lengst verði tönglast á, þegar allar aðrar hlífar eru klofnar, er þetta, að hin gamla og góða gullkróna sje sá helgidómur, að það gangi guðlasti næst að hreyfa við henni, og svo reyna andstæðingar frv. að koma því inn hjá fólki, að við stuðningsmenn þess ætlum að skera sneið úr hinni heilögu gullkrónu, rjett eins og þegar skorin er sneið úr osti. Þeir segja, að við gerum okkur seka í myntfölsun samskonar og þjóðhöfðingjarnir fornu, sem blönduðu myntina með ódýrum málmi og sviku hana svo út meðal almennings að honum óvörum. Til þess vilja andstæðingarnir endilega halda í „stýfingar"-heitið, að auðveld-

ara sje að koma þeim skilningi inn hjá almenningi, að verið sje að skera sneið úr n ú g i l d a n d i krónu.

Jeg vona nú, að hv. 1. þm. Reykv. skilji, hvers vegna jeg vil halda í verðfestingarheitið, sem er rjettnefni. Hjer er um það að ræða, að verðfesta núgildandi krónu, en ekki hitt, að stýfa hana. Er þar ólíku saman að jafna. Það að draga vísvitandi úr gildi gjaldeyris er áfellisvert — hitt að verðfesta gildandi gjaldaura er þjóðnytjaverk. (**MJ**: Er ekki búið að blanda krónuna?) Alveg rjett! Það eru flokksmenn hv. þm., íhaldsmenn og hv. þm. Dal, sem hafa átt mestan þátt í því, að blanda hana með seðla flóði því, er þ e i r hleyptu yfir landið. Með seðlaútgáfu var krónan stýfð eða blönduð. Nú er um það eitt að ræða, að festa hennar raunverulega gildi. Annars skal jeg ekki í þessu sambandi áfella neinn. Jeg geri ekki ráð fyrir að einn hafi þar haft vit fyrir öðrum þegar þetta var að gerast. En óneitanlega hefði verið skemtilegt, ef einhver hefði þá haft vit hinna „stofulærðu", þó ekki hefði nú verið á flóknara máli en því, að seðlaflóð hlýtur óhjákvæmilega að draga úr gildi gjaldeyrisins. Sá „stofulærdómur" hefði óneitanlega getað forðað þjóðinni frá stórtjóni.

En annars er nú málið svo vaxið, að þessi gullkróna, sem verið er að guma af, og sem svo mikið ríður á að vernda, er alls ekki til raunverulega. Það getur verið, að hún hangi einhversstaðar uppi í himinhvelfingunni, en hún sjest hvorki í búðum nje bönkum. (**MJ**: Hefir þm. ekki sjeð ríkissjóðinn). Jú, við höfum báðir sjeð hann og fáum okkar skerf af honum mánaðarlega. En jeg geri kröfu til þess, ef einhver mynteining er svo heilög, að öllu öðru beri að offra hennar vegna, að fá þó að minsta kosti að sjá kjörgripinn. En það er nú svo, að íslensk gullmynt hefir aldrei verið til. Það er líklegt, að hv. þm. Dal. hafi einhverntíma sjeð danskan gullpening, en íslenskan hefir hann áreiðanlega aldrei sjeð.

Hið eina, sem almenning varðar, er það, hvað við gerum við þá pappírspeninga, sem nú eru okkar eini gjaldeyrir — og hinn eini tilgangur gjaldeyrisins er að vera verðmælir og gjaldmiðill. Engum dettur í hug að falla fram og tilbiðja aðra mælikvarða eins og t. d. hina gömlu „tommu", hún er alt of fátækleg til þess að nokkur maður gerði hana að skurðgoði. Og engum dettur í hug, að „tomman" hafi verið „stýfð" þegar centimetrinn var tekinn upp. Nei, það sem mest er undir komið er það, að hver mælikvarði, og þá ekki síst gjaldeyririnn, sje fastur, svo að það sje ekki heimt inn eftir stórum mælikvarða, sem lánað var eftir litlum. Það sem blekkir menn og í þessu efni, er hinn guli litur hins þjetta leirs, eins og meistari Jón nefnir gullið. Það er þessi gullglýja, sem villir menn og kemur þeim til að halda, að hjer sje um sjerstakan og sjálfstæðan verðmæli að ræða, þó enginn hafi hann handa á milli eða sjái hann nú orðið. Afstaða gullsins til gjaldeyrisins, seðlanna, er alt önnur nú en áður. Fyrir stríðið var frjálst verð á gullinu og hjelst þá sama verðið langan tíma, því að framboð var furðanlega jafnt. En nú dettur jafnvel Englendingum ekki í hug að setja gull í umferð, heldur er það einungis

notað sem stjóri fyrir kaupmátt seðlanna. Gjaldeyrismálum þjóðanna er nú stjórnað svo, að það er bæði forneskjulegt og spaugilegt að sjá menn dansa í kringum þennan gullkálf, sem á að vera þjónn mannanna, en ekki húsbóndi. Gullið getur verið góður þjónn, en gullkálfurinn er illur húsbóndi.

Jeg skal ekki hafa þetta öllu lengra. Það er þegar orðið bert, að ýmsir vilja hvorki nje geta, vegna gullglýjunnar, sjeð þarfir þjóðarinnar í þessu máli nje þarfir bæði verkamanna og framleiðenda til lands og sjávar. Það getur verið, að þeir sjeu ekki margir, sem tárfella yfir því, þó að verkamenn sjeu atvinnulausir, og ef til vill ennþá færri, er gráta tap útgerðarmannsins, en jeg skil þó ekki í öðru en að fulltrúar bænda sjeu viðkvæmir fyrir því, að bændum sje svo íþyngt með gengishækkun, að þeir geti varla undir risið. Bóndi, sem byrjað hefir búskap síðustu 10 árin, þarf við margt að berjast og á við marga erfiðleika að stríða. Fyrst þarf bóndinn að fá sjer jarðnæði og bústofn. Hann eignast konu og börn. Það sem hann aflar sjer af sínum búskap kemur seint, og hann þolir því allra atvinnurekenda verst snöggar verðbreytingar og hækkun á skuldabyrði sinni. Hins vegar getur hann, ef verðlag er sæmilega stöðugt og skuldir verðfastar, staðið við allar skuldbindingar sínar, þó að það útheimti oft og einatt mikinn dugnað og festu. Því er það, að þeir sem finna til með bændum, en helmingur þeirra hefir byrjað búskap síðan verðlagstruflanirnar hófust, fylgja þessu frv.

Hv. 1. þm. Reykv. var nú svo góður að benda bændum meðal annars á það, að þeir væru í raun og veru gengisbraskarar með því að vera að leggja út í búskap, en bætti svo við, og það með rjettu, að þeir væru neyddir til þess að vera það, þar til krónan væri verðfest. Það er nú nokkuð til í þessu. En hver veldur? Er það bóndinn, sem giftist og setur bú á rjettum aldri? Er það rjettmætt að heimta af honum að bíða þar til hækkun er að fullu framkvæmd? Nei, sá sem veldur eru þeir, er vilja halda lausgenginu um óákveðinn tíma og sjá ekki skyldu ríkisvaldsins til að skapa festu og öryggi fyrir þegna sína hið allra bráðasta. Sökin verður þeirra, er tekið hafa trú á heilaga gullkrónu, — sem hvergi er til nema í lögum, sem ekki eru í gildi — og loka augunum fyrir nauðsyn landsfólksins. Sú króna er fitnar af erfiði annars en þess, er á hana, yrði aldrei annað fyrir framleiðslu- og viðskiftalíf þjóðarinnar en s a n n k ö l l u ð þ y r n i k r ó n a.

Sigurður Eggerz: Jeg vona, þar sem jeg hefi átt í orðakasti við svo marga, að hæstv. forseti verði ekki strangur við mig, þó athugasemd mín verði í lengra lagi.

Mjer datt í hug, þegar hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var að tala, hvort ekki mundi líta öðruvísi út í heiminum, ef hann hefði talað fyr. Hv. þm. bannfærði hækkunarmennina. En flestir voru þeir nú samt hækkunarmenn í sínu landi, sem hann sótti ráðin til í utanförinni. Þeir rjeðu til að gera það hjer, sem þeir rjeðu frá að gera í sínu eigin landi. Eftir dómi hv. þm. voru

þeir því vitrir er þeir rjeðu oss, en skelþunnir er þeir gáfu ráðin heima hjá sjer.

Annars skal jeg fara fljótt yfir sögu og drepa aðeins á höfuð-atriðin, get jeg og að miklu leyti vísað til þess, er jeg hefi sagt áður. Skal jeg þá fyrst víkja að hv. flm., þm. V.-Ísf. Jeg sagði í gær, að svo framarlega sem ekki væru gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að halda krónunni fastri, væri ekki víst að það tækist. Því ef t. d. svo mörg pund bærust að Landsbankanum, að hann þyrði ekki að kaupa fleiri, mundi það verða til þess, að pundin fjellu, en krónan hækkaði. Hv. þm. sagði, að við þessu væru þegar gerðar ráðstafanir og það ætti þm. Dal. að vita. Átti hann þar við það, er fyrv. fjmrh., Jón Þorláksson, ábyrgðist Landsbankanum, að hann skyldi ekki hafa halla af því, þó hann keypti svo og svo mikið af erlendum gjaldeyri. En fyrir þessari ábyrgð var engin heimild. Meira að segja vissi gengisnefndin ekkert um þetta. Það var aðeins milli Landsbankans og ríkisstjórnarinnar. Og til sönnunar því, að jeg fari hjer með rjett mál, skal jeg geta þess, að jeg átti áðan tal við fyrv. fjmrh., Jón Þorláksson, og leyfði hann mjer að hafa þetta eftir sjer.

Mjer er sem jeg sjái framan í útgerðarmenn, ef ætti að fara að beita þá þeim nauðungarráðstöfunum, að taka af þeim gjaldeyrinn fyrir ákveðið verð. Hræddur er jeg um, að það yrði ekki eintóm gleði kringum þá stjórn. Það yrði ekki tómur sigursöngur, sem henni væri sunginn. (ÓTh: Það er þó betra að afhenda pundið fyrir 22 en 20). Það veit nú enginn, hvað verðið á gjaldeyrinum yrði, þegar búið væri að taka hann einokunartökum. En hitt veit jeg, að útgerðarmenn langar ekki til þess að láta taka af sjer gjaldeyrinn. Og því slæ jeg föstu, að ekki er nein heimild til í lögum fyrir ríkisstjórnina til þess að verja fje til þess að standa á bak við Landsbankann, ef hann þarf að kaupa mikið af pundum, nema heimildin felist í þeirri almennu ábyrgð, sem ríkissjóður hefir á Landsbankanum.

Þá verð jeg að minnast lítið eitt á þær ávítur, er jeg sætti frá hv. 2. þm. Árn. (MT). Hann var að áfellast mig fyrir það, að jeg sagði, að það væri gott að rifja upp fyrir sjer þær almennu þingræðisreglur, er gilda hjá nágrannaþjóðum vorum. Meðal annars það, að þegar stjórn á mál, sem hún leggur jafnmikla áherslu á og hæstv. landsstjórn leggur á þetta, þá er það gullvæg regla, að fái hún það ekki samþykt, þá er tvent fyrir hendi. Annaðhvort að stjórnin fari frá eða rjúfi þingið og spyrji þjóðina. Það voru þessi ummæli mín, sem hv. þm. vítti. En má jeg spyrja? Er það árás á stjórnina þó henni sje bent á, að fara þær leiðir, er allar þingræðisstjórnir telja sjer skylt að fara undir slíkum kringumstæðum? Jeg mótmæli því harðlega. Það er beinlínis skylda mín sem þm. Og það er því meiri ástæða fyrir stjórnina að fara þessa leið, þar sem því verður ekki neitað, að ef frv. kemst ekki gegnum þingið, verður lítið svo á erlendis, — eftir að því hefir verið lýst yfir að stýfa skuli, — að stjórnin vilja stýfa en geti það ekki, eða með öðrum orðum, að hækkunarstefnan sje ráðandi í landinu. Og þá kemur freistingin fyrir „gengisspekulantana", og þá getur svo farið,

að krónan þjóti alt í einu upp í gullgildi, en það gæti orðið of mikil áreynsla fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Ef því stjórninni er alvara í þessu máli, þá verður hún að fara þessa leið, er jeg hefi bent á. Jeg get þess vegna ekki skilið, að nokkur beri svo litla virðingu fyrir þingræðisreglum, að hann áliti það árás, þó hæstv. stjórn sje bent á að fara þessa leið,

Þar sem hv. 2. þm. Árn. er nú ekki viðstaddur, skal jeg fara fljótt og vægilega yfir það sem hann sagði annað. Það kom fram í ræðu hans, að það mundi auðvitað valda bönkunum bæði tapi og erfiðleikum að hækka krónuna. Þetta er vitanlega nokkuð rjett, því það sem er erfitt fyrir atvinnuvegina, er og erfitt fyrir bankana.

Út af því, er hv. þm. sagði um reikninga Íslandsbanka, í þá átt, að þeir væru svo óglöggir, að ekki væri gott að átta sig á þeim, skal jeg aðeins geta þess, að þeir eru eins og reikningar annara banka, og búnir til eptir ágætum fyrirmyndum. Jeg vildi ennfremur staðfesta það, sem jeg hefi áður sagt, en hv. þm. hefir borið á móti, því að hann sagði, að ekkert væri búið að draga inn af seðlum, en eins og jeg sagði, hefir bankinn þegar dregið inn 3 milj. kr., en í rauninni er það þó meira, því að af 12 milj. kr., sem úti stóðu, eru nú aðeins 5 milj. kr. eftir. Það hefir verið mikið talað um erfiðleika bankanna í sambandi við gengishækkunina, og hefi jeg einnig fallist á þá. En hinu má þó eigi gleyma, að banki, sem hefir lán hjá útlandinu, þarf færri íslenskar krónur til að greiða þau, ef krónan stígur. T. d. ef Íslandsbanki ætti að greiða ensk lán með kr. í 47 gullaurum í stað kr. í fullu gullgildi, sjest, að hann þarf helmingi fleiri smákrónur en gullkrónur. Hitt er satt, að krónan má ekki hækka mjög ört, því að þá aukast örðugleikar bæði fyrir bankana og atvinnuvegina, enda þótti mjer hækkun hennar altof hraðfara. Jeg hefi skilið hv. þm. V.-Ísf. svo, að þótt gullverð okkar krónu sje nú ákveðið í lögum, þá skuldbindi það okkur ekki, svo að við getum breytt því hvenær sem er, en ef ákvæðin í gömlu lögunum hafa enga þýðingu, þá hafa hin, sem til verða búin, heldur enga þýðingu. Yfirleitt er það ljóst, að ef gullþyngd krónunnar verður breytt eftir því, hvernig pappírskrónan hringlar til, þá er ekki að ræða um neina stöðvun í peningamálunum. En þær sveiflur aftur, sem skapast á verði gullsins, og hafa síðan áhrif í gegnum það á krónuna, ráðum við ekkert við. Það eru stórþjóðirnar aðallega, sem þar gripa inn í, og nú er það Ameríka, sem mestu ræður.

Jeg held því fram, og er sannfærður um það, að það skiftir meira máli, hvað þjóðir, sem hafa átt við svipaða erfiðleika að stríða, hafa gert, heldur en álit sjerfræðinga og ráðleggingar þeirra. Af hverju hafa Norðurlandaþjóðirnar ekki farið að orðum Cassels, sem rökstyður kenningar sínar svona vel? Af því að hinir „praktisku" menn trúðu ekki á „teoriur" Cassels; þeir lögðu meira upp úr reynslunni. Hv. þm. las upp niðrandi ummæli um krónuhækkunina, sem komið höfðu fram í þinginu norska, og gat þess, að Mowinkel hefði verið forsrh. þegar hækkunin varð. En hver er það nú? Það er einmitt þessi sami maður, og það eitt er víst, að hann myndi ekki

sitja ennþá í þeirri stöðu, ef þjóðin væri óánægð með gerðir hans í þessu máli. Hvaða norski maður er það, sem nú er verið að vitna í hjer? Hann heitir Rygg, og hann barðist með hnúum og hnefum fyrir hækkun norsku krónunnar. Þess vegna væri það dálítið einkennilegt, ef hann rjeði okkur til að stýfa, enda gerir hann það ekki, eins og þegar er komið fram. Hann gengur út frá því, að stýfing sje ákveðin, og byggir það á ummælum forsrh., og með það fyrir augum svarar hann þeim fyrirspurnum, er til hans voru sendar. Þegar spurt er, hvort óttast þurfi, að þetta muni hnekkja áliti landsins, þá segir hann, að hann eigi „bágt með að trúa því, að þetta valdi nokkrum álitsspjöllum til lengdar", en eftir þessum ummælum hans að dæma, virðist hann þó álíta, að stýfing hafi álitsspjöll í för með sjer, að minsta kosti í bili.

Hv. 2. þm. Árn. gerði nokkrar aths. við orð mín, en þær voru bygðar á misskilningi. Jeg álít, að ef skuldari getur ekki staðið í skilum, þá sje ekkert eðlilegra en að hann leiti samkomulags, og fái t. d. 25% eftir gefið. Á því geta báðir aðiljar grætt. En ef maðurinn gerir slíka samninga og á nóg fje í sparisjóðsbók, þá er það sviksamlegt. Eins er það með þjóðir, sem hafa möguleika á því, að hækka. Eina afsökunin, sem getur komið þar til greina, er, að annað sje ekki hægt, eins og t. d. hjá Frökkum. Vjer eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að hækka krónuna, en ef vjer ekki getum, þá verðum vjer að beygja oss fyrir nauðsyninni. En trú mín er sú, að Ísland eigi nóg fje til að leysa þessa þraut, í sparisjóði framtíðarinnar.

Þá ætla jeg að snúa mjer að lofsöng hv. þm. V.-Ísf. um að yfirgefa gullkrónuna. Jeg get viðurkent, að hann heldur vel á málinu, en jeg hygg, að allir þeir, sem á hlýða og hafa næmt eyra, heyri falska tóna. (LH: Það heyrir enginn maður). Jeg held, að trúarofsi hafi gripið hv. þm. V.-Sk., sem jeg annars met svo mikils, og því má vera, að hann greini ekki tónana.

Sökum þess, hversu tíminn er naumur, verð jeg að geyma margt það, er jeg vildi sagt hafa, til næstu umr., t. d. hefði jeg gjarnan viljað segja nokkur orð við hv. fjmrh., og þakka honum þau ummæli hans, að hann bæri hag bankans fyrir brjósti, og er það að vísu rjett, að stjórnin hefir það sem af er verið bankanum velviljuð.

Vegna hækkunar þeirrar, sem orðin er, greiðir nú bankinn 4 miljónum færri íslenskar krónur upp í ensku lánin en hann ella hefði þurft að gera.

Jeg legg enn áherslu á það, að jafnframt og jeg er hlyntur hækkuninni, vil jeg ekki, að hún sje of ör. Þetta hefi jeg oft sýnt áður að er vilji minn.

Hv. forseti vill ekki leyfa mjer að hafa aths. mína lengri, og það er nú varla von, og því verð jeg að láta hjer staðar numið.

Haraldur Guðmundsson: Mjer nægja vitanlega ekki 10 mínútur til að ljúka máli mínu, en þó vil jeg nota þær til að byrja með. Í ræðu minni á laugardaginn benti jeg á það, að nafnið á frv. væri rangnefni. Jeg sýndi fram á það, að ekki er um neina verðfestingu að ræða umfram það, sem var

fyrir gengishrunið síðasta. Þá voru í gildi ákvæði um gullinnlausn seðla, en þau reyndust einskisnýt, þegar á herti. Nú er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir nokkru öðru til að festa gengið. (ÁÁ: Vill ekki hv. þm. benda á einhverjar ráðstafanir?). Jeg á ekki að smíða frv. fyrir hv. flm., og það er þeirra að sjá um, að það sje gert sæmilega úr garði, en ekki mitt. Engin þjóð hefir fest gjaldeyri sinn, án þess jafnframt að gera einhverjar ráðstafanir til tryggingar því, að gengið hjeldist óbreytt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að nema úr gildi þau lög, sem höfðu slíkar tryggingar að geyma, lögin um gengisskráningu og gjaldeyrisverslun, en setja ekkert í staðinn, annað en gullinnlausnarskyldu bankans, sem áður hefir reynst gagnslaus. Jeg er hissa á því, að þrátt fyrir það, að jeg benti á þetta í fyrri ræðu minni, hefir hvorki hv. fjmrh. nje hv. flm. vikið að þessu einu orði. Nauðsynlegt er, að í frv. sjeu, eða með því fylgi, einhver þau ákvæði, er tryggi betur en var, að krónan lækki ekki aftur, þó erfið ár beri að höndum.

Allar forsendur flm. hníga í þá átt, að hækkun sje ranglát. Þeir, sem samþykkja frv. hljóta að gera það af því, að þeir fallast á forsendurnar; telja að gengishækkun hljóti að valda rangindum og sje því ranglát. Setjum svo, að það óhapp bæri aftur að höndum, að krónan lækkaði niður í t. d. 40—50 aura, og verkalýður og launamenn af þeim sökum biði stórtjón, en útflytjendur, sem vinnuna kaupa, græddu að sama skapi. Þá væri, að dómi þeirra sem frv. samþykkja, ranglæti að láta krónuna aftur hækka, og bæta með því þeim, sem töpuðu á lækkuninni. Þá ætti aftur að „festa“ krónuna þar, sem hún kæmist lengst niður; láta verkalýðinn sitja með tapið, hina með gróðann! -- Það er hreint og beint blygðunarleysi af manni, sem telur alla hækkun rangláta, að bera fram frv. um „festingu“, án þess með fylgi öruggar ráðstafanir gegn því, að festingin bili.

Jeg benti á það fyr, að hv. þm. hættir við að blanda saman tveim óskyldum hugtökum, verðlagsbreytingum almennt, og gengisbreytingum krónunnar, miðað við gull. Verðlagsbreytingarnar eiga auðvitað að nokkru leyti rót sína að rekja til gengisbreytinga, en gengisbreyting hjer er ekki nema um ⅙ hluti verðlagsbreytingarinnar. Gengismálið er í sjálfu sjer ákaflega einfalt. Hvorra hagsmuni á meira að meta þeirra, sem kaupa vinnu, eða hinna, sem selja vinnu. Það er algert innanríkismál, en breytir engu um verslunarjöfnuð okkar út á við, eins og haldið hefir verið fram. Í því er jeg sammála hv. flm.

Það hefir verið um það deilt, hvernig hinum rennandi straum starffjárins verði rjettlátlega veitt út til stjettanna í landinu. Þetta breytist ekki, þótt hv. flm. hafi talað í líkingum og orðskviðum. Hver maður hlýtur að viðurkenna, að það er algerlega órjettlátt, að ein stjettin græði sífelt á gengisbreytingunni, en önnur tapi. Það er beint ranglæti, að flytja þannig fjeð úr vösum einnar stjettar þjóðarinnar í vasa annarar.

Nú eru þessar 10 mínútur liðnar, og vildi jeg því, með leyfi hv. forseta, geyma mjer orðið til morguns.

Forseti (JörB): Jeg skal verða við

tilmælum hv. þm. Ísaf., og geyma honum orðið til morguns.

Umræðu frestað.

Á 32. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Haraldur Guðmundsson: Jeg veik að því í upphafi ræðu minnar, að það væri ekki rjett nafn á frumvarpinu, að kalla það verðfestingarfrv. Í því eru engar ráðstafanir gerðar til þess að tryggja, að hægt sje að halda genginu föstu. Allar þjóðir, sem fest hafa gengi sitt, hafa jafnhliða gert margvíslegar ráðstafanir til þess að verjast nýjum gengissveiflum. Hjer í frv. eru engin tryggingarákvæði, engar nýjar ráðstafanir gerðar til þess að festa gengið, aðeins s a g t að krónan skuli hafa það gildi, sem frv. greinir. En það er ekki eins auðvelt og hv. flm. virðist ætla, að festa gengi peninga. Það er ekki nóg að lögbjóða, að þarna skuli t. d. krónan fest, — skuli hafa þetta gildi. Það verður að gera jafnframt ráðstafanir, sem tryggja það, að gengið haldist, en svífi ekki svo að segja í lausu lofti. Í frv. eru ekki aðrar ráðstafanir gerðar en að leggja á bankana skylduna um að halda gengi seðlanna föstu. En það sýndi sig, ekki alls fyrir löngu, að sú trygging nægði skamt.

Forvígismenn þessa máls tala svo ljettúðlega um það, eins og ekkert sje auðveldara en að festa gengið. Það ætti þó að mega krefjast þess af þeim mönnum, sem flytja slíkt mál fram á Alþingi, að þeir muni svo langt aftur í tímann, að þeir hafi ekki gleymt því, að gullinnlausnarskyldan varð innantóm orð, sem ekki nægðu til að verjast gengislækkun, og að henni var af þeim sökum ljett af bönkunum.

Það hefir verið talað um mikinn undirbúning, sem gerður hafi verið til þess að festa krónuna. En mjer er ekki kunnugt um, að gerður hafi verið hinn minsti undirbúningur í þessu efni, af hálfu þeirra manna, sem bera fram þetta mál. Að vísu hefir hv. flm. leitað upplýsinga um málið hjá fróðum mönnum í nágrannalöndunum, og spurt þá nokkurra spurninga. En það er eftirtektarvert um þessar spurningar, sem hann hefir lagt fyrir hina erlendu sjerfræðinga, að í þeim er ekki minst einu orði á það, sem þó er merg urinn málsins: h v e r n i g v i ð e i g u m a ð f a r a a ð þ v í a ð f e s t a g e n g i ð, heldur aðeins spurt um hitt, h v o r t við eigum að stýfa, þ. e. festa undir verði. Svörin verða samt talsvert mismunandi. Svar norska bankastjórans Ryggs, bendir ekki til, að hann telji ráðlegt að festa gengið, og er það þó við sviðuðum spurningum, sem lagðar voru fyrir forseta bankastjórnar sænska ríkisbankans, og bygt á samskonar upplýsingum. Fyrsta spurningin, sem lögð er fyrir Jochnich bankastjórnarforseta, er um það, hvort teljast mætti óráðlegt, að ríkið festi með lögum gjaldeyri sinn sem næst núverandi gengi. Í öðru lagi er spurt um það, hvort verðfestingin mundi gera ríkinu erfiðara fyrir um lántökur erlendis, eða hafa yfirleitt teljandi áhrif á viðskifti Íslands við aðrar þjóðir, og í þriðja lagi, hvort stýfa eigi krónuna um leið og verðfestingin fer fram, eða ákveða henni nýtt gildi, t. d. eftir 5

ár, og hafa þá tvennskonar mynt næstu 5 árin.

Þetta er efni spurninganna, en eins og þær bera með sjer, er ekki vikið einu einasta orði að því, hvernig verð festingin skuli framkvæmd, eða hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess að tryggja það, að gengið haldist óbreytt. Það er eins og hv. flm. geri ráð fyrir því, að ef sett verða lög um það, að gengið skuli fest sem næst því sem nú er, þá sje allur vandinn leystur. Má það kallast furðulegt minnisleysi, ef hann hefir algerlega gleymt því nú, hvernig ástandið var fyrir nokkrum árum, og hvað þá gerðist.

Spurningarnar, sem lagðar voru fyrir Rygg, bankastjóra norska ríkisbankans, voru aðeins tvær. Fyrst var spurt um: „hvort það megi teljast ráðlegt nú, þegar gengið hefir í 3 ár haldist stöðugt í 80—82% af gamla gullgildinu, að festa það með lögum“. Og í öðru lagi: „hvort óttast þurfi, að þetta mundi verði til að hnekkja áliti landsins“.

Hjer ber að sama brunni og um hinar spurningarnar, sem lagðar voru fyrir sænska bankastjórann. Norski bankastjórinn er heldur ekki spurður um, á hvern hátt eigi að festa gengið. Jeg get ekki annað sagt, en að það undrar mig stórum, úr því að leitað er álits erlendra sjerfræðinga, að þá skuli gengið algerlega fram hjá því sjálfsagðasta, sem er álit sjerfræðinganna um það, hvað gera þurfi til þess að tryggja fast og örugt gengi.

Fyrsta manninn, sem nefndur er í álitsskjölum þeim, sem frv. fylgja, prófessor Cassel, þurfti ekki að spyrja. Það var öllum vitanlegt, hverju hann mundi svara.

Mjer er kunnugt um, að þær þjóðir, sem fest hafa gjaldeyri sinn á undanförnum árum, hafa ekki álitið, að það nægði að setja aðeins lög þar um.

Þegar Þjóðverjar fóru að hugsa um að festa sinn gjaldeyri, þá var lítið um það talað, hvort slík ráðstöfun væri „rjettlát“, heldur snerust umræður um það, hvernig trygt yrði, að gengið yrði fast. Þeir veðsettu eignir, lögðu á sjerstakan fasteignaskatt og keyptu upp alt það gull, sem þeir gátu klófest. Að þessum undirbúningi loknum, sáu þeir sjer loks fært að setja lög um fast gengi.

Jeg veit ekki betur en að Danir, sem hugsuðu sjer hægfara hækkun síns gjaldeyris, byrjuðu á því, að tryggja sjer fje erlendis, til þess að styrkja þjóðbankann til að halda genginu föstu. Þeir höfðu því yfir nógu fjármagni að ráða, þegar til framkvæmda kom. En þó sýndi það sig, að þeim ætlaði að reynast það erfitt, að verjast nýjum gengisbreytingum, eftir að erlendir fjesýslumenn höfðu sett krónuna á örskömmum tíma upp í gull, með því að kaupa upp danskan gjaldeyri. En af því að tryggingin nægði, þá tókst þó að halda genginu við, — verjast nýrri lækkun.

Og sama hygg jeg að hafi gerst í Noregi. Einnig þar var hugsað um hægfara hækkun. En einnig þar rjeðu menn ekki við neitt, þegar til kom. Erlendir fjesýslumenn komu með peninga, ruddu þeim inn í landið og keyptu upp gjaldeyrinn. En Norðmenn höfðu trygt sjer fje til festingarinnar og gátu því varist nýju hruni.

Hjá okkur hefir undirbúningurinn til þess að halda genginu föstu, verið með öllu vanræktur. Og það verður

heldur ekki sjeð, hvorki í grg. frv. nje af ræðum hv. flm., að hann áliti nokkra þörf á undirbúningi í þessu skyni. Jeg hefi áður sagt það og vil segja það enn, að jeg tel það bera vott um mikið ábyrgðarleysi, að flytja fram á Alþingi frv. um verðfesting gjaldeyris okkar, sem er jafn illa undirbúið og þetta frv., þar sem engar ráðstafanir eru gerðar til þess að verjast nýrri gengislækkun. Og þetta ábyrgðarleysi er ekki aðeins hjá hv. flm., heldur og hjá sjálfri ríkisstjórninni, sem stendur á bak við frv.

Jeg hefi hjer fyrir framan mig þýskt blað, „Hamburger Fremdenblatt", sem skýrir frá einni þjóð hjer í álfu, sem nú er að gera það sama og okkur er ætlað að gera með þessu frv., þ. e. stýfa gjaldeyri sinn. Það eru Rúmenar. Þar hefir gengið verið fast í 3 ár, og þingið hefir í huga að lögfesta það gengi, sem nú er.

En það er eftirtektarvert, hvaða ráðstafanir Rúmenar hugsa sjer að gera, áður en þeir festa gengið með lögum, og fróðlegt að bera það saman við það, sem hjer er gert ráð fyrir að nægi.

Fjárhagur Rúmeníu getur ekki kallast örðugur í bili; virðist álíka og hjá okkur. Ríkisskuldirnar nema um 42 dollurum á mann, en hjer mun láta nærri að þær sjeu um 120—140 kr. á nef. Eitthvað mun þó vera meira af lausaskuldum hjá þeim en okkur. Á ríkissjóðsreikningum tveggja síðustu ára hefir verið jöfnuður annað árið en einhver afgangur hitt árið. Af þessu stutta yfirliti er það bersýnilegt, að fjárhagur ríkisins í heild getur ekki talist bágborinn.

En hvaða ráðstafanir ætla nú Rúmenar að gera, áður en þeir festa gengið með lögum?

Þeir byrja með að tryggja sjer 101 miljón dollara að láni. En þeir segja, að það nægi ekki að tryggja lán, ef afborganir og vextir af því verði að takast af venjulegum tekjum ríkissjóðs. Þess vegna verður jafnframt að afla aukatekna fyrir ríkissjóð. Og það gera þeir með því að taka upp einkasölur, semja við sænska eldspítnahringinn og fleira þess háttar. Þessar aukatekjur á að nota til þess að borga vexti og afborganir af gengisláninu.

En þeir láta sjer ekki nægja þetta. Þeir ákveða jafnframt með lögum að þjóðbankinn skuli framvegis einn hafa alla seðlaútgáfuna í landinu, og jafnframt er gullforðalágmark hans hækkað upp í 35% af seðlamagninu. En allar þessar ráðstafanir telja Rúmenar ekki nægilegar. Þeir semja ennfremur við höfuðbanka í 14 þjóðlöndum, er þeir hafa sín aðalviðskifti við, um að þeir lofi að veita ríkinu þá „credit", sem til þess þurfi næstu ár að halda genginu óbreyttu. Ennfremur má geta þess, að gjaldeyrisfesting Rúmena er gerð í samráði við Dawesnefndina og trúnaðarmenn hennar. En sú nefnd hefir sem kunnugt er, haft einskonar yfirumsjón með fjármálum ýmsra Evrópuríkjanna upp á síðkastið.

Þá er og gert ráð fyrir því, að ríkisreikningar næstu ára skuli vera hallalausir og að trúnaðarmaður Dawesnefndarinnar hafi eftirlit með því að svo sje.

Þetta eru þá helstu ráðstafanirnar, sem Rúmenar telja nauðsynlegar um leið og þeir festa mynt sína.

Hagur ríkissjóðs þeirra er, eins og áður er sagt, svipaður og hjá okkur, en jeg skal játa, að um verslunarjöfnuðinn er mjer ekki kunnugt.

Beri maður nú þessar ráðstafanir saman við það, sem við höfum gert, þá er það glögt, að það er á engan hátt saman berandi, að okkur hefir algerlega sjest yfir mikilsverðasta atriðið í undirbúningi málsins. Þess vegna getur það ekki annað en valdið mjer undrunar, að frv. skuli borið fram á þessu þingi.

Jeg veit að vísu til hvaða tryggingar hv. flm. vísar um það, að halda genginu föstu. Í grg. þeirri, sem frv. fylgir, er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„En rjett mun, að Landsbankinn haldi enn um skeið þeirri lánsheimild, sem hann hefir í New York, ef til hennar skyldi þurfa að grípa í svip, en ef nauðsyn yrði lengri lána, sem ekki er útlit fyrir að svo stöddu, þá veitir sú lánsheimild nægilegan frest til slíkra útvegana."

Eina tryggingin, sem hv. flm. gerir ráð fyrir, auk gullinnlausnarinnar, er þá lánsheimildin í Ameríku frá 1926.

En nú vil jeg leyfa mjer að spyrja: Er lánsheimildin nokkur trygging? Er vissa fyrir því, að ríkið geti enn fengið þessar 2 miljónir dollara með 5% vöxtum? Jeg þykist vita, að þetta hafi breyst og geti breyst enn, eins og ekki er nema eðlilegt um lán, sem samið er um frá ári til árs. Jeg hygg, að það sje ástæða til að ætla, að lánsupphæð sú, sem fáanleg er þar, hafi lækkað mjög mikið og vextirnir hækkað stórlega. Mig furðar á því, að hv. flm. skuli ekkert um það segja, hvort vissa er fyrir því, að þessar 2 milj. fáist enn með 5% vöxtum, því ef svo er ekki, hvar er þá tryggingin, sem talað er um í grg. frv.?

Þá er vísað á aðra tryggingu, það er gullinnlausnarskylda bankanna, en jeg hefi áður sýnt fram á, að sú trygging hefir ekki reynst nægileg, og verður heldur ekki nægileg, ef verulega ber út af með árferði.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn hvort hún hafi notað lánsheimildir þær, er þingið veitti henni í fyrra, meðal annars til þess að tryggja Landsbankanum þær þrjár miljónir króna, sem honum eru ætlaðar samkv. Landsbankalögunum, og ennfremur, hvort Landsbankinn hafi þann gullforða, sem ákveðið er í lögunum, þ. e. ⅓ hluta seðlafúlgunnar, eða minst 2 miljónir króna í gulli. Mjer er sagt, að allmjög skorti á, að gullforðinn sje svo hár sem hann á að vera, en að bankinn telji til viðbótar honum innieignir sínar erlendis, sem nú munu vera óvenjulega miklar. En auðvitað er það engin trygging á við gullforðann, því að það fje notar bankinn til greiðslu upp í viðskifti sín erlendis, og enginn veit, hve mikið þær innieignir því breytast eða hvar þær eru á þessum og þessum tíma.

Kynni jeg hæstv. stjórn þakkir, ef hún vildi svara þessum spurningum skýrt og skorinort. — Sjest þá, hvort hún hefir vanrækt alveg gersamlega þennan sjálfsagðasta byrjunarundirbúning eða eigi. —

Það er rjett, að gengismálið er algerlega innanríkismál. Gengissveiflurnar valda því, að straumur auðsins rennur í mismunandi áttir innanlands. En þó að þessir straumar eigi upptök sín í útlöndum, myndast orsakir gengisbreytingarinnar hjer heima.

Annars mundi það ekki óholt þeim mönnum, er þetta frv. vilja gera að

lögum, að rifja upp söguna um það, er gengistruflanir hófust hjer og krónan okkar lækkaði, og athuga þá um leið, hvort sama sagan mundi ekki geta gerst aftur þrátt fyrir það, þó að gjaldeyrir okkar væri lögfestur.

Yfirfærsluörðugleikarnir byrjuðu með því, að fjesýslumenn og kaupsýslumenn, smáir og stórir, með aðstoð Íslandsbanka, ruddu inn í landið kynstrum öllum af vörum. Þeir borguðu Íslandsbanka vörurnar með seðlum, sem hann oft og einatt sjálfur lánaði þeim. Menn hjeldu áfram að borga fje inn í bankann, en hann gat ekki staðið skil á því til útlendinganna, sem það áttu, af því að lánstraustið hjá viðskiftabanka hans í Danmörku var þá þrotið. Og sama var um póstfjeð að segja, það var heldur ekki yfirfært, þótt Íslandsbanki hefði tekið við því svo miljónum skifti hjer heima í eigin seðlum. Það lágu þannig margar miljónir eða tugir miljóna íslenskra króna, sem landsmenn höfðu borgað í bankann, en bankinn ekki getað staðið í skilum með til hinna erlendu kröfuhafa. Þá var ekki viðurkendur neinn gengismunur á danskri og íslenskri krónu, en þegar yfirfærslurnar fjellu niður og lánstraust Íslandsbanka var tæmt erlendis, þá komu gjaldeyrisspekúlantarnir til sögunnar. Hundruð erlendra manna höfðu átt hjá Íslandsbanka andvirði krafna, sem þeir höfðu sent honum í góðri trú, svo árum skifti. Bankinn hafði innheimt kröfurnar, en ekki getað skilað hinum erlendu eigendum fjenu. Í augum margra þeirra var Íslandsbanki þjóðbanki Íslendinga. Varð þetta því til hins mesta hnekkis áliti og gjaldtrausti okkar erlendis. Margir litu svo á, að bankinn hlyti að vera gjaldþrota og töldu fje sitt tapað með öllu. Erlendur víxlakaupmaður sá sjer þá leik á borði, hann auglýsti, að hann keypti íslenska krónu fyrir 80 danska aura. Menn tóku þessu boði, seldu íslensku krónuna fyrir 80 aura danska, töldu betri hálfan skaða en allan, og þar með var gengishrunið byrjað.

En hvernig hefði nú verið hægt að fyrirbyggja þetta gengishrun? Það hefði verið hægt að komast hjá því, ef trygt hefði verið í tíma, að Íslandsbanki eða þá þjóðbankinn með aðstoð ríkisins, hefðu getað fengið lán í útlöndum til þess að greiða hinum erlendu kröfuhöfum á rjettum tíma. Ef þetta hefði verið gert og Íslandsbanki hefði ekki tæmt lánstraust sitt erlendis og ausið út seðlum til útlána innanlands, þá hefði hrunið aldrei komið. Þá hefði íslensk króna haldið jöfnu gengi við hina dönsku. (MG: En krónan komst lægst 1924). Það fer vel á, að sá maður, sem, illu heilli, varð atvinnumálaráðherra árið 1924 þegar íhaldið tók við völdum, minni á þá atburði, sem þá gerðust, á hina alóþörfu og ástæðulausu gengislækkun snemma á árinu 1924, sem eingöngu var gerð til þess að gefa fáeinum útflytjendum óverðskuldaðan stórgróða, sem tekinn var af verkalýð til sjós og lands. (MG: Gengið komst lægst áður en stjórnarskiftin urðu). En það var eftir að kosningar höfðu farið fram og vitað var, að íhaldið myndi taka við völdum. Þá var gengið felt um 10%, sterlingspund hækkað úr 30 í 33 krónur, og algerlega að óþörfu. Það fer vel á því, að sá maður, sem stóð að slíkri lækkun, rifji þetta upp nú og kalli sig hækkunarmann. Það sýnir heilindin. Og svo er

þessi maður að tala um þá rangsleitni, sem atvinnurekendur verði fyrir, ef gengið er hækkað. En mjer er spurn: Hverjir græddu á lækkuninni? Voru það ekki sömu mennirnir? Það er býsna langt gengið, ef til þess er ætlast, að sömu menn græði bæði á gengislækkun og gengishækkun. Vitaskuld er slíkt ómögulegt með öllu, andstætt öllum lögum viðskiftalífsins.

Þegar hv. flm. hefir athugað þennan kapítula í gengissögu okkar og sjer að raskið stafar af óhagstæðum verslunarjöfnuði í bili og skorti á lánstrausti erlendis, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja, hvort hann sje ekki hræddur við að sú saga geti endurtekið sig þótt frv. hans verði að lögum? Og hvernig hugsar hann sjer að tryggja það, að álíka rask geti ekki komið fyrir aftur?

Jeg sje ekki nema eina leið til þess og hún er sú, að tryggja sjer lánstraust erlendis. Það er þungamiðja málsins, og það gildir jafnt hvort sem krónan er fest í núverandi gengi eða einhverju öðru, t. d. í sínu gamla gildi. En af frv. verður ekki annað sjeð, en að þetta hafi verið með öllu vanrækt og gegnir það meir en furðu.

Ef festa á krónuna í núverandi gengi, þá er enn meiri þörf á ríkari tryggingu, eins og jeg drap á í fyrri ræðu minni um daginn. Því að með því er þá slegið föstu, að krónan á ekki að hækka aftur, þótt hún lækkaði úr hinu lögfesta gildi. Ef krónan því lækkaði einhverntíma síðar meir, þá yrði það til þess að fjefletta launamenn og verkalýð í landinu og sjálfan ríkissjóðinn og gefa atvinnurekendum og útflytjendum stórgróða, sem þeir síðan fengju að sitja að rólegir, eftir að því væri slegið föstu, að ranglátt sje að bæta hlut þeirra, sem töpuðu á lækkuninni, með því að hækka gengið aftur.

Jeg er hræddur um, að svo kynni að fara, þegar illa áraði, að sagan frá 1924 endurtæki sig. Það er ekki ósennilegt, að undir svípuðum kringumstæðum kynnu að koma fram kröfur frá atvinnurekendum um að lækka gengið þeim til hagsbóta og sníða á þann hátt lengjur af hrygg almennings. Slíkt er í sjálfu sjer mjög einfalt, og má vel gera með einni einustu óviturlegri og óþjóðhollri fjármálaráðstöfun.

Mestur hluti ræðu hv. flm. snerist um þau atriði, sem jeg tel skifta minna máli í þessum efnum. Hann vildi gera sjer far um að sýna fram á, hve mikla erfiðleika og rangindi krónuhækkunin bakaði sumum mönnum og jók þar mjög við. Margt af því, sem hann sagði um þessi atriði, er að vísu rjett, en algerlega óþarft að taka fram, þar sem enginn mælir því í gegn. Okkur er það öllum ljóst, að ómögulegt er að hækka gengið, án þess að baka þeim nokkuð tjón og erfiðleika, sem skulda í íslenskum krónum. Þetta er viðurkent, og því óþarfi að fjölyrða um það. En hv. flm. má ekki einblína svo á þetta atriði, að hann gleymi þeim gífurlega órjetti og ranglæti, sem allur þorri hinna vinnandi stjetta í landinu er beittur, ef hætt er við að hækka krónuna. Hv. flm. verður í þessu efni, sem öðrum, að líta fyrst og fremst á það, hvað sje hagfeldast fyrir þjóðfjelagið í heild, en ekki á hagsmuni einstakra manna eða einstakra stjetta í landinu eingöngu.

Áður en jeg vík frekar að því, vildi jeg minna hv. flm. á það, að þótt hann

virðist ekki hafa haft opin augu fyrir þörf þess undirbúnings, sem hjer þurfti að gera, heldur látið sjer nægja að leita álits hinna erlendu sjerfræðinga um það, hvort stýfa skyldi, þá er það ljóst, að hæstv. forsrh. hefir haft nokkra hugmynd um það, að undirbúning þyrfti. Hann hefir leyft erlendu blaði að hafa eftir sjer þau ummæli, að „Alþingi hefir nú skipað gengisnefnd, til þess að rannsaka, hvernig Ísland getur fest krónu sína þar sem hún stendur nú.“ Það er eftirtektarvert, að nefndin á, eftir þessum ummælum að dæma, ekki að athuga hvort Ísland eigi að stýfa, heldur hvernig slikt megi gerast. Hæstv. forsrh. hefir eftir þessu skilið, að nánar þyrfti að athuga, með hverjum hætti festingin gæti best komist á. Það er því undarlegt, að hv. flm., sem er form. gengisnefndarinnar, skuli hafa skotist yfir þetta. Og jeg get ekki neitað því, að enn undarlegra er, að hæstv. forsrh., sem látið hefir hafa eftir sjer þessi ummæli, skuli ekki krefjast þess af gengisnefndinni, að hún geri einhverja slika rannsókn og skýri þinginu frá niðurstöðu hennar, hvernig eigi að festa gengið.

Til stuðnings því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að ef þetta yrði að lögum, þá yrði gengið einungis fast upp á við en laust niður á við, skal jeg taka það fram, að ummæli Ryggs bankastjóra benda eindregið í sömu átt. Hann segir svo í áliti sínu: „Þegar þannig er komið niður á nýtt og lægra gullgildi, vinnur sjálfur tíminn að því, að gera þennan grundvöll varanlegan, að minsta kosti að því leyti, að gullgildið hækkar ekki.“

Þannig farast Rygg bankastjóra orð. Honum er ljós sú hætta, að gengið kunni að lækka þá og þegar, þrátt fyrir „festinguna“. Hjer er veilan í þessu frv., að gengisbreytingar eða gengislækkun er alls ekki fyrirbygð með frv., þótt svo sje ef til vill talið af formælendum þess.

Jeg verð nú að fara fljótt yfir sögu, þar sem tíminn er takmarkaður. En einu má varla ganga fram hjá: Hv. flm. sagði, að verkamönnum væri það síst til hagnaðar, þótt gengishækkanir hjeldi áfram. Af því myndi leiða kaupdeilur, atvinnuleysi og lækkað kaup, svo að þeir væru engu bættari. Jeg er hjer á andstæðri skoðun, og sú skoðun mín styðst við okkar reynslu í þessum efnum, og reynslu annara þjóða. Það er reynslan alstaðar, að eins og kauphækkun fer á eftir gengislækkun, eins fer kauplækkunin á eftir gengishækkuninni, svo að verkalýðurinn fær þannig nokkra uppbót fyrir þann halla, sem hann hefir beðið, þegar gengið lækkaði. Nú sem stendur er kaupið nokkuð fyrir ofan verðlagsvísitöluna. Ef kaupgjaldið fylgdi ávalt verðlaginu, hefðu verkamenn enga ástæðu til að kvarta yfir gengisbreytingum. Flm. virðist gleyma því, að við jafnaðarmenn lítum svo á, að kaupgjald verkamanna hafi verið of lágt fyrir stríð, og að enn fái þeir minna af verði framleiðslunnar en þeim ber. Við vinnum og stefnum að því, að afla verkamönnum meiri hlutdeildar í arði vinnunnar. Öll barátta verkalýðsins miðar í þá átt. Og í öllum löndum hefir kaupgjald hækkað raunverulega, nema þar sem gengið er nú undir hinu gamla gengi. Í stýfingarlöndunum er kaupgjald afar lágt og

óviðunandi. Jeg skal nú sýna með tölum hverjar kaupgjaldsbreytingar hafa orðið samfara verðlagsbreytingum hjer á landi. Dýrtíðin er miðuð við vísitölur hagstofunnar, og kaupgjaldið við mánaðarkaup háseta á togurum. Árið 1915 er verðlagið hækkað um ca. 47%, og 1916 um 87%, en bæði þessi ár er kaupgjald óbreytt og óhækkað frá 1914. 1917 er kaupgjald 40% en verðlag 175% yfir því, sem var 1914. Í árslok 1918 er kaupgjald enn óbreytt frá 1917, 40% yfir 1914, en verðlagið hækkað um 240%. Í árslok 1919 er kaupið 100% en verðlagið ca. 280% yfir 1914, en um áramótin næstu hækkar kaupið og nær vísitölunni snöggvast, en þá hoppar verðlagið enn upp og kemst upp í 362% yfir verðlag 1914, síðari hluta ársins 1920. Loks 1921 fellur aftur snöggvast saman verðlag og kaup, og frá þeim tíma hefir kaupið verið nokkuð ofan við verðlagsvísitöluna. Í 7 ár, frá 1914 til 1921, hefir kaupið því stöðugt verið undir verðlagsvísitölunni, oftast ákaflega mikið, en síðan nokkuð yfir, aldrei þó nálægt því eins mikið og mismuninum nam, þegar gengið var að lækka. En nú ber á það að líta, að í þessum útreikningum er miðað við togarakaupið aðeins, sem hefir verið það hæsta, sem borgað hefir verið hjer á landi. Þess vegna mun mismunur verðlags og kaupgjalds yfirleitt hafa verið meiri en hjer að framan er greint. Kaupgjald í landi, þar sem það er hæst, hjer í Reykjavík, er nú kr. 1.20 á tímann, sem svarar til 12 kr. dagkaups með 10 tíma vinnu. Nú er fróðlegt að bera þetta kaup saman við kaupgjaldið í paradísarlöndum stýfingarinnar, t. d. Finnlandi. Þar hefir markið verið fest í um 11 aurum ísl. En ekki er nú ástandið friðvænlegra, þrátt fyrir stýfinguna, nje „vinnufriður“ öruggari í Finnlandi en það, að þar hefir staðið yfir harðvítugt verkfall hafnarverkamanna síðustu 8 mánuðina. Því verður tæplega sagt, að stýfingin tryggi „vinnufriðinn“ þar. En lítum nú á, hvernig kaupgjaldið er í Finnlandi, og er þá fyrst að nefna kaup hafnarverkamanna í Austur-Finnlandi. Þeir hafa 5—6 mörk á tímann, sem jafngildir 55—66 au. á tímann. Í Helsingfors er kaupið hæst, 8 mörk, eða ca. 88 au. á tímann. Meðal árskaup hafnarverkamanna í Helsingfors er kringum 9—11 þús. mörk, og hæst alt að 14 þús. mk. finsk. Í ísl. krónum verður það h. u. b. 990—1200 kr., og hæst 1540 kr.

Nú kann einhver að segja, að það sje ódýrt að lifa í Helsingfors, en það er öðru nær. Húsaleiga í Helsingfors er minst 500 mk. á mánuði fyrir verkafólk, og ein algeng máltíð kostar þar minst 10 mk. Ef reiknað er með tveim máltíðum á dag, yfir alt árið, verða það yfir 7200 mk. Þar við bætist húsaleigan, 6000 mk. Til samans verður þetta yfir 13 þús. mk., og á þeim launum, sem þar eru greidd, er því alls ómögulegt að lifa í Helsingfors, enda er ástand verkalýðsins ákaflega bágborið. En „atvinnuvegirnir“ blómgast, segja stýfingarmennirnir. Það er engin furða, þótt atvinnurekendur græði, þegar þeir greiða slík sultarlaun. Annað land, Frakkland, hefir einnig stýft sinn gjaldeyri. Þar er kaupgjald helmingi lægra en í Þýskalandi; þó fær Frakkland meginhluta allra hernaðarskaðabóta, sem Þýskaland verður að greiða. Kaupgjaldið þar er 28—34 fr.

á dag, sem svarar til 5—6 ísl. króna. Þannig er nú ástandið í stýfingarlöndunum. En lítum nú aftur á land, þar sem aldrei komst verulegt rót á gjaldeyrinn. Jeg á hjer við Svíþjóð. Þar er kaupgjald hæst í álfunni, 12 kr. svenskar á dag, í Stokkhólmi, með 8 stunda vinnutíma, eða um kr. 1.60 ísl. á tímann. Þjóðverjar hafa fyrir löngu verðfest; þar var kaupgjald lengi vel lágt, en nú er það hækkað upp í 9 mk. fyrir 8 tíma vinnudag hjá hafnar- og flutninga-verkamönnum. Í Danmörku ætla jeg, að verkakaup sje nú kr. 1.25 á tímann, enda hefir það hækkað töluvert í seinni tíð. Þetta ætti að sanna hv. flm. það, að ekki eru það fullyrðingar út í bláinn, þótt við segjum, að verkalýðurinn vinni á með hækkun krónunnar, en skaðist með lækkun gengis eða festingu lággengis.

Hv. flm. fullyrti, að ein afleiðing krónuhækkunar myndi verða sú, að skapast myndi atvinna fyrir þá menn, sem venjulega láta hæst yfir skaðsemi þeirra fyrirtækja, sem illa eru rekin. En svo bætti hann við því, að slíkt myndi lítil atvinnubót fjöldanum. Jeg sat að segja bjóst ekki við þessu úr þessari átt, og skal að sinni leiða hjá mjer að deila við hv. flm. um þetta atriði. Hinu hverf jeg ekki frá, að eins og hækkunin 1925 varð til þess að ýms af fyrirtækjum þeim, sem þjóðfjelaginu var lítil eftirsjá að, urðu að hætta störfum, eins myndi áframhaldandi hækkun á sama hátt vinna þjóðarheildinni talsvert gagn einmitt á þessu sviði. Hitt er auðvitað rangt, að öll þau fyrirtæki, sem komast í kröggur vegna hækkunarinnar, sjeu braskfyrirtæki, enda hefi jeg aldrei sagt það.

Hv. flm. gerir mikið úr þeim örðugleikum, sem krónuhækkun myndi hafa í för með sjer. Mjer finst hann þó ekki enn hafa sýnt það nægilega, í hverju þeir erfiðleikar eru fólgnir, eða að ekki megi á þeim sigrast. Sumir þeirra manna, sem tjón bíða af hækkun, hafa áður stórgrætt á lækkuninni. Auðvitað munu margir bíða halla af gengishækkun, án þess að hafa grætt á gengislækkun, en í slíkum tilfellum má á margan hátt ljetta undir með þessum mönnum.

Hv. flm. gerir ráð fyrir, að töp bankanna vegna gengishækkunar myndu verða mjög mikil. Jeg efast um það. Þeir viðskiftamenn bankanna, sem ekki eiga fyrir skuldum, verða náttúrlega enn ver stæðir, og töp bankanna á þeim hækka sem gengishækkuninni nemur. En hinir eru, sem betur fer, fleiri, sem eiga fyrir skuldum og eitthvað þar framyfir. Þeir myndu sjálfir bera hækkunina. Auk þess hefir verið bent á, að auðvelt er fyrir bankana að hjálpa þessum mönnum og draga úr tjóni þeirra af þessum ráðstöfunum. Hv. þm. Dal. lýsti því yfir, að sá banki, sem hann stendur fyrir, hafi grætt 4—5 milj. kr. vegna gengishækkunarinnar 1925, á einu einasta láni erlendis. (ÁÁ: Á hverjum græddi hann?) Slíkum gróða eiga bankarnir að verja til þess að ljetta undir með skuldunautum sínum, með því að lækka vexti af lánum þeirra frá lággengisárunum, eftir að hækkun er um garð gengin. Á þenna hátt er hlaupið undir bagga með þeim, sem helst verða fyrir barðinu á gengishækkuninni.

Hv. 1. þm. Reykv. fanst rjett að gefa eftir af skuldunum. Mjer virðist tæplega ástæða til þess. Með þeim ráðstöf-

unum, sem jeg nú hefi gert grein fyrir, er gerður munur á skuldum frá lággengisárunum og öðrum skuldum. Jeg tel og sjálfsagt, að bankarnir lækki einnig vexti af innstæðum. Þeir, sem hafa safnað fje á lággengisárunum og fá það hækkað, geta vel sætt sig við það, þótt vextir af því sjeu lækkaðir.

Hv. flm. var hissa á Rússum, að hafa ekki hækkað gjaldeyri sinn upp í gullgildi. Jeg skal nú láta hann sjálfan um að leysa þá gátu, og ekki blanda mjer inn í það. Þeir tóku upp nýjan, gulltrygðan gjaldeyri, jafnháan eða hærri þeim gamla.

Mjer fanst kenna nokkurs ósamræmis hjá hv. flm., þegar hann talaði um, að það væri óskynsamlegt af mjer að vera mótfallinn stýfingu, því að ef hækkað yrði, yrðu verkalaun að lækka. En við hv. 1. þm. Reykv. segir flm., að hækkun krónunnar fylgi raunveruleg hækkun kaupgjalds verkalýðsins. Jeg veit ekki, hvernig hv. flm. vill samræma þetta. Mjer sýnist þetta ósamræmanlegt með öllu.

Þá er loks eitt fræðimannlegt orðtak, sem hv. flm. notar mikið, en sem jeg aldrei hefi fengið efnisskýringu á, það sem hann kallar „kaupmáttarjafngildi" krónunnar. Hann talar um „kaupmáttarjafngildi" krónunnar sem eitthvert framtíðar-takmark, sem stefna beri að. Mjer er ekki vel ljóst, hvað hv. þm. meinar með þessu. Ef til vill það, að ísl. kr. hafi sama kaupmátt, hvar sem er í heiminum. En slíkt getur aldrei orðið. Til dæmis hlýtur ísl. króna að hafa alt annan kaupmátt í ríkjum eins og t. d. Bandaríkjunum, þar sem girt er með afarháum tollmúrum, heldur en í þeim löndum, þar sem slíkar hömlur eru eigi lagðar á verslunina og vörur hækkaðar í verði. Jafnvel hjer í landinu sjálfu hefir krónan alls ekki sama kaupmátt allsstaðar. Hún hefir t. d. alt annan kaupmátt hjer í Reykjavík heldur en t. d. norður á Hornströndum. Að tala um „kaupmáttarjafngengi" getur verið skemtilegt og fræðimannlegt spjall, en sem þáttur í úrlausn gengismálsins er slíkt einskis virði.

Jeg ætlaði að lokum að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. fjmrh., en þar sem hann er hjer ekki viðstaddur, verð jeg að vera fáorður í hans garð. Hæstv. fjmrh. undraðist það mjög, að íhalds- og jafnaðarmenn skyldu standa hlið við hlið í þessu máli, eða blanda blóði, eins og hann orðaði það. Þetta þarf þó ekki að vera neitt undarlegt, jafnvel þótt gert sje ráð fyrir heilindum hjá íhaldsmönnum í þessu máli. Mætti það vera öllum ljóst, eftir að hafa heyrt ræður mínar og hv. 1. þm. Reykv. Hv. 1. þm. Reykv. benti aðallega á það ranglæti, sem lánardrottnarnir, innstæðufjáreigendur, eru beittir með þessu frv., þar sem þeir fá ekki greiddar aftur fullu verði þær krónur, sem út voru lánaðar áður en gengislækkunin hófst. Þetta hefir mikið til síns máls, en er þó ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er í mínum augum það, að með þessu frv. er því slegið föstu, að töpin, sem verkafólkið varð fyrir vegna lækkunarinnar, á ekki að bæta upp með jafnmikilli gengishækkun. Verðfestingin verður því til þess að lögfesta ranglæti í garð meginþorra þjóðarinnar; allra þeirra, sem selja öðrum vinnu sína.

Það er kunnugt, að tvenn tækifæri hafa verið látin ónotuð, þegar mátti hækka krónuna sársaukalítið upp í

gull á stuttum tíma. Það var árið 1925 og 1928. Mönnum er kunnugt um, af hvaða ástæðu hækkunin var stöðvuð 1925, og hvaða maður varð þess valdandi. Aftur á móti er alt hljóðara um árið 1928. Þá mátti hækka krónuna sársaukalítið í árslok, þar sem allar afurðir landsins voru seldar, og innkaup ekki byrjuð fyrir næsta ár. Landsbankinn átti þá nær 20 milj. kr. í erlendum bönkum, og mátti því auðveldlega hækka krónuna upp í gullgildi á mjög stuttum tíma, án þess að það hefði veruleg áhrif á fjárhagsafkomu ársins fyrir landsmenn. Árið 1925 kom hækkunin á óhentugasta tíma, bankar, ríkisstjórn og gengisnefnd, lögðust á eitt um að halda genginu niðri, en lánaðist það ekki. Hækkunin kom meðan mest af afurðum landsmanna var óselt, en innkaup til ársins að mestu gerð. Loks stöðvaði svo „hækkunar maðurinn“ hv. 3. landsk. (JÞ) hækkunina með nýju seðlaflóði seint um haustið, einmitt þegar hún hefði orðið þrautaminst. Ef hækkað er á rjettum tíma, þegar búið er að selja allar afurðir ársins og áður en innkaup til næsta árs eru byrjuð, verður hækkunin mjög sársaukalítil og hefir engin áhrif á rekstrarafkomu þess árs. Hún íþyngir þá ekki öðrum en þeim, sem eiga ógreiddar stofnskuldir frá lággengisárunum, og er þá sjálfsagt að ljetta undir með þeim með ívilnunum á vaxtakjörum, eins og jeg áður hefi bent á.

Jeg er bjartsýnn á framtíð okkar. Jeg býst við, að hún beri í skauti sjer góðæri, sem gefa okkur ný tækifæri til þess að hækka, og jeg vil ekki láta þau tækifæri ónotuð. Jeg er á móti þessu frv., því að með því er krónan fest upp á við, aðeins upp á við. Með því er lögfestur órjettur sá, sem gengislækkunin olli, og gengishækkunin til þessa hefir eigi bætt, sem eigi verður bættur á annan hátt en þann, að láta krónuna ná sínu gamla gildi.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., næsta dag, var frv. haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Það mun nú fara að líða að því, að þessari umr. verði hætt, enda er hún þegar orðin nokkuð löng, enda þótt hún sje ekki svo löng sem ýmsir ætla, því að hún hefir dreifst á svo marga daga. Fer nú að líða að helgidögunum, og er því rjett að sitja á sínum grimmasta manni, enda þótt maður hefði getað haft tilhneigingu til að taka ýms atriði, er fram hafa komið, til rækilegrar meðferðar. Mun jeg reyna að stilla deilum í hóf eftir megni.

Jeg vil þá fyrst víkja lítið eitt að hv. þm. Ísaf. (HG). Jeg hefi að vísu ekki mikla ástæðu til að deila á hann, því að jeg tel það mestu máli skifta, að við höfum báðir komist að sömu niðurstöðu, enda þótt forsendur okkar sjeu nokkuð frábrugðnar, og þótt hann legði aðaláherslu á það, sem jeg tel minna virði.

Jeg verð þó að víkja að þeim ummælum hans, er hann sagði, að stóru flokkarnir, Íhalds- og Framsóknarflokkarnir, væru svipaðir í þessu máli, og að sama grundvallarstefna ríkti hjá báðum. Þessa ályktun dró hann af því, sem gerðist 1925 og á síðasta ári. En þessi tvö góðæri eru alls ekki sambærileg í þessu sambandi. Fyrra góðærið fjekk að njóta sín, svo að krónan hækkaði úr 50 aurum upp í

rúma 80 aura af gullverði. En stefna núv. stjórnar olli því, að góðærið 1928 fór fram hjá okkur, án þess að krónan hækkaði nokkuð. Er þó ekki getum um það að leiða, að hefði eðlilegt viðskiftalögmál fengið að njóta sín á því ári, hefðu bankarnir felt verð á erlendum gjaldeyri til muna. Þetta er mikill munur, þegar þessi tvö ár eru borin saman.

Þá skildi jeg ekki í hv. þm. Ísaf., er hann fór að víta hv. 1. þm. Skagf. fyrir það, hve lágt krónan hefði komist í marsmánuði 1924, og kendi kosningunum um. Stjórn Íhaldsflokksins var þá ekki komin að völdum. En þau þrjú ár, sem Íhaldsstjórnin var við völd, hækkaði krónan úr 48 aurum upp í 81,7 aura, og var þó ekki nema um eitt góðæri að ræða á því tímabili. Þetta er geysihækkun, þegar á það er litið. Jeg býst við, að það, sem hv. þm. Ísaf. á aðallega við með ádeilum sínum á fyrv. stjórn í þessu máli, sje það, að stjórnin gerði ráðstafanir til þess 1925, að krónan hækkaði ekki meira þá að sinni. En jeg hygg, að til þess hafi legið miklar ástæður, enda þótt jeg sje nú einn af þeim, sem telja, að ef til vill hefði verið rjettast að láta krónuna sigla þá þegar upp í gullgildi. En öllum kemur saman um, að af öllum gengisbreytingum sjeu sveiflur fram og aftur hættulegastar, og 1925 gat verið hætta á, að gengið hjeldist ekki fast, ef hækkunin hefði orðið meiri. Hv. þm. Ísaf. hefir lýst því, hve vendilega þarf að búa um, til þess að núverandi gengi haldist, ef krónan verður fest nú, og getur hann þá sjeð, hve vel þurfti um að búa, ef gengið átti að haldast fast, eftir svo öra hækkun sem varð 1925. Er ástæða til að efast um, að krónan hefði ekki hrapað aftur þá, hefði hækkunin orðið meiri. Stefna stjórnarinnar, sem þá sat við völd, var hinn sanni og rjetti hækkunarvilji: að nota góðærið til að hækka krónuna sem mest, en jafnframt að sýna þá gætni og varfærni, að forðast öll gönuhlaup, svo að eigi væri hætta á að krónan hrykki til baka. Það var aðeins þetta, sem jeg vildi víkja að hv. þm. Ísaf.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Árn. (MT), sem hjelt alllanga ræðu um málið. Skrifaði jeg aðeins lítið eitt hjá mjer af því, er hann sagði. Hann kvaðst vera úr því hjeraði, sem gengishækkunin hefði komið harðar við en önnur hjeruð landsins. Jeg skal ekki deila við hann um þetta, því að hann er vafalaust kunnugri austanfjalls heldur en jeg. En eftir þessa yfirlýsingu hefði mátt búast við, að hann kæmi með einhverjar upplýsingar um ástandið austanfjalls, en í stað þess kom hann með almennar „teoretiskar“ umþenkingar um banka, húsaleigu o. þ. h., sem engan sjerstakan kunnugleika austanfjalls þarf til að tala um. (MT: Er þetta „teoretiskt“). Það er a. m. k. svo almenns eðlis, að menn þurfa ekki að vera kunnugir í Árnessýslu til þess að tala um það.

Þá sagði hv. þm., að við stæðum ver að vígi en aðrar þjóðir um að hækka gjaldeyri okkar. Erlendum þjóðum, sem lengra væru á veg komnar en við í fjármálum og verklegum efnum, gerði minna til, þótt hin starfandi hönd lamaðist um tíma af völdum hækkunar gjaldeyrisins. Þetta tel jeg hina mestu fjarstæðu. Jeg held einmitt, að engin þjóð nærlendis standi, eða hafi staðið, eins vel að vígi og við um gengishækkun. Eftir því sem

iðnaður, bankamál og atvinnurekstur þjóðanna hafa náð meiri fullkomnun og því nákvæmari sem peningamálin eru, því tilfinnanlegri verða allar gengissveiflur. Svo er það t. d. í Bretlandi, að ef Englandsbanki hækkar forvexti sína um ¼% verður það ýmsum fyrirtækjum mjög tilfinnanlegt. Fyrirtækin reikna svo nákvæmlega með hinu venjulega ástandi, að hver breyting, sem fer í bága við það ástand, hefir stórkostleg áhrif á hag fyrirtækisins. Hjer eru atvinnumál og bankamál á meira frumstigi, og því gera sveiflurnar miklu minna til. Sjávarútveginum er nú einu sinni svo farið, að eitt árið gefur hann uppgrip og annað lítið eða ekki neitt. Líklega eru fáir atvinnuvegir, nema þá máske námuvinsla, sem jafn erfitt er að reikna út fyrirfram og jafn lítið eru háðir ákveðinni vaxtahæð starfsfjárins eins og sjávarútvegur.

Jeg skal ekki deila við hv. þm. (MT) um það, hvort verðjöfnuður er kominn á. Mjer virtust skýrslur þær, er hjer hafa verið lesnar, benda í aðra átt. Vísitalan 1924—1928 er ekki öruggur mælikvarði, samanborið við önnur lönd. Margar breytingar aðrar koma hjer til greina, eins og t. d., að hjer er innheimt miklu meira til ríkisþarfa í tollum og sköttum en annarsstaðar, í hlutfalli við 1914. Verðlagið hefir breyst undir fasta genginu nú upp á síðkastið.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið styrkur Norðurlandaþjóðanna, að þær hefðu átt sterkari banka en við. Já, það má nú segja! Af Norðurlandaþjóðunum, að Svíþjóð frátaldri, er óhætt að fullyrða, að Ísland hefir verið skárst að skömminni til í þessu efni. Það er öllum kunnugt, hve gífurleg og tíð bankahrunin voru, bæði í Danmörku og Noregi. Og þótt þessi lönd ættu sterka seðlabanka, eins og þjóðbankann danska og norska, þá reyndu þó bankahrunin mjög á þolrif þeirra banka — alt til hins ýtrasta.

Þá talaði hv. þm. um það, hve mjög töp bankanna ykjust, ef krónan kæmist upp í gullverð! Jeg fylgdist ekki vel með því, sem hv. þm. sagði, en mjer skildist, að hann væri að tala um, að ef bankarnir ættu nú í útistandandi skuldum um 4 milj. kr., sem þeir álitu tapaðar, þá gæti þetta orðið 6—7 milj. kr. tap við hækkun krónunnar. Ef hv. þm. hefir sagt þetta, þá kemur þetta alls ekki málinu við. Ef skuldirnar eru tapaðar hvort sem er, er sama, hvort þær eru reiknaðar í gullverði eða öðruvísi. Það er eins og um manninn, sem setti tvöfalt verð á hestinn, sem hann seldi, af því að hann bjóst ekki við að fá hann nokkurn tíma borgaðan. Tapað er tapað, svo að þetta skiftir engu máli. (MT: Jeg var ekki að tala um tapaðar skuldir). Bein áhrif á hag banka hefir gengið ekki, nema ef hann skuldar í erlendum gjaldeyri eða á fram yfir skuldir í erlendum gjaldeyri. Ef bankarnir eiga í erlendum gjaldeyri meira en fyrir skuldum sínum í erlendum gjaldeyri, tapa þeir á gengishækkun innl. gjaldeyrisins, en græða hins vegar, ef skuldir þeirra í erlendum gjaldeyri eru meiri en eignir þeirra í sömu mynt. Þetta eitt snertir bankana í þessu tilfelli, og því er þeim óhætt að kaupa erlendan gjaldeyri alt upp að því marki, sem skuldir þeirra nema í erlendum gjaldeyri. Hitt er annað mál, ef menn trúa því, að verðfestingin or-

saki það, að viðskiftamenn bankanna lafi eitthvað lengur én ella, en bein áhrif gengishækkunarinnar á bankana eru engin önnur en þau, sem nú lýsti jeg.

Síðast í sinni löngu ræðu veik hv. 2. þm. Árn. (MT) að því, hve Suðurlandsundirlendið væri lamað eftir gengishækkunina 1925. Jeg skal ekki fara að bera mig saman við þennan hv. þm., hvað kunnugleika snertir á þessum slóðum, en þó er jeg þar ekki með öllu ókunnugur, frekar en hann. Svo mikið veit jeg, að það var annað, sem orsakaði þessar miklu skuldir, en gengishækkunin, og að Suðurlandsundirlendið var skuldunum vafið, eins og fuglinn fjöðrunum, áður en gengishækkunin kom til. Það er vitanlegt, að meiri hlutinn af þessum miklu skuldum er frá fyrstu árum útibúsins á Selfossi, þegar verð afurðanna hrundi, en framleiðslukostnaðurinn hjelst óbreyttur eftir sem áður. Með útibúinu gafst mönnum kostur á að halda bústofni sínum óbreyttum, og jafnvel að auka hann, og það gerði erfiðleikana. Jeg býst við, að Suðurlandsundirlendið hafi fundið til, eins og önnur hjeruð landsins, við gengishækkunina 1925, en hinu mótmæli jeg, að gengishækkunin hafi orðið til þess, að það setti svo niður sem raun varð á.

Hv. 2. þm. Árn. (MT) þótti jeg ekki frumlegur í minni fyrri ræðu. Sannast að segja býst jeg ekki við, að við Íslendingar förum að finna einhver ný sannindi í þessu máli, sem búið er að þaulræða í öllum öðrum löndum. En þeir sletta skyrinu, sem eiga það. Samt var nú sá langi kafli í ræðu hv. 2. þm. Árn., sem fjallaði um bankahrunið í Danmörku 1818, allur tekinn upp úr bók Jóns Þorlákssonar: Lággengi. Jeg býst því við, að það sje svipað farið um frumleik okkar beggja. Þó skal jeg ekki neita því, að það var ýmislegt frumlegt í ræðu hv. 2. þm. Árn., en jeg er hræddur um, að það hafi þá líka verið vitleysa. Það má nefnilega segja það sama um hana og maðurinn sagði um bókina: Í henni er ýmislegt gott og ýmislegt nýtt, en það góða er ekki nýtt, og það nýja ekki gott. Það er auðvelt að segja frumlega vitleysu, en vandi að segja eitthvað frumlegt af viti. Og hvað okkur Íslendinga snertir, þá er varla von til þess, að við finnum nokkuð frumlegt í þessum fræðum.

Hv. 2. þm. Árn. var að fárast yfir því, hve vextir bankanna væru háir, og mjer skildist á ræðu hans, að þeir mundu lækka, ef verðfestingin yrði framkvæmd. Og svo fór hann að tala um það, að vextir sparifjáreigenda mundu hækka af sömu ástæðu. Jeg verð að játa það, að mjer finst þetta tvennt stangast ekki all-lítið. Það er fjarri því, að það sje nokkurt samræmi í því, að innlánsvextirnir hækki samtímis því að útlánsvextirnir lækka. (MT: Jeg sagði ekkert í þessa átt). Jú, það var nú einmitt það, sem hv. 2. þm. Árn. gerði. Það leið að vísu hálftími eða eitthvað svoleiðis á milli þessara setninga í ræðu hv. þm., en jeg dró þetta saman, svo að hann áttar sig ef til vill ekki á því.

Þá kem jeg að hæstv. fjmrh. (EÁ), sem talaði hjer nokkur orð, og að því er virtist eins og ex cathedra. Hann gerði virðingarverða tilraun til að gera pólitík úr þessu máli og hugðist að spyrða íhalds- og jafnaðarmenn saman vegna afstöðu þeirra til þess. Að-

ur skyldi nú hafa haldið, að það væri dálitið óþægilegt eftir ræðu hv. þm. Ísaf., því að þar kom það fram, hve rök ihalds- og jafnaðarmanna eru ólik, þótt báðir þessir flokkar standi saman að gengishækkuninni. Annars gegnir það furðu, að annað eins og þetta skuli heyrast, því að þótt tveir flokkar mætist í einhverju máli, er fjarri því, að þeir af þeim ástæðum þurfi að renna saman. Það kemur oft fyrir, að menn ólíkra áhugamála mætast í einu atriði og vinna saman að því. Það er t. d. sameiginlegt áhugamál kristindómsvina og mannæta, að sem flestir kristniboðar sjeu sendir til Afríku, en engum dettur fyrir það í hug að gera eitt úr þessum tveim flokkum manna.

Hæstv. fjmrh. þótti við hækkunarmenn tala af of mikilli tilfinningu um þetta mál. Hann hefði átt að hlusta á síðustu ræðu hv. flm. Þá hefði hann fundið, að það verður víðar vart mannlegra tilfinninga en í herbúðum okkar hækkunarmanna. Annars verð jeg nú að segja það, að tilfinningarnar eru mikill liður í fjármálunum sem öðru, því að jeg veit ekki betur en að þau byggist mikið á tilfinningu, sem nefnd er traust.

Þá kom hæstv. ráðh. með það sama og hv. flm., sem sje, að Alþingi hefði gert ráðstafanir til þess að gengið hjeldist kyrt. Þetta mun rjett að því leyti, að Alþingi ætlaðist til, að gengið væri kyrt á meðan verið væri að rannsaka þetta mál, enda var sjálfsagt, að svo væri, á meðan verið var að búa málið undir endanlega úrlausn. En v i l j i Alþingis kom skýrt fram í l. frá 1924 um gjaldeyrisverslun og gengisskráningu, þar sem gengisnefndinni var heimilað að gera ýmsar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að krónan stæði kyr eða hækkaði, en e k k i í hina áttina.

Þá var nýtt að heyra það, að bankarnir væru ekki enn búnir að ná sjer eftir gengishækkunina 1924—25. Maður hefir nú stundum heyrt annað, þegar þurft hefir að skamma sjávarútveginn vegna þeirra brask-fyrirtækja, sem honum eiga að vera samfara. (HG: Gátu bankarnir ekki tapað, nema á þessu eina?) Ja, þegar hæstv. fjmrh. sagði þetta, hefir hann sjálfsagt ætlað að sýna fram á, af hverju bankarnir töpuðu.

Hæstv. fjmrh., sem var að ásaka aðra fyrir að tala of tilfinningaborið, sagði, að stefna okkar hækkunarmanna væri sprottin af takmörkuðum skilningi á framsókn lífsins. En ef þetta er ekki tilfinningaorðagjálfur, þá veit jeg ekki, hvað á að nefna því nafni. Við hækkunarmenn megum vel una þessum orðum hæstv. fjmrh. Hinn ótakmarkaði skilningur hans á framsókn lífsins er fólginn í því, að gefast upp við fyrstu örðugleika.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að hv. flm. Síðasta ræða hans var yfirleitt mjög óheppileg, og um of mælt bót í henni smásálarskap og smáum hugsunum. Það var svo að skilja á honum, að sjálfsagt væri að forðast að klífa á brattann, og þó einkum, ef það yrði til þess, að aðrir kæmu á eftir manni. Alt hans tal um það, að verðfestingin yrði til að koma í veg fyrir ranglæti, en skapa réttlæti, var ein hugsunarvilla, eins og hv. þm. Ísaf. sýndi svo greinilega fram á. Ranglætið hefir verið framið, eða rjettara sagt, þær ráðstafanir hafa verið gerðar, sem

verða að ranglæti, ef ekki eru gerðar ráðstafanir í gagnstæða átt. Það er ekkert ranglæti fólgið í því, þó að jeg fái fje að láni, heldur í hinu, ef jeg neita að greiða skuld mína. En rjettlæti hv. flm. er einmitt fólgið í því, að leysa mig undan að greiða skuld mína. Það er það sama og að segja við lánveitandann og skuldunautinn: Þetta skal alt vera eins og það er. Er það rjettlæti? Þótt þetta snerti að vísu ekki hvern einstakling, þá er þó hjer um að gera allmikla breytingu á milli einstakra stjetta í þjóðfjelaginu, og það var í því efni, sem jeg sagði, að það væri „honesty" að hækka krónuna og gera þannig rjett upp á milli þessara stjetta.

Háð hv. flm. um þá, sem vilja klífa brattann, var mjög ómaklegt. Það eru einmitt þeir menn, sem halda hverju þjóðfjelagi uppi, sem ekki vilja velta byrðum sínum, hvorki skuldabyrðum eða öðrum, af sjer, heldur klífa þrítugan hamarinn. Það má auðvitað hæðast að því, að þeir vilja fá að líta hina skínandi gullkrónu í allri sinni dýrð. En þegar þetta er klætt úr öllu rósamáli, þá er ekkert ljótara í þessu máli en það, að þessa menn langar í þann þjóðarheiður, að standa við allar sínar skuldbindingar. Og það þarf enginn að ímynda sjer, að Norðmenn, Svíar og Danir hafi ekki vitað, að það var auðveldara fyrir þá að stýfa sínn gjaldeyri en að hækka hann upp í gullgengi, en það fullnægði ekki rjettarmeðvitund þeirra að fara svo að.

Það má vel vera, að Framsóknarflokkurinn hafi aldrei ætlað krónunni upp í gull, og að því sje ekki um neina uppgjöf hjá honum að ræða í þessu efni. En jeg man nú svo langt, að ýmsir þeir menn, sem nú skipa þann flokk, vóru hækkunarmenn. Að vísu var það áður en „Tíminn" fann upp sína annáluðu stýfingarspeki. Jeg átti t. d. sæti með mönnum úr þeim flokki í fjhn., og þeir voru þá þeir eindregnustu hækkunarmenn, sem jeg hafði hitt á lífsleiðinni.

Hv. flm. þótti það næsta ósvífið, að efast um, að menn eins og Wallenberg rjeðu okkur heilt í þessu máli, og að nokkur skyldi voga sjer að mótmæla því, að þegar í stað væri farið eftir ráðleggingum þeirra. En jeg vil bara benda á það, í hvaða ófærur þetta gæti leitt. Það er vel hægt að hugsa sjer, að við hækkunarmenn hefðum gert mann út af örkinni til þess að hitta þá menn að máli, sem vitað var, að mundu ráðleggja okkur að hækka krónuna. Jeg býst t. d. við, að Bygge ríkisbankastjóri hefði verið fús á að ráðleggja okkur í þá átt. Og hvernig átti þá að fara að, ef þessir erlendu menn ráðlegðu okkur hver á móti öðrum?

Jeg gerði það að gamni mínu að láta þetta mál bera á góma við ýmsa þá menn, sem jeg hitti í utanför minni í sumar. Og mjer þótti einkennilegt, hvernig þeir tóku allir í það. Það var eins og þeir væru orðnir leiðir á því heima hjá sjer, og vildu láta okkur gera það sem okkur sýndist sjálfum. Og mjer finst, að í svörum þeirra útlendinga, sem spurðir hafa verið ráða í þessu máli, skíni mikið af þessu sama.

En hvað sem nú þessu öllu líður, þá er það víst, að sjálfs er höndin hollust, og að best er, að við athugum þetta mál sjálfir, og gerum svo það í því, sem við álítum rjettast. Það er

algengt, að mestu andans menn leggi þau ráð til, sem reynast mjög óheppileg. Margir ágætir andans menn hafa t. d. verið lausir fyrir í siðferðislegum efnum, kasta t. d. rýrð á hjónabandið. Og sjálfur kallaði hv. flm. fyrir skömmu Karl Marx falsspámann, og var hann þó vissulega mikill andans maður. Að það sje ósvífni, að vilja ekki fortakslaust hlýða ráðum þessara erlendu sjerfræðinga, er því nákvæmlega sama eðlis og þegar andatrúarmenn kalla hvern þann illgjarnan bjána, sem ekki vill trúa öllu því, sem Oliver Lodge segir.

Mjer fanst hv. flm. eiga verst með að koma því saman, hversvegna þessir erlendu sjerfræðingar rjeðu okkur þveröfugt við það, sem gert var í þessu máli í þeirra eigin móðurlöndum. Hann sagði, að það væri ekkert að marka. Þó að frost hefði verið í gær, gæti alveg eins verið hiti í dag. Þessi líking er auðvitað alveg snúin úr liði. Rjett líking hefði verið: Þó að vatn hafi frosið við þessa og þessa gráðu í Svíþjóð, fyrir fimm árum, er ekki þar með sagt, að það frjósi nú úti á Íslandi við sömu gráðu. En jeg vil segja að þetta fari eftir föstu lögmáli, sem gilti þar þá og gildir hjer nú. En svo kom hv. flm. með lausnina og sagði, að þetta stafaði af því, að menn hefðu ekki haft vit á þessum málum þá. Við vitum þó, að einn þeirra manna, sem nú ráðleggja okkur að festa krónuna, ráðlagði á sínum tíma Norðmönnum, Svíum og Dönum að gera þetta sama. Það er því ekki laust við, að skýringar hv. flm. á þessu fyrirbrigði skjóti hálf-skökku við.

Hv. flm. var að lesa upp gullkrónusönginn í Noregi, en tók vitanlega vitlaust lag. Þetta sem hann las upp, voru skammir um Mowinkelstjórnina, sem þá fór með völdin í Noregi; skammir stjórnarandstæðinganna, sem voru hræddir við þennan mann og vildu koma í veg fyrir að hann tæki við völdum aftur. Þeim tókst að koma honum frá. En svo undarlega vildi þó samt til, að jafnaðarmennirnir, sem tóku síðar við stjórnartaumunum, urðu að láta af stjórn eftir eitthvað vikutíma, en þjóðin skilaði Mowinkelstjórninni aftur til valda. Nei, sá rjetti og sanni gullkrónusöngur var það, sem jeg las hjer upp úr „Finanstidende“ í fyrri ræðu minni, þar sem talað var um „Æ r e s d a g“ dönsku krónunnar. Jeg segi ekki, að allir kyrji með í þessum kór, eða fagni því, þó að íslenska krónan komist upp í sitt forna gengi, en það er víst, að allir verða ánægðir, þegar þeir erfiðleikar, sem af þessu leiðir í svip, eru liðnir hjá.

Þá kom hv. flm. með ýmsar gamlar „dogmur“ sem nú væru alveg dauðar, svo sem það, að erlendar skuldir lækki við krónuhækkunina. Þetta var nú ekki með öllu rangt. Það er sem sje reynsla, að land með lágum gjaldeyri fær minna fyrir afurðir sínar en land með háum gjaldeyri lengi vel, en reynslan hefir sýnt, að þetta jafnast á lengri tíma. Í lággengislöndunum eru vörur ódýrari en í hágengislöndunum, en það þýðir, að þær þjóðir, sem búa við lágt gengi, fá minna fyrir afurðir sínar en þær þjóðir, sem hafa hærra gengi. Og þar sem erlendar skuldir verða nú með engu borgaðar nema þessum vörum, þá er augljóst, að þær eru ekki ósnortnar af verðbreytingu gjaldeyrisins.

Þá sagði hv. flm. að gullkrónan væri hvergi til. Það er nú svo hlægilegt, að það er varla eyðandi orðum um það, að nokkur skuli halda annað eins og það, að gullkrónan sje ekki til, af því að hún liggur ekki hjer fyrir framan okkur á borðunum. Jú, hún er til, þó að hún hafi að vísu aldrei verið mótuð. Það er svo ákveðið, að 2480 kr. sjeu í einu kílógrammi af skíru gulli — og það er gamla krónan. Og eftir því er hægt að móta hana, hvenær sem vill. Annars hefi jeg nú aldrei heyrt það, að metrinn t. d. væri neitt verri fyrir það, þó að ekki sje til neinn alment „jústeraður" kvarði. En metrinn mun þó, ef jeg man rjett, vera miðaður við einhvern vissan hluta af ummáli jarðar. Gömlu mennirnir mörkuðu alinina á kirkjuvegginn á Þingvelli. Nú eru menn löngu hættir að gera það, svo að hv. flm. neitar því sjálfsagt, að nú sje til nokkur alin.

Gamla krónan er ekki gullkálfurinn, eins og hv. flm. vildi vera láta. Það er hin nýja króna hans sjálfs, sem er gullkálfurinn. Jeg hefi altaf heyrt það, að lítið hús, sem reist hefir verið í nánd við annað stærra, væri kallað kálfurinn. Og þessi nýja króna er eins og kálfur hjá gömlu gullkrónunni, og því rjettnefnd: krónukálfurinn.

Þá sagði hv. flm. að það hefði enga þýðingu, þó að tomman væri stýfð um cm. Nei, en það hefði gert til, ef verðmæti væri reiknað í tommum. Ef jeg ætti vaðmál sem mælt hefði verið í heilum tommum, mundi jeg tapa, ef tomman væri stýfð um cm. Annars fæ jeg ekki sjeð, við hvaða örðugleika er að etja fyrir hv. flm., ef gullkrónan er ekki til og sama er við hvað er miðað.

Hjer hefir hver ræðumaðurinn eftir annan reynt að vekja tilfinningar manna, með því að tala um skuldunauta og lánardrottna. Þeir eru að tala um það, að það eigi að gera þá ríku ríkari, en þá fátæku fátækari. En það getur verið gersamlega rangt að kalla þá ríka, sem sparifje eiga, en hina fátæka, er skulda. En þetta er alveg rangt. Það getur alveg eins verið að sá, sem skuldar, sje ríkari en hinn, sem lánar. Sá, sem skuldar, vinnur einmitt með eignum fjölda manna, er eiga nokkrar krónur í sparisjóði. Og það eru oft stóru fjármálamennirnir. Hjer er bara um að ræða að gera upp á milli tveggja flokka manna jafnrjetthárra: þeirra sem spara og leggja þjóðinni þannig rekstrarfje, og hinna, er taka fje að láni, auðvitað til að græða á því. Og það er alls ekki fyrirfram sjáanlegt, að sá, sem sparar, eigi endilega að tapa, en hinn, sem skuldar, að græða.

Að lokum skal jeg svo minnast á örðugleika hækkunarinnar, sem hjer hafa verið mjög útmálaðir. Reynslan frá árunum 1924—25 talar á móti því. Jeg veit til þess, að margir hafa orðið eindregnir hækkunarmenn, einmitt vegna þeirrar reynslu. Eins gífurleg hækkun og þá varð, hugðu margir að ríða mundi atvinnuvegunum, einkum útgerðinni, að fullu. En reynslan varð ekki sú; þetta leið hjá án þess að menn yrðu mikið varir við það. Reynslan er ólygnust. Hún sýnir, að þessi grýla er ekki rjett. Eins mun fara enn. Ef við hækkum — hægt, sje það mögulegt, hratt, ef svo vill verkast — þá mun reynslan sýna, að atvinnuvegirnir standa í fullum blóma eftir sem áður.

Magnús Guðmundsson: Mjer finst umr. þessar vera orðnar nokkuð langar, og skal jeg því vera stuttorður.

Í fyrri ræðu minni ljet jeg í ljós undrun mína yfir því, hve lítið væri rekið á eftir þessu máli og hve seint frv. hefði komið fram. Jeg hefi ekki fengið skýringu á því, hver ástæðan er. Mjer virðist það ekki afsakanlegt, að leggja ekki fulla áherslu á að fá málið leyst. Það getur orðið hættulegt að hafa það lengi óleyst. Altaf getur hallæri komið fyrir, og þá gæti krónan lækkað, meðan hún er ekki innleysanleg. Ef mikill og óhagstæður munur verður á innflutningi og útflutningi um nokkur ár, þá getur krónan farið niður. Það er því nauðsynlegt að leysa málið fljótt, leysa það í samræmi við vilja meiri hluta þings. Og jeg er alls ekki viss um, að meiri hl. sje mótfallinn frv. — Mjer er það ljóst, að hver dagur, sem líður, hjálpar til að hindra hækkun; en það má þó ekki eingöngu blína á það. Það verður einnig að taka tillit til þess, að krónan getur lækkað. Hv. flm. bjóst við því, að þingmenn yfirleitt mundu ef til vill ragir við að hjálpa andstæðingastjórn til að leysa málið. Jeg er ekkert ragur við það. Jeg álít það skyldu þingmanna að hjálpa til að leysa þau mál, er nauðsyn er á að leysa. Og ef þeir hafa ekki í gegn vilja sinn, þá er það skylda þeirra að taka hið næst besta ef eitthvað er í húfi.

Þá get jeg ómögulega orðið sammála hv. flm. um það, að stýfing og festing sje það sama. Það er áreiðanlegt, að við höfum löggilta krónu; það er stýfing ef við minkum hana. En það er festing, að ákveða seðilpeningunum það verð, sem þeir ganga í nú.

Það getur verið rjett að færa umr. yfir á það svið, hvort það er rjettlátt eða ranglátt að stýfa. En það veldur ranglæti, hvort heldur gert verður, stýft eða hækkað. Því verður að meta, hvar ranglætið verður meira. Hjá því verður hvort sem er aldrei komist að fullu. En þetta er ekki það, sem aðallega vakir fyrir mjer, heldur hitt, að við erum skyldir til að gera ráðstafanir til að krónan falli ekki aftur.

Jeg tók ekki eftir að hv. flm. svaraði því, sem jeg spurði hann um, hvað hann ætlaðist til að gert yrði til þess að gera bankana færa um að standast misæri. Um það er ekkert upplýst, nema það sem í grg. stendur, að amerísku lánsheimildinni verði haldið opinni. Í frv. sjálfu er ekki orð um þetta. Jeg vona, að hv. flm. telji fulla ástæðu til að upplýsa þetta frekar, t. d. hvort víst sje, að þessi lánsheimild standi áfram og þá með hvaða kjörum.

Jeg hefi gripið hjer fáein orð úr ræðu hv. þm. Ísaf. í gær. Hann var að tala um ástæðuna til þess, að Íslandsbanki varð að hætta yfirfærslum. Hann sagði, að það væri af því, að lánstraust hans erlendis hefði verið þrotið. En af hverju þraut lánstraust hans? Það var af því, hve mikill munur var á verðmæti innfluttrar vöru og útfluttrar. Bankinn var kominn í 10 milj. kr. skuld erlendis fyrir þessar sakir. Hefði hann haft enn meira lánstraust, þá hefði þetta getað slarkað lengur. En enginn banki getur til lengdar staðist slíkt. Það verður að finna önnur ráð til að jafna slíkan halla.

Það er gaman að heyra hinar mismunandi kenningar um hækkunina. Sumir vilja hækka krónuna í einu

lagi, aðrir kjósa hægfara hækkun. Það hefir verið fundið að því, að hækkunin árið 1925 hafi verið of ör. Um það má deila, en á hitt vildi jeg benda, að hún hefði orðið enn örari, ef ekki hefði verið tekið í taumana. Krónan hefði að líkindum farið alla leið upp í gullgildi. En stjórnin tók í taumana. Það er sannleikurinn í málinu, og geta menn svo dæmt um þær aðgerðir, eftir því sem þeir hafa vilja til.

Jeg varð hissa hve hv. þm. Ísaf. varð reiður, er jeg greip fram í ræðu hans og benti honum á, að hann færi rangt með það, hvenær krónan hefði komist lægst. Það var í febr.—mars 1924. Mjer skildist hann vilja kenna fyrv. stjórn um lækkunina, en það er rangt. Lækkunin var um garð gengin, er stjórnarskiftin urðu.

Jeg skal svo ekki lengja umr. frekar. 1. umr. mun nú vera búin að standa í alt að vikutíma, og væri því æskilegt, að frv. færi að komast til nefndar.

Magnús Torfason: Jeg var svo óheppinn, að vera ekki viðstaddur, er hv. þm. Dal. (SE) svaraði ræðu minni. — Hann greip fram í ræðu mína og sagði, að Íslandsbanki hefði innleyst 3 milj. kr. af seðlum. Þessu hefi jeg ekki neitað. 31. okt. 1922 átti bankinn úti 8 milj. kr. í seðlum, en um 5 milj. kr. nú. Hann hefir því dregið inn 3 milj. kr. En það sem jeg efaðist um var það, að bankinn hefði borgað þessa upphæð, þótt hann að nafninu til hafi innleyst hana. Það hefir hann ekki gert. Hann skuldar það annarsstaðar. Hann hefir þurft á sífeldri hjálp að halda. Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort hann þori að fullyrða, að Íslandsbanki skuldi Landsbankanum minna en 3 milj. kr., og hvort hann hafi ekki stundum skuldað honum meira en þetta. Jeg get fullyrt, að jeg hefi fylgst vel með reikningum Íslandsbanka, því mjer er ant um hann. Og því vil jeg grenslast eftir því, hvort Íslandsbanki sje búinn að greiða ameríska lánið. Var það ekki 1 milj. kr., sem hann fjekk þar? Þá fjekk bankinn víst hluta af enska láninu fyrir aðstoð ríkissjóðs. Ef eitthvað er til í þessu, sem jeg hefi nú talið, þá virðist mjer bankinn ekki geta kallast sjálfstæður banki. Það mun vera alment litið svo á, að þá sje mikil þörf fyrir höndum, er privat-bankar þurfa að fá lán með ábyrgð ríkissjóðs. Það má því til sanns vegar færa, að bankinn sje — ekki að vísu á sveitinni — en áreiðanlega á ríkinu. — Út frá þessum hugleiðingum skilst mjer, að það sje rjettmætt að efast um, að þessi banki sje fær um að standa undir hækkun krónunnar. Sannleikurinn er sá, að fyrir hækkunina var bankinn kominn svo illa, að með hækkuninni var bankinn í raun og veru stýfður. Og hefði krónan þá farið upp í gullgildi, þá væri ekki stýfing krónunnar umræðuefnið nú, heldur blátt áfram stýfing Íslandsbanka.

Hv. þm. hafði verið að tala um að bankinn hefði grætt 3½ milj. kr. á hækkun krónunnr, sakir enska lánsins. Þetta skal jeg ekkert segja um. En við þetta er þó það að athuga, að þótt bankinn græði á þennan hátt, þá verða það skuldarar hans, sem tapa því. Jeg vissi til, að eitt togarafjelagið tapaði 130 þús. kr. á gengismun á þessum árum, og mátti þó illa við því.

Og þótt bankinn kunni eitthvað að græða á hækkun krónunnar, þá er það ekki frá öðrum tekið en viðskiftamönnum hans. Og tap viðskiftamannanna verður vitanlega þeim mun meira en gróði bankans, sem skuldir þeirra eru meiri en skuldir bankans í útlöndum.

Þá var hv. þm. enn að tala um, að þetta mál ætti að vera fráfararatriði fyrir stjórnina. Jeg veit, að þetta er einmitt hans hjartans mál, og muni því engin rök duga til að sannfæra hann í því. En sumir aðrir munu nú líta svo á þetta mál, að það sje svo langt frá því að stjórninni beri að fara frá, verði frv. ekki samþykt, að henni sje einmitt aldrei skyldara að sitja en þá.

Síðustu kosningar skiftust að miklu leyti um þetta mál. Þá lofaði „Framsókn" að gera sitt ýtrasta til að hindra hækkun krónunnar. Og svo á að heimta að stjórnin flýji af hólmi, einmitt þegar mest á ríður. Ef stjórnin færi frá og ljeti hækkunarmenn um völdin, þá mundi hún svíkja helgustu kosningaloforð sín. Það er skylda hennar að hamla á móti því, að krónan verði hækkuð. Meðan hún getur það, á hún ekki aðeins tilverurjett, heldur hefir hún og skyldu til að sitja.

Hv. þm. hafði komið að því í ræðu sinni, að jeg fylgdist ekki vel með um mál Íslandsbanka og vissi ekki um mat eftirlitsmannsins á honum. En mat eftirlitsmannsins, — þess mæta manns, sem jeg ber fult traust til — var samt ekki talið einhlítt, hvað Landsbankann snertir. Jeg vænti, að hv. þm. muni það, að hjer var skipuð sjerstök nefnd til að skoða og meta hag þess banka. Og jeg þykist ekki hafa rjett til að byggja á neinu mati, fyr en það er rannsakað af nefnd, sem allir flokkar eiga fulltrúa í, og fá svo tækifæri til að bera sig saman um rannsóknina.

Hv. þm. Ísaf. sló því fram í ræðu í gær, að gengið væri fest niður á við, ef við festum það í 81. Jeg held nú, að ef það væri fest í 100, þá væri það fest upp á við. En sá er munurinn, að þá er meiri hætta á, að það sveiflist niður á við aftur. Annan mun get jeg ekki sjeð á þessu tvennu. Þegar komið er fram með þá grýlu, að búast megi við lækkun, eftir að gullkrónan er ákveðin, virðist mjer tvent koma til athugunar. Í fyrsta lagi, hvort þetta, sem hún er fest í, sje ekki of hátt, og í öðru lagi, hvort tímabært sje að festa krónuna í því gildi, sem hún hefir nú. Hv. sami þm. bar saman verkalaun í Frakklandi og Finnlandi, en þau eru svo misjöfn, eftir ástæðum, að ekki er hægt að miða við þau. Hv. þm. sagði ennfremur, að verkalaun væri hæst í Svíþjóð, enda væri krónan þar há, en jeg vildi þá benda honum á það, að þetta orsakast ekki af því, að krónan hafi verið hækkuð í Svíþjóð, heldur af hinu, að fjármálum Svía hefir verið stjórnað vel, og þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að þeir geti greitt verkalýð sínum gott kaup. Eftir þeim upplýsingum að dæma, sem hv. þm. gaf um verkalaun hjer á landi, hjelt jeg, að hann mætti vel við una, en ef hann ekki gerir það fyrir hönd verkalýðsins, þá virðist það benda til, að von sje á frekari hækkun kaupsins, en það þarf síst að verða til þess, að ýta undir hækkun krónunnar. Hv. þm. talaði um kaupmátt krónunnar, en þótt-

ist ekki skilja það orð, en jeg hjelt nú satt að segja, að það heyrði nú aðeins til barnalærdóminum í þessu máli, því að auðvitað er kaupmáttur hennar ekkert annað en kaupverðið, miðað við það, sem fyrir hana fæst. Annars gæti hv. þm. sjeð þetta í skýrslum hagstofunnar í því efni, en í þessu sambandi vil jeg þó geta þess, að þær eru ekki svo fullkomnar sem skyldi, og er stór synd, að ekki skuli hafa verið gengið betur frá þessu í upphafi, en jeg vík máske að því síðar. Það er alveg satt, að kaupmáttur krónunnar er misjafn á öllu landinu, og svo er því einnig farið í öðrum löndum. Í Danmörku eru t. d. launin hæst í Kaupmannahöfn, en lægst aftur úti á landsbygðinni, og við því er ekkert að segja, því að þar er farið eftir skýrslum, sem gerðar eru á breiðum grundvelli. En menn þurfa ekki að leita svo langt. Við þurfum ekki annað en að fara hjer austur fyrir fjallið. Þegar borgað er hjer í Rvík kr. 1.20 á tímann, fá menn á Eyrarbakka 65 aura. (**HG**: Er það kaupmagn krónunnar?). Það má tala um kaup í þessu sambandi. Það er einn liður í kaupmættinum. Hv. þm. vildi gera greipilegan holskurð á öllu, þegar búið væri að selja afurðirnar, en hv. 1. þm. Skagf. hefir þegar bent á, að það gæti orðið hættulegt fyrir bankana, og ýmsir fleiri annmarkar eru á því, svo að jeg held, að þetta verði hálfgerð hrossalækning. Annars er alt það mál, með hækkun krónunnar, svo flókið og erfitt viðureignar, að jeg verð að álita, að það mundi betur til fallið, að það yrði rætt í nefnd en hjer í þingsalnum, því að hjer kemur margt til greina. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að það yrði að búa sterklega um verðfestinguna, en jeg get svarað honum því sama og hv. þm. Ísaf., en vil þó bæta því við, að ef krónan verður hækkuð upp í gullgildi, verður að búa enn þá rambyggilegar um hnútana. Hv. þm. undraði sig á, að jeg skyldi ekki hafa lýst ástandinu í Árnessýslu, en jeg hefi gert það undanfarin ár, og álít því þarflaust að tyggja það upp aftur. Hann sagði, að sýslan væri skuldug, og það er satt, en þær skuldir, er á henni hvíla, eru til orðnar fyrir árið 1924, en ef sýslan hefði verið skuldlaus þá, þyrfti jeg ekki að kvarta. En hitt tók jeg fram, að byrðar manna hafa aukist stórkostlega. Maður, sem þurfti að reka 47 dilka í kaupstað 1924 sem afborgun af skuld sinni, þarf nú að reka 82, og allir hljóta að sjá, að það er miklu þungbærara. Enda þótt einmuna góðæri hafi verið frá því árið 1921, má þó segja: „Flýtur á meðan ekki sekkur“, um afkomuna í Árnessýslu, sökum þess, að altaf þrengir að. Gömlu mennirnir, sem voru skuldlausir, týna tölunni, en ungir menn og skuldugir taka við, en hinir, sem eitthvað eiga, flytja til Rvíkur, en áður hjálpuðu menn börnum sínum til að koma undir sig fótum, með ráðum og dáð.

Þá vildi hv. þm. segja, að bankarnir hjer hefðu verið sterkari og þolað betur gengishækkun en aðrir bankar á Norðurlöndum. Jeg veit það að vísu, að mikil bankahrun hafa orðið hæði í Danmörku og Noregi, en þar hafa líka verið bankar, sem hafa staðið eins og bjarg, og varið tugum miljóna til að standast hækkunina, og þeir eru ekki sambærilegir við okkar banka. Þar hafa líka verið bankar, í báðum löndunum, sem gefið hafa arð og hann

mikinn. Í báðum þessum löndum hljóp ríkið líka undir bagga með bönkunum, en íslenska ríkið hefir sannarlega ekki fjármagn til þess. Hv. þm. vildi halda því fram, að þótt viðskiftamenn bankanna kynnu að tapa, þá kæmi það bönkunum ekki við beinlínis, en það kemur þeim vissulega við. Jeg verð að líta svo á, að af því að hann er guðfræðingur og „dogmatiker", þá geti hann látið sjer detta þetta í hug, en jeg talaði um ótryggu skuldirnar, en ekki um þær töpuðu, og jeg býst við að aðrir skilji, við hvað jeg átti. Þá var hv. þm. að bera mjer það á brýn, að jeg vildi láta útlánsvexti hækka, en innlánsvexti lækka, en það hefi jeg aldrei sagt. Hitt sagði jeg, að þótt sparisjóðseigendur biðu tjón, þá fengju þeir það upp á annan hátt, og jeg er hissa á, að hv. þm. skuli koma fram með annað eins og þetta.

Annars voru aths. hans mjög svo veigalitlar, og engin ástæða fyrir hann að hrósa happi yfir því, sem hann hafði fram að bera, því að margar staðhæfingar hans voru rangar. T. d. sagði hann, að afurðir lággengislands væru altaf í lágu verði, en það er ekki rjett. Það er nokkuð misjafnt í sama landi á sama tíma, og líka misjafnt frá ári til árs, t. d. í Þýskalandi. Jeg kom þangað 1923, og átti því kost á að kynna mjer þetta þar. Hvergi var þá dýrara að lifa. Þá talaði hv. þm. um blóma atvinnuveganna. Maður hefir að vísu heyrt talað um það áður, en það eitt er víst, að útgerðin stendur ekki með miklum blóma, enda líta bankarnir svo á, og standa á móti því að styrkja t. d. togaraútgerð með fje sínu, enda eru togarafjelög nú oft lögð niður og togararnir fengnir í hendur öðrum, sem eru máske ekki vel stæð heldur. Jeg ber ekki útveginn sjerstaklega fyrir brjósti, heldur landbúnaðinn, því að hann kemur í stað iðnaðarins annarsstaðar, og hann stynur undir þessu oki. Ef krónan hækkar, myndi honum hraka. Jeg tala þar af reynslu, því að 1924 rofaði til í Árnessýslu, og það leit um tíma út fyrir, að menn myndu geta klárað skuldir sínar og þeir fyltust af fjöri og lífsmóði, en svo kemur hækkunin, og þá dregur úr móði þeirra, og þeir eru ekki enn þá búnir að ná sjer. Slík voru áhrifin, sem hækkunin hafði á þessa sýslu, og þess vegna berst jeg á móti henni, og held því fram, að fyrst og fremst verði landbúnaðurinn að eflast og lifna, og að alt eigi að gera til þess að styrkja hann, en ekki til að draga hann niður. Hv. þm. var að hnýta í mig fyrir það, að jeg væri ekki frumlegur og talaði um málið „teoretiskt", en jeg hætti mjer ekki út í það, heldur talaði jeg um það eitt, sem gat haft áhrif á málið frá íslensku sjónarmiði. Þess vegna er þetta sagt út í hött hjá hv. þm., eins og fleira. Þær athugasemdir, sem hann gerði, voru svo lausar við frumlegt vit, að það var ekkert vit í þeim. Annars finst mjer það leiðinlegt með þennan hv. þm., að honum hættir svo við að snúa út úr og slíta orð út úr setningum, en það sæmir ekki guðfræðisprófessor, heldur öllu frekar annari figúru, sem nefnd hefir verið „advocatus diaboli". Jeg vona, að hv. þm. taki tillit til orða minna, og bæti sig hið bráðasta, en hangi ekki í þessum óvanda, sem altaf virðist vera að ná á honum fastari tökum. (**MJ**: Þar er öðrum hættara en mjer).

Forseti (JörB): Hv. þm. Dal. hefir nú tekið þrisvar til máls, en þar eð fyrirspurnum hefir verið beint til hans, gef jeg honum 5 mínútur til að svara þeim.

Sigurður Eggerz: Jeg vil þakka hv. fors. fyrir að lofa mjer að tala í þessar 5 mínútur, en ef jeg hefði lengri tíma, skyldi jeg tæta þennan barnaskap hv. 2. þm. Árn. sundur lið fyrir lið. Jeg verð að byrja á því, að hann dæmir efnahag bankanna eftir því, hvað þeir skulda mikið, og telur upp ýmsar skuldir. En eins og allir sjá, er þetta mesta heimska og barnaskapur, og mig grunar, að hjá honum hafi vaknað löngun til hefndar, þegar jeg gerði smá athugasemdir við ræðu hans, en áður hafði hann talað frekar vingjarnlega í garð bankans. Það var eins og hv. þm. vissi ekki, að bankaumsjónarmaðurinn hafði athugað hag bankans, en það mun þó hafa komið fyrir, að hann hafi lagt meira upp úr orðum þess manns en margra annara. Jeg get aftur bent hv. þm. á það, að bankinn hefir þegar innleyst á 4. milj. af þeim seðlum, sem í umferð voru, og eins og jeg hefi sagt, hefir hann eiginlega leyst inn meira, því að áður voru 12 milj. í umferð, en nú eru þær aðeins 5. Það, sem skiftir mestu máli, er skuld Íslandsbanka við ríkissjóð, og að bankinn hefir sett öruggar tryggingar fyrir skuldinni. Gæti hv. þm. snúið sjer til hæstv. forsrh. og fengið hjá honum upplýsingar um það. Sama er að segja um skuldina við Landsbankann. Þar eru fullar tryggingar fyrir hendi. Hvað enska láninu viðvíkur, þá er það að segja, að bankinn hefir þegar greitt nokkuð af því, en það myndi auðvitað verða til mikils hagnaðar fyrir bankann, ef krónan væri hækkuð, því að auðvitað þarf bankinn að greiða færri krónur upp í lánið, ef krónan væri hækkuð, og gæti sú upphæð, sem munaði, orðið allhá.

Hitt er vitanlega alveg rjett, að hækkun krónunnar í gullverð skapar örðugleika í atvinnulífinu. Það er jeg fús að játa. Jeg hefi þá, að jeg held, athugað aðalbarnaskapinn hjá hv. 2. þm. Árn.

Jeg vil aðeins bæta því við aths. mína, að eins og liggur í hlutarins eðli, þegar ein stjórn hefir borið slíkt stórmál fram, þá ber henni samkvæmt viðurkendum þingræðisreglum að segja af sjer, ef hún kemur því máli ekki gegnum þingið. Þessu gat hv. þm. ekki mótmælt.

Þá spurði hv. þm. (MT), hvort Íslandsbanki væri búinn að borga þann hluta, sem hann fjekk af ameríska láninu. Jeg veit ekki til, að neinn ágreiningur sje milli Landsbankans og Íslandsbanka um það lán. Verður bráðlega um það samið, og vona jeg, að gott samkomulag verði um það. Sje jeg því ekki, hvað það kemur þessu máli við. — Enda álít jeg það ekki holt fyrir fjármál þjóðarinnar að óvirða peningastofnanir hennar. Og þegar maður, sem jafnhátt er settur sem forseti Sþ., gerir sjer leik að því, þá mætti álykta, að hann talaði fyrir munn þess flokks, sem sett hefir hann í þessa virðingarstöðu, þótt jeg sje hinsvegar í vafa um, að flokkinn langi til að lifa undir þeirri forustu.

Magnús Torfason: Já, hv. þm. Dal. notaði nokkrum sinum orðið „barnaskapur“. Og það voru nú aðalrökin í

þeirri ræðu. — Annað mál er, hversu mikils menn meta slík rök. Hv. þm. gerði í ræðu sinni engan greinarmun á þjóðbanka og privatbanka. En jeg hygg, að Íslandsbanki hafi aldrei verið stofnaður með það fyrir augum, að ríkið ætti að hlaupa undir bagga með honum, eins og það hefir þráfaldlega orðið að gera og gerði síðast með ameríska láninu. — Af hverju hefir ríkið orðið að gera það? Af því vitanlega, að bankinn hefir verið í fjárhagslegri þröng. — En hv. þm. Dal. má sjálfum sjer um kenna, að þetta hefir dregist inn í umr. Hv. þm. er í fjhn. og átti því vísan kost á að koma þar fram með álit sitt. En samt hefir hv. þm. haldið hjer margar ræður og haldið fram stefnu í þessu máli, sem er gagnstæð vilja hinna bankastjóranna í Íslandsbanka. (**SE:** J e g e r þ m. þ j ó ð a r i n n a r!). Þeir líta svo á, að hagur bankans sje best trygður með því, að krónan sje sett föst þar sem hún nú er. En þessi hv. þm. vill hækka. Og af því þessi hv. þm. ætti að hafa hag bankans fyrir augum, stöðu sinnar vegna, þá er ekki óeðlilegt, að hann sje spurður þessara spurninga. (**SE:** J e g e r e k k i þ m. b a n k a n s!) En það verða margir að vera tvíeinir, gegna fleiri störfum í senn. — Þá var hv. þm. að japla á því, að jeg mundi ekki hafa vitað af því, að eftirlitsmaðurinn hefir endurskoðað bankann. Jeg sagði honum, að jeg hefði vel vitað um það, og jeg hefi átt tal við bankamann um þá endurskoðun. Og jeg skal fúslega játa, að jeg hefi meira traust á rannsókn hans en bankarannsóknarnefndinni. En því held jeg föstu, að hver privatbanki, sem standa vill föstum fótum og heita sjálfstæður, á að losa sig frá því, að þarfnast ábyrgðar ríkissjóðs, og þar með undan áhrifum og afskiftum þingsins. — Þá játaði hv. þm., að Íslandsbanki skuldaði Landsbankanum, en gat þess jafnframt, að full trygging væri fyrir þeim skuldum. Má vel vera, að svo sje. En þá kemur að því, sem jeg sagði, að þótt hann í orði kveðnu hafi dregið inn nokkuð af seðlum, þá hafi það þó í raun og veru verið minna en ekki neitt. — En hitt hefir mjer aldrei dottið í hug að virða bankann eftir skuldum hans. Það er víst enginn svo mikið barn, annar en hv. þm. Dal., að ætla nokkrum manni að gera það. — En jeg gæti bætt einni spurningu við: Hvernig var það með yfirfærslurnar fyrir póstmálasjóð, — er sú skuld borguð? (**SE:** Um hana er prýðilega samið af hv. þm. Dal.!). Sú skuldin er þá enn eigi borguð, sem mestan þáttinn átti á sínum tíma í því, að krónan fjell. Það er aðeins samið um hana. Þá sagði hv. þm., að það væri ekki holt fyrir fjármál þjóðarinnar, að óvirðulega væri talað um bankann. — En jeg hefi ekki gert það. Jeg er ekki vanur að vera með nein útbrot, en jeg verð að tala um málin eins og þau liggja fyrir. Og það mátti hv. þm. Dal. vita, að þegar hann fór að breiða sig eins mikið yfir þetta mál og hann gerði, að bankinn hlaut að dragast inn í umræðurnar. Má hann því sjálfum sjer um það kenna. Þá hjelt hv. þm., að jeg hefði viljað hefna mín, vegna þeirrar aths., sem hann gerði við ræðu mína. Þetta er nú meiri barnaskapurinn, og jafnvel meiri en jeg gat búist við af hv. þm. Dal. Jeg

talaði alls ekki í þeim tón. Þá kom hv. þm. með persónulegar dylgjur um það, að Framsóknarflokkurinn mundi ekki vilja viðurkenna mig sem þann tákn, er hann lifði eftir. Jeg skal nú ekkert segja um það. Getur vel verið að svo sje. Og skal jeg segja honum ástæðuna. — Heimspekingurinn Aristoteles og Grímur skáld Thomsen hjeldu því fram, að eitt alþekt skriðdýr væri sjálfgetið. Þessu mun nú ekki játað af nútíma fræðimönnum. (SE: Á hv. þm. við það, þegar hann skreið í Framsóknarflokkinn, er sá flokkur komst í meiri hluta?) Jeg var nú genginn í þann flokk, áður en vitað varð, hvort hann hefði meiri hluta eftir kosningar. En að jeg gekk í flokkinn, ásamt öðrum góðum manni, mun hafa hjálpað til, að flokkurinn fjekk meiri hluta. — En hvað sem því líður um skriðdýrið, hvort það er eingetið eða ekki, þá er þó hitt víst, að hv. þm. Dal. er sjálfgetinn, og hefir þar með sannað kenningu Aristotelesar og Gríms skálds.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er óþarfi fyrir mig að segja margt. Hv. þm. eru hættir að hlusta á þessar umr. Jeg get því eins vísað þeim, sem lesa um mál þetta í Alþt. á sínum tíma, til þess, er jeg hefi áður sagt. Jeg vil þó minna hv. þm. Ísaf. á það, vegna ummæla hans um að kaupgjald færist seinna niður en vöruverð, að það fer þó eftir því, hvort geta er til að kaupa vinnuna. — Þetta, um verðmæti vinnu, sem enginn kaupandi er að, minti mig á málverkasafn, sem var virt á 60 þús. kr. En málarinn varð þó að „slá“ mann, er skoðaði safnið, um „5-kall“. Það er ekki nóg, að kaupgjaldið sje hátt, ef enginn kaupandi fæst að vinnu verkamanna, eins og að jafnaði hendir á hækkunartímum. Og mig skyldi ekki undra, ef hækkað verður gengið, þótt hv. þm. Ísaf. ætti eftir að koma hjer fram fyrir Alþingi og biðja um sinn „5-kall“, sinar 100 eða 500 þús. kr., til að ráða bót á hörmung atvinnuleysisins.

Hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Skagf. komu með fyrirspurnir um það, hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar um erlendar lánsheimildir, sem þeir töldu nauðsynlegar, ef gengið verður fest. — Mín skoðun er sú, að til þess að festa gengið þurfi ekki að gera fyllri ráðstafanir um inneignir erlendis en þjóðbankanum er skylt að gera á hverjum tíma án afskifta þingsins. Og mjer er kunnugt um það, að Landsbankinn telur lánstraust sitt svo traust, að hann geti gripið til þess á hverjum tíma, ef á liggur. — En ef hv. þm. teldu samt þörf á því, að þingið veitti Landsbankanum nýja heimild til þessa, þá er altaf hægt að koma henni inn í sambandi við fjárlögin. Það skaðar þá ekkert, þótt það verði ónotað. En jeg held að þess þurfi ekki. — Aðalatriðið er það, að nú er gott árferði, inneignir og lánstraust erlendis. Þegar fest er, verður það höfuðatriðið að halda verðlaginu hjer í jafnvægi við verðlag í öðrum löndum. Og undir því, hvernig það tekst, fer um öryggi gengisins. Það er útlánspólitik bankanna og verðlagsjafnvægið, sem varðveitir hið raunverulega gengi.

Hv. þm. Ísaf. talaði með tæpitungu um kaupmáttarjafngengið, eins og einhvern dularfullan hlut, enda mun honum það lögmál jafnskiljanlegt og

sjálft gengismálið. Þá vildi hv. þm. Ísaf. rota mig með því að minnast á Rúmeníu. Jeg þarf varla að svara því. Rúmenía hefir verið alt öðruvísi stödd en Ísland. Greiðslujöfnuður hefir verið mjög óhagstæður þar, mismunur um 2 milj. £ á ári og farið versnandi. Og hvar sem þeir hafa leitað eftir lánum, þá hefir þeim verið bent á, að þeir yrðu fyrst að verðfesta þjóðarbúskapinn. Og eftir því, hvernig þeim tækist það, mundu lánskjörin fara. Þeirra ástæður hafa verið aðrar og erfiðari en annara þjóða og því ekki sambærilegt. Gamanmyndablöð álfunnar hafa líka verið full af myndum af sendimönnum Rúmena, sem hafa verið að leita eftir lánum við hin óliklegustu tækifæri. Þetta kemur ekki öðrum við en þeim, sem halda, að hjer þurfi alt að gera, sem þarf að gera einhversstaðar annarsstaðar, eða að hjer eigi alt hið sama við og annarsstaðar. Það klingir altaf við, að einhver hafi gert þetta, eða að einhver hafi haldið þetta o. s. frv., þótt það komi okkur ekki hið minsta við vegna breyttra ástæðna. Jeg hefi sannarlega ekki gert of mikið úr örðugleikum þeim, sem fylgja hækkuninni. Jeg þarf ekki annað en benda hv. þm. Ísaf. á eitt fyrirtæki, sem sett var af stað með hjálp þingsins í fyrra, Samvinnufjelag Ísfirðinga. Ef hækkað væri gengið, eins og hv. þm. Ísaf. vill, þá hækkuðu lán þess fjelags um ⅕ og það ætti einnig á hættu að fá ⅕ minni arð en sem svarar framleiðslukostnaði. Það fjelag yrði áreiðanlega hart úti. Jeg hefi sannarlega ekki gert of mikið úr erfiðleikunum. Jeg vil sjerstaklega benda á bændastjettina. Meðal búskaparaldur bænda mun vera undir 30 ár. Síðan ástand þetta hófst, eru nú liðin 15 ár. Hefir því helmingur bænda hafið búskap á þeim tíma. Eiga þeir siðferðilega kröfu á því, að verðfest sje.

Hjer er ekki um neitt stefnumál að ræða, að vilja altaf vera að lækka og verðfesta lægra og lægra, eins og hv. 1. þm. Reykv. virtist gefa í skyn. Hann hjelt því fram, að hjer væri ný stefna að gægjast fram, og ef hún sigraði, þá mætti búast við því, að stýft yrði 5.—10. hvert ár úr því. En þetta er vitanlega fjarstæða og ekki frekar hægt að segja það en t. d. að hægt væri að segja um þingmann, að ef hann opnaði munninn til að tala, þá gæti hann ekki lokað honum aftur. Hefði sú fullyrðing þó meira til síns máls miðað við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál.

Jeg vil enda þessi orð mín — og væntanlega þessa umr. — með þakklæti til hv. 1. þm. Skagf. fyrir framkomu hans í þessu máli. Jeg hefi skilið hann svo, að hann væri ekki mótfallinn því, að verðfesta núverandi gjaldeyri og verðlag, og það er aðalatriðið. Jeg er ekki svo fælinn, að jeg firtist við það, sem kalla má hjegóma í þessu máli. Það er máske vorkunnarmál, þótt sumir óski eftir að fá þá gömlu krónu aftur, þó verðfest yrði. Það er líkt og þegar Njáll breiddi slæðurnar yfir gullið á Alþingi.

Nú hefst nýr þáttur í þessu máli, þar sem farið verður að yfirvega það í n. og koma þá til álita þær leiðir, sem sigurvænlegastar teljast. Skal málið ekki af mínum völdum stranda á aukaatriðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var útbýtt nál. frá 1. minni hl. fjhn., á þskj. 537, á 65. fundi, 10. maí, nál. frá 2. minni hl., á þskj. 591, á 66. fundi, næsta dag, nál. frá 3. minni hl., á þskj. 599, og á 70. fundi, 16. maí, nál. frá 4. minni hl., á þskj. 663. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 20. fundi í Nd., 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfjelög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólarjettindum (þmfrv. A. 98).

Á 24. fundi í Nd., 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Jónsson): Það getur ekki talist nein nýjung, þó komið sje með frv. um nýjan skóla fyrir eitt eða annað hjerað, þar sem skólar hafa eigi verið til áður. En það er nýjung að koma fram með skóla í því sniði, sem þetta frv., á þskj. 98, bendir til.

Einatt heyrast raddir um það, að kostnaður við skólabyggingar og skólarekstur hjer í landi, sje vaxinn ríkissjóði yfir höfuð, og skal jeg ekki vera fjarri því að samþykkja það. En jeg vil vænta þess, að á þessum jafnrjettistímum geti þau hjeruð landsins, sem verst eru sett, búist við að fá sínum kröfum framgengt á undan aukakröfum annara, sem þó hafa nokkur not skóla áður.

Á þessu þingi hefi jeg veitt eftirtekt 3 skólafrv.: Stjfrv. um hjeraðsskólana 4, á Núpi, Laugum, Hvítárbakka og Laugarvatni, og auk þess eru tvö þingmannafrv., annað um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, hitt um alþýðufræðslu á Ísafirði. En þetta er Rangæingum ónóg og bætir að engu úr þörf þeirra.

Full 20 ár eru síðan að austurhjeruðin, einkum Árnes- og Rangárvallasýslur, fóru að finna til þess, að tilfinnanlega vantaði lýðskóla á þessu svæði. Ríkti þá sú skoðun í margra hugum, að tiltækilegast væri, og jafnvel nægilegt til úrlausnar, að sýslurnar báðar, og helst Vestur-Skaftafellssýsla líka, sameinuðu sig um einn skóla allar. En þessi leið reyndist ekki fær vegna sundrungar milli þessara sýslna og innan þeirra. Ýmsra ráða var leitað og samkomulagstilraunir voru margítrekaðar, valdar sameiginlegar nefndir til þess að velja skólasetur, safnað loforðum um fjárframlög í báðum sýslum, Árnes og Rangárvalla o. s. frv., en alt varð til einskis.

Því er nú svo komið, að Rangæingar eru knúðir til að koma fram með kröfu um sjerstakan skóla. Skóli er þegar reistur að nokkru leyti á Laugarvatni, en ekki búist við, að aðrir en

Árnesingar hafi hans not svo að fullu gagni komi.

Þegar málið var komið í þetta öngþveiti, skaut sýslunefnd Rangárvallasýslu á aukafundi, í nóv. s.l. Hafði þá oddviti sýslunefndar, sem frá upphafi hefir mestan áhuga haft á skóla- og velferðarmálum sinnar sýslu, undirbúið málið fyrir fundinn, eins og það kemur nú fyrir sjónir hv. þm. í Nd. Alþingis. Á þeim fundi hlaut það samþykki meiri hluta sýslunefndar í fyrsta sinn. Og eftir áskorun fundarins höfum við, þm. Rang., leyft okkur að flytja það hjer.

Frv. virtist sýslunefndinni vera rækilega undirbúið. Er greinargerðin sjerstaklega skýr og glögg, og mun ekki annara skýringa við þurfa. Jeg hygg það óþarft, að hafa hjer eftir efni grg. og mun það varla verða til að breyta skoðun nokkurs þm., en jeg vænti þess, að þeir gefi sjer tíma til að lesa hana og myndi sjer skoðun eftir því. En hitt ætla jeg ekki að gera, að fara að tyggja upp skrifuð skjöl í löngum ræðum.

Jeg vænti, að málinu verði vel tekið, er nú loks hefir verið færi á að bera það fram hjer á Alþingi. Óska jeg, að því verði vísað til 2. umr. og hv. mentmn.

Það er glegst fyrir þá, er ekki hafa lesið alt frv., að líta yfir 2. gr. þess. Þar er aðalatriðið fólgið, auk þess sem athugasemdirnar skýra það á ýmsan hátt.

Jón Ólafsson: Það lítur út fyrir, að hv. þm. Rang. sjeu hjer byrjaðir að inna af höndum þá þegnskylduvinnu, sem þeim ber.

Hv. flm. gat þess, að frv. þetta væri borið fram fyrir tilmæli sýslunefndar Rangárvallasýslu. En jeg veit þó ekki betur en aðeins lítill meiri hluti sýslunefndar standi bak við málið. Jeg veit ekki betur en atkvæðagreiðslan hafi sýnt, að menn eru síður en svo samhuga um að leggja þessar kvaðir á sjálfa sig, sem frv. fer fram á. Það hefir margoft verið felt að sinna nokkuð þessu máli, og nú gat ekki einu sinni sýslunefnd orðið sammála um það, hvað þá sýslubúar. Það er því harla lítil ástæða til að bera málið fram hjer á Alþingi. Þetta er aðeins einn þáttur í þeim skrípaleik, er leikinn hefir verið með málið, frá því það kom fyrst fram.

Við því má búast, að nái frv. samþykki hjer, þá valdi það sundrung og ágreiningi innan sýslunnar, er það á að fara að koma til framkvæmda. Það þarf ekki annað en líta á 1. gr. til að sjá, hve grátt sýslubúar verða leiknir. Það má að vísu segja, að þetta verði til að ljetta byrðina á ríkissjóði. En það er einkennilegt, ef Rangæingar ætla að fara að bera þá umhyggju fyrir ríkissjóði, að þiggja ekki sinn hlut úr honum, sem fáanlegur er.

Skólinn er ætlaður sveitapiltum aðeins, en stúlkur eru útilokaðar. Annarsstaðar á landinu telja menn þó nauðsynlegt, að meyjar eigi jafn greiðan aðgang að skólum sem piltar. Í framkvæmdinni mundi frv. skapa gífurlegt misrjetti. Ef einhver gæti ekki gengið á skólann, gæti annaðhvort ekki lært, eða hefði ekki ástæður til að sækja skólann á næsta vetri, þá verður hann samt að vinna í 7 vikur að vorlagi, þótt hann njóti einskis í staðinn. Jeg veit ekki hve fórnfúsir Rangæingar kunna að verða. En hitt

veit jeg, að sum heimili mega alls ekki vera án vinnukrafts þessara manna að vori til. Þetta verður því hreint og beint fjárhagslega ægilegt fyrir sýsluna. Nú sem stendur er lítið um vinnukraft í sveitum; hann er víða svo lítill, að bændur fá varla undirbúið jarðir sínar undir sumargróðurinn fyrir fólksleysi. Ef búin eiga svo að missa alla 18 ára unglinga sýslunnar frá vorvinnu, þá eru þau komin í öngþveiti. Fyrir utan það sem piltar eiga að afplána í krónum, þá er þetta svo mikill skattur á hjeraðsbúa, að jeg fæ ekki trúað því, að hv. flm. meini að leggja þetta á þá.

Frv. er alt innvafið hugsanavillum. Það er varla þess vert, að rífa það niður. Í 5. gr. er gert ráð fyrir 4 kennurum, þar á meðal heimspekingi og matreiðslukennara. En þó er ekki gert ráð fyrir, að stúlkur hafi aðgang að skólanum! Síðar meir má reyndar leyfa að halda dálítið námskeið fyrir þær. Svona má lengi halda áfram. Frv. er yfirleitt fjarstætt því, sem almennt er hugsað, og ekki bygt á heilbrigðum grundvelli.

Það hefir leikið orð á því í seinni tíð, að ekki hafi verið sjálfrátt, hvernig skólamálið var rekið þar eystra. Þegar rætt var um samskóla, þá voru Rangæingar á móti því. Þegar talað er um að þeir fái sjerskóla í nýtísku mynd, þá koma þeir fram með þetta frv. Jeg held, að ekki sje hægt að ályktа annað af þessu en það, að Rangæingar vilji engan skóla. Því ef nokkuð getur orðið til að ónýta skólamál þeirra, þá er það þetta frv.

Jeg hefi að vísu ekki á móti því, að frv. þetta gangi til n. Jeg tel það sjálfsagði kurteisi við hv. flm. En helst vildi jeg fá það loforð hjá hv. n. um leið, að láta það aldrei skjóta upp kollinum hjer í deildinni aftur.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg held að hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hafi verið full harðorður um frv. þetta. Því munur er á því, hvort frv. þarf breytinga við, eða er með öllu óþarft. Jeg vil taka undir það, að þó að hjer sje farin nýstárleg leið, þá er sjálfsagt að vísa því til mentmn. Yfirleitt lít jeg svo á, að þegar sýslunefnd biður um heimildarlög, þá sje spurning, hvort hún eigi ekki að fá þau, hvernig sem hv. þm. kunna að líta á þau lög. En þá leiddi af sjálfu sjer að lögin næðu ekki nema til Rangárvallasýslu.

Jeg verð að játa, að þessi leið er töluvert erfið. Ein gr. frv. snertir sjerstaklega ríkissjóð, og þar verða aðalerfiðleikarnir fyrir þingið. Ef heimildarlögin væru gefin, þá gæti sýslan farið fram á, að landið bygði skólahús, án nokkurs framlags frá hjeraðinu. Og þó sýslan ætli sjer nú að standa allan straum af skólahaldinu, þá gæti samt svo farið, að hún yrði þess ekki megnug síðar. Aðalagnúinn eru þessi eftirkaup, sem af frv. kynnu að leiða. Hinsvegar er þó þess að gæta, að höf. frv. mundi aldrei leggja þetta til, ef hann væri ekki ákveðinn í að halda áfram, meðan hans nýtur við. Afskifti hans af öðrum málum eru kunn að því, að hann lítur ekki síður á hag landsins en hjeraðsins.

Þó hjer sje um nýja leið að ræða, þá er þó rjett að fara fram á, að hún sje rannsökuð. Og jeg álít rjett, að hjeraðið fái þessi heimildarlög, með þeim skilyrðum er tryggja hagsmuni landsins. Það er ekki aðeins eðlileg

kurteisi við hv. flm. að vísa málinu til n., heldur engu síður við þann mann, er barist hefir fyrir málinu. — Margir kunna að líta svo á, að málið verði óframkvæmanlegt; en hinu verður ekki neitað, að það hefir verið borið fram af hugsjónaástæðum, og verðskuldar því að vera vel tekið, hvernig sem menn kunna að líta á stefnu þá, sem í því felst.

Magnús Guðmundsson: Jeg get tekið það fram, að jeg hefi ávalt verið hlyntur þegnskylduvinnuhugmyndinni. Mjer finst frv. vera spor í þá áttina, og þó það væri ekki annað, þá er það nóg til þess, að jeg vil að málið fari í nefnd. Mjer fanst háttv. dómsmrh. tala svo um málið, að það væri eingöngu af kurteisi, að hann vildi hleypa því til 2. umr. En jeg hygg, að málið sjálft sje vissulega þess vert, að vera gaumgæfilega athugað og rannsakað af n. Jeg vil láta málið fara í nefnd, og sje því ekki ástæðu til að ræða það frekar nú, en vil þó geta þess, að jeg geri það ekki af kurteisi við flm., heldur af hinu, að jeg álít, að það hafi þann kjarna inni að halda, að vert sje að taka það til athugunar. Jeg vil að endingu drepa á eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Hann sagði, að allir unglingar væru skyldir til að fara í þennan skóla, en að mínum dómi er því ekki svo farið, t. d. getur það ekki náð nokkurri átt með þá, sem sækja aðra skóla, eins og t. d. Mentaskólann.

Hannes Jónsson: Jeg vil taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að jeg lít svo á, að í frv. felist að nokkru leyti sú stefna, að nauðsynlegt sje að veita sýslufjelögunum heimild til að koma á þegnskylduvinnu. Í Vestur-Húnavatnssýslu, eins og svo mörgum öðrum hjeruðum landsins, bíða ótal mörg verkefni eftir fjármagni til framkvæmda: Brýr og vegir, símar og hverskonar samgöngubætur; alt er þetta á byrjunarstigi. En augu almennings eru farin að opnast fyrir því, að nauðsyn beri til frekari framkvæmda á þessu sviði en verið hefir. Það sem stendur í vegi, er fjárskortur, og því er það, að margra hugir stefna nú til þegnskylduvinnunnar þessum málum til framdráttar. Mjer hefir t. d. nýlega borist erindi frá tveimur mjög merkum bændum í mínu hjeraði, þar sem þetta er gert sjerstaklega að umræðuefni.

Jeg álít, að frv. þetta, ef að lögum verður, geti orðið góður prófsteinn á gildi þegnskylduvinnunnar í þjónustu framfaramála sveitanna. Og þó að jeg telji ýms ákvæði í frv., sem vita að skólanum sjálfum og starfssviði hans, öðruvísi en þau ættu að vera, þá mun jeg samt greiða því atkv., af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi nefnt.

Flm. (Einar Jónsson): Jeg hefi nú að vísu ekki margar aths. að gera við ræður hv. þm., en þó þarf jeg að víkja nokkurum orðum að góðvini mínum, hv. 3. þm. Reykv. Hann, sem er vanur að leggja gott til allra mála og tala hlýlega í garð gamalla sýslunga sinna, brá nú út af vana sínum og fór ýmsum neyðarlegum orðum um frv. það, er hjer liggur fyrir, og kallaði það meðal annars skrípaleik. Það getur það ekki talist, þótt sýslubúar leiti aðstoðar og ráða Alþingis. Hv. þm. vjek og að því, að öll sýslunefndin yrði að

vera sammála, þegar um slik mál sem þessi væri að ræða, en hann er nú svo reyndur maður, að hann veit, að erfitt getur reynst að fá alla til að vera einnar skoðunar í þessu máli sem fleirum, og þess er ekki langt að minnast, að hann sjálfur gat ekki orðið öðrum sammála í einu stórmáli, sem fyrir lá, og skar sig úr. Þetta er því óframbærileg ástæða, og hún dregur ekki hót úr gildi frv., og það tekur ekki að álasa sýslubúum fyrir það, þótt þeir sjeu ekki allir á eitt sáttir um þetta mál, þegar hitt er vist, að allir eru sammála um, að þörf sje fleiri skóla en nú er, þar eð einu skólarnir, sem í sýslunni eru og hægt er að telja, eru aðeins tveir barnaskólar, en annars er barnakenslan mjög erfið viðureignar, þar eð farandkennara er mjög ilt að fá vegna strjálbýlis og erfiðrar aðstöðu á margan hátt.

Hv. 3. þm. Reykv. fann einnig að því, að frv. þetta heimilaði piltum einum aðgang að skólanum, en stúlkur væru þar útilokaðar, en í greinargerðinni er þó gert ráð fyrir því, að stúlkur fái þar líka inngöngu og nemi það, sem kann að koma þeim að notum. Þetta hefði hann getað sjeð, ef hann hefði kynt sjer greinargerðina. Þá talaði hv. þm. um, að hann teldi það vafasamt, hvort sýslubúar hefðu af frjálsum vilja og ráðnum hug gengist undir það, að ljetta byrðum af ríkissjóði, en íþyngja sjálfum sjer, og að vísu má margt um það segja. Reynsla er ekki ennþá fengin fyrir því, hvort hjer sje um verulegan kostnað að ræða, þar sem skólinn er ekki ennþá kominn á laggirnar. Það kaup, sem menn við skólaskylduvinnuna ynnu fyrir þessar 7 vikur, ætti samkvæmt núverandi kaupgjaldi að samsvara þeim skólagjöldum, sem verið hafa fyrir hvern einstakling í samskonar skólum. Því hygg jeg, að ekki geti verið að ræða um neinn verulegan kostnað fram yfir það, hvorki frá hjeruðum nje ríkissjóði. Hv. þm. gat einnig um það, að vinnuskylda gæti verið mjög bagaleg fyrir bændur, á þessum tíma árs, og skal jeg játa, að svo gæti orðið í sumum tilfellum.

Hv. 1. þm. Skagf. tók það rjettilega fram, að hjer er aðeins um vinnuskyldu að ræða, en ekki skólaskyldu. Hver 17—18 ára unglingur á að vinna þegnskylduvinnu 7 vikur að vorinu, og svo er þeim öllum heimilt að njóta ókeypis kenslu við skólann næsta vetur, ef þeir kæra sig um það, en annars fá þeir ekkert fyrir vinnu sína, nema gagn það og gleði, sem vinnan hefir veitt þeim. Mjer þótti það satt að segja nokkuð vafasamt þakklæti, sem hv. 3. þm. Reykv. ætti skilið, er hann kvaðst ætla að vera frv. fylgjandi til nefndar, af kurteisisskyldu við okkur flm., en gat þess um leið, að hann vonaði, að það skyti hjer aldrei framar upp kolli í þessari deild; þetta virðist mjer nokkuð hæpin kurteisi, og slíkt kurteisishjal fellur alveg um sjálft sig sökum fyrri ummæla hans, en jeg hefði heldur óskað, að hann væri fylgjandi frv. þessu af öðrum ástæðum. Jeg er þakklátur hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Skagf., þar eð þeir álitu að frv. þetta væri vert þess, sökum innihaldsins eins, að fara í nefnd. Jeg mun standa við þau orð, er jeg sagði í fyrri ræðu minni, þegar jeg gat þess, að jeg ætlaði mjer að vera stuttorður, og ætla mjer því ekki að fara að sið mælskumanna og vitna

í greinargerðina og rekja sögu málsins eða aðdraganda. Með því móti hefði eflaust mátt halda langa ræðu, en jeg mun þó láta þetta nægja.

Jón Ólafsson: Hv. flm. hneykslaðist á því, að jeg, sem hafi sýnt að mjer sje vel við Rangæinga, skuli vera andvígur þessu frv. En jeg get lýst yfir því, að mjer sárnaði, að komið var með jafn þýðingarmikið mál og þetta inn á svo hættulega braut, þar eð jeg get ekki sjeð annað, en að þetta verði eingöngu til niðurdreps, eða seinki málinu mjög, þannig, að því, sem þeir hefðu getað gert, verði ekki komið í framkvæmd.

Þessi sýsla virðist sýna það ljóslega, að hvorki sýslumaðurinn nje ráðandi menn sýslunnar geri þær kröfur til sýslusjóðsins, sem margar aðrar gera, en því er nú svo farið, að þar sem ekki er góð forysta í slíkum málum, gætir mjög uppdráttar, enda víða sjáanleg merki þess. Þetta er það, sem mjer gremst, og þar sem hægt er að fara happasælli leið, álít jeg að hana ætti frekar að taka, t. d. mætti án efa fá helming þess fjár, sem til byggingarinnar þarf, frá ríkissjóði, og veit jeg ekki betur en fyrirheit sje um það frá hæstv. dómsmrh., en það tækifæri er ekki notað, og ekki haldið í áttina til þess. Með þessu eru sýslubúar að taka á sig æfilangt meiri kostnað en þeir veigruðu sjer upphaflega við, þegar rætt var um samskóla með Árnesingum, og enn meiri kostnað en sjerskóli með sama sniði og nú tíðkast mundi baka þeim. Þá er hitt, að þeir geta ekki risið undir byrðinni, verður þá ríkið að taka við öllu saman. Jeg býst ekki við, að hjer sje um illvilja að ræða frá hendi forystumannanna, en það verð jeg að segja, að mjög hefir verið flasað að þessu máli, en jeg vona að forsjónin taki í taumana og varni því, að þetta nái að komast í framkvæmd. Það myndi líka verða ákaflega bagalegt fyrir bændur, ef vinnukrafturinn væri tekinn frá þeim að vorinu, þegar þeir þurfa einna mest á honum að halda, svo að af þeim ástæðum gæti atvinnuvegur þeirra ekki borið þann arð, sem annars mætti af honum heimta. Fyrst og fremst lendir þetta harðast á þeim, sem eru að reyna til að bjarga sjer, en hafa máske ekki annan vinnuafla en þann, sem unglingar geta veitt, og yrði þetta því til þess að leggja alt í rúst. Hv. 1. þm. Rang. talaði um, að hann áliti, að það væri þegnleg skylda sín við kjósendur sína að bera mál þetta fram hjer í þinginu, en jeg hygg, að það hafi nú ekki munað svo miklu innan sýslunefndar, hvort mál þetta næði þar framgöngu, að um þessa skyldu geti verið að ræða, því að mjer segir svo hugur um, að atkv. hv. þm. hafi ráðið þar úrslitum, og hann hafi verið málinu samþykkur af hlýðni við yfirboðara sinn, og jeg lái honum það ekki, en jeg efast um, að það sje holt fyrir yfirboðarann, að mál þetta hefir komist inn á þessa braut, þar sem fjöldinn af sýslubúum mun vera málinu, í þessari mynd, algerlega mótfallinn. Ennfremur mintist hv. þm. á það, að allir piltar á aldrinum 17—18 ára ættu að inna þessa vinnu af hendi, og þeir einir fengju hana endurgoldna, sem sæktu skóla þennan, en jeg hygg nú, að hv. þm. myndi þykja það hart,

ef hann ætti sjálfur son, t. d. í Mentaskólanum, að þá yrði hann samt áður að inna vinnu þessa af hendi án alls endurgjalds.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt nál. minni hl. mentmn., á þskj. 446, og á 60. fundi, 3. maí, nál. meiri hl. mentmn., á þskj. 511. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Háskólakennarar.

Á 20. fundi í Nd., 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um háskólakennara (þmfrv. A. 99).

Á 22. fundi í Nd., 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Mál þetta er svo einfalt, að allir hljóta að sjá við hvað er átt, er því ekki þörf á að hafa langa framsögu fyrir því. Dócentsembættin öll við háskólann hjer eru þannig, að þeir sem í þeim eru, verða að hafa eins mikla kenslu á hendi og sumir alveg samskonar kenslu og prófessorarnir. Starfið er því hið sama, en laun dócentanna eru minni. Nú er ekki farið fram á að breyta dócentsembættunum í prófessorsembætti, heldur er hjer farið fram á að dócentar fái sömu rjettindi og prófessorar, þegar þeir hafa náð lágmarkslaunum þeirra, eða eftir 6 ára starf. Er þetta mjög svipað fyrirkomulag eins og við mentaskólann, þar sem adjunktar verða yfirkennarar á ákveðnum árafresti. Jeg býst nú við, að allir hv. þm. sjeu mjer samdóma um það, að hjer sje um rjettlætiskröfu að ræða. En það, sem þá er um að gera, er það, hvort hv. þingmenn láta sjer vaxa í augum þann litla kostnað, sem breyting þessi kann að hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð. Því að þess ber líka að gæta, að venjulega komast menn ekki að háskólakennaraembættum fyr en þeir eru orðnir nokkuð fullorðnir. Getur því tæplega orðið um langan tíma að ræða, sem dócentarnir væru í hærra embætti sökum þessarar breytingar. Til þess að vinna nokkuð upp af þeim kostnaðarauka, sem af þessu kynni að leiða, vil jeg benda á, án þess þó að jeg vilji nokkuð til þess hvetja, að breyta mætti til í lagadeildinni, taka þar upp eitt dócentsembætti í stað eins prófessorsembættisins, sem nú er. Umsókn þessi kom frá dócentunum í fyrra, en var þá ekki borin upp í þinginu sökum þess, að þá var í einu þessu embætti maður, sem ekki var í náðinni hjá núverandi stjórn, en nú er honum vikið burtu um stundarsakir að minsta kosti, og þessvegna er málinu nú hleypt inn í þingið.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar, en óska að málinu verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 58. og 61. fundi í Nd., 1. og 4. maí var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskra.

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 99, n. 400).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Meiri hl. fjhn. hefir fallist á frv. þetta og telur ekki nema sanngjarnt, að þeir menn, sem lengi eru búnir að kenna við háskólann með lágum dócentslaunum, hækki á sínum tíma upp í prófessorslaun. Þetta hefir verið gert víða við erlenda háskóla og gefist vel. Þar hafa slíkir menn verið gerðir að óreglulegum prófessorum, ef embætti hafa ekki verið til handa þeim.

Af fjárhagslegum ástæðum sá meiri hlutinn sjer ekki fært að veita þessum mönnum hærri laun en það, að samanlögð laun og aukatekjur embættisins verði jafnt prófessorslaunum. Og verði þessi brtt. samþykt, þá eru það aðeins tveir menn við háskólann nú, sem koma til með að fá þessa hækkun.

Halldór Stefánsson: Við tveir nefndarmenn fjhn., hv. þm. V.-Húnv. og jeg, höfum ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar um frv. þetta., en við höfum ekki borið fram neitt nál., og þyki það betra, vil jeg biðja hv. deild afsökunar á því.

Frv. þetta er í rauninni launahækkunarfrv., en borið fram með öðrum ástæðum. Það hefði því átt að berast fram með þeim ástæðum, að laun dócentanna væru of lág, og því þyrfti að hækka þau, en það hefir ekki þótt sigurvænlegt að reifa það á þann hátt. Í frv. er farið fram á, að dócentarnir verði prófessorar, þegar þeir hafa setið í embætti í 6 ár, og að laun þeirra haldi þá áfram að hækka eins og laun prófessora. Mun það ekki vera aðalástæðan fyrir flutningi frv., en ekki hitt, að óvirðing þyki í dócentstitlinum?

Annars getum við, minni hl. fjhn., ekki fallist á, að laun dócentanna sjeu þeim mun lægri en laun annara sambærilegra embættismanna, að rjett sje að taka þá út úr til launabóta nje heldur hitt, að titillinn sje þeim ekki viðunandi, og sjáum því ekki, að ástæða sje til að fallast á frv. þetta.

Magnús Jónsson:* Jeg skal ekki gefa ástæðu til mikilla umræðna um þetta mál, en jeg vil aðeins þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu þess. Það er ljóst, að sum árin hefir þessi breyting enga fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóðinn, en sum árin getur hún aftur kostað hann 1000 kr. til tveggja manna, hvors um sig, því að breyting þessi gengur í þá átt, að dócentar fái lágmarkslaun prófessora þegar þeir eru búnir að vera 6 ár í dócentsembættinu. Er ekki farið fram á þetta vegna nafnbóta, eins og hv. 1. þm. N.-M. virtist helst halda, heldur af því, að það er sanngirniskrafa, því að það er ósanngjarnt, að sumir dócentar fái kannske prófessorsembætti nærri strax, en aðrir verði að bíða í 20 ár eða meir. Þegar ekki þarf meira að gera en þetta, til þess að bæta úr órjetti eða misrjetti, þá vænti jeg, að hv. deild samþykki frv. eins og meiri hl. fjhn. leggur til.

Hannes Jónsson:* Til viðbótar því, sem hv. 1. þm. N.-M. tók fram, vil jeg segja það, að mjer finst óviðkunnanlegt að gera dócenta háskólans að prófessorum fyrir þær sakir einar að hækka beri laun þeirra. Það mætti alveg eins hækka laun þeirra, án þess að þeir væru

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

gerðir að prófessorum. Hv. 1. þm. N.-M. tók það rjettilega fram, að með breytingu á launum þessara manna gæti komið fram ósamræmi við laun annara hliðstæðra embættismanna, og mætti því búast við, að kröfur um bætt launakjör kæmu frá fjölda embættismanna.*

Magnús Jónsson:** Jeg verð að segja það, að jeg fylgdist ekki vel með því hvað hv. þm. V.-Húnv. átti við í ræðu sinni. Mjer virtist hann tala eins og hjer væri um eitthvert afskaplegt háskólabákn að ræða með mörgum prófessorum og dócentum. Hv. þm. talaði eins og hjer væri um eitthvert stórt og vandasamt mál að ræða. En því fer fjarri, að svo sje. Hjer er í rauninni um mjög einfalt mál að ræða.

Þegar háskólinn hjer var settur á stofn, þá voru þrjú kennaraembætti ákveðin við hverja deild hans. Og til þess að spara fje, var ákveðið, að eitt þessara þriggja embætta skyldi nefnt dócentsembætti. Þetta var eingöngu gert til sparnaðar, því annars var námsgreinunum skift jafnt á milli þeirra þriggja manna, en máske hefir verið gert ráð fyrir því, að einn þeirra væri jafnan yngstur, og þá afsakanlegra að láta hann fá lægri laun. Þannig var það í þremur deildunum. En í lagadeildinni voru strax ákveðnir 3 prófessorar, og mun það hafa stafað frá ýtnum manni sem keyrði það í gegn. Nú fer jeg alls ekki fram á það, að stofnað verði þriðja prófessorsembættið við þessar deildir, heldur aðeins, að eftir 6 ára starf sjeu dócentarnir gerðir jafnir að launum við prófessorana og þá líka nefndir því nafni. Prófessorastarfinu fylgir talsverð aukavinna. Þeir verða stundum að koma fram fyrir deildarinnar hönd, vera deildarforsetar og starfa í háskólaráði. Mjer skildist helst á ræðu hv. þm. V.-Húnv. að hann hjeldi, að prófessorsnafnbótin væri einhver sjerstök fríðindi. En það er nú eitthvað annað. Því fylgir einmitt aukavinna og svo vitanlega rjettur til hærri launa eftir því sem árin líða. Menn verða ekki prófessorar við það að hækka í launum, eins og mjer fanst hv. þm. halda, heldur er það þvert á móti, að menn hækka í launum við það að verða prófessorar. Það er að sínu leyti eins og það, að sólin kemur ekki upp af því að birtir, heldur birtir af því að sólin kemur upp.

Hv. þm. V.-Húnv. fanst eðlilegra að hækka bara laun dócentanna. En það er eðlilegt, að prófessorar hafi hærri laun en dócentar. Eftir frv. verða þeir búnir að starfa að kenslu í 6 ár áður en þeir verða próf. og á þeim 6 árum hafa þeir fengið reynslu í starfi sínu. Það tryggir það, að þeir verði æfðir í starfinu. Og þá fyrst eiga þeir líka að fá hærri laun. Hækkun á launum dócentanna mundi skapa ósamræmi, því laun þeirra eru nú í samræmi við laun annara embættismanna. En hitt er eðlilegt, þegar þeir hafa starfað 6 ár og fengið prófessorsnafnbót, að laun þeirra sjeu þá í samræmi við laun annara prófessora. Þetta er alveg í samræmi við það, sem er í mentaskólanum. Þar byrja menn sem adjunktar og hækka svo eftir vissan árafjölda í það, að verða yfirkennarar, í stað þess að þurfa að bíða eftir því, að yfirkennaraembætti losni. Yfirkennararnir þar geta því verið misjafnlega margir, stundum t. d. 2, stundum 5.

* Ræðulokin vantar í handr. skrifarans.
** Ræðuhandrit óyfirlesið.

Eins verða mismunandi margir prófessorar við Háskólann. Jeg vona að menn sjái, að í stað þess að hækka laun dócentanna og setja þá þar með í sjerstakan launaflokk, þá sje rjettara, að þeir eftir vissan tíma verði prófessorar og taki þar með við þeim auknu skyldum, sem því fylgja. — Það er í raun og veru rjett, að þetta er aðeins launaspursmál. Jeg fyrir mitt leyti hefði helst kosið að vera dócent alla æfi, ef ekki hefði verið launanna vegna. Síðan jeg varð prófessor hefi jeg orðið að starfa í háskólaráði og get orðið háskólarektor þegar vera vill. — Þessu fylgja ómök, sem jeg gjarnan hefði viljað vera laus við, þótt hitt sje ekki nema sanngjarnt að gera öllum jafn hátt undir höfði, sem þessi embætti stunda. En eftir nafnbótinni sækist enginn, enda er hún útlend að nafni og nafnið fremur leiðinlegt. — Og fyrir mig er það í raun og veru hreinasta neyð, sem í mörg ár hefi heitið Magnús Jónsson dócent. Það er hreint ekki svo þægilegt að skifta þannig um nafn, sem við mann er fest. Hv. þm. V.-Húnv. hitti einmitt naglann á höfuðið þegar hann sagði, að þetta væri launaspursmál. Það er það og ekkert annað.

Halldór Stefánsson: Hv. flm. viðurkendi í byrjun og endi ræðu sinnar, að frv. þetta er fyrst og fremst launaspursmál og því einfalt mál. — En mjer fanst hv. þm. sanna betur en við, sem mælt höfum á móti frv., að munur er verulegur á störfum dócenta og prófessora og sje því rjett einnig að gera mun á launum þeirra. Er jeg þakklátur honum fyrir það. Hv. þm. sagði að prófessorar hefðu ýmsar skyldur, ónæði og vinnu, fram yfir það, sem dócentarnir hefðu. Er ekki þarna einmitt sú eðlilega ástæða til þess að gera mun á þeirra launum? — Við höfðum haldið því fram áður, sem erum í minni hl., og nú sagði hv. 1. þm. Reykv. það skýrt og greinilega. — Þá sagði sami hv. þm., að enginn greinarmunur væri gerður á þessu í lagadeildinni og taldi líklegt, að það stafaði frá því, að þar hefði ýtinn maður átt hlut að verki þegar lögin voru sett og keyrt þetta í gegn. Þarna kemur einmitt fram það sanna viðhorf málsins. Í lagadeildinni var það á sínum tíma gert með ósanngirni. Mun nú ekki vera hjer um eitthvað svipað að ræða, þegar verið er að koma þessu fram í hinum deildunum? Þessu verður máske komið fram með atkvæðamagni hjer í þinginu, en ekki með rjettum rökum eða sanngirni.

ATKVGR.
Brtt. 400 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 557).

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Engiqn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 557, n. 638).

Frsm. (Jón Þorláksson): Frv. þetta, sem gengið hefir í gegnum Nd., fer fram á það, að þegar dócentar hafa setið í embætti í 6 ár, verði þeir prófessorar. N. mælir með þessu, af því að henni finst það sanngjarnt, þar sem þeir menn, sem skipaðir hafa verið dócentar, standa að hæfileikum og skilyrðum til að vera háskólakennarar jafnfætis prófessorunum, enda er þeim ætlað jafn-mikið og vandasamt starf og þeim. N. mælir sem sagt með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 557).

Forseti (GÓ): Með því að of skamt er liðið frá 2. umr., vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi afbrigði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg óska eftir, að þetta frv. fylgist með farkennarafrv. og veiti því ekki afbrigði.

Forseti (GÓ): Samkvæmt 54. gr. þingskapanna þarf leyfi hæstv. stj. og samþykki ¾ þd. um afbrigði. Jeg lít því svo á, að ekki þýði neitt að bera þetta undir hv. deild, með því að hæstv. dómsmrh. hefir synjað um afbrigði fyrir stj. hönd.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

22. Verðtollur.

Á 20. fundi í Nd., 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögum (þmfrv. A. 100).

Á 22., 24., 25., 27., 29., 32., 33., 35., 37. og 40. fundi í Nd., 14., 16., 18., 20., 22., 26. og 27 mars, 3., 5. og 9. apríl. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Á síðasta þingi var samþ. hækkun á verðtollinum, sem nam 50 %. 10% flokkur var hækkaður upp í 15% og 20% var hækkað upp í 30%. Var áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessari hækkun mundi nema 200—250 þús. kr. Í sambandi við þessa tollhækkun var lækkaður kaffi- og sykurtollurinn og nam sú lækkun milli 200 og 250 þús. kr. Þá var og stjórninni gefin heimild til þess að innheimta tekju- og eignarskatt með 25% viðauka. — Nú varð útkoma síðasta árs svo góð, að talið er að tekjuafgangur hafi numið 1½ milj. kr. Síðan hefir það verið tilkynt af hæstv. fors.- og atvmrh., að tekju- og eignarskattsaukinn verði ekki innheimtur á þessu ári, heimildin ekki notuð. — Jeg tel að hæstv. ráðh. hafi með þessu brotið í bága við yfirlýstan þingvilja, því vitanlega var tilgangurinn sá með samþykt heimildarinnar, að hún yrði notuð. Hjer í þessu frv. er nú farið fram á það, að afnuminn verði verðtollur af hinni ódýrari vefnaðarvöru, sem verkafólk notar til slitfatnaðar og hversdagsfatnaðar, og þess vegna að mestu er greiddur af hinum fátækasta hluta þjóðarinnar. En sá innflutningur nam:

1924	2,438	þús. kr.
1925	3,425	— —
1926	2,400	— —

Meðal innflutningur þessi 3 ár er því á milli 2,700 og 2,800 þús. kr. á ári. — Nú má gera ráð fyrir því, að innflutningur hafi aukist eitthvað síðan á árunum 1924—1926. En verðlagið hefir líka farið lækkandi, því mun ekki fjarri lagi, að þetta meðaltal muni láta nærri rjettu lagi nú. Til samanburðar má geta þess, að allur innflutningur á vefnaðarvörum og tilbúnum fatnaði mun hafa numið um 8 milj. kr. þessi ár að meðaltali. Ef frv. þetta verður gert að lögum mun það skerða vörutollinn um 100—120 þús. kr., eða þá í mesta lagi um 150 þús. kr. — En nú mundi vera rjett að bæta við þetta ullardúkum til utanyfirfatnaður, í karlmannaföt og kvenkjóla. Hefir innflutningur þeirra dúka numið um 600 þús. kr. á ári. Tollhækkun á því mundi því nema um 90 þús. kr. á ári. Nemur þá öll hækkunin nokkuð yfir 500 þús. kr. á ári. Nú vildi jeg biðja þá hv n., sem mál þetta fær til athugunar, að taka einnig þetta til athugunar. Ef það er gert og frv. gert að lögum, þá verður allur ódýrari fatnaður og fataefni undanþegin verðtolli. Nú eru slitskór og hversdags skófatnaður undanþegnir þessum tolli. Er sjálfsagt að gera þessari tegund fatnaðar sömu skil.

Nú geri jeg helst ráð fyrir því, að þær mótbárur verði færðar gegn þessu frv., að ríkissjóður þoli ekki þennan tekjumissi. Í fjárlagafrv., eins og fjvn. leggur til að það verði samþ., er nú 150 þús. kr. tekjuafgangur. Jeg býst nú að vísu við því, að þetta skerðist eitthvað í meðferð þingsins á frv. En hins er þá líka að gæta, að tekjuliðir frv. eru mjög varlega áætlaðir. Þá er og einn tekjuliður, sem heimilt er og sjálfsagt að nota sjer á næsta ári, ekki tekinn með á fjárl.frv., en það er 25% skattaukinn á tekju- og eignaskatti, sem flutt hefir verið í hv. Ed. Ef frv. um tóbakseinkasölu verður samþ., þá má gera ráð fyrir 200 þús. kr. tekjuauka af því að meðaltali á næstu árum. Mjer telst því svo til, að tekjuaukar ríkissjóðs mættu verða sem hjer segir umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir árið 1930:

Af tóbakseinkasölu	200	þús. kr.
25% viðauki tekju- og eignarsk.	250	— —
Við þetta bæti jeg væntanlegum tekjuafgangi....	100	— —
Samtals	550	þús. kr.

sem er þá nokkru hærra en meðaltals lækkun verðtollsins nemur samkv. frv. mínu. Jeg hefi fremur valið þessa leið en þá, að lækka verðtollinn t. d. úr 15% niður í 10%. Jeg lít svo á, að sumt af því, sem er í þeim flokki, sje ekki ógerlegt að tolla meðan núverandi skattafyrirkomulag helst. En það er engin sanngirni í því að tolla slitföt með alt að 20% háum tolli. Hækkar það verð fatnaðarins um hjer um bil ⅕.

Jeg held, að jeg hafi svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni. Vil jeg mælast til þess, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. flm. þessa frv. hefir nú gert grein fyrir því, að tekjumissir ríkissjóðs muni nema á 5. hundrað þúsund., ef frv. þetta verður gert að lögum. Auk þess taldi hv. flm. rjett að bæta enn við frv. og fella niður toll af einni vörutegund til. Mundi þá allur tekjumissir ríkissjóðs vegna frv. nema yfir ½ milj. kr.

Nú er svo háttað, að bæði í gildandi fjárlögum og eins í fjárl.frv. því, sem nú er í smíðum, er gert ráð fyrir verðtollinum óskertum. Ef því frv. þetta verður gert að lögum, hlýtur að verða eitt af tvennu, að virkilegur tekjuhalli verði á ríkisrekstrinum, eða þá að þingið verður að fella niður eitthvað af útgjöldum ársins 1930, eitthvað af þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir á fjárl.frv. því, sem nú er verið að semja, — svo framarlega sem þingið vill ganga forsvaranlega frá fjárlögunum, sem jeg geri fastlega ráð fyrir að það vilji. Hv. flm. (HG) talaði um, að tekjuhliðin væri mjög varlega áætluð. Það má vera að svo sje. En það getur þó verið álitamál, hvort sú hækkun á tekjuliðum fjárl.frv., sem nefndin gerir till. um, er varleg eða ekki. Og þótt sú uppfærsla sje máske ekki óvarleg, þá ber að gæta þess, að fram undan bíða stór útgjöld, sem ekki er gert ráð fyrir á fjárl. frv. Svo er um kostnað við Alþingishátíðina, sem mun koma fram bæði á þessu ári og árinu 1930. Í þessu sambandi þýðir ekki að tala um tekjuafgang á fjárl. frv. Að vísu er 150 þús. kr. tekjuafgangur á frv. eins og fjvn. hefir skilað því af sjer nú, en bæði er, að engar fjárhæðir eru áætlaðar til útgjalda liða, er munu fram koma, og svo mun bætast við frá þm., ef að vanda lætur. Nú hefir verið einmuna góðæri um hríð, og eru tekjuvonir frv. miðaðar við að það haldist. Ef umskifti verða á árferði til hins lakara, er jeg viss um, að tekjuáætlun fjárl. frv. ber sig ekki. En þótt því mætti treysta, að góðærið hjeldist, þá er og hins að gæta, að þá er einnig góðæri fyrir fólkið, og það þolir þá betur að bera tollana, því að góðu árunum fylgir nóg atvinna, en vondu árunum atvinnuleysi. Er því einnig frá því sjónarmiði rjett að haga svo sköttum, að ekki sje teflt í tvísýnu um jöfnuð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Enda er ekki hægt að sjá það á lífnaðarháttum fólks alment, að það líði nú nokkra þröng.

Nú er enn eitt aðalatriði í þessu máli ótalið. Eins og kunnugt er, þá situr nú á rökstólum milliþinganefnd, skip-

uð af síðasta Alþingi, sem á að gera till. í tolla og skattamálum ríkisins. — Meðan sú nefnd starfar, finst mjer rangt að hreyfa við skattamálunum. Þar með vil jeg ekki segja það, að skattafyrirkomulagið sje svo gott, að ekki megi um það bæta. En mjer finst rjett að bíða eftir till. þeirrar nefndar, áður en farið er að grauta að nýju í því, sem gert var á þinginu í fyrra.

Hv. flm. mintist á frv. það um tóbakseinkasölu, sem fram er komið. En um það er hið sama að segja. Í því á ekkert að gera nú af sömu ástæðu, því það væri enn að grípa fram fyrir hendur milliþinganefndarinnar. Það er meðal annars beint ætlast til, að hún geri till. um einkasölur, sem orðið gætu tekjulind fyrir ríkissjóð.

Jeg býst nú við, að hv. flm. sjái af þessu, að jeg fylgi ekki frv. Legg jeg því til, að hv. deild felli það.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Mjer þóttu undirtektir hæstv. fjmrh. við frv. nokkuð kaldar. Og jeg verð að segja það, að mig furðar það mjög að hæstv. ráðh. skuli leggjast svo ákaft á móti því, að hann leggur til, að það verði felt strax frá 2. umr. Slíkt er óþinglegt mjög, að neita deildinni um að láta n. athuga málið. Hæstv. ráðh. sagði, að fjárl.frv. gerði ráð fyrir þessum tolli, og væri því um tvent að ræða, ef hann yrði niður feldur, tekjuhalla, eða minkun verklegra framkvæmda. En þetta hefir ekki við nein rök að styðjast. Jeg hefi bent á tekjuauka, sem nema líðlega þeirri upphæð, sem niður væri feld, ef frv. verður gert að lögum. Jeg benti á það, að ef frv. um einkasölu á tóbaki verður samþ. og tekju- og eignarskattsviðaukinn innheimtur, eins og lög og þingvilji frá í fyrra ætlast til, þá nemur það um 450 þús. kr. Og verði afgreiðsla fjárlaganna sú, að ekki verði ráðstafað þeim tekjuafgangi, sem nú er á frv., þá stenst sú upphæð öll á við niðurfærslu tollsins eftir þessu frv. Hæstv. fjmrh. sagði, að þó að áætlun fjárl.frv. væri varleg, þá væri því þó ekki að leyna, að árið 1930 mundi hafa ýms óviss útgjöld í för með sjer og átti þar víst við hátíðahöldin miklu. — Mjer finst satt að segja undarlegt mjög, að ekki skuli hafa verið lagðar fyrir þingið neinar till. frá nefnd þeirri, er um undirbúning Alþingishátíðarinnar fjallar, um útgjöld og fjárveitingar í því skyni. Jeg hefi heyrt, að sú nefnd hafi á prjónunum till. um ½ milj. kr. tekjur til þess að standast útgjöld þessa árs. Ef svo er, þá ætti ekki að þurfa mikið frá ríkinu. Um það, hvernig árferði verði 1930, vitum við báðir jafn mikið eða lítið. En afgreiðsla fjvn. á fjárl.frv. er heldur ekki miðuð við nema meðalár. Þá kom' hæstv. ráðh. fram með þá ástæðu, að ótækt væri að grípa fram fyrir hendur milliþingan. í skattamálum, með því að fara nú að breyta tolla- og skattalöggjöfinni. Jeg fyrir mitt leyti sje nú ekki, að það væri neitt ódæði, þótt það væri gert. Og jeg býst við, að það sje svipað um hina nefndarmennina. Sú breyting, sem hjer er gerð, snertir aðeins eitt atriði, hún er engin skipulagsbreyting, og hefir engin áhrif á störf nefndarinnar Hún er aðeins gerð til þess að ljetta tollum af þessum vörutegundum til ársloka 1930.

Mig furðaði mjög á orðum hæstv. fjmrh., er hann sagðist álíta, að það ætti ekki að samþykkja á þessu þingi lög um einkasölu á tóbaki. Mig furðar á því vegna fortíðar Framsóknarflokks-

ins í því máli og afstöðu hans gagnvart tóbakseinkasölunni á undanförnum þingum. En þó furðar mig enn meir á ástæðum hæstv. fjmrh. Hann sagði, að milliþingan. í skattamálunum hefði þetta einkasölumál til meðferðar. Jeg hef áður skýrt frá því, að samkvæmt viðtali nefndarmanna við fyrv. fjmrh., Magnús Kristjánsson, var ákveðið að stjórnin flytti frv. um tóbakseinkasölu á þessu þingi, en ekki nefndin. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem er form. nefndarinnar, getur borið um þetta með mjer. Nefndin bjóst fastlega við því, að þetta yrði gert, annars hefði einhver hluti hennar flutt frv. á þinginu. Og hæstv. fjmrh. veit jafn vel og jeg, að fyrirrennari hans ljet semja og undirbúa frv. um tóbakseinkasölu og hafði ákveðið að leggja það fyrir þingið í samráði við okkur 2 nefndarmennanna. Hvers vegna hæstv. núv. ráðh. hefir ekki gert þetta, veit jeg ekki. — Það má hann best vita sjálfur.

Eftir þessum undirtektum hæstv. fjmrh. er það ljóst, að það er ekki höfuðástæðan gegn frv., hvort ríkissjóður sje fær um að missa þessa peninga eða ekki, heldur hitt, hvort rjettara sje að afla ríkissjóði tekna á næstu árum með því að láta þá greiða mest til hans, sem síst eru færir um það, eða að taka upp einkasölu á tóbaki, og fá þannig tekjur án skattlagningar, og innheimta tekjuskattsviðauka af þeim gjaldendum, sem hafa yfir 4000 krónur í árstekjur Jeg á bágt með að trúa því, að hæstv. fjmrh. hafi þá skoðun, að rjettlátara sje að taka toll af slitfataefni, fóðurefni, ljereftum og óbrotnum ytra fatnaði karla og kvenna, toll, sem nemur um 20% og hækkar þessar nauðsynjar fátæklinganna um fimtung verðs, heldur en að ríkið versli með tóbak og hækki um 25% skattinn af 4000 króna tekjum og þar yfir. Slíkt skattafyrirkomulag er hróplegt ranglæti, og hvert ár sem líður án þess að því verði kipt í lag, er þinginu til hinnar mestu vansæmdar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það, sem jeg sagði áðan um þetta frv., sem fyrir liggur, átti að vera veganesti til nefndarinnar, sem um það fjallar. Þó að jeg teldi rjett að frv. væri felt, þá sje jeg ekki ástæðu til að meina því að komast til nefndar, og vildi jeg því láta nefndina vita, hvernig jeg liti á það. — Að öðru leyti þýðir ekki fyrir okkur hv. flm. að deila um frv.; það er ef til vill ekki svo langt á milli skoðana okkar í þessu efni, og getur verið að það sannist, þegar við förum að vinna saman að þessum málum; en eins og nú stendur, ber nokkuð á milli.

Hv. flm. (HG) talaði um tekju- og eignaskattinn, og taldi hann varlega áætlaðan; en jeg álít þann tekjulið mjög óábyggilegan. Hann hefir oltið á þessu bili frá kr. 700 þús. upp í 2½ miljón, svo að það er aldrei hægt að segja um, hvenær skatturinn er áætlaður nærri lagi, og þýðir ekkert um það að deila. Árferðið ræður þar mestu um, og veltur meira á því en hinu, hvort 25% tekjuskattsviðaukinn er innheimtur eða ekki.

Hv. flm. þóttist hafa orðið fyrir vonbrigðum út af því, að stjórnin flutti ekki frv. um tóbakseinkasölu á þessu þingi, og sagði, að samkomulag hefði verið um það frá hálfu milliþingan., við fyrv. fjmrh., Magnús Kristjásson, að stjórnin flytti frv. Mjer hefir verið sagt þetta, og frv. var til í stjórnarráð-

inu, þegar jeg kom þar. En jeg leit svo á, að það væri ekki rjett að flytja það á þessu þingi; og hv. flm. gat ekki búist við, að jeg liti alveg eins á þetta og Magnús Kristjánsson. Mjer hefir ekki verið nein launung á þessu; jeg hefi látið það í ljós bæði við hv. flm. og aðra.

Jeg ætlast til þess, að till. í skatta- og tollamálum og jafnframt í einkasölumálum, komi frá milliþinganefndinni, sem hefir þau mál til meðferðar.

Halldór Stefánsson: Vegna þess að gerðir milliþinganefndarinnar í skatta- og tollamálum hafa dregist inn í þessar umræður, sjerstaklega um einkasölu á tóbaki, ætla jeg að segja nokkur orð. Eitt af verkefnum nefndarinnar er að athuga, hvort rjett sje að afla ríkissjóði tekna að einhverju leyti með einkasölu á hátolluðum vörutegundum, og þá kemur tóbakið til greina fyrst og fremst. Það er rjett, að við háttv. þm. Ísaf. (HG) áttum tal um það mál við stjórnina í vetur, jeg hygg það hafi verið meðan þriðji nefndarmaðurinn, Jón Þorláksson, var erlendis. Og að því er mig minnir áttum við ekki tal við fjmrh. (MKr) heldur við forsrh. (TrÞ), sem þá gegndi störfum fjármálaráðh., og hjá honum fengum við að vita, að Magnús Kristjánsson hefði í undirbúningi frv. um einkasölu á tóbaki. Varð það til þess, að við hugsuðum ekki meira um það mál. Þetta var á þeim tíma, svo snemma vetrar, að ekki var útsjeð um, hvort nefndin mundi skila af sjer störfum á þessu þingi. En nefndinni vanst ekki tími til þess, og eins og öllum er kunnugt, þá hefir hún engar tillögur borið fram; enda færi best á því að hún legði þær fram í einu lagi.

Það er kunnugt um mig, að jeg er ekki ófús á að einkasala sje tekin á tóbaki og fleiri vörum til tekna fyrir ríkissjóð, án þess að skattþegnum verði íþyngt með því. En hitt er annað mál, hversu heppilegt muni vera að skifta oft um slíkar aðferðir. Og líkur eru til, að það mundi verða nokkuð fastar bundið, ef tillögur um það væru bornar fram í heildarkerfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÁÁ, EJ, HG, HK, HV, JJós, JÓl, JörB, MT, BSv.

nei: TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, IngB, JS, MG, MJ, PO.

Sjö þm. (BÁ, GunnS, JAJ, LH, ÓTh, SE, SvÓ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 369 og 404).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Innflutningstollur af niðursoðinni mjólk.

Á 21. fundi í Nd., 13. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um innflutningstoll af niðursoðinni mjólk (þmfrv. A. 105).

Á 23. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það var verið að enda við að tala um vatnsgraut, og vona jeg því, að hv. þdm. hafi ekki á móti því, að fá ofurlitið af mjólk, og það enda þótt hún sje niðursoðin.

Ekki þarf að tala langt mál fyrir þessu frv., því það mælir í raun og veru fyrir sjer sjálft. En af því að þessi tollur mun verða að teljast til verndartolla, og þeir hafa ekki hingað til átt upp á pallborðið hjer á Alþingi, þá tel jeg rjett að fara nokkrum orðum um það.

Þótt þetta sje verndartollur, þá er hann þó með nokkuð öðrum hætti en venja er til um slíka tolla. Jeg skal strax taka það fram, að þótt mjer sje ljóst tilgangsleysið í því, að halda uppi með verndartollum fyrirtækjum, sem ekki geta staðist ella, þá er jeg samt sannfærður um, að það er rjett að hjálpa nýjum, þörfum fyrirtækjum á stað, með því að styrkja þau með tollvernd í byrjuninni, til þess að þau fái staðist samkepni gamalla og rótgróinna keppenda. Og jeg held meira að segja, að það geti verið rjettmætt, þegar verðsveiflur eru miklar, — eins og t. d. var á stríðsárunum, — þannig að framleiðslukostnaðurinn verður oft hærri en söluverðið, að beita verndartollum í bili. Því að þótt þeir komi að nokkru leyti niður á neytendunum, þá ljetta þeir þó af atvinnuleysi og auka framleiðsluna innanlands. — Jeg tel því fyllilega tímabært að athuga, hvort ekki sje rjettmætt að styðja einstakar iðngreinar í byrjun með verndartollum. Það er framleiðslan, sem stendur undir öllu lífi í landinu, hjer sem annarstaðar. Á henni hvílir öll önnur starfsemi og öll skattabyrðin. Það er því skylda löggjafans að grunnmúra hana svo sem unt er.

Nú er það tilgangur frv. þessa að afla öðrum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, landbúnaðinum, nýs markaðar í landinu sjálfu, markaðar, er honum hefir verið bægt frá að nokkuru leyti fyrir áleitni erlendra fyrirtækja, er versla með sömu vöru. Skal jeg víkja nokkuð að einstökum gr. þess. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að lagður verði tollur, kr. 4,50 á hvern kassa niðursoðinnar mjólkur, er til landsins flytst. En í 4. gr. er vörutollur sá, sem nú er á mjólkinni, niður feldur, og nemur hinn nýi tollur því í raun og veru ekki nema kr. 2,82 á kassa. Í 3. gr. segir: „Á meðan lög þessi eru í gildi, er atvinnumálaráðherra heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda dósamjólk.“ Er ætlast til, að það hámarksverð verði svipað núverandi verðlagi, þannig að tollurinn verði ekki til að hækka mjólkina í verði.

Jeg skal játa, að mjólkurverksmiðjan framleiðir ekki nú þá mjólk, sem landið þarfnast, og mundi því verða að flytja inn eitthvað fyrst í stað. En til eru fullkomin tæki til að auka framleiðsluna að miklum mun og nægir möguleikar á því, að framleiða svo mikið, að fullnægi öllum þörfum landsmanna. Og framleiðsluna verður hægt að auka með svo litlum fyrirvara, að hún verði orðin næg, áður en lögin ganga raunverulega í gildi.

Að því leyti er frv. þetta einstætt af verndartollafrv., að neytendum er einnig trygt það, að varan hækki ekki. Býst jeg því við, að þeir, sem venjulega eru andvígir verndartollalögum geti fallist á það.

Jeg skal að síðustu aðeins geta þess, að verð innfluttrar dósamjólkur varð árin 1925—1927 um 359 þús. kr. á ári til jafnaðar. Þótt þetta sje ekki stór upphæð, miðað við ríkisbúskapinn, þá dregur hún nokkuð, og mjer finst það ekki verjandi af Alþingi, að styðja ekki innlenda menn til að njóta hins innlenda markaðar.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að nokkur maður hafi á móti þessu frv. og skal því láta þetta nægja. Óska jeg, að því verði vísað til hv. fjhn., að lokinni umr.

Jóhann Jósefsson: Jeg skil varla, að hv. flm. (BÁ) verði það sár vonbrigði, þótt frv. þessu verði ekki tekið með einróma andakt. Jeg vildi leyfa mjer að koma fram með nokkrar athugasemdir við það, og þó einkum við stefnu þá, er hjer er að láta á sjer bæra.

Fyrirtæki það, er hv. flm. eiga við, er sennilega mjólkurverksmiðjan Mjöll í Borgarnesi. Jeg man ekki betur en að það fyrirtæki hafi þráfaldlega notið stuðnings Alþingis, og er langt frá því, að jeg sje að telja hann eftir. Jeg tel hann mjög rjettmætan, og fjell það víst í minn hlut, meðan jeg átti sæti í hv. Ed., að tala máli fyrirtækisins þar. Það er þess vegna ekki af neinum illvilja til þessa fyrirtækis eða mjólkurframleiðslunnar í landinu, að jeg er á móti þessu frv. En ríkisvaldið hefir hingað til og mun hjer eftir hafa nægar leiðir til þess að ljetta undir með nauðsynlegum fyrirtækjum í landinu og hjálpa þeim, er gerast brautryðjendur, án þess að það þurfi að ganga út á verndartollabrautina, er einkum miðar að því, að gera vöruna dýrari en hún þarf að vera.

Mjer finst það í raun og veru vera eitt af því, er ber þess ljósan vott, hvað íslenska þjóðin er að mörgu leyti lítt þroskuð á sviðum athafnalífs og framleiðslu, að undir eins og menn sýna einhvern lit á innlendri framleiðslu, þá er rokið í það að heimta skatt á sömu erlendu vörutegund, til þess að afla hinni brautargengis. Lít jeg svo á, að þessi verndartollastefna stafi ei hvað síst af þroskaleysi landsmanna í þessum efnum. Og líti maður til nágrannaþjóðar okkar, Breta, sem er eins og risi, samanborið við okkur, hvað alla framleiðslu og iðnað snertir, þá sjáum við, að hún er ein af þeim þjóðum, er fastast hefir staðið gegn öllum verndartollum.

Afleiðingin af því, ef þetta frv. væri samþykt, yrði sú, að verð á niðursoðinni mjólk mundi hækka all-verulega. Og fyrir barðinu á þeirri hækkun mundi verða all-verulegur hluti þjóðarinnar, nefnilega kaupstaðabúarnir.

Hv. flm. vildi færa rök fyrir því, að hækkun væri útilokuð með heimild þeirri, er atvinnumálaráðherra á að hafa skv. 3. gr. frv., til þess að setja lágmarksverð á mjólk. En þetta er ekki nægilegt eins og hv. flm. og kannaðist við. Það mun óhætt að fullyrða, að fyrst um sinn verði að flytja mikið inn af niðursoðinni mjólk og þó hámarksverð verði sett á innlendu mjólkina mun verð þeirrar útlendu ekkert lækka við það. Mjer þykir það í raun og veru furðulegt, að nokkrum skuli geta dottið í hug, að vilja tolla alla útlenda mjólk, til þess að gera samkepnisfæra litla verksmiðju, sem enn er á frumstigi, og sem alt fram að þessu, þó það sje nú ef til vill farið að lagast, hefir framleitt ljelega vöru. Mjer finst slíkt algerlega ótímabært, enda þótt hv. þm.

Mýr. (BÁ) þyki það ekki. Þá vil jeg og benda á það, að Alþingi hefir ávalt verið fúst til þess að hlaupa undir bagga með þessu fyrirtæki, og jeg efast ekki um, að það vilji einnig framvegis styðja fjelagið í því að búa til samkepnishæfa vöru.

Jeg kunni illa við þá framsetningu hv. flm., er hann talaði um að íslensk framleiðsla hefði orðið fyrir áleitni, eða áreitni útlendra keppinauta. Samkepnin á að vera frjáls og það getur alls ekki talist áleitni við innlendu mjólkurframleiðsluna, þó niðursoðin mjólk sje flutt til kaupstaða landsins. Slíkt er algerlega nauðsynlegt til þess að bæta úr þeim mjólkurskorti, er ýmsir kaupstaðir eiga við að búa, og sem við kaupstaðabúar þekkjum best.

Hv. flm. (BÁ) sagði, að nú væri svo komið, að til væru tæki til að framleiða næga mjólk í landinu. Það má vera að svo sje, en þó mun fyrst um sinn verða að flytja allmikið inn af mjólk. Svo er og þess að gæta, að tæki þau, er til eru, hefir verksmiðjan átt í mörg ár og getur því vel verið að þau sjeu ekki í svo góðu standi nú, að þau geti talist fullnægjandi. Minsta kosti er engin trygging fyrir því, meðan verksmiðjan getur ekki framleitt svo góða vöru, að hún sje fyllilega sambærileg við þá erlendu. Af þessu er það sýnt, að nauðsynlegt er að flytja allmikið inn af mjólk næstu árin, og er því af þessari ástæðu ótímabært að koma með slíkt frv. og þetta, enda þótt rjett væri að fara þessa verndartollaleið, sem jeg vil þó alls ekki viðurkenna að sje.

Þá sagði hv. flm., að framleiðslan stæði undir sköttunum og yrði því Alþingi að taka tillit til þess og ljetta undir með framleiðslunni. Þetta er rjett hjá hv. flm., enda hefir Alþingi gert það. En það er rangt að ganga svo langt í þessum efnum, að skattleggja alla þá landsmenn, er þurfa að kaupa niðursoðna mjólk, til þess sjerstaklega að styðja þessa innlendu framleiðslu. Enda er það svo, að þessu fyrirtæki, sem þetta frv. er borið fram til hjálpar, hafa verið veittar svo margar ívilnanir af löggjafans hálfu, að nauðsynjalaust er að skattleggja þessa nauðsynjavöru þess vegna.

Jeg er samþykkur hv. flm. um það, að rjettmætt er að athugað sje í nefnd, hvernig innlend mjólkurframleiðsla verði best studd, því það er sitthvað þó mál sje athugað í nefnd eða hvort samþ. er ákveðið frv. um það sama efni. En jeg treysti því, að nefnd sú, er fær þetta mál til meðferðar, fallist ekki á þá leið í þessu máli, að skattleggja alla niðursoðna mjólk, heldur finni einhverja aðra betri leið til þess að koma innlendri mjólkurniðursuðu í gott horf.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg er ekki meðmæltur þessu frv. og get í flestu tekið undir með hv. þm. Vestm. Yfirleitt mun óhætt að segja það, að verndartollar sjeu ekki til góðs, og þessi virðist vera fáum til hagnaðar. Jeg hefi í dag spurst fyrir um það, hvaða verð sje hjer á útlendri dósamjólk og komist að raun um, að hún mun yfirleitt vera seld hjer á 70 aura dósin. Mjallarmjólk kostar aftur á móti 45 aura dósin af eldri framleiðslu, en 65 aura sú yngri. Af eldri framleiðslunni hefir ekki tekist að selja nema lítið eitt, þrátt fyrir þennan mikla verðmun, og má af því marka, að hún sje ekki álitin eins góð og sú erlenda. Og þó 5 aura verðmunur

sje nú á þeirri nýrri innlendu dósamjólk og þeirri erlendu, þá virðist ekki svo sem þeir, er best þekkja til, geri sjer vonir um, að hún geti rutt burtu af markaðinum þeirri erlendu. Þetta bendir aftur til þess, að sú íslenska mjólk sje ekki nógu góð til þess að geta kept við þá erlendu.

Tilgangurinn með þessu frv. er sá, að gera útlendu vöruna svo mikið dýrari, að hún verði síður keypt, enda þótt hún sje betri. Mun tollur þessi leiða af sjer ca. 10 aura verðhækkun á dós, og verður það að teljast allmikil hækkun. Beinn tollur verður samkv. frv. 6½ eyrir, en þar við bætist ýmislegur kostnaður, svo óhætt er að gera ráð fyrir, að dósin yrði seld á 80 aura í smásölu. Yrði þá 15 aura verðmunur á erl. dósamjólk og þeirri innlendu. Þetta, að leggja svona mikið á erlendu mjólkina, get jeg ekki fallist á. Mjer þykir með því of mikið lagt í sölurnar til þess að hjálpa „Mjöll", því ef hún getur framleitt álíka góða vöru, þá hefir hún svo miklu betri aðstöðu, að hún ætti að geta útrýmt þeirri erlendu af markaðinum án slíkrar hjálpar, sem hjer er farið fram á.

Annars furðar mig ekkert á því, þó slíkt kvabb heyrist. Þetta kemur næstum því á hverju þingi í einhverri mynd. En alt slíkt er mjög varhugavert, því vanalega hefir það farið svo hjá þeim þjóðum, er rjett hafa fram litla fingurinn í slíkum málum, að þær hafa orðið að gefa alla hendina. Því ef einum atvinnuveginum er hjálpað með verndartolli, þá koma allir hinir á eftir og heimta að fá að vera með í dansinum. En þó jeg sje nú ákveðinn í því að vera á móti frv., þá hefi jeg svo sem ekkert við það að athuga, þó það fari í nefnd. Því betur sem málið er athugað, þess varhugaverðara mun mönnum finnast það.

Mjer þykir rjett að geta þess, að 3. gr. frv. met jeg ekki mikils. Er það bæði vegna þess, er hv. þm. Vestm. gat um, og svo af því, að þó atvmrh. sje með henni veitt heimild til þess að setja hámarksverð á innlenda dósamjólk, þá er honum það alls ekki skylt. Og þó hann notaði sjer heimildina, þá gæti hann tekið skipun sína aftur, hvenær sem honum þóknaðist. Enda hygg jeg, að ekki mundi líða á löngu áður en innlendir mjólkurframleiðendur heimtuðu það, til þess að geta notið verðhækkunarinnar til fulls. Þessi verðtollur mundi líklega nema ca. 50 þús. kr. á ári og er það enginn smáræðis skattur fyrir neytendurna á annari eins nauðsynjavöru eins og mjólk.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg skal ekki fara út í almennar umræður um verndartolla við þá tvo hv. þm., er andmælt hafa þessu frv. mínu. Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þeirra og hefi fáu við það að bæta.

Jeg hefi ekki, þrátt fyrir ummæli þeirra, getað sannfærst um það, að ekki geti komið til mála að styðja á þennan hátt, til bráðabirgða, einstakar atvinnugreinar, meðan þær eru að ná því að standa jafnfætis við aðrar í samkeppninni. Og mjer þykir það nokkuð mikil „princip"-festa og fastheldni við hina frjálsu samkepni, að vilja ekki stuðla að því, að gera landið byggilegt og íbúana velmegandi, þó fara verði þessa leið. Því þó hv. þm. Vestm. benti á aðrar þjóðir, svo sem Breta, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar, þá vil jeg leyfa mjer að segja, að þeirra

stefna þarf ekki að vera sú eina rjetta. Má í því sambandi nefna Bandaríkin. Mun ekkert land hafa verið og vera í eins miklum uppgangi, og munu þó verndartollar óvíða hafi verið jafn mikið notaðir. Jeg vil nú ekki segja, að við eigum að fara að dæmi Bandaríkjanna, heldur get jeg þessa aðeins til þess að sýna, að velmegun getur vel þróast þar, sem verndartollar eru notaðir, og að það er ekkert þroskaleysi, þó menn láti sjer detta slíkt í hug.

Þá fanst hv. þm. Vestm. það furðulegt, að við flm. þessa frv. skyldum vilja láta skattleggja alla þá landsbúa, er þurfa að nota niðursoðna mjólk, vegna verksmiðjunnar Mjallar. En jeg skal taka það fram, að þetta frv. er ekki sjerstaklega fram komið hennar vegna, heldur vegna landbúnaðarins í því hjeraði, sem hún starfar fyrst og fremst, og er ein lítil grein á eflingu landbúnaðar alment. Það á að vera til þess að gera honum mögulegt að fullnægja landsmönnum á sem flestum sviðum, þar sem hann hefir alla aðstöðu til að geta það, nema markaðinn. En að þessi innlenda vara selst ekki eins vel og skyldi, stafar alls ekki af því, að hún sje ekki góð — jeg hefi hjer efnagreiningu hennar, sem sýnir, að hún er alveg sambærileg við erl. tegundir — heldur af því, að þær tegundir, sem nú eru á markaðinum, hafa náð svo föstum tökum, að mjög erfitt er að útrýma þeim. Ekki er heldur þörf á að óttast það, að mjólkin hækki í verði, því að strax og farið er að kaupa hana meira, og verksmiðjan getur framleitt meira, verður framleiðslukostnaðurinn tiltölulega minni og getur því mjólkin lækkað.

Hv. þm. Vestm. var að tala um það, að þingið mundi halda áfram að styðja þetta fyrirtæki, þó það vildi ef til vill ekki fara inn á þessa verndartollabraut. Mjer þykir gleðilegt að heyra þetta, en jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. á það, að ef frv. þetta verður samþykt, þá er mjög líklegt, að fyrirtækið geti innan skamms afsalað sjer þeim styrk, er það nú hefir. En jeg vil benda hv. þm. á það, að einhvern styrk verður það að fá, því að skuldir þess eru nú þegar orðnar svo miklar, að vextirnir af þeim nema kr. 2,50 á hvern kassa mjólkur, Væri hægt að auka söluna, mundi þessi kostnaður vitanlega minka að sama skapi og framleiðslan ykist. Því er það aðalatriðið að styrkja þessa framleiðslu meðan hún er að komast á laggirnar. Það er því engan veginn víst, að þessi tollur þyrfti að standa yfir í mörg ár, heldur aðeins til að byrja með.

Hv. þm. Vestm. fanst það óviðeigandi af mjer að tala um áleitni erlendra keppinauta. Mjer finst nú samt, að enginn þurfi að hneykslast á því, vegna þess að í þessari marglofuðu samkepni ber oft einna mest á því, er nefna mætti sliku nafni

Viðvíkjandi því, að ekki þurfi að flytja neina mjólk inn, ef sú innlenda yrði keypt nokkuð að ráði, þá get jeg auðvitað ekki lagt fram neitt ábyrgðarskjal fyrir því, en mjer þykir mjög líklegt að svo verði.

Jeg hefi þegar svarað hv. 2. þm. Reykv. að nokkru leyti. Gerði jeg það, er jeg vitnaði í efnasamsetninguna, samanborið við erlenda mjólk. Hann sagði, að íslenska mjólkin væri ekki samkepnisfær um gæði, en jeg hefi sýnt fram á, að hún er það. Hitt er rjett, að fyrir nokkrum árum komu fram skemdir á mjólkinni, en þá strax var hafist handa, og nú er algerlega búið að koma í veg fyrir slíkt. Þessi annars flokks mjólk stóðst ekki samkepnina.

eins og hv. þm. talaði um, og hún var heldur ekki seld lengur. Hv. þm. talaði um að hæstv. atvmrh. væri engan veginn skyldur til að nota heimildina um hámarksverðið, og myndi því ekki framfylgja henni, en hv. þm. gæti spurt hann að því, áður en hann fullyrðir slíkt. Annars get jeg sagt það fyrir hönd okkar, sem að till. þessari stöndum, að við hefðum ekkert á móti því, að í stað heimildar kæmi skylda. Annars verð jeg að segja það, að jeg gæti skilið, að þeir, sem sífelt slá um sig og flagga með orðunum „frjáls samkepni", gætu fundið ýmislegt til foráttu hinni svokölluðu verndartollastefnu. (**SE:** Er hv. ræðumaður ekki fylgjandi frjálsri verslun?) — Jeg ætla ekki að lýsa afstöðu minni til hennar, en hitt vildi jeg segja, að mjer virðast þessi orð hv. 2. þm. Reykv. koma úr hörðustu átt, þar sem hann með tilstyrk annara verkamannaforingja hefir komið því til leiðar, að bannað er að flytja inn í landið erlent verkafólk, þótt það kunni að bjóðast fyrir mun lægra kaup, og með því hefir hann verndað vinnulaun verkalýðsins. Hann ákveður kaup sitt eða verð sinnar vinnu, og íslenskir bændur verða að beygja sig undir það, en verða líka að standast samkepnina á heimsmarkaðinum við vörur, sem unnar eru fyrir lægra kaup. En þeir mega enga vernd fá fyrir sína framleiðslu, sem undir flestum kringumstæðum er ekkert annað en þeirra einu vinnulaun. Hvað er mjólkin t. d. annað en þeirra eigin vinna, eða afurðir vinnu þeirra. Ef verkamenn eiga rjett á því að njóta verndar, eiga þá ekki bændur, sem eru fjölmennasti verkalýðsflokkur þessa lands, einnig rjett á því, að fá vernd fyrir sig og sínar afurðir?

Jóhann Jósefsson: Það eru aðeins örfáar aths., sem jeg þarf að gera við ræðu hv. flm. Hann sagði, að tilgangur frv. væri ekki sá, að skattleggja landsmenn. (**BÁ:** Ekki í bili.) En skattur er altaf skattur, og því hefir það enga þýðingu, hvað hv. flm. segir um það, nema ef hann væri svo voldugur, að hann gæti komið í veg fyrir slíkt; það liggur í frv. sjálfu og því stendur slíkt ekki í hans valdi, eftir að frv. er samþykt, en hitt er staðreynd, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, er sannkallað skattafrv. og ekkert annað. Hv. flm. talaði um Bandaríkin í sambandi við verndartolla, og kvað ekkert ríki gera eins mikið að því, að leggja á slíka tolla, sem þau. Jeg verð að benda honum á það, að hjer er um óskylda hluti að ræða, og því ósambærilegt. Það ríki þarf fátt til annara að sækja, og framleiðir sjálft allar nauðþurftir sínar. Það getur líka boðið heiminum birginn í tollamálum, en okkar aðstaða er nú eitthvað önnur. Ef þetta fyrirtæki væri svo öflugt, að það gæti framleitt nægilega mikið til þarfa landsmanna, og varan væri svo góð, að hún stæðist samkepnina við hina útlendu vöru, og ennfremur ef verslunarfróðir menn veittu henni forstöðu, þá þarf engrar lögþvingaðrar samvinnu við, svo að jeg taki mjer í munn uppáhaldsorð þeirra Tímamanna, því að hvað fer hv. flm. fram á annað en það, að komið verði á lögþvingaðri Mjallar-mjólkurneytslu? Ef þessi skilyrði lægju fyrir hendi, í fyrsta lagi, að birgðir væru nægar til að fullnægja eftirspurninni, í öðru lagi, að varan hefði hin sömu gæði til brunns að bera og samskonar útlendur iðnaður, og í þriðja lagi, að verðið væri ekki hærra en á útlendu vörunni, þá

þyrfti engrar lögþvingunar eða verndartolla við. Hv. flm. finnur til þess, að hann byggir á ótraustum grunni, er hann miðar frv. sitt við þessa einu verksmiðju, og vill því reyna að draga landbúnaðinn í heild inn í málið. En jeg hlýt nú að segja það, að landbúnaðurinn alment hefir ekki svo mikið gagn af þessu fyrirtæki, að þessi verndartollur geti verið settur í þágu hans. Mjer virðist sem það sje til of mikils mælst, þegar fyrirtæki, sem þó er í rauninni aðeins vísir í sinni röð, fer fram á verndartoll, til að bægja betri vöru, útlendri, á braut. Menn hljóta að viðurkenna það, að sá iðnaður, sem einhverjar misfellur eru á, og sem ekki hefir náð neinni verulegri fótfestu, fer oftast þá leiðina, að heimta verndartolla sjer til viðhalds, en aðrar iðnaðargreinir, sem standast samkepnina, gera það ekki. Sem dæmi þess mætti nefna hjerlendar smjörlíkisgerðir, sem hafa frá því fyrsta reynt að bæta og fullkomna vöru sína svo, að hún gæti staðist samkepnina við erlenda smjörlíkið, og nú er svo komið, að innflutningur erlends smjörlíkis er sama og enginn. Með verði og vörugæðum hefir þeim tekist að áorka þessu, en það eru einmitt þeir kostir, sem eiga að vinna markaðinn í hverri grein sem er. En ef menn hverfa að því, að setja á vörutolla, álít jeg að málið sje ótímabært, fyr en varan er orðin það mikil og góð, að hún fullnægi eftirspurninni. Jeg mun nú ekki orðlengja þetta frekar, en vildi að lokum aðeins benda á það, að með slíku háttalagi sem þessu væri verið að skattleggja þá menn um óákveðinn tíma, sem mesta þörf hafa fyrir mjólk, en eiga verst með að afla sjer hennar.

Pjetur Ottesen: Mönnum hefir orðið töluvert tíðrætt um frjálsa verslun í sambandi við þetta frv., og því hefir verið haldið fram, að lögmál frjálsrar verslunar væri brotið með þessu frv., en það er á miklum misskilningi bygt. Frjáls verslun og verndartollar rekast ekki á og má í því sambandi benda á það, að í Englandi hafa helstu fylgjendur frjálsrar verslunar barist fyrir verndartollum. Ennfremur hafa menn talað um þetta mál í þeirri merkingu, að með þessu ætti að leggja nýja skatta á landsmenn, en það er gersamlega rangt. Meining okkar flutningsmanna er sú, að ákveðið verði hámarksverð þessarar vöru, en þó þannig, að miðað sje við útsöluverð eins og það er nú, og því er hjer ekki um neinn nýjan skatt að ræða, heldur hitt, að við viljum tryggja innlendri vöru markaðinn. En auðvitað má líka velja þá leið, að banna innflutning á erlendri mjólk. Þá leið mætti líka athuga, en hitt er heilaspuni einber, að vera að ræða um nýja skatta í sambandi við þetta frv.

Hv. þm. Vestm. sagði, að verksmiðja sú, er nú starfaði að mjólkurniðursuðu, væri aðeins óþroskaður vísir, og með þessu frv. væri verið að bægja mönnum frá að fá góða vöru og að skortur mundi verða á niðursoðinni mjólk. Þetta hvorttveggja er á ókunnugleika og misskilningi bygt. Eins og nú er komið, getur verksmiðjan langsamlega framleitt nóga niðursoðna mjólk, samanborið við neyslu síðustu ára, og má þó færa út kvíarnar enn. Hvað vörugæðin snertir þá er nú svo komið, að Mjallarmjólk stendur fullkomlega á sporði bestu tegundum niðursoðinnar mjólkur, sem hingað er flutt. Það hefir nú

tekist að komast fyrir þær skemdir, sem áður komu við og við fram í mjólkinni. Hefir engra slíkra skemda orðið vart nú um langt skeið. Háttv. þm. Vestm. virðist vera miklu tortryggnari á gæði Mjallar-mjólkur en gæði þeirrar mjólkur, sem hingað er flutt frá útlöndum. En jeg vil spyrja: Hvaða trygging er fyrir því, að erlend mjólk sje eins góð og hún á að vera? Jeg veit ekki til, að ein einasta dós af henni sje send til rannsókna á efnarannsóknastofu ríkisins, en þó hafa menn ekkert við slíkt að athuga. (**JJós:** Henni er ekki neytt upp á fólk.) Nei það þarf ekki að neyða því upp á fólk, sem útlent er, það er gamla sagan, að þegar um tvent er að ræða, íslenska og erlenda vöru, þá gín fólkið venjulega yfir því, sem útlent er. Til sönnunar þessu má benda á fjölda dæma. Við Íslendingar erum framleiðsluþjóð, og veltur því mikið á því fyrir okkur, hversu fer um markað fyrir framleiðsluvörurnar, en því er nú svo farið, að á ýmsu veltur um sölu framleiðslunnar á erlendum markaði, og er okkur því lífsnauðsyn að nota út í ystu æsar þann markað, sem til er fyrir þær í landinu sjálfu. Það eru hyggindi sem í hag koma. Það tala allir um að það þurfi að auka ræktun og framleiðsluna í landinu, en jafnframt því þarf þá líka að sjá svo um, að sá markaður, sem fyrir er í landinu sjálfu, verði notaður sem best í þágu framleiðslunnar. Það virðist hálf einkennilegur hugsunarháttur, sem ríkir hjá landsmönnum, að láta útlendinga gína yfir öllu, og láta alt standa opið fyrir þeim. Jeg hefi heyrt ýmsa menn, sem mikið hafa ferðast erlendis, segja það, að þar geri menn mjög mikið að því, að hvetja þjóðirnar til að kaupa innlendan iðnað og innlenda framleiðslu, og að stuðlað sje að þessu á allan hugsanlegan hátt, en hjer ætlar alt að ganga af göflunum, ef farið er fram á að gera eitthvað, sem gengur í þessa átt, en þó mun hjer engu minni þörf fyrir, að eitthvað sje aðhafst í þessa átt en annarstaðar. Að því leyti, sem andstaðan gegn öllum ráðstöfunum, sem miða að því að þjóðin búi sem mest að sínu, kaupi sem minst af því frá útlöndum, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, stafar ekki af skilningsleysi á því, hver höfuðnauðsyn þetta er, þá hygg jeg að þetta eigi beinlínis rót sína að rekja til skorts á þjóðrækni. En hvort sem heldur er, þá kemur það okkur óþyrmilega í koll, hversu við förum gálauslega að ráði okkar í þessu efni. Jeg hefi athugað, hve mikið var flutt inn af mjólk og garðávöxtum og þesshátt árið 1926, og jeg komst að þeirri niðurstöðu, að töluvert hátt á aðra miljón króna hafði runnið út úr landinu fyrir þessar vörur. Ætli að það hefði nú ekki verið svolítið hagkvæmara búskaparlag, að þetta fje hefði runnið til innlendra framleiðenda, í stað þess að það hefir farið út úr landinu.

Jóhann Jósefsson: Það var um misskilning að ræða hjá hv. þm. Borgf., er hann sagði, að ekki gæti verið um annað að ræða en óþjóðrækni, þegar menn fylgja ekki slíkum verndartollum sem þessum. Jeg ætla ekki að fara að metast um það við hann, hvor okkar sje þjóðræknari, en andstaða mín gegn þessu frv. sprettur ekki af neinu þvílíku.

Það eitt er víst, að ef hin innlenda framleiðsla stendur ekki að baki hinni erlendu, hvað verð og vörugæði snert-

ir, þá kaupa menn hana frekar. Jeg hefi nú sjálfur haft þá aðstöðu, að geta sýnt það í verkinu, hvorri vörunni jeg hampaði heldur, útlendri eða innlendri að öðru jöfnu og gæti sannað hv. þm. það ef svo bæri undir.

Hv. þm. mintist á það, að í útlöndum væru menn hvattir með auglýsingum og öðru til að kaupa innlenda framleiðslu, en hjer ætli alt af göflum að ganga, ef einhverju þvílíku sje hreyft. Jeg vil benda á, að það er alveg rjett hjá hv. þm., að í útlöndum er gert mikið til þess að vekja eftirtekt á innlendum framleiðsluvörum og hvetja menn til að nota þær. En við verðum að gæta að því, að þetta er aðeins gert með auglýsingum og slíku, en ekki beitt neinni þvingun, eins og tilætlunin er með þessu frv. Hjer er farið fram á alt aðra aðferð en að auglýsa vöruna og hvetja fólk til að nota hana. Hjer er farið fram á, að með skattþvingun sje fólki þrýst til að nota framleiðsluvöru, sem alls ekki er búin að ná fullkomnum gæðum. Við verðum að játa, að þessi framleiðsla er enn á byrjunarstigi. Hv. þm. áleit, að jeg hefði gert lítið úr verksmiðjunni. Það er alls ekki rjett. Þó að fyrirtækið sje efnilegt, er ekki hægt að segja, að það sje annað en vísir. Hv. þm. Mýr. (BÁ) benti á, hve gífurlega mikið væri flutt inn af mjólk, svo að allir sjá, að Mjöll væri mjög risavaxið fyrirtæki, þegar það væri komið á það stig, að geta fullnægt mjólkurþörf landsbúa.

Jeg get fullvissað hv. þm. um það, að þó að honum takist í bili að þröngva neytendum með lögum til að kaupa innlenda dósamjólk, þá er útkoman ávalt sú, að í þessu efni verður velli aðeins haldið á þeim grundvelli, að vara sje samkepnisfær um verð og vörugæði við útlenda framleiðslu. Það er sterkasti þátturinn til þess að afla vörunni markaðs. Jeg hefi bent hv. þm. Mýr. á þá framleiðsluvöru, sem á þann hátt hefir náð markaði, smjörlíkið. Það hefir að mestu leyti útrýmt útlendu smjörlíki. Og það er opin leið til að gera það sama í mjólkuriðnaðinum. Það er trú mín, enda hefi jeg fengið reynslu í því efni, að eigi menn kost á að fá innl. vöru jafngóða og jafndýra samskonar vöru erlendri, þá taka menn heldur innlendu vöruna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 420. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (þmfrv. A. 133).

Á 28., 30., 32., 33., 35., 37., 50., 52., 57. og 61. fundi í Nd., 21., 23., 26. og 27. mars, 3., 5., 20., 23. og 30. apríl og 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 7. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hjer er um að ræða smávægilega breytingu á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum.

Samkv. núgildandi lögum er afli og veiðarfæri þeirra skipa, er brotleg verða við lögin, gert upptækt. Vafalaust er tilgangurinn með þessu ákvæði tvennur. Í fyrsta lagi að herða á vítum og í öðru lagi að fyrirbyggja það, að skipið geti farið strax á sömu mið til veiða.

Reynslan hefir orðið sú, að afli og veiðarfæri þessara brotlegu skipa hafa verið seld strax eftir að dómur hefir fallið, og þess eru ótal dæmi, að umboðsmenn skipanna, ef um erlend skip er að ræða, hafa keypt veiðarfærin á uppboði og afhent þau samstundis til hinna seku. — Við eldhúsdagsumr. var drepið á það, að einn hv. þm. hefði keypt veiðarfæri fyrir umboðsmann erlends togara, skömmu eftir að dómur var fallinn í máli hans, og áfangurinn af því varð sá, að togarinn fór út aftur — á veiðar — að fáum dögum liðnum. Mjer er ekki grunlaust um, að fleiri hv. þm. hafi gerst til slíkrar greiðasemi við erlenda veiðiþjófa. Þetta er alveg ótækt. Það er hin mesta hneisa fyrir okkur, að Íslendingar sjálfir skuli verða til þess að útvega landhelgisþjófunum veiðarfæri strax eftir að dómur er fallinn, svo að þeir geti þegar byrjað á sömu iðjunni aftur.

Með frv. þessu er reynt að fyrirbyggja, að slíkt geti átt sjer stað. Það er svo fyrir mælt, að eigi megi selja upptæk veiðarfæri fyr en að 14 dögum liðnum frá því þau voru upptæk gerð, og aldrei hinum seka eða umboðsmanni hans. Ennfremur er öllum bannað að afhenda erlendum veiðiskipum, er sek kunna að verða um landhelgisbrot, veiðarfæri í sömu veiðiför og þau hafa gerst brotleg við lög þessi. Með öðrum orðum, ef lögum þessum er fylgt þurfa t. d. sek ensk skip að sigla til Englands til þess að afla sjer veiðarfæra.

Nú þykir ekki hlýða að hafa refsingar þyngri fyrir erlenda lögbrjóta en innlenda, og þar sem gera má ráð fyrir því að skip, sem sigla þarf til Englands, tefjist 10 daga frá veiðum, er í frv. ákveðið, að lögreglustjóri skuli kyrsetja íslensk skip, er brotleg hafa orðið, í 10 daga frá dómsuppsögn. Jeg hygg, að ekki þurfi langa framsögu með frv. þessu, svo sjálfsagt sem það er, en þó þykir mjer rjett að rifja upp fyrir hv. dm., hve mikið ríkið leggur á sig vegna landhelgisgæslunnar. Kostnaður við úthald þeirra skipa, sem nú hafa strandgæslu á hendi, mun nema nálægt ½ milj. kr. á ári hverju. Nú bætist þriðja skipið við í sumar, og getur þessi kostnaður þá varla numið minna en 600—700 þús. kr. — Það verður að leggja alla áherslu á það, að þessar dýru varnir komi að fullum notum, og jafnframt verður að girða fyrir það, að íslenskir menn geti gert sjer það að fjeþúfu, að gerast erindrekar erlendra landhelgisbrjóta. Sje jeg ekki, að hægt sje að tryggja þetta betur en gert er í frv. þessu. Skal jeg svo ekki láta fleiri orð fylgja því, en vænti þess, að því verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

Ólafur Thors: Það er að vísu svo, að mál þetta virðist ekki vera í tölu stórmálanna, en þó eru á því agnúar, sem geta haft í för með sjer talsvert alvarlegar afleiðingar. Með lögum frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, eru ákveðnar tvennskonar hegningar fyrir landhelgisbrot, í fyrsta

lagi sektir og í öðru lagi, að afli og veiðarfæri sjeu gerð upptæk.

Jeg skal ekki neita því, að í framkvæmdinni hefir að sumu leyti verið farið í kringum síðara ákvæði þessara laga, þ. e. að veiðarfæri hafa verið seld sökudólgnum, eða umboðsmanni hans, og oft við litlu verði. Hygg jeg, að þetta stafi meðfram af því, að veiðarfærin eru oft lítils eða jafnvel einskis virði fyrir aðra en sökudólgana sjálfa. Á það sjerstaklega við um veiðarfæri erlendra togara, þau eru einskis virði á íslenskum togurum vegna þess, að íslenskir togarar nota alt önnur veiðarfæri, þau eru bæði betri og sterkari.

Af þessu leiðir, að hjer er sama og enginn markaður fyrir veiðarfæri hinna erlendu skipa, og verður því að álíta, að þau sjeu mjög lítils virði fyrir ríkissjóð, svo framarlega sem þau eru ekki keypt af sökudólgunum sjálfum.

Þetta er hinsvegar ekki stór tekjuliður fyrir ríkissjóð, en því er ekki að neita, að sökudólgarnir fá veiðarfærin við mjög litlu verði, og er því eðlilegt, að reynt sje að fyrirbyggja það, að þeir hafi framvegis hag af þessum viðskiftum. Álít jeg, að því ákvæði sje fullnægt með fyrirmælum í upphafi 1. gr., þar sem segir, að bannað sje að selja veiðarfæri nema samþykkis dómsmálaráðuneytisins hafi verið leitað. Geng jeg út frá því, að dómsmálaráðuneytið hafi sjer við hönd dómbæra menn, er meti hvers virði veiðarfærin eru. Á þennan hátt er alveg girt fyrir það, að sökudólgarnir geti keypt veiðarfærin fyrir lítið verð, og er þá tilgangnum náð. En fyrirmæli þau, er felast í áframhaldi greinarinnar, eru nokkuð á annan veg, því að þar fer hv. flm. inn á viðkvæmt utanríkismál, og á jeg þar við þetta ákvæði — með leyfi hæstv. forseta: „Öllum er bannað að afhenda eða selja sekum, erlendum veiðiskipum eða umboðsmönnum þeirra veiðarfæri í sömu veiðiför og þau hafa gerst brotleg við lög þessi.“ — Með öðrum orðum, hjer er lagt beint viðskiftabann á þessi skip. Nú er það vitanlegt, að erlendar þjóðir kvarta mikið undan því, hvað fyrirmæli landhelgislaganna um sektir sjeu hörð, og benda á, að þau sjeu harðari en með öðrum erlendum þjóðum. Við höfum haldið fast á því, að þessi hegningarákvæði sjeu nauðsynleg, og aðrar þjóðir hafa orðið að gera sjer það að góðu. Hjer er verið að herða á sektarákvæðunum, og hygg jeg að það sje talsvert varhugavert, en einkum gæti viðskiftabannið orðið hættulegt. Veit jeg ekki hversu miklu það gæti valdið, en hitt er öllum ljóst, að við mundum ekki geta undir því risið, ef Englendingar tækju þetta illa upp fyrir okkur og legðu viðskiftabann á okkar skip. Auk þess hygg jeg, að þessi fyrirmæli brjóti alþjóðavenjur, og gæti það því haft alvarlegar afleiðingar í för með sjer fyrir okkur.

Ef spurt er um það, hvort þessi fyrirmæli nái tilgangi sínum og girði fyrir það, að sökudólgarnir geti þegar að afloknum dómi farið út til veiða, er jeg hræddur um, að hjer sje aðeins um vindhögg að ræða. Erlend skip gætu þegar að afloknum dómi leitað til skipa sömu þjóðar sem hjer eru að veiðum, og aflað sjer þannig veiðarfæra þegar í stað. Flest skip hafa veiðarfæri umfram nauðþörf, og eru þá aflögufær, að minsta kosti er það svo um íslensku skipin. Þessi auknu sektarákvæði eru því ekki sett til höfuðs erlendum skipum heldur hinum íslensku — þótt það

sje að sjálfsögðu ekki tilætlun hv. flm., þar sem þau á að kyrsetja í 10 daga.

Jeg hefi sýnt fram á, að hvað hin erlendu skip snertir, er hjer aðeins um vindhögg að ræða, og skapast því misrjetti, þar sem refsiákvæðin koma þyngra niður á Íslendingum sjálfum. — Ef við hinsvegar göngum út frá því, að þessi fyrirmæli nái tilgangi sínum, hvað erlendu skipin snertir, verður hegning þeirra þyngri, þar sem það hlýtur að taka meira en 10 daga að sigla til erlendra hafna, afla sjer þar veiðarfæra og komast aftur á fiskimið hjer við land. — Yrði þá að herða á hegningu ísl. skipanna og setja kyrsetningartímann enn þá lengri, en það yrði þungbær atvinnumissir fyrir þá menn, sem á skipunum vinna, og ekkert hafa til sakar unnið

Frá hvaða sjónarmiði sem er, virðist þetta frv. því óvenjulega vanhugsað, svo vanhugsað, að jeg get ómögulega trúað hv. flm. til þess að hafa samið það sjálfur, og segi jeg þetta þó ekki til þess að hlífa honum á neinn hátt. — Jeg þekki aðeins einn mann, sem gæti samið svo vanhugsað frv., en það er hæstv. dómsmrh., enda ber þetta frv. öll einkenni hans.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að taka undir með hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), að frv. þetta er hvorttveggja í senn: vanhugsað og bygt á fullkominni vanþekkingu.

Það er vitanlegt, að allir togarar geta haft í hverja veiðiför svo og svo mikið af veiðarfærum og þurfa því aldrei að hætta veiðum, þó að veiðarfæri sjeu gerð upptæk. Venjan er sú, að þau ein veiðarfæri eru dæmd upptæk, er brotið var framið með. Jeg hefi oft sjeð, að við þeim veiðarfærum, sem geymd eru í lest eða undir hvalbak, er alls ekki hreyft. Að sett er bann við því að selja sökudólg veiðarfæri, mun því alls ekki hafa neinar verulegar tafir í för með sjer fyrir þessa togara, nema um leið sje hert á þeirri venju, sem nú er um upptöku veiðarfæra.

Það hefir aldrei verið vani fyrir vestan að selja upptæk veiðarfæri fyr en viku eftir að dómur er fallinn, en skipin fara strax út á veiðar. Þess eru líka mörg dæmi, að erlend skip vilja alls ekki líta við því að kaupa aftur upptæk veiðarfæri. Í vetur var togari sektaður fyrir vestan, en nokkrir menn slógu sjer saman og keyptu veiðarfærin á 2000 kr. í von um að græða á kaupunum, en togarinn vildi ekki líta við veiðarfærunum fyrir það verð, hvað þá meira.

Það var rjettilega tekið fram af hv. 2. þm. G.-K., að veiðarfæri erlendra botnvörpuskipa eru oftast ónothæf á íslenskum skipum. Það getur að vísu stundum komið fyrir, að hægt sje að nota hlerana, en vörpuna ekki. Við notum gildari vira, eða um 3 þuml., en á erl. skipum munu þeir vanalega vera 2½ þuml.

Annars má setja skorður við því, að dæmdur togari geti þegar lagt út í veiðiför með sömu veiðarfærum og gerð voru upptæk. Það mætti gera á þann hátt, að dómsmálaráðherra fyrirskipaði að selja ekki veiðarfærin fyr en hálfum mánuði eftir dómsuppsögn.

Hv. flm. (HG) sagði, að á Ísafirði hefði það komið fyrir, að togari hefði, tveim dögum eftir að dómurinn var uppkveðinn, lagt út á veiðar með sömu veiðarfærum. En þetta eru ósannindi. Togarinn fór strax á veiðar eftir dóms-

uppsögn, en veiðarfærin voru ekki seld fyr en að viku liðinni, og allan þann tíma var togarinn á veiðum. Hitt er venja hjer í Reykjavík, undir handarjaðri dómsmálaráðherrans, að veiðarfæri eru seld samtímis og aflinn og stundum jafnvel á undan aflanum.

Ákvæðið gegn íslensku skipunum þykir mjer hart og þó einkum gagnvart útgerðarmönnum þegar svo stendur á, að þeir leggja fyrir skipstjóra að fiska ekki í landhelgi, þá skuli samt, auk sekta, skipað svo fyrir, að kyrsetja skipið í 10 daga. Sjá allir, hvílíkt tjón það getur orðið fyrir útgerðarfjelagið. En þetta ákvæði er eigi að síður hart gagnvart skipverjum, sem oftast eða ávalt eru saklausir. Þeir mundu afskráðir þann tíma, sem skipið er kyrsett, en óvíst um atvinnu á meðan þeim til handa.

Annars hugsa jeg, að frv. þetta sje fram borið til árjettingar sögu, sem hv. flm. gaf fram hæstv. dómsmrh. til varnar undir eldhúsdagsumr., og ef til vill líka í sambandi við aðra sögu, er ekki var notuð fyr en síðar: að skip fjelags þess, er jeg veiti forstöðu, hafi misnotað loftskeytatæki sín, en það hefir reynst ósatt, eins og fleira úr „Skutuls"-herbúðunum. Hv. þm. hefir sjálfsagt sárnað, að blað hans á Ísafirði hefir verið sektað fyrir ósannindi og ummæli þess dæmd dauð og ómerk.

Frv. sem hjer er næst á eftir til umr. (bann gegn líkamlegum refsingum), hefi jeg skilið svo, að flutt væri til afsökunar á kensluaðferð hv. þm., en nú er svo komið, að það mun reynast sem vopn á sjálfan flm., því að hv. þm. Ísaf. (HG) mun hafa verið einna síðastur barnakennara fyrir vestan, sem beitti líkamlegum refsingum, svo að nokkru nam. Blátt auga og bólgin kinn hefir ekki sjest á skólabörnum vestra síðan hann ljet af kenslustörfum.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Hv. þm. N.-Ísf. lauk máli sínu á þá leið, að jeg mundi hafa verið síðasti kennarinn á Ísafirði, sem beitt hefði líkamlegum refsingum við börn. Mjer er engin launung á því, að jeg hefi einstöku sinnum í minni kennaratíð neyðst til að rjetta snoppung að böldnum drengjum, enda var slíkt algengt við þann skóla þá. Hitt er uppspuni einn, hv. þm. einum samboðinn, að jeg hafi gengið lengra í því en ýmsir aðrir. Um það geta meðal annars börn hv. þm. borið. Jeg hefi líka sannfærst um það með árunum, að það er betra að nota ekki slíkar aðferðir til aga. Þó að mjer sje ljóst, að snoppungur getur gert sitt gagn, undir vissum kringumstæðum, þá er hitt víst, að líkamlegar refsingar gera yfirleitt langtum meira ógagn en gagn. Þess vegna á að banna þær. Ef einn kennari beitir þeim, er erfitt fyrir aðra að komast hjá því, við sama skóla og sömu börn. — Hv. þm. er velkomið að búa til um mig óhróðursögur, ef honum er hugfróun í því og hann heldur sig með því geta leitt huga manna frá umræðuefninu hjer, sem jeg veit að honum er mjög illa við — af skiljanlegum ástæðum.

Það er nú svo með suma menn, eins og t. d. hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf., að þeir virðast sjá drauga um hábjartan dag. Það er ekki hægt að bera hjer fram í hv. deild nokkurt mál, er viðkemur togurum og veiðum þeirra, án þess að þessir tveir þm. þykist óðara sjá hæstv. dómsmrh. ganga hjer ljósum logum. (**ÓTh:** Er þá hæstv.

dómsmrh. draugur? — **JAJ:** Eru þetta ekki illmæli um hæstv. dómsmrh.?) Það er öllum vitanlegt, að þessir tveir hv. þm. virðast óttast hæstv. dómsmrh. eins og myrkfælin mannrola draug. Þarf ekki annað en horfa í andlit þeirra, er ráðh. minnist á fortíð þeirra; þeir vita að hann þekkir óhuggulega vel syndaregistur þeirra — og auma bletti.

Annars er rjett að drepa lítils háttar á, hvaða viðtökur hv. 2. þm. G.-K. og nokkrir flokksmenn hans veita öllum þeim till., sem bornar eru fram í því skyni að gera landhelgisgæsluna gagnsmeiri en hún er nú, eða hefir verið. Hver einasta viðleitni einstakra þm. í þessu efni er tekin sem persónuleg áreitni við þá. Svona er sálarástandið og öllu snúið öfugt. Þetta mætti að vísu skýra á einn veg og út frá því draga þá ályktun, að þessir hv. þm. sem jafnframt eru mjög við togaraútgerð riðnir, álíti að um leið og eitthvað sje gert til þess að herða á landhelgisvörnunum, þá sje verið að taka spón úr aski útgerðarmanna. Þó vil jeg ekki fullyrða að mótspyrna þessara manna gegn aukinni landhelgisgæslu sje af slíkum toga spunnin, en það, hvernig þeir haga orðum sínum í hvert sinn, sem á þessi mál er minst, gæti gefið tilefni til að ætla, að eiginhagsmunir spiluðu undir að meira eða minna leyti.

Hv. þm. N.-Ísf. tók svo til orða, að það væri hart gagnvart íslenskum útgerðarmönnum, sem bannað hefðu skipstjórum sínum að brjóta landhelgislögin, að fyrir óhlýðni skipstjóranna yrðu þeir, auk sekta, að þola bótalaust að skipið væri kyrsett í höfn í 10 daga. Og hv. 2. þm. G.-K. tók í sama streng, honum þótti þetta líka ákaflega hart og ósanngjarnt gagnvart útgerðarmönnum. Það lítur ekki út fyrir, að þeim finnist jafn hart og ósanngjarnt við smábátaeigendur að láta togarana skafa mið þeirra og eyðileggja veiðarfæri. Þeir sjá betur hörkuna við landhelgisbrjótana. Jeg játa að jeg hefi enga vorkunn með þeim skipstjórum, sem gera sjer leik að því að brjóta landhelgislögin, nje þeim útgerðarmönnum, sem halda slíka lögbrjóta í þjónustu sinni árum saman. Það mundi þegar talsvert bæta landhelgisvarnirnar, ef útgerðarmenn hefðu það fyrir reglu, að víkja hverjum þeim skipstjóra tafarlaust frá, sem bryti landhelgina. Og það er blettur á þeim, að þeir skuli ekki gera það. Alt rop þeirra manna um bættar og auknar landhelgisvarnir er ekkert annað en látalæti og yfirskin, meðan þeir sýna ekki þann manndóm að gera þetta. Þeim stendur þá á sama, hvernig um landhelgisvarnir fer og munda láta sjer líka, þó að engin gæsla væri höfð.

Báðir þessir þm., hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. N.-Ísf., fundu ástæðu til að kvarta fyrir hönd hásetanna á togurum. Þeir sögðu, að það væri hart gagnvart hásetunum, að kyrsetja skip, því að þá töpuðu þeir atvinnu sinni þann tíma. Það er óvanalegt að heyra slíka umhyggju fyrir togarahásetum frá þessum mönnum og ekki nema ánægjulegt, ef hugur fylgir þar máli — sem jeg tel efasamt mjög. Það er auðvelt að bæta úr þessu og tryggja það, að hásetar tapi ekki neinu með því að setja í frv. ákv. um, að hásetum skuli greitt fult kaup á meðan skipið er kyrsett.

Hv. þm. N.-Ísf. upplýsti það, að þeirri venju væri víðast fylgt að selja veiðar-

færi samtímis og aflann og hafði hv. 2. þm. G.-K. svipaða sögu að segja. Liggur í augum uppi, hvað það þýðir. Það þýðir ekki annað en það, að skipin kaupa aftur veiðarfærin, enda sagði hv. 2. þm. G.-K. að það væri rjett hjá mjer, að það væri algengt, að sökudólgarnir færu strax á veiðar og dóminum væri fullnægt, og þarf því ekki að deila um að svo sje.

Hinsvegar segir hv. þm. N.-Ísf., að það sje venja t. d. á Ísafirði, að selja veiðarfæri að viku liðinni. En jeg hygg hann misminni þetta og að ekki líði altaf vika á milli, en þetta skiftir ekki miklu máli. Honum má vera kunnugt um þetta vegna veiðarfærakaupa sinna.

Mjer virtist hv. þm. N.-Ísf. harma það mjög, að menn fyrir vestan, sem keypt höfðu upptæk veiðarfæri fyrir 3000 kr. með það fyrir augum að selja þau útlendingum með hagnaði, hefðu tapað á þeirri verslun. Vonandi hefir þetta ekki hent hann.

Sami hv. þm. sagði, að það, að selja ekki útlendum skipum veiðarfæri, væri sama og að gera veiðarfærin verðlaus, því að íslensk skip gætu ekki notað þau, nema hlerana eina. Það er nú líklega mikið til í þessu, en hv. 2. þm. G.-K. upplýsti um það, að venjulega væri það svo lítið verð, sem fengist fyrir veiðarfærin, að það mundi enga fjárhagslega þýðingu hafa. Er því engin ástæða til að setja það fyrir sig.

Þá upplýsti hv. þm. N.-Ísf., að venjulega væri það svo í framkvæmd landhelgislaganna, að aldrei væru öll veiðarfæri skipsins gerð upptæk, heldur aðeins þau, sem notuð væru á meðan brotið var framið, en skipin ættu oftast nægilega mikil veiðarfæri til þess að stunda veiðar áfram. Jeg veit ekki með vissu, hvort þetta er rjett, en sje svo, þá er hjer eflaust gengið á svig við lögin, því að hvergi er á það minst í lögunum, að nokkur hluti veiðarfæranna skuli vera undanskilinn. Samkv. l. skilst mjer, að öll veiðarfæri skipsins skuli gera upptæk, en annars er fullkomin ástæða til að athuga, hvað rjett er í þessu.

Hv. 2. þm. G.-K. vildi efast um, að það væri rjett hjá mjer, að tilgangur landhelgislaganna væri hvorttveggja í senn: að láta skipin sæta vitum, sektum, og bægja þeim um tíma frá veiðum. Ef tilgangurinn hefði verið sá einn með lögunum, að láta skipin sæta fjársektum og fá sem mestar bætur í Landhelgissjóð, þá var einfaldast að hafa sektirnar hærri og sleppa veiðarfærunum, því að eins og áður er sagt, nemur andvirði þeirra litlum upphæðum. Með því að gera veiðarfærin upptæk og selja þau ekki strax, er skipunum bægt frá veiðum, eða a. m. k. tafið fyrir þeim, hefir það og tvímælalaust verið tilætlunin, er lögin voru sett.

Þá var svo að heyra á hv. 2. þm. G.-K., að ákvæði frv. væri fyrir honum viðkvæmt utanríkismál. En jeg held, að frv. þetta sje það ekki fremur en lögin nú. Hjer er aðeins um stigmun að ræða, engan efnismun. Annars má segja um öll lög, sem að einhverju leyti snerta hagsmuni erlendra manna, að þau sjeu utanríkismál. Hjer er ekki um annað að ræða en að herða á ákvæðum í gildandi lögum, svo að tilgangi þeirra verði betur náð.

Þá hjelt sami hv. þm. því fram, að ef lögin ættu að ná tilgangi sínum, þá kæmi refsingin harðara niður á erlendum skipum en íslenskum, af því að þau þyrftu að sigla út eftir veiðarfær-

um. Íslensku skipin yrðu kyrsett í 10 daga, og svipaðan tíma hjelt jeg það mundi taka fyrir erlend skip að sigla t. d. til Englands eftir nýjum veiðarfærum. En það má vel vera, að þetta sje of skammur tími og gæti jeg því til samkomulags gengið inn á að lengja kyrsetningu hinna íslensku sökudólga. Við eigum ekki að hika við að beita lögunum til þess að verja landhelgina. Tilgangur laganna er að venja menn af því að brjóta landhelgina, og jeg er ekkert feiminn við að beita ströngum refsiákvæðum í því skyni. Aðeins verður eitt og sama að ganga yfir innlenda sem erlenda sökudólga.

Hv. 2. þm. G. K. sagði, að erlendir sökudólgar mundu koma með krók á móti bragði og mundu hafa veiðarfæri liggjandi hjá vinum sínum og löndum í öðrum skipum. Jeg býst við, að það geti hugsast, að þeir reyni þetta, enda er ekki unt að smíða lög, sem ekki er hægt að brjóta, en með frv. er þó a. m. k. girt fyrir það, að þeir fái veiðarfærin fyrir lægra verð en þau kosta og þeim ósóma útrýmt, að íslenskir menn gerist erindrekar og verndarar hagsmuna erlendra veiðiþjófa í von um nokkurra aura eða króna umboðsgróða. Svo má altaf búast við, að það taki nokkurn tíma að bregða sjer t. d. vestur á Hala og hitta togara, sem svo er vel staddur að hafa aflögu veiðarfæri.

Báðir þessir hv. þm. (ÓTh og JAJ) voru innilega sammála um eitt, og það var það, að frv. þetta væri vanhugsað, óþarft í alla staði og næði ekki tilgangi sínum á neinn hátt. Jeg hefi ekkert um þau ummæli annað að segja en það, að jeg kann þeim vel. Æfinlega þegar bent hefir verið á ráð til gagnlegra breytinga á landhelgisgæslunni, hafa viðtökurnar í þessum herbúðum verið á þessa sömu lund. Reynslan hefir sýnt mjer, að þeim er ekkert áhugamál, að landhelgisgæslan komi að fullum notum, þeir fjandskapast jafnan á móti því, sem reynt er að gera til þess að smábátarnir geti haft veiðarfæri sín í friði og stundað atvinnu sína óáreittir af veiðiþjófum í landhelginni. Það er segin saga, að þessir tveir hv. þm. rísa altaf öndverðir gegn hverri einustu tillögu, sem borin er fram til að bæta landhelgisgæsluna og sjá um, að hún komi betur að haldi. Mjer er því ánægja að mótmælum þeirra. Þau eru viðurkenning þess, að frv. þetta er spor í rjetta átt og verður til mikils gagns, ef það nær samþykki þingsins.

Ólafur Thors: Jeg ætla ekki að svara almennum fullyrðingum og staðhæfingum hv. þm. Ísaf. um, hvað valda muni andstöðu minni til þessa frv. Það eru sömu getsakirnar og svívirðingarnar, sem þessi hv. þm. lætur sjer sæma að drótta að andstæðingum sínum yfirleitt. Jeg legg á móti frv. af því að það er skömm fyrir hv. d. að það skuli fram komið, enda er frá því gengið á þá leið, að engu er líkara en að vitfirringur hafi samið það.

Frumvarpsómynd þessi er aðeins ein gr. og þó er ekki einn einasti stafur af viti í henni, þegar hún er krufin til mergjar.

Í fyrsta lagi er frv. vindhögg út í loftið, eins og hv. flm. hefir nú játað í seinni ræðu sinni.

Í öðru lagi kemur fram í frvgr. alvarlegt misrjetti, og í þriðja lagi er með frv. verið að beina landhelgisgæslunni inn á hættulega braut, með því að senda

öðrum þjóðum slika hólmgönguáskorun. Hv. flm. virðist ekki hafa hugsað málið betur en það, að hann hefir þegar við 1. umr. málsins játað ýmsa annmarka á frv. þessu, og ætti hann því að hugsa málið betur þangað til hann fer á stúfana til frekari aðgerða. Skal jeg nú sýna honum fram á, hvað einstök ákvæði í frv. þessu eru óskýr og illa hugsuð, og vil jeg þá með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr því, til frekari sönnunar. Þar segir svo: „Öllum er bannað að selja sekum, erlendum veiðiskipum eða umboðsmönnum þeirra veiðarfæri í sömu veiðiför og þau hafa gerst brotleg við lög þessi.“ Þessi ákvæði eru bæði óskýr og illa hugsuð. Hvað meinar hv. flm. með sömu veiðiför? Jeg hefði haldið, að skipið byrjaði þegar nýja veiðiför, er dómur væri fallinn og það ljeti úr höfn, og þá er fyrirmælið gagnslaust. Þá vil jeg vikja nánar að því ákvæði, að ef íslenskt skip verður brotlegt, skal það kyrsett í höfn í 10 daga. Þetta er hugsunarvilla. Það nær ekki nokkurri átt að það eigi að hegna útgerðarfjelögum fyrir það, að menn, sem eru í þeirra þjónustu fari inn fyrir landhelgilinuna, þótt hv. þm. segi, að það sje ekki nema mátulegt á þá. Hvernig í ósköpunum eiga útgerðarmenn að hafa það á tilfinningunni þegar þeir ráða til sín menn, hvort þessi eða þessi muni fá sekt fyrir landhelgisbrot, meðan hann er í þeirra þjónustu. Ekki geta þeir fundið það á lyktinni, ef svo mætti segja, hvort þeir verði brotlegir eða ekki. (**HG:** Borga skipstjórarnir sektina?) Já, auðvitað. Og hvers eiga hásetar að gjalda? Þeir missa atvinnu. Og hvað um þá, sem lifa á eyrarvinnu og fiskverkun? Og hvað um sjálfan ríkissjóðinn? Allir þessir aðilar tapa við kyrsetningu skipanna, og hefir þó enginn þeirra til sakar unnið. Slik löggjöf sem þessi er ekki aðeins heimskuleg og gagnslaus, hún er hættuleg og skaðleg. Því enda þótt hún í reyndinni bitni ekki á nágrannaþjóðunum, verður hún þó talin reiddur hnefi. Við verðum að minnast þess, að við erum ekki eina stórveldi heimsins, þótt við sjeum kannske miklir að okkar eigin áliti. Hitt er annað mál, að við eigum að halda fram rjetti okkar með fullri einurð og festu, en við verðum að forðast alla ósanngirni.

Jóhann Jósefsson: Landhelgislöggjöfin íslenska er viðurkend fyrir að vera strangari og harðari heldur en samskonar löggjöf annara þjóða, bæði hvað peningasektir snertir og önnur ákvæði. Þegar þessi lög voru sett, árið 1920, var það svo, að hjer var þá aðeins eitt danskt herskip, sem landhelgigæslu hafði á hendi, en þó var það hjer ekki alt árið. Á undanförnum árum hafa komið fram kvartanir frá þeim þjóðum, sem mest hafa orðið fyrir barðinu á okkur í þessum efnum, að sektirnar væru of háar, og ákvæðin yfirleitt of ströng. Á þessu tímabili, þar á jeg við árin 1920—1927, hefir þessum þjóðum verið bent á, af stjórn vorri, að við Íslendingar yrðum að hafa ákvæðin strangari en aðrir, því að við hefðum engin tök á að verja landhelgi okkar sem skyldi. Mjer er líka kunnugt um, að aðrar þjóðir hafa gengið inn á, að það yrðu að liggja þungar refsingar við þessum brotum, þar sem þjóðin gæti ekki varið landhelgi sína til fulls. M. ö. o., sektarákvæðin og önnur ströng ákvæði löggjafar þessarar áttu að bæta

Íslendingum það upp, að þeir gátu ekki varið landhelgi sína.

Nú ber þess að gæta, að aðstaðan, hvað þetta snertir, hefir breyst. Hin danska gæsla hefir ekki verið rýrð, en við höfum líka eignast okkar eigin strandvarnarskip, og þarf þá ekki annað en að benda á, hve margir voru teknir á árunum 1925—28, og bera það saman við fyrri árin til að sjá, hversu mjög gæslunni hefir fleygt fram. Jeg vil benda á það, að samkvæmt því, er haldið hefir verið fram af hálfu Íslendinga til málsbóta hörðum ákvæðum gildandi landhelgilöggjafar, á aukið eftirlit ekki að hafa þær afleiðingar, að strangari ákvæðum verði beitt. Síðan „Óðinn" tók til starfa, hefir mikið dregið úr togaratökum, og er þó tiltölulega skammur tími síðan. Það er mikill munur á eftirliti nú og 1926, en það sýnir, hvaða verkanir lögin hafa haft, að nú liggja fyrir sárfá mál, en áður voru þau vanalega fleiri tugir um þetta leyti. Landhelgigæslan er strangari og togararnir eru búnir að fá nóg af sektum, og eftirlitið hefir borið þann ávöxt, að nú eru tiltölulega fá skip tekin fyrir landhelgibrot. Af þessum orsökum er það sýnilegt, að það þarf ekki skerpandi ákvæði, sú ástæða fellur burtu eftir að eftirlitið batnar, enda hefir reynslan sýnt, að hegningarákvæði núgildandi laga eru nægilega ströng. Nú liggur fyrir frv. til laga frá hv. þm. Ísaf., er miðar að því að skerpa ákvæðin að mun, og færa löggjöfina út á þá braut, sem jeg hygg, að við ættum að forðast í lengstu lög. Jeg játa það, að jeg mun hafa aðra rjettarmeðvitund en hv. þm. Ísaf., enda get jeg ekki sjeð, að rjett sje að leggja menn í einelti eftir að þeir eru búnir að bæta fyrir brot sitt samkvæmt dómi. Sá maður, sem hefir orðið fyrir þessu óhappi, á samkvæmt skoðun hv. þm. að sæta banni og vera óalandi og óferjandi, eins og siður var í grárri forneskju, en þetta er algerlega ósamrýmanlegt venjulegri rjettarmeðvitund.

Hv. þm. Ísaf. hefir þar vonandi þá sjerstöðu, sem nægileg er til þess að hann og fylgifiskar hans verði einangraðir með þessa skoðun sína og tillögur.

Þótt þetta mál fari til sjútvn. býst jeg við, að hún verði að snúa sjer til þeirrar nefndar, sem hefir með utanríkismálin að gera, og að hún verði að láta álit sitt uppi um málið, áður en tekin verður nokkur fullnaðarákvörðun um það. Sje tilgangur frv. að meina þeim, er í sekt hafa fallið, að halda áfram veiði, þótt búið sje að bæta fyrir brot þeirra, eða tefja fyrir þeim á einhvern hátt, má slá sölu veiðarfæranna á frest um óákveðinn tíma. Þetta er algerlega á valdi íslenskra yfirvalda, og þarf engin ný lagafyrirmæli til þess. Um fiskinn er alt öðru máli að gegna, því að hann liggur undir skemdum og verður því að seljast strax. Vilji ríkisstjórnin hinsvegar ekki láta selja veiðarfærin, má fresta því um óákveðinn tíma. En það virðist engin ástæða til að selja ekki veiðarfærin, því að ef þau eru ekki seld þvínær strax, verða þau oftast nær verðlaus fyrir landhelgisjóð. Þetta er ekkert aðalatriði, en jeg vil aðeins benda á það, því að hv. flm. benti á þann kostnað, sem væri við landhelgigæsluna, og því væri það ekki vert fyrir sjóðinn að afsala sjer þeim tekjum, sem frekast er hægt að fá fyrir upptækan afla og veiðarfæri. Þá hefir verið á það bent, að með því að halda veiðarfærunum óseldum mætti hindra skip-

in í því að stunda veiðar. Þetta er hinn mesti misskilningur, því að hin útlendu skip myndu fá lánuð veiðarfæri hjá fjelögum sínum, og halda svo áfram veiðum, eins og ekkert hefði í skorist. Þetta hefir þráfalt komið fyrir, af ýmsum ástæðum og myndi verða venja, ef fyrirmæli frv. þessa yrðu lögfest.

Jeg drap á það áðan, hverjar höfuðástæður við Íslendingar færðum fram fyrir hinni ströngu löggjöf til þess að sýna öðrum þjóðum, að hennar væri full þörf. Útlendingar, t. d Þjóðverjar og Englendingar, hafa svo viljað rannsaka hvernig lögum þessum væri framfylgt, og sú kynning, er þeir hafa fengið af framkvæmd löggjafarinnar af varðskipum landsins og af dómurum þess, hefir ennþá ekki orðið til þess að kasta rýrð á okkur í þeirra augum. Þessir sendimenn hafa bæði talað við dómarana, sem hjer eiga hlut að máli, og foringja varðskipanna, og munu þeir hafa sætt sig fyllilega við framkvæmd þessara laga, að gerathuguðu máli, enda hafa þeir oftast kannast við það með þögninni að minsta kosti, að togararnir væru rjettilega dæmdir, og ekki hafa þeir sjeð þess nokkurn vott, að útlendir skipstjórar hafi verið eltir á röndum og ofsóttir, eftir að dómi hefir verið fullnægt. Sú stefna væri líka í algerðu ósamræmi við þann grundvöll, sem ríkisstjórnin hefir lagt, þegar hún hefir skýrt lögin fyrir útlendingum. Að herða ákvæði þessara laga væri líka í algerðu ósamræmi við gerðir þingsins 1926, því að þá þótti því tilhlýðilegast að lækka hlerasektir til að gera lögin mannúðlegri, þ. e. hlerasektir, sem stafa af ólöglegum umbúnaði veiðarfæra, sem ekki stendur í sambandi við fyrirhugað eða framið fiskiveiðabrot.

Þetta mál fer nú að sjálfsögðu til nefndar, en jeg er þess fullviss, að það þarf að athugast gaumgæfilega. Sjerstaklega er það svo um það ákvæði hv. flm., að setja þá menn, sem brotlegir hafa reynst, í einskonar viðskiftabann. Jeg hygg, að það sje ekki heppilegt að taka það ákvæði upp.

Jeg þarf nú ekki að fara út í fleiri ákvæði frv. Það hafa aðrir gert, enda þótt hv. flm. og öðrum hans líkum þyki það máske ekki mikilsvirði, sem þeir segja, er sjálfir hafa togaraútgerð. En mjer finst það ómaklegt að láta skipshöfnina á þeim íslenskum togurum, sem brotlegir verða, gjalda þess með því að liggja aðgerðalausir í 10 daga inni á höfn, þó að skipstjórinn, sem skipinu ræður, hafi farið inn í landhelgina. Hv. flm. sagði reyndar, að rjettast væri að láta útgerðina borga skipshöfninni kaup þann tíma. Og það er reyndar ekki nema jafnviturlegt og annað, sem er í frv., að ætlast til að útgerðin borgi skipshöfn kaup þá daga, sem hvorki er siglt nje fiskað. Slík sanngirni og þetta er alvanaleg frá hv. flm. og samherjum hans.

Hv. flm. vildi brýna andstæðinga sína á því að segja, að þeir væru móti öllum till., sem gengju í þá átt að friða landhelgina, og að fult gagn verði að strandvörnunum. Jeg veit ekki vel við hvaða mál hv. þm. á. Þessi hv. þm. er nú með þessu frv. að burðast við fyrstu tillögu sína snertandi landhelgimálin. Hans hefir aldrei gætt fyr, eða nafn hans verið nefnt í sambandi við úrlausnir landhelgifriðunar. Og þessi fyrsta tillaga hans, sem hann ætlast til að bregði ljóma á nafn sitt, er þá þannig vaxin, að sú hliðin, sem að útlendingum snýr, er stórhættuleg, en hin hliðin, sú sem

snýr að Íslendingum, er í fylsta lagi ómannúðleg gagnvart þeim sjómönnum, sem fyrir tjóni verða af ákvæðum frv. Þar sem fyrsta ganga hv. þm. er nú þannig, þá held jeg að hann ætti að koma með annað viturlegra, áður en hann fer að brýna aðra á því, að þeir sjeu andstæðir strandvörnum. Jeg er ekki togaraútgerðarmaður. En jeg skal lýsa yfir því, að þeir hv. þm. tveir, sem hv. flm. var að dylgja um að væru á móti landhelgivörnum, hafa aldrei verið á móti skynsamlegum till. í þá átt, þótt þeir hafi verið á móti sumum þeim málamynda tillögum, sem viss tegund stjórnmálamanna hjer á Alþingi hefir verið að fitja upp á öðru hvoru, snertandi botnvörpuveiðar. Þessar tillögur eða frv. eins og það, sem hjer um ræðir og t. d. Ömmufrv. alkunna, virðist ekki vera flutt í öðru skyni en því, að koma að uppáhalds umræðuefni þeirra stjórnmálamanna, sem hjer sitja og nota hvert tækifæri, sem gefst, til þess að vekja tortrygni gegn íslenskum útgerðarmönnum. Verði svo einhverjir til þess að andmæla vitleysunni eða benda á vanþekkingu frumvarpahöfundanna, þá er altaf viðkvæðið eins og núna hjá hv. flm. þessa frv., að andmælin sjeu sprottin af andúð gegn landhelgigæslunni. Þeir verða að minni hyggju hollráðastir í þessu efni sem öðru, sem vilja lögleiða aðeins það, sem vit er í og framkvæmanlegt er, en hugsa ekki um það, að búa til pappírslög, sem að engu haldi geta komið, eins og vaka virðist fyrir hv. flm. frv. þess, er hjer liggur fyrir.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Hvalveiðastöð.

Á 25. fundi í Nd., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að setja á stofn hvalveiðastöð (þmfrv. A. 140).

Á 28., 30., 35., 37., 52., 57., 61. og 63. fundi í Nd., 21. og 23. mars, 3., 5., 23. og 30. apríl, 4. og 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

26. Lyfjaverslun.

Á 28. fundi í Nd., 21. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild til að reka lyfjaverslun á Íslandi (þmfrv. A. 174).

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi ekki mörgu við það að bæta, sem stendur í greinargerð þessa litla frv. Eins og allir kannast við, hefir til þessa verið það skilyrði fyrir að mega reka lyfjaverslun á Íslandi, að leyfishafi hafi

verið lyfjafræðingur. Af þessu hefir aftur leitt það, að hinn sami maður hefir orðið að fullnægja þeim tveimur skilyrðum, að hafa þekkingu í lyfjafræði, og ennfremur að hafa fjármagn til þess að koma lyfjabúðinni upp og reka hana. Aðrir en lyfjafræðingar hafa ekki mátt reka lyfjabúðir, þó þeir hefðu lyfjafræðing til að veita henni forstöðu. En aftur á móti hafa lyfjafræðingar ekki getað stofnað og starfrækt lyfjabúðir, nema þeir væru ríkir menn. Hefir því mátt heita svo, að lengi vel væri einokun í þessu efni hjer á landi, og ekki er all-langt síðan að einungis var ein lyfjabúð hjer í Reykjavík og fjórar á öllu landinu. Nú er að vísu orðin töluverð breyting í þessu efni, þannig eru t. d. komnar fjórar lyfjabúðir hjer í Reykjavík, og má eflaust við það una. En þrátt fyrir þá breytingu, sem orðin er í þessum efnum frá því, sem áður var, er samt langt frá því, að lyfjaverslunin sje eins frjáls og hún ætti að geta verið. Að sjálfsögðu verður altaf að gera strangar kröfur til þess, að sá, sem veitir lyfjaversluninni forstöðu, sje lyfjafræðingur, en að hann þurfi endilega að eiga hana sjálfur, sýnist vera óþarfi. Fer frv. þetta því fram á, að öðrum en lyfjafræðingum megi veita leyfi til þess að reka lyfjaverslun hjer á landi, þó með því skilyrði, að leyfishafi hafi fullkominn lyfjafræðing til þess að veita versluninni forstöðu.

Það mun nú tæplega geta orkað tvímælis, að almenningi sje engu síður þörf á því, að geta fengið lyf með vægu verði en aðrar vörur, því að vart munu sjúklingar eiga hægara með að kaupa dýra vöru en þeir, sem heilir eru. Mundi þessi breyting, sem frv. fer fram á, verða til þess að lækka lyfjaverðið.

Samkvæmt frv. þessu er ætlast til að einstökum mönnum, samvinnufjelögum og sveitar- eða bæjarfjelögum, verði veitt leyfi til lyfjaverslunar, og jeg gæti vel hugsað mjer, að það væri til bóta að breyta 1. gr. frv. þannig, að fleiri aðiljar gætu fengið þetta leyfi, eins og t. d. líknarfjelög. Jeg myndi því ekki verða á móti breytingum á frv., sem gengju í þessa átt.

Það eina, sem jeg get hugsað mjer að verði haft á móti því, að koma lyfjaversluninni í þetta form, er það, að menn óttist að minna öryggi verði í því, að forstöðumennirnir verði starfi sínu vaxnir. Til þess að fyrirbyggja slíkan ótta, er ekki nema sjálfsagt að krefjast þeirrar sjerþekkingar, og það mjög stranglega, sem skapar fult öryggi í þessum efnum. Út í þetta er ekki farið í frv., að öðru leyti en því, að ákveðið er, að lyfjafræðingar skuli veita lyfjaverslununum forstöðu. Gæti því verið rjettara að taka nánara fram um próf o. fl. Og ef þær kröfur eru gerðar nógu strangar, fæ jeg ekki sjeð, að nein hætta geti stafað af því, þó að forstöðumaðurinn eigi ekki verslunina sjálfur.

Legg jeg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn. að þessari umr. lokinni, og jeg mun að sjálfsögðu taka því vel, þó að nefndin geri á því breytingar, ef aðalefni þess fær að halda sjer.

Jón A. Jónsson: Mjer finst, að með frv. þessu sje skotið yfir markið hjá hv. flm., því eins og kunnugt er, gefur heilbrigðisstjórnin út gjaldskrár fyrir lyfjabúðirnar og getur því ráðið verði lyfjanna. Með þessu fyrirkomulagi, sem stungið er upp á í frv., er verið að koma lyfjaversluninni inn á nýtt svið.

sem mjer finst að geti orðið til þess, að erfiðara verði að fá góðar lyfjabúðir, því að það er vitanlegt, að til þess að reka lyfjaverslun þarf mikið fje, þar sem t. d. að liggja verður með lyf, sem kannske eru ekki notuð nema einu sinni á fleiri árum, en verða eigi að síður að vera fyrir hendi. Bindst á þann hátt oft mikið fje hjá lyfsölunum, og með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, væri ekki um neinar smáfjárhæðir að ræða, sem fastar yrðu í þessari verslun umfram það, sem nú er, þar sem lyfjabúðum mundi fjölga stórlega. Menn hafa einskonar hjátrú á gróða þessarar verslunar, þó að nú hafi fengist reynsla fyrir því, að það er ekki gróðavegur að reka lyfjabúðir þar, sem fáment er. Þannig hefir t. d. reynslan orðið á Eyrarbakka, Sauðárkróki og jafnvel í Stykkishólmi nú í seinni tíð. Þá mundi og þurfa margfalt fleira fólk við þessa verslun, ef búðum fjölgaði svo stórlega, sem hjer er ráð fyrir gert. Um stórgróða af þessari verslun hefir því ekki verið að tala, nema ef vera kynni hjer í Reykjavík meðan lyfjabúðin var aðeins ein. En um það getur ekki verið að ræða lengur þar sem lyfjabúðirnar eru nú orðnar fjórar í bænum. Mun því hjer eftir ekki vera að vænta meira en sæmilegrar afkomu fyrir þær. Jeg held því, að það sje ekki rjetta leiðin til þess að gera lyfin ódýrari en þau eru nú, sem frv. þetta ætlast til að verði farin.

Á þinginu 1921 var hækkaður mjög tollur af vínanda þeim, sem notaður er til lyfja. Þessi hækkun mun nema alt að 100 þús. kr. á ári. Þar sem meiri hluti verðs flestra lyfja er vínandi, þá má nærri geta, að lyfin hafa hækkað stórlega við þennan tollauka og finst mjer rjett að byrja lækkun lyfjanna með því að fella tollaukann niður.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg veit vel, að heilbrigðisstjórnin gefur út lyfjaskrá eða taxta, en jeg veit jafnframt, að það er ekki nema hámarksverð, og að lyfjabúðirnar geta haft mikinn gróða samt, því þegar hámarksverð er sett, er það ekki lægsta verð, sem hægt er að selja fyrir. Jeg fæ því ekki sjeð, að með frv. þessu sje skotið yfir markið.

Þá virtist mjer eins og hv. þm. N.-Ísf. gera ráð fyrir, að ef frv. þetta yrði samþykt, þá myndi hver hreppur fara að reka lyfjabúð. En jeg geri alls ekki ráð fyrir því, að heimildin yrði notuð svo alment. Jeg gæti þvert á móti búist við, að lyfjabúðunum fjölgaði ekki mikið frá því sem nú er. En þrátt fyrir það mundi það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., vera hentugt og tryggja hæfilegt verð lyfja, með fram vegna þess, að lyfjabúðirnar gætu annars átt von á samkepni.

Jeg held, að hv. þm. N.-Ísf. geri alt of mikið úr kostnaði lyfjabúðanna. Jeg hefi kynt mjer þetta mál talsvert og leitað mjer um það fræðslu hjá sjerfræðingi. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þarf ekkert stórfje til að útvega öll nauðsynlegustu lyf, þó að það sje auðvitað fátækum manni, nýkomnum frá prófborði, ofviða að afla þess.

Hv. þm. (JAJ) vildi gera lítið úr gróða lyfjabúðanna. Það getur verið, að þær hafi ekki allar mikinn ágóða. En sumar þeirra hafa ómótmælanlega grætt of fjár, og eitthvað af því fje væri betur komið í vösum sjúkling-

anna. Slikur gróði hefir átt sjer stað víðar en í Reykjavík. Það er mjer fullkunnugt um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, HV, IngB.

nei: HK, JAJ.

MT greiddi ekki atkv.

8 þm. (BSv, ÁÁ, GunnS, HG, JJós, JÓl, MJ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Dómkirkjan í Reykjavík.

Á 29. fundi í Nd., 22. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að umsjón og fjárhald dómkirkjunnar í Reykjavík sje fengið söfnuði hennar í hendur (þmfrv. A. 179).

Á 31., 34. og 36. fundi í Nd., 25. mars, 2. og 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg skal ekki fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum, og get að mestu látið mjer nægja að óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og nefndar til athugunar. Hjer er farið fram á það, að ríkisstjórnin semji við söfnuðinn hjer í Reykjavík um að taka algerlega við umsjón og fjárhaldi dómkirkjunnar. Er hjer verið að velta þungum bagga af því opinbera, því að kirkjan er ríkiseign, og ríkissjóður verður að kosta viðhald hennar, og því opinbera ber skylda til þess að sjá söfnuðinum fyrir viðunanlegri kirkju. Nú er orðinn hjer svo mikill hörgull á húsplássi í kirkjunni, að það er komið langt út fyrir öll takmörk. Hjer er rúm í kirkju, þegar Fríkirkjan er ekki reiknuð með, fyrir ein 800 af 25000 bæjarbúum, svo að kirkjan er svo langt frá því að svara til mannfjöldans, og mun ástandið hvergi á landinu vera svipað þessu. Ef reisa ætti nýja kirkju, þá mun hún verða svo dýr, að það er mjög hæpið, hvort landið sjer sjer nokkurntíma fært að ráðast í það, því að vegleg verður hún að verða. Nú er vaknaður mikill áhugi hjá söfnuðinum hjer í Reykjavík fyrir kirkjubyggingu, og það er að miklu leyti þess vegna, að farið er fram á, að þessi heimildarlög verði samþ. Jeg skal svo láta mjer nægja að vísa til brjefs sóknar- og kirkjubyggingarnefndar og kafla úr brjefi biskups, sem hvorttveggja fylgir frv. sem grg. Það fer fjarri því, að hjer sje farið fram á mikið, þegar litið er á það, hvað mikið verk er hjer fyrir höndum. Ný dómkirkja hjer í Reykjavík mun kosta kringum 1 milj. kr. Hún verður ekki reist nema hún geti orðið svo vegleg, og eftir þessu frv. á ríkissjóður að

sleppa með það, að borga ¼ af byggingarkostnaðinum. Jeg vil svo geta þess, að Reykvíkingar hafa upp á sitt eindæmi bygt stærstu kirkju landsins, Fríkirkjuna, og sýnir það, að þátttaka þeirra í lausn kirknamálsins er í raun-inni ennþá meiri en út lítur í fljótu bragði.

Jeg vil svo óska, að málið fái að ganga til 2. umr. og hv. allshn., þar sem jeg býst við, að það heyri þar helst undir. (MG: Til fjhn.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv. og til allshn. með 11 : 4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Hafnargerð á Sauðárkróki.

Á 30. fundi í Nd., 23. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um hafnargerð á Sauðárkróki (þmfrv. A. 187).

Á 31. fundi í Nd., 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal eigi þreyta hv. deild með langri ræðu um þetta mál, enda er þar ekki þörf langra skýringa. Hafnargerð á Sauðárkróki er í raun og veru ekkert nýmæli. Það eru nú 15 ár síðan byrjað var á garði fram af svokallaðri Eyri, norðan við kaupstaðinn. Sá garður hefir síðan verið lengdur smám saman, og er nú orðinn um 60 m. Lítill styrkur hefir komið til þessa verks frá ríkinu. Hafa hjeraðsbúar unnið það af sjálfsdáðum, og sýnir það áhuga þeirra á þessu mannvirki. Verkið hefir þegar borið nokkurn árangur. Þannig hefir Gönguskarðsá borið sand upp að garðinum að norðan, en sá sandur myndi hafa lent í höfninni, ef garðurinn hefði ekki verið. Hefir garðurinn þannig hamlað því, að höfnin gryntist meir en orðið er.

Síðastliðið sumar rannsakaði Finnbogi Þorvaldsson verkfræðingur hafnarstæðið á Sauðárkróki. Er áætlun vitamálastjóra, sú sem hjer liggur fyrir, bygð á athugunum verkfræðingsins. Þar er lagt til, að núverandi brimgarður verði breikkaður og lengdur um 210 metra, fyrst til austurs, en beygi síðan til suðurs og nái fram á 6—7 metra dýpi. Er gert ráð fyrir bæði skjólgarði og bryggju. Á auk þess að steypa skjólvegg, 1¼ m. háan að utanverðu. Í niðurlagi álitsins stendur:

„Lengd hafnargarðsins er ca. 270 m., og með slíkum garði fengist all-sæmileg höfn með 75 metra bryggjuplássi fyrir skip, sem rista alt að 18 fetum, og 130 m. bryggjuplássi fyrir báta og smærri skip; auk þess töluvert leigupláss fyrir smáskip. Kostnaður við þetta mannvirki er áætlaður ca. 623 þúsund krónur."

Í áætlun vitamálastjóra er kostnaðurinn all nákvæmlega sundurliðaður, en eigi tel jeg þörf á að fara nánar út í það nú, enda verður hún lögð fyrir nefnd þá, sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Jeg þarf ekki að fjölyrða hjer um nauðsyn hafnargerðar á Sauðárkróki. Sú nauðsyn er augljós. Skagafjörður er eitt af fjölmennustu hjeruðum landsins. Og verslun hjeraðsins er að mestu leyti á Sauðárkróki. Þar er nú verið að reisa nýtísku frystihús. Vjelbátaútgerð vex óðum og mundi þó vaxa enn meir, ef eigi bagaði hafnarleysið. Þá má geta þess, að all-mikið af þeirri síld, sem árlega berst á land, er veidd á Skagafirði, innan við eyjar. Má oft telja veiðiskip tugum saman í einu úti á firðinum um síldartímann. Kæmi örugg höfn á Sauðárkróki, er jeg viss um, að margir útgerðarmenn myndu fremur kjósa að hafa þar bækistöð sína en annarsstaðar.

Ennfremur vil jeg taka það fram, að það eru ekki dutlungar eins eða tveggja manna, sem koma fram í þessu frv. Það er flutt eftir einróma áskorun sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu.

Loks vil jeg leyfa mjer að vekja athygli hv. þd. á því, að allar lóðir á Sauðárkróki eru eign ríkisins. Undanfarin ár hefir hið opinbera lagt fram talsvert fje til að vernda þessa eign sína. Hættan, sem yfir vofir, er í því fólgin, að sjórinn brýtur eyrina norðan við kaupstaðinn. Með hafnargerð yrði komið í veg fyrir frekara landbrot. Og því fremur er ástæða til að sinna málinu, sem það er sameiginlegt áhuga- og nauðsynjamál bæði hjeraðsins og ríkisins.

Að svo mæltu legg jeg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 58., 61., 63., 66., 67. og 68. fundi í Nd., 1., 4., 7., 11., 13. og 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 187, n. 439, 449).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg skal ekki tefja fyrir að aðrir hv. þm. komist að, en vil lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að hún leggur til, að frv. verði samþ., en ágreiningur hefir orðið um það, hvað tillag ríkissjóðs ætti að vera mikið, en þeir hv. þm., sem sjerstöðu höfðu í málinu, munu gera grein fyrir skoðun sinni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg og hv. 1. þm. S.-M. leggjum til, að framlag ríkissjóðs verði ekki meira en ⅓ af kostnaði þeim, er af verki þessu leiðir, og það er í samræmi við skoðun mína og annara hv. þm. í svipuðum málum, sem á undan hafa farið, eins og t. d. frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd. Jeg álít, að nægilega langt hafi verið gengið með framlag af hálfu ríkissjóðs til hafna undanfarin ár, en þá hefir framlag ríkissjóðs vanalega verið ¼ og mest ⅓ kostnaðar. Við viljum því, að framlagið verði ⅓, og að ríkissjóður sje ekki ábyrgur fyrir meiru. Varhugavert að brjóta þá meginreglu, sem áður hefir verið fylgt um langt skeið, enda ekkert fram komið, sem rjettlætir það.

Jón Sigurðsson: Mjer þykir leitt, að hv. sjútvn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta mál að öllu leyti, og að komin er brtt. frá tveimur nefndarmönnum, sem vilja breyta ákvæðunum um tillag ríkissjóðs. Eins og kunn-

ugt er, var hjer frv. fyrir þinginu um hafnargerð á Skagaströnd, og hafði stjórnin lagt til, að greiddur væri úr ríkissjóði ½ kostnaður, en Alþingi færði það niður í ⅖. Jeg get ekki sjeð þær ástæður, sem liggja fyrir því, að þessu hafnarvirki er gert erfiðara fyrir heldur en hinum. Hv. þm. (SÁÓ) talaði um, að vanalegt væri að greiða ⅓ kostnaðar úr ríkissjóði, og það er rjett. En jeg vil benda honum á það, að hjer er um smáhafnargerð að ræða, og á því er mikill munur og þegar kostnaður getur numið alt að ½ miljón króna. Það er alt annað þegar er að ræða um 10—20 þús. kr. framlag frá hjeraði, eða slíkar upphæðir.

Ennfremur vil jeg benda á það, að mjer finst hvíla frekar skylda á ríkinu um ríflegan styrk, þar sem ríkið á alla þá lóð, sem mannvirki þessi verða gerð á, og verðmæti landsins hlýtur að aukast mikið við þessar umbætur, en til þess verður ríkið styrkt af hjeraðinu. Jeg vona því, að sama sanngirni verði sýnd hjer og gagnvart Skagaströnd, enda á hjer stórt landbúnaðarhjerað hlut að máli, sem á afar örðuga aðstöðu, eins og allir kunnugir vita.

Jeg vil ennfremur benda á það, að hjeraðsbúar hafa lagt á sig mikil gjöld, því að þessi hafnargarður, sem byrjað hefir verið á, er þegar 60 metra langur, og hefir haft mikil útgjöld í för með sjer, en þetta mannvirki er svo nauðsynlegt hjeraðsbúum, að þeir myndu ekki telja það á sig, þótt þeir hafi orðið að bera mikinn kostnað af því verki, sem aflokið er.

ATKVGR.

Brtt. 449, 1 feld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, HStef, HJ, HG, BSv.

nei: HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, MJ, MT, PO, SE, ÞorlJ, EJ, GunnS.

BSt og BÁ greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (ÁÁ, HV, IngB, ÓTh, TrÞ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 449, 2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 14 : 3 atkv.

3. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

4.—10. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

11.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Verðlaun fyrir jarðræktarframkvæmdir.

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um verðlaun úr ríkissjóði til hjeraða fyrir jarðræktarframkvæmdir (þmfrv. A. 219).

Á 37. og 39. fundi í Nd., 5. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

30. Rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann.

Á 34. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um rafmagnsdeild við vjelstjóraskólann í Reykjavík (þmfrv. A. 229).

Á 36., 38. og 40. fundi í Nd., 4., 6. og 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Vil eingöngu vísa til grg. frv. og þeirrar miklu nauðsynjar, sem að baki frv. liggur. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að tefja umræður, og leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 57., 61., 63. og 65. fundi í Nd., 30. apríl, 4., 7. og 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 398).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Ágangur búfjár.

Á 36. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um ágang búfjár (þmfrv. A. 236).

Á 37. og 39. fundi í Nd., 5. og 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Ábúðarlög.

Á 35. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til ábúðarlaga (þmfrv. A. 240).

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Pjetur Ottesen: Mjer finst það undarlegt, þar sem hjer er um mjög stóran lagabálk að ræða, ef ekki á að sýna málinu þann sóma að reifa það. Jeg hefi lítillega kynt mjer frv. og mjer dylst ekki, að fjölmörg ákvæði þess eru þess efnis, að full ástæða er til að taka þau til gaumgæfilegrar athugunar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er rjett, að málið er mikilsvert, og ef nú ætti að fara að ræða það, þá er sýnt,

að umr. verður ekki lokið á þessum fundi. Hinsvegar hefir hæstv. forseti reynst svo frjálslyndur, þegar líkt hefir staðið á, að hann hefir leyft mönnum að ræða frv. alment við 2. umr., og vona jeg, að það fari eins í þetta sinn. En það flýtir fyrir afgr. málsins, ef það kemst til nefndar strax.

Pjetur Ottesen: Við 1. umr. um mál koma oft fram ýmsar bendingar, er n. geta verið til leiðbeiningar. Ef umr. verður flaustrað af nú, þar sem komið er að því að slíta fundi, þá er þeim möguleika slept.

Haraldur Guðmundsson: Jeg vil beina því til hæstv. forseta, að hann fresti umr. Jeg hefi ýmislegt á hjarta, er jeg treysti mjer ekki til að ljúka við á þessum fundartíma.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mál þetta er sjerstaklega vel undirbúið og hv. þm. hafa getað kynt sjer grg. og ættu því að vera við því búnir að gera sínar aths.

Jón Sigurðsson: Jeg mun ekki leggja sjerstakt kapp á, að þetta mál verði rætt nú við 1. umr., en jeg get ekki neitað því, að sem nefndarmaður í landbn. kysi jeg heldur að fá að heyra álit manna um frv. nú heldur en síðar, þegar n. væri búin að gera sínar till. Það væri æskilegra, að menn fengju tækifæri til að koma fram með aths. sínar nú strax, svo að n. fái tækifæri til að vega þær og meta. Er enn frekari ástæða til þessa, þar sem frv. er nýlega fram komið, og hefir að geyma mikilvægar breytingar á ábúðarlöggjöfinni. — Annars vil jeg á engan hátt tefja málið; síður en svo.

Forseti (Benedikt Sveinsson): Mætti ekki jafna þessa misklíð svo, að málinu verði vísað til n. nú, en umr. síðan frestað?

Jón Sigurðsson: Ekki verður það neinn stuðningur fyrir nefndina.

Pjetur Ottesen: Jeg skildi það svo, að meiningin með því að taka málið fyrir nú væri sú, að það færi umræðulaust í nefnd. Jeg hefi ekkert heyrt um það, að bregða ætti út af þeirri venju að veita fundarhlje um þetta leyti dags. Og mjer skildist hv. flm. líta þannig á. En mjer finst frv. að efni til vera þess eðlis, að fullkomin ástæða væri til að taka ýms ákvæði þess til athugunar áður en það fer í n., og jeg er þess fullviss, að margt mundi koma fram í þeim umr., er gæti verið til bendingar fyrir nefndina.

Hjeðinn Valdimarsson: Það hefir komið fram till. um það, að umr. verði frestað, og vona jeg, að hæstv. forseti taki tillit til þess.

Forseti (Benedikt Sveinsson): Því var einungis skotið fram, hvort hv. deild gæti ekki fallist á, að umr. yrði frestað, en málið gengi til n. En til þess að firra vandræðum, þar sem menn eru ófúsir á að tala um málið nú, og svo gæti því farið, að frv. yrði felt, þá verður umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 8. april, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get að mestu leyti að þessu sinni skírskotað til þeirrar grg., sem fylgir þessu frv. Eins og hún ber með sjer, þá er þetta frv. ásamt grg. þess samið af milliþinganefnd í landbúnaðarmálum.

Á síðastliðnu hausti kom n. hjer saman og starfaði um all-langan tíma að þessu máli ásamt fleirum. Við nefndarmenn gerðum þá ráð fyrir að hittast aftur eftir áramót, en sakir óhappa og ýmsra orsaka fórst það fyrir, að við gætum unnið hjer saman eftir áramót. — Einn nefndarmaðurinn, Þórarinn hreppstj. Jónsson á Hjaltabakka, var forfallaður, sökum veikinda á heimili sínu, frá því fyrir jól og hingað til. — Þetta frv. er þó ekki smíði okkar tveggja, er flytjum það, heldur er það samið af okkur þremur. Höfum við flutt það óbreytt frá orði til orðs eins og við gengum frá því í n. í haust. Upphaflega var það ætlun okkar að lagfæra ýms smávægileg atriði í því, en þar sem við komum ekki allir saman, þótti okkur rjettara að flytja það alveg óbreytt eins og við gengum frá því. En þó við hefðum gert það, mundi það ekki hafa skift miklu, því að aðalefni frv. hefði verið í öllum aðalatriðum alveg það sama fyrir því.

Um grg. frv. er það að segja, að meðnm. okkar hefir að miklu leyti sjeð hana, en ef eitthvað er áfátt við hana, verður það að skrifast á reikning okkar flm., því að við gátum ekki borið okkur fullkomlega saman um öll atriði grg. Þá tel jeg mjer og skylt að geta þess f. h. mþn., að samvinnan innan hennar hefir verið hin besta bæði í þessum málum og öðru, og hefir þar verið hið fylsta samkomulag, bæði nú við undirbúning þessara mála og í fyrra um þau mál, er n. hafði þá til meðferðar.

Jeg býst nú við, að hv. þdm. hafi kynt sjer nokkuð þetta frv. og grg. þá, er því fylgir. Er í henni gerð grein fyrir helstu breyt. þeim, er felast í þessu frv., frá því er áður gilti. Mun jeg því að mestu leyti skirskota til grg. og fara lítið út í þær breyt., er við leggjum til, að gerðar verði á núgildandi ábúðarlöggjöf. Þykist jeg vita, að hv. þdm. sjái á því, er þar er ritað, að gert er ráð fyrir all-miklum breyt. Þó vil jeg fara örfáum orðum um þau helstu atriði, er við leggjum til að verði breytt, og þau, er við álítum skifta mestu máli.

Það er þá fyrst það, að við ætlumst til og leggjum áherslu á , að jarðareigandi leggi til hús bæði fyrir fólk og áhöfn, og annist auk þess viðhald þeirra. — Eins og kunnugt er, er það mjög óákveðið, hvaða hús og hve mikil fylgja jörðu hverri. Sumstaðar eru þau mjög ljeleg, sumstaðar lítil og sumstaðar ef til vill engin. Um viðhaldið er það svo, að það verður ábúandi að annast að öllu leyti, og hefir orsök þess stundum orðið sú, að hann hefir orðið að byggja upp hús næstum því að öllu leyti á jörðu þeirri, er hann hefir tekið við. Hafa svo þessir ábúendur enga tryggingu haft fyrir nokkru endurgjaldi fyrir þessi verk sín, ef þeir yrðu að fara frá jörðinni. Jeg get nú búist við, að við fljótlegt yfirlit kunni mönnum að vaxa í augum kostnaður sá, er jarðeigendur hljóta af þessu fyrst í stað, er þeir eru skyldaðir til þess að byggja húsin og annast viðhald þeirra. En þessi ákvæði hafa þó staðið í löggjöf

vorri frá því að fyrst voru sett lög um þessi efni, t. d. Grágás og Jónsbók. Samkv. þeim voru jarðeigendur skyldaðir til þess að leggja til næg hús og annast viðhald þeirra. Þessi ákvæði giltu svo í raun og veru alt til þess, er ábúðarlögin frá 1884 voru samþykt. Reyndar hafði þetta þó breyst nokkuð áður, þó lagabókstafurinn stæði, því að þegar konungur varð hjer jarðeigandi, kom hann — á ólöglegan hátt þó — af sjer þeirri skyldu, að hafa næg hús og annast viðhald þeirra. — Gerði hann þetta með tilskipun frá 29. nóv. 1622. En þegar hann hafði riðið á vaðið, komu aðrir jarðeigendur smátt og smátt á eftir.

Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur til þess að sjá, hvert ófremdarástand þetta skapaði í ísl. landbúnaði. Landbúnaðarsagan sýnir það ljóslega. Jarðeigendur munu í fyrstu hafa haldið, að þetta yrði þeim til hagnaðar. En það sýndi sig brátt, að reyndin varð alt önnur. Það sýndi sig, að er leiguliðar áttu að fara að annast þetta, varð það mörgum um megn, og gerðu þeir því oftast það allra minsta, er þeir gátu. Þetta varð og til þess, að ræktun jarðanna hnignaði, Afgjaldið lækkaði, eftir því sem ástandið versnaði, og mun óhætt að segja, að sparnaður sá, er jarðeigendur ætluðu sjer af þessu fyrirkomulagi, varð þeim beinlínis til fjárhagslegs tjóns.

Þegar Alþingi tók þetta mál til meðferðar 1845 — það hafði það síðan til meðferðar til 1884 —, þá mun það hafa vakað fyrir mönnum að hverfa aftur til hinnar fornu löggjafar um þetta efni, því ekki verður annað sjeð á umr., og samkv. till. mþn., er þá starfaði, áttu jarðareigendur að leggja til öll hús. En á síðustu stundu er þessum ákvæðum breytt í þá átt, að ekki þurfi að fylgja leigujörð önnur hús en þau, er tíðkast hafi í hverri sveit. Þessi ákvæði urðu svo þess valdandi, að ekki var gengið frekar eftir því, að hús fylgdu leigujörðum og að jarðareigandi annaðist viðhald þeirra. Hygg jeg, að flestir, er hafa kynt sjer búnaðarástandið í landinu, geti skilið, hvaða verkanir þetta hefir haft.

Eins og sjest á grg., hefir mþn. safnað skýrslum um ástand leigujarða og jarða í sjálfsábúð, til þess að fá sem best yfirlit yfir þetta. Bera þær skýrslur með sjer, að byggingar eru ljelegri og ræktun lakari á leigujörðunum heldur en hinum. Er orsökin vitanlega sú, að leigjendur vilja hlíðra sjer sem mest hjá því að leggja í kostnað á jörðunum. Má og vera, að byggingarmátinn, og þá sjerstaklega hvað tímann snertir, hvað jarðirnar eru bygðar til fárra ára, eigi sinn þátt í því, þar sem jarðeigendur geta hagað því eftir eigin geðþótta, til hvað langs tíma og með hvaða skilyrðum jarðirnar eru bygðar. Enda mun það vera svo, að allur fjöldi jarða er aðeins bygður til fárra ára. Af þessu leiðir, að meðan mönnum er ekki trygður betri rjettur hvað ábúðina snertir, er varla að búast við því, að þeir sjeu fúsir til að leggja í mikinn kostnað hvað umbætur á húsum snertir, eða jafnvel ræktun. Þetta er mjög svo eðlilegt, ef ábúðin varir ekki nema stutta stund og hvorki ábúendur sjálfir nje afkomendur þeirra hafa nokkurn varanlegn rjett til að njóta umbótanna.

Í framhaldi af þessum till. okkar, að færa bygginga- og viðhaldsskylduna yfir á jarðareiganda, er sú till. n., að breytt verði byggingarmátanum og að bygt verði til lífstíðar. Það var jafnvel ofarlega á baugi í n. að ganga lengra en að láta ábúanda og konu hans njóta lífstíðarábúðar. Kom það og til orða, að láta niðjana njóta góðs af því líka, eða lögfesta erfðaábúð. Jeg fyrir mitt leyti var mjög fús til þess, því að jeg tel þá best sjeð fyrir góðri ábúð á jörðum, að ábúandi viti, að hann verður ekki aðeins aðnjótandi verka sinna, heldur og niðjar hans. Þetta er svo inngróið mannlegu eðli, að menn sjeu fúsari til umbóta, ef þeir mega ætla, að niðjar þeirra njóti verkanna. Það er jafnvel svo, að það er ábúanda meiri hvöt heldur en þó hann búist við að njóta þeirra sjálfur. Samt lagði mþn. ekki til, að svo langt yrði gengið, en mjer kæmi það eigi á óvart, þó þess yrði skamt að bíða, að þessum málum yrði ávallt best borgið með erfðaábúð.

Ein undantekning er þó frá þessari lífsábúðarreglu, og hún er sú, að ef landsdrottinn þarf hana handa sjálfum sjer, barni sínu eða fósturbarni, getur hann bygt ábúanda út af jörðinni. Slíkt er mjög eðlilegt og ekkert við því að segja. Við höfum reynt að ganga svo frá, að ekki sje hægt að hafa þetta fyrir yfirskinsástæðu, með því að kveða svo á, að ef það kemur í ljós, að ábúandi notar jarðnæðið hvorki handa sjálfum sjer nje barni eða fósturbarni, heldur hleypir einhverjum öðrum á jörðina, þá hefir sá, er út var bygt, rjett til þess að krefjast, að hann fái jarðnæðið aftur og auk þess fullar bætur þess tjóns, er hann hefir beðið af þessu.

Þá er eitt atriði enn, sem að vísu skiftir nokkru minna máli en þau, er áður eru nefnd, en sem er þó þess eðlis, að ástæða mun vera til að breyta frá því, er gilt hefir hingað til. Á jeg þar við kúgildin. Í raun og veru er engin föst regla til um það, hve mikill leigupeningur skal fylgja hverri leigujörð. Sumum fylgir ekkert, og þeim jörðum, er kúgildi fylgja, er ekkert ákveðið um það, hve mikil þau skuli vera. Upphaflega var þetta sett til þess að jarðareigendur gætu á þennan hátt ávaxtað fjármuni sína, og stafar frá þeim tímum, er menn gátu eigi ávaxtað lausafje sitt. Þeir, sem þá voru auðugir að fje, urðu þá annaðhvort að setja það í jarðeignir eða að kaupa búpening, er þeir svo seldu á leigu. Leigan af þessu fje mun strax hafa verið nokkuð há (10%), en þó var hún lægri að hundraðstölu þá en nú. Um nokkurra ára skeið hefir hún verið frá 16—20%. Upphaflega hvíldi endurnýjun kúgildanna á landsdrotni, en síðar breyttist þetta leiguliðum til óhagræðis. Fyrst á þann hátt, að leigan hækkaði, og svo urðu þeir að ábyrgjast fyrningu og viðhald kúgildanna.

N. vill nú ekki láta banna það, að kúgildi fylgi, en vill láta mönnum frjálst að semja um það; en ef það er gert, þá er ákveðið hámarksgjald fyrir þau. Er það till. n., að það verði 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá. Hygg jeg, að það mætti teljast sæmilegt gjald. Vitaskuld skerðir þetta ákvæði nokkuð hagsmuni þeirra, er selt hafa á leigu, en jeg sje ekki

ástæðu til þess að horfa svo mjög í það. Áliti jarðeigandi, að það sje gengið of nærri sjer, stendur honum opið að selja kúgildin, og getur þá ávaxtað fje sitt á annan hátt, í bönkum eða öðrum peningastofnunum. Jeg get því ekki sjeð, að þetta geti á nokkurn hátt talist ósanngjarnt gagnvart jarðeigendum. (**HK:** Þeir geta ekki selt þau). Það er misskilningur hjá hv. þm. Barð. Þeir geta a. m. k. altaf selt þau að ábúðartímanum loknum, og fáist samþykki leiguliða, geta þeir selt þau strax, og þykir mjer líklegra, að sú mundi oftast verða raunin á. Býst jeg við, að margur yrði feginn að losna við þau. (**MJ:** En hvað er um ákv. 1. gr.?) Jeg skal minnast á það síðar. Jeg vil biðja hv. þm. að minna mig á það síðar, ef jeg ætla að gleyma því.

Út frá því, er áður hefir verið drepið á, býst jeg ef til vill við, að hv. þdm. kunni að líta svo á, að jarðeigendum verði ekki ljett um að koma jörðum sínum í peninga, eftir að búið er að byggja jarðir með þeim skilyrðum, er gert er ráð fyrir í frv. En við höfum gert ráð fyrir því, að ef eigandi jarðar kysi að selja hana, þá stæði honum opin leið til þess, eða að losa hana úr ábúð, því samkv. 44. gr. getur landsdrottinn boðið leiguliða ábýlisjörð sína til kaups, en með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði umbóta á jörðinni, sem landsdrottinn á frá síðasta fasteignamati, með 3 ára greiðslufresti og bankavöxtum. Neiti leiguliði að kaupa, skal hann hafa fyrirgert ábúðarrjetti sínum.

Jeg geri ráð fyrir, að fasteignamatsverð fari að nálgast hið sanna verðmæti jarðanna, og verð því að líta svo á, að jarðeigandi sje eigi neinu harðræði beittur, þó að hann verði, ef hann vill selja, að sætta sig við það, þó að verð jarðarinnar fari ekki fram úr fasteignamati. En þau viðurlög fylgja, að ef leiguliði vill ekki kaupa, hefur hann fyrirgert ábúðarrjetti sínum. Stendur þá jarðeiganda eftir það opin leið til þess að selja hverjum sem hann vill. Það hefur verið svo hingað til, að afgjald af jörðum hefur verið látið íhlutunarlaust af hálfu löggjafarinnar, og svo má heita að verði enn, enda þótt frv. þetta verði að lögum. Þó er í 34.—36. gr. frv. gert ráð fyrir, að slíkt geti átt sjer stað. Fyrst og fremst ef jarðir verða fyrir skemdum af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, og í öðru lagi ef leigumáli jarðar þykir óhæfilega hár, t. d. hærri en almennt gerist í sveit þeirri eða hjeraði á líkum jörðum. Undir slíkum kringumstæðum er gert ráð fyrir í frv. þessu, að breyt. geti orðið á afgjaldi jarða, og er þá gert ráð fyrir, að fram fari mat á afgjaldinu, af þar til kvöddum mönnum, sem svo jafnframt ákveði, hvert afgjaldið skuli vera. Hvernig þessu mati skuli fyrir komið, geta hv. þdm. kynt sjer með því að lesa áðurnefndar greinar frv. Er svo til ætlast, að báðir aðilar, leigjandi og eigandi, skuli skyldir að hlíta gerðinni. Jeg þykist nú mega ætla, að samkv. þessum till. mþn. sje það fyllilega tryggt, að hvorki jarðeigandi eða ábúandi verði fyrir ósanngjarnri meðferð hvað þetta snertir. En án slíks dóms um þessi mál, þá býst jeg við, að ilt muni að tryggja það, að jarðaafgjöld verði altaf hæfilega sett. Þessi ákvæði virtust n. því alveg nauðsynleg, og ekki síst til þess að hafa hemil

á því, að menn geti braskað með jarðnæði og sett það í svo og svo hátt verð, eins og oft hefir viljað eiga sjer stað. Matsmönnunum er nefnilega alveg óskylt að líta á það, hvað jarðnæðið hefir kostað leigusala, heldur ber þeim að hafa til hliðsjónar við matið, hvað aðrar líkar jarðir eru leigðar í hjeraðinu. Til þess því að koma í veg fyrir jarðnæðisbraskið, er nauðsynlegt, að slíkt ákvæði sem þetta komist inn í ábúðarlöggjöfina, því að það hefir altaf sýnt sig, og ekki síst nú á seinni árum, að menn seilast eftir að ná í jarðir til afnota, ekki til þess að stunda á þeim búskap, heldur með það fyrir augum, að flytja burtu nytjar þeirra og selja þær þar, sem mest er hægt að fá fyrir þær. Slík skemdarverk landbúnaðinum til handa er nauðsynlegt að fyrirbyggja. Hvort mþn. hefir tekist að benda á bestu leiðina í þessum efnum, á tíminn eftir að leiða í ljós, ef frv. verður að lögum. En því treystum við þó altaf, að bendingar okkar geti orðið mikil hjálp til þess að koma í veg fyrir þessar háskalegu „spekúlationir".

Þá kem jeg að því atriðinu, sem hv. 1. þm. Reykv. spurðist fyrir um áðan, hvað sje hæfileg áhöfn á jörð. Fyrirfram er vitanlega ekki hægt að setja neina algilda reglu um þetta atriði. Það fer eftir ástandi jarðarinnar á hverjum tíma, hve mikil áhöfn á hana getur talist hæfileg. Þegar því um það á að dæma, hvort jörð sje hæfilega setin, verður að meta kosti hennar og gera sjer ljóst, hve miklu hún getur framfleytt, og þá jafnframt að hafa til hliðsjónar aðrar líkar jarðir í hjeraðinu. Þetta getur verið erfitt verk fyrir þá, sem ókunnugir eru, en fyrir þá, sem vel þekkja til búskapar og eru kunnugir í hjeraðinu, á slíkt mat að vera mjög auðvelt. Annars má það vel vera, að þetta ákvæði þyki nokkuð losaralegt og æskilegt væri að hafa það í fastari skorðum. Annars var það tilgangur n. með þessu, að byggingarmátinn á jörðinni væri ætið þannig, að hann væri ekki neinn hemill á hve áhöfn ábúanda væri mikil. Að ábúandi gæti vegna byggingarskilmálanna fullkomlega notið sín. En þetta má orða betur. Er því sjálfsagt að athuga þetta, því að þetta ákvæði á að verða trygging fyrir því, að menn geti ekki flutt nytjar jarðanna í burtu og annað þess háttar. Og að þess sje full þörf, munu þeir ekki efa, sem þekkja, hvernig fer um jarðir þær, sem liggja næst kaupstöðunum, þar sem jarðargróðinn er allur fluttur burt. Með slíkri rányrkju er líka gjaldþoli þeirra sveitarfjelaga, sem fyrir þessu verða, alveg ofboðið. Ber því hin mesta nauðsyn til að tryggja þau gegn slíkum aðförum.

Hvað snertir ákvæði frv. um úttekt á leigujörðum, þá eru þau í líku sniði og lagaákvæði þau, sem nú gilda um þau efni. Það er aðeins rækilegar um það búið, hvernig skipun úttektarmanna fer fram, og þeim er jafnvel lagt ríkara á herðar en áður að gæta vel starfa síns. N. vildi sem sje ganga sem best frá því, að eigendum jarðanna væri fengin full trygging fyrir því, að farið væri sem best með jarðir þeirra. Og slíkt verður að telja alveg nauðsynlegt.

Jeg vænti nú, að hv. dm. geti orðið mþn. sammála um, að hjer sje um gott og gagnlegt mál að ræða, mál, sem Alþ. beri að taka vel, og ráða til

lykta á þann veg, að landbúnaðinum og þjóðinni í heild megi verða það til sem mestrar farsældar og heilla í bráð og lengd.

Sveinn Ólafsson: Þingsköp mæla svo fyrir, að við 1. umr. skuli ræða málin alment, en ekki einstakar gr. En nú stendur svo á með frv. þetta, að ekki er gott að ræða það án þess að koma inn á einstakar gr. þess. Mjer er það fullljóst, að verði frv. þetta að lögum, þá er ekki um neina venjulega breyt. að ræða á ábúðarlöggjöf eða á kjörum sveitabændanna, heldur er með því stofnað til hreinnar og beinnar byltingar.

Aðalhugmynd mþn. með frv. þessu virðist vera sú, að efla sjálfsábúð í landinu, og er ekki nema gott eitt til þess að segja, því að vel má vera, að hægt sje að komast lengra í því efni en ennþá er komið. En n. hefir lagt svo mikið kapp á þetta, að svo virðist fljótlega á að líta, að ógerningur verði fyrir einstaka menn, og þjóðfjelagið sömuleiðis, að eiga jarðir og leigja, með því að búa við þau skilyrði, sem frv. býður.

Jeg hefi um 20 ára skeið farið með umboð þjóðjarða í Múlaþingi, og er því farinn að kynnast ábúðarháttum þar, og reyndar nokkru víðar. Á þessum 20 árum hefir meginið af þjóðjörðum og kirkjujörðum landsins verið selt, en þó eru nokkrar eftir ennþá, og er jeg þeirrar skoðunar, að fullkomin nauðsyn sje fyrir ríkið að losa sig við þær líka, ef frv. þessu er ætlað að verða að lögum, að undanteknum þeim jörðum þó, sem kauptún standa á eða fjölmennar verstöðvar.

Nú er svo ástatt t. d. í grend við mig, að ekki aðeins jarðir hins opinbera fara í eyði, ein og ein og stundum tvær á ári, heldur líka jarðir einstakra manna; og meðan svo er ástatt, að flóttinn er sem mestur úr sveitunum að sjávarsíðunni, virðist ekki álitlegt að gangast undir þá kvöð frv. að hýsa jarðirnar vönduðum og dýrum húsum, sem enginn ábúandi vill eða getur greitt af lögvexti.

Aðalráð mþn. til þess að skapa þessa almennu sjálfsábúð er fyrst og fremst það, að gera jarðaeigendum að skyldu að byggja jarðir sínar til lífstíðar. Það ákvæði hefir við rök að styðjast, þótt sjálfsagt sje að heimila styttri byggingartíma eftir samningi, og yfirleitt — en ekki undantekningarlaust — eru opinberar jarðir leigðar æfilangt. En eins og ákvæði þetta er fram sett í frv., virðist mjer að ekki sje aðeins um lífstíðarábúð að ræða, heldur geti jafnvel verið að ræða um eilífðarábúð, því að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ekkja haldi ábúðarrjetti látins manns síns, eins þótt hún giftist aftur. Um leið og hún giftist aftur öðlast maður hennar að sjálfsögðu ábúðarrjettinn, og fari svo, að hann missi þá konu sína og giftist aftur ungri konu, öðlast hún aftur ábúðarrjett hans, ef hann deyr á undan henni. Þannig getur því ábúðarrjetturinn gengið mann fram af manni um ófyrirsjáanlega langan tíma, og er þetta eitt af mörgum viðsjárverðum ákvæðum frv. Í ábúðarlögunum frá 1884 er ekkju að vísu áskilinn ábúðarrjettur látins manns síns, en í reyndinni gildir það aðeins þar til hún giftist að nýju. Hefir því verið sjeð við þessari eilífðarmeinloku, þegar þau lög voru sett.

Hitt atriðið, að skylda eigendur jarðanna til þess að byggja svo upp á þeim, að það á hverjum tíma fullnægi kröfum ábúanda og úttektarmanna, er sú kvöð, sem jeg býst við að verði til þess, að ekki þyki borga sig að eiga jarðir fyrir aðra en þá, sem á þeim geta búið sjálfir. Kröfurnar um húsakost eru svo breytilegar frá einum stað til annars og eftir sveitavenju hverju sinni, að ekkert samræmi mundi verða í þeim og engin leið vera að fullnægja þeim með kleifum kostnaði, eða láta þær renta það fje, sem í þeim yrði bundið. Þær mundu fara eftir því meðal annars, hvernig búið er á jörðunum á hverjum tíma.

Jeg sje mjer nú alls ekki fært að taka fyrir á þennan hátt allar þær 17. gr. frv., sem flest er við að athuga og þurfa mestra breyt. við. Það verður að bíða til 2. umr., það er að segja, ef hún þá verður nokkur á þessu þingi. Annars verð jeg að segja það, að þegar um er að ræð. að breyta ábúðarlöggjöfinni eins og hjer er farið fram á, þannig að breyt hafi stórfeld áhrif á sveitirnar og hag þeirra, þá getur ekki komið til mála að afgr. frv. þegar á þessu þingi. Eina forsvaranlega leiðin virðist mjer að láta afgreiðslu þess bíða næsta þings og gefa þjóðinni færi á að meta það og gera sínar aths. við það.

Jeg býst nú alls ekki við því, að tími vinnist til þess að ljúka máli þessu fyrir þinglok, og tel heldur ekki æskilegt, að svo verði. Þess vegna virðist mjer líka ástæðulaust að draga fram öll smáatriði eða fjölyrða um það í byrjun umr. Læt jeg því staðar numið að sinni, en bið um orðið síðar, ef umr. verða langvinnar, og mun þá hverfa að þeim atriðum, sem jeg tel mesta nauðsyn að gagnskoða. En helst vildi jeg, að frv. færi sem hljóðaminst til n. og biði svo næsta þings, eftir að n. hefði gert sínar till. í málinu.

Hákon Kristófersson: Þegar jeg sá frv. þetta og hafði lesið dálítið í því, duttu mjer í hug orð góðskáldsins, sem sagði: „Það varðar mestu til allra orða, að undirstaðan rjett sje fundin, því við hana heill og gengi, heildin er að mestu bundin."

Það er nú fjarri mjer að vilja kasta rýrð á n. þá, sem hefir undirbúið þetta mál, enda þótt jeg geti ekki verið henni sammála í öllum atriðum. Jeg viðurkenni þvert á móti, að hún hefir lagt mikla vinnu í undirbúning málsins og dettur ekki í hug annað en að hún hafi gert allar till. sínar eftir bestu sannfæringu, enda þótt svo virðist, sem hún hafi frekar bundið sig við eina hlið málsins heldur en að athuga það frá ýmsum hliðum.

Eins og hv. 1. þm. S.-M. benti á, er það ekki samkv. þingsköpum að fara inn á umr. um einstakar gr. frv. við 1. umr., en þó getur staðið svo á, að ekki verði hjá því komist, og svo stendur einmitt á í þessu tilfelli. Vænti jeg því, að hæstv. forseti taki ekki hart á mjer, þó að jeg við þessa umr. fylgi ekki þingsköpunum til hins ítrasta.

Hv. flm. frv. þessa sagði, að allir mþnm. stæðu sem einn maður um frv. þetta. Hvort svo er, skal jeg ekkert um segja, enda skiftir það engu

máli í minum augum, hvort það eru einn eða fleiri, sem standa að frv. Það hefir sina galla jafnt fyrir það.

Í 1. gr. er það meðal annars tekið fram, að ekki megi byggja neina jörð nema trygging sje fyrir, að hæfileg áhöfn verði á henni. Þessi ákvæði eru að minu áliti alveg fráleit, eins og svo mörg önnur í frv. Bæði er það, að í mörgum tilfellum er ekki gott að segja um, hvað er hæfileg áhöfn, enda oft og einatt svo ástatt, að efnalítill maður óskar að fá jörð til ábúðar, en hefir ekki strax nægilega áhöfn á hana, en að nokkrum tíma liðnum getur hún orðið fullsetin. Þessi ákvæði n. virðast líka koma í bága við þá hugmynd hennar, að best væri, að leigupeningurinn yrði tekinn af jörðunum, því vitanlega er leigupeningurinn einn þáttur í því, að strax sje nægileg áhöfn á jörðunum.

Þá kemst n. að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að leggja jarðaeigendum þá skyldu á herðar, að leggja til íbúðarhús fyrir fólk á jarðir sínar, og einnig fyrir búpening ábúanda. Jeg er sammála um fyrra skilyrðið, að jarðeigandi sje skyldur til að leggja til sæmilega baðstofu, sem sje nægileg fyrir þann fólksfjölda, sem þarf til að nytja jörðina. En hið síðara, að hann leggi til hús yfir áhöfn á jörðina, finst mjer ekki ná nokkurri átt. Það er líka jafnan hreyfanlegt. Einn ábúandi getur haft þörf fyrir þau peningshús, sem annar hefir ekki, og þá er ilt að skylda jarðeiganda til að byggja peningshús, sem ábúandi þarf ef til vill ekki að nota.

Þá sagði hv. flm., að ábúendur hefðu orðið að halda við jarðarhúsum, án þess þeir hefðu haft nokkra trygging fyrir, að þeir fengju það greitt aftur, t. d. þegar þeir færu frá jörðunum. Jeg skil ekki, hvað jafnágætir og greinagóðir menn eins og mþnm., sem að frv. standa, geta fullyrt um þetta langt aftur í tímann. Jeg veit ekki til, að orðið hafi ágreiningur út af þessum hlutum á síðari tímum milli jarðeiganda og ábúanda, svo framarlega sem ekki hafa verið bygð óþarflega dýr húsakynni. En það getur altaf komið ábúandi á jörð, sem sjer fært að byggja meiri og dýrari hús fyrir fjenað sinn en hægt er að komast af með, svo að sæmilegt sje.

Hv. flm. sagði ennfremur, að eigendur jarða ættu ekki aðeins að byggja upp húsin á jörðum sínum, heldur halda þeim við líka. Þetta er algert nýmæli. Þess vegna var það ekki að ófyrirsynju sagt af hv. 1. þm. S.-M., að þetta frv. þyrfti að athugast vel í n. og reyna að laga á því mestu gallana, en alls ekki verða að lögum á þessu þingi. Þetta álit hv. 1. þm. S.-M. get jeg algerlega fallist á, því brýna nauðsyn ber til, að svo verði að lokum gengið frá lögum þessum, að ekki þurfi strax að breyta þeim.

En hvað meina hv. flm. með því, ef ekkert álag á að fylgja jörðum? Þeir geta ef til vill skýrt það nánar, hvort það á að felast í afgjaldinu. (**JörB:** Já). En svo er annað ákvæði í frv., um að takmarka rjett jarðeigenda til að ákveða afgjald af jörðum sínum. Ef þetta frv. verður samþ., þá virðist það útilokað, að fullgildir verði taldir samningar, sem þó eru gerðir með góðu samkomulagi milli jarðeigenda og ábúenda. Það má vel vera, að núverandi ábúðarlöggjöf frá 1884 hafi ýmsa galla, en ef á að breyta henni,

þá verður það að gerast með meiri sanngirni en lagt er til í þessu frv.

Hv. flm. sagði, að það hefði verið forn venja og lögum samkvæm, að jarðeigendur ljetu hús fylgja jörðum sínum til ábúenda; jeg hefi ekki, eins og hann, grenslast eftir þessu í gömlum lögum, og þetta er sjálfsagt rjett hjá honum. En hvernig voru húsin, sem fylgdu jörðunum? Baðstofuskrifli, sem menn nú á dögum mundu ekki líta við og gætu ekki notað. Jeg er því vel kunnugur, að húsakynni eru nú ekkert lík því, sem gömlu bæjarhúsin voru frá jarðeigendum á fyrri árum; því að þau voru gólflaus, loftlaus og gluggalaus. Nú eru þó baðstofur venjulega með lofti og sæmilegum gluggum, og fleiri breyt. hafa orðið í þessum efnum, sem jeg álít sjálfsagðar og sem mikið hafa bætt úr ástandinu. Eftir því sem jeg veit best, þá held jeg, að húsabætur sjeu minstar á jörðum ríkissjóðs. Það er að vísu ilt, að svo skuli vera, en þetta get jeg sannað með rökum, ef krafist verður. Jeg geri ráð fyrir, að þetta ólag sje aðallega að kenna umboðsmönnum opinberra jarðeigna, t. d. hreppstjórum þar sem þeir hafa jarðaumráð, og umboðsmönnum, sem sjerstaklega hafa verið skipaðir yfir þessar jarðir.

Hv. flm. benti á, að ábúð leiguliða væri svo ótrygg, að þeir gætu ekki ráðist í byggingar nje aðrar umbætur á ábýlisjörðum sínum. Jeg er honum sammála um það, að svo kunni að vera í mörgum tilfellum, enda þótt jeg þekki ekki til þess, og álít, að n. hafi farið helst til of skamt í þessu efni. Það ætti svo að vera, að eigi aðeins ekkja ábúanda, heldur og niðjar þeirra hefðu ábúðarrjettinn trygðan.

Hv. flm. sagði, að byggingar væru jafnan ljelegri á leigujörðum heldur en á jörðum, sem væru í sjálfsábúð. Það má vera, að svo sje, og við það má að nokkru leyti miða kröfurnar, en þó ekki að fullu; sumstaðar eru sjálfseignarjarðir algerlega yfirbygðar af dýrum húsum. Það geta þeir leyft sjer, sem hafa mikil efni eða lánstraust, og þarf ekki langt að leita til að sanna það.

Hv. flm. talaði um, að frv. gerði ráð fyrir, að þó að jarðnæði væri leigt ábúanda til lífstíðar, þá væri landsdrotni heimilt að taka jörð sína úr ábúð handa sjálfum sjer, barni sínu eða fósturbarni til eignar og ábúðar. Jeg álít varhugavert að taka jörð af ábúanda, þó að eigandi þurfi hennar við. Þó það sje dálítið erfitt að hugsa sjer, að hann geti ekki tekið jörð sína sjálfur til ábúðar, þá er engu síður hart að vísa þeim manni burt, sem vel hefir setið ábýli sitt. — Jeg hefi komist svo langt að eignast nokkrar jarðir, og þó að jeg sje ekki talinn sjerstaklega jafnaðarsinnaður, þá datt mjer ekki í hug að taka þær úr ábúð, enda þótt jeg þyrfti á þeim að halda sjálfur.

N. leggur til í frv., að kúgildin verði tekin af jörðum, og er þar um mikla breyt. að ræða. Hv. flm. sagði, að þau myndu ekki vera föst á jörðunum. Jeg vil ekki væna n. um ósannindi, en það er mjer kunnugt um, að á Vestfjörðum fylgja þau jörðum yfirleitt öllum. Þó að á örfáum jörðum hafi þau hlunnindi verið tekin undan og afgjaldið hækkað, til þess að græða sem mest á leigunni, þá eru það algerlega undantekningar frá reglunni. Leiguliðum eru það oft mikil þægindi að

fá kúgildi til afnota við byrjun búskapar.

Hv. flm. sagði, að leigan af þessum búfjenaði hefði komist upp undir 20%, og taldi það óhæfilegt. Sagði hann, að n. hefði viljað reisa skorður við þessu og binda leiguna við 6%. Í sambandi við þetta vil jeg benda á það, að hjer er ekki sanngjarnt að miða við peningavexti, því fjenaður gefur af sjer miklu meiri arð en nokkrir peningar. Þar af leiðandi verður að miða við það verðmæti, sem felst í hverju kúgildi, þegar miðað er við arð af því. Það er ekki einsdæmi, að menn hafi á sömu árum og þegar leigan fór hæst, fengið leigðan fjenað hjá öðrum með sama leigumála. Hafi leigumálinn verið sanngjarn á fyrri öldum, þ. e. 2 fjórðungar af smjöri eftir hvert kúgildi, þá er hann það enn. (BÁ: Hann hefir aldrei verið sanngjarn). Hv. þm. Mýr. hefir ekki við neitt mat að styðjast í því efni og getur ekkert um það sannað. Eða hvers vegna hafa menn sótst eftir því að fá kúgildin, sem fylgdu jörðunum? (BÁ: Af neyð). Nei, alls ekki. Jeg hefi sjálfur tekið kúgildi. Að vísu skal jeg viðurkenna, að jeg hefði heldur viljað eiga fjenaðinn; en sá, sem ekki getur keypt búfjeð, verður að fá það að láni. (BÁ: Neyðast til þess). Þá má með sama rétti segja, að alt, sem maður tekur að láni, sje gert af neyð. En þó geta lánin oft orðið til mestu blessunar. (BÁ: Ekki svona dýr). Hvað dýrleikann snertir, þá verður leigan að miðast við það, sem leigupeningurinn gefur af sjer á hverjum tíma, eins og jeg hefi þegar bent á. Og ef ekki getur orðið samkomulag um leigumálann, þá er ætlast til samkv. frv., að úttektarmenn skeri úr. Jeg veit ekki dæmi til þess, að ekki hafi orðið samkomulag um þetta milli aðila, og tel því ígrip löggjafarvaldsins óþörf hvað þetta snertir. Hv. flm. sagði, að á mörgum jörðum væri enginn kúgildafjöldi ákveðinn. Það má vel vera rjett, en til þess þekki jeg ekki. Jeg veit, að á mörgum jörðum er fastákveðinn kúgildafjöldi, sem ekki má hreyfa við, og sala á þeim er útilokuð, þó að eigendur vildu láta þau af hendi. Hv. flm. sagði, að eigendum þeirra væri vorkunnarlaust að sætta sig við almenna bankavexti í leigu eftir þau; það eftirgjald er orðið svo alment í viðskiftum hjer á landi. — Það má vel vera, að þetta geti gengið, en agnúar munu á því verða, eins og jeg hefi tekið fram. Jeg skil annars ekkert í því, að mþn. skyldi telja sjer skylt að hrófla við núgildandi byggingarbrjefum og leggja til, að þau fjellu úr gildi innan ákveðins tíma. (JörB: Það er ekki rjett frá skýrt). Það er fram tekið í frv. sjálfu, að þau eiga að missa gildi sitt, og hv. flm. benti sjálfur á þá gr., sem um það fjallar. Það mun vera rjett, að afgjald jarða er látið vera án íhlutunar löggjafarvaldsins, enda verður löggjafarvaldið að álíta sjer óheimilt að grípa inn á svið samningamála milli einstaklinga. En samkv. frv. þessu á þeim ekki að vera heimilt að semja vinsamlega sín á milli um mál, er varða ábúð jarða, án íhlutunar löggjafarvaldsins.

Hv. flm. sagði, að leiguliði gæti neitað að taka við jörð, án þess að afgjaldið væri metið og verðlagt. Það má segja, að alt mögulegt getur átt

sjer stað samkv. þessu frv. Ennfremur sagði hv. flm., að við mat á afgjaldi mætti ekki taka tillit til þess, hvað jörðin hefði kostað. Þetta getur í ýmsum tilfellum valdið hinum mesta órjetti.

Þá er meðal annars ætlast til þess í frv., að byggingarbrjef skuli ávalt vera þinglesin, og án þess hafa þau ekki fult gildi. Þetta væri gott og ekkert við því að segja, ef n. veit til þess, að það hafi valdið óhagræði og árekstrum, að byggingarbrjef hafi ekki verið þinglesin. Annars er það hin mesta óhæfa að valda einstaklingum slíkum kostnaði, að jeg nú ekki tali um hina ónauðsynlegu aukningu á skriffinnsku. Eða hver á að borga þinggjaldið?

Hin nýju ákvæði í frv. um þá vanrækslu landsdrottins, að gefa eigi út byggingarbrjef til leiguliða, eru ekki betri en í gömlu lögunum, því að þá á að leggja alt á vald úttektarmanna.

Þegar breytt er lögum eins og þessum, um ábúðarskilmála, þá verða menn að vera sannfærðir um, að breyt. sjeu til batnaðar; en um þær breyt., sem hjer er um að ræða, má segja, að ef þær eru ekki til hins verra, þá eru þær að minsta kosti óþarfar. Þeim fylgir aukin skriffinska yfirleitt í landinu, og óþarfa kostnaður við þinglýsingar skjala o. fl. Jeg vona, að hv. n., sem fær frv. til meðferðar, sjái sjer að minsta kosti fært að fella úr frv. ákvæðið um þinglestur byggingarbrjefa.

Um ákvæði 11. gr. frv., er skylda landsdrottin til þess að láta peningshús fylgja leigujörðum sínum, hefi jeg áður talað. Mig furðar á því, ef hv. landbn. kemst ekki að sömu niðurstöðu og jeg um það atriði, að óhæfilegt sje að ætlast til þess, að landsdrottinn byggi peningshús yfir fjenað, sem hann á ekki. Jeg veit ekki, hvað mþn. hefir haft í huga til samanburðar í þessu efni, nema ef það eru skólabúin á Hvanneyri og Hólum, þar sem ríkið hefir bygt yfir búpening, sem það á ekki sjálft. Jeg skil ekki, að það sje svo eftirbreytnisvert að skylda eigendur jarða til að fullnægja slíkum kvöðum; þær keyra svo úr hófi, að því er kostnað snertir.

Það eru dálitið undarleg ákvæði, sem felast í 12. gr. frv., að tala um, að aldrei skuli meta álag á jarðarhús og að landsdrottinn beri alla fyrningu; en þó er leiguliði skyldur að halda húsum við þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm.

Eru ekki ákvæði þessara gr. í talsverðu ósamræmi hvert við annað? Samkv. frv. virðist álagsskylda ábúenda eiga að falla niður eða yfirfærast á eigendur jarðanna, en þó er sagt, að leiguliði sje skyldur að viðhalda húsum, svo að þau fyrnist ekki um skör fram. En hvað er að fyrnast um skör fram? Í þessu efni er ekki breytt til hins betra.

Þá er í 13. gr. frv. gert ráð fyrir, að úttektarmenn sjeu skyldugir til að fara um allan hreppinn og taka út öll hús á leigujörðum 5. hvert ár. En hver á að borga þeim fyrir það? Um það eru engin ákvæði í frv. Mjer þætti vænt um, ef hv. flm. vildi benda mjer á þá aðila, sem eiga að kosta úttektina. Jeg bíð eftir svari.

En þessi ákvæði eru óþörf og óhafandi í alla staði, hvort heldur sem ætlast er til, að eigandi jarðar eða ábúandi greiði þennan kostnað. Hjer

er að nauðsynjalausu gripið inn í samninga og samkomulag manna, sem löggjafarvaldið varðar ekkert um. Mjer er sem jeg sjái ánægjusvipinn á úttektarmönnum yfir þeirri kaupgreiðslu, sem þeir fá fyrir þetta rölt um hreppinn 5. hvert ár, sem er alveg þýðingarlaust.

Ef úttektarmenn vanrækja skyldu sína, eiga þeir að sæta óþægindum og sektum. Sekt þeirra á að vera í því fólgin, að þeir bæti landsdrotni fyrir þann skaða, sem hann kann að verða fyrir vegna vanrækslu þeirra og eftirlitsleysis. En hverjum dettur í hug, að hægt sje að meta það, hvort landsdrottinn skaðist af þessari vanrækslu? Jeg held það sje mjög örðugt að meta það, sjerstaklega þegar þess er gætt, að úttekt á að fara fram þó engin ábúandaskifti verði. Þessi ákvæði eru því alger endileysa. Þá er skv. 16. gr. leiguliða heimilt að byggja jarðarhús, ef landeigandi vill ekki gera það sjálfur. En hann er skyldur til að borga leiguliða kostnaðinn, sem aftur á að greiða eiganda 5% vexti af kostnaðinum. Nú er ekki víst, að eigandi jarðarinnar geti greitt þetta úr eigin vasa, því vel getur hann verið fátækur maður. Verður hann þá að taka lán til þess, og greiða máske 7—8% af því láni, en hefir ekki kröfu til meira en 5%. Auk þess verður hann að bera eðlilega fyrningu á mannvirkjunum. Hann fær því aldrei að fullu þann höfuðstól, sem í þeim liggur.

Þá bætir 17. gr. einni skyldunni enn við landsdrottin. Með þeirri gr. eru þeir skyldaðir til að hafa hús á leigujörðum sínum trygð gegn eldsvoða. Ef nú eigandi á að vera skyldur til að byggja, er þá ekki sama um það, hvort hann hefir húsin trygð eða ekki? Jeg get nú fallist á það, að öruggara sje að hafa húsin trygð. En mjer þykir ekki rjett að hafa skyldutryggingu á öðrum en bæjarhúsum og húsum, sem jörð eiga að fylgja. En það er ekki nema eftir allri stefnu frv., þótt jarðeigendum sje lögð þessi kvöð á herðar.

Þá er 22. gr. Jeg tel ákvæði hennar algerlega óþörf. Mjer finst algerlega óþarfi að skifta sjer af kúgildum. Um það getur ávalt verið samkomulag milli aðilja. Veit jeg ekki til, að neinn ágreiningur hafi um það orðið, að minsta kosti ekki þar sem jeg þekki til.

Þá vill n. samkv. 26. gr. hafa eindaga á jarðarafgjöldum í fardögum. Jeg er hissa á því, að hún vill breyta eindaga á kúgildaleigu, sem hefir verið á haustin. Mjer finst þetta óþarfi og hygg, að það geti valdið óþægindum. (**PO:** Landsskuld af landssjóðsjörðum á nú að greiðast um nýár). Jeg þakka hv. þm. Borgf. fyrir að minna mig á þetta. Því má þó ekki gleyma, að afgjald af þeim jörðum er venjulega borgað í peningum.

Þá finst mjer það vera slettirekuskapur að skylda jarðeiganda að hafa umboðsmann til að taka móti jarðarafgjöldum, ef hann býr fjær jörð sinni en 30 km. Um þetta hefir aldrei orðið neinn ágreiningur. Og það, sem reynst hefir vel í eldri löggjöfinni, finst mjer gjarnan megi standa óbreytt.

Þá furðar mig á ákvæði 29. gr. 5. lið, að leiguliði fyrirgeri rjetti sínum til ábúðar, ef hann kaupir ekki ábýlisjörð sína eftir matsverði. Jeg er hissa á því, að sömu hv. þm., sem svo vel vilja tryggja rjett leiguliða með þessu frv., skuli ekki kveinka sjer við að leggja þetta til. Jeg býst nú samt við,

að þetta sje meðal þeirra ákvæða, sem n. vill bæta úr, og felli því þetta niður síðar.

Þá þykja mjer ákvæði 33. gr. nokkuð óákveðin. Þar er svo ákveðið, að þegar landsdrottinn samkv. skyldu sinni byggir upp jarðarhús á leigujörð, þá skuli leiguliði vinna að því með skylduliði sínu, eins og hann getur afkastað fram yfir brýn heimilisstörf. En hver á nú að meta þessa hluti? Ætli þetta framlag verði ekki stundum nokkuð takmarkað? Og ef leiguliði getur ekkert, á þá verkið að vera ógert, eða á það að leggjast á herðar eiganda sem aðrar skyldur? Þegar litið er til gr., þá lítur svo út, að það sje jarðeigandi, sem á að gera verkið. Jeg bið velvirðingar á því, ef þetta er rangt ályktað. En mjer finst alt benda til, að svo sje ekki. Jeg hygg, að fæstir leiguliðar þættust geta mist mikla vinnu frá nauðsynlegum heimilisstörfum. (**JörB:** Á leiguliði að meta það einn?). Nei, það á nú líklega að hlaupa með það til úttektarmannanna, sem alt vald er gefið samkv. þessu frv., bæði um það sem annað. Hjer sem annarsstaðar er auðsæilega verið að þrengja rjetti jarðeiganda, og er farið þar svo langt sem n. hefir sjeð sjer fært að fara. Og það svo hamramlega, að ótækt verður, ef frv. er lögfest, að eiga jarðir í leiguábúð, eins og hv. 1. þm. S.-M. líka tók fram.

Þá held jeg, að ákvæði 42. gr. frv. geri það torvelt, að ágóði verði að þeim jarðabótum, sem þar er gert ráð fyrir. Svo þau ákvæði 43. gr., þar sem ákveðið er, að hinar ýmsu kröfur, sem umgetur í 41., 42., 15. og 16. gr. frv., skuli hafa forgangsrjett í bú landsdrottins. Hjer er um sama ósamræmið að ræða og jeg gat um áðan viðvíkjandi hækkun eftirgjalds, miðað við tilkostnað landsdrottins.

Þá kemur 44. gr., um kaupskyldu á leigujörðum. Sjá ekki allir, hve ákvæði hennar eru óhæfileg? Er frelsi manna nokkurstaðar takmarkað svo á öðrum sviðum? Ef svo er ekki, hvers vegna telur n. sjer þá sæmilegt að koma fram með slíkar takmarkanir, sem lýsa sjer í gr. og jeg hefi bent á?

Þá kemur 45. gr., sem gerir ráð fyrir úttekt á jörðum. Er ekkert um það að segja í sjálfu sjer. En vegna þess að jeg hefi ekki átt kost á því tímans vegna, að ath. þetta frv. til hlítar, þá vil jeg spyrja hv. flm., hvort meiningin sje, að taka þurfi út jarðir, ef báðir aðilar verða sammála um viðskifti sín öll. Má vera, að þetta standi í frv., en jeg hefi ekki sjeð það. Mjer finst rjett, ef báðir aðilar koma sjer saman, að það verði látið jafngilda úttekt. Jeg býst nú frekar við því, að þetta sje meining n., en þori þó ekki að fullyrða það.

Þá gerir 47. gr. ráð fyrir því, að úttektarmenn sjeu skipaðir til 12 ára. Mjer finst það óhæfilega langur tími, ef þeir ekki vilja það sjálfir. Mjer hefði þótt rjettara að hafa gamla ákvæðið áfram og sje ekki, að neitt hefði verið á móti því að taka það upp í nýju lögin. Þetta er að vísu eins og svo margt annað í þessu frv. En það verður hver að gera það upp við sjálfan sig, hvort leggja skuli þetta svo langan tíma á herðar manna, sem fá ljelegt kaup fyrir starfa sinn.

Það er máske vegna ónægrar ath. á frv., að mjer hefir skilist svo, að jarðeigandi eigi ekkert álag að fá við úttekt leigujarða. En í 50. gr. er þó

gert ráð fyrir því, að álag megi taka fjárnámi í eigum fráfaranda handa viðtakanda. En fái hann ekki þetta álag, er landeigandi skylt að greiða það. Þetta er víst í samræmi við aðrar kvaðir, sem á hann eru lagðar!!

Jeg man ekki fyrir víst, hver ákvæði gilda nú um greiðslu á kostnaði við yfirúttekt. En mig minnir, að hún sje miðuð við þá breyt., sem yfirúttekt gerir um álagsupphæð. Og það er vitanlega rjett, að miða skifting kostnaðar við það. Frv. þetta gerir ráð fyrir, að ef engu er breytt, þá á yfirúttektarbeiðandi að greiða allan kostnaðinn. En svo kemur það, að ef einhverju er breytt, þótt ekki sje nema 1 kr., þá eiga aðiljar að greiða að hálfu hvor samkv. 45. gr. Þetta þykir mjer ekki rjettlátt.

Þá kveður 11. kafli frv. svo á, að „þegar lög þessi öðlast gildi, þá skal um fardagaleyti næsta ár á eftir fara fram úttekt á öllum leigujörðum landsins" o. s. frv. — Jeg skil nú ekki, hver meiningin er með því að fara að stofna til þvílíks allsherjarkostnaðar, hvort sem leiguliðaskifti verða eða ekki. Jeg get ekki skilið, hvað n. meinar með þessu. Nú geta leiguliðar krafist úttektar á húsum samkv. frv., hvenær sem er, ef þeir telja þau óhæf, svo að ekki þarf allsherjarúttekt vegna þeirra. En þar sem ekki er um slíkt að ræða, sje jeg enga nauðsyn á, að úttekt fari fram. Í sömu gr. stendur líka: „Álag greiðir leiguliði á jarðarhús eftir mati úttektarmanna." Á að skilja þetta svo, að leiguliði eigi að greiða álag eftir mati? (**JörB:** Já). Já, segir hv. flm., og það var honum líkt að svara þessu undandráttarlaust. En fyrst svo er, hvað á þá sú álagsgreiðsla að þýða? Ef leiguliði er kyr á jörðinni, til hvers á hann þá að greiða álagið? Til sjálfs sín, eða hvað? Jeg hefi ekki heyrt þess fyr getið, að álag sje greitt fyr en við fráför leiguliða.

Samkv. 54. gr. á landsdrottinn að hafa gert upp öll jarðarhús, áður en skoðunargerð úttektarmanna fer fram fimta hvert ár. Ef þetta er vanrækt, þá liggur sú hegning við, að leiguliði getur flutt af jörðinni fyrirvaralaust og án þess að bæta landsdrottni nokkuð fyrir. Hvernig ber nú að skilja þetta? Á að skilja það svo, að leiguliði eigi ekki að greiða afgjaldið? Menn greiða þó venjulega jarðarafgjöld eftir á. Jeg vona að mjer missýnist, — eða er hv. 1. þm. Árn. að hrista höfuðið? Hann veit þó sennilega, að landsskuldir eru ávalt greiddar eftir á, enda leiðir það af eðlilegheitum, að menn þurfi ekki að greiða fyrir landsnytjar fyr en þeir hafa notað þær.

Jeg hljóp yfir þau ákvæði 37. gr., að engan viðarreka megi undanskilja leiguliðanotum, sem áður hafi fylgt jörðu. Á n. hjer við þann viðarreka, sem hingað til hefir tilheyrt leiguafnotum? Ef sá er skilningur n., eins og vera ber, þá get jeg algerlega fallist á hann. En ef svo er ekki, þá er hjer um alvarlega skerðing eignarrjettarins að ræða. Það virðist næsta hart að gengið, að landeigandi skuli ekki eiga reka, sem er yfir 6—7 álnir t. d., úr því hann á að viðhalda húsum öllum á jörðinni. Jeg skil annars ekki, hvað leiguliði á að gera við reka, þar sem hann má ekki byggja hús á jörðinni.

Jeg verð að segja hv. 1. þm. S.-M., að jeg er honum sammála um, að n. leggi eigi þann skilning í þessi mál

sem vera ber. Jeg held, að hún hafi helst til mikið bundið sig við sjerstök dæmi þess, að landeigendur hafi misnotað umráðarjett sinn og farið illa með jarðirnar og leiguliða. En ef svo er, verð jeg að telja það mjög illa farið að láta slíkt koma fram í löggjöf, sem á að gilda fyrir alt landið um lengri tíma eða skemri.

Sömuleiðis get jeg tekið undir með hv. 1. þm. S.-M., að slíkt stórmál sem þetta megi ekki afgr. án nákvæmrar rannsóknar og yfirvegunar. Það verður að ganga svo frá því, að eigi þurfi altaf að vera að breyta, því slíkt kemur því bagalegar, sem á þessari löggjöf þarf að halda árlega. Því held jeg, að best færi á því, að frv. væri athugað í n., en að svo stöddu legði Alþingi eigi síðustu hönd á það. Jeg þykist mega treysta því, að það sje svo mikill minni hl. jarðeigenda, sem n. byggir skilning sinn á, og hefir gert þessar sjerstöku varúðarráðstafanir gegn rangsleitni þeirra gegn ábúendum, að ekki sje ástæða til að lögleiða slíkar ráðstafanir einungis af þeim ástæðum. Auk þess ber og á það að líta, að eftir þessu frv. er eignarrjetturinn ef til vill óskertur, en umráðarjettur landeiganda er svo stórlega skertur, að tæplega virðist öllu lengra mega ganga. Og mjer er næst að halda, að frv. gangi í ekki óverulegum atriðum mjög nærri eignarrjettinum. Jeg hefi að vísu enn ekki getað borið frv. þetta saman við stjskr. okkar og gengið úr skugga um, að hve miklu leyti það brýtur í bága við hana, en til þess mun gefast tækifæri síðar. T. d. eru samkv. frv. friðsamlegir samningar, sem engum ágreiningi hafa valdið, gerðir ónýtir eða ómerkir og stofnað til skriffinsku og óþarfa kostnaðar þess í stað.

Hv. flm., sem sjaldan skortir rök fyrir sínu máli, færði nú engin óyggjandi rök fyrir þessum stórfeldu breyt. sem í frv. felast, og þeim stórfeldu afleiðingum, sem óhjákvæmilega hlytu að leiða af frv., ef það yrði að lögum. Jeg hafði satt að segja búist við meiri rökum úr þessari átt. Jeg vil aðeins benda á eitt smáatriði sem dæmi. Getur hv. flm. bent á nokkurt dæmi þess, að óhagræði hafi orðið að því, að byggingarbrjef hafa ekki verið þinglesin? Jeg efast um það. En ef svo væri, þá kæmi slíkt óhagræði niður á landsdrotni. Ef hann vanrækir að gefa leiguliða byggingarbrjef, þá er leiguliði ekki skyldur að greiða hærra afgjald en honum gott þykir, nema landeigandi sanni, að öðruvísi hafi verið ákveðið.

Jeg vona, að hv. n. skilji það, að þetta er algerlega kalalaust af minni hálfu, en jeg tel illa farið, að slíkir heiðursmenn sem hjer eiga hlut að máli, skuli hafa viltst út á þessa viðsjálu götu gjörræðisins. Og þótt enginn þeirra eigi jarðir, sem jeg veit ekkert um, þá hefði jeg vænst þess af þeim, að þeir hefðu tekið eitthvert tillit til hagsmuna þeirra, sem jarðir eiga, en ekki þrælbundið sig svo við hagsmuni annars aðilans, leiguliðanna, að engin sanngirni komist að. Jeg mun þó greiða atkv. með málinu til n., bæði vegna þess, að hjer er um stórmál að ræða, og ekki síður vegna þeirra heiðurs- og sómamanna, sem að frv. standa og sem jeg vil gjarnan sýna alla kurteisi. Ef það á fyrir frv., að liggja að ná endanlegu samþykki Alþ., þá vil

jeg fastlega krefjast þess, að sniðnir sjeu af því stórfeldustu agnúarnir, en helst hefði jeg kosið, að það yrði strádrepið þegar í stað, einkum með tilliti til þeirra megingalla í öllum verulegustu atriðunum, sem jeg hefi nú lítillega bent á og sem jeg mun fá betra tækifæri til síðar.

Halldór Stefánsson: Þegar jeg kvaddi mjer hljóðs áðan, vissi jeg ekki, hvort aðrir myndu verða til að gera aths. eða ábendingar við frv. það, sem hjer liggur fyrir. Nú er minni ástæða til að gera ítarlegar aths., þar sem aðrir hafa talað og bent á marga helstu agnúa frv. Þó vil jeg ekki taka undir alt það, sem fundið hefir verið að frv. Auk þess er málið svo seint fram komið, en hinsvegar svo yfirgripsmikið og mikilvægt mál, að litlar líkur eru til þess, að tími vinnist til að afgr. það á þessu þingi, enda vafasamt að flýta því svo mjög. Jeg mun því eigi fara ítarlega út í einstök efnisatriði frv. En jeg vil benda hv. þdm. á það, að þar sem í frv. felast margar og stórfeldar breytingar á núverandi ábúðarlöggjöf, þá má síst kasta til þess höndunum, heldur verður málið að athugast sem best og gaumgæfilegast.

Meðal þeirra breyt., sem jeg tel mikilvægastar, tel jeg þær tvær, að bannað er að byggja jarðir nema til lífstíðar, og að landeiganda er gert að skyldu að eiga öll hús á jörðinni. Jeg er þessu fylgjandi í aðalatriðum, en þó þykir mjer helst til langt gengið að ætla jarðeigendum að eiga öll peningshús á jörðum. Það geta verið mjög mismunandi mikil peningshús, sem hinir einstöku ábúendur þykjast þurfa, og getur slíkt komið óþægilega við jarðeiganda, og virðist mjer einsætt, að setja verði einhverjar takmarkanir á skyldu jarðeiganda til að eiga hús á jörðum sínum.

Jeg ætla þá að minnast lítillega á ýms atriði, sem mjer virðist mjög geta orkað tvímælis.

Það er þá fyrst það, að bannað er að byggja jarðir, nema ábúandi hafi hæfilega áhöfn. Þetta ákvæði er miður heppilegt að því leyti, að það getur í mörgum tilfellum orðið til þess, að jarðir byggist ekki. Efalaust hefir það þó ekki verið ætlun n. Það getur hæglega hent, að margur vilji fá jörð til ábúðar, en hafi ekki það, sem metið verður hæfileg áhöfn, og þá má ekki byggja jörðina eftir ákvæðum frv. Það verður þó að teljast betra, að jörð komist í ábúð, þó áhöfn sje lítil, en að hún fari í eyði. Hitt væri hóti nær, að orða gr. á þá leið, að ávalt skyldi „leitast við“ að byggja jörð með hæfilegri áhöfn.

Ennfremur er svo ákveðið í frv., að ef jarðeigandi getur ekki bygt jörð, þá skuli hann bjóða sveitarstjórn hana, og ef hún þiggur það, þá hafi hún heimild til þess að skifta jörðinni niður í smábýli, en landeiganda gert að skyldu að byggja upp á smábýlunum. Þetta getur verið gott, ef landeigandi er fær um þetta fjárhagslega, en ef hann er það nú ekki, — hvað þá? Að vísu gæti hann á stundum fengið stuðning til þess úr byggingar- og landnámssjóði, en ef t. d. ekkert ræktað land fylgir býlinu, þá getur hann ekkert fje fengið til þess, eins og lög standa til nú.

Þá er enn eitt, að vísu lítilsvert, atriði, sem jeg verð að telja mjög hæpið. Það er kveðið svo á, að þinglýsa

skuli byggingarbrjefum jarða. Jeg hefi nú leitað að ástæðum n. fyrir þessu ákvæði, og mjer finst satt að segja þær ástæður fremur veigalitlar. Það er aðeins sagt, að þetta sje orðin venja um flest skjöl, en sú venja hlýtur þó að vera bygð á einhverri nauðsyn, en hver sú nauðsyn er, í þessu tilfelli, er mjer ekki vel ljóst. Mjer skilst, að þinglýsingar sjeu gerðar eingöngu vegna þriðja aðila, þ. e. ef þriðji aðili getur átt hagsmuna að gæta. Það getur verið nauðsynlegt að þinglýsa skjölum, sem að einhverju leyti snerta hag þriðja manns, eða óviðkomandi aðila. Þegar um byggingarbrjef er að ræða, kemur slík aðild ekki til greina. Þetta er þess vegna eintóm skriffinska og óþarfi, eins og hv. þm. Barð. tók fram.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem jeg tel einna athugaverðast, en sem jeg verð að játa, að jeg hefi enn ekki getað kynt mjer til hlítar. Þetta atriði er viðhaldsskylda landeiganda á húsum jarðarinnar. Jeg hygg þetta ákvæði óhagstætt fyrir bæði jarðeiganda og ábúanda. Ef ábúandi hefir enga viðhaldsskyldu á húsum jarðinnar, getur það sýnilega leitt til meira tómlætis og hirðuleysis um viðhald en ella. Í þessum efnum veltur meira á hirðusemi og góðri umgengni, sjerstaklega þegar um torfhús er að ræða, heldur en beinum fjárframlögum. Ef viðhaldsskyldan hvílir á landeiganda, verður hann að fá það greitt með hærri landsskuld, og til þess að tryggja sig gegn hugsanlegu hirðuleysi eða vanrækslu ábúanda, verður hann að áætla hækkun landskuldarinnar fyrir þessu sem riflegast, a. m. k. hærra en viðhaldið þyrfti að kosta hirðusaman ábúanda. Þetta er algert nýmæli í ábúðarlöggjöfinni og orkar mjög tvímælis.

Þá kemur enn eitt atriði, sem að vísu er ekki nýmæli, og það er, að ábúanda er óheimilt að láta landsnytjar af hendi, nema í skiftum fyrir aðrar. Þetta er mjög hæpið ákvæði. Má vera, að fyr á tímum hafi þetta verið fyllilega rjettmætt, en nú hagar öðruvísi til; nú er auðveldara að halda við ræktun, þótt látnar sjeu burt nytjar, þar sem nú er kostur á tilbúnum áburði. Jeg vil benda á það, að frumbýlingi, sem á lítinn bústofn, getur oft verið mikil stoð og styrkur í því að geta látið burtu landsnytjar, ef ekki telst spilla landinu, t. d. slægjur eða því líkt. Jeg get ekki talið það varhugavert, þótt ábúandi láti burt landsnytjar, ef hann að öðru leyti heldur jörðinni í rækt. Það gæti verið mikilsvert atriði fyrir frumbýling, til þess að koma sjer upp hæfilegum bústofni og efla fjárhagsafkomu sína. Jeg vil þó ekki með þessu draga úr skyldu ábúanda til þess að halda jörð í fullri rækt, en jeg lít svo á, að hann geti með góðu móti látið af hendi ýmsar landsnytjar, án þess að ræktun landsins sje hnekt hið minsta.

Jeg mun svo ekki minnast frekar á einstök atriði frv., nje fara í sparðatíning. Jeg hefi aðeins bent á þessi atriði til athugunar þeirri n., sem fær mál þetta til meðferðar. Hitt má engum dyljast, að hjer er um svo yfirgripsmiklar og róttækar breyt. að ræða á núverandi ábúðarlöggjöf, að með engu móti má rasa um ráð fram. Jeg vil því enda mál mitt með þeim tilmælum, að málið fái glögga og gaumgæfilega athugun, áður en gengið er til endanlegrar úrlausnar.

Fundi frestað til kl. 5 sama dag.

Forseti (Benedikt Sveinsson): Þá hefst fundur að nýju og er nú liðin meir en hálf stund frá því, er ákveðið var, að hann skyldi hefjast. Þar sem fundarsókn er svo treg, vil jeg leita um það atkv. með nafnakalli, hvort fundi skuli haldið áfram.

ATKVGR.

Samþ. með 12 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, að halda fundinum áfram, og sögðu

já: ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, JAJ, JS, JörB, PO, SE, TrÞ, BSv.

nei: HG, JÓl, MJ, SvÓ.

Tólf þm. (ÁÁ, EJ, HStef, HK, HV, IngB, JJós, LH, MG, MT, ÓTh, SÁÓ) fjarstaddir.

Magnús Jónsson: Það er ekki nema eðlilegt, að jeg, sem hvorki er jarðeigandi eða leiguliði á jörð, tefji lítið umr. um þetta mál. Þó vil jeg minnast á örfá atriði, vegna þess að mjer virðist svo, sem hjer sje á ferð allverulegt stefnumál. Vil jeg fyrst víkja að því, sem jeg skaut til hv. flm. í dag, um skilning á 1. gr. frv., þar sem segir svo: „Hver maður, sem jörð á og hefir ekki fasta ábúð á sjálfur, skal selja hana öðrum á leigu og ávalt þannig, að hæfileg áhöfn sje á jörðunni ..". Þetta ákvæði skýrði hv. flm. þannig, að það ætti að vera til þess að koma í veg fyrir, að menn tækju jarðir á leigu án þess að hafa á þeim nægilegan bústofn til þess að geta nytjað jarðirnar. Jeg þykist nú vita, að ákvæði þetta beri að skilja á þennan veg. En eftir orðalagi gr. er ekki hægt að fá annað út úr henni en að jarðir skuli altaf leigja með hæfilegri áhöfn. Og þar sem mþn. í landbúnaðarmálum hefir yfirleitt verið mjög stórvirk í öllum breyt., var ekki fjarri mjer að halda, að skilja bæri gr. eftir orðanna hljóðan. Jeg vil nú spyrja hv. flm., hvernig hann hugsi sjer, að hægt sje að sjá um, að altaf sje hæfileg áhöfn á jörðunum, þar sem annarstaðar í frv. eru ákvæði um, að leigja skuli jarðirnar til lífstíðar og afskifti og umráð jarðeiganda yfirleitt gerð sem allra minst. Mjer virðist, að það muni geta orðið erfitt að sjá um þetta. Annars býst jeg við, að breyta þurfi orðalagi frv. víðar en á þessum stað, ef það á að verða annað en dauður bókstafur.

En það, sem knúði mig til að taka til máls, er hið sama og hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Barð. töldu sig hafa við það að athuga, að svo stórkostlega væri þrengt að kostum þeirra, sem jarðir eiga, að ókleift yrði fyrir menn að eiga jarðir, sem þeir ekki byggju á sjálfir, með því meðal annars að setja það í lög, að leiguliði geti neytt landsdrottinn sinn til þess að kaupa hús og önnur mannvirki, sem hann gerir á ábýlisjörð sinni, hvenær sem er. Með þessu er jarðeigendum sköpuð svo mikil áhætta, að varla er hægt að búast við, að menn vilji hætta eignum sínum í það að kaupa jarðir. Líka er það dálítið hart að heimila sveitarstjórnum að skifta jörðum, ef þeim þykir þess þörf. Geta þær þannig t. d. látið skifta stórum höfuðbólum, sem eigendunum væri mjög sárt um. En slíkt væri óneitanlega mjög hart, og þegar svo þar við bætist, að leiguliðarnir á jarðahlutunum geta látið byggja þar hús o. fl. mannvirki, og skipað eigendunum að

kaupa. Hjer virðist því litið sjeð fyrir hagsmunum jarðeigendanna. Það eina, sem að þeim er vikið, er í grg. frv. við 2. gr. þess. Þar segir svo: „Telji úttektarmenn, að jörðin sje á þann hátt komin í trygga ábúð, ætti hagsmunum eigendanna að vera vel borgið.“ Það er ekki litið, sem lagt er upp úr áliti úttektarmannanna.

Stefna sú, sem flm. frv. þessa vilja vinna að, er sú, að jarðirnar verði sem flestar eign þeirra, sem á þeim búa.

Þetta er óneitanlega falleg stefna, því að reynslan mun vera sú, að þær jarðir sjeu jafnaðarlega betur setnar, sem eru í sjálfsábúð, heldur en hinar, sem leigðar eru. En þetta eins og hvað annað verður að hafa sín takmörk. Það má ekki ganga svo langt í þessu efni, að umráðarjettur manna yfir eignum sínum sje skertur um of, því að það getur beinlínis haft þau áhrif, að tilgangur frv., þó að lögum verði, náist ekki. Með þessu er verið að gera kjör leiguliða svo eftirsóknarverð, að menn munu hreint ekkert sækjast eftir að verða sjálfseignarbændur. Það getur því farið hjer eins og fór hjer í Reykjavík, þegar húsaleigulögin voru sett, að lögin beinlínis vinni sjálf á móti tilgangi sínum. Menn hættu hjer að vilja láta eignir sínar í hús, einungis vegna húsaleigulaganna. Varð því sú raunin á, að í stað þess að bæta úr húsnæðisvandræðum manna, urðu lögin til þess að auka vandræðin að miklum mun.

Þá virðist mjer, að í frv. komi fram óþarflega mikill ótti við það, að kaupstaðarbúar kaupi jarðir uppi til sveita til þess að eyðileggja þær. Það má vel vera, að til sjeu einhver dæmi þess, að t. d. Reykvíkingar hafi klófest jarðir og flutt burtu af þeim nytjarnar. En þrátt fyrir það getur ekki talist rjett að taka alveg fyrir það, að kaupstaðarbúar geti fengið keyptar jarðir eða jarðarhluta, því að eins og kunnugt er, hefir sú stefna rutt sjer mjög til rúms nú á síðari tímum, að efnamenn kaupstaðanna kaupi jarðir og láti gera þar stórfeldar umbætur í jarðrækt o. fl. Hafa kaupstaðarbúar þannig látið rækta stór lönd á tiltölulega stuttum tíma, sem annars myndi hafa tekið fleiri tugi ára. Þessi stefna er að vísu gagnstæð stefnu frv., en jeg tel hana eigi að síður svo mikilsverða, að engin sanngirni sje að vinna alveg á móti henni.

Vil jeg svo að síðustu taka undir með hv. 1. þm. S.-M., að jeg tel það hreinustu óhæfu að ráða máli þessu til lykta á þessu þingi, þar sem hjer er um það að ræða að breyta gömlum lagabálki. En hinsvegar tel jeg ekki nema gott, að málið skyldi koma fram nú, til þess að mönnum gefist kostur á að átta sig á því, þar til á næsta þingi.

Haraldur Guðmundsson: Í grg. frv. þessa verður ekki sjeð, hve mikið af bændum landsins eru leiguliðar. En jeg hygg, að þeir muni vera að tölunni til nálægt 40%. Jeg segi að tölunni til, því að sje miðað við jarðahundruð, þá mun tæplega svo mikið af jarðahundruðum landsins í leiguábúð, því að það eru venjulega minni jarðirnar, sem eru leigðar. Hve mikið af hinum leigðu jörðum er í eign einstakra manna og hve mikið er eign hins opinbera, veit jeg ekki með vissu; væri þó fróðlegt að hafa um það opinberar skýrslur. Það liggur í augum uppi, að hjer er um afar þýðingarmikið mál að ræða, þar sem hjer eiga hlut að máli um ⅔ hlutar af bændastjett landsins.

Í grg. frv. þessa er þess getið, að mþn. hafi sent út til sveitarstjórna landsins fyrirspurnir um ýmislegt snertandi ábúð jarða, og á svörum sveitarstjórnanna megi sjá:

1) Að ræktun á leigujörðum sje yfirleitt miklu lakari en á jörðum í sjálfsábúð.

2) Að byggingar, bæði íveruhúsa og peningshúsa sjeu miklu lakari á leigujörðum en á jörðum í sjálfsábúð, og að þær sjeu víða svo litilfjörlegar, að heilbrigði manna sje stórkostleg hætta búin.

3) Að því styttri sem ábúðartimi leiguliðans sje, í því verri rækt sje jörðin og því hrörlegri sjeu húsakynnin.

4) Að á þeim sárfáu jörðum viðsvegar um land, þar sem ábúð þeirra að einhverju leyti svipar til góðrar ábúðar á jörðum í sjálfsábúð, er það aðeins á þeim jörðum, sem eru í lifstiðarábúð, og þá frekast á kirkju- og þjóðjörðum.

5) Að á leigujörðum sje undantekningarlitið bygt úr óvaranlegu byggingarefni, sem alls ekki getur orðið til frambúðar.

Jeg dreg alls ekki í efa, að þetta sje rjett. En það sýnir einmitt, hve nauðsynlegt það er að taka mál þetta nú þegar til rækilegrar athugunar, því að þetta verður að teljast með öllu óhæfilegt ástand, að svona mikill hluti bændastjettarinnar búi við slík ófremdarkjör, sem að framan greinir, og hagnýting jarðanna sje svo ábótavant.

Að minum dómi eru kjör leiguliðanna mjög hliðstæð kjörum verkamannanna. Eigendur framleiðslutækjanna, jarðanna eða skipanna og vjelanna, taka jafnan fyrst sinn hlut. Mig furðar því stórlega á, að þeir hv. þm., sem sjá rjett og nauðsyn leiguliðanna, skuli ekki einnig sjá hliðstæðan rjett annara manna. Leiguliðar taka kaup sitt í afrakstri jarðarinnar, eftir að þeir hafa greitt landsskuld og leigur. Því meira sem landsdrottinn, jarðeigandi, tekur, því minna verður eftir fyrir leiguliðann. Alveg á sama hátt er um kjör verkamanna, sem hagnýta framleiðslutæki önnur, svo sem skip og vjelar; því meira sem eigendur framleiðslutækjanna heimta í sinn hlut, því minna verður eftir sem laun til verkamannanna. Þeir, sem sjá rjett þörf leiguliða, ættu því síst að vera blindir fyrir þörf daglaunamannanna. Vona jeg, að það sýni sig við atkvgr. um frv. hv. 2. þm. Reykv. um styrk til byggingar verkamannabústaða í kaupstöðum landsins. Það, sem í grg. þessa frv. segir um hibýli og húsakynni leiguliða, á engu síður við, líklega fremur, um húsakynni verkamanna í kaupstöðum. Þau eru háskaleg heilbrigði þjóðarinnar, kynslóðarinnar, sem nú er að vaxa upp. Til þessa hefir meiri hl. af fje þjóðarinnar gengið til sjávarútvegsins og atvinnurekstrar í kaupstöðum. En nú er að verða breyt. á þessu. Nú liggur hjer t. d. fyrir þinginu frv. um Landbúnaðarbanka. Verði það að lögum, og ef sala vaxtabrjefa gengur sæmilega, á hann að geta veitt 50—60 milj. króna til landbúnaðarins á nokkrum næstu árum. Auk þessar eru geysiháar upphæðir veittar til landbúnaðarins í beinum styrkjum og óbeinum á ári hverju. Má þar fyrst nefna styrk eftir jarðræktarlögunum, sem veittur skal á hvert dagsverk og fyrir þau var greitt úr ríkissjóði samkv. Jarðræktarlögunum 350 þús. kr. sem beinn styrkur. Stj. hefir ætlað í fjárlagafrv. næsta árs

í þessu skyni 300 þús. kr. Fjvn. var öll sammála að hækka þessa fjárveitingu upp í 375 þús., og bjóst þó alls ekki við, að sú upphæð myndi nægja. Auk þessa má minnast á styrk til Búnaðarfjelags Íslands og búnaðarfjelaga úti um landið, fjárframlög til sandgræðslu, skógræktar, áveitu, vjelakaupa o. fl. Og síðast en ekki síst má telja, að hinar miklu samgöngubætur, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, hafa sjerstaklega verið gerðar í þágu landbúnaðarins. Til vega og brúa gengur um 1 milj. króna árlega og fer vaxandi ár frá ári. Nú liggja hjer fyrir þinginu frv. um raforkuveitur í sveitum og einkasíma í sveitum, sem ætlast er til að ríkissjóður styrki að ákaflega miklu leyti.

Jeg held því, að ekki sje ofsagt, að við stöndum nú á tímamótum í þessu efni. Því er sjerstök ástæða til að athuga mál það, sem hjer liggur fyrir, gaumgæfilega, áður en því er ráðið til lykta. Við jafnaðarmenn höfum ávalt verið því fylgjandi að styðja og styrkja landbúnaðinn eftir föngum. En við erum ekki vissir um, að sá stuðningur hafi komið að því haldi, er til var ætlast. Mþn. hefir komið auga á eitt atriði, sem bendir til þess. Samgöngubætur og aðrar aðgerðir hins opinbera hafa orðið til að hækka jarðir stórum í verði. En það þýðir auðvitað ekki annað en það, að leiga eftir jarðirnar eða vextir af þeim höfuðstól, sem bundinn er í þeim, hljóta að hækka að sama skapi. En ef svo fer, að hækkað jarðarverð verður jafnan samferða samgöngubótum og auknum möguleikum til hagnýtingar jarðanna, og hækkunin svarar alveg til þess, sem framleiðslumöguleikar hafa aukist, þá er landbúnaðurinn í raun og veru engu bættari. Ágóðinn af aukinni framleiðslu gengur þá allur í hækkaða vaxtagreiðslu og afborgana af höfuðstólnum. Annað er og að athuga, er fjárstraumnum er veitt til landbúnaðarins. Þess þarf að gæta, að útkoman verði ekki hin sama í sveitum og orðið er við sjóinn, að landbúnaðurinn verði ekki rekinn af fáeinum stóreignamönnum, sem hafa yfir eigin fje eða lánsfje að ráða og kaupa vinnukraftinn allan að.

Smábúskapurinn á langtum minna undir erlendum markaði um afkomu sína en stórbúskapur, þar sem framleiðslan nemur miklu meiru en nauðsynjum þeirra, er að henni standa. Og yfirleitt held jeg ekki að það vaki fyrir fjölmennasta flokki þingsins að koma landbúnaðinum inn á þá braut, en eins og nú horfir málum, finst mjer hætta á, að svo geti farið. Reynslan hefir sýnt, að svo hefir ósjaldan farið, að jarðir hafa hækkað í verði miklu meira en sem nemur auknum framleiðslumöguleikum vegna ræktunar, samgöngubóta, fólksfjölgunar eða annara slíkra ástæðna, og það svo mjög, að óbúandi hefir orðið á þeim að lokum. Sú hefir reyndin orðið allvíða hjer austanfjalls, einmitt í þeim hjeruðum, sem fyrst urðu aðnjótandi blessunar samgöngubótanna. Er nú landbúnaðurinn nokkuð betur settur eftir en áður, ef umbæturnar allar koma óðar fram til fulls jafnaðar í hækkuðu jarðarverði? Jeg tel, að hiklaust verði að svara því neitandi.

Einnig má nefna annað dæmi hjer úr nágrenninu. — Stóratvinnurekandi kaupir upp fjölda jarða, heila torfu, rekur stórbúskap með aðkeyptu vinnuafli. Hann hefir mörg hundruð kúa og hálft hundrað, stórt, hjúa. Afurðirnar

allar eru seldar frá búinu; fólkið notar aðeins örlítinn hluta þeirra. Nú held jeg, að engum detti í hug, að bændur geti komið upp stórbúum sem þessum alment, enda myndi jarðnæði skorta, þótt ekki væri annað til fyrirstöðu, ef bændum ætti ekki að fækka stórlega. En með þessu móti er auðsætt, að mönnum, sem yfir fjármagni ráða, er gert kleift að ávaxta fje sitt á þann hátt að nota aðkeyptan vinnukraft í stórum stíl og sölsa undir sig heila hreppa úti um landið. Og til þess eru þeir studdir af hinu opinbera, alveg eins og smábændurnir, með beinum styrkjum, samgöngubótum og hagfeldum lánum. — Þetta finst mjer, að þurfi að athuga, ásamt fleiru, áður en gengið er frá lögunum um landbúnaðarbanka og stórfeldar lánveitingar þar með ákveðnar til landbúnaðarins.

Sú var tíðin, að allmikill hluti af jörðum á landinu var í eign hins opinbera. En sú stefna hefir verið einráð um langt skeið, að sjálfsagt væri að selja þjóðjarðirnar, og hefir sú stefna bygst á þeirri skoðun, sem mþn. í landbúnaðarmálum heldur einnig fram, að jarðir, sem eru í sjálfsábúð, sjeu yfirleitt betur setnar en þær, sem eru í leiguábúð. Þjóðjarðirnar hafa yfirleitt verið seldar fyrir sárlítið verð, og dæmi munu til þess, að þjóðjarðir, sem seldar hafa verið fyrir nokkur þúsund úr eign hins opinbera, hafa verið seldar skömmu síðar fyrir jafn marga tugi þúsunda. Á þennan hátt hefir þjóðin kastað frá sjer geysilegum verðmætum til einstakra manna, til stórtjóns fyrir heildina.

Þjóðjarðasalan er að mínu viti eitthvert hið mesta glapræði, sem þingið hefir framið. Það hefir líka oftlega komið fram, að þinginu hefir fundist sala þessi vandræðalausn. En það hefir ekki treyst sjer til að tryggja svo vel afnotarjett þeirra, sem jarðirnar leigðu, að hann yrði jafn tryggur rjetti þeirra, er eiga þær. Þingið vanrækti eða treystist ekki til að setja viðunandi ábúðarlöggjöf. Hefði það verið gert, var um leið burt numin sú ástæða fyrir þjóðjarðasölunni, að jarðir í sjálfsábúð væru betur setnar; þá var ábúanda þjóðjarða trygð afnot og laun umbóta þeirra, er hann gerði.

Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að stór gloppa er á jarðræktarlögunum, sem annars hafa orðið til mikilla bóta. Jeg drap á það í fyrra, að ákvæði skortir í lögin um það, að ábúendum væri skylt að halda við jarðabótum, sem reiknaðar eru að nokkru sem greiðsla upp í jarðarafgjaldið. Það liggur í hlutarins eðli, að ef ríkissjóður tekur jarðabætur upp í jarðaafgjöld, verður að sjá svo um, að þessar jarðabætur, hvort sem það nú eru girðingar, ræktun eða skurðagerð, gangi ekki úr sjer. Því er nauðsynlegt, að viðhaldsskylda hvíli á leigjanda. Þetta er gloppa á lögunum, sem mþn. hefði átt að athuga.

Yfirleitt finst mjer, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje til talsverðra bóta frá því, sem nú er, þ. e. a. s. ef menn vilja slá því föstu, að einkaeign á jörðum sje frambúðarskipulagið, sem jeg get að vísu ekki fallist á. Í frv. kemur fram viðleitni til þess að gera ríkari rjett þeirra manna, sem yrkja og rækta jörðina, heldur en hinna, sem bara eiga hana. Þessum tilgangi verður ekki öðruvísi náð en með því að takmarka möguleika landeigenda til þess að græða á leiguliðum, og leggja þeim auknar

skyldur á herðar. Til þess að frv. nái tilgangi sínum verður einnig að fyrirbyggja það, að jarðir lendi í braski. Tel jeg vel farið, að n. hefir verið þetta ljóst. Jarðabrask er orðið talsvert nú þegar og til mikils tjóns. Þetta hefir n. einnig verið ljóst. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp ummæli n. um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo á bls. 40—41:

„Það er því miður enn margt manna í þessu landi, sem á jarðir og er að sækjast eftir að eignast þær, en lætur sig litlu eða engu varða afkomu íslensks landbúnaðar eða hvernig með jarðirnar fer, ef þeir aðeins hagnast á jarðapranginu. Slíkum mönnum eiga ekki að haldast uppi slík búnaðarspjöll."

Þetta er alveg rjett. Jarðeignirnar í landinu, sem eru undirstaða atvinnu helmings þjóðarinnar, eiga ekki að verða braskvara, eins og sígarettur og silkisokkar. Er það góðra gjalda vert, að n. hefir sjeð þetta. En því miður finst mjer ósamkvæmni gæta hjá n., þar sem svo er ákveðið í 35. gr., að ef „aðstaða til búskapar á jörðu breytist, án þess að það sje af völdum náttúrunnar eða fyrir tilverknað leiguliða eða landsdrottins", þá „getur hvor aðili fyrir sig krafist endurskoðunar á leigumála jarðarinnar."

Í þessu ákvæði felst, að viðurkent er af flm., að ef t. d. nýr vegur er lagður, þannig að jörð njóti góðs af, eða ef þorp byggist í námunda við hana, að gróði af þessum ástæðum skuli ganga til landeiganda. Mig furðar á því, að n., sem segist vilja fyrirbyggja jarðabrask, skuli á þennan hátt gefa mönnum undir fótinn, með því að gera þeim fært að græða á því að kaupa upp heilar spildur, sem líklegt er að hækki í verði án þeirra eigin tilverknaðar. Að flm. hefir þó verið þetta ljóst, er auðsætt af aths. við 35. gr., á bls. 47 í frv. Þar segir svo: „Þannig getur t. d. aðstaða til búskapar á jörð í grend við kauptún, sem er að stækka, orðið miklum mun betri en ráð var fyrir gert, þegar hún var bygð, og leigumáli jarðarinnar því í ósamræmi við notagildi hennar."

Jeg verð að líta svo á, að landeigendum beri ekki sá verðauki, sem sprottinn er af þessum ástæðum, og furðar á, að n. skyldi láta þennan möguleika opinn. Það hlýtur að örva jarðabraskið.

Þessar hugleiðingar mínar um málið hafa allar verið almenns eðlis, og vil jeg enn bæta því við þær, að enn virðist mjer alt á huldu um það, hver framtíðarúrlausn verði heppilegust á rekstri íslensks landbúnaðar. Þykir mjer og sennilegt, að það fari eftir hjeruðum og landsháttum. Nefndin virðist hallast að þeirri skoðun, að heppilegast sje að sjálfseignarbændur sjeu sem flestir og býlin sem smæst. Jeg tel þó alveg víst, að sumstaðar borgi sig betur að búa stórt, svo að hægt sje að nota hinar fullkomnustu vjelar við búreksturinn, sem einstökum smábændum er ókleift að eignast. Flestum þeirra yrði ofvaxið að stækka svo bú sín, að þau stæðu straum af slíkum kostnaði. Þar verður ekki hjá því sneitt, að fjáraflamenn leggi undir sig margar jarðir, fáir stórbændur komi í stað margra smábænda, sem þá verða búlausir og gerast hjú stórbændanna. Ekki verður komist hjá stórrekstri, ef sýnt er, að hann borgi sig betur en smábúskapur. Og því hljóta jafnvel þeir, sem eru andstæðir því, að ríkið eigi jarðirnar, að vera því fylgjandi, að athugað verði,

hvernig samlögum og samtökum í búskapnum verði best fyrir komið. Þetta verður stj. að athuga vel, ef búnaðarbankinn kemst á stofn. Og ef það sannast, sem jeg tel líklegt, að betur borgi sig víða að reka búskap í stórum stíl en smáum, verður löggjafarvaldið að athuga möguleika til fjelagsbúskapar á þeim stöðum, ef ekki á eins að fara í sveitum og við sjóinn, að stórrekstur einstakra manna, sem kaupa vinnu fjölda eignaleysingja, verði hið ríkjandi fyrirkomulag.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að um svo miklar breyt. væri að ræða á núg. lögum eftir frv., að fullkomin bylting væri á ferðinni í þessu efni. Menn getur nú greint á um, hvaða breyt. skuli teljast bylting, en eins og jeg hefi þegar sagt, tel jeg talsverðar umbætur felast í frv. og álít rjett ábúenda betur tryggðan en áður.

Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) var, að því er mjer skildist — hann leiðrjettir ef jeg fer rangt með —, að bera þessi lög saman við húsaleigulögin, er um skeið giltu hjer í Reykjavík. Hann hjelt því fram, að húsaleigulögin hefðu orðið til að draga úr byggingum og húsnæði, og að þetta frv. væri hliðstætt. Þetta er auðvitað fjarstæða. Ef dæmið væri rjett hjá honum, þá ættu þessi lög að minka jarðnæðið. En jarðnæðið er til í landinu eftir sem áður. Hjer er um það eitt að ræða, hversu skuli tryggja rjett ábúenda til þessa jarðnæðis, og um það efni tel jeg, að frv. sje í meginatriðum til mikilla bóta frá því, sem nú er.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hafði nú ávalt búist við því, að menn myndu koma fram með nokkrar aths. við þetta frv. Menn fella sig jafnan misjafnlega við, að brugðið sje út af gamalli venju, þótt í smærri atriðum sje en hjer er um að ræða. Einn hv. ræðumaður ljet svo ummælt í dag, að n. hefði litið of mjög á málið frá einni hlið. Jeg get að vísu ekki talist óhlutdrægur dómari um þetta, þar sem jeg er annar flm. hjer og hefi tekið þátt í samningu frv. En jeg er ekki viss um, að hv. andmælendur frv. hafi gert sjer ljóst, hve mikið af því, sem áfátt er í búnaði vorum, er að kenna núgildandi búnaðarlöggjöf. Ef þeim hefði verið þetta atriði nægilega ljóst, held jeg, að þeir hefðu ekki gert það svo mjög að umtalsefni. Jeg get raunar viðurkent, að allar þær umr., sem farið hafa fram um þetta frv., og aths., sem einstakir hv. þdm. hafa við það gert, hafa verið prúðmannlegar og hóflegar. Svo á líka að vera í mikilsverðum málum, að rökin ein sjeu látin tala. Í þessum umr. hefir ekki komið fram annað, svo að teljandi sje, en ástæður, eftir því sem menn hafa litið á málið, annaðhvort til andstöðu eða meðmæla. Þetta er vel farið. Jeg er hv. ræðumönnum þakklátur fyrir, að þeir hafa látið málið fá slíka meðferð.

Enginn þurfti að ganga að því gruflandi, að sú gerbreyt. á búnaðarlöggjöfinni, sem mþn. vill koma fram, myndi ýmsum í augum vaxa. Það er skiljanlegt, að mönnum þyki nokkuð stórt spor stigið, þegar í einu vetfangi á að varpa ýmsum þeim skyldum, sem áður hafa hvílt á leiguliða, yfir á landsdrottin. Óánægja með till. n. hefir einkum komið fram hjá hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Barð. Þessir hv. þm. hafa jafnvel látið þau orð falla, að n. hafi

gengið lengra en viðeigandi sje, og að hún hafi gerst djarftækari til eignar- og umráðarjettar en dæmi sjeu til áður í íslenskri löggjöf. (**HK:** Þetta er víst meint til mín). Þetta á nú raunar við bæði hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Barð. Báðir höfðu svipuð ummæli.

Jeg skal ekki fara út í nákvæman samanburð á ákvæðum íslenskrar ábúðarlöggjafar fyr og nú. En á það vil jeg benda, og biðja að því sje veitt athygli, að byltingahugur okkar í landbúnaðarnefndinni er ekki meiri en svo, að við höfum látið okkur nægja að hverfa aftur til þess skipulags, sem gilti hjer á landi alt frá því, er búnaðarlöggjöf var hjer fyrst sett, eða ef til vill öllu heldur frá því fyrsta að jarðir voru bygðar öðrum, og fram til ársins 1884. Þessi er þá byltingahugur mþn., að hún hverfur aftur til þess fyrirkomulags, er ríkti á þeim tímum, þegar mönnum var hugþekkast, að sem allra minst höft væru á frjálsræði einstaklingsins, og þegar eignarrjettarins var gætt miklu betur en nú á sjer stað.

En á þeim tímum, sem jeg nú hefi nefnt, ljetu menn sjer ant um landbúnaðinn og velferð hans umfram aðrar atvinnugreinir. Jeg býst við, að mjer verði svarað því, að löngu áður en núgildandi ábúðarlöggjöf var sett, árið 1884, hafi verið horfið frá hinum fyrri lagafyrirmælum. Þetta er rjett. En með hvaða hætti gerðist það? Hinn 29. nóv. 1622 gaf konungur út tilskipun um það, að skyldan til að halda við húsakynnum yfir fólk og áhöfn á leigujörðum skyldi eftirleiðis hvíla á ábúendunum. Þá átti konungur sjálfur verulegan hluta jarðeigna hjer á landi. Og með tilsk. færði hann af herðum sjer þá skyldu gagnvart viðhaldi og byggingu húsa á jörðunum, sem eigendur höfðu haft öldum saman. Breyt. hinna fornu laga er eiginhagsmunaviðleitni erlends valds, sem Íslendingar eiga fátt gott upp að unna.

Nú skyldi maður ætla, að úr því að hv. þm. telja óviðfeldið að breyta lögunum frá 1884, þá hefðu þeir rök fram að færa fyrir því, að jarðir, sem nú eru í leiguábúð samkv. þeim lögum, sjeu svo vel setnar, að eigi gefi tilefni til breytinga. En jeg verð að mótmæla því harðlega, að svo sje. Ásigkomulag leigujarða, eins og það er nú í landinu, bendir ótvírætt á það, að leiguskilmálarnir, og þá einkum ákvæðin um að leigulíði sjái um húsakynni og viðhald, sjeu þess valdandi, að húsakynni flestra slíkra jarða eru alveg óviðunandi, bæði fyrir menn og skepnur. Sú aðvörun reynslunnar, sem í þessu ástandi felst, sannar öllu öðru fremur hina ríku þörf til breytinga á áðurnefndum ákvæðum núgildandi ábúðarlöggjafar.

Það fór ekki að koma greinilega í ljós fyr en eftir síðustu aldamót, hver munur var á ræktun leigujarða og hinna, sem eru í sjálfsábúð. En það var af því, að alt fram að þeim tíma var skilningur á nauðsyn ræktunarinnar fremur lítill. En síðan menn komu auga á þessa nauðsyn, síðan mönnum varð ljós arðsvonin af aukningu jarðargróðans, síðan menn lærðu að nota vjelar og önnur hraðvirk tæki til búnaðarframkvæmda, hefir það komið í ljós, einnig á þessu sviði, hve leiguskilmálarnir eru óhagkvæmir og hvernig þeir drepa úr ábúendum alla viðleitni til að bæta jarðirnar.

Þetta ástand er mþn. í landbúnaðarmálum fullkomlega ljóst. Byggist þekking hennar eigi síst á þeim skýrslum, sem hún hefir látið safna hvarvetna af landinu. Nákvæm rannsókn og ítarleg íhugun hafa leitt af sjer þær till., sem við hv. 2. þm. Eyf. leyfum okkur nú að bera fram.

Jeg get verið hv. þm. Ísaf. sammála um það, að það sje til lítils að leggja fram frá hinu opinbera of fjár til ræktunar og annara umbóta í sveitunum, ef ekki er um leið sjeð svo um með nýrri löggjöf, að umbæturnar komi að fullum notum. Og það er ekki nóg, að umbæturnar verði að notum. Afrakstur þeirra á að renna til þeirra manna, sem eiga hann best skilið. En það eru tvímælalaust ábúendurnir, sem sjálfir vinna að ræktuninni. Með því að tryggja ábúendunum rjettlátan ávöxt vinnu sinnar er best sjeð fyrir afkomu sveitanna. Með því einu er það trygt, að dugandi menn fáist til að taka sjer þar bólfestu og festa trygð við býli sín.

Jeg kemst ekki hjá því að rekja nokkuð ítarlega andmæli hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Barð. gegn frv.

Um hv. þm. Barð. get jeg sagt það, að hann rakti í ræðu sinni flestar gr. frv., eins og við 2. umr. væri. Mjer þótti vænt um, að hann gerði þetta og skal síður en svo setja út á það. Það er ekki nema gott, að sem flestar aths. komi fram við frv., áður en það fer til n. Að vísu gera þingsköpin ekki ráð fyrir, að einstakar gr. sjeu teknar til meðferðar fyr en við 2. umr. En hæstv. forseti er jafnan frjálslyndur í þessu efni, og tel jeg það vel farið, þegar um svo mikilsvert mál er að ræða sem þetta frv.

Jeg skal þá fyrst vikja að aths. hv. 1. þm. S.-M. Hann sagði, að stefna n. væri bersýnilega sú, að tryggja og auka sjálfsábúð í landinu. Hv. þm. hefir rjett fyrir sjer. Þetta er stefna n.

Jeg var á sínum tíma andvígur sölu þjóðjarða. Allir vita, hvað gerðist, þegar þær jarðir voru seldar. Jarðirnar voru yfirleitt seldar mjög vægu verði og með ágætum borgunarskilmálum, þar á meðal ýmsar ágætustu jarðir á landinu. En löggjöfin lagði engar hömlur á meðferð þeirra, þrátt fyrir hin góðu kjör, er kaupendunum voru veitt. Sú hefir orðið raunin, að þessar jarðir hafa hvergi nærri komið sveitunum að þeim notum sem þær myndu hafa gert, ef hömlur um meðferð jarðanna í framtíðinni hefðu verið settar. En þegar nú svo er komið, að búið er að selja meginhluta þjóð- og kirkjujarðanna, þ. á. m. flestar þær bestu, sje jeg ekki ástæðu til að halda í þá skækla, sem eftir eru. Tel jeg rjett, að ábúendur fái þá til eignar, ef þeir óska eftir og hafa mátt til. Á þann hátt mun best sjeð fyrir ræktun þessara jarða og afkomu mannanna, sem á þeim búa.

N. er það ljóst, að ákvæði frv. um, að jarðeigendum beri að leggja til hús muni baka þeim allmikinn kostnað fyrst í stað. Þó sýnist henni með sanngirni mega ætlast til þess af jarðeigendum, að þeir sætti sig við þessa breyt. Hví skyldu þeir eigi geta látið sjer lynda að inna af höndum þær skyldur, sem landeigendur urðu að inna af hendi um aldaraðir? Það skal að vísu viðurkent, að húsakostnaður er meiri nú en hann var í fyrri daga. En jeg álít samt, að mönnum, sem á annað borð eru þess megnugir að eiga

jörð, sje það enganveginn ókleift að sjá svo um, að búskapur á henni geti verið í lagi. Sje ástæða hv. 1. þm. S.-M. sú, að hann vilji hlífa eigendum við að húsa jarðirnar, þó að þeir geti, þá get jeg ekki fallist á hana með neinu móti. Og jeg skal lýsa yfir því hispurslaust, að jeg tel þjóðfjelaginu engan skaða í því, að jarðir hverfi úr eigu slíkra manna til annara, sem meiri hug hafa á því að uppfylla skyldur sínar í þessum efnum. Hvaða ástæða er eiginlega til þess að láta allar skyldur gagnvart jörðinni sjálfri hvíla á ábúanda, en ekki á eiganda? Hvers vegna á að hlífa eiganda við þessum skyldum? Mjer virðist það bæði óhyggilegt og órjettlátt. Jeg skil heldur ekki í öðru en að mönnum, sem eiga jarðir og ætla annaðhvort að taka þær sjálfir til ábúðar síðar meir eða geyma þær börnum sínum, muni vera ljúft að verða við þeim skyldum, sem n. vill leggja þeim á herðar. Jeg hygg, að þeir muni ekki láta sjer kostnaðinn í augum vaxa.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að ríkinu væri fullkomin nauðsyn á að losna við jarðir sínar, ef það ætti að byggja upp á þeim. Jeg býst við, að þetta sje ekki að öllu mælt að ástæðulausu. Endurbygging á opinberum jörðum myndi auðvitað verða ríkinu eigi lítill útgjaldaauki. En eigi að síður er þessi ráðstöfun alveg nauðsynleg. Hv. þm. sagði líka, að húsakynni á jörðum væru víða svo ill, að lítt væri búandi á þeim. En er það ekki einmitt núgildandi ábúðarlöggjöf, sem hefir skapað þetta ástand? Á leigujörðunum er ásigkomulagið langverst. Og því ásigkomulagi lýsti hv. þm. svo hörmulega sem hann gerði. (SvÓ: Jeg hefi enga lýsingu gefið). Jú, það gerði hv. þm. Frá því getur hann eigi flúið, þó að það kynni að vera æskilegt fyrir málstað hans. Lýsinguna gaf hann, svo að öll hv. d. heyrði. Og sú lýsing var sönn.

Þessu verður eigi kipt í lag, fyr en jarðeigendum er gert að skyldu að byggja upp jarðirnar, og einnig að annast viðhald húsanna, þó jeg hinsvegar viðurkenni, að ef til vill sje ekki jafnbrýn nauðsyn á þessu hvorutveggja. En undanfarin reynsla skýrir oss þó frá því, að jafnskjótt sem viðhaldsskyldan var flutt yfir á leiguliðana, tóku byggingarnar að hrörna.

Mjer mun verða svarað því, að húsakynni á sveitabæjum hafi batnað á síðustu árum. Það má vera, en þó eru þau víðast óviðunandi á leigujörðum. Og talsvert álitamál er, hvort allar nýbyggingar eru betri en þær gömlu. Húsin eru ef til vill eitthvað rúmbetri og loftskárri en áður, en þau eru líka víða kaldari. Það er því vafamál, að hjer sje um verulega framför að ræða.

Köldu og óvistlegu sveitabæirnir hafa ef til vill skapað þjóðfjelaginu meira tjón og meiri erfiðleika en nokkurn grunar. Það er enginn vafi á því, að þeir hafa átt sinn þátt í að spilla heilsufari þjóðarinnar. Hvers vegna eru hin stóru, dýru berklahæli ríkisins yfirfull af sjúklingum? Jeg svara óhikað: Berklaveikin í landinu á að verulegu leyti rót sína að rekja til illra húsakynna. Og húsakynnin í sveitunum eru verri en í kaupstöðunum. Jeg segi það ekki vegna þess, að jeg telji vanþörf á alvarlegum tilraunum til að ráða bót á byggingamálum kaupstaðanna, en jeg get um það að-

eins sem staðreynd, að svo vond sem húsakynni kunna að vera í kaupstöðunum, þá eru þau þó miklu verri í sveitunum, og þá einkum á þeim jörðum, sem ekki eru í sjálfsábúð.

En sje nú svo, að Alþ. láti sig litlu varða um aðbúnað þeirra manna, sem enn eru heilir heilsu, þá skil jeg tæplega, hvað vakir fyrir þeim mönnum, sem greiða atkv. með byggingu nýrra sjúkrahúsa. Það er gott að sjá svo um, að fólki, sem þjáist af sjúkdómum, líði þolanlega, en um hitt er þó meira vert, að koma í veg fyrir, að það missi heilsuna. „Á skal að ósi stemma". Það sýnist nokkuð öfugt að farið, að hirða lítið um húsakynnin, sem þjóðin elst upp í og dvelur í mestan sinn aldur, en byggja síðan sjúkrahús fyrir of fjár yfir þá, sem mist hafa heilsuna vegna ófullkominna húsakynna heima fyrir. Sú úrkynjun, það menningarleysi og þroskaleysi, sem leiðir af slíku fyrirhyggjuleysi, veldur meira þjóðartjóni en tölum verði talið.

Af því að hv. 1. þm. S.-M. tók stórt til orða, vil jeg minna hann á ummæli, sem Jón Hjaltalín ljet falla á Alþ. 1865, þegar landbúnaðarmálið var til umr. Hann sagði, að húsakynnin hjer á landi væru svo aumleg, að fólk hefði ekki meira en þriðja hluta þess húsrúms, sem minst mætti vera fyrir óbótamenn í öðrum löndum. Og hann bætti því við, að margur maður hjer á landi mundi hrósa happi yfir því að hafa til umráða svo sem svaraði helmingi þess húsrúms, sem föngum væri minst ætlað erlendis.

Jeg get búist við, að mjer verði svarað því, að þessi orð eigi nú ekki lengur við. Og jeg get viðurkent það, að húsakynnin hafi tekið framförum að sumu leyti. Þau eru loftbetri og rýmri en áður. En þau eru líka kaldari og rakasamari en þá. Að öllu samanlögðu er jeg ekki viss um, að sveitabæirnir íslensku hafi breytst neitt til batnaðar, þegar á alt er litið, síðan árið 1865, þegar Jón Hjaltalín, sá merki maður, setti þau skör lægra en vistarverur óbótamanna í öðrum löndum.

Fundartíminn er nú liðinn. Jeg hefi aðeins lokið nokkrum hluta þess, sem jeg vildi sagt hafa í þessari ræðu. Verð jeg þó að láta hjer staðar numið að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 16. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þegar þetta mál var hjer til umræðu síðast, var jeg að svara hv. 1. þm. S.-M., sem fyrstur hóf andmæli gegn þessu frv. Hann er nú ekki viðstaddur, en jeg býst við, að það komi ekki að sök, því jeg hafði að mestu lokið svari mínu til hans. Jeg var að andmæla skoðunum hans um það, að leiglendingar ættu að leggja til hús á jörðunum og annast viðhald þeirra, og til þess að sneiða hjá endurtekningum, skal jeg vikja að hv. þm. Barð., sem mælti líka á móti þessu atriði. En þó var sá munur á skoðunum þessara hv. þm., að hv. þm. Barð. viðurkendi, að rjett væri að skylda landsdrottinn til að byggja íbúðarhús fyrir fólkið á leigujörðum sínum, en andmælti því, að honum bæri að leggja til hús fyrir áhöfn jarðanna; ennfremur mótmælti hann því, að jarðeiganda bæri skylda til að viðhalda húsunum. Hv. 1. þm. S.-M. var þessu öllu andvígur, og hafði hvorug-

ur þeirra við mikil rök að styðjast.

Eins og jeg gat um áður, hvíldi sú skylda á landsdrotni frá fornu fari og fram til 1883 að leggja til öll hús á leigujarðir sínar, bæði yfir fólk og fjenað. Viðhaldsskylda á húsum hvíldi og á landsdrotni og einnig brunatrygging. (HK: Var þá brunabótatrygging?). Já, þá höfðu menn húsin trygð fyrir eldsvoða. Það liggur í hlutarins eðli, að þetta hlaut að vera báðum aðilum fyrir bestu.

Hv. þm. Barð. ætlast til, að landsdrottinn leggi til íbúðarhús handa fólkinu, en leiglendingur annist viðhald þeirra og leggi til hús fyrir áhöfnina.

Ef leiguliði á að byggja yfir fjenaðinn, þá má búast við, að hann geri það með sem minstum kostnaði að unt er, og að þau hús verði fremur ófullkomin, vegna þess að hann hefir enga tryggingu fyrir því, að fá nokkurn eyri fyrir þessi verk sín, þegar hann fer frá jörðunni, nema það, sem hann gæti haft upp úr húsunum með því að rífa þau. Þannig er þessu háttað nú. Ef leiguliði fer frá ábýlisjörð sinni, er hann skyldur til að bjóða fyrst jarðeigandanum húsin til kaups, en að honum frá gengnum, þá viðtakanda jarðarinnar. En þessir aðilar eru ekki skyldugir til að veita honum ákveðin svör fyrri en í fardögum. Leiguliði getur enga ákvörðun gert fyr, viðvíkjandi húsunum. Geti hann þá eigi selt þau, verður hann að hafa rofið þau fyrir Jónsmessu, og alt flutt af staðnum eftir kröfu viðtakanda, til þess að hann geti bygt aftur á sama stað, ef honum sýnist svo.

Rjettur leiguliða er svo aumlega trygður í núgildandi lögum, að hann getur eigi búist við að fá nema ⅓ af verði húseigna sinna, og oft verður honum sama sem ekkert úr þeim. Það hefir reynslan sýnt og sannað.

Jeg fjölyrði ekki mikið um það, að skifta viðhaldsskyldunni á milli landsdrottins og leiguliða, en álít það mjög óheppilegt. Ef leiguliði á að annast viðhaldið á húsunum, þá gerir hann það vitanlega á þann hátt, að leggja sem allra minst í kostnað. (HK: Ætli eigandinn geri það ekki líka á þann hátt?). Nei, hann gerir það ekki, ef hann á að byggja þau upp aftur. Reynslan sýnir, að húsakostur hefir alment verið miklu betri á jörðum í fyrri daga. Um síðastliðin aldamót (1900) vissu menn glögg deili á 500 ára gömlum húsum; og gerð þessara húsa var miklu betri og rambyggilegri en á þeim húsum, sem yngri eru, að frátöldum nýjustu húsum, sem reist eru úr vönduðu efni, eftir fullkomnum nútímakröfum. Það var ekki ótítt fyr á tímum, að menn þöktu bæjarhús sín með uxahúðum, líka á leigujörðum, af því að landsdrottinn sá um þau og annaðist þau að öllu leyti.

Jeg geri ráð fyrir, að þó nú væri farið að byggja vandaðri hús á jörðum og viðhaldsskyldan hvíldi á herðum leiguliða, þá mundi fljótt sækja í sama horfið. Húsin gengju úr sjer; svo væri ákveðið eitthvert ofanálag af handahófi, meira og minna ósanngjarnt, eins og þekst hefir. Alt sæti í sama farí. Húsið eyðist ekki á fáum árum að vísu, en það fyrnist. Það er því afaróeðlilegt að leggja slíkar byrðar á leiguliða.

Ef við gerum ráð fyrir, að hús á einhverri jörð endist, þar sem þau eru allvel gerð, í 40—50 ár, og að á því

tímabili verði oft ábúendaskifti þar, þá þarf fyrsti ábúandi, þó hann búi í nokkur ár, ef til vill næstum því engu álagi að svara. Annar ábúandi, sem hefir t. d. 10 ára byggingu, verður að svara nokkru meira álagi. Þriðji ábúandi, sem hefði jörðina álíka langan tíma, yrði vafalaust að greiða enn hærra álag. En fjórði maðurinn, sem fengi jörðina bygða til 10 eða 15 ára, mætti búast við að þurfa að byggja húsin upp af nýju. Álagið hrekkur þá ekki langt upp í þann byggingarkostnað, og hljóta því allir að sjá, hversu ranglátt það er, að gera slíkar kröfur til fátækra leiguliða. Enda sýnir reynslan það best, að þeir hafa ekki getað undir þeim risið. Ábúendurnir sleppa líka misvel við þessar kvaðir. Sá, er tekur við vel hýstri jörð, með nýjum byggingum, hann þarf sama sem engu álagi að svara, þó hann búi þar í nokkur ár; þeir ,sem síðar koma, nokkru meira, en mestu tjóni verður sá fyrir, sem verður að byggja upp.

En húsin fyrnast smátt og smátt, og eins fyrstu árin eins og þau síðustu, þó þess gæti ekki eins. Það er því bæði órjettmætt og óhyggilegt að leggja viðhaldsskylduna á leiguliða.

Vel getur farið svo, að þó jarðareigandi hafi upphaflega lagt til góð hús, þá fari það svo, þegar þarf að endurbyggja þau, að þá búi fátækur maður á jörðinni, sem ekki getur bygt upp á henni. Því allir vita, að álag það, sem gert er á jarðarhús, hrekkur skamt til að byggja upp aftur.

Jeg held því, að best sje fyrir þessu sjeð með því móti, að jarðeigandi leggi til öll hús og annist viðhald þeirra. Að sjálfsögðu þarf ábúandinn að gera að húsunum, en þegar þarf að endurnýja þau eða bæta við húsum, er sjálfsagt, að landeigandinn geri það. Læt jeg svo útrætt um þetta atriði.

Hv. 1. þm. S.-M. virtist ekki vilja fallast á lífstíðarábúð og taldi þau ákvæði frv., er þar að lúta, mjög óskýr. Sjerstaklega fanst honum það viðsjárvert, að ekkjur fengju að halda rjettinum til ábúðar á jörð óskertum, þó að þær giftust, því að þetta gæti leitt til eilífðarábúðar. Jeg skil nú satt að segja ekkert í því, að hv. 1. þm. S.-M. skuli segja þetta, því að samkv. 9. gr. frv. flytst ábúðarrjetturinn frá manni til konu við lát hans, en endist ekki lengur en á meðan konan er á lífi. Þó því aðeins, að hún hafi aðskilinn fjárhag í síðara hjónabandi. Nú er mannsaldurinn í hæsta lagi 100 ár, og má gera ráð fyrir því, að konur sjeu í kringum tvítugt, þegar þær giftast, svo að hjer getur mest verið um að ræða 80 ár, en varla nema þetta 40—60 alment. (**MJ:** En ef maðurinn byggi 100 ár, áður en hann giftist?). Það kom sjer illa, að fá þetta innskot. Væri gaman að fá það rökstutt, að þetta eigi sjer stað, og væntanlega gerir hv. 1. þm. Reykv. það, en jeg þekki þessa engin dæmi. En látum svo vera, að þetta væri satt. Hjer væri samt um lítinn tíma að ræða, í samanburði við eilífðina.

Jeg held, að jeg geti látið þessar aths. nægja við ræðu hv. 1. þm. S.-M. Hann var annars að tala um það, að betra væri að samþ. þessi l. ekki nú, vegna þeirra djúpu áhrifa, sem þau mundu hafa á sveitirnar. Jeg held, að ef til vill væri rjettara að snúa þessu við, að það eigi einmitt að samþ. þessi

l. nú, vegna þeirra djúpu áhrifa, sem þau koma til með að hafa á sveitirnar.

Þá kem jeg að hv. þm. Barð., og skal jeg reyna að vera stuttorður, þó að hann hjeldi nú 1½ tíma ræðu og kæmi því víða við. Hann sagði, að við flm. þessa frv. hefðum litið á þetta mál frá einni hlið. Um það skal jeg ekki deila. Það eru sjálfsagt skiftar skoðanir um þessa lagasmíð okkar. En jeg held, að engin till., sem máli skiftir, sje gerð án ítarlegrar íhugunar, auk þess sem við að sjálfsögðu studdumst við allar þær upplýsingar og fræðslu, sem hægt var að fá í þessu efni.

Hv. þm. Barð. taldi, að viðhaldsskyldan ,sem við viljum láta hvíla á jarðeiganda, væri nýmæli. En það er fjarri því, að svo sje. Þetta er eldgamalt, en konungur varð fyrstur til að brjóta þessi fyrirmæli og koma þessu af sjer yfir á aðra, og svo fetuðu allir aðrir smátt og smátt að sjálfsögðu í fótspor hans. Hv. þm. fann að því, að ef jarðeigandi ætti að leggja til húsin og annast viðhald þeirra, væru of þröng takmörk sett fyrir því, hversu mikið hann megi hækka jarðarafgjaldið fyrir að hafa bætt húsin eða stækkað. Við stingum upp á því, að ábúandi greiði 5% af kostnaðarverði húsanna. Má vel vera, að þetta sje of lágt, ef jarðeigandi t. d. þarf að taka lán í þessu skyni, en við það verða þeir að búa, sem byggja fyrir eigið fje. Og við viljum ekki gera upp á milli þess, sem býr á eigin jörð sinni, og hins, sem leigir jörð sína öðrum, heldur leggja sömu skyldur hvorumtveggja á herðar. En það er ekki svo mikið atriði út af fyrir sig, hvort þetta eru 5% eða lítið eitt meira, heldur hitt, að jarðirnar sjeu vel hýstar og afgjaldið eftir húsin hæfilegt. Ef menn fá lán úr Byggingar- og landnámssjóði, er 5% fullhátt gjald, en annars mætti koma þessu svo fyrir, að gjaldið væri miðað að nokkru við það, hve dýr lán jarðeigandi þyrfti að taka.

Jeg get ekki skilið það, að hv. þm. Barð. geti haft nokkuð á móti þeim ákvæðum, sem í frv. eru gegn því, að óhæfilega sje farið með jarðir, og reynt sje að fyrirbyggja jarðabrask. En það gladdi mig, að hann er með lífstíðarábúð, og meira að segja sammála mjer um það, að erfðaábúð sje æskilegust.

Hv. þm. Barð. færði það til, frv. þessu til foráttu, að það, hvort kúgildi fylgdu jörð eða ekki, væri samningamál milli leiguliða og jarðeiganda, sem þingið hefði engan rjett til að hlutast til um. Ennfremur talaði hann um það gjald, sem frv. gerir ráð fyrir, að greitt sje eftir kúgildi, of lágt. Jeg get ekki fallist á þetta, og skal færa skoðun minni nokkur rök. Tek jeg þá fyrst síðara atriðið.

Frv. gerir ráð fyrir, að ábúandi greiði 6% í leigu eftir kúgildin, miðað við verðlagsskrá í því hjeraði, sem jörðin er. Þetta er töluvert lægra gjald en tíðkast hefir, en menn verða að hafa það í huga, að leiguliði ber ábyrgð á kúgildunum og annast um fyrningu þeirra.

Upphaflega, þegar kúgildi voru sett, var gert ráð fyrir, að leiguliði greiddi 10%, eða eins og þá var talið, 2 fjórðunga smjörs, sem jafngiltu 12 álnum vaðmála. En þó að þetta hafi verið sanngjarnt á þeim tíma, er ekki þar með sagt, að það sje það nú. Þetta verðlag er breytingum háð, sem ann-

að, Svo að menn geti sannfærst um það, skal jeg rekja nokkra drætti kúgildareikningsins, þó að mjer, því miður, gefist ekki tími til þess að gera það eins nákvæmlega og jeg æskti.

Kúgildin fylgdu ekki strax í upphafi þeim jörðum, sem seldar voru á leigu, heldur eru þau þannig til komin, að menn gáfu kirkjunni jarðir sínar og lausafje, til þess að komast hjá tíund, sem kirkjan þurfti ekki að greiða. Á þennan hátt sluppu menn við að greiða tíund af eignum sínum, en höfðu þeirra þó full not eftir sem áður. En þegar kirkjan, með þessum gjöfum, var búin að komast yfir fleiri jarðir en hún sjálf þurfti á að halda og taka þær af bændum, fór hún að leigja út jarðir sínar og ljet kúgildin fylgja þeim. Hún gerði leiguliðum sínum það meira að segja að skyldu, að taka við kúgildunum. Stóreignamennirnir fetuðu svo í fótspor kirkjunnar og fóru að láta fjenað fylgja þeim jörðum, sem þeir seldu á leigu. Með þessu móti fengu þeir nefnilega hærri vexti af eignum sínum en ella. Jeg get getið þess, að upphaflega fjekk jarðeigandi 10% í afgjald af leigujörð sinni og 10% eftir kúgildið. Eru það ekki smáræðis vextir. En fátækum leiguliðum þótti í fyrstu gott að fá fjenað með jörðunum, til þess að hafa einhvern bústofn, þó að þeir yrðu að sæta þessum þungu kjörum. Þess ber þó að gæta, að landeigandi bar þá sjálfur ábyrgð á kúgildunum og annaðist fyrningu þeirra. Viðhaldsskyldan hvíldi þá ekki á leiguliðanum, eins og nú er. En þetta hefir breytst með tímanum. Nú er betra fyrir leiguliða að taka sjálfur lán og kaupa sjer búpening fyrir en að hafa kúgildin, vegna þess hve hátt eftirgjald er eftir þau, því að það nemur nú 16—20%. Upphaflega var kúgildið miðað við 2 lögaura, en lögeyrir jafngilti 6 álnum vaðmála, svo að eftirgjald kúgildis hefir með öðrum orðum verið 12 álnir vaðmála. Nú var kýr metin til 90—96 álna. Þess eru að vísu dæmi, að kýr hafi verið metin á 72 álnir, en þetta breyttist fljótt, og snemmbær, heilspena kýr var snemma metin á 120 álnir. Eftirgjaldið eftir kúgildið var 12 álnir vaðmála, eða 10%. Tveir fjórðungar smjörs jafngiltu 12 álnum, og er smjörgjaldið svo til komið. Verðlag á smjöri hefir breytst mjög mikið, svo að síðar námu 2 fjórðungar smjörs miklu meira en 12 álnum vaðmála, eða sem sje 20 álnum vaðmála. Hv. þm. Barð. ætti því að sjá, að það er meira en vafasamt, að rökstyðja mál sitt með því, að það, sem einu sinni var rjett, sje rjett nú.

Jeg skal nefna annað dæmi. Á 9., 10. og fram á 11. öld jafngilti eyrir silfurs 8 sex-álna aurum, en á ofanverðri 11. öld og 12. öld nam silfureyririnn ekki nema 7½ sex-álna aurum. Og á 13.—14. öld var eyrir silfurs kominn ofan í 6 sex-álna aura. Menn ættu að geta sjeð af þessu, að þó að sanngjarnt hafi verið að miða viðskifti með ýmsa hluti við verðlag silfurs eins og það var upphaflega, þá er ekki víst, að sami mælikvarði eigi við, þegar verðgildið hafði breytst svo stórkostlega sem raun varð á. Það er því eins og hver önnur fjarstæða, sem varla er svara verð, þegar hv. þm. Barð. rökstyður það, að afgjald af kúgildi sje of lágt eftir frv., með því, að afgjaldið hafi verið sanngjarnt áður fyrr, er það var hærra, og sje það því líka nú.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, sem hv. þm. Barð. lagði mikla áherslu á, að ekki væri rjett að ákveða með lögum, hve hátt afgjald eftir kúgildi mætti vera, með því að löggjafarvaldið ætti ekki að ganga inn á rjett manna til að gera einkasamninga. Jeg þykist vita, að hv. þm. Barð. sje kunnugt um hinar fornu kvaðir, sem þjökuðu bændur um margar aldir, eða frá því um 1500 og langt fram á 18. öld. Þegar farið var að tala um að afnema þessar kvaðir, á þingunum eftir 1845, vegna þess, hve óbærilegar þær væru fyrir landbúnaðinn, risu upp menn, eins og hv. þm. Barð. gerir nú, og sögðu, að hjer væri um einkasamninga að ræða, sem löggjafarvaldinu kæmu ekkert við. Sumir hjeldu því jafnvel fram, að stólsjarðirnar, sem byrjað var að selja 1786, hefðu verið seldar með þessum kvöðum, sem því ættu að ganga frá kyni til kyns. Eins og sjálfsagt var, þá fór Alþingi ekki eftir þessum röddum, og kvaðirnar voru afnumdar.

Þess gerist varla þörf að lýsa þessum kvöðum, því að þær munu öllum í fersku minni. Mönnum var gert að skyldu að inna af höndum dagsverk og lána hest í þágu embættismanna konungs eða kirkjunnar. Fátækur leiguliði varð að vinna þetta 1—2 dagsverk um hásláttinn, ef þessir lánardrotnar hans kölluðu. Þó gat hann leyst sig undan að vinna, með því að greiða 20 álnir fyrir dagsverkið, en það var tvöfalt kaup, því að dagsverkið var metið á 5 fiska, en 5 fiskar gerðu 10 álnir. Hest voru leiguliðar skyldir að lána í 10—12 daga. Þetta var borgað með 2 fiskum, en sumarleigan fyrir hest, frá fardögum og þangað til seint í október, var 20—24 fiskar. Það þarf ekki að taka það fram, hverjar afleiðingar það hafði, að einyrki þurfti að fara frá slætti vegna þess að hann gat ekki borgað þessar kvaðir eða leyst sig undan þeim. Og þó vildu sumir ekki ljetta þessum kvöðum af, og sögðu sem svo, að þessar nytjar væru seldar með jörðunum, og ættu því að fylgja þeim eins og skuggi, um aldur og æfi. (HK: Þetta er ekki sambærilegt). Jú. Þessir menn sögðu það sama og hv. þm. Barð., að löggjafarvaldið mætti ekki ganga inn á rjett manna til að gera einkasamninga. En löggjafarvaldið á ekki að taka tillit til annars en alþjóðarheillar. Jeg skaut því inn í, þegar hv. þm. Barð. var að tala um, að með þessu væri landeigendum gert ómögulegt að hafa kúgildi, að þeir gætu selt þau. Það er undantekning með kirkjukúgildin, en jarðeigandi þarf auk þess ekki að byggja jörð sína öðrum en þeim, sem vilja taka við kúgildunum. Og það hefir hingað til verið talið sæmilegt að fá 6% vexti af eignum sínum, þegar þar við bætist svo það, að fyrningar- og viðhaldsskyldan hvílir á leiguliðanum.

Jeg á enn eftir að minnast á mörg atriði, en þar sem klukkan er orðin fjögur, og jeg býst við, að hæstv. forseti vilji fara að fresta fundi, ætla jeg að geyma mjer það, þar til síðar.

(Fundarhlje til kl. 5).

Þá var hv. þm. Barð. óánægður yfir því ákvæði 36. gr., að meta megi hæfilegan leigumála jarða af gerðardómi. Taldi hann, að þetta hefði hingað til verið látið afskiftalaust, og væri því brotið í bága við eldri venju. Það er að vísu rjett, að þetta hefir verið látið afskiftalaust nú um hríð. En í eldri

lögum voru til ákvæði um þetta, sem nú er að vísu spurning, hvaða gildi höfðu. En það eitt er víst, að afgjöld jarða máttu aldrei fara yfir lögleigu, eða 10%. Svo breyttist þetta, og afgjöldin minkuðu. Eru þau nú yfirleitt miklu lægri en hámark gömlu lögleigunnar var. Enda mundu jarðir ekki byggjast fyrir svo háa leigu.

Hv. þm. drap nú á margt fleira, sem ekki skiftir miklu máli að svara á þessu stigi málsins. Skal jeg þó víkja enn að fáeinum atriðum.

Hv. þm. þótti óþarfi að þinglýsa byggingarbrjefum, og spurði að því, hver greiða ætti kostnað af því. Jeg er nú sammála um, að þetta skifti ekki svo mjög miklu máli. En n. taldi þó þessi brjef svo mikils virði, að rjett væri að þinglýsa þeim. Hv. þm. sagði, að með þessu væru eldri brjef gerð ógild. Jeg veit nú varla, hvað hann meinti með þessu. En það er að minsta kosti alger misskilningur. Það er tekið skýrt fram í 53. gr. frv. Þar er ákveðið, að eldri brjef gildi það sem eftir er byggingartímans. Það er aðeins ákvæðið um það, að ákvæðum laganna hvað hús og jarðabætur snertir sje búið að koma í lag eftir 5 ár eftir að lögin ganga í gildi. Að öðru leyti halda byggingarbrjefin gildi sínu þar til leigutíminn er á enda.

Þá spurði hv. þm., hvað úttekt á jörðum ætti að þýða, þegar sami leiguliði hjeldi áfram búskap á jörðinni, og hver ætti að greiða fyrir þá úttekt. Um þetta er það að segja, að úttekt sú, sem fram fer þegar lögin ganga í gildi, er nauðsynleg til að fá grundvöll undir breyt. þá á eignarráðum mannvirkja á jörðinni, sem leiðir af lögunum. Er þá og sagt fyrir um, hver þá úttekt greiði, er leiguliðaskifti verða á jörð. En það skal játað, að ekki er tekið fram, hverjum beri að greiða, og á hvern hátt, úttekt þá, sem gera á á 5 ára fresti. En samkv. l. frá 1917 um laun hreppstjóra, á hver aðili að greiða helming úttektarkostnaðar. Býst jeg ekki við, að frekari ákvæði þurfi um það. Mætti máske setja ákvæði um það í frv. Ætti þetta ekki að þurfa að verða að neinu ágreiningsefni.

Þá fann hv. þm. það að frv., að jarðeigandi skuli vera skyldur til að kaupa hús, ef þau hafa verið aukin. Taldi hann, að svo gæti farið síðar, að ekki væri þörf fyrir þau. En frá þessu er tryggilega gengið í frv. Samkv. því fást hús eigi endurgreidd, nema þörf sje fyrir þau. Ef því of mikið er bygt, eða illa bygt, þá ber jarðareigandanda engin skylda til að kaupa þau. Þá talaði hv. þm. um ákvæði frv. um hlunnindi jarða, og taldi spurningu, hvort það gengi ekki of langt í því að ákveða það, að hlunnindi skyldu fylgja jörðum. Jeg held nú, að þessu sje í hóf stilt í frv. Best er óneitanlega, að hver jörð njóti þeirra gæða, er henni fylgja. Jeg get þó sagt, að það er einna síst ástæða til þess að viðarreki skuli fylgja jörð. Sem hlunnindi er hann nokkuð sjerstaks eðlis. En fiskveiði í ám og vötnum, fuglatekja, dúnn og selalátur, á að fylgja hverri jörð, sem að fornu hefir verið. (HK: Er það kannske ekki alstaðar?). Nei, það hefir mjög víða verið gert, að taka hlunnindi undan jörðum.

Þá talaði hv. þm. um eindaga jarðarafgjalda. Mþn. þótti rjett að setja einn lögfestan gjalddaga. En þetta er

þó ekkert aðalatriði. Sama má segja um skyldu leiglendings til að færa jarðargjöld til landsdrottins eða umboðsmanns hans, eftir því hvað langt í burtu hann er búsettur.

Þá drap hv. þm. á ákvæði 44. gr. og þótti hart, ef leiguliði misti ábúðarrjett sinn, ef hann hefði neitað að kaupa jörðina eftir ákvæðum þeirrar gr. Þetta ákvæði er bein afleiðing þess, að gert er að skyldu í frv., að jarðir sjeu bygðar til lífstíðar. En nú getur hagur eiganda staðið svo, að hann þurfi að selja jörðina. En það mun reynast erfitt, þegar hún er föst í lífstíðarábúð. Þetta er því gert til þess að tryggja það, að eigandi geti selt, ef hann þarf þess með og vill. En jafnframt er leiguliða trygður rjettur til að kaupa, þegar svo stendur á, fyrir matsverð. Nú má gera ráð fyrir því, að fasteignamat komist bráðlega nálægt sanngjörnu söluverði. Er þá kosti hvorugs aðilja þröngvað með þessum skilyrðum.

Þá taldi hv. þm., að vafasamt væri, hvort mat það á vinnugetu leiguliða til endurbyggingar húsa, sem frv. gerir ráð fyrir, muni verða rjettlátt. Jeg hygg, að ekki sje hægt að komast nær hinu sanna í þessu efni heldur en það, sem nákunnugir úttektarmenn meta. Þeir vita, hve mikla vinnu leiguliði getur af hendi látið samkv. frv., og meira er ekki hægt að heimta.

Um jarðabætur á leigujörðum skal jeg ekki fjölyrða. Jeg álít, að ákvæðum þeim, sem lúta að þeim, sje mjög í hóf stilt. Telur n., að þar sje ekki þrengt að kosti jarðeiganda fram yfir það, sem rjettlátt er.

Þá spurði hv. þm. að því, hvort samningar gætu átt sjer stað milli jarðeiganda og leiguliða um þau atriði, sem úttektarmenn eiga að meta, líkt og áður hefði tíðkast. Því er nú fyrst til að svara, að núgildandi löggjöf gerir alls ekki ráð fyrir slíkum samningum. Í þeim lögum er aðeins gert ráð fyrir því, að jarðir sjeu teknar út af úttektarmönnum. Og frv. fer sömu leið í þessu efni, og svo á það líka að vera í löggjöfinni. Úttekt er líka nauðsynleg. Það er fleira en jörð og hús, sem þarf að meta og greiða bætur fyrir, ef ekki er haldið við. Svo getur það verið um girðingar og ýms önnur mannvirki, sem ábúanda ber að annast viðhald á og svara álagi á. Svo er því og einnig varið um úttekt þá, sem rætt er um í 52. gr., og það álag, sem talað er um þar, að þurfi að meta, vegna þess að jarðeigandi á og að vera orðinn eigandi allra jarðarhúsa eftir 5 ár.

Þá er það ákveðið í 54. gr. frv., að leiguliði geti vikið af jörð fyrirvaralaust, og án skaðabótagreiðslu til eiganda, ef jarðareigandi hefir ekki fylt þær skyldur sínar, sem um getur í þeirri grein um byggingu húsa á jörðinni. Þessi rjettur er gefinn leiguliða í þessu sjerstaka tilfelli, sem annars er skyldur samkv. frv. að greiða heils árs eftirgjald, ef hann fer frá jörð fyrirvaralaust á annan hátt. Vona jeg, að hv. þm. skilji þetta.

Þá tók hv. þm. undir þá ósk með hv. 1. þm. S.-M., að frv. þetta verði ekki afgr. á þessu þingi. Ábúðarlögunum er nú reyndar svo ábótavant, að skjótra umbóta er þörf. Og þetta er hægt að fullyrða, fyrir því liggja svo góð gögn. Hv. þm. sagði, að umráða- og eignarrjetturinn væri skertur, ef frv. gengi fram. Það má nú að

visu segja svo, að umráðarjettur manna sje skertur. En löggjöfin gengur nú yfirleitt í þá átt, að tryggja hag þjóðfjelagsheildarinnar sem best, og hann verður ávalt að meta meira en hag einstaklinga, þegar hagsmunir einstaklinga og þjóðfjelagsheildarinnar rekast á. En þetta frv. er engin undantekning, og gengur ekki hóti lengra í því efni en ýms önnur lög, sem sett hafa verið. Jeg get bætt því við, að ýmislegt það í frv., sem hv. þm. telja nýtt, er í raun og veru gamalt, en varð að víkja um stund fyrir skammsýni löggjafanna. Og þess ber að gæta, að engin menningarþjóð er komin eins skamt í búnaði eða hagar sjer eins og hjer hefir verið gert. Ábúðarlögin frá 1883 munu vera eins dæmi í samskonar löggjöf menningarþjóðanna. Alstaðar eru hús látin fylgja jörðinni og eigendur annast viðhald þeirra. Hjer er ekki skylda jarðeigenda að hafa nokkurn kofa uppistandandi. Leigupeningur er fyrir löngu afnuminn annarsstaðar. Hjer er skylda að taka við leigufjenaði, gjalda af honum okurrentur og annast þó viðhald hans. Hv. þm. taldi okkur nm. hafa litið alt of einhliða á þetta mál. Hann þóttist þó vita, að við værum svo góðir drengir, að við hefðum ekki viljað ganga á hlut manna vísvitandi. En jeg get sagt hv. þm. það, að ákvæði frv. voru sett af ráðnum hug og að vandlega athuguðu máli, til þess að tryggja búskap á leigujörðum, og að þær yrðu ekki útundan í framfaraviðleitninni. Annars er ekki um mjög stórvægilegar breyt. að ræða umfram það, sem hefir lengstum verið í löggjöf okkar áður um þetta efni, eins og jeg tók áður fram.

Þó að okkur hv. þm. Barð. greini nú á um nokkur atriði, þá geri jeg ráð fyrir, að ekki sje það djúp staðfest á milli skoðana okkar, að það verði ekki brúað, ef við viljum báðir leggja það besta til málinu til bjargar. Enda treysti jeg honum vel og veit, að fyrir honum vakir ekki annað en að leggja það gott til málsins, er verða megi til fremdar og farsældar landbúnaði okkar. Og þá mun hann ekki kynoka sjer við að íþyngja litið eitt jarðeigendum frá því, sem áður hefir verið, ef hann telur, að með því mætti stíga stærri spor til framfara landbúnaðinum. Því að sú mun sameiginleg skoðun okkar hv. þm. Barð. og mín, að það beri að stuðla að því með öllu móti, að afkoma landbúnaðarins verði sem best trygð og að hann geti staðist samkepnina við aðra atvinnuvegi landsins. Við hefðum að vísu kosið að þurfa ekki að íþyngja jarðeigendum til neinna muna, en þegar við höfðum athugað málið, eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu um það, hvernig háttað hefir verið ábúð og leigumála á jörðum, þá getum við ekki aðrar till. gert en þær, sem bornar eru fram í frv. og eru tilraun okkar til þess að rjetta landbúnaðinn úr þeim kút, sem hann er kominn í.

Fleiru í ræðu hv. þm. Barð. ætla jeg ekki að svara að svo stöddu. Og um önnur einstök atriði, sem hafa komið fram í ræðum annara hv. þdm., mun jeg ekki mikið fjölyrða.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vjek að því, að samkv. ákvæðum 1. gr. frv. gæti svo farið, að ekki væri mögulegt að byggja jörð, af því að margir væntanlegir ábúendur hefðu ekki fulla áhöfn á jörðina.

Jeg lýsti því nú yfir í upphafi, að

orðalag frv. mætti eflaust á ýmsum stöðum betur fara. En þar sem við nm. vorum ekki hjer allir til staðar, töldum við tveir, sem frv. flytjum, rjettara að birta það orði til orðs eins og n. hafði gengið frá því, og gæti þá hv. d. breytt orðalaginu eftir því sem betur þætti fara; meðal annars mætti þá lagfæra orðalagið á þessu ákvæði 1. gr., sem hv. 1. þm. N.-M. hnaut um. Meining okkar með þessu ákvæði, að tekið sje fram í lögunum, að hæfileg áhöfn sje á jörðinni, er aðeins sú, að það sje sett til varnar því, að jarðnytjar geti farið annað en til ábúanda sjálfs.

Þá drap sami hv. þm. á það, ef sveitarstjórn fengi jörð til ábúðar, en sæi sjer hag í að skifta henni á milli fleiri ábúenda, og spurði í því sambandi hvernig slíku yrði fyrir komið, ef landeigandi gæti ekki keypt hús þau, er sveitarstjórn hefði látið gera á nýbýlunum. Jeg held, að þetta kæmi sjaldan fyrir. En þætti sveitarstjórn betur fara, að stórri jörð væri skift í fleiri býli og eigandi gæti ekki keypt húsin, þá mundi hann í tæka tíð selja jörðina. Annars held jeg nú, að þetta komi mjög sjaldan fyrir.

Þá mintist hann á viðhaldsskylduna og var þar á öndverðum meið við það, sem haldið er fram í frv., en af því að jeg hefi talað mikið um þetta atriði áður, læt jeg mjer nægja að vísa til þess. Aðeins skal jeg taka það fram, að ef viðhaldsskyldan yrði færð yfir á leiguliða, þá er jeg hræddur um, að lítið yrði úr umbótum húsa á jörðinni og að alt mundi sækja í sama horf og verið hefir.

Þá ljet hv. þm. það í ljós, að hann vissi ekki, hvort það væri rjett að meina mönnum að selja burtu jarðargróða, þar sem hagaði svo til, að tök væru á að auka ræktun jarðarinnar, t. d. með erlendum áburði. Það er að vísu satt, að það er auðveldara nú orðið en verið hefir að auka jarðargróðann með ýmiskonar ræktun. En vegna sveitarfjelagsins í heild er það hollara og betra að flytja sem minst af jarðarnytjum burt, að undanteknum kartöflum og garðávöxtum, ef það þykir borga sig að rækta það í stærri stíl en þarf til notkunar í heimilið.

Annars þótti mjer vænt um, hvað hv. 1. þm. N.-M. tók vel í málið, Hann taldi sig fylgjandi stefnu frv., og kann jeg honum þakkir fyrir. Hitt er ekki nema sjálfsagt, að breyta orðalaginu, enda erum við flm. fúsir að ganga inn á allar slíkar orðabreyt., sem miða að því að skýra betur þann tilgang, sem ætlast er til að ná með frv.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Reykv. (MJ). Hann gerði einnig að umtalsefni þetta ákvæði 1. gr. um hæfilega áhöfn á jörðinni, og læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi svarað öðrum hv. þdm. Jeg hefi líka svarað því, sem hann kallaði, að þröngvað væri kosti þeirra manna, sem jarðir eiga, með ýmsum ákvæðum frv. Þó svo virðist kannske vera við fyrstu yfirsýn og fyrst í stað eftir að farið er að beita þessum ákvæðum, að þröngvað sje kosti jarðeigenda, þá er hitt víst, að til frambúðar mun það reynast hagur jarðeigendum og þeim fyrir bestu. Þegar hús hrörna og þeim er ekki haldið við, þá byggjast jarðirnar ekki, eða þá að lækka verður afgjaldið.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) lýsti því vel og greinilega, hvað þeir jarðeigendur spara mikið fyrir sjer, sem lausir eru við að byggja upp jarðir sínar og halda

við húsunum. Það er því hæpið, hvort það er svo mikill búhnykkur fyrir jarðeigendur að skorast undan því að taka á sig viðhaldsskylduna.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að með frv. væri leiguliðum gert svo auðvelt að búa, að þeir mundu fremur kjósa að leigja jörð en gerast sjálfir jarðeigendur. Það má nú kannske til sanns vegar færa eins og leigumála jarða hefir verið háttað. En hitt er áreiðanlegt, að þegar þessi nýja ábúðarlöggjöf fer að sýna sig, þá mun koma í ljós, að flestir munu kunna því betur að eiga ábúðarjörð sína heldur en að leigja hana, og munu þeir hinir sömu ekki aðeins líta þar á sjálfs sín hag, heldur og niðja sinna.

Sami hv. þm. sagði, að frv. bæri það með sjer, að við flm. værum því mótfallnir, að Reykvíkingar eða aðrir kaupstaðarbúar gætu auðveldlega klófest jarðir í sveitum. Þetta er að nokkru leyti rjett, að okkur er illa við að láta þá kaupstaðarbúa eiga jarðir, sem sýna þeim engan sóma, en flytja burtu allan jarðargróðann. Það er við slíka menn, sem ákvæði frv. eru miðuð. En hina, sem sýna jörðum sínum sóma, snertir frv. ekki og þeim viljum við á engan hátt mein gera.

Það þarf ekki langt að fara til þess að sjá og sannfærast um, hver eftirköst það getur veitt, að þeir menn komist yfir jarðir, sem ekki hugsa um annað en að rýja jarðirnar vegna stundarhagnaðar. Í einum hreppi austanfjalls, Ölfusinu, voru fyrir stuttu 12 jarðir lagðar í eyði vegna rányrkju Reykvíkinga. Allir sjá, hvílíkt tjón það er fyrir afkomu hreppsins, og með frv. er einmitt að því stefnt að stemma stigu fyrir því, að slíkt geti endurtekið sig í framtíðinni. Þeir menn, sem hafa það í huga þegar þeir kaupa jarðir, að rækta þær og bæta, þeir leggja vitanlega mikið í sölurnar, enda er enginn hemill lagður á þeirra starfsemi með frv.

Hv. þm. Ísaf. (HG) vjek nokkrum orðum að þessu frv., talaði vingjarnlega um að fylgja því, og kann jeg honum þökk fyrir það. Jeg skrifaði upp hjá mjer nokkur atriði úr ræðu hans, sem jeg hafði hugsað mjer að minnast á, ekki þó til andsvara, enda hneig ræða hans minst í þá átt að andmæla verulega ákvæðum frv. En þar sem jeg hefi talað alllengi, vildi jeg fara að stytta mál mitt úr þessu. Þess vegna mun jeg ganga að mestu framhjá öllum smávægilegum aths., sem ekki komu fram sem sjerstök andmæli gegn frv.

Það var alveg rjett tekið fram hjá hv. þm. Ísaf., að ábúðarlöggjöf okkar er þannig úr garði gerð, að umbætur ábúanda hafa orðið til þess að hækka jörðina í verði, svo að afkoma ábúanda hefir orðið erfiðari. Jeg er sammála hv. þm., að þetta er hið mesta tjón fyrir landbúnaðinn í heild. Þess vegna hefir mþn. reynt að koma í veg fyrir, að slíkt komi fyrir framvegis, og verður reynslan að skera úr því, hvort það hefir tekist með þeim ákvæðum, sem frv. hefir að geyma. Þetta er mikilsvert atriði, og dæmi nágrannaþjóðanna sýna, hversu skaðvænlegt það er að hafa ekki verið vel á verði í þessu efni. Jeg læt mjer nægja að vitna til Dana. Þar hefir jarðnæði hækkað óeðlilega mikið í verði vegna umbótanna, en landbúnaðurinn berst í bökkum meðal annars fyrir þær sakir. Það er því nauðsylegt að koma í veg fyrir slíkt í tíma, enda er það reynt með því ákvæði frv., að þegar

ábúanda þykir jarðarafgjaldið of hátt, þá getur hann heimtað mat á því, og skal þá leggja til grundvallar afgjald annara jarða í því sama hjeraði, án þess að taka tillit til kaupverðs þeirrar jarðar, sem verið er að meta afgjaldið. Þetta mun tryggast til þess að fyrirbyggja allar „spekulationir".

Hv. þm. Ísaf. gerði búreksturinn að umtalsefni, hvort heppilegra mundi að búa í stórum stíl eða smáum. Jeg býst nú við, að hjá okkur verði það svo í reyndinni, að smábúskapurinn verði öllum almenningi hollastur. Hitt er annað mál og má vel vera, að stórbúskapurinn reynist arðsamari, ekki síst þar sem jörðin er þá svo bætt og ræktuð, að hægt er að vinna á henni með vjelum. En fyrir þjóðarþrifin mun smærri búskapurinn hollari og betri, og því hygg jeg það rjett, að reistar sjeu skorður við því, hvað háir opinberir styrkir gangi til einstakra manna.

Sama hv. þm. fanst kenna mótsagnar í 6. kafla frv., þar sem gert er ráð fyrir, að jarðarafgjaldið hækki. Þar er nú að vísu gert ráð fyrir, að afgjaldið bæði hækki og lækki. En jeg er honum sammála um, að það er að vísu ekki þörf á því, að afgjaldshækkun að verulegum mun fari fram þegar jarðeigandi á engan þátt í umbótunum. Þó ákvarðast þetta nokkuð af því, að matið fer fram á 10 ára fresti, og getur jörðin þá hækkað í verði á milli, og er það þá fært eiganda til eignar, sem gjalda verður hærra af. En þá hækkun gjaldanna er ekki rjettmætt að hann beri. Afgjald jarðarinnar ætti því að hækka um það, sem opinber gjöld hækka af þessum sökum. Og þar sem um lífstíðarábúð er að ræða, gæti undir þeim kringumstæðum ekki talist ósanngjarnt, þó að afgjaldið hækkaði. Umfram þessar ástæður tel jeg, að afgjaldshækkun eigi ekki að fara fram, en þetta verður að álítast sanngjarnt.

Hv. þm. Ísaf. lýsti því yfir sem sinni skoðun, að hann teldi best fara á því, að landið ætti jarðirnar. Jeg hefi líka verið þeirrar skoðunar, og á meðan landið átti verulega góðar jarðir, og þær margar, þá talaði jeg eindregið á móti allri þjóðjarðasölu. En þær raddir heyrðust ekki og áttu heldur ekki bergmál hjer á þingi, og því er komið sem komið er. Landið hefir fargað úr hendi sjer öllum bestu jörðunum, sem nokkur slægur er í, nema þá í einstöku kaupstöðum. En þegar svo er komið, er til lítils að stritast á móti þjóðjarðasölu, og held jeg því að best fari á, að ábúendur fái að eignast þessar fáu þjóðjarðir, sem eftir eru, ef þeim á annað borð leikur hugur á því. En því miður láðist Alþingi, þegar jarðirnar voru seldar, að setja lög, sem fyrirbygðu, að braskað væri með jarðirnar, en af því hefir leitt hið mesta tjón fyrir land og lýð, og verður ekki unt að bæta úr því nema með nýrri ábúðarlöggjöf.

Annars vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að jeg kann hv. þm. Ísaf. bestu þakkir fyrir undirtektir hans við málið og þann glögga skilning, sem kom fram í ræðu hans á þörf nýrra ábúðarlaga.

Hann vjek að því og kvaðst vona, að þar sem hv. þm. sæju umbótaþörfina bændum sveitarinnar til handa, þá ljetu þeir ekki á sjer standa að styðja einnig umbætur í kaupstöðum landsins. Jeg þarf ekki að hafa slæma samvisku út af því, að jeg hafi ekki ljeð málefnum kaupstaðanna og mannúðarmálum kauptúnabúanna fylgi, og mun jeg gera það hjer eftir sem hingað til.

En öll umbótastarfsemi, sem koma á fjöldanum til góðs, verður að miðast við það, að þar sje sniðinn stakkur eftir vexti. Og það má aldrei gleymast, að gera ekki harðari kröfur en að nokkur von sje til, að unt verði að fullnægja þeim. Jeg held, að í þessu frv. sje kröfunum svo í hóf stilt, að ef hv. þdm. vilja líta á hagsmuni leiguliða, en þeir eru mikill hluti bænda í landinu, þá ætti ekki að raska við till. mþn. í neinum verulegum atriðum.

Jeg ætla þá að láta máli mínu lokið hjer með, en skýt því til hv. þdm., að jeg vænti góðs af þeim og að þeir geri sitt besta til að ráða fram úr þessu vandamáli, svo að það megi skipast til sem bestra og farsællegastra lykta fyrir land og lýð.

Sveinn Ólafsson: Mjer er óljúft að lengja þessa umr. og tefja fyrir því, að málið fari til n. Jeg álít, eins og jeg tók fram við fyrri hl. þessarar umr., að málið eigi að fara til n. og fá þá meðferð þar, sem tími þingsins leyfir, en lengra eigi það heldur ekki að fara í þetta sinn. Það er ekki nema sjálfsögð sanngirniskrafa, að almenningur fái að sjá og athuga frv. áður en það verður lögtekið. Hjer er um svo stóran lagabálk að ræða og örlagaríkar lagabreyt., að það gengi glapræði næst að lögtaka þær án þess að almenningur fengi að kynna sjer þær vel og vandlega. Með þessu segi jeg ekki, eins og mjer skildist að hv. flm. væri að drótta að mjer, að jeg vilji granda málinu eða bregða fæti fyrir það. Það er síður en svo; en jeg vil láta athuga það af öllum aðilum.

Vitaskuld er það mikilsverð spurning, hvort ganga eigi svo langt á veg móts við kenningar sósialista um að svifta eigendur umráðarjetti jarða sinna. Í þá átt er lengra farið í frv. en í nokkrum öðrum lögum, sem gilda í landi hjer. Eftir 1. og 2. gr. frv. verður ekki annað sjeð en að sveitarstjórn og úttektarmenn hafi ríkari umráð yfir jörð en sjálfur eigandinn. Ef þetta er nauðsynlegt um leigumála á jörðum, þá hlýtur sama nauðsyn að vera um það að setja hömlur gegn umráðum annara fasteigna, svo sem húsa, t. d. hjer í Reykjavík. Leigumáli á jörðum úti um sveitir landsins er, eins og allir vita, yfirleitt mjög vægur, samanborið við leigu á húsum hjer og í fjölmennari bæjum landsins. Jeg veit með vissu, að fjöldi jarða er leigður fyrir sem svarar 3—4% af virðingarverði þeirra, og þekki þess aðeins fá dæmi, að leigan nálgist 10%. En hjer mun alsiða, eftir því sem mjer skilst, að leigja íbúðir og herbergi fyrir 70—80% af virðingarverði. Jafnvel mun dæmi til 100% ársleigu af húskofum hjer í Reykjavík, og einmitt sá leigumáti hefir valdið miklu um dýrtíðarástand það, sem hjer hefir ríkt árum saman. Vel má vera, að í einstökum landshlutum sje ábúð leigujarða lakari en þar, sem jeg þekki til. En það mega vissulega vera gildar ástæður fyrir hendi til þess að rjettlæta slíkar takmarkanir á eignarumráðum landeigenda sem frv. þetta ráðgerir. En ótrúlegt þykir mjer, — og jeg vil ekki trúa því, nema einhver færi mjer heim sanninn um það —, að nokkurstaðar á þessu landi sjeu jarðir leigðar við þvílíku okurverði sem húseignir eru leigðar í Reykjavík. Væri líklega fremur ástæða til að taka í taumana á því sviði, þar sem húsaleigan hjer hefir átt mikinn þátt í að skapa hjer þjáandi dýrtíð árum saman. Annars get

jeg ekki að sinni tekið fram allar þær aths. við frv., sem ástæða er til að gera, enda tel jeg það varla tímabært nje heimilt við þessa umr. Jeg verð því að láta mjer lynda að draga örfáar þeirra fram að sinni, og mun gefast betra tækifæri til þess við síðari umr. Það er tæplega heimilt, enda þótt það sje oft gert, að ræða einstakar gr. lagafrv. við 1. umr.

Jeg skal drepa strax á þann agnhnúa, sem mjer virðist einna ísjárverðastur við frv. þetta. Það er, að ekki má leigja jarðir nema með ákveðnum húsakosti, með öllum þeim húsum, sem þörf getur orðið. Þetta ákvæði er beinlínis háskasamlegt. Hvað á að gera við jarðir, sem komnar eru í eyði, eða annað árið eru leigðar, en hitt í eyði? Jeg veit t. d. um tvær þjóðjarðir í Múlaþingi, sem jeg hefi umráð yfir og eftirlit með. Önnur þeirra er húsalaus með öllu og hin næstum því húsalaus. Báðar eru þá jarðirnar leigðar, og ábúendurnir eru sjálfráðir um, hve mikil hús þeir hafa á jörðunum. Sumstaðar eru jarðir með húsum í eyði komnar og er hastarlegt að banna eigendum að leigja þær, ef það fæst. Það sýnist lítið vit í því að skylda landeigendur til þess að reisa dýrar byggingar fyrir fólk og fjenað á slíkum jörðum, sem ef til vill fara svo í eyði eftir nokkur ár. Allir þekkja þær miklu breyt. sem orðið hafa í seinni tíð um hagi sveitanna afskektu, að andnesja- og afdalajarðir leggjast í eyði eða byggjast treglega. Jeg álít öldungis nauðsynlegt, að gerð sje einhver málamiðlun um torbygðar jarðir og ekki látið sama gilda um slíkar jarðir og þær, sem eftirsóttar eru. Þar sem jeg þekki til eru ríkissjóðsjarðir, sem treglega byggjast, leigðar fyrir 2—3% af fasteignarverði. Ákvæði þessa frv. geta engri átt náð með tilliti til slíkra jarða. Öðru máli er þó að gegna um jarðir í þjettbýli og eftirsóttar. Benda mætti á smábýlin fornu, 6 hundraða kotin svo nefndu. Þau eru oft leigð með meiri eða minni húsum fyrir 60 eða 70 kr. árgjald. Til þess að leyfilegt væri að selja þau á leigu eftir ákvæðum frv. þessa, mundu eigendur þeirra þurfa að reisa byggingar á þeim fyrir 15—20 þús. kr., og mjer er alveg óskiljanlegt, að býlin leigðust þegar svo væri komið. Eftirgjaldið mundi verða að stiga um 5—8 hundruð kr., jafnvel þótt húsin væru leigð fyrir 5%, sem enginn mundi þó standa sig við. En slík eftirgjaldshækkun mundi flestum smábændum um megn, og sjáanlegt er, að kotin annað tveggja færu í eyði eða sveitarstjórnir yrðu að taka við þeim, með því að eigendur mundu eigi sjá sjer fært að byggja upp jarðirnar og neyddust til að afhenda sveitarstjórnum þær fyrir lítið eða ekkert.

Hv. flm. var að hnýta í mig út af aðfinslum mínum við 9. gr. Sú gr. segir að allar jarðir skuli leigðar til lífstíðar. Eftir orðalagi gr. liggur þó beinast við að skilja það svo, að ábúðarrjetturinn nái ekki einungis yfir lífstíð eða árhundruð, heldur jafnvel yfir alla eilífð. Eftir gr. á ekkja að njóta ábúðarrjettar látins manns síns þótt hún giftist aftur, en að sjálfsögðu eignast þá maður hennar ábúðarrjettinn með giftingunni og hlýtur að eiga hann, þótt hann missi konuna og kvænist af nýju, og síðan síðari kona hans að honum látnum. Þannig getur þetta gengið koll af kolli, og ábúðarrjetturinn orðið svo að segja óendanlegur. (JörB: Þetta er ekki rjett.) Þetta er rökrjett niður-

staða af orðum gr. (**JörB:** Nei, ekki ef hún er skilin rjett.) Jú, því það tekur engu tali að svifta ekkil ábúðarrjetti þeim, sem hann hefir öðlast með konu sinni. (**JörB:** Hvernig er það í núverandi ábúðarlöggjöf?) Eftir núverandi ábúðarlöggjöf heldur ekkill ábúðarrjetti eftir konu sína, eins og líka sjálfsagt er, en ekkja, sem rjettinn hefir, missir hann þegar hún aftur giftist.

Annars nenni jeg ekki að elta ólar við einstök atriði frv., enda er svo margt tvírætt og vanhugsað í frv., að nóttin myndi ekki endast til að tína það fram. — Þó vil jeg enn minna á eitt ákvæði, sem virðist mjög mishepnað og órjettmætt. Það ákvæði er í 9. gr., þar sem segir, að landeigandi geti ekki sagt upp ábúð, nema hafa fullnægt settum, þröngum skilyrðum. En hinsvegar á leiguliði að geta sagt upp ábúðinni hvenær sem er og fyrirvaralaust. Með þessu ákvæði er landeigandi gerður mun rjettlægri en ábúandinn.

Þá er eitt afkáralegt ákvæði og mjög óhagfelt í þessu frv., sem hverfa ætti. Það er, að leiguliði er því aðeins skyldur til að flytja jarðarafgjöld heim til landeiganda, að vegalengdin sje ekki meiri en 30 km. Hvers vegna mætti t. d. ekki senda afgjöldin í póstbrjefi? Þetta ákvæði er hortittur, og auk þess getur það verið beinlínis hættulegt.

Jeg hefi nú bent á nokkur athugaverð atriði, og sje ekki ástæðu til að tína fleiri að sinni. Eg ætla því að takmarka mál mitt og sleppa að minnast á fjölda ákvæða; en þau atriði, sem jeg hefi minst á, vona jeg, að n. taki til yfirvegunar.

Að lokum mintist hv. flm. á það, að ábúðarlögin frá 1884 væru einsdæmi að því leyti, hve óbilgjörn og ranglát þau væru í garð leiguliða. Jeg hygg, að hv. flm. skjóti yfir mark með þessari fullyrðing. Jeg er ekki málum þessum svo gerkunnugur, að jeg þekki til hlítar ábúðarlöggjöfina í öðrum löndum álfunnar, en norska ábúðarlöggjöfin veit jeg að er í sumum efnum engu hagstæðari leiguliðum en sú íslenska. Hv. flm. fullyrðir, að leiga af jörðum hjer á landi sje okurleiga. (**JörB:** Hvenær hefi jeg sagt það?) Jeg get sannað svart á hvítu, að ríkið leigir margar jarðir sínar fyrir 3—4% af matsverði, og í einstökum tilfellum nokkuð hærra, en þó aldrei yfir 10—12% af virðingarverði, þar sem jeg þekki til. Að tala um okurleigu í þessu sambandi er með öllu ástæðulaust.

Jeg hefði haft ástæðu til að minnast um leið á ræðu hv. þm. Ísaf., en jeg vil ekki verða til þess að æsa hann upp á ný, og get því látið ræðu hans afskiftalausa. Jeg óska sem mests friðar og kyrðar um þetta mál og þess, að það fái óhlutdræga athugun í n. Jeg kysi helst að það færi ekki lengra á þessu þingi en til n. þeirrar, sem það er ætlað til meðferðar.

Jeg skal svo ekki hafa mál mitt lengra, en tek það fram, að þótt hafin verði stórskotahríð að mjer fyrir það, sem jeg hefi nú sagt um frv., þá mun jeg ekki kippa mjer upp við það, heldur láta öll andsvör niður falla. Hávaði um þetta mál leiðir aldrei til heppilegra úrslita.

Bernharð Stefánsson: Jeg mun láta mjer nægja fá orð að þessu sinni. Jeg þykist ekki þurfa að koma hv. meðflm. mínum til hjálpar, til þess að

hrekja þau andmæli, sem komið hafa fram gegn þessu frv. Hann hefir gert það svo röggsamlega, að jeg þarf litlu við að bæta. En með því að jeg hefi verið allmikið riðinn við samningu þessa frv., þá þykir mjer hlýða að segja nokkur orð viðvíkjandi því. Jeg skal þó sem minst koma inn á einstök ákvæði frv., enda á það tæplega við við 1. umr.

Það, sem einkum hefir verið ráðist á, eru þau ákvæði frv., að nauðsynleg hús eigi að fylgja leigujörðum, enda er þetta eitt þýðingarmesta atriði frv. Í þessu sambandi sagði hv. 1. þm. S.-M. í ræðu sinni um daginn, að hjer væri ekki einungis um breyt. að ræða, heldur miklu fremur byltingu. Nú, það gildir einu, hvaða nafni hlutirnir eru kallaðir, en það er samt alveg spáný uppgötvun, ef þeir, sem að frv. standa, eru orðnir byltingamenn alt í einu, fyrv. alþm. Þórarinn Jónsson á Hjaltabakka, hv. 1. þm. Árn. og jeg. Við eigum þá, eftir kenningu hv. þm., að vera byltingamenn! Jeg fyrir mitt leyti get nú ekki fundið, að með frv. sje stefnt til neinnar byltingar. Hitt skal jeg játa, að í því felast allróttækar breyt. á núgildandi ábúðarlöggjöf. En það hafa nú líka orðið töluverðar breyt. á þjóðlífinu sjálfu síðan 1884, og því ekki að vænta, að alt, sem þá gat verið gott og gilt, geti átt við nú.

Því hefir verið haldið fram af tveimur hv. þm., að ef frv. þetta yrði að lögum, þá væri mönnum gert ómögulegt að eiga jarðir til að leigja þær öðrum. Þetta eru nú að vísu öfgar, en þó skal jeg játa, að óaðgengilegra mundi verða að eiga mikið af leigujörðum. En þá vil jeg spyrja: Er það svo sjerstaklega heppilegt fyrir þjóðfjelagið, að mikið af leigujörðum safnist á hendur einstakra manna? Um þetta atriði er talað nokkuð í grg. frv. og hv. 1. flm. hefir farið ítarlega út í það. Samkv. upplýsingum þeim, sem mþn. hefir aflað sjer viðvíkjandi þessu, þá er ábúð á leigujörðum stórum lakari en sjálfsábúð, í öllum hlutum landsins. Liggja til þess mjög skiljanlegar ástæður. Mjer finst löggjöfin ætti síst að hlynna að slíkum búnaðarháttum, sem eru á flestum leigujörðum. Jeg býst við og vona, að samþ. þessa frv. leiði til þess, að landsdrotnar verði fúsari til að selja leiguliðunum ábýlisjarðir sínar og að það þannig efli sjálfsábúð í landinu. En slíkt tel jeg enga goðgá; þvert á móti. Með þessu vil jeg þó alls ekki viðurkenna, að frv. geri lítið úr helgi eignarrjettarins, eins og reynt hefir verið að halda fram hjer í deildinni. Öllum má vera það ljóst, að með frv. er eignarrjetturinn ekki skertur, heldur aðeins settar takmarkanir fyrir misnotkun hans. Engar hömlur eru settar á það, að menn eignist jarðir og notfæri sjer þær sjálfir; sömuleiðis geta menn, sem eiga leigujarðir, hvenær sem er tekið þær úr ábúð handa sjer, börnum sínum og fósturbörnum. Einungis eru settar nokkrar hömlur á það, að menn geti notað þessa eign til að drotna yfir öðrum. Nú hafa öll síðuð þjóðfjelög sett ýmiskonar takmarkanir í þessu efni. Í núgildandi ábúðarlögum okkar eru jafnvel settar nokkrar hömlur við ótakmörkuðu valdi landsdrotna yfir leiguliðum, en slíkt er alls ekki að afnema eignarrjettinn.

Hv. þm, Barð. gaf það í skyn í ræðu sinni um daginn, að mþn., sem samdi þetta frv., hefði litið einungis á hagsmuni leiguliða, en látið hagsmuni land-

eigenda mjög þoka sæti. Jeg tek undir þau ummæli hv. mflm. míns, að í starfi sínu lagði mþn. alla áherslu á að sýna sanngirni og gera rjett. En þó svo kunni að virðast í fljótu bragði, að við höfum meira litið á hagsmuni og rjett leiguliða heldur en landsdrotna, þá mun það reynast við skynsamlega athugun og óhlutdræga, að til þess liggja eðlilegar ástæður. Annars verð jeg að segja það, að jeg tel gleðilegt, að aths. þm. við frv. ganga í þessa átt, því að ef hægt væri að segja, að við hefðum gert okkur sjerstaklega far um að tryggja aðstöðu landsdrotna, þá væri verk okkar unnið fyrir gig. Núgildandi lög tryggja rjett landsdrotna í flestum efnum svo vel, að enga nýja löggjöf þurfti til að gera það betur. Jeg held það hafi því beinlínis verið verkefni okkar — og það, sem Alþingi ætlaðist til — að gera till. um bætt kjör leiguliðanna, því að annars hefði engin ástæða verið til þess að fela mþn. að endurskoða ábúðarlögin. Hver, sem les frv., getur ekki vilst um, að með því er stórt spor stigið í áttina til meira samræmis, meira rjettlætis og meiri hagsýni í búnaðarháttum, þó jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að það þurfi breyt. við í einstökum atriðum.

Mig minnir, að það væri hv. þm. Barð., sem var að tala um, að við, sem sömdum þetta frv., mundum vera leiguliðar, og virtist þar með vilja gefa í skyn, að aðstaða okkar til breyt. væri mörkuð af því. Tveir okkar eru nú ekki leiguliðar, en hvað sem um það er, þá er hitt víst, að þeir, sem sömdu núgildandi ábúðarlög, voru landsdrotnar, enda bera lögin þess órækt vitni. Hagsmunir landeigenda eru aðalatriði laganna. Jeg vil þó engan veginn kasta rýrð á þá mætu menn, sem að þeim lögum stóðu, því að þessi var þá stefna tímanna. Og jeg hlýt að álykta á þá leið, að úr því þingið hefir álitið þörf á nýjum ábúðarlögum, þá felist í því krafa um stefnubreyting. Alþingi hefir slegið þessu föstu með því að samþ. endurskoðun, — því hvað ætti annað að hafa vakað fyrir þinginu?

Jeg mintist áðan á annað meginatriði frv., sem sje það ákvæði, sem skyldar landeigendur til að leggja til hús á jörðum, sem þeir leigja. Þetta ákvæði er andmælendum frv. mestur þyrnir í augum. Nú getur enginn á móti mælt, að á hverri jörð, sem í ábúð er, verða að vera einhver hús fyrir fólk og fjenað. Hvort er þá sanngjarnara, að landeigandi eigi húsin eða leiguliðar, sem ef til vill eru aðeins fá ár og flytja síðan burt? Jeg get ekki betur sjeð en að eigendur jarða standi mun betur að vígi með að sjá þeim fyrir húsakosti, enda er það líka rjettlátara, þegar litið er á þá breyt. tímanna, sem átt hefir sjer stað í sveitum landsins. Ef fráfarandi leiguliði á hús á jörðunni, þá eru honum eftir núgildandi lögum einungis tveir kostir: að selja eiganda eða viðtakanda, eða rífa húsin og flytja þau burt að öðrum kosti. Þetta getur gengið, ef um timburhús er að ræða, eða trjávið úr húsum, en ef það eru steinhús, þá verður þessu ekki við komið. Nú í seinni tíð er einmitt mest bygt úr steini, svo að einsætt er, að taka verður sjerstaklega tillit til þeirrar breyt. í ábúðarlöggjöfinni. Ef bær er að falli kominn á leigujörð og ábúandi byggir þar steinhús, vegna þess að það er nauðsynlegt og hann telur það hentugast og best, — hvernig á þá að fara að? Ekki er hægt að flytja steinhús með sjer á

burt. Vegna þess hvernig tímarnir breytast og aðstæðurnar, er alveg óhjákvæmilegt, að húsin sjeu látin fylgja jörðunum. Það er ekki svo að skilja, að hjer sje verið að lögleiða eitthvað nýtt, því að flestum leigujörðum hafa fylgt einhver jarðarhús hingað til, þótt að vísu ekki sje ákveðið í núgildandi lögum, hversu mikil þau skuli vera. Í frv. er að vísu mikið færð út skylda landsdrottins til þess að leggja til hús, en algert nýmæli er það ekki.

Jeg sje, að fundartíminn er á enda, og verð því að láta hjer staðar numið að sinni, en mun halda áfram, þegar málið kemur næst til umr.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Síldarnætur.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga nr. 28, 25. sept. 1902, um síldarnætur (þmfrv. A. 251).

Á 38. og 40. fundi í Nd., 6. og 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með frv. þetta eftir ósk ýmsra útgerðarmanna, og felast rökin fyrir því í grg. þess. Jeg hefi átt tal um frv. við sjútvn., einkum við form. nefndarinnar, hv. 1. þm. S.-M., og hv. þm. Vestm., og hefir okkur komið saman um, að lög þau, sem hjer er farið fram á að afnema, sjeu mjög þýðingarlítil, en geti þó að sumu leyti verið skaðleg, og sje því rjett að nema þau úr gildi. Að umr. lokinni óska jeg málinu vísað til 2. umr. og sjútvn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Enda þótt frv. þetta sje meinlaust á pappírnum eins og það er reifað í grg. þess, þá er þó með því verið að flytja út úr landinu vinnu, sem hjer hefir verið unnin um margra ára skeið, en það er vinnan við síldarnæturnar. Hefir hún aðallega verið vetrarvinna og þá sjerstaklega norðanlands. Má því óhætt fullyrða, að enginn skortur sje á æfðum mönnum í landinu til þessara hluta. Það eina, sem hefir verið erfiðleikum bundið, er litunin á síldarvörpunum, og hafa þó verið gerðar tilraunir um hana áður, en hvernig þær hafa hepnast veit jeg ekki með vissu, en hygg þó, að í fleiri tilfellum hafi þær reynst vel. Annars tel jeg ekki ólíklegt, að efnarannsóknarstofan geti fundið efnasamsetningu, sem dugi til litunarinnar, svo að hún komi að fullum notum og jafnist á við þá litun, sem Norðmenn nota. Hvað það snertir að koma upp börkunarverksmiðju, þá hefir fagmaður á þessu sviði, sem jeg þekki, sagt mjer, að það myndi mjög auðvelt að koma henni upp, ef t. d. nokkurir útgerðarmenn slægju sjer saman og legðu fram dálítið fjármagn. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en jeg mun greiða atkv. á móti frv., af því að jeg tel það

fela í sjer þá möguleika að kippa burtu vinnu frá landsmönnum, og það vinnu, sem framkvæmd er þegar minst er að gera.

Flm. (Ólafur Thors): Andmæli hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) voru öll á misskilningi bygð, því að hjer er ekki um það að ræða, að taka neina vinnu frá landsmönnum. Síldarnæturnar og netin verða bætt í landinu eftir sem áður, þó að frv. þetta verði að lögum. Það eru engin vandkvæði á að fá menn í landinu til þess. En hitt er, að sumt af því, sem gera þarf við þessi veiðarfæri, höfum við Íslendingar ekki sjerþekkingu til, og verða menn því að senda veiðarfærin til útlanda til slíkra viðgerða. En að lögum er það nú óheimilt, og mun ekki ofmælt, að ýmsir hafa því virt lögin að vettugi, enda ekki vitað um þau, og engin ámæli hlotið fyrir. Tilgangur frv. er því aðeins sá, að koma í veg fyrir að menn þurfi að brjóta lögin.

Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. flm. vildi halda því fram, að jafn mikil vinna við síldarnæturnar yrði kyr í landinu, enda þótt þær yrðu sendar út. En jeg býst aftur á móti við, að ef næturnar verða sendar út til börkunar eða litunar, þyki hagkvæmast að láta gera við þær um leið. Annars er mjer ekki kunnugt um, hvort lög þessi hafa verið mikið brotin, en þar sem þau eru bæði lítil fyrirferðar og gömul, þá get jeg jafnvel búist við, að löggæslumennirnir hafi ekki tekið eftir þeim. Annars er það hart af flm., að bera það upp á lögreglustjórana, að þeir láti brjóta þessi lög án þess, að þeir láti þá sæta ábyrgð, sem það gera. Skoðun mín er því óbreytt. Jeg tel, að hægt sje að gera þetta hvorttveggja, viðgerð og börkun, í landinu sjálfu, og sje því ekki ástæðu til að fella þessi lög úr gildi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 251, n. 337 og 344).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Þetta litla frv. ætti ekki að þurfa mikinn tíma til afgreiðslu. Jeg hygg, að öllum hv. dm. sje kunnugt um, að lög þau frá 1902, sem hjer ræðir um að fella úr gildi, eru orðin að hreinu og beinu nátttrölli og hafa hjeðan af enga verulega þýðingu. Þau eru frá þeim tímum, þegar ástæðurnar í þessum efnum voru mjög ólíkar því, sem nú er, frá þeim tímum þegar Norðmenn sóttu hingað allmargir á vorin til síldveiða yfir sumarið með landnótum og fengu innlenda yfirvarpsmenn til þess að hjálpast fyrir útgerðinni, en fóru svo á hausti hverju með næturnar og öll veiðarfærin af landi burt. Nú má heita, að landnætur sjeu horfnar með öllu, en í þeirra stað er farið að nota herpinætur við síldveiðarnar, og veiðarnar jafnframt stundaðar af innlendum mönnum. Er því ekki þörf á að láta þetta bann á útflutningi síldarnótanna standa lengur í lögum, enda verkar það nú orðið sem óeðlilegur hemill á þá útgerðarmenn, sem þurfa að senda út herpinætur til börkunar og bikunar. En slík viðgerð á nótum er óumflýjanleg, því að gögn til þeirra hluta eru hjer

óvíða og ekki svo fullkomin, að tryggilega sje hægt að búa um næturnar. Menn neyðast því til eins af tvennu, að láta sjer lynda þá ófullkomnu aðgerð, sem hægt er að fá hjer heima, eða að senda næturnar til útlanda í forboði laganna. Virðist með öllu óþarfi að láta þetta bann standa lengur og verða mönnum að fótakefli. Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta, en vænti að frv. hljóti góðar undirtektir.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg hefi að nokkru gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls á þskj. 344. Sömuleiðis lýsti jeg því yfir við 1. umr., að jeg áliti það óþarfa, að nema lög þessi úr gildi, því að þau væru meinlaus og fáum til baga. Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði, að lögin væru óþörf og hefðu enga þýðingu lengur, en játaði þó síðar í ræðu sinni, að nauðsynlegt væri að flytja út síldarnætur til aðgerðar. Eins og jeg hefi skýrt frá áður, hefir risið hjer upp í síldveiðiplássunum dálítil vetrariðja við aðgerðir á síldarnótum, og má óhætt fullyrða, að sú vinna hefir verið sæmilega af hendi leyst, því að fullkomnum fagmönnum við þessa iðju er nú orðið hjer á að skipa.

Hvað snertir það atriði, að ekki sje hægt að barka næturnar hjer, þá vil jeg taka það fram, að eftir því sem jeg veit best, þá hefir eitt af stærstu útgerðarfjelögunum komið upp börkunarverksmiðju. Er því sú ástæða, að ekki sje hægt að barka næturnar hjer, burtu fallin. Verður því ekki annað sagt, en að flest mæli á móti því, að lög þessi verði úr gildi numin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JÓl, JS, LH, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, BSv.

nei: HV, SÁÓ, HJ.

Átta þm. (EJ, GunnS, HG, IngB, J-Jós, JAJ, JörB, MG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 2 atkv.

Á 52. fundi í Nd., 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 251).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14: 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 251.).

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 680. — En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Skipun barnakennara og laun.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv. A. 266).

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Sökum þess, að fundartíminn er nú orðinn svo áliðinn, sje jeg ekki ástæðu til að lengja frekar umræðurnar, og vil því einungis vísa til greinargerðarinnar, sem fylgir frv. Það, sem jeg kann að hafa að bæta við, get jeg komið fram með við 2. umr. málsins, en vil leggja til að endingu, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv., og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 505 og 541).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og sjer á nál. meiri hl. fjhn., þá er mikill meiri hl. n. samþ. frv.

Fyrir frv. þessu liggja aðallega tvær ástæður. Í fyrsta lagi hefir verið hörgull á farkennurum, og gengur stöðugt treglega að fá hæfa menn til að taka farkenslu að sjer. Önnur ástæðan er sú, að árlega berast kveinstafir frá þeim, er farkenslu stunda, yfir því, að þeir verði að láta af starfinu fyr en þeir annars vildu, vegna óviðunandi launakjara.

Eins og nú er ástatt, þá hafa farkennarar að launum 300 kr., og að auki hlunnindi og dýrtíðaruppbót, og vil jeg meta það alt 900 kr. árlega. Fastir kennarar hafa, að meðtaldri dýrtíðaruppbót, 1800–3000 kr., eða tvöföld til þreföld laun fyrir sama starf og sama starfstíma. — Í frv. eru laun farkennara hækkuð upp í 500 kr., og nema þau þá með hlunnindum og dýrtíðaruppbót 1200 kr. fyrir 6 mán. starf. Nái frv. fram að ganga, þá nema laun farkennara ⅔ af lægstu launum fastakennara, en ⅓ af hæstu launum þeirra.

Þó beðið verði með þessa hækkun til hinnar almennu endurskoðunar launalaganna, — sem enginn veit hvenær kemur, — þá má telja það víst, að hækkunin verði aldrei minni en hjer er til ætlast.

Í frv. er svo ákveðið, að öll viðbótin skuli greidd úr ríkissjóði. Ástæðan er sú, að sveitarsjóðir hafa hingað til greitt miklu meir til farkennara, á móts við ríkissjóð, en fastakennara. Hlutföllin hafa verið sveitunum margfalt óhagstæðari en kaupstöðum. Eftir frv. á ríkið að greiða farkennurum 350 kr. stofnlaun og 200 kr. dýrtíðaruppbót, eða samt. 550 kr., en sveitarsjóður 150 kr. laun og 500 kr. hlunnindi, að mínu mati, eða 650 kr. samtals. Ríkissjóður geldur því enn 150 kr. minna en sveitarsjóður. — En fastakennurum geldur ríkið 800 kr. laun og 640 kr. dýrtíðar-

uppbót, eða alls 1440 kr., en sveitarsjóður aðeins 800 kr. — Það hallast því enn á sveitirnar. Föstu skólarnir hafa enn forrjettindi fram yfir farskólana um hlutfall milli framlags ríkis og sveitarsjóðs.

Ef þessi hækkun fengist, þá er meiri von um að fá myndarlega menn til kenslustarfa og vel undirbúna. Menn fengjust þá til að gegna starfinu lengur. Samkeppnin er nú mikil um mannfólkið, og í þeirri samkepni sigra aðrir atvinnuvegir algerlega. Með þessari uppbót stæði farkenslan betur að vígi með að halda mönnum sínum fyrir eftirspurninni úr útgerðarstöðvunum. Frv. á því þátt í að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum, og væri það ósamræmi við aðrar gerðir þingsins, ef það vildi ekki gera þetta til að rjetta hlut sveitanna. Það er sjálfsagt, að þingið rjetti nú sveitunum hjálparhönd til að halda kennurum sínum. Hjer er líka um það að ræða, að sveitirnar njóti betri kenslu en ella mundi. Örðugleikar strjálbýlisins um alla kenslu eru nægir fyrir því, þó hagur sveitanna verði rjettur nokkuð frá því sem nú er.

Frsm. minni hl. (Hannes Jónsson): Það er leiðinlegt að eltast við þessa embættismannaherflokka, sem berjast hjer fram í hv. d. undir forustu hv. þm. Dala (SE) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Báðir hafa talað fyrir þessum vesalingum(!) eins og þeir væru sannnefndir píslarvottar vegna viðskifta sinna við ríkið.

En jeg verð að segja, að í þessu efni sem öðru eru takmörk fyrir því, hvað þungan bagga þjóðin getur bundið sjer. Og þó að því sje haldið fram af formælendum þessa máls, að hjer sje ekki farið fram á mikið, þá hljóta þó allir að sjá, að það getur dregið dilk á eftir sjer og önnur sambærileg störf hækka í sama hlutfalli að því er launununum viðkemur. Mjer fanst hv. frsm. meiri hl. (ÁÁ) loka augunum um of fyrir ákvæðum gildandi laga um laun barnakennara. Hann gerir ekki ráð fyrir aldursuppbót, þar sem þó er vitanlegt, að hún getur orðið jafnhá launununum. En með því hefir hann ekki reiknað í flutningi þessa máls.

Það er rjett, sem hv. frsm. meiri hl. hjelt fram, að sveitirnar hafa verið beittar nokkrum misrjetti um styrk til fræðslumála á móts við kauptún og þau hjeruð, sem fasta kennara hafa. En það misrjetti mátti leiðrjetta á þann hátt, að láta ríkissjóðstillagið hækka en draga úr tillagi sveitanna.

Annars dettur mjer í hug, að ástæðan fyrir því, að hv. frsm. meiri hl. telur ekki aldursuppbótina sje sú, að enn eru svo fáir kennarar skipaðir. En hvers vegna eru kennararnir ekki skipaðir? Jeg hefi heyrt, að ástæðan væri sú, að ef þeir yrðu skipaðir, kæmu þeir brátt á þau laun, er samsvaraði ekki getu almennings að gjalda. Í þessu liggur þá sú viðurkenning, að launin hafi upphaflega verið of hátt ákveðin í lögunum, enda virðist það t. d. óeðlilegt, að aldursuppbótin sje gerð jafnhá byrjunarlaunum. Þessu mætti vitanlega breyta, því ekki er ástæða til að halda, að kennararnir verði hæfari til að gegna starfi sínu fyrir það.

Jeg verð að álíta, að sá kennari, sem hefir, auk allra þeirra hlunninda, sem lögin áskilja honum, 840 kr. fyrir þá 6 mánuði, sem skólinn stendur, sje

mjög sæmilega haldinn af hálfu hins opinbera. Minsta kosti hefir hann ekki meiri ástæðu til að kvarta heldur en margir aðrir flokkar starfsmanna ríkisins. Annars býst jeg við, að um þetta mál sje sama að segja og yfirsetukvennalögin. Menn vilja óðir og uppvægir hækka launin, og stoðar því sennilega lítt á móti að mæla. En það verð jeg að segja, að einkennileg er afstaða þeirra hv. þdm., sem leggja sig fram til þess að fá þessi laun hækkuð, en leggjast hinsvegar af alefli á móti hækkun launa verkamanna, hvenær sem þeir koma því við. Það skal vera óátalið af mjer, enda býst jeg við, að atvinnuvegirnir sjálfir sjeu best færir að dæma um, hve há laun þeir þola að greiða. En hitt getur engum dulist, að nokkurs ósamræmis kennir hjá mörgum hv. þdm. í þessum efnum. Það er að vísu æskilegt, að barnafræðslan sje í sem allra bestu lagi, en á það ber að líta, að geta ríkissjóðs er ekki ótakmörkuð í þessum efnum frekar en öðrum. Og á það ber og að líta, að mjög orkar tvímælis um gagnsemi barnafræðslunnar í þeirri mynd, sem hún er rekin hjer á landi, og margir munu vera þeirrar skoðunar, að hún svari ef til vill ekki kostnaði.

Halldór Stefánsson: Jeg skal gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem jeg hefi bundið við fylgi mitt við frv. Jeg get ekki beitt mjer gegn því, að færð sjeu til nokkurs samræmis greiðsluhlutföll ríkissjóðs til farkenslu og eftirlitskenslu og annarar kenslu. Það virðist ástæðulaust að farkensla og eftirlitskensla sje rjettminni til styrks úr ríkissjóði en skólakensla. Hinsvegar vil jeg með engu móti, að fylgi mitt við þetta frv. verði skoðað sem nokkurt dálæti eða fylgi við barnafræðsluna í þeirri mynd, sem hún er. Jeg tel fyrirkomulag barnafræðslunnar hjer á landi bygt á fullkomnum misskilningi. Jeg tel að börn innan 11 ára aldurs hafi lítil skilyrði til þess, að hafa verulegt gagn af öllum þeim ítroðningi, sem við barnafræðsluna er beitt. Börn á þeim aldri brestur þroska og skilning til að hafa þess veruleg not. Að öðru leyti skal jeg ekki fara frekar út í þetta atriði málsins, enda mun það liggja utan við umræðuefnið.

Þá gildir fyrirvari minn og það, að ef bent verður á aðrar heppilegri leiðir, til þess að koma á jafnrjetti í styrkveitingu ríkissjóðs til farkenslu og eftirlitskenslu og annarar kenslu, þá áskil jeg mjer rjett til þess að fylgja þeim skynsamlegum breytingartill., sem fram kynnu að verða bornar um það efni.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil þakka hv. 1. þm. N.-M. stuðning hans við þetta mál, en um leið benda honum á, að á engan annan hátt er hægt að koma á jafnrjetti milli farkennara og annara kennara en þann, að samþykkja þetta frv. Eins og nú stendur, fer miklu minna fje til uppfræðslu sveitabarna en kaupstaðabarna. Að þessu leyti verða sveitirnar miklu ver úti en kaupstaðirnir. Ef útiloka á alt misrjetti, þá nægir ekki að halda einum niðri, heldur hækka annan, svo að allir megi vel við una. Jeg skal nú ekki fara mikið út í það, hvort gerðar sjeu of

miklar kröfur til barna, og þeim ætlað of mikið, nje heldur hvort árangur barnafræðslunnar sje lítill. En hinu vil jeg mótmæla, að gagnsemi barnafræðslunnar svari ekki kostnaði. Hvað býst hv. þm. við að fá fyrir 20 kr., sem hann ver til fræðslu barns í einn vetur? Við hvað miðar hann, ef hann segir, að árangurinn, eins og hann er nú, svari ekki kostnaði? Sannleikurinn er, að hversu lítið fje, sem lagt er af mörkum í þessu skyni, þá svarar það vissulega kostnaði, og það svarar kostnaði þó árangurinn sje lítill eða nær enginn. Um þetta atriði skal jeg ekki fara frekari orðum, og síst deila um það við hv. þm. V.-Húnv.

Hv. frsm. minni hl. taldi mjer hafa missýnst um laun fastra kennara, því að þeir hefðu ýms hlunnindi, sem jeg hefði ekki getið um. Mjer er ekki kunnugt um, að þeir hafi önnur hlunnindi en þau, að heimavistarskólastjórar í sveit og skólastjórar í kaupstað hafa ókeypis húsnæði, og um þetta hefi jeg getið. En hinsvegar vil jeg halda því fram, að sá grundvöllur, sem byggja verður að rjettu lagi alla launaútreikninga á, sjeu frumlaun kennaranna, byrjunarlaunin. Hv. þm. óx mjög í augum aldursuppbótin, og það er rjett, að hún getur orðið alt að 300 kr. á farkennara. En hve langur tími líður, þangað til launin eru hækkuð sem þessu nemur? Það eru nú ekki minna en 18 ár, svo að hv. þm. getur getið nærri, hvort ekki muni hafa eitthvað hafa hlaðist utan á þann mann, sem gegnt hefir farkennaraembætti í 18 ár. Jeg býst við, að þá sjeu orðnir nokkrir munnar til þess að taka á móti þessari launauppbót, og jeg geri einnig ráð fyrir, að sá kennari sje alls ekki öfundsverður, sem svo lengi hefir gegnt jafn illa launuðu starfi. Hv. þm. ferst líkt og sænska verkamanninum á stríðsárunum, þegar ákveðið var að veita hverjum verkamanni 2 kr. uppbót á viku fyrir hvern krakka. Honum varð það að orði um einn vin sinn, sem fjekk meiri uppbót en alment var, að altaf væri hann jafn heppinn, að eiga nú fult hús af krökkum!

Þá vil jeg leiðrjetta þau ummæli hv. þm. V.-Húnv., að farkennarastöður hafi ekki verið veittar, til þess að hafa á þann hátt af mönnum aldursuppbótina. Þetta hefir við engin rök að styðjast. Jeg býst tæpast við því, að hv. þm. trúi því í raun og veru, að lögin hafi verið svo greypilega brotin, enda má hann skilja það, að slíkt ranglæti myndi ekki liðið átölulaust. Hv. þm. ætti og að vita það, að enda þótt farkennarar sjeu aðeins settir, þá hafa þeir eigi að síður rjett til aldursuppbótar, enda er slíkt sjálfsögð rjettlætiskrafa. Að farkennarar hafa ekki altaf verið skipaðir, leiðir af öðrum ástæðum. Víða er farkenslu svo háttað, að engin trygging er fyrir því, að henni sje haldið uppi ár hvert. Til þess að slíkt sje trygt, þarf skólanefndin að hafa umráð yfir húsnæði, sem víst sje, að ekki gangi henni úr greipum. En nú hagar óvíða svo til, svo að varhugavert verður að teljast, að skipa kennara til ófyrirsjáanlegs tíma. Þá sagði hv. þm. einnig, að þetta væri ótvírætt vitni þess, að launin væru óhæfilega há. Slíkt eru þvílíkar firrur, að jeg hirði ekki að svara þeim. Farkennarar í sveitum eru tvímælalaust lægst launuðu stjett landsins í

hlutfalli við það starf, sem int er af hendi í þágu þjóðfjelagsins. Engin stjett manna fær eins ljelega greiðslu fyrir mikið og vandasamt starf eins og farkennarar í sveitum. Jafnvel yfirsetukonurnar eru ekki ver launaðar tiltölulega. Mjer virðist sveitirnar eigi að gera strangar kröfur í þessum efnum, strangar kröfur um jafnrjetti fyrir sig og rjettlæti þessum mönnum til handa. Það rjettlæti fæst einungis með launauppbót og bættum launakjörum framvegis, ekki þannig að tilsvarandi sje klipið af launum annara kennara, heldur beint með því, að hækka laun farkennara. Það hefir ósjaldan verið reynt að færa laun fastra kennara yfir á kauptún og kaupstaði. Það var reynt 1921, 1922 og 1924, og hefir ávalt mistekist, enda er það mjög að vonum. Sú leið hefir verið þrautreynd, og geri jeg tæplega ráð fyrir, að menn láti sjer lengur detta slíka fjarstæðu í hug. Mjer virðist þeim hv. þm., sem telja sig vini sveitanna, ætti að vera það ljóst, að þeir eiga að sækja sinn rjett, en ekki taka rjett af öðrum. Þetta er hin eina leið, sem liggur til jafnrjettis á þessum sviðum. Ranglæti verður eigi útrýmt með nýju ranglæti. Og vænti jeg nú, að þeir hv. þm., sem þrásinnis hafa verið gerðir afturreka með tilraunir sínar til þess að sparka hinni íslensku kennarastjett lengra niður í djúp örbirgðar og vonleysis, muni nú loks skilja það, að hin íslenska kennarastjett lætur ekki bjóða sjer alt til langframa. Og jeg verð því að vænta þess einnig, að þeir leggi nú máli þessu lið, enda mun það mála sannast, að hin íslenska kennarastjett er nokkurrar viðurkenningar makleg, fyrir langt og mikilsvert og óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar. Þetta vil jeg biðja hv. þm. að leggja sjer ríkt á minni.

Jeg lít svo á, að bætt launakjör farkennara í sveit geti haft mjög mikilvægar afleiðingar og áhrif, auk hinnar sjálfsögðu rjettlætiskröfu, sem þeir eiga á slíku. Til slíkrar kenslu ráðast einkum einhleypir menn, sem oft eru um leið að reyna að koma sjer upp heimili og safna sjer fje, til þess að koma því á fót. Ef launakjörin eru nú þannig, að þeim er gert mögulegt að safna nokkru, þá veitir það þeim töluverða hjálp til þess að reisa hús og heimili, svo að þeir þurfa ekki að flytjast til kaupstaðanna. Nú fer svo fjarri því, að hjer sje um ótakmarkaðar kröfur að ræða. Hækkunin nemur ekki meira en 200 kr. yfir þá sex mánuði, sem skólinn stendur. Það þarf síst að gera ráð fyrir því, að ef þessi launahækkun verður samþykt, þá muni brátt koma fram auknar kröfur um nýja hækkun, af hendi kennara. Sannleikurinn er, að engin stjett þjóðfjelagsins hefir haft lægra um sig en farkennararnir. Er það órækt vitni þess, hversu mikið vonleysi hefir ríkt innan stjettarinnar. Fæstir hafa hugsað sjer það starf til frambúðar, heldur einungis haft það á hendi, meðan ekki gafst annað betra. Lágar kröfur eru skýrustu vitni ljelegra launa. Hinsvegar þurfa menn ekki að óttast óhæfilegar kröfur úr þessari átt. Það sem farið er fram á, er einungis rýr launaviðbót, sem gerir farkennara fært að stunda atvinnu sína og þurfa ekki að flýja á náðir kaupstaðanna eða leita sjer annarar atvinnu. Með því lagi, sem nú er, get-

ur barnafræðslan aldrei komist í viðunandi horf, síst í sveitum landsins. Slík launaviðbót, sem hjer er farið fram á, getur því orðið mjög til þess að halda fólki kyrru í sveitunum, og sjerstaklega því fólki, sem verulegt lið er að, sem sje þeim mönnum, sem líklegir eru til þess að halda uppi andlegri menningu sveitanna. Vinir sveitanna hjer á þingi tala oft um, að stöðva þurfi hinn sterka straum úr sveitunum til kaupstaðanna. Hjer gefst þeim tækifæri til þess að sýna, hver alvara liggur að baki. Jeg hefi talað við fjölda manna um þetta mál, og eru allir á eitt sáttir um það, að hjer sje um að ræða stórt spor til viðreisnar sveitunum. Jeg vil biðja hv. þdm. að gefa þeirri hlið málsins gaum.

Frsm. minni. hl. (Hannes Jónsson): Það var hlægilegt að heyra síðustu röksemdir hv. þm. V.-Ísf. Hann sagði að þögn kennaranna um launaviðbót vitnaði um lág laun, og um leið segir hann, að ef barnakennarar fái þessa uppbót, þá þurfi ekki að óttast háværar kröfur frá þeim framar. Þetta eru alls ekki frambærileg rök, eins og líka hv. þm. hlýtur að finna sjálfur. Hv. þm. hefir orðið þetta á í vandræðum sínum, en gætt þess miður, að með því að grípa til slíkra röksemda, þá gerði hann sig beran að ósamkvæmni og rökþrotum. Jeg hygg, að flestir þeir, sem þykjast órjetti beittir, kvarti, en ef þeir gera það ekki, verður það að teljast vitni þess, að þeir sjeu ánægðir með sitt hlutskifti, en ekki óánægðir.

Það sem hv. þm. sagði um launakjör kennara fastra skóla skiftir ekki beint máli í þessu sambandi. Í þessu frv. er farið fram á 500 kr. byrjunarlaun, auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss og hita og þjónustu. Þessi síðastnefndu fríðindi eru lágt metin á 500 kr. Eftir þessu frv. yrðu laun farkennara minst 1200 kr. — með dýrtíðaruppbót — fyrir þessa 6 mánuði sem skólinn stendur. Við þetta bætist svo aldursuppbótin, sem getur orðið 420 kr. með dýrtíðaruppbót. Jeg geri ráð fyrir því, að ef þessi launahækkun næði fram að ganga, þá myndu brátt koma fram samskonar kröfur frá öðrum starfsmönnum hins opinbera, og síst með minni rjetti. T. d. væri lítið samræmi eða sanngirni í því, að láta hreppstjórana hafa eftir sem áður einar 100—200 kr. fyrir öll þau mörgu og yfirgripsmiklu störf, sem á þeim hvíla. Jeg býst við, að svona mætti lengi telja. En er nú ríkið viðbúið að hækka laun allra starfsmanna ríkisins, svo að sjerhver verði ánægður? Ef þetta spor verður stigið, þá er þessi launaflokkur tekinn út úr samræmi við launalögin í heild, og þá er fordæmið gefið. Næst kemur röðin að hreppstjórunum, þá oddvitunum o. s. frv. Og ekki dregur úr þessum kröfum, ef launahækkun yfirsetukvenna siglir hraðbyri gegnum þingið, eins og nú lítur út fyrir. Mjer skilst, að mjög beri að gjalda varhuga við að stíga þetta spor. Það tjáir ekki að segja sem svo, að þetta sje lítil hækkun, eða að hún nemi litlu samanlagt fyrir ríkissjóð. Hjer kemur fleira til greina, eins og jeg hefi áður drepið á. Málið hefir fleiri hliðar. Það væri að vísu mjög æskilegt, að hægt væri að launa alla starfsmenn svo vel, að enginn þættist vanhaldinn, en engum ætti að vera það betur ljóst en hv. alþingismönn-

um, að einhversstaðar hljóta þó að vera takmörk fyrir gjaldgetu ríkissjóðsins. Hin vaknandi þrá til þess að bæta úr margra alda kyrstöðu á flestum sviðum þjóðlífsins krefur mikils fjár, og þjóðin verður að vera vakandi á verði um það, að binda ekki eftirkomendunum altof þungan bagga fyrir þessar framkvæmdir.

Þá sagði hv. þm., að þessi launahækkun gæti orðið til þess, að halda fólki kyrru í sveitunum. Þetta hygg jeg á misskilningi bygt. Það er alkunnugt, að meðal þjóðar vorrar er sá hugsunarháttur ríkjandi, að betra sje að lifa við sultarlaun í kaupstað en við sæmileg kjör í sveit, sjerstaklega á þetta við þá, sem lærðir eru kallaðir. Það eru hin ýmsu hlunnindi kaupstaðanna, sem ríða baggamuninn í þessu efni. Fyrir 280 kr. launahækkun setjast menn ekki að í sveit. Það þarf annað og meira til þess. Svo lítil peningaupphæð hefir lítil áhrif á lífsstefnu manna, eða það, hvað þeir velja sjer fyrir lífsstarf. Jeg býst við, að ef þetta væri tilgangurinn, þá yrði að fara fram á enn hærri laun, ef bera ætti tilætlaðan árangur. Jeg held líka, að það sje ógerningur að beina fólksstraumnum aftur til sveitanna með peningum einum. Framtíð sveitanna byggist ekki á hátt launuðum embættum, heldur auknum verklegum framkvæmdum. Að því á ríkisvaldið að vinna, og í skjóli þeirra framfara vex starfslöngun og andleg menning, sem dregur hugi unga fólksins aftur til sveitanna.

Jeg hygg, að endurskoðun launalaganna sje mjög ofarlega í hugum manna, og getur tæpast liðið mjög á löngu áður en hafist verður handa í því efni. Þá verður að sjálfsögðu að endurskoða barnakennaralaunin líka. Með tilliti til þess, getur það haft mikla örðugleika í för með sjer síðar meir, ef farið verður nú að taka þennan launaflokk út úr, og ákveða laun hans, sumpart af handahófi og sumpart til þess að láta eftir kröfum þeirra, sem hlut eiga að máli. Jeg tel slíkt stórlega varhugavert, og vil eindregið ráða hv. deild frá því að samþykkja frv. Við endurskoðun launalaganna kemur það í ljós, hvað ríkissjóður getur, og getan verður að ráða. En nú getur svo farið, að þegar öll kurl koma til grafar, þá verði gjaldahækkunin svo mikil, að mönnum hrjósi hugur við, og er þá ágætt(!) að vera búinn að smeygja svona hækkunum inn áður en menn vita, hvað þeir eru að gera.

Það er satt, að kennarar verða að bíða lengi eftir að fá fyrstu launauppbót og enn lengur eftir að komast upp í hæstu laun. Jeg skal taka það trúanlegt, að settir barnakennarar fái aldursuppbót; en jeg hefi ekki orðið var við það, og jeg skil ekki hvaða ástæður liggja að því, að kennararnir eru altaf settir í sumum sveitum, án þess að sjeð verði að öðruvísi standi á um þær en aðrar sveitir. Ef þetta er tekið trúanlegt, að settu kennararnir fái líka aldursuppbót, þá eru það allir eða flestir barnakennarar, sem starfa undir þessum ákvæðum, og geta þeir þá búist við að fá bætt launakjör eftir 3 ár, 6 ár, 9 ár eða 18 ár. Þess er þá líka sennilega full þörf, því að það getur verið, að þessir kennarar hafi þá svo mörg börn á sínu framfæri, eins og mjer skildist á hv. þm. V.-Ísf., en jeg man ekki eftir, að það sje neitt í launalöggjöf þeirra um það, að þeir

skuli fá hærri laun, ef þeir hafa stóra fjölskyldu. (ÁÁ: Aldursuppbótin er miðuð við það). Nei, svo er alls ekki, því að menn, sem eru búnir að vera nógu lengi í embættum og eiga engin börn og geta ef til vill alls ekki átt börn, þeir fá þetta samt. Jeg hefi líka haldið um þessa aldursuppbót, að hún væri alment veitt sem viðurkenning fyrir langt og gott starf, en ekki sem launahækkun vegna ómegðar.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg get ekki verið að karpa lengur við hv. þm. V.-Húnv. um jafn sjálfsagt mál og þetta. Jeg vil aðeins geta þess, að þegar talað er um laun embættismanna, þá eru hreppstjórar og oddvitar aldrei teknir til samanburðar. Þeir starfa á líkan hátt og hreppsnefndir og bæjarstjórnir í kaupstöðum, sem vinna alveg kauplaust, en það sýnir einmitt best, hvað kjör barnakennaranna eru aumleg, þegar menn geta látið sjer detta í hug að taka þetta til samanburðar.

Smærri atriðin í ræðu hv. þm. V.-Húnv. get jeg látið mig litlu skifta, en vil þó taka það fram, að skólastjórar fá venjulega ekki ókeypis húsnæði nema við heimavistarskólana, en þeir eru, eins og allir vita, tiltölulega fáir. Algengastir eru heimangönguskólar, og skólastjórarnir við þá verða að sjá sjer sjálfir fyrir húsnæði.

Annars er það lítil huggun eftir slík andmæli, sem hv. þm. hefir haft, að benda á endurskoðun launalaganna. Mjer skildist á því tali hv. þm., að hann hugsaði eins og rómverski keisarinn, sem óskaði að höfuð þegna sinna væru öll komin á einn háls, svo að hann gæti höggvið þau öll af í einu höggi. Sú almenna endurskoðun launalaganna vekur ekki mikla von í minu hjarta um fylgi þessa þm. Þeir hv. þm., sem munu fylgja þessu máli þá, gera það líka nú, og jeg vil ekki láta það biða. Það verður að veita farkennurunum launauppbót, og það verður að gera það strax.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 17 : 4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 4 atkv.

Á 64. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 266).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., 8. maí, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 266).

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 639).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og var flutt þar af fræðslumálastjóra, hv. þm. V.-Ísf. Það hefir legið hjer fyrir fjhn., og hún hefir orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. Eins og frv. ber með sjer, er með því gerð sú breyting á launum farkennara í sveitum, að árslaun þeirra hækka úr 300 kr. upp í 500 kr., og eru einnig gerðar ráðstafanir um það í frv., hvernig þessi hækkun greiðist úr ríkissjóði. Ástæðurnar fyrir frv. eru færðar fram í grg. af hv. flm., og n. gat fyrir sitt leyti fallist á þær.

Það er viðurkent, að frá byrjun hafi gætt nokkurs misrjettis um niðurjöfnun kostnaðar við barnafræðslu í sveitum og kaupstöðum, því að hlutfallsgreiðsla ríkissjóðs til sveitanna er minni heldur en til kaupstaðanna. Úr þessu misrjetti er bætt með frv., en það er þó ekki aðalatriðið. Aðalatriði málsins er eiginlega það, að miklir erfiðleikar hafa verið á því fyrir sveitirnar að fá sæmilega barnakennara fyrir þau laun, sem þeim eru nú ákveðin. Víða hefir farið svo, að sveitarsjóðirnir hafa orðið að leggja á sig meiri og minni útgjöld til þess að fá kennara, og sumstaðar hefir það ekki dugað, því að margar sveitir geta alls ekki fengið mann með kennaraskólaprófi til þess að annast kensluna hjá sjer. Fræðslumálastjóri er oft beðinn að útvega menn á þessa staði, en þegar það tekst ekki, þá verður að veita undanþágur og taka einhverja aðra menn, sem ekki fullnægja skilyrðunum. Það gefur að skilja, að það er ekki leyfilegt að gera ákvæði fræðslulaganna þannig að engu og láta ef til vill kunnáttulausa eða kunnáttulitla menn annast barnafræðsluna í sveitunum. Það er nauðsynlegt, að hún fari ekki í handaskolum, og sjálfsagt að bæta úr henni eftir bestu getu.

Það er ekki hægt að segja með neinni vissu, hversu mikil útgjöld þetta mundi hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð. Jeg skal játa, að n. hafði hvorki tíma nje tækifæri til þess að rannsaka þetta. Hún getur ekkert sagt um það með neinni vissu, hve miklu þetta muni nema, því að málið barst henni svo seint, að hún vildi ekki tefja það um skör fram, svo að það dagaði ekki uppi. Hv. flm. gerir ráð fyrir því í grg. frv., að þetta muni nema 20—25 þús. kr. árlega, en hinsvegar taldi minni hl. í hv. Nd. að það mundi verða kringum 35 þús. kr. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á, hvort muni vera rjettara, en jeg hygg, að hv. flm. sje þessum málum manna kunnugastur og hafi farið nærri því rjetta. Þó kann að vera, að hann hafi ekki tekið dýrtíðaruppbótina þarna með, og getur þá verið, að upphæðin sje nokkru hærri heldur en hann gerir ráð fyrir. Mjer virðist því ekki ósanngjarnt að fara bil beggja og gera ráð fyrir, að þetta muni kosta ríkið 30 þús. kr. árlega, því að jeg er ekki ugglaus um, að minni hl. n. í hv. Nd. hafi áætlað þetta heldur hátt. Mjer virðist upphæðin ekki vera mikil og eftir atvikum sanngjarnt að veita hana, því að þegar athugað er, hversu miklu er varið til barnafræðslu í sveitum og kaupstöðum, þá kemur í ljós, að sveitirnar bera skarðan hlut frá borði.

Jeg geri ráð fyrir, að málið sje nægilega upplýst, og ætla því ekki að

fara fleiri orðum um það, því að menn geta kynt sjer grg. frv. ef þeim þætti eitthvað á vanta. Fyrir hönd n. legg jeg svo til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta mál er sýnilega skilgetið afkvæmi ljósmæðrafrumvarpsins. Með ljósmæðrafrumvarpinu var gerð tilraun til þess að koma fram hagsmunum einnar stjettar, sem launuð er af opinberu fje, og þegar byrlega blæs fyrir henni, þá kemur næsta stjett og svo koll af kolli. Nú eru það barnakennararnir, sem eru næsta sporið, og svo kemur áreiðanlega ný stjett. Það lítur svo út, að Alþingi hugsi sjer að afgreiða öll þessi mál á þann veg, að tekin sje af handahófi ein og ein stjett og henni ákveðin launahækkun. Nú er það vitanlegt, að að því mun reka innan skamms, að öll launalögin verði tekin til athugunar, og fyndist mjer eðlilegt, að þetta væri látið bíða þangað til. Jeg veit að vísu, að það þýðir ekki að deila við fjölmenna n., sem leggur með frv., en jeg vildi samt lýsa afstöðu minni til málsins. Jeg tel sjálfsagt að fella frv., og álít að þessi leið til þess að endurbæta launakjör starfsmanna ríkisins sje mjög óheppileg.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi ekki ástæðu til að svara hæstv. fjmrh. miklu. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri skilgetið afkvæmi ljósmæðrafrumvarpsins. Þó að jeg ætli ekki að lýsa eftir faðerninu, þá geng jeg þess samt ekki dulinn, að þetta frv. er skylt hinu. Þó ekki beint í þeim skilningi, sem hæstv. fjmrh. vildi halda fram, að hjer væri verið að hlynna að einni stjett sjerstaklega, heldur snúa þau bæði meira að hinni komandi kynslóð heldur en að okkur eldri mönnunum. Að þessu leyti eru þau skilgetin systkini. Að frv. sje flutt vegna sjerstakrar stjettar, um það ætla jeg ekki að deila, en jeg skal taka það fram, að frá sjónarmiði n. var þetta ekki stutt sem stjettamál. Eins og jeg hefi áður gert grein fyrir, þá er þetta stutt af n. vegna þess, að hún telur það nauðsynlegt. Þótt það sje skiljanlegt, að hæstv. fjmrh. standi á móti þessu vegna útgjaldanna, þá er hins eigi síður að gæta, að það kostar altaf fje að laga það, sem aflaga fer. Jeg skal ekkert um það segja, hvort farkennarar hafa óskað eftir þessari breytingu eða ekki, en jeg tel það heldur ólíklegt, því að vel færir kennarar sinna yfirleitt ekki þessum störfum. Þeir eiga alstaðar annarsstaðar kost betri launa. Það þýðir ekki annað en að horfast í augu við þann veruleika, að óhjákvæmilegt er að fá góða kennara til þess að gegna þessum störfum, og annaðhvort verða sveitarfjelögin þá að leggja fram meira fje eða kenslan verður lakari að öðrum kosti. Það vakti fyrir mjer og n. að bæta úr þessu, en ekki hitt að hlynna að þessari einu stjett í landinu.

Að lokum skal jeg svo geta þess, að einn af nefndarmönnum greiddi ekki atkv. um málið, en hefir þó skrifað undir nál. með okkur hinum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Jeg get ekki fallist á það að nauðsynlegt sje að hækka laun kennaranna af því að það sje svo erfitt að fá menn í þessar stöður. Það hefir ekki við nein rök að styðjast þar, sem jeg þekki til. Jeg get hugsað mjer, að sumstaðar kunni að vera einhverjar hömlur á að fá menn, útskrif-

aða af Kennaraskólanum, en í flestum sveitum er margt fólk með gagnfræðamentun, og jeg álít það fullfært til þess að segja til börnum 8—12 vikur á vetri. Jeg neita því auðvitað ekki, að kennaraskólamennirnir eru góðir, en reynslan er samt yfirleitt sú, að hinir geta líka verið góðir. Meðan hægt er að nota þá krafta, þá álít jeg ekki vert að ganga út fyrir það svið bara vegna titils, og þó að fræðslulögin mæli svo fyrir, að kennaraskólamenn skuli ganga fyrir, þá álít jeg að ekki sje neinn skaði skeður, þó að gengið sje framhjá því.

ATKVGR.

Fram fór atkvgr. um 1. gr., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JóhJóh, JónJ, JÞ, JónasJ, PH, BKr.

nei: EÁ, JKr.

EF, HSteins, IHB, JBald og GÓ greiddu ekki atkv.

Forseti frestaði úrskurði um atkvgr.

Á 72. fundi í Ed., 17. mai, var fram haldið 2. umr. um frv. (atkvgr.).

Forseti (GÓ): Það hefir að vísu farið fram atkvgr. með nk. um þetta mál, og sömuleiðis um annað málið hjer á dagskránni (Frv. til l. um breyting á yfirsetukvennalögum). En ef enginn hv. þdm. hefir á móti því að greiða atkv. um málið aftur, þá þætti mjer það vel farið; en auðvitað, ef mælt er á móti því, þá mundi jeg verða að kveða upp úrskurð um málið. En ef haft verður á móti því, að greiða atkvæði aftur í þessu máli, þá fer jeg ekki að biðja um það í hinu málinu, því það mundi auðvitað fara á sömu leið.

Halldór Steinsson: Mjer finst óþarfi að greiða aftur atkvæði um málið með nafnakalli. Það hefir þegar farið fram atkvgr., og liggur ekkert annað fyrir en úrskurður forseta.

En í fyrra málinu stóð svo á, að sá, sem ekki greiddi atkvæði, bauðst til að greiða atkvæði síðar. — Ef sami maður vill nú greiða atkvæði og forseti taka það til greina, þá finst mjer, að það geti vel farið svo, án þess að aðrir greiði atkvæði aftur.

Forseti (GÓ): Þetta er alveg rjett hjá hv. þm. Snæf. (HSteins), að jeg tók það ekki til greina, eftir að þm. hafði fyrst neitað því, og það er eins, ef menn ekki vilja greiða atkv. um það mál nú. Mjer þótti of seint boðið að greiða atkv., jeg kann ekki við á sama fundinum að þiggja sama atkvæði, sem alveg nýlega hefir verið neitað að greiða, jeg get fremur þegið það atkvæði, þegar þm. hefir fengið tíma til að hugsa sig um, því að líklega er það ástæðan, þegar menn hika við að greiða atkvæði með nk., að menn eru ekki vel undir það búnir að greiða atkvæði.

Erlingur Friðjónsson: Jeg ætlaði mjer að óska þess, ef farið verður fram á það, að gengið verði til atkvæða um 2. mál á dagskránni (Frv. til l. um breyt. á yfirsetukvennalögum), þá verði einnig gengið til atkvæða um þetta mál. Mjer finst afgreiðsla þeirra vera svo skyld, að það væri ástæða til að taka upp atkvæðagreiðsluna um bæði málin, ef tekin er upp um annað.

Jón Baldvinsson: Satt að segja finst mjer þetta dálítið nýtt, að í svo miklu

stappi skuli ganga með að úrskurða þessa atkvæðagreiðslu, því að jeg veit ekki betur en að þetta sje svo algengt, að það komi nærri því fyrir á hverjum fundi Alþingis, að einhver þm. neiti að greiða atkv. við nk. og tilfæri meiri eða minni ástæður. Mjer er heldur ekki kunnugt um, að forsetar noti þau refsiákvæði, sem þingsköp leggja þar við, gagnvart þeim mönnum, sem þannig koma sjer hjá að greiða atkvæði. Annars er það á valdi forseta að gera þeim einhver víti, en jeg hugsa, að annað sje ekki hægt að gera.

Jeg hygg, að það liggi fyrir hundruð úrskurða frá forsetum beggja deilda um það, að mál sje samþykt, þótt einhver þm. greiði eigi atkv. við nafnakall, og þótt atkv. þess þm. hefði getað ráðið, hvort samþ. var mál eða felt. Jeg man t. d. eftir, að það kom oft fyrir við atkvgr. um fjárlögin nú síðast, að brtt. við þau var samþ. með 7 : 6 atkv., og einn greiddi ekki atkv. Jeg man þar eftir, að styrkveiting til Jóns Leifs var samþykt svo, og jeg held að það hafi verið hv. 2. landsk. (IHB), sem þá greiddi ekki atkv., og þetta var þó lýst samþykt á sama fundi.

Þegar menn taka sig til og neita að greiða atkvæði, þá skilst mjer, að það sje af því, að það vegur meira í hug þeirra manna að bregða ekki fæti fyrir það mál, sem um er að ræða, þótt þeir vilji ef til vill ekki leggja sitt „positiva" samþykki á málið.

Forseti (GÓ): Jeg skal ekki segja neitt um það, hve mikil rök hv. 4. landsk. (JBald) getur fært fyrir því, að þetta hafi oft komið fyrir. Þó er það kannske nokkuð annað, að gengið sje linlega eftir hreinum meiri hl. við smábreytingar, heldur en við heil frv., sem hafa mikil útgjöld í för með sjer. Svo vil jeg heldur ekki halda því fram, að mjer geti ekki skjátlast með úrskurði, sem jeg hefi kveðið upp, það getur vel verið eitthvað skakt í þeim, en þó mundi jeg reyna að forsvara þá, ef sjerstaklega væri bent á einhvern þeirra. En jeg hugsa, ef farið er að leita í gerðabókum þingsins til fleiri ára, þá geti fundist fleira, sem ógreitt kann að verða um að samræma. En jeg vík að því aftur, sem hv. þm. Snæf. (HSteins), og reyndar hv. 4. landsk. (JBald) líka, hafa sagt á móti þessari atkv.greiðslu, að ef þeir vilja greiða atkv. um þetta mál, þá vil jeg láta það sama ganga yfir hitt málið. En ef deildarmenn, þótt ekki sje nema einn, hafa á móti því að greiða atkvæði um þetta, þá mun jeg ekki fara fram á það við hv. deild, að hún greiði atkvæði um hitt, en kveða þá upp úrskurð í báðum þessum málum. En jeg vil óska þess, að þeir, sem ekki hafa greitt atkvæði í þessu máli, það var hv. þm. Ak. (EF), hv. þm. Snæf. (HSteins), hv. 2. landsk. (IHB) og hv. 4. landsk (JBald) vildu nú gefa mjer upp ástæður sínar betur, því ef til vill hefi jeg ekki gengið nógu rikt eftir því, hvaða ástæður þeir höfðu til þess að vilja ekki greiða atkvæði.

Erlingur Friðjónsson: Hæstv. forseti las mitt nafn fyrst upp meðal þeirra, sem ekki vildu greiða atkvæði um það, sem nú er 9. málið á dagskránni. Skal jeg þá fyrir mitt leyti gefa hæstv. forseta það svar, að ástæðan fyrir því að jeg vildi ekki greiða atkvæði í málinu við umr. þess um daginn, var sú, að jeg hafði ekki kynt mjer málið svo, að jeg teldi mjer fært að greiða atkvæði um

það. Jeg vil ætið láta mitt atkvæði falla þannig, að jeg geti sem best forsvarað afleiðingarnar af því. En sjerstaklega vil jeg vera varfærinn, þegar er að ræða um þau mál, sem snerta útgjöld ríkissjóðs, ekki einasta strax, heldur og í framtíðinni. Jeg taldi mig því þurfa að athuga málið betur áður en jeg greiddi um það atkvæði, en nú hefi jeg líka kynt mjer þetta mál svo, að jeg er reiðubúinn til að greiða atkvæði um það. Hið sama get jeg sagt um 2. málið á dagskránni (yfirsetukvennalög).

Jón Baldvinsson: Jeg get bent á það, að þegar fjhn hafði þetta mál til meðferðar, þá greiddi jeg ekki atkvæði um það þar. Það er af því, að það er einn flokkur kennara, sem hjer er um að ræða, en jeg hefði heldur viljað, að það hefði verið tekinn upp heill launaflokkur til athugunar. En þótt jeg ekki vildi bregða fæti fyrir þetta frv., þá vildi jeg þó ekki ljá því mitt jákvæði. Þetta er ástæðan til, að jeg ekki greiddi atkvæði við aðra umr. málsins, og þessa ástæðu býst jeg við að hafa enn, ef til atkvæða kemur, og mundi sennilega sitja hjá, ef til nafnakalls kæmi, og jeg vil benda á það, af því að hæstv. forseti sagði, að það væri dálitið öðru máli að gegna um smávægilegar brtt. heldur en heil lög, að jeg er hæstv. forseta sammála um það, að hann verður líka að líta á það, hvort málin eru stórvægileg eða ekki; getur það kannske haft nokkra þýðingu fyrir úrskurð hans. Jeg skal benda á annað dæmi. Jeg greiddi ekki atkvæði um veðdeildina í landbúnaðarbankanum, og það stóð á mínu atkvæði, hvort hún yrði samþykt eða ekki. Það voru greidd atkvæði um hana og hún samþ. með 7 : 6 atkv., en 4. landsk. (JBald) sat hjá, því að þótt hann væri ekki viss um gagnið af þessari deild bankans, þá vildi hann ekki bregða fæti fyrir málið, gegn eindregnum óskum þeirra manna, sem láta sig landbúnaðarmálin miklu skifta. Og þótt hjer sje ekki um heilan lagabálk að ræða, þá er það merkilegt atriði í búnaðarbankalögunum.

Halldór Steinsson: Ástæðan til þess að jeg greiddi ekki atkv. um þetta frv. var sú, að frv. um laun yfirsetukvenna hafði verið stöðvað hjer í deildinni, en jeg taldi rjett, að þessi frv. fylgdust að, þar sem þau að nokkru leyti eru skyld hvort öðru, því að í báðum tilfellum er farið fram á að bæta laun lágt launaðra starfsmanna. Jeg mun ekki skorast undan að greiða atkvæði í þessu máli, þegar sjeð er fyrir um afgreiðslu frv. um laun yfirsetukvenna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg gat þess í gær, að jeg greiddi ekki atkv. um þetta mál. Jeg get tekið undir með hv. 4. landsk., að fleiri koma hjer til greina í þessari stjett, en þeir, sem kennarapróf hafa tekið. Jeg get því ekki sjeð nægа ástæðu til þess að breyta launum þessarar stjettar sjerstaklega, meðan ekki er útsjeð um hver verða úrslit annars máls, sem deildin hefir nú til meðferðar, nefnilega launahækkunar ljósmæðra. Annars vil jeg ekki verða til þess að fella málið með mínu atkvæði, ef svo glögt stendur um úrslit þess.

Forseti (GÓ): Þeir hv. þdm., sem ekki greiddu atkvæði um þetta mál á síðasta fundi, hafa nú látið mjer í tje munnlegar ástæður fyrir því. Það kann að mega segja með nokkrum rökum, að jeg hafi ekki altaf gengið nógu ríkt eft-

ir því, að þm. færðu fram ástæður, ef þeir skorast undan að greiða atkvæði. En í þessu tilfelli verður slíkt ekki sagt með sanni. Jeg mun því láta mig það litlu skifta, sem hv. 4. landsk. hefir fært fram sem yfirsjónir af minni hálfu. (JÞald: Jeg talaði ekkert um yfirsjónir.) Jeg mun hinsvegar fara eingöngu eftir því, hvernig jeg lít á þingsköpin, og mun úrskurða málið á þeim grundvelli. Jeg frestaði að kveða upp úrskurð á síðasta fundi, vegna þess að jeg vildi fyrst vita með vissu, hversu þingsköpin mæla fyrir um þessi efni. Nú hefi jeg kynt mjer það og mun kveða upp rökstuddan úrskurð um þetta atriði.

Jeg skal þá taka það fram, að jeg tek gildar ástæður hv. þm. Ak. Hann kvaðst ekki hafa treyst sjer til að greiða atkvæði vegna þess að hann hefði ekki þókst undir það búinn, hvað þekkingu á málinu snerti, en nú hefði hann kynt sjer málið nokkuð til hlítar, og væri nú viðbúinn að greiða atkvæði. Sömuleiðis tek jeg gildar ástæður hv. 4. landsk., enda voru þær svipaðar og sama eðlis og ástæður hv. þm. Ak. Hinsvegar get jeg með engu móti tekið ástæður hv. þm. Snæf. til greina. Hv. þm. vildi telja það gildar ástæður til þess að greiða ekki atkvæði, að hann óttaðist að slíkt gæti orðið til þess að stöðva annað mál, nefnilega frv. um launabætur yfirsetukvenna. Jeg get alls ekki tekið slíkar ástæður gildar, því að þetta er alveg sjálfstætt mál. Sama er að segja um þær ástæður, sem hv. 2. landsk. færði fram, enda voru þær sama eðlis og ástæður hv. þm. Snæf. (IHB: Þær voru að ýmsu leyti annars eðlis). Ef svo er, vildi jeg biðja hv. þm. að gera svo vel og hafa ástæðurnar yfir aftur, til frekari skýringar. (IHB: Gerist engin þörf; vona að skifarinn hafi skrifað þær.) Jæja, jeg skal þá ekki ganga eftir þeim, ef hv. þm. vill ekki láta mjer þær í tje af fúsum vilja.

Jeg skal þá lesa upp þá grein þingskapanna, sem fjallar um þessi atriði, nefnilega 47. gr. Hún hljóðar svo:

„Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málatriða, nema öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.). En það er afl atkvæða, ef meiri hluti þingmanna þeirra, sem á fundi eru og atkvæðisbærir, gera annaðhvort að játa eða neita.“

Nú lít jeg svo á, að atkvæðisbærir verði þeir þm. að teljast, sem ekki hafa svo ríkar ástæður til þess að skorast undan að greiða atkvæði, að forseti geti tekið þær gildar. Ef forseti hinsvegar tekur ástæður þm. góðar og gildar, verður hann að skoðast ekki atkvæðisbær og telst því ekki með í deildinni. Samkvæmt þessum skilningi mínum verður atkvæðagreiðslan, sem fram fór um þetta mál í gær, að úrskurðast á þá leið, að 7 greiddu atkvæði með 1. gr. frv., tveir greiddu ekki atkvæði af þeim ástæðum, sem jeg tek gildar. Hafa því 7 þm. af 12 atkvæðisbærum goldið jákvæði, og úrskurðast greinin því samþykt. Þá liggur næst fyrir að greiða atkvæði um aðrar greinar frv. og frv. í heild.

ATKVGR (frh.).
2. og 3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr., og var

afbrigða synjað af hálfu deildarinnar með 4 : 6 atkv.

Frv. var eigi á dagskrá tekið framar.

35. Tekju- og eignarskattur (frv. Gunn. S.)

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv. A. 277)

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Þetta mál þarf ekki langrar framsögu við. Í grg. frv. er tekið fram, hversvegna það er flutt. Það hefir allvíða komið fram, að yfirskattanefndir hafa misskilið tekju- og eignarskattslögin. Tel jeg rjett, að í slíkum tilfellum felli stjórnarráðið úrskurð um vafaatriði, án þess að komi til kasta dómstólanna, enda er svo til ætlast í lögunum. Frv. ákveður skýrt um þetta, og vona jeg að hv. deild vísi málinu til 2. umr. og fjárhagsnefndar og hleypi því sem fyrst gegnum deildina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 372).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og nál. fjhn. ber með sjer, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum orðabreytingum. Eru þær í því fólgnar, að talað er í frv. um undirskattanefndir í mótsetningu við yfirskattanefndir. En í skattalögunum er orðið „undirskattanefnd“ ekki til, heldur aðeins skattanefndir og yfirskattanefndir. Þá þótti n. og rjett, að það kæmi skýrt fram, að ráðuneytið legði því aðeins úrskurð á ágreining, ef viðkomandi óskaði þess. En eins og það er í frv., mætti skilja það svo, að jafnan skyldi leggja ágreining undir úrskurð.

Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg er sammála hv. meðnefndarmönnum mínum um það, að rjett sje að hafa einn yfirdómstól í skattamálum, og þess vegna hefi jeg getað fylgt frv. En fyrirvari minn er í því fólginn, að jeg álít, að það væri unt nú þegar, að ráðast í það, að setja á stofn landsyfirskattanefnd. Því að jeg tel það ekki heppilegt, að úrskurðir um þessi efni byggist á svo pólitískum grundvelli og hlýtur að verða meðan ráðuneytið fer með þessi mál. Hygg jeg betra, að þau væru lögð undir úrskurð þar til kjörinnar nefndar. Annars býst jeg við að komi uppástunga um þetta frá milliþinganefnd þeirri í skattamálum, er nú situr á rökstólum. Jeg vildi því ekki leggja fram sjerstaka till. þess efnis, en get sætt mig við þetta fyrirkomulag fyrst um sinn.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er þakklátur hv. n. fyrir það, hvað hún hefir afgreitt þetta mál fljótt og vel. Hefi jeg enga ástæðu til þess að hafa á móti þeim breytingum, er hún leggur til, því þær eru ekki efnisbreytingar, heldur aðeins orðabreytingar. En að orðið „undirskattanefnd" er í frv. mínu, kemur til af því, að jeg hafði ekki skattalögin við hendina, er jeg samdi frv., en skattanefndir eru hinsvegar í daglegu tali kallaðar undirskattanefndir.

Hitt leiðir auðvitað af sjálfu sjer, að stjórnarráðið fer ekki að úrskurða um ágreining, nema til þess sje leitað. Jeg get því, eins og jeg hefi áður sagt, að öllu leyti fallist á breytingu n., því að þær kveða aðeins skýrar á um það, er jeg vildi sagt hafa.

ATKVGR.

Brtt. 372, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 372, 2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 53. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 386).

Á 55. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Refarækt.

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um refagirðingar og útflutning refa (þmfrv. A. 294).

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Einar Jónsson): Þó að grg. þessa frv. sje ekki löng, þá talar hún sínu máli fyrir efni frv., og get jeg því verið stuttorður.

Landbn. hefir virst rjett að bera fram í frv.-formi þau ákvæði, sem hjer um ræðir, og álítur, að aðaláherslu beri að leggja á það, að refir, sem einstakir menn fanga og hafa í gæslu, sjeu í öruggu haldi og strangri ábyrgð eiganda, svo að sauðfje annara sje engin hætta búin. Annars er

sönnun fyrir því, að ef þessi atvinna, að hafa með höndum refaeldi, er rekin á rjettan hátt og öðrum að hættulausu, þá muni nokkurn veginn vís arður í aðra hönd. Og með því að þingið geri nægilegar ráðstafanir til þess, að hjer sje útilokuð hætta á annara hönd og að refaræktarbú sjeu undir eftirliti dýralæknis, sýnist ekki ástæða til að spyrna fæti við þessu máli.

Jeg legg því til fyrir hönd landbn., að málið fái fylgi hv. deildar og komist í rjetta höfn.

Pjetur Ottesen: Það er ef til vill nauðsynlegt að setja lagaákvæði um, að refir sjeu aldir í fulltryggum girðingum. En jeg býst við, að ákvæði um þetta sjeu tekin upp í refareglugerðir flestra sýslna, að minsta kosti er svo í Borgarfirði. Það kann að vera, að þetta sje ekki allsstaðar gert, og að þetta sje því nauðsynlegt, enda er jeg ekki á móti því, að lagaákvæði sjeu sett um þetta efni. En það þarf að samrýma þessi ákvæði möguleikunum til að koma yrðlingunum heim í þessar girðingar, en samkvæmt þessu frv., verður ekki hægt að uppfylla lagabókstafinn, hvað þetta snertir. Það eru sjerstaklega ákvæði 3. gr., sem mjer virðist að mjög geti orkað tvímælis. En hv. frsm. mintist ekki einu orði á ákvæði þessarar gr. Þar er svo kveðið á, að eigi megi flytja út refi nema frá þeim refabúum, sem starfað hafa árlangt (12 mánuði) að minsta kosti. Eftir því sem mjer er kunnugt, er ekki um að ræða nema þrjú refabú hjer á landi, er fullnægi þessum skilyrðum, og er þeim því með ákvæðum gr. gefin einkaheimild til að flytja út og selja refi. Síðastliðið vor hækkaði verð á yrðlingum geysilega mikið. Undanfarin ár hafði það verið þetta 40—50 kr., en á síðasta vori steig það upp í 300 kr. Orsökin er sú, að hjer mun hafa verið all-hörð samkepni um kaup á yrðlingum á milli Norðmanna og þeirra Íslendinga, er hafa komið sjer upp refabúum. Það er sjálfsagt að stuðla að því, að refarækt geti orðið sem arðvænlegust fyrir landsmenn, en því má ekki gleyma, að ef 2—3 fjelögum er gefið einkaleyfi um sölu yrðlinga, er þeim mörgu mönnum, er grenin vinna og refanna afla, gert mjög rangt, því að þeir verða algerlega háðir vilja þessara fáu manna, sem þá hafa aðstöðu til þess að kaupa yrðlinga til þess að senda þá lifandi út, um það, hvaða verð þeir borga fyrir dýrin.

Jeg vildi benda á þetta og skora á hv. landbn. að taka þetta atriði málsins til athugunar, af því að hún virðist ekki hafa athugað það svo vandlega sem skyldi, og styður það þá skoðun mína, að hv. frsm. n. mintist ekki á það.

Jón A. Jónsson: Það er rjett hjá hv. þm. Borgf. (PO), að eftir frv. er þeim einum leyfilegt að flytja út refi, er hafa haft refabú að minsta kosti eitt ár. En ástæðan til þess, að ekki hefir verið markaður ytra fyrir lifandi yrðlinga fyr en á síðasta ári mun vera sú, að refaeldismenn erlendis kaupa ekki önnur dýr en þau, sem alin eru upp í fangelsi. Því að reynslan er talin hafa sýnt, að þau dýr, sem veidd eru vilt, gefa stopulli og minni arð. Í Kanada gefa silfurrefir, sem eru viltir, ekki hálfan arð á við refi, sem

upp eru aldir í fangelsum. Þeir Norðmenn, sem keyptu hjer yrðlinga síðastliðið vor, seldu bestu dýrin sem grænlensk dýr, en þau lökustu sem íslensk dýr, og eftir síðastliðið ár er ótrú hjá refabúseigendum í Noregi á íslenskum yrðlingum, og jeg hygg, að það verði ekki gróðavegur að flytja út vilta refi. Við verðum að koma upp refabúum og gera kynbætur á refunum; með því móti einu getur þetta orðið til hagsmuna fyrir bændur og aðra, sem stunda þennan atvinnuveg. Ennfremur þarf að koma hjer á dýralækniseftirliti með refabúunum. Norskur maður, Fuglestad að nafni, hefir flutt út refi, og talið er, að þeir hafi ekki allir verið lausir við húðsjúkdóma. Auk þess er þessi náungi uppvís að því, að hafa reynt að komast hjá að greiða toll af refum og skinnum. Hann varð einnig uppvís að því, að fara upp um heiðar og fjöll, til þess að veiða refi, og fjekk jeg hann sektaðan fyrir það. Ef á að leyfa slika samkepni, leiðir það til þess, að Íslendingar verða út úr samkepninni, og þó eru það þeir, sem fyrst og fremst leggja eitthvað í kostnað til að bæta þessa atvinnugrein.

Frsm. (Einar Jónsson): Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) er búinn að svara flestu því, sem máli skifti, hjá hv. þm. Borgf. (PO), svo að jeg hefi fáu við að bæta.

Það er ekki rjett, að landbn. hafi ekki gætt ákvæða 3. gr. En svo að heilbrigðisráðstafanir vegna dýranna komi að nokkru gagni, og dýralæknir geti haft eftirlit með, að ekki sjeu flutt út sjúk dýr, er ekki hægt að ætlast til, að hann gefi vottorð fyrir skamman tíma. Það ástand, sem nú er, er alveg óþolandi, og eins og hv. þm. N.-Ísf. benti á, eru útlendingar hjer á fjálkveiðum eftir refum út um alt land og flytja þá út í algerðu eftirlitsleysi.

Hvað það snertir, að með ákvæðum 3. gr. sjeu allir, nema búin, útilokaðir frá útflutningi refa, eins og hv. þm. Borgf. hjelt fram, þá er því til að svara, að samkvæmt þessari gr. eru allir jafnt útilokaðir frá að flytja út refi, fyr en 12 mánuðir eru liðnir frá því, að þeir voru veiddir. Er þetta nauðsynlegt til þess að tryggja eftirlitið. Athugasemdir hv. þm. Borgf. eru því á misskilningi bygðar, hvað þetta atriði snertir.

Jeg er ekki feiminn að játa það, að jeg er ekki sjerfræðingur um þessi efni, og jeg hygg, að jeg megi lýsa yfir því fyrir hönd landbn., að hún muni fúslega taka þær brtt., sem einhverjir þm. kynnu að vilja gera, til athugunar. En auðvitað verða þær að vera á einhverjum rökum reistar.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að lengja mikið þessa umr., en langar þó að beina fáeinum vingjarnlegum spurningum til hv. landbn., sem jeg geri ráð fyrir að hafi hugsað vel og vandlega um þetta mál.

Í upphafi 1. gr. frv. er bannað að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum. Nú vildi jeg spyrja, hvað meint er með fulltryggum girðingum? Eru það aðeins girðingar eins og nú eru farnar að tíðkast til refageymslu, er falla undir þetta hugtak? Eða er átt við, að aðeins sje heimilt að geyma refi í húsum, er skoðast megi nothæf sem girðing? Og hvernig er það með eyjar, sem liggja langt frá landi og taldar hafa verið vel einangraðar?

Þessar spurningar eru aðeins fram komnar til þess að fyrirbyggja allan misskilning á því, hvernig skilja eigi framkvæmd laganna. Hinsvegar býst jeg við, að með þessu ákvæði 1. gr. sje hugmyndin sú, að varslan sje svo trygg, að dýrin geti ekki sloppið á burt.

Þá er það viðvíkjandi ákvæði 2. gr. frv., að öll refabú skuli vera háð dýralækniseftirliti. Mjer er ekki vel ljóst, hvernig þessu eftirliti yrði komið fyrir, þar sem refabúin eru langa vegu frá dýralækni. Eða eiga að falla undir þetta ákvæði 4—5, 10 eða 12 dýr, sem einhver kann að geyma í tryggri eyju, húsi eða á annan hátt. Eiga þá þessi fáu dýr að skoðast sem refabú? Mjer hafði skilist, að með orðinu refabú væri átt við það, að refir væru aldir þar alt árið, en ekki þar sem fáeinir refir eru aldir nokkra mánuði, aðeins með það fyrir augum, að farga þeim á sama ári.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. skilst mjer, eins og hv. þm. Borgf. tók rjettilega fram, að sala refa út úr landinu sje útilokuð, nema þá frá þeim atvinnurekendum, sem komið hafa refabúunum á stofn.

Hinsvegar tek jeg undir það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það er ekki nema eðlilegt, þó að gerðar verði einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja þennan atvinnurekstur. Það er kunnugt, að ýmsir framtakssamir menn hafa lagt mikið í kostnað, bæði með dýrum og vönduðum girðingum og ýmsu öðru, refaræktinni viðkomandi, svo að það er ekki nema sanngjarnt, að menn, sem engu hafa til kostað, njóti ekki sömu friðinda og þeir, sem ekkert hafa til sparað um að koma þessari vöru í verð. Hitt er vitanlegt, að það verðlag, sem var á yrðlingum síðastliðið sumar, var svo óeðlilegt, að það hefir því aðeins getað átt sjer stað, að um óeðlilega samkepni var að ræða. Ef að löggjöfin snýr sjer að því, að tryggja þennan atvinnurekstur, þá verður það að gerast á þann hátt, að þeir innlendir menn, sem allan kostnaðinn hafa af því að rækta þessa vöru, beri meira úr býtum en erlendir lausakaupmenn, sem kunna að skjóta hjer upp höfðinu.

Vænti jeg svo, að hv. frsm. (EJ) veiti mjer góð og greið svör við spurningum mínum. Jeg skal svo að síðustu taka fram, að jeg skil ákvæði 1. gr. á þá leið, að þar sje átt við trygga vörslu, á hvern hátt sem hún er úr gerði gerð, hvort heldur hún er af mönnum sett eða tilbúin af náttúrunni, og að undir ákvæði 2. gr. falli ekki annað en sjerstök refaræktarbú.

Hannes Jónsson: Jeg er ekki alveg viss um, að hv. þdm. sje fyllilega ljóst, hvað meint er með frv. þessu. Mjer er það a. m. k. ekki, enda hefir engin fræðsla fengist um það frá hv. landbn.

Jeg hygg, að það sje ekki rjett, sem hv. frsm. (EJ) hefir haldið fram, að ekki megi flytja út nema ársgamla refi. Því þó að 3. gr. frv. láti svo um mælt, að refabú verði að hafa starfað í 12 mánuði, áður en það fær leyfi til að flytja út lifandi refi, þá er ekki þar með sagt, að refirnir þurfi að vera ársgamlir. Mjer skilst t. d., að refabú, sem sett var á stofn í fyrra, geti flutt út í sumar yrðlinga, sem náðst hafa að vorinu.

Að þessu leyti er jeg ekki viss um, að frv. komi að tilætluðum notum, ef það er meiningin að flytja út aðeins ársgamla refi. Annars sje jeg enga ástæðu til þess að aftra útflutningi yrðlinga, því það út af fyrir sig ætti ekki að þurfa að spilla sölu á þessum dýrum.

Jeg er sammála hv. þm. Barð. (HK) um það, sem hann sagði um girðingarnar. Það væri fjarstæða að útiloka, að menn mættu geyma refi í eyjum, sem á annað borð eru taldar fullkomin varsla eða fyrirbygt, að dýrin geti sloppið þaðan. Eins og allir vita, ala Norðmenn yrðlinga í eyjum, og ekki ósennilegt, að þeir hafi einmitt þess vegna getað keypt þá svo háu verði hjer og raun hefir á orðið, af því að kostnaðurinn við að ala þá upp í eyjum hefir orðið tiltölulega lítill.

Jeg get vel skilið þá stefnu og viðurkent hana líka, sem ætlast er til að komi fram í frv., þ. e. að styðja og efla þann litla vísi til refaræktunar, sem nokkrir framtakssamir menn hafa byrjað á hin síðari ár. Og er það fjarri mjer að íþyngja þeim áhugasömu mönnum á nokkurn hátt. En jeg vil heldur ekki ganga of langt í þessu efni, og því síður koma á einokun um sölu refa út úr landinu. Því ef samkepni hefði ekki átt sjer stað um kaup og útflutning yrðlinga, þá hefði verðið aldrei orðið eins hátt hjer innanlands eins og átti sjer stað síðastliðið sumar. Það mun hafa verið byrjað með að bjóða í yrðlingana síðastliðið vor um 70 kr. hvern, en þegar fram á sumarið leið og Norðmenn komu til sögunnar, hækkaði verðið óðum. (HK: En er það heilbrigð verslun að gefa 300 kr. eða meira fyrir einn yrðling?) Það skal jeg ekkert um segja, enda efast jeg um, að hv. þm. Barð. (HK) geti sagt um það, hvort Norðmenn hafi tapað á þeim kaupum eða ekki. En mjer finst ástæða til að halda, að því aðeins hafi Norðmenn staðist við að kaupa yrðlingana svona háu verði, að þeir hafi svo góða aðstöðu við að ala þá upp, eins og jeg drap á áður.

Jeg vil því að athugað sje mjög grandgæfilega, hvað unnið sje við, að aftrað verði, að samkepni geti átt sjer stað á þessu sviði.

Annars er jeg mjög hissa á því, að samkepnismaður eins og hv. þm. N.-Ísf., skuli mæla slíku einræði bót og kemur fram í frv. þessu. Hans góða samkepni ætti að ráða hjer, til þess að hjálpa til að halda uppi verði yrðlinganna, þó að hann að öðru jöfnu og á heilbrigðum grundvelli vildi styðja þá mennina, sem gert hafa refaræktina að all-arðsömum atvinnurekstri.

Frsm. (Einar Jónsson): Mjer finst að þeir hv. þm., sem talað hafa um, að frv. væri óljóst orðað, hafi ekki gætt þess, að á bak við frv. stendur reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur og kveður nánar á um einstök atriði. Það er aldrei hægt að taka alt með í frv. eða lögin; þau yrðu þá svo löng, þess vegna er nauðsynlegt að hafa öll nánari atriði í reglugerðinni. Jeg hefði nú haldið, að sumir þeir, sem fundið hafa að frv., vantreystu ekki hæstv. atvmrh. að vera samgjarn um samning reglugerðarinnar, eins og hans er venja.

Út af fyrirspurnum hv. þm. Barð. (HK) um, hvað átt sje við með fulltryggum girðingum, þá held jeg, að

jeg megi fullyrða fyrir hönd n., að þar sje átt við hverskonar vörslu, sem á annað borð er álitin svo trygg, að dýrin geti ekki sloppið úr henni, nái það og til allra girðinga, úr hverju sem þær eru gerðar, svo og allra eyja, sem eru það langt undan landi, að sundið er talið ófært refum. Þó að ekki sje neitt sjerstakt ákvæði um að geyma megi refi í þar til gerðum húsum, þá býst jeg þó við, að slíkt yrði leyft, ef svo tryggilega væri um búið, að engin hætta væri á, að dýrin gæti þaðan sloppið. En viðvíkjandi þeim girðingum á landi, sem setja þarf í kringum refahóp, þá skal jeg aðeins taka það fram, að gert er ráð fyrir að hún sje svo trygg, að refirnir komist ekki út, og aðrar skepnur nái ekki til þeirra, svo að sóttnæmi berist ekki á milli. Þá hefir n. spurt sig fyrir um, hvort ekki væri hætt við, að refir græfu sig undir girðingarnar, og út, en við því kvað vera fundið einfalt ráð, en það er að koma járnbretti fyrir, innan girðingarinnar, og grafa það dálítið á ská niður í jörðina, og eru refirnir ekki enn orðnir svo hyggnir, að þeir kunni að varast það, og grafa sig því ekki út.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. Barð. spurði, hvort 4—5 eða 10—12 refir, sem menn ala heima hjá sjer, skyldu skoðast sem refabú, þá er því til að svara, að jeg býst við, að svo sje ekki, eftir frv. að dæma, en kveða mætti nánar á um það í reglugerð. Annars hygg jeg, að hver og einn sje frjáls að því, að ala heima hjá sjer 1 eða 2 refi eða eitthvað fleiri, ef varslan er það trygg, að engin hætta sje á að refirnir hlaupi á braut.

Þó að undarlegt sje, þá er engu líkara en að hv. þdm. hafi skotist yfir að lesa síðari hluta 2. gr. frv. Þar er tekið skýrt fram, að hreppstjórar skuli hafa eftirlit með, að refagirðingar sjeu hafðar svo öruggar, sem reglugerð tilskilur. En stærsta atriðið er, að um þetta sje tryggilega búið lögum samkvæmt. Því þar sem ætla má, að refarækt geti orð.ð arðvænlegur atvinnurekstur, verður að fyrirbyggja það, að refirnir geti sloppið út og lagst á sauðfje nágrannanna.

Fyrir hönd landbn. er mjer óhætt að fullyrða, að fyrir okkur vakti ekki annað með frv. þessu en það, að við vildum tryggja sem best, að refarækt mætti reka hjer á landi, án þess að aðrir liðu nokkurt tjón fyrir það. En hafi landbn. ekki tekist að ganga frá þessu eins tryggilega í frv. og æskilegt væri, vænti jeg þó, að í hinni væntanlegu reglugerð atvinnumálaráðuneytisins verði þetta svo ljóst og greinilega orðað, að ekki geti orkað tvímælis við hvað er átt.

Halldór Stefánsson: Jeg get verið sammála þeim hv. þdm., sem talað hafa um það, að nokkur ástæða kunni að vera til að setja lög um þessa tiltölulega nýju en arðsömu atvinnugrein, til þess að tryggja hana betur. Hitt er annað mál, hvernig þau lög eiga að vera.

Jeg ætla ekki að þessu sinni að fara neitt verulega út í það, að „kritisera" frv., en vil þó láta í ljósi það álit mitt, eins og hv. þm. Borgf. hefir vikið að, að með frv. er meira tillit tekið til hagsmuna þeirra, sem ala upp refi til að versla með þá, heldur en hinna, sem veiða dýrin. Í grg. frv. er það tekið fram, að með ákvæðum, sem í frv.

eru, eigi tvent að vinna, í fyrsta lagi að hlynna að viðleitni brautryðjenda í refarækt, og í öðru lagi að tryggja það, að refir geti ekki sloppið úr vörslu.

Nú telja menn, vegna öryggis sauðfjárins, sjálfsagt og nauðsynlegt að eyða sem mest viltum refum, og hefir verið lagt allmikið kapp á það. Hið háa verð hefir mjög aukið áhuga og kapp refaveiðimanna. Er því þörf á að athuga, hvort ekki sje of mikið að því gert með frv. að taka tillit til verslunarárs þeirra manna, sem ala upp refi og versla með þá, en um leið þrengt kosti þeirra, er veiðarnar stunda. Á meðan það er álitið nauðsynlegt að veiða vilta refi til þess að fækka þeim og eyðileggja þá, má heldur ekki rýra hvöt einstaklinganna til þess að leggja stund á það.

Í þessu sambandi vildi jeg einnig leyfa mjer að beina því til hv. landbn. til athugunar, hvort ekki mundi ástæða til, og öllum fyrir bestu, að banna með lögum útflutning lifandi refa.

Ef refir eru fluttir út úr landinu til þess að alast þar upp til framtímgunar, þá má gera ráð fyrir að skinnum af íslenskum refum fjölgi svo á markaðnum, að það geti rýrt arðsvon hinnar íslensku verslunar og geri það þá jafnframt að verkum, að minni áhugi verði á því á meðal refaveiðimanna, að stunda þessa veiði og útrýma refum en ella væri. Arðurinn af uppeldi refanna og ræktun yrði eftir í landinu, og erlendri samkepni bægt frá, ef aðeins væri flutt út skinnin í stað lifandi refa.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer finst frv. þetta miða að því, að tryggja refaræktina á tvennan hátt. Í fyrsta lagi, að refir sjeu aðeins geymdir í þeirri vörslu, sem vel og tryggilega er um búið, og í öðru lagi, að þau dýr, sem út eru flutt, sjeu hvorki ónýt eða sjúk svo að þau spilli ekki fyrir sölunni.

Jeg fæ ekki sjeð, að neinar hindranir sjeu fyrir því í frv., að menn geti selt refi hverjum sem vera vill. Hjer eru refir uppaldir til þess að lóga þeim á fyrsta ári, og þeir sem eru fluttir út, hafa altaf verið drepnir þar næsta vetur. Sú verslun getur því haldið áfram óhindruð, þó að frv. þetta verði að lögum. Því það er ekki verið að stofna til þess, að gera yrðlingana verðmeiri en áður, nema ef lifandi refir seljast hærra verði en skinnin. En fyrir því þarf varla að gera ráð. En að verðið á yrðlingum varð svo hátt síðastliðið sumar stafaði eingöngu af því, að eftirspurnin á lifandi refum varð svo mikil frá Noregi, aðallega vegna kynblöndunar, er þeir vildu reyna á refabúum þar í landi, og að sjálfsögðu kaupa þeir, sem ætla dýrin til þeirra hluta, aðeins úrvalsdýr, og það er venja, að menn kaupa til þessara nota aðeins þau dýr, sem vitanlegt er um, að eru af góðu kyni.

Nú er vitanlegt, að hjer á landi er fjöldi refabúa í uppsiglingu. T. d. er mjer kunnugt um, að settar verða 2 refagirðingar upp í Norður-Ísafjarðarsýslu á næstu árum, og von á 2 eða 3 í Borgarfirði til viðbótar þeim, sem þar eru fyrir. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja það í tíma, að þessi atvinnuvegur verði ekki til ills eins þeim sem hann stunda, vegna utanaðkomandi orsaka.

Það er min trú, að víða í sveitum landsins megi reka refabú og refarækt sem arðberandi atvinnu, þótt ekki sjeu refir fluttir út lifandi, því það mun ekki verða til hagsbóta í framtíðinni. Hitt, að kynbæta refastofninn svo að skinnin verði góð útflutningsvara, á að vera framtíðartakmarkið. Samkepnin ætti að vera nægileg, því mjög margir hafa í hyggju að koma á fót refabúum. Árlega veiðast um 200—400 yrðlingar. Tæplega getur komið til mála, að hætta stafi af fjölgun refabúa, ef vel er um búið. Jeg held, að refaeldi geti þrifist í flestum sýslum landsins; sumstaðar eru þó ekki skilyrði til refaræktar, en víðast mætti reka refabú með góðum árangri, ef stefnt er í rjetta átt með kynbætur og fleira.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 294, 363, 377, 378).

Halldór Stefánsson: Við 1. umr. þessa frv. komu fram nokkrar almennar aths. við það. Sje jeg nú, að hv. landbn. hefir viljað taka þær athuganir til greina að nokkru leyti, því ef gengið verður að till. hennar, verður nokkur umbót á frv. — Hinsvegar virðist mjer svo um till. n., að þær sjeu fremur ófimlega fram settar, og í öðrum atriðum sýnist mjer að þær geti orkað tvímælis. Svo er um það ákvæði, er n. setur, að í viðbót við öruggar girðingar til geymslu refa komi: „önnur örugg varsla“. Hjer er það þó ekki orðalag tillögunnar sjálft, sem getur talist svo mjög athugavert, heldur hitt, ef þessi viðbót er miðuð við þau ummæli, sem komu fram við 1. umr., að geymsla í eyjum myndi mega teljast örugg varsla. Sje hjer átt við geymslu í eyjum, þá tel jeg það alls ekki örugga vörslu. Í hörðum vetrum getur orðið samísa við land og refirnir sloppið. Komið hefir það fyrir, að grunur allsterkur hefir leikið á, að slíkt hafi átt sjer stað. Vil jeg því vekja athygli á því áliti mínu og fleiri manna, að eyjar sjeu ekki örugg varsla, nema girt sje um refina þar sem annarsstaðar.

Þá vil jeg víkja að brtt., sem jeg, ásamt 2 hv. þm. öðrum, er flm. að og eru á þskj. 377. — Það er svo ákveðið í frv., að ekki megi flytja út refi nema frá búum, sem starfað hafa eitt ár. Við 1. umr. var á það bent, að með þessu ákvæði væri meira gætt hagsmuna refaeldismanna en þeirra, sem refina veiða, og núverandi refabúum veitt forrjettindi, sem leitt gætu til þess, að draga úr eðlilegu verði yrðlinganna, og þar með úr áhuga manna fyrir því að veiða þá. — Nú höfum við þó ekki viljað ráðast harðlega á þetta ákvæði frv., heldur leggjum aðeins til, að þessu ákvæði laganna verði frestað um eitt ár, svo menn fái hæfilegan frest til að búa sig undir samskonar aðstöðu til refaeldis og útflutnings, hvar sem vera skal á landinu. Þessi frestur er þeim mun nauðsyn-

legri, að ætlast er til, að sett verði reglugerð um tilhögun refagirðinga, rekstur refabúa o. fl., sem enn er ekki vitað hvernig verður. Er því rjett, og það minsta sem hægt er að fara fram á, að fresta þessu ákvæði um eitt ár. Einfaldast hefði verið að fresta öllum lögunum um eitt ár, en við flm. höfum viljað fara svona vægilega, vegna þess að vera má, að sum önnur ákvæði frv. megi strax að gagni koma. Höfum við því ekki gengið lengra en svo, að við leggjum til að ákvæði 3. gr. verði frestað, að öðru en því er snertir dýralæknis-eftirlitið með þeim refum, sem út eru fluttir.

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg býst við, að hv. þdm. minnist þess, að við 1. umr. komu fram nokkrar aths. og aðfinslur við frv. þetta. Landbn. hefir viljað taka þetta til greina og kemur því nú fram með brtt. á þskj. 363, sem gera allmiklar breytingar á frv., ef samþ. verða. — Að vísu áleit landbn., að vel mætti við frv. una eins og það kom fram, en vildi gera það þeim hv. þm., sem óánægðir voru, til geðs, að breyta því, eins og till. benda til.

Hv. 1. þm. N.-M. hefir nú gert ýmsar aths. við þetta mál. Meðal annars sagði hann, að n. hefði farist ófimlega með brtt. sínar. Jeg hygg þó, að þær sjeu formlega fram settar. Máske má segja, að óljóst sje, hvað við er átt með öruggri vörslu. Það er rjettilega athugað, að þetta orðalag er notað í sambandi við geymslu í eyjum. Það hefir komið í ljós í umr., að eyjavarslan væri ekki trygg. Skal jeg ekki bera á móti því. En samkv. brtt. verður sett í reglugerð, hvað telja megi trygga vörslu. Og þá verður líka sett nánara ákvæði um það, hvaða eyjar teljast megi tryggar. — Þetta lýtur og einnig að þeirri spurningu, sem sett var fram við 1. umr. um það, hvort hús mætti telja örugga vörslu. Hús geta vitanlega verið svo útbúin, að þau geti talist örugg varsla. Sje jeg ekki, að nánari skilgreiningu þurfi á þessu í frv., þar sem lagt er til, að sett verði reglugerð um þetta. — Það ríður vitanlega mest á því, að geymslan sje örugg, á hvern hátt sem henni er fyrir komið. Og þar sem hreppstjórar eiga að hafa eftirlit með þessu, þá má telja, að vel sje frá því gengið. Þetta var að vísu trygt í frv. En vera má, að enn betur sje frá því gengið með brtt. landbn.

Brtt. á þskj. 377 og 378 hefir landbn. athugað, en ekki tekið neina afstöðu til þeirra og hefir því óbundnar hendur um atkvgr. um þær. — Mitt álit er, að þær muni frekar bæta frv., en sjeu þó ekki nauðsynlegar.

Það var spurt um það af einum hv. þm. við 1. umr., hvað mörg dýr þyrftu að vera alin til þess að kallast mætti refabú, hvort t. d. 5 eða 6, eða þá 10 eða 12. Það er mitt álit, að þar geti kallast refabú, sem refir eru aldir, hvort heldur eru færri eða fleiri. Þetta orð, refabú, fellur saman við orðið kúabú, eða fjárbú, sem svo eru nefnd, án tillits til fjölda búfjárins. Og þótt fáir refir sjeu aldir, er jafn rjett að kalla búið refabú. Aðalatriðin í þessu máli eru þau, að varslan sje örugg, og heilbrigðiseftirlitið sje í lagi, svo erlendum markaði sje ekki spilt með útflutningi sjúkra dýra. Það hefir verið sagt, að Norðmen seldu betri dýrin frá okkur sem grænlensk dýr, en ljelegri dýrin sem íslensk.

Þetta þarf að fyrirbyggja, og hygg jeg að það sje gert með viðbótartill. landbn. (PO: Nei, nei! — Hlær). Ef hv. þm. Borgf. vill gera grín að þessari afgreiðslu nefndarinnar, þá ætti hann að koma fram með till. sjálfur, sem væru skynsamlegri og trygðu þetta betur. Annars þarf jeg ekki að masa meira um þetta. Jeg álít, að eins og gengið er frá till. landbn., þá sje þetta trygt og megi því vel við það una.

Hákon Kristófersson: Jeg á eina brtt. á þskj. 378, sem á við brtt. á þskj. 363. Hv. frsm. landbn. hefir nú lítillega minst á hana í sambandi við aðra brtt., á þskj. 377. Tjáði hann að landbn. hefði óbundnar hendur um atkvgr. um þessar brtt. Jeg furða mig nú næstum á því, að svo skuli vera um brtt. á þskj. 377, sem er ákveðin efnisbreyting. Eins og jeg gat um, þá er mín brtt. við 1. brtt. landbn. á þskj. 363. En þar er svo kveðið að orði, að „öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en það skal refabú talið, þar sem refir eru aldir, hvort sem færri eru eða fleiri.“ Mjer virðist því þessi brtt. landbn. gera skyldugt dýralækniseftirlit, hvort sem dýrin eru alin skemur eða lengur. En slíkt þykir mjer óþarft, ef dýrin eru að eins alin stuttan tíma og síðan lógað. Það getur naumast kallast refabú. Og er dýralækniseftirlit varla nauðsynlegt á slíkum stöðum. Virðist mjer því, að þessi brtt. mín eigi fullan rjett á sjer. Kemur mjer því á óvart, ef hv. landbn. er á móti henni, enda er hún það ekki öll samkv. því, er hv. frsm. hennar sagði, að atkv. væru óbundin. Hv. 1. þm. N.-M. mintist á vörslu refanna og þar á meðal eyjavörslu. Hv. frsm. landbn. hefir nú svarað þessu að nokkuru leyti og talið, að það verði eitt af ákvæðum reglugerðarinnar að ákveða, hvaða eyjar skuli teljast örugg varsla. Jeg býst nú varla við því, að með því sje meint það, að nefnd sjeu nöfn einhverra eyja, heldur það, að leyft skuli uppeldi í þeim eyjum einum sem vissa þykir fyrir, að ekki verði samísa við land og refirnir þar með geti sloppið. Samkv. brtt. n. eiga það að vera hreppstjórarnir, sem eftirlit hafa með því, að varslan sje örugg. Verður því þeirra hlutverk að ákveða, hvort varslan telst sæmileg.

Brtt. á þskj. 377 hefir það í för með sjer, að ákvæði 3. gr. frv. komi ekki til framkvæmda á árinu 1929, að öðru en snertir dýralækniseftirlitið og vottorð um heilbrigði dýra, sem seld eru lifandi út úr landinu. Ef þessi brtt. verður samþ., þá vil jeg spyrja hv. flm. till. að því, hvort þetta geti ekki orðið til hægðarauka fyrir Norðmenn, ef þeir hugsa til útflutnings, þannig að þeir gætu aflað sjer aðstöðu til útflutnings. Jeg efast mjög um, að það sje hagræði fyrir okkur, að útflutningur á lifandi dýrum eigi sjer stað, og síst af hálfu Norðmanna. Það gæti svo farið, að okkar skinn lækkuðu í verði fyrir þá sök. — Að því ógleymdu, ef Norðmenn hafa það lag, að flokka þau dýr, sem þeir kaupa, og selja betri dýrin undir nafni annara landa en okkar. Það er full ástæða til að koma í veg fyrir slíkt athæfi. Hv. flm. hafa vonandi athugað þetta. En jeg dreg það þó mjög í efa, að þessi brtt. sje til bóta.

Jeg vil vona, að hv. þdm. sjái sjer fært að samþ. mína brtt., nema að svo sje, að það eigi að teljast refabú, hversu stuttan tíma, sem refir eru þar aldir

og hversu fáir, sem þeir eru. — Það var nú reyndar helst að heyra á hv. frsm., sem virtist vilja telja samstofna kúabú og refabú. — En jeg hefi nú reyndar aldrei heyrt það kallað kúabú, þótt 4—5 beljur væru hafðar á heimili. Það mun venjulegur skilningur þegar um kúabú er að ræða, að þá sjeu framleiddar þar nautgripaafurðir, sem ætlaðar eru til sölu, en ekki heimilisnotkunar. Það segir sig sjálft, að þetta dýralækniseftirlit kostar eitthvað, en segja má, að ekki sje í það horfandi, ef refabúin eru nokkuð stór, en hann getur orðið tilfinnanlegur, ef aðeins er um að ræða 3—4 yrðlinga, sem lógað er innan árs. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta fyr en jeg hefi fengið nákvæma útlistun á því, sem felst í brtt. á þskj. 377; en jeg sje mjer ekki fært að fylgja henni.

Jón A. Jónsson: Jeg mun geta fylgt brtt. hv. landbn. á þskj. 363; þær eru að mínu áliti til bóta. Það verður að gera greinarmun á refaræktarbúum og eldi yrðlinga um stuttan tíma. Það geta ekki talist refabú, þó að aldir sjeu upp yrðlingar yfir sumartímann og fram á vetur og þá dreþnir. Tilgangur refabúanna er sá að auka ræktun refa, bæta kynstofninn og auka verðmæti skinnanna. Í Canada, þar sem kynbætur refa hafa verið framkvæmdar um áratugi, eru skinn hinna heimaöldu refa um helmingi verðmeiri en viltra. Mjer er ekki kunnugt um, að sóst sje eftir refum hjeðan af landi til ræktunar; það er aðeins úrvalið, sem Norðmenn ætla að nota til kynbóta. Og markaður fyrir lifandi refi í Noregi er ekki til langframa; til þess að tryggja það, að gott verð fáist fyrir útflutt dýr til frambúðar, þá er nauðsynlegt að þau sjeu af góðum stofni, gallalaus og heilbrigð. Það er öllum vitanlegt, að af viltum refum, sem sendir eru út hjeðan, er ekki nema 10. eða 12. hvert dýr notað til kynbóta og ræktunar. Refaræktarmenn í Noregi hafa kvartað undan því, hvað þeir hefðu verið sviknir á þeirri vöru í fyrra.

Hv. 1. þm. N.-M. og tveir aðrir þdm. flytja brtt. á þskj. 377, um að ákvæði 3. gr. frv. komi ekki til framkvæmda á þessu ári. Vilja þeir fresta framkvæmd þeirrar ákvörðunar að útflutningur refa sje bundinn við refabú, sem starfað hafa 1 ár. Jeg sje ekki, að þessi brtt. sje sprottin af annari ástæðu en þeirri, að flm. sjeu hræddir um, að þeir, sem veiða refi á þessu vori, fái lægra verð fyrir þá en í fyrra. Það er enginn vafi á því, að Norðmenn reyna að ná sem flestum af þessum refum og senda þá út, til skaða fyrir okkur Íslendinga; og sá skaði verður margfaldur á næstu missirum við það, sem nú er.

Það er mjög ljelegt álit á íslenskum refum í Noregi. Það er sannanlegt samkvæmt brjefi frá bústjóra refaræktarbús í Noregi, að af 70—80 íslenskum refum, sem seldir voru í Noregi, voru 10—11 seldir sem grænlenskir refir, en hitt sem íslenskir refir. Nú er það vitanlegt, að enginn grænlenskur refur var fluttur hjeðan út í fyrra. Ef settar eru reglur um refabú, þá verða bestu dýrin hæfð til undaneldis. Það hefir sýnt sig í Canada, að skinnin af ræktuðum silfurrefum eru meira en helmingi dýrari en af hinum viltu. Það er einstök smámunasemi, að setja þetta bráðabirgðaákvæði inn í frv.; það spillir fyrir refabúunum og hnekkir refarækt hjer á landi í framtíðinni, ef Norð-

menn fá að vaða hjer uppi, og flytja út ljelega refi. Það eru ekki nema 4—5 refabú hjer á landi sem stendur. En hvað verður svo mikill markaður í Noregi á þessu ári? Jeg fullyrði, að hann verður ekki fyrir meira en 30—40 dýr, þau reyndust svo ljeleg í fyrra, að salan hlýtur að verða lítil í ár. Ef samþykt verður bráðabirgðaákvæðið um undanþágu á þessu ári, þá er hætt við, að refaræktarbúin fái að kenna á því. Og þegar litið er á hag allra landsmanna í þessu efni, þá skilst, að við getum ekki verndað hann betur á annan hátt en þann, að samþykkja strangar reglur um ræktun og útflutning refa og framfylgja þeim. Það er sjálfsagt, að búa með öryggi um þá staði, þar sem refirnir eru aldir. Á Breiðafirði eru margar eyjar, sem hættulaust er að geyma refi í. Í öðru lagi má víða byggja hús fyrir refi, sem auðvelt er að ganga tryggilega frá. Ræktun refa og kynbætur á þeim er líklegt að gefi mikinn arð. En ef þeir, sem búin reka, þurfa að reisa sjerstakar byggingar og dýrar vörslugirðingar fyrir refina, án þess að fá nokkra hjálp, þá er hætt við að búin kunni að leggjast niður vegna mikils tilkostnaðar.

Pjetur Ottesen: Eins og jeg benti á við 1. umr. þessa máls, þá verður þeim einum heimilt að selja refi til útflutnings, ef þetta frv. verður samþykt, sem eiga refabú og hafa starfrækt það árlangt. Þessum fáu mönnum er með lögum tryggður sá rjettur, að mega ráða hvaða verð skuli gefið fyrir tófu-yrðlinga á þessu ári. Í tilefni af þessu flytjum við þrír þingdeildarmenn brtt. á þskj. 377, sem gengur út á það, að þetta ákvæði, um takmörkun á sölu refa til útflutnings, komi ekki til framkvæmda á þessu ári. Það er tilgangur okkar að gefa þeim mönnum, sem stunda refaveiðar, kost á að skapa sjer aðstöðu á þessu ári, til að komast undir þetta ákvæði laganna. Það er meining okkar að koma í veg fyrir einokun á sölu yrðlinga, og að stuðla að því, að sú samkepni, sem var hjer í fyrra og hækkaði þá verðið á yrðlingum, geti haldist þetta ár.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Barð. (HK), að þetta mundi veita Norðmönnum aðstöðu til að reka hjer einhverskonar leppmensku á þessu ári. Þetta nær ekki nokkurri átt. Ef um slíka leppmensku gæti verið að ræða, þá verður hún jafnt, hvort sem þessi brtt. okkar er samþykt eða ekki. Þeir gætu eins látið stofna hjer refabú.

Það hefir komið hjer fram hjá sumum háttv. þdm., sem talað hafa, að mikil hætta gæti stafað af því fyrir okkur að flytja út íslenska refi, af því að það veiti Norðmönnum aðstöðu til að rækta íslenskt refakyn; en þessir menn þurfa ekki að halda að með frv. eins og það er úr garði gert sje girt fyrir þessa hættu. Það er einmitt hinn mesti misskilningur, því að frá þeim refabúum, sem nú eru rekin og uppfylla skilyrði laganna, má flytja út lifandi refi eftir sem áður. Og kunnugt er að þeir, sem standa hjer fyrir refabúum, fluttu sjálfir út refi árið sem leið. Eins og háttv. 1. þm. N.-M. benti á, þá verða ekki reistar skorður við þessu með öðru en því, að banna með öllu útflutning á refum; en það er ekki gert með frv. Ef það er satt, að Norðmenn selji betri hlutann af þeim ref-

um, sem þeir kaupa hjer á landi, sem grænlenska refi, en aðeins lakari hlutann sem íslenska refi, þá verður hvorugt af þessu fyrirbygt með frv. — Þeir, sem kaupa refi af refabúunum, geta flokkað þá á sama hátt og áður við sölu erlendis.

Andstaða okkar gegn frv. byggist ekki á neinu öðru en því, að við viljum sporna við því, að þessir fáu menn, sem reka refabúin, fái aðstöðu til að skamta öðrum verðið fyrir refa-yrðlinga. Og jeg skal ekki trúa því, að háttv. Alþingi felli þetta ákvæði, sem á að sporna við því, að sárfáir einstaklingar fái aðstöðu til þess að skamta þeim, sem refi veiða, verð fyrir dýrin eftir eigin vild.

Það kom greinilega fram í ræðu hv. 1. þm. N.-M., hvað fyrir okkur vakir með þessari tillögu, svo að hv. þdm. þurfa ekki að vera í neinum vafa um það, og get jeg því látið máli mínu lokið.

En jeg vil þó nota tækifærið til þess að láta í ljós megnustu vanþóknun mína á framferði sumra utanþingsmanna, í sambandi við þetta mál, sem reyna á ýmsan hátt að fá þingmenn til þess að fylgja hagsmunamálum sínum. Þessum mönnum ætti að veita rjettmæta hirtingu með því að hafa áleitni þeirra að engu.

Á þskj. 378 er komin fram brtt. frá hv. þm. Barð. Ef hún verður samþ., kemur fram ósamræmi milli hennar og 3. gr. frv. Samkv. brtt. eiga þau ein að teljast refabú, sem starfa árlangt, en í 3. gr. er gert ráð fyrir, að refabú kunni að starfa styttri tíma.

Jeg vil spyrja hv. þm. Barð., hvað hann á við með þessari brtt. sinni. Hvort hann ætlast til þess, að aðeins þau bú, sem starfa árlangt eða lengur skuli háð dýralækniseftirliti. Jeg held það hljóti að vera meiningin, en þá þarf hann að taka það ljósar fram en gert er, svo að ekki orki tvímælis.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi minni ástæðu til að tala vegna þess, að hv. þm. Borgf. hefir nú skýrt svo rækilega hugsun okkar flm. brtt. á þskj. 377. Vildi jeg því víkja orðum mínum til hæstv. atvmrh., ef hann má nema mál mitt, um eitt atriði í frv., er snertir vörslu refa. Orðalag frv. er þar nokkuð alment og gefur til kynna, að fleira geti talist fullkomin varsla en tryggar girðingar. Álítur hæstv. ráðh., að eyjar geti talist fullkomin varsla fyrir refi? Eins og jeg hefi áður bent á, þá álít jeg þær engan veginn fulltrygga vörslu, og langar því til að heyra, hvernig hæstv. stj., sem ætlað er að setja reglugerð um þetta, lítur á það atriði.

Hv. þm. Barð. kom fram með fyrirspurn til okkar flm. brtt. á þskj. 377 um, hvort till. okkar ætti að vera til hægðarauka fyrir Norðmenn. Því er fljótsvarað, að við höfðum þá ekki sjerstaklega í huga. Tilgangur okkar er sá, að við vildum ekki útiloka samkepni um verðið á refunum, og vildum ekki gefa refabúunum, sem nú eru, í hendur fult einræði um verðið og refaeldið, heldur væri fleirum veitt aðstaða til þess. (**BSt:** Hvar er það bannað í frv. að ala refi?) Jeg vil leyfa mjer að benda á reynsluna frá síðastl. ári um verðið á refa-yrðlingum. Á Austurlandi voru boðnar 70 kr. fyrir mórauða yrðlinga áður en nokkur samkepni kom þar til greina; en eftir að samkepnin kom til, var boðið

í þá 230 krónur eða meira. (**LH:** Voru það Norðmenn, sem hækkuðu verðið?). Samkepnin var á milli refaræktarfjel. íslenska og Norðmanna.

Hv. þm. Borgf. gerði ljósa grein fyrir því, að í frv. eru engar skorður reistar gegn því, að refirnir geti orðið ranglega flokkaðir á erlendum markaði. Fyrst leyft er að flytja þá út, þá geta hinir erlendu kaupendur gert við þá það, sem þeim sýnist, og í frv. er ekkert ákvæði því til varnar.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, því fremur sem þm. Borgf. hefir líka skýrt þau atriði, sem till. okkar byggist á.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) beindi til mín fyrirspurn út af einu atriði frv.; jeg ætla ekki að snúa mjer að því að svo stöddu, en vík að öðru í sambandi við þetta mál. — Það er enginn vafi á því, að þetta er mjög þýðingarmikið mál, og snertir hagsmuni manna víða um land, og þess vegna er nauðsynlegt að það fái nægа athugun og undirbúning. Mjer finst þetta mál vera flutt af of mikilli fljótfærni hjer á Alþingi. Hv. landbn. flytur fyrst frv. á þskj. 294, síðar kemur hún svo með brtt. á þskj. 363, sem umsteypa hennar eigin frv.; og svo eru tvær aðrar brtt. við frv. — Þetta ber vott um, að málið hafi ekki verið nægilega athugað áður en það var lagt fyrir þingið.

Þegar um jafn þýðingarmikið mál er að ræða fyrir landbúnaðinn, mál, sem snertir fjölda manna í landinu, og þegar milliþinganefnd situr á rökstólum í landbúnaðarmálum, þá vil jeg beina því til hv. landbn. að athuga það milli annarar og þriðju umræðu, hvort ekki sje rjett að vísa þessu máli til milliþingan. til athugunar og undirbúnings undir næsta þing.

Jón A. Jónsson: Það er ekki undravert, þó það kenni nokkurs misskilnings í þessu máli, þegar jafn glöggur maður og hv. þm. Borgf. (PO) veit ekki, að Norðmenn keyptu hjer refi í fyrra til útflutnings í samkepni við þá Íslendinga, sem ala refina upp til að lóga þeim hjer á landi, skinnanna vegna. Hv. þm. virðist halda því fram, að Norðmenn kaupi alla refi, sem þeir fá hjer, til þess að ala þá og til að kynbæta sinn stofn. Verðið á refunum hjer á landi hækkar vegna refabúanna. Þegar Íslendingar kaupa refi fyrir sín refabú, þá eru engir samkepnisfærir við þá, enda hafa þeir keypt mikinn meiri hluta af refum, sem veiddir hafa verið hjer á landi á undanförnum árum.

Hinsvegar er öllum vitanlegt, þeim sem skyn bera á þessi mál, en þeir virðast, því miður, vera of fáir hjer í þessari hv. deild, að sú mikla verðhækkun, sem varð á refum síðastliðið vor, stafaði af því, að hjer voru risin upp refabú, sem Norðmenn hugðu sig kaupa refina frá. Þessa refi ætluðu þeir að nota til að kynbæta stofn sinn. En Norðmenn, eins og aðrir, gefa lítið verð fyrir vilta refi, kaupa þá aðeins til að lóga þeim skinnanna vegna, en þegar búið var að koma hjer upp refabúum, álitu þeir, að þeir keyptu refi, sem upp væru aldir í refabúum, og af þeim ástæðum steig verðið. Sannleikanum í þessu efni er snúið svo við af ókunnugleika hv. flm. brtt., að betur verður ekki gert. Þeir virð-

ast vilja halda áfram að lofa mönnum að selja svikna vöru, með því að selja vilta refi undir því yfirskini, að þeir sjeu aldir upp í fangelsi, og þeir menn, sem hafa beitt sjer fyrir því að koma hjer upp refabúum, eru vændir um allskonar illar hvatir og eigingirni, af því að þeir vita, að þetta er til skemda fyrir atvinnuveginn. Hvað svo sem gert verður í þessu máli, vildi jeg óska þess, að ekki verði þeim mönnum gefið undir fótinn, sem svíkja vörur okkar og selja þær undir fölsku nafni, og skaða þannig þessa atvinnugrein.

Pjetur Ottesen: Háttv. þm. N.-Ísf. sagði, að jeg vildi hnekkja þeim mönnum, sem að refabúunum standa. Það má til sanns vegar færa, að það sje til hnekkis refabúunum, að þurfa að kaupa refina í samkepni við Norðmenn, í stað þess að skamta verðið sjálf, en það, sem fyrir mjer og fleirum vakir, er, að við viljum láta þá samkepni, sem nú er í þessum efnum, njóta sín, á meðan þeir eru ekki fleiri, sem geta notað sjer það verð, sem fáanlegt er á erlendum markaði.

Hvað því viðvíkur, að Norðmenn svíki þessa vöru og selji hana undir fölsku nafni, get jeg vísað til þess, sem þegar hefir verið sýnt fram á, að þeir geta gert þetta eftir sem áður, þrátt fyrir ákvæði frv.

Jón A. Jónsson: Það er eins og hv. þm. Borgf. viti ekki, að það er mikil samkepni um kaup á refum til lóguna hjer innanlands vegna skinnanna, þegar fram á vetur líður. Þessi samkepni hefir altaf verið og verður framvegis, og það eru þessi kaup, sem haldið hafa verðinu uppi um 20 ára skeið. Hitt er ekki til annars en að stuðla að sviksamlegri verslun norskra flökkumanna, ef farið verður að till. hv. þm. Borgf. í þessu máli.

Pjetur Ottesen: Það er ekkert nýtt í þessu máli, að hv. þm. N.-Ísf. þykist sitja einn inni með alla þekkinguna. Sú samkepni, sem myndaðist á síðastliðnu vori, og olli verðhækkun á refum, bygðist ekki á því, að hjer væri um slátrunarrefi að ræða, heldur á því verði, sem var á lifandi refum á erlendum markaði. Og mjer finst það blátt áfram hlægilegt, þegar verið er að tala um samkepni í þessum efnum, eftir að búið er að veita 2—3 mönnum einkarjettindi til að flytja út refi og útiloka alla aðra frá því að gera það. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. N.-Ísf. að ætla að bera á móti því, að verðhækkunin síðasta vor bygðist eingöngu á því, hve hátt verð var á lifandi refum á erlendum markaði, og tilgangur þessa frv. g e t u r ekki verið annar en sá, að útiloka, að þetta verð geti komið öðrum til góða en þeim fáu mönnum, sem standa að þessum refabúum. En við, sem fylkjum okkur gegn þessu frv., viljum stuðla að því, eð eðlileg samkepni um verðið fái að njóta sín. Það er alt og sumt.

Lárus Helgason: Það er ekki nýtt, að athafnamennirnir fái slæmar aðdróttanir fyrir að ríða á vaðið og hefjast handa. Ber að þeim brunni hjer sem oftar. Hefir hjer verið veitst allsvæsið að þeim athafnamönnum, er hófust handa til að stofna hjer refabú, en þeim ekki að sama skapi þakk-

að fyrir að hafa margfaldað verðið á refunum. Hv. þm. Borgf. getur ekki neitað því, hve feginn sem hann vildi, að það var refabúunum að þakka, að svo hátt verð fjekst fyrir refi síðastliðið ár og kunnugt er. Og þegar verið er að tala um það, að verið sje að fá þessum mönnum einhver sjerrjettindi, er það eins og hver önnur fjarstæða. Þessir menn hafa reynt að koma góðu skipulagi á þessa atvinnugrein, og þá er komið á þann skjáinn, að bera þeim hinar lökustu hvatir á brýn. Það er sagt, að þeir vaði uppi og hangi í þm., sem rjett væri að straffa þá fyrir. Ekki hefi jeg orðið var við neitt slíkt. (**PO:** Hv. þm. V.-Sk. beit þá á agnið). Það er landbúnaðarnefndin öll, sem flytur málið. Jeg held, að það væri sómasamlegra að styðja þessa menn til að koma skipulagi á þessa atvinnugrein, svo að hún geti orðið varanleg og til frambúðar. Jeg sje ekki betur en að rjett sje að koma í veg fyrir, að Norðmenn kaupi hjer refi og selji síðan þá bestu sem grænlenska og þá verstu sem íslenska. Þeir menn, sem að refabúunum standa, hafa fyrir augum framtíð þessa máls, og tel jeg því illa farið, að eins skynbær þm. og hv. þm. Borgf. er, skuli rísa upp með ofsa og ofstopa í garð þessara manna.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Borgf. spurði, hvað fyrir mjer vekti með brtt. minni. Jeg hefi nú leitast við að skýra það áður, en hv. þm. Borgf. mun hafa verið fjarstaddur, svo að jeg skal endurtaka það.

Það sem fyrir mjer vakir er, að það sje ekki háð eftirliti dýralæknis, þegar yrðlingar t. d. eru aldir nokkurn hluta úr ári til lógunar.

Hv. þm. Borgf. taldi þessa brtt. mína í ósamræmi við 3. gr. frv. Það fæ jeg ekki sjeð, að rjett sje, svo fremi sem 1. brtt. hv. landbn. verði samþ. En jeg vil undirstrika það, að annað vakir ekki fyrir mjer með brtt. minni en nú sagði jeg.

Hjer hafa orðið allmiklar hnippingar út af þeim brtt., sem fyrir liggja. Þykir þar hverjum sinn fugl fagur, eins og eðlilegt er. Hv. þm. Borgf. heldur því fram, að refabúin muni ráða verðlagi á refum, ef sú brtt., sem hann stendur að, nær ekki fram að ganga. (**PO:** Ekki í ár). Jeg skal ekki undan fella, að þetta geti átt sjer stað, en þó gæti orðið hjer talsverð samkepni milli innlendra manna, eins og hv. þm. N.-Ísf. benti á. Það mun rjett hjá hv. þm. Borgf., að Norðmenn hafi ekki átt lítinn þátt í því háa verðlagi, sem hjer var á refum síðastliðið vor, en sú samkepni var svo óeðlileg, að hún ætti ekki að eiga sjer stað í framtíðinni. Jeg er hræddur um, að minn góði vinur, hv. þm. Borgf., hafi misskilið það, sem jeg sagði í minni fyrstu ræðu, viðvíkjandi því, hverjir hafa hagnað af útflutningi refanna. Jeg sló engu föstu í því efni; það litla, sem jeg sagði um það, átti fremur að vera með spurningarmerki. Jeg álít, að það sje vafasamt, hvort sú verslun sje heilbrigð, þegar yrðlingar eru seldir við hærra verði en hægt er að gera sjer vonir um að fá fyrir skinnið að vetrinum. En hinsvegar verð jeg að vera á sama máli og hv. þm. Borgf. um það, að um enga tryggingu sje að ræða á þessu sviði, þó að þetta frv.

nái fram að ganga. Það leiðir af sjálfu sjer, að nústarfandi refabúum er heimilt að flytja út refi, enda kom mjer ekki til hugar, að nein ákvæði frv. útilokuðu slíkt.

Hvaðan þetta frv. er runnið, er mjer ekki kunnugt, nema það, að hv. landbn. hefir borið það fram. Og jeg verð að segja það, að jeg tel það ekki óviðeigandi, að hæfilegri verndun sje beitt gagnvart þeim mönnum, sem ráðist hafa í fyrirtæki, til þess að hækka verðið á þessari vöru. Ef útlendir menn hefðu verið einir um hituna og engin tilboð komið í refina frá innlendum mönnum, er jeg sannfærður um það, að verðið hefði ekki komist í námunda við það, sem það varð síðastliðið vor. Og jeg get með engu móti gengið inn á það, að innlendir menn hafi engan rjett á sjer í þessum efnum.

Jeg ætla ekki að slá mjer út í þær orðahnippingar, sem hjer hafa orðið, en jeg vænti þess, að jeg hafi skýrt það svo, hvað fyrir mjer vakir með brtt. minum, að hv. þdm. þurfi ekki að rekast í vafa um það.

Pjetur Ottesen: Það er hálf-leiðinlegt, þegar verið er að slá fram fullyrðingum — eins og hv. þm. V.-Sk. gerði — sem margbúið er að slá niður. Hv. síðasti ræðumaður vai að reyna að læða því inn í umr., að með till. okkar væri verið að gera innlendum mönnum lægra undir höfði en Norðmönnum. (**JAJ:** Auðvitað er það gert). Nei, alls ekki. Við viljum einungis, að eðlileg samkepni fái að njóta sín á þessu sviði, til hagsmuna, ekki fyrir einstaka menn eingöngu, heldur alla þá jafnt, sem hag geta haft af sölu yrðlinga. Órökstuddum dómum um það, að samkepnin á síðasta vori hafi verið óheilbrigð, tel jeg ekki svara verða.

Hv. þm. V.-Sk. talaði um það af mikilli vandlætingu, að hjer væri sú gamla saga að endurtaka sig, að ráðist væri á athafnamennina. Hvaða athafnamenn hefi jeg ráðist á? Það eina, sem jeg hefi gert, og heimfæra mætti undir þessi ummæli hv. þm., er að víta þá menn, sem ganga hjer um eins og grenjandi ljón, til þess að reyna að hafa áhrif á atkvæði þm. Og jeg tel rjett að víta þá, sem „athafnamenn“ eru í því framferði.

Frsm. (Einar Jónsson):* Þó að hjer hafi nú orðið all-miklar orða-hnippingar, hygg jeg, að menn sjeu á sama máli og landbn. um það, að hjer sje um arðvænlega atvinnugrein að ræða, sem rjett sje að tryggja svo sem unt er, þó að einstökum mönnum kunni að þykja miður. En það hefir í ýmsum tilfellum átt sjer stað, að einstakir menn hafi orðið óánægðir með l., og dugir ekki að setja það fyrir sig, heldur ber að taka tillit til hags og heillar heildarinnar. Það hefir komið fyrir fyrr en nú, að menn hafi orðið óánægðir með eftirlit af hálfu hins opinbera á ýmsum vörutegundum. Jeg vil minna á, hvílík óánægja reis út af ullarmatinu, eða þegar ákveðið var að koma fastari og betri skipun á fiskimatið. Þá þótti og ýmsum nóg um, þegar sláturfjelögin risu upp og farið var að hafa eftirlit á meðferð á kjöti. Og nú þykir mönnum það goðgá, að eftirlit sje sett í þessum efnum, af því að einstaka maður kunni við það að

* Ræðuhandr. óyfirlesið.

verða útilokaður frá að koma út ljelegu skinni eða tófuhvolpi. (PO: Það hefir enginn haft á móti eftirliti dýralæknis. Það er nú öðru nær).

Jeg hygg, að allir ættu að geta verið sammála um, að sjálfsagt sje að hlynna að þessari atvinnugrein. Ef eitthvað verður hægt að finna að þessari vöru, er ekki vafi á því, að við missum með öllu af þessari verslun. Það eru víðar til refir en á Íslandi, svo að útlendingar þurfa ekki að vera upp á okkur eina komnir með kaup á tófuhvolpum. Bæði frá Grænlandi og Ameríku eru fluttir út refir svo tugum þúsunda skiftir. Okkar fáu refir eru eins og dropi í hafið, en það getur gruggað vatnið, ef sá dropi er eitraður eða svartur. Á síðasta ári voru fluttir út 40 þús. hvítir og bláir refir frá Alaska, og 30 þús. annarsstaðar frá, mestmegnis frá refabúum. En þau hafa nú víða verið stofnuð, t. d. í Englandi, Þýskalandi og Sviss. Eru þau mjög kostnaðarsöm og verða það einnig hjer hjá okkur, sem peningalitlir erum. Það er því sjálfsagt að hlynna að þeim vísi, sem hjer er risinn upp til refabúa. Ættu allir góðir Íslendingar að geta sameinast um það. Þrætur bjarga engu, en verða aftur á móti til að ergja menn, og jafnvel sundra. Væri ilt, ef svo færi í þessu máli.

Jeg skal játa það hreinskilnislega, að jeg er ekki fróðastur um þessi efni af þeim mörgu, sem hjer eru á þingi. En jeg geng þess ekki dulinn, að stefna ber að því, að miskunnarlaust eftirlit sje haft með því, að ekki sjeu seld veik dýr, og að svo verður frá að ganga, að refagirðingarnar sjeu traustar og öruggar. Þó að svo fari, vegna eftirlitsins, að einhver komi ekki út 1—2 skinnum — þá má hann gjarnan, mín vegna, fara með það heim aftur. Það þarf ekki mikið af vondri vöru til þess að spilla stórri heild vel vandaðrar og góðrar vöru.

Hannes Jónsson: Þetta frv. mun aðallega eiga að stefna að þrennu. Í fyrsta lagi að því, að veita 2—3 mönnum einkaleyfi til að flytja út refi. Í öðru lagi mun það eiga að tryggja fjáreigendur gegn þeirri hættu, sem altaf vofir yfir, að refirnir sleppi úr girðingunum. Og í þriðja lagi er því ætlað að tryggja það, að sjúk dýr sjeu ekki flutt út.

Hv. þm. N.-Ísf. virtist álíta það, að þeir menn, sem á móti þessu frv. eru, töluðu af vanþekkingarinnar stigum. Það er þægilegt að slá svona nokkru fram, en sannfærandi er það ekki. Hv. þm. N.-Ísf. talaði af svo miklum myndugleik, að ætla mætti, að hann einn kynni skil á þessum hlutum. Maður skyldi halda, að hv. þm. hefði alist upp með refum og þekti því alla háttu þeirra og eðli. En hvað sem um þetta er, þá virðist mjer refseðlið runnið í merg og blóð þeim mönnum, sem sömdu þetta frv., og það óþarflega mikið.

Í greinargerð frv. stendur aðeins þetta um höfuðtilgang þess: að rjett sje að hlynna að viðleitni brautryðjanda á þessu sviði. Því er alveg slept, hvernig hlynna eigi að þessum brautryðjöndum. Aftur á móti er nokkuð ítarlega farið út í það, hvernig tryggja eigi fjáreigendur, og um nauðsynina á eftirliti dýralæknis. Með þessu er verið að leiða menn fram hjá aðalkjarna málsins, sem er einkarjettur refabúanna til útflutnings á refum.

Jeg hefði kunnað betur við, að hv. landbn. hefði strax gengið hreint til verks, en ekki verið að þreifa sig áfram eftir þessum krókaleiðum.

Jeg minnist þess, að strax við 1. umr. þessa máls kom það í ljós hjá ýmsum hv. þdm., að það væri nokkuð hæpið að veita slík einkarjettindi til útflutnings, eins og hjer er farið fram á; þá kom það fram hjá hv. stuðningsmönnum frv., að þetta gæti komið til mála, en nú er því algerlega slegið föstu, að hjer sje aðeins að ræða um þau bú, sem starfað hafa árlangt. Hjer er þess vegna ekki farið í neinar grafgötur með það, hvað verið er að gera fyrir þessi bú, en hitt er það, á hve miklum rjettlætisgrundvelli þetta er bygt, en þegar búið er að slá því föstu, þá er hægt að ræða um hitt, og þá get jeg, eins og hv. þm. Borgf. tók fram, ekki fundið þær knýjandi ástæður fyrir hendi, sem geri það rjett að ganga inn á þessa braut. Jeg minnist þess, að það kom fram hjer frv. um það að reyna að hindra eða útiloka að einhverju leyti norskar verksmiðjur við að vinna úr fiskúrgangi, en fjhn. þessarar hv. deildar hefir ekki viljað ganga inn á þá braut í því efni að hindra það, að erlendir kraftar geti komið hjer til greina, til þess að auka sölumöguleika þeirra afurða, sem við höfum.

Vil jeg svo ekki fjölyrða frekar um það, hversu rjettmætt þetta einkaleyfi sje, því að hv. þm. Borgf. hefir tekið það greinilega fram. (**JAJ**: Hv. þm. Borgf. er meðmæltur því, að útflutningur refa verði eftirleiðis aðeins frá refabúum). Jeg veit, hvað hv. þm. Borgf. meinar með því að vilja láta fresta framkvæmdum í ár, og vafasöm meðmæli tel jeg það með frv., að vilja ekki láta framkvæma það.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á brtt. á þskj. 378. Jeg hefði helst óskað þess, að hv. flm. tæki þá brtt. aftur til 3. umr., ekki af því, að sú meining, sem liggur í henni, sje ekki rjett, heldur af því, að jeg óttast, að brtt. verði misskilin, ef ekki er farið eftir umsögn hv. flm. um þetta atriði. Mjer virðist, að þessu hefði mátt koma fyrir á mjög einfaldan hátt, með því að koma henni að við 1. brtt. hv. n., og orða hana eitthvað á þá leið, að þau refabú, sem starfi árlangt, skuli vera háð dýralækniseftirliti. Jeg held, að það verði ekki deilt um það, til hvers er ætlast hjer. Hefir hv. þm. Barð. heyrt hvað jeg er að segja? (**ÓTh**: Hv. þm. (HK) skyldi nú hafa hent það óhapp að heyra það ekki!). Það væri æskilegt að sem flesta þingmenn hentu þau óhöpp, ef hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) vill kalla það óhöpp, að reyna að gera lögin svo úr garði, að hægt væri að fá eitthvert vit úr þeim. En ef hv. þm. (ÓTh) er hugsunarlaus um þetta mál, sem þó að vísu er ekki stórfelt, þá gæti maður hugsað, að hv. þm. væri skeytingarlítill um þau hin stærri málin, og jeg vil minna hv. þm. á það, að sá, sem er trúr yfir litlu, verður settur yfir meira. (**HK**: Já, svo segir í heilagri ritningu).

Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja fram yfir það, sem þegar hefir verið tekið fram, en vil eindregið leggja það til, að hv. þd. afgreiði ekki svona frv., sem hefir í sjer fólgna allmikla stefnubreytingu frá því, sem margir hv. þdm. virðast hallast að, en ef frv. á að ná fram að ganga, þá fái það sæmilega afgreiðslu, og helst hefði

jeg kosið, að þessu máli væri vísað til milliþinganefndar í landbúnaðarmálum, af því að það gæti verið ástæða til að athuga ýmislegt fleira í þessu sambandi. Jeg vildi t. d. taka það fram, að það gæti verið fylsta ástæða til að athuga það, hvort hver maður ætti ekki að fá að njóta rjettar *sins til refaveiða í eigin landi, og þar* gilti hinn almenni veiðirjettur. Auðvitað yrði sá veiðirjettur að vera undir opinberu eftirliti, t. d. sveitarstjórnar. Jeg get ekki sjeð neina heilbrigða skynsemi í því, að taka slíkan veiðirjett af mönnum, ef veiði dýranna er jafn trygg og áður.

Lárus Helgason: Hv. þm. Borgf. þurfti að standa upp til þess að bera af sjer sakir, en jeg hefi ekki heyrt, að neitt hafi fallið til í þessari hv. deild í dag, sem gæfi tilefni til þess, enda varð líka lítið úr þeim sakarafburði. En aðalerindi hv. þm. var það, að fullyrða það, að jeg hefði komið með einhverjar fullyrðingar, sem hv. þm. var sjálfur með, en jeg þori hiklaust að bera það undir hv. deild og aðra, sem hjer hafa hlustað á, að jeg hefi ekki farið með neinar fullyrðingar, sem ekki eru á rökum bygðar. Jeg hefi fullyrt, og geri það enn, að það eru þeir menn, sem stofnað hafa refabú, sem hafa hækkað verðið á refunum, en ekki Norðmenn. Ber þess vegna að þakka Íslendingum, en ekki Norðmönnum, að refirnir hafa hækkað í verði. Hv. þm. má segja það svo lengi sem hann vill, að þetta sjeu fullyrðingar, jeg er ánægður með það, að þetta eru fullyrðingar, sem á rökum eru bygðar.

Hv. þm. (PO) endaði ræðu sína með því að veitast að þessum framfaramönnum, eða jeg tók það svo, að hv. þm. ætti við þá menn, sem hjer eru staddir í bænum og hafa lagt stund á þessa atvinnugrein. Hann var að endurtaka illyrði sín til þeirra, og herti nú á með því að segja, að þeir hafi farið að þingmönnum í þessu máli með illu og góðu, til þess að fá því framgengt, sem þeir æskja. Jeg tel það mjög óheppilegt, að hv. þm. skuli leyfa sjer að slá þessu fram, því að þetta eru ljótar fullyrðingar um þá menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer á þessum stað. Ef þessir menn hefðu rjett til að bera af sjer sakir hjer í deildinni, þá hefðu þ e i r haft fulla þörf til að standa upp og bera af sjer sakir. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þd. muni telja þetta ómaklega og illa mælt af háttv. þm. Borgf., og jeg býst við, að hv. þm. verði straffaður með því, að till. hans verði feld, sú sem hann ber mest fyrir brjósti.

ATKVGR.

Brtt. 378 samþ. með 13:3 atkv.

— 363, 1, svo breytt (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 363, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 16:1 atkv.

3. gr. samþ. með 15:5 atkv.

Brtt. 363, 3, (ný gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 377 (ný 6. gr.) samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, EJ, HStef, HJ, HG, IngB, MJ, MT, PO, SÁÓ.

nei: ÞorlJ, BSt, HK, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, ÓTh, BSv.

Fjórir þm. (GunnS, HV, JJós, SE) fjarstaddir.

Brtt. 363, 4 (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14: 3 atkv., með fyrirsögninni: Frv. til laga um **refarækt.**

Á 57. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 421, 460).

Frsm. (Einar Jónsson):* Þegar frv. þetta um refarækt var afgreitt frá 2. umr., gerði jeg mjer vonir um, að umræðum um málið væri lokið í deildinni. En því mun ekki vera að fagna, þar sem nú eru komnar fram brtt. á þskj. 460, sem gerbreyta frv. Jeg býst nú við, að hv. þdm. hafi veitt því eftirtekt, hvaða breytingu till. þessar gera á frv., en eigi að síður vil jeg fara um þær nokkrum orðum. Og er þá fyrst, að fyrsti liður brtt. á þskj. 460 fer fram á, að 1. gr. frv. falli burt, en hún hljóðar svo: „Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti, en þar skal refabú talið, sem refir eru aldir árlangt, hvort sem færri eru eða fleiri." Er því með brtt. þessari farið fram á, að frv. verði stytt, bæði að efni og orðfæri. Önnur gr. frv. á svo að vera óhögguð, að öðru leyti en því, að hún verður 1. gr. Þá fer 3. liður brtt. fram á, að 3.—4. gr. frv. verði feldar burtu, en í þeirra stað komi ný grein svohljóðandi: „Nú eru refir fluttir úr landi lifandi, og skal þá fylgja hverri sendingu vottorð dýralæknis um heilbrigði dýranna." En í 3. gr. frv. stendur: „Eigi má flytja út refi, nema frá refabúum, sem starfað hafa árlangt (12 mánuði) að minsta kosti, og þó því aðeins, að engin næm sýki hafi gengið á búinu síðastliðið ár. Vottorð frá dýralækni um heilbrigði dýranna skal fylgja hverri sendingu." Þá vill flm. brtt. líka láta nema í burtu ákvæði 4. gr. frv., sem fjallar um sektir fyrir brot gegn lögum þessum. Fjórði liður brtt. á þskj. 460 er tilfærsla á greinum, og því engin efnisbreyting. Af hálfu landbn. hefi jeg það að segja, að hún finnur ekki ástæðu til að taka brtt. þessar til greina, og leggur því til, að þær verði feldar, en frv. samþykt óbreytt, eins og það liggur fyrir á þskj. 421, því að það er álit nefndarinnar, að á þann hátt geti það orðið að liði, en annars ekki. Legg jeg því til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Jónsson: Jeg vil byrja á að skýra frá, að í 4. brtt. er smíðagalli, sem jeg veit ekki hvort stafar af prentvillu eða misritun í handriti. Þar stendur: Greinin verður 4. grein, en á að vera 3. gr. Eins og hv. dm. muna, var háð hörð senna um þetta litla frv. við 2. umr., og skildi enginn í því, hvernig slíkur hiti gat hlaupið í menn út af svo litlu máli. Jeg hefi altaf verið andvígur þessu frv., því að mjer finst óheppilegt, að ríkisvaldið fari nú þegar að grípa inn í þessa nýju atvinnugrein með óeðlilegum ráðstöfunum, því að eins og frv. er, verður út-

* Ræðuhandrit óyfirlesið.

flutningur og verslun með refi bundin við tiltölulega fá fyrirtæki í landinu. Jeg er þessu andvígur, eins og yfirleitt öllum slíkum hömlum, og við umræður um málið kom jeg ekki auga á neina knýjandi ástæðu, sem rjettlætti þetta. Helsta ástæðan var þó sú, að því er mjer skildist, að mikil trygging þyrfti að vera fyrir heilbrigði refanna, og jafnframt, að ekki yrðu narraðir inn á útlendinga viltir refir, í stað refa frá refabúum. En jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að hvorugt þetta atriði sje ástæða til að tryggja, því að þeir, sem flytja dýrin út, eiga að tryggja þetta sjálfir, og gera það líka.

Það er laukrjett, sem hv. frsm. sagði, að mínar brtt. nema burt meginákvæði frv. Það var líka tilgangur minn með brtt. Hinsvegar þótti mjer þó rjett að ganga ekki lengra en svo, að eftir stæðu þó ákvæðin um refagirðingar og eftirlit með heilbrigði þeirra dýra, sem út eru flutt.

Um refagirðingarnar er nú það að segja, að með þeim ákvæðum í fjallskilareglug. sem um þær gilda nú, þá á það að vísu að vera trygt, að refir sjeu einungis geymdir í fulltryggum girðingum. Hinsvegar sá jeg ekkert á móti því beinlínis, að þessi ákvæði væru skerpt með því að taka þau upp í lögin, ef haldið væri, að það gæti haft áhrif í þá átt, að strangari kröfur yrðu gerðar til eftirlitsins, sem er vitanlega mikilsvert atriði, því það er óhæfa að refir sleppi úr geymslu.

Þar sem jeg gerði þessar brtt. við frv. eins og það lá fyrir áður en það var prentað upp, þá hafði jeg eigi gætt þess, að gera þurfti einnig, ef þessar brtt. mínar verða samþ., brtt. í þá átt, að fella líka niður úr frv. ákvæðin um stundarsakir. Jeg hefi nú afhent hæstv. fors. skriflega brtt. um það, en jeg lít svo á, að hún komi ekki til álita, nema hinar brtt. verði samþ., þar sem hún er algerlega bundin við þær. Jeg hefi svo ekki fleira að segja. Vona jeg að brtt. mínar veki ekki stórar umr. um málið á ný. Málið er líka að mínu áliti alveg tæmt við fyrri umr. — Jeg hefi viljað skjóta þessum brtt. fram til athugunar fyrir þá, sem óska breytinga á frv.

ATKVGR.
Brtt. 460, 1 feld með 14 : 6 atkv.
— 460, 2—4 teknar aftur.

Magnús Jónsson: Samkvæmt áður sögðu kemur þá hin skriflega brtt. mín ekki til greina.

Bernharð Stefánsson: Jeg tek skriflegu brtt. upp.

Magnús Jónsson: Jeg lít svo á, þar sem brtt. á þskj. 460 eru fallnar og teknar aftur, að skriflega brtt. geti ekki komið til atkvgr., sjerstaklega þegar þess er gætt, að hún fellir það úr frv. sem var sjerstaklega bætt inn í það við 2. umr.

Pjetur Ottesen: Ef það hefir átt að bera skriflegu brtt. upp í sambandi við brtt. á þskj. 460, eins og var tilætlun hv. flm., þá álít jeg að rjettara hefði verið að leita afbrigða fyrir skriflegu brtt. áður en hinar komu til atkv. En fyrst hinar eru nú feldar og teknar aftur, þá álít jeg að skriflega brtt. eigi engan rjett á því að koma til greina.

Halldór Stefánsson: Jeg vil láta það álit mitt í ljós, að skriflega brtt. geti ekki komist að, þar sem hún fer fram á að nema það úr frv., sem samþykt var að bæta inn í það við 2. umr. og sjerstök atkvgr. fór fram um.

Bernharð Stefánsson: Annaðhvort hefir þessi skriflega brtt. átt rjett á sjer til að komast að, eða hún hefir ekki átt það. Og þegar svo var til ætlast, að hún gæti komist að, ef brtt. á þskj. 460 hefðu verið samþ., þá sje jeg ekki annað en að hún geti eins komist að, þótt þær sjeu nú úr sögunni, þar sem hún snertir sjerstakan lið frv. Jeg verð því að halda fast við það, að till. verði tekin upp, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við þingsköp, að áliti hæstv. forseta.

Magnús Jónsson: Hv. 2. þm. Eyf. hlýtur að sjá það, að stór munur er á því, að fella niður nú, að frv. óbreyttu, það sem sjerstaklega var í það bætt við 2. umr., eða að það er gert sem rökrjett afleiðing af því, að nýjar forsendur eru komnar fram í málinu, en svo var, ef brtt. mínar hefðu verið samþ. Þá var skriflega brtt. ekkert nema sjálfsögð afleiðing af því, hvernig frv. þá var orðið. En þar sem brtt. mínar voru feldar, þá fæ jeg eigi sjeð, að hægt sje að bera skriflegu brtt. upp, að öllum forsendum óbreyttum frá því sem var, er ákvæðið um stundarsakir var samþ. við 2. umr. — Að vísu legg jeg ekki svo mikið upp úr því, hvort till. kemur til atkv. eða ekki, því vitanlega mun atkvgr. fara sem við 2. umr., svo hjer er engu stefnt í hættu.

Forseti (Benedikt Sveinsson): Af þeim rökum, sem fram eru komin, og vegna þess, að hv. flm. till. hafði sjálfur óskað eftir því, að hún kæmi ekki til atkv., ef hinar brtt. hans yrðu feldar, þá tel jeg, að þessi skriflega brtt. eigi engan rjett á sjer, og kemur hún því ekki til greina við atkvgr.

ATKVGR. (frh.).

Frv. samþ. með 15 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 421).

Á 64. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 18. maí, var útbýtt nál. frá minni hl. landbn., á þskj. 685. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Sáttatilraunir í vinnudeilum.

Á 54. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum

um sáttatilraunir í vinnudeilum, nr. 55, 27. júní 1925 (þmfrv. A. 411).

Á 56., 59., 60., 61., 63. og 65. fundi í Nd., 29. apríl, 2., 3., 4., 7. og 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Sjerleyfi til virkjunar Urriðafoss.

Á 59. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Urriðafoss í Þjórsá (þmfrv. A. 508).

Á 63. og 65. fundi í Nd., 7. og 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Verðfesting pappírsgjaldeyris.

Á 66. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um verðfesting pappírsgjaldeyris (þmfrv. A. 601).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

40. Friðun á laxi.

Á 6. fundi í Ed., 23. febrúar, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febrúar 1886 (þmfrv. A. 36).

Á 9. fundi í Ed., 27. febrúar, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta, þar sem þessi hv. deild hafði það til meðferðar í fyrra, og það er nú borið fram nær samhljóða því, sem hún afgreiddi það þá til neðri deildar. Jeg vænti þess aðeins að hv. deild viðurkenni nú eins og þá, að frv. sje nauðsynleg breyting á laxveiðalögunum. Að öðru leyti vísa jeg til greinargerðarinnar við frumvarpið í fyrra, sem var talsvert ítarleg. Í annari málsgrein 1. gr. hefir slæðst inn prentvilla: „86 stundir á viku“ í stað 36. Prentvilla þessi verður að sjálfsögðu leiðrjett við endurprentun frv. Fjölyrði svo eigi frekar, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 2. mars var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 52).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er ljett verk að hafa framsögu í þessu máli nú, þar sem samhljóða frv. og það,

sem hjer liggur fyrir, var afgreitt frá deildinni í fyrra með nær öllum atkvæðum deildarmanna. En eins og hv. deildarmönnum mun kunnugt, náði það samt ekki fram að ganga í neðri deild, var það þó svo snemma á ferðinni þar, að nægur tími var fyrir deildina að afgreiða málið, ef áhugi hefði verið fyrir því. Jeg minnist þó ekki, að þar kæmu fram nein rök gegn því, sem bentu í þá átt, að tilgangur frv. væri varhugaverður, heldur hafa öll rök bent í þá átt, að rjettara myndi að færa laxveiðalögin í það horf, sem hjer er farið fram á.

Aðaltilgangur frv. er sá, að hindra það, að þeir, sem búa við ósa veiðiánna, geti hirt svo að segja hverja bröndu, sem upp í árnar kemur, en það er hægt eftir laxveiðalögunum frá 1886.

Afstaða nefndarinnar til málsins er hin sama og í fyrra. Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og gerir hann sennilega grein fyrir sjerstöðu sinni, ef honum þykir ástæða til.

Þá vil jeg benda á, að í 1. gr. frv. er prentvilla, „86 stundir“ í stað 36 stundir. Verður hún leiðrjett við endurprentun á frv. milli deilda, því ekki hefir þótt ástæða til að bera fram brtt. vegna þessarar villu.

Legg jeg svo til fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að frv. verði samþykt.

Jónas Kristjánsson: Þar sem jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, vil jeg með nokkrum orðum gera grein fyrir honum. Fyrirvari minn stafar ekki af því, að jeg sje málinu mótfallinn, heldur því sama og á síðasta þingi, að nú eins og þá er á ferðinni frv., sem fer í svipaða átt. Á jeg þar við frv. um Fiskiveiðafjelög. Mjer finst því með frv. þessu sje aðeins tjaldað til einnar nætur, þar sem gera má ráð fyrir, að menn vindi mjög bráðan bug að því að auka veiði í ánum og geri samþyktir um veiði í þeim eftir að Fiskiveiðafjelagsfrumvarpið verður að lögum. Af þessum ástæðum hefði mjer því fundist að frv. það, sem hjer er til umræðu, hefði mátt bíða, en þrátt fyrir það get jeg greitt því atkvæði mitt út úr deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 36).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., 5. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 36).

Á 17. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Sigurðsson: Jeg get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að hv. Ed. skuli hafa afgreitt frv.

þetta í þessari mynd. Svo mikil lenging á friðunartímanum, sem þar er farið fram á, er með öllu óþörf og víða til tjóns. Sumstaðar hagar svo til, að veiðin er langmest nálægt ármynninu. Svo háttar til um Þjórsá og enda Ölfusá líka. Þeir fáu, sem þar veiða, gera þeim, sem ofar búa, lítið eða ekkert tjón með veiði sinni. T. d. er engin laxveiði fyrir ofan Urriðafoss, enda þótt lítið eitt af laxi gangi upp fyrir hann. Til slíkra áa sem þessara má og telja Hvítá í Borgarfirði. Í þeim tilfellum sem nefnd hafa verið, væri því þeim, er neðar ættu veiði, meinað að nota hana, til lítils eða einskis gagns fyrir þá, er ofar ættu veiði. Í ármynnunum kemur ekki til mála, að hægt sje að stokkleggja, og því vil jeg benda hv. landbn. á, að sjálfsagt er að flokka árnar. Mjer finst líka mál þetta svo stórt, að vert sje að landbn. athugi það vel, og vil skjóta því til hennar, hvort ekki sje rjett, að milliþinganefnd sú í landbúnaðarmálum, er nú situr á rökstólum, fái það til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 61., 63. og 65. fundi í Nd., 4., 7. og 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 441).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Vigt á síld.

Á 17. fundi í Ed., 8. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um vigt á síld (þmfrv. A. 82).

Á 19. fundi í Ed., 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Það hefir til skamms tíma gengið svo til, að sú síld, sem síldarbræðsluverksmiðjurnar hafa keypt, hefir verið seld og keypt eftir mælingu. Sú breyting hefir þó orðið á þessari venju síðustu árin, að byrjað er að selja síldina eftir vigt í bræðslu. Er því nú selt bæði eftir vigt og máli. Engin föst regla hefir gilt um þetta, og hafa bræðsluverksmiðjurnar haft þar um geðþótta sinn, því engin lög voru til um þetta efni. En í tilskipun frá 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, er að vísu gengið út frá því, að síldin sje mæld við sölu og kaup í bræðslu, en þó er ekkert fyrirskipað um þetta í þeim l., sem fyrirskipunin byggist á. — Við athugun hefir það komið í ljós, að fult svo heppilegt mundi vera að vega þá síld, sem seld er í bræðslu. Ástæðan fyrir því er m. a. sú, að nákvæmara er að vega síldina til bræðslu en mæla, vegna þess að síldin er seld í mismunandi ástandi og verður því misjafn þungi í mælikerunum, eftir því, hvort síldin er ný eða slæpt. Nú er það svo, að meira fer í mælikerið af slæptri síld, en til bræðslu er hún jafngild, eða máske betri, því verksmiðjunum þykir betra að eiga við bræðslu hennar, er hún er orðin nokkurra daga gömul.

— Er því betra að ein regla gildi um sölu þessarar vöru, og þá sú aðferðin, sem rjettlátari er.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Vænti þess að hv. deild leyfi frv. að ganga til 2. umr. og þar sem það eftir eðli sínu mun eiga best heima í sjútvn., þá leyfi jeg mjer að óska að því verði vísað til þeirrar hv. n., að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 295).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Sjútvn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði gert að lögum, og leggur því til, að hv. deild samþ. það með lítilli breytingu.

Tilgangur frv. er sá, að fá það ákveðið með lögum, að síld sú, sem seld er í bræðsluverksmiðjur, sje vegin, en ekki mæld. Áður var hún jafnan mæld, en á síðari árum hefir sú breyting á orðið, að sumstaðar er farið að selja hana eftir vigt. Þar sem engin lagaákvæði voru til um þetta, þá þótti sjútvn. rjett, að lög væru sett um þetta.

Eina breytingu, lítilsháttar þó, vill n. gera á 1. gr. frv. Þar var svo ákveðið, að vogir þær, sem notaðar yrðu, skyldu taka að minsta kosti innihald eins mælikers. En brtt. fer fram á það, að hægt sje að vigta í einu að minsta kosti innihald tveggja mælikera, ásamt því íláti, sem síldin er vegin í. Þetta er gert af því, að n. er kunnugt um, að þar sem síldin hefir verið vegin, hefir víða verið siður að vega innihald 2 mælikera í einu. Einnig er það trygging fyrir því, að notaðar verði sterkari og öflugri vogir, sem þá líka yrðu nákvæmari.

Nú má gera ráð fyrir því, að ekki verði allir sammála um það, hvað 1 mæliker taki mörg kg. síldar. Í frv. er ákveðið, að það skuli vera 135 kg. Vil jeg láta þeirri till. fylgja þær upplýsingar, að í norskri fræðibók, sem jeg hefi lesið um þetta efni, er gengið út frá því, að 1 mæliker innihaldi 135 kg. síldar. Jeg vil bæta því við, að mjer er kunnugt um, að ein verksmiðja, sem keypti síld síðastliðið sumar til bræðslu, ljet vigta mælikerin, og reyndist meðalvigtin eftir sumarið 138½ kg., innihaldið. Hefi jeg þetta eftir Kristjáni Karlssyni bankastjóra, og leyfði hann mjer að nota þessar upplýsingar, og taldi sjálfsagt, að bræðslusíld væri vegin. Þá hefir og hv. 3. landsk., sem í fyrra rannsakaði þetta mál í sambandi við rannsókn á byggingu síldarverksmiðju, komist að þeirri niðurstöðu, að 1 mæliker hefði inni að halda 128—138 kg. síldar. Mun því eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, vera hæfilegt að ákveða þetta 135 kg.

Skal svo ekki orðlengja þetta. Vona jeg að hv. deild fallist á, að rjett sje að setja þessi lög, og mæli jeg með því fyrir hönd n., að svo verði gert.

ATKVGR.

Brtt. 295 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 322).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 322).
Á 48., 50., 52., 56., 58. og 60. fundi í Nd., 18., 20., 23. og 29. apríl, 1. og 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 65., 69., 70. og 72. fundi í Nd., 10., 15., 16. og 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 568).
Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Loftskeytanotkun veiðiskipa.

Á 19. fundi í Ed., 11. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa (þmfrv. A. 95).

Á 21. fundi í Ed., 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv., sama efnis og þetta, lá fyrir síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Jeg lít svo á, að frv. þetta sje aðeins einn liður þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til að halda uppi landhelgivörnum hjer við land. Á því er allmikið orð gert, eða hefir verið a. m. k., að íslenskir togarar muni fremja talsvert af landhelgibrotum í íslenskri landhelgi, þótt eigi verði uppvíst. Mun það meðfram vera bygt á því, að slík lögbrot voru alltíð fyrir nokkrum árum síðan. Af viðtali við skipstjóra á erlendum togurum má oft ráða, að þeir eru þeirrar skoðunar, að eftirlit sje miklu minna með íslenskum togurum en erlendum. Jafnvel þótt ganga megi út frá, að ummæli erlendu skipstjóranna um þetta efni sjeu ekki á fullum rökum bygð, þá eru þau samt álitshnekkir fyrir íslenska löggæslu. Jeg lít svo á, að sjálfsagt sje að gera alt, sem unt er til að kveða niður slíkan orðróm. Og frá því sjónarmiði á þetta frv. fullkominn rjett á sjer. Það er ekki rjett að skoða frv. sem árás á innlendan botnvörpuútveg. Tilgangur þess er þvert á móti sá, að vernda hann fyrir hættulegu ámæli.

Því ber ekki að neita, að frv. þetta mætti talsverðum andmælum frá útgerðarmönnum á þingi í fyrra. En jeg held, að þau andmæli hafi verið að nokkru leyti á misskilningi bygð. En jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi nú gefist tími til að gera sjer grein fyrir, hvað hjer er farið fram á í raun og veru. Og jeg þykist viss um, að það muni, þegar frv. nú hefir hlotið rækilega meðferð þingsins og ef til vill einhverjar breytingar, geta leitt af sjer mikið gott, ef að lögum yrði.

Jeg legg til, að frv. verði nú að lokinni þessari umr. vísað til nefndar, til frekari meðferðar. En auðvitað geta hv. þdm. þegar gert við það þær athugasemdir, sem þeim þykir þurfa á þessu stigi málsins. Tel jeg að frv. eigi að ganga til hv. sjútvn., því sú nefnd mun hafa haft það til meðferðar í fyrra í hv. neðri deild. Mun jeg svo eigi fjölyrða frekar um það að sinni, nema sjerstakt tilefni gefist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 303).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Við 1. umr. þessa máls lýsti jeg að nokkru frv. þessu og tilgangi þeim, sem því er ætlað að ná. Finn jeg því ekki ástæðu til þess að taka það upp nú, sem jeg sagði þá, og það því síður, þegar enginn ágreiningur var í nefndinni um einstakar greinar frv., nema hvað einum nefndarmanna þótti refsiákvæðin of ströng. Sjerstaklega þótti honum lágmarksupphæð sektanna vera of há. Höfum við því til samkomulags flutt brtt. á þskj. 303, enda getur um margskonar afbrot verið að ræða, og er því ekki nema rjett að hafa sektarákvæðin sem rýmst. Eins telur nefndin rjett að færa ákvæðið um rjettindamissi skipstjóra fyrir fyrsta brot úr tveimur árum niður í eitt ár.

Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir honum. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar.

Halldór Steinsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, enda þótt jeg sje samþykkur þeirri stefnu frv., sem kemur fram í því, að vilja koma í veg fyrir, að íslenskir togarar noti loftskeytatæki sín til þess að geta þeim mun óhultari fiskað í landhelgi. Mun jeg því fyrir þessar sakir greiða atkv. með frv., enda þótt jeg sje ekki að öllu leyti ánægður með það.

Það sem jeg þó sjerstaklega er óánægður með, og kom mjer til að skrifa undir nál. með fyrirvara, er greinargerð frv. Mjer finst hún í alla staði ósæmileg, og sverja sig í ætt höfundarins, sem mun vera enginn annar en hæstv. dómsmrh. Í greinargerð þessari segir meðal annars: „Það er sannað með framburði skilríkra manna á Alþingi og utan þings, að sumir íslensku togararnir eru hættulegir landhelgibrjótar, og að þeir leiða heila hópa af erlendum skipum í landhelgina með sjer.“ Hjer er alt of langt farið. Því að það er alls ekki sannað, að íslensku togararnir leiði heila hópa

af erlendum skipum í landhelgina með sjer, enda þótt bæði jeg og aðrir, sem um þessi mál hafa talað, hafi sagt, „að það liti helst út fyrir“ eða „lægi grunur á“, að íslensku togararnir gerðu þetta. Um sönnun er alls ekki hægt að tala í þessu efni, nema því að eins, að varðskipin stæðu togarana að þessu. En hjer liggur ekkert slíkt fyrir.

Þá segir ennfremur í greinargerð þessari: „Það er ennfremur kunnugt, að þessi landhelgibrot Íslendinga varpa skugga á löggæslu og jafnvel dómstóla landsins í augum erlendra manna og eru því sannarleg þjóðarsmán og hættuleg sjálfstæði landsins.“

Mjer þykir mjög leitt, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera hjer viðstaddur, því að hver hefir frekar en hann varpað skugga á löggæslu og dómstóla landsins bæði í augum innlendra og erlendra manna. Og má í því efni nefna hið svo kallaða „Tervani-mál“, þar sem hæstv. ráðherra hefir gengið svo langt í því að svívirða löggæslu og dómstóla landsins í augum erlendra manna, að slíks munu fá dæmi fyr. Þessi ummæli í greinargerðinni koma því úr hörðustu átt. Annars skal jeg ekki fara að ræða það mál nú. Það hefir þegar verið gert allítarlega í hv. Nd. og víðar.

Þá segir í greinargerðinni: „Þessum landhelgibrotum er beinlínis stjórnað úr landi, eins og einn hinn merkasti útgerðarmaður, sem nú lifir hjer á landi, hefir beinlínis lýst á sjálfu Alþingi. Útgerðarstjórarnir eða þjónar þeirra senda skipunum skeyti um hreyfingar varðskipanna, eftir því sem til vitnast, svo sem þegar þau koma í höfn, og þá um leið eru fleiri eða færri togarar komnir í landhelgina.“

Það mun vera rjett, að Ágúst Flygenring hafi sagt það einu sinni hjer á Alþingi, að það ljeki grunur á, að íslenskir útgerðarmenn notuðu loftskeytatækin til þess að aðvara togara um hreyfingar varðskipanna. En með því er það alls ekki sagt, að slíkt sje almenn regla, en annað er ekki hægt að fá út úr greinargerð þessari. Er þetta því hin hreinasta fjarstæða, sem kemur fram í greinargerðinni hjá hæstv. ráðherra, að togurunum sje alment stjórnað úr landi með landhelgibrotin, enda þótt það sje skoðun mín o. fl., að svo sje ef til vill um einstaka skip.

Svo endar hæstv. ráðherra greinargerðina með þessum orðum: „Það væri fráleitur afkáraskapur, ef hið sama þing, sem hefir látið byggja tvö dýr skip til strandgæslunnar, og veitir fje, sem skiftir hundruðum þúsunda til árlegs rekstrar þeirra, væri svo þróttlaust, að það treystist ekki til að stöðva hina glæpsamlegu notkun loftskeyta hjer við land, móti strandgæslunni, aðeins af því, að einhverjir af lögbrjótunum hafa aðstöðu til að beita ofurkappi í þessu máli í stjórnmálalífi þjóðarinnar.“

Hjer finst mjer, að settar sjeu fram svo óviðeigandi dylgjur, að slíkt megi ekki eiga sjer stað í nokkuru því opinberu skjali, sem kemur fram á Alþingi.

Læt jeg svo þessi orð nægja, en jeg vildi taka þetta fram af því, að mjer finst greinargerðin, eins og hún er stíluð, vera alveg óviðeigandi og ósæmileg.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Mjer var

kunnugt um það áður, á hverju fyrirvari háttv. þm. Snæf. bygðist. En þar sem jeg er flm. frv., þá tel jeg mjer skylt að svara nokkrum orðum ummælum hv. þm. Snæf. út af því, sem stendur í greinargerð frv.

Það liggja fyrir, bæði í Alþingistíðindum og víðar, ummæli ýmsra þeirra manna, er besta þekkingu hafa á því, hvernig framkoma togara, bæði innlendra og útlendra, hefir verið, að því er snertir veiðar í landhelgi, og er tilgangslítið um það að deila.

Öllum ætti að vera það ljóst, að okkur Íslendingum er það ekki vansalaust, að togarafloti okkar sje talinn, með rjettu eða röngu, ekki síður brotlegur við landhelgilögin en þeir útlendu, og er tilgangur þessa frv. aðallega sá, að byggja fyrir að slíku verði haldið fram og gert líklegt einmitt með því, að togararnir noti loftskeytatækin á þann hátt að fá daglega, að svo miklu leyti sem hægt er, fregnir af varðskipunum og ferðum þeirra, og geti þannig veitt í landhelgi án þess að eiga á hættu, að varðskipin taki þá við ólöglegar veiðar. Þessi er aðaltilgangur frv., en ekki sá, að svívirða togaraskipstjóra og útgerðarmenn, svo sem ýmsir andstæðingar þessa frv. hafa haldið fram hjer á Alþingi, undir umræðum um þetta mál í fyrra.

Hitt er víst, að mál þetta hefir verið varið af útgerðarmönnum í Nd. af miklu kappi. Þeir hafa sagt, að frv. þetta væri árás á togaraeigendur. En jeg get ekki sjeð, að svo sje. Jeg held, að framkoma útgerðarmanna hafi gefið tilefni til sumra ummæla í grg. frv. Mjer er kunnugt um það, að útlendingar, t. d. Englendingar, halda því fram, að íslenskir togarar veiði allra togara mest í landhelgi, og segjast hafa verið sjónarvottar að því, hvað eftir annað. Jeg skal ekki segja um, hvort þetta er satt. En það er almenningsálit, að nokkrum hluta togaraflotans íslenska hætti við að fara inn fyrir landhelgilínuna. Í minu hjeraði er t. d. full vissa fyrir því, enda þótt ekki sje hægt að koma sönnunum við, að á vissum tíma árs veiða íslenskir togarar, þó sjálfsagt sjeu þeir ekki margir, þar í landhelgi, og menn vita þar um nöfn sumra þeirra. (**Jóh Jóh:** Hvers vegna eru þeir ekki kærðir?). Það er nú oft svo, að menn geta ekki sannað formlega það, sem þeir eru sannfærðir um að sje rjett. Það er á hvers manns vitorði þar eystra, að á Vaðlavík toguðu íslenskir togarar, jafnvel nótt eftir nótt, síðastliðið sumar. En þegar varðskipin loksins komu, voru þeir allir farnir. Þó hafði verið skilin þar eftir „bauja", sem skilríkir menn þóttust bera kensl á, enda þótt fullum sönnunum yrði ekki við komið. Það er og ákaflega sennilegt, að þegar togari selur fisk, sem ekki fæst á þeim tíma, nema á vissum miðum innan landhelgi, að sá fiskur sje ólöglega veiddur.

Annars sje jeg ekki ástæður til þess að fara út í deilur um grg. frv., þar sem öll sjútvn. er sammála um það, að hafa beri eftirlit með því, að loftskeytatæki veiðiskipa sjeu ekki misnotuð. Það er óneitanlega aðalatriðið, þó að hitt megi deila um, hve hörðum orðum sje farið um þessa misnotkun í greinargerð frv.

Mjer er kunnugt um, að talsverð gremja er innan sjómannastjettarinnar gegn togurunum, bæði vegna landhelgiveiða þeirra og vegna þess, hve

oft kemur fyrir, að togarar eyðileggja veiðarfæri fyrir smáútveginum. Að þessu síðarnefnda kveður mjög t. d. kringum Vestmannaeyjar, svo að varðskipi, kostuðu af ríkissjóði, hefir verið haldið þar úti um vertíðina, sjerstaklega í því skyni, að koma í veg fyrir, að togarar spiltu veiðarfærum. Að vísu hafa Vestmannaeyingar átt þetta manna best skilið, jafnframt vegna björgunarmálanna, en ástandið miklu víðar kringum landið er svipað og það var í Vestmannaeyjum. Jeg hefi sjálfur haft útgerð um alllangan tíma, og formenn þeir, sem hjá mjer hafa verið, telja að meiri skemdir á veiðarfærum stafi af völdum Íslendinga en t. d. Englendinga. Þeir halda því fram, að ef Englendingum sjeu gefin merki, sje undantekning, ef þeir taki þau ekki til greina, en út af því vilji mjög bregða með Íslendinga. Það er óhætt að segja, að a. m. k. á Austurlandi er það almenningsálit, að íslenskir skipstjórar sjeu mun ófyrirleitnari í þessum efnum en erlendir stjettarbræður þeirra. Þetta er ekki alveg óskiljanlegt, þegar þess er gætt, að til þessa hefir lítt verið skeytt um alþjóðareglur í farmensku, einkum við fiskiveiðar. En þeim reglum eru erlendir skipstjórar hinsvegar vanir að hlýða.

Jeg álít, að skemdir á veiðarfærum sjeu skaðlegri en margt annað, sem varðar við lög, sem þær að vísu gera, ef hægt er að sanna þær á sjerstakt skip. En það verður ekki gert, nema með bættum landhelgivörnum.

Þegar varðskipið „Þór“ hefir verið tekið frá Vestmannaeyjum til landhelgigæslu annarsstaðar, hefir ríkisstjórnin sjeð ástæðu til að bæta Eyjarskeggjum það veiðarfæratjón, sem þeir hafa orðið fyrir á meðan.

Eins og jeg hefi áður sagt, hefir það komið miklu víðar fram, að smáútvegurinn hefir orðið fyrir þungum búsifjum af hálfu togaranna. Því get jeg tekið undir ýmislegt af því, sem í grg. frv. stendur um ófyrirleitni þeirra og yfirgang.

Jeg mun svo ljúka máli mínu að sinni, en vil taka það fram, að jeg myndi vera fús til að stuðla að því, að fyrirbygt yrði að togarar spiltu svo veiðarfærum smábáta, sem þeir nú gera, því að það er altítt, að á þeim tíma, er togarar veiða á sama sjó og smábátar, að hinir síðarnefndu verði fyrir tilfinnanlegu tjóni af þessum orsökum. Hinsvegar skal jeg játa, að ekki er hægt að leysa þann hnút með þessu frv.

Jón Þorláksson: Í fyrra urðu í Nd. miklar deilur um frv., sem var svipað þessu. Var einkum bent á, af hálfu andstæðinganna, hve það væri flausturslega og illa samið. Við yfirlestur þess frv., er hjer liggur fyrir, finst mjer, þótt tilgangur þess sje lofsverður, að frágangur þess sje að ýmsu leyti athugaverður. Jeg vil benda á, að eftir frv. geta menn fallið í hin sömu þungu víti fyrir lítilfjörlegar yfirsjónir um formsatriði og fyrir hin eiginlegu brot, sem lögunum er ætlað að koma í veg fyrir.

Í 1. gr. frv. er svo fyrir mælt, að öll botnvörpuskip skuli hafa fullkomin loftskeytatæki. Þetta kemur í rauninni ekki efni frv. við. Þá má, meira að segja, ætla, að því er snertir aðaltilgang frv., að heppilegast væri, að skip-

in hefðu engin loftskeytatæki. En sjálfsagt hefir það vakað fyrir þeim, er frv. sömdu, að loftskeytatæki ættu að vera á hverju skipi til björgunar í sjávarháska. En sje greinin skoðuð frá því sjónarmiði, finst mjer fjarstæða að einskorða þá skyldu, að hafa loftskeytatæki við botnvörpuskip eingöngu. Sú skylda ætti að fara eftir stærð skips eða skipverjafjölda, eða hvorutveggja. Svo er gert í erlendum lögum. Gæti verið rjett að draga línuna þannig, að öll botnvörpuskip lentu undir þessari reglu, en jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að línuveiðari sem er jafnstór og hefir jafnmarga skipverja innanborðs og togari, sje undanþeginn skyldunni, enda þótt máske sje ekki hægt að benda á slík skip hjer, enn sem komið er.

Þá vil jeg víkja að 3. og 4. gr. frv. í sambandi við sektarákvæði 5. gr.

Það er undarlegt, að hvergi er bannað — beinlínis — í frv., að nota loftskeyti til stuðnings við ólöglegar veiðar, nema hvað í 5. gr. eru ákvæði um að þeir skipstjórar, sem hafi „notað loftskeyti til að fremja, dylja eða aðstoða við landhelgibrot", skuli sæta aukarefsingu. En aðalrefsiákvæði frv. eru alls ekki miðuð við þess háttar brot, heldur eru viðurlögin eingöngu við því, að brjóta reglur um útbúnað skeyta, bókfærslu og afhendingu á eftirritum. Mig furðar á, að hv. sjútvn. skuli ekki hafa athugað þetta.

Sektir gegn brotum á 3. og 4. gr. frv. eru ákveðnar 8—30 þús. krónur. Ef einhver, sem sendir skeyti til veiðiskips eða frá því, gleymir að skrifa undir drengskaparvottorð viðvíkjandi tilgangi skeytisins, fellur hann undir þessi víti, þótt tilgangur hans hafi alls ekki verið sá, að stuðla á nokkurn hátt að ólöglegum veiðum.

Í næstu málsgrein 4. gr. er loftskeytastöðvum og veiðiskipum gert að skyldu að bóka öll skeyti til og frá veiðiskipum. Ef þetta ferst fyrir, þótt ekki sje nema einu sinni, varðar það aftur hinum sömu vítum, sem ákveðin eru í 5. gr., enda þótt enginn grunur sje á, að um annað en vangá eða gleymsku sje að ræða.

Þá er svo ákveðið, að varðskip og togarar skuli í byrjun hvers mánaðar senda dómsmálaráðuneytinu frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skips hafa farið á síðastl. mánuði og eftirrit skeyta skipa á milli, sem náðst hafa. Ef þetta ferst fyrir hjá skipstjóra eða útgerðarstjóra, varðar þetta brot, sem eingöngu er formlegs eðlis, hinum sömu sektum, — 8000—30.000 kr. Sama er að segja, ef gleymist að senda skeytabækur í árslok til dómsmálaráðuneytisins.

Mjer finst frv. steyta á því skeri, að gera ekki greinarmun á því, sem ekki er brot á öðru en hreinum formsatriðum, og brotum gegn landhelginni og rjetti landsmanna til að veiða í henni. Hjer virðist helst sem verið sje að búa til allskonar gildrur, sem líklegt er að fleiri eða færri gangi í, því að allir þeir, sem safnað hafa opinberum skýrslum og eyðublöðum vita, að ávalt eru einhverir, sem gleyma að skila í tæka tíð. Að vísu er rjett að hafa viðurlög við slíku, svo að menn geri það ekki viljandi. En 8000— 30.000 kr. sektum kemur ekki til mála að beita fyrir vanrækslu á formlegum reglum, heldur þegar fyrir liggur brot á því, sem frv. er ætlað að koma í veg fyrir: loftskeytanotkun til stuðn-

ings við ólöglegar veiðar. Þetta tel jeg alvarleg missmíði á frv.

T. d. um það, hve frv. er illa samið, skal jeg geta þess, að í 5. gr. eru refsiákvæði gegn skipstjórum, sem noti loftskeyti til að fremja landhelgibrot. Hvernig er nú eiginlega hægt að fremja landhelgibrot með loftskeytum? Það verður ekki gert nema með því að veiða með þeim.

Jeg þykist þá hafa nefnt næg dæmi til að rökstyðja þann dóm minn, að frv. sje illa undirbúið. Við fyrsta yfirlit dettur manni í hug, að það sje af fljótfærni sprottið, en vel má líka vera, að frv. hafi verið gert svona úr garði í þeim tilgangi, að fæla þá þm., sem vilja vanda til lagasmíða, frá því að samþykkja það, til þess að geta sagt á eftir, að þeir sjeu á móti því, sem höfundarnir telja tilgang þess. Mjer hefir fundist kenna þessa á milli þinga í þeim blaðadeilum, sem orðið hafa um málið, að sagt hafi verið um þá menn, er ekki vildu ljá frv. fylgi sitt, eins og það var, að þeir vildu ekki fyrirbyggja ólöglegar veiðar. Jeg vil gera alt, sem er í samræmi við venjulegar rjettarfarsreglur, til þess. En jeg get ekki ljeð frv. óbreyttu fylgi mitt, meðan ætlast er til, að menn sæti sömu sektum fyrir brot gegn formsreglum og fyrir stuðning við ólöglegar veiðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er sannarlega ekkert nýtt, þótt hv. 3. landsk. (JÞ) komi fram sem kennifaðir í lagasetningu hjer í hv. deild. Jeg skal láta ósagt um hæfileika hans til slíkrar kennimensku. En í þetta sinn held jeg, að hann hafi skotið yfir markið.

Ef hv. 3. landsk. vildi leggja það á sig að lesa fyrirsögn frv., myndi hann sjá, að frv. er um „eftirlit með loftskeytanotkun". Það er ekki um bann gegn loftskeytanotkun. Eftirlitið á að koma í veg fyrir misnotkun. Og við það eru refsiákvæðin miðuð. (BKr: Hvernig á eftirlitið að vera). Það er tekið fram í frv. Skeytin á að bókfæra jafnóðum og þau eru send, og svo verða þau athuguð af sjávarútvegsnefndum Alþingis. En jeg veit ekki, hvernig hv. 3. landsk. fer að hugsa sjer, að bann geti komið að notum án eftirlits. Hugsum okkur að skipstjóri sendi skeyti með upplýsingum um varðskipin. Ætli hann færi að skýra dómsmálaráðuneytinu frá því ótilkvaddur, að hann hefði sent þetta skeyti? Nei, strangt eftirlit er það eina, sem komið getur að liði til að hindra hina hættulegu misnotkun loftskeytanna. Þeir menn, sem í alvöru vilja vinna gegn þessari misnotkun, hafa ekki fundið aðra leið. Þetta held jeg, að hv. þm. (JÞ) hlyti að sjá, ef hann vildi. Og það væri sómasamlegra af honum og öðrum, sem eru á móti öllum ráðstöfunum í þessu efni, að viðurkenna það hreinskilnislega. Annað er leikaraskapur.

Hv. 3. landsk. fann að því, að 1. gr. frv., um skyldu til að hafa loftskeytatæki, skuli eingöngu miðuð við botnvörpuskip. Jeg tel hæpið, að rjett sje að fyrirskipa, að svo stöddu máli, loftskeytatæki á smærri skipum. Mjer þykir vafasamt, að loftskeytatæki komi að verulegum notum á litlum skipum. Togararnir eru nú langstærstu veiðiskip, sem Íslendingar eiga. En verði sú breyting á fiskiflotanum yfirleitt, að skipin stækki, þá er líka sjálf-

sagt að skylda þau til að hafa loftskeytatæki. Jeg hygg, að slíka skyldu ætti fremur að miða við stærð skips en mannafjölda. En þó má hann líka koma til athugunar í þessu sambandi. En jeg álít, að frv. sje fullnægjandi í þessu efni, eins og ástandið er nú. Þó gæti jeg vel gengið inn á það, til samkomulags, að efni 1. gr. yrði athugað nánar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál nú. Jeg held, að þeir, sem ekki vilja ljá frv. fylgi, hljóti að hafa til þess aðrar ástæður en uppi eru látnar. Hitt get jeg ekki viðurkent, að ástæður þær, sem hv. 3. landsk. hefir borið fram í þessu máli, styðjist við rök. Þær eru bygðar á því, að frv. sje öðruvísi en það er.

Jón Baldvinsson: Jeg sje ástæðu til að taka til máls út af þeim orðum, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) ljet falla í ræðu sinni áðan. Eins og nál. ber með sjer, ætlar þessi hv. þm. sjer að greiða atkv. með frv. En hann gerir það áreiðanlega ekki með glöðu geði, og er nú að reyna að svala sjer á greinargerðinni fyrir frv.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að halda ræðu í þessu máli. En orð hv. þm. (HSteins) gáfu mjer tilefni til þess. Það, sem jeg ætla að gera nú, er að láta hv. þm. og nokkra nánustu fylgismenn hans flytja þann vitnisburð, sem þeir hafa borið fram viðvíkjandi þessu máli á undanförnum þingum. Vil jeg ráða hv. þm. (HSteins) til að taka vel eftir, meðan hann heyrir sjálfan sig og samherja sína tala.

Árið 1924 var rætt um það á Alþingi, að herða á sektarákvæðum fyrir landhelgisbrot. Frv. var eigi samþykt, en umræðurnar um það eru ákaflega lærdómsríkar. Jeg skal nefna dæmi. Ágúst Flygenring er að afsaka brot íslensku togaranna. Hann segir:

„Og við skulum nú taka dæmi, til skýringar þessu máli: 40—50 erlendir togarar eru að veiðum í landhelgi austur við Landeyjasand. Íslenskur togari kemur þar að, er að veiðum fyrir utan línuna og fær ekki fisk úr sjó. Hvað á þá skipstjórinn að gera? Hvað myndum við gera í hans sporum? Auðvitað fara inn fyrir línuna. Svo ber varðskipið að. Einmitt þessi togari er ef til vill tekinn, — og kannske eingöngu vegna þess, að hann vantar t. d. loftskeytatæki, sem hinir hafa."

En hv. þm. Borgf., Pjetur Ottesen, er ekki alveg á sama máli. Hann segir:

„Þá vildi hv. þm. (ÁF) færa skipstjóranum það til vorkunnar, að þeim væri það of mikil freisting að sjá útlendingana altaf maka krókinn í landhelginni. Jeg hygg nú, að það sje Íslendingarnir, sem oftast ganga þar á undan hinum með þetta fagra fordæmi, og það á þeim stöðvum, sem skaðlegast er, að veitt sje á með botnvörpu, einmitt á bátamiðunum, og þá einkum þar, sem þarf kunnugleika til botnvörpuveiða, sökum þess, hvernig botnlagi er háttað. Útlendingarnir koma svo á eftir. Lögbrot þeirra eru að nokkru leyti því að kenna, að innlendu skipstjórarnir ganga á undan með þessu ófagra eftirdæmi."

Um loftskeytanotkun togaranna kemst Ágúst Flygenring svo að orði:

„Og auðvitað er það, að landhelgisbrot skipstjóra eru ekki ókunnug útgerðarmönnum. Það er opinber leyndardómur, að loftskeytatæki og annað

slíkt er fyrst og fremst haft á skipunum vegna landhelgiveiðanna.“

Þetta sagði þá sá hv. íhaldsmaður, Ágúst Flygenring, um loftskeytatæki togaranna. Nákvæmlega samskonar ummæli eru það, sem hv. þm. Snæf. (HSteins) vítir nú í greinargerð frv. þess, sem hjer er til umræðu. En Ágúst Flygenring segir meira. Jeg vil biðja hv. þm. Snæf. að taka vel eftir:

„Að því munu vera mörg dæmi,“ segir Ágúst Flygenring, „að skipstjórar hafi óbeinlínis verið sviftir skipstjórn fyrir að stunda ekki veiðar í landhelgi — eða með öðrum orðum: fyrir að fiska ekki nógu vel, af því að þeir hafa hlífst við að fremja lögbrot. Og það vita allir, sem eitthvað þekkja til, að sumir þeirra, sem brotlegastir eru, hafa aldrei verið teknir.“

Hv. þm. Borgf., Pjetur Ottesen, álítur sýnilega, að Ágúst Flygenring hafi kveðið ennþá sterkara að orði en stendur í Alþt. Pjetur Ottesen tekur svo til orða:

„Hann (þ. e. Á. F.) sagði, að útgerðarmenn blátt áfram skipuðu skipstjórunum að veiða í landhelgi, og ef þeir gerðu það ekki, þá ættu þeir á hættu að vera reknir af skipunum.“

Þetta skilst mjer einmitt, að liggi til grundvallar því frv., sem hjer er til umræðu.

En þegar hv. þm. Barð. (HK) heyrði slíka lýsingu, var honum nóg boðið. Hann stendur upp og heimtar harða refsingu yfir þá menn, sem þvílíkt athæfi fremji. Að lokum kemur hann fram með svofelda áskorun:

„Jeg vil óska þess, að fram fari nafnakall um þetta mál, svo það sjáist, hverjir helst halda hlífiskildi yfir lögbrotaseggjunum, sem fyr og síðar hafa leikið sjer að því, að eyðileggja framtíð fátækra manna við strendur þessa lands.“

Þessar umræður fóru fram á þinginu 1924. En á þinginu 1927 var líka rætt um þetta mál. Jeg ætla að leiða hjer eitt vitni úr þeim umræðum. Þetta vitni er sjálfur hv. þm. Snæf. (HSteins). Hann er að deila á stjórnina fyrir ljelega landhelgigæslu við Snæfellsnes:

„Sem dæmi þess má geta,“ segir hv. þm. Snæf., „að frá því um nýjár hefir altaf verið heill floti togara — 20—30 skip — óáreittur á norðanverðum Faxaflóa og sunnarlega á Breiðafirði. — — En síðan hafa bæði skipin, Fylla og Óðinn, skroppið þarna vestur, til þess að líta eftir, en enginn sýnilegur árangur hefir orðið af þeirri gæslu, því að ekkert skip hefir verið kært, en það er margsannanlegt, að fjöldi þessara togara hefir verið fyrir innan landhelgilínu á þessum tíma.“

Daginn eftir sagði þessi hv. þm. (HSteins) ennfremur:

„Eins og jeg gat um í gær, hefir verið heill floti af íslenskum togurum á þessum slóðum. Og þar sem hvergi mun vera önnur eins aðsókn af togurum í landhelgi, nema ef til vill við Vestmannaeyjar, þá gegnir furðu, að ekki skuli vera haft varðskip að staðaldri á þessum slóðum, þegar ágangurinn er sem mestur.“

Í þessum ummælum er greinilega fullyrt, að 20—30 íslenskir togarar hafi verið að ólöglegum veiðum við Snæfellsnes nærri samstundis, og enginn þeirra sætt hegningu. Jeg finn ekki í svip fleira, sem hv. þm. (HSteins)

hefir sagt um þetta. En grunur minn er sá, að hann hafi oftar látið þung orð falla um landhelgibrot en í þetta sinn. Og jeg held, að þau ummæli, sem jeg hefi nú þegar lesið upp, megi teljast eigi ómerkur vitnisburður í þessu máli. Hv. þm. getur vitanlega hengt hatt sinn á það, að brot íslensku togaranna sjeu ekki sönnuð. Ef til vill má segja að ekkert sje fullsannað, fyr en um það hefir verið dæmt í hæstarjetti. En hv. þm. Snæf. verður að viðurkenna, að ummæli hans sjálfs og annara þingmanna rjettlæta fyllilega það, sem stendur í greinargerðinni um framferði íslenskra togara.

Jeg skal nú láta staðar numið. Mjer þótti rjett að láta ofangreinda vitnisburði koma fram í þessum umræðum, svo að hv. þm. Snæf. viti, að hann má fyrst og fremst deila við sjálfan sig um þetta mál.

Halldór Steinsson: Þessi síðasti lestur hv. 4. landsk. (JBald) var alveg óþarfur. Hann hefir engin rök fært gegn því, sem jeg hjelt fram áðan. Jeg tók það þá fram, að bæði jeg og aðrir hefðu haldið því fram, að grunur hvíldi á íslenskum togurum um landhelgibrot. En hitt er annað mál, að þau brot eru ekki sönnuð. Og jeg stend við það, að í greinargerðinni er komist að orði eins og það væri sannað, að íslenskir togarar væru yfirleitt sekir um landhelgibrot. Þetta átel jeg. (**JBald:** En þessi 30 skip!). Það er alveg rjett, að jeg álít að 20—30 skip hafi veitt í landhelgi við Snæfellsnes á umræddum tíma. En jeg get ekki sannað það. Hitt get jeg vottað, að varðskipin fengust ekki til að koma vestur fyr en seint og síðar meir, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli til stjórnarinnar.

Jón Þorláksson: Eins og vænta mátti, gat hv. flm. (IP) ekki svarað höfuðaðfinslum mínum við frv., þeim, að leggja sömu sekt við brotum á formlegum reglum um skeytaútbúnað og því, að nota loftskeytin til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi. Þetta er ekki hægt að verja, þótt hv. þm. reyndi að snúa sjer frá því með því að segja, að jeg hefði ekki lesið fyrirsögn frv. 2. gr. frv. stendur þó þar, og hún segir ekki það, sem frv. ætti að fela í sjer, sem sje, að banna að nota loftskeytin í þágu ólöglegra veiða. En hv. þm. talar alveg eins og í frv. stæði ekkert annað en reglur um eftirlitið. Það hefir að vísu ekki alveg farist fyrir að setja þetta í frv., því að það kemur í aukasetningu aftan við aðalmálsgreinina í 2. gr. Í 5. gr. er svo fyrir mælt, að skipstjóri skuli sæta refsingu fyrir að brjóta hin settu ákvæði um afgreiðslu og tilhögun skeyta.

Tilgangurinn með þessari löggjöf á að vera sá, að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta til stuðnings ólöglegum veiðum, en fyrirsögn frv. skiftir engu máli. Við slíkri misnotkun á að leggja háar sektir. Hitt er ósiður, hvar sem á því bólar í löggjöfinni, að blanda saman refsiákvæðunum fyrir slíkt athæfi og smá yfirsjónum viðvíkjandi forminu, sem annaðhvort stafa af vangá eða hirðuleysi. Það er sjálfsagt að leggja einhverjar sektir við, ef slíkar yfirsjónir koma fyrir, en það nær engri átt, að ekki sje gerður greinarmunur á þessum tveim sektar-

ákvæðum. Eins og frv. er orðað að öðru leyti, falla línuveiðarar undir þessa löggjöf, jafnskjótt og þeir hafa öðlast loftskeytatæki, og er þeim þó heimilt að veiða hvar sem er í landhelgi, svo að ekki geta skeyti þeirra á milli verið til stuðnings ólöglegum veiðum.

En það sem jeg viti mest er það, að sömu sektir liggja við því, ef t. d. gleymist að senda eftirrit af loftskeyti og ef um raunverulega misnotkun er að ræða.

Það þarf að leggja háar sektir við því, ef sannað er, að um misnotkun sje að ræða, og hefir mjer aldrei dottið í hug að neita því, svo framarlega sem menn vænta nokkurs árangurs af lögunum og að tilgangur frv. náist. Það er því talað alveg út í hött hjá hv. frsm. að segja, að jeg vilji ekki láta setja neinar reglur um eftirlitið. Þá get jeg tekið mjer ljett þau ummæli, er hv. frsm. sagði í hita, að jeg áliti fáa menn hæfa til þess að semja frv., aðra en mig. Þetta eru auðvitað staðlausir stafir. Jeg álít mjög marga færari til þess að semja lög en jeg er, en hitt verð jeg að játa, að fram að þessu man jeg ekki eftir neinu frv. frá hæstv. dómsmrh., sem hefir verið sæmilegt að frágangi. Og það óheppilega er, að þótt hann fái nú útungunartæki til þess að unga út þessum frv. sínum, þá er honum svo ósýnt um að velja þau, að það er engra umbóta fyrir hann að vænta á þessum missmíðum.

Jeg get ekki kannast við það, að það sje nokkur leikaraskapur í minni afstöðu til þessa máls. Jeg hefi tekið það fram, að jeg er fús á að samþ. löggjöf til þess að afstýra notkun loftskeyta til hjálpar ólöglegum veiðum, en jeg álít, að það sje ekki rjett í lögunum að gera engan greinarmun á broti á því, sem lögunum er ætlað að hindra og yfirsjónum í formsatriðum, sem kannske eru óviljaverk. Jeg álít að hv. frsm. hafi svo mikið af almennri skynsemi, að hann hljóti að viðurkenna, að rjett sje að hafa sektirnar tvennar, og æði mismunandi. Ef hinsvegar sektarákvæðin eru höfð ein, verður að hafa lágmark sekta svo lágt, að það geti talist hæfileg refsing á hinum minni brotum á settum reglum, sem eiga ekkert skylt við misnotkun loftskeyta. Þó álít jeg betra að hafa ákvæðin tvenn, svo að menn freistist ekki til þess að misskilja þetta þannig, að lágmarkið eigi einnig við aðalbrotið.

Þá sagði hv. flm., að ef reglunum yrði fylgt, mundu skeytin ekki verða misnotuð. Jeg ber nú ekki sama traust til þessa og hann. Jeg held, að engar reglur geti að fullu fyrirbygt misnotkun, en þar fyrir er rjett að setja skynsamlegar reglur, því að ætíð er eitthvert gagn að þeim. — Afstaða mín til frv. er sú, að jeg mun fylgja því til 3. umr. í þeirri von, að það verði kannske eitthvað lagfært. Hinsvegar tel jeg það svo ambögulegt, að jeg treystist eigi til að gera þær brtt. við það, er þyrfti, til þess að koma því í sæmilegt horf, enda stendur það hv. flm. næst.

Erlingur Friðjónsson: Það eru að sumu leyti síðustu orð hv. 3. landsk. (JÞ), sem gera það að verkum, að jeg tek til máls.

Hv. þm. deildi mjög á frágang frv., en þykist þó vera með því, hvað and-

ann snertir, ef það verði lagfært, og þykir sjálfsagt að flm. lagfæri það samkv. hans ósk. Nú vil jeg spyrja hv. þm. að því, hvort það sje venja, að flm. frv. spyrji alla þá, er greiða eiga frv. atkv., hvernig það eigi að vera úr garði gert. Jeg þekki hv. þm. að því, að hann ber fram brtt. þegar honum þurfa þykir og hann vill koma einhverju máli fram. Jeg verð því að skilja hann þannig nú, að hann myndi snúast gegn frv., hvernig sem því yrði breytt, ef andi þess væri sá sami og nú er. Það er þess vegna fráleitt, að flm. fari að gera breytingar á frv., aðeins til þess að þóknast hv. þm. að einhverju leyti. Þá hefir hv. þm. einnig deilt mjög á frv. fyrir það, hve sektarákvæði þess væru há og að þau væru jöfn, hvernig sem brotin væru. Ekkert væri auðveldara en að lagfæra þennan ágalla. Til þess þyrfti að bera fram brtt. við eina gr., og er ekki óliklegt, að tekið yrði tillit til vilja annara að þessu leyti.

Jeg get getið þess, að jeg taldi enga ástæðu til þess að lækka sektarákvæðin ,en jeg vildi gera það fyrir þann hv. nm., sem annars hefði orðið í minni hl., að ganga inn á þessa breytingu. Annars efast jeg um, að hv. þm. (JÞ) hafi skýrt á rjettan hátt þessi ákvæði 4. gr., sem hann taldi, að væru í ósamræmi við 5. gr.

Jeg held ekki að hinum háu sektum, 8—30 þús. kr., verði nokkurn tíma beitt, þótt eitthvert formsatriði gleymist, eins og að skrifa drengskaparvottorð á skeyti eða því um líkt. Jeg get ekki lagt þann skilning í greinina. Jeg hlýt að skilja afstöðu hv. 3. landsk. (JÞ) á þá lund, að hann sje ósamþykkur anda frv., og því er ekki hægt að taka til greina þá ósk hans, að frv. verði breytt.

Þá kom mjer það mjög á óvart, er hv. þm. Snæf. (HSteins) hjelt langa ræðu um greinargerð frv., ekki síst er hv. 4. landsk. (JBald) hafði sýnt fram á það, að greinargerðin var hvergi nærri eins hörð ádrepa á landhelgisbrjótana og felst í ummælum hv. þm. í ræðum, er hann hefir haldið hjer í þinginu áður. (**HSteins:** Þá hefir hv. þm. ekki lesið grg.). Jú, og jeg heyrði líka ummælin, sem lesin voru upp. Og það er ekki hægt að áfella togaraflotann með sterkari orðum en að segja, að 1927 hafi 20—30 togarar verið þarna á sama stað og stundu að ólöglegum veiðum, því að togaraflotinn var þá ekki nema um 30 togarar. Jeg hygg, að við flm. getum fyllilega rjettlætt ummæli þau, sem fylgja frv. í greinargerðinni, þegar borið er saman við ummæli hv. þingm.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg skal ekki tefja umr. lengi, aðeins svara hv. 3. landsk. (JÞ) nokkrum orðum.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði ekki getað mótmælt því, að það ákvæði vantaði í frv., að banna notkun loftskeyta til þess að bæta aðstöðu togaranna til landhelgisbrota. Jeg get ekki gert að því, þótt þetta hafi farið fram hjá hv. þm. og hann hafi hætt að hlusta, og nenni jeg ekki að endurtaka þau andmæli mín.

Þá mintist hv. þm. á það, sem er líka rjett, að þetta frv. tekur einnig til þeirra línuveiðara, er hafa loftskeytatæki. Hjelt hv. þm. víst, að þetta stafaði af vangá, því að hann getur ekki skilið það, að enda þótt íslenskir línuveiðarar megi veiði í landhelgi,

geta þeir aðstoðað togara við að komast undan refsingu, ef því er að skifta. Vona jeg nú, að hv. þm. sjái, að þetta er með vilja gert.

Að síðustu vildi hv. þm. láta líta svo út, sem hann væri fylgjandi stefnu frv., og að ekki bæri mikið á milli hans og okkar flm. Einkum þótti honum sektarákvæðin of há í mörgum tilfellum. En hvers vegna kemur hv. þm. ekki með brtt. um þetta? Það er honum þó innan handar, ef honum væri nokkur alvara. Hv. þm. var að mælast til þess, að við flm. færum að breyta frv. — Jeg hefi enga tilhneigingu til þess að leika við hv. þm., þetta er ekkert nema fyrirsláttur hjá honum, því að í raun og veru er hann á móti frv.

Hinsvegar mundi jeg taka til athugunar, ef hv. þm. bæri fram brtt. við frv., enda þótt jeg hafi litla trú á því, að þær yrðu til bóta.

Jeg get ekki verið að svara hv. þm. þessu spaugi, er hann kom með úr „Speglinum". Hann hefir þá orðið lítið til þess að gamna sjer við, er hann leitar þangað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 303, a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 303, b samþ. með 8 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 327).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 327).

Á 50. og 52. fundi í Nd., 20. og 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Ólafur Thórs: Það gleður mig að sjá á frv. þessu, að hæstv. dómsmrh. hefir dálítið lært af því, er jeg og aðrir vorum að reyna að kenna honum í umr. um þetta mál á þingi í fyrra. Þó hefir hann ekki lært nóg, því að enn eru stórgallar á frv. og flm. þess til háborinnar minkunar.

Eins og hv. þdm. ef til vill muna, þá hjelt hæstv. dómsmrh. því fram í fyrra, að loftskeytatæki væru til þess eins sett í veiðiskip Íslendinga, að eigendur þeirra og framkvæmdastjórar gætu leiðbeint þeim um landhelgisveiðar. Þó að hæstv. ráðherra væri bent á, að loftskeytatækin væru til alls annars notuð, mátti hann ekki heyra það nefnt. Hann barði höfðinu við steininn, sat fastur við sinn keip og staðhæfði, að loftskeytatæki botnvörpunganna væru eingöngu til bjargar landhelgibrjótunum.

Nú er helst að sjá, að hæstv. dómsmrh. hafi tekið sinnaskiftum, því að í þessu frv. er þess beinlínis krafist, samkv. 1. gr., að loftskeytatæki sjeu á öllum botnvörpuskipum.

Jeg á víst heiðurinn af því, að hafa opnað augu hæstv. dómsmrh. fyrir því, að nauðsynlegt sje að hafa loftskeytatæki á botnvörpuskipum, en þá skilst mjer að jeg eigi líka skilið viðurkenningu hans, enda efast jeg ekki um, að hann láti mig njóta sannmælis. Annars er það spaugilegt út frá þeim ummælum sjeð, sem hæstv. dómsmrh. hafði í fyrra um loftskeytanotkun íslenskra togara, að hann skuli í ár bera fram kröfur um að loftskeytatæki sjeu sett í öll íslensk botnvörpuskip.

Þá vil jeg benda á, að samkv. 5. gr. frv. eru viðurlög sett um brot á ákvæðum laganna og svo fyrir mælt, að efnisbrot skulu sæta sömu hegningu og smá brot á ýmsum formsatriðum. Með öðrum orðum, að þeir, sem gerast sekir um að nota loftskeytin til þess að aðstoða við veiðar í landhelgi eiga fyrir það að greiða sömu viðurlög og sá, sem hefir ekki annað til saka unnið en að nota ekki hin lögskipuðu skeytaeyðublöð.

Maður verður að gera þá kröfu til hæstv. dómsmrh., að ef hann er svo lítill lagasmiður að hafa flaskað einu sinni á svona atriði, að slíkt eigi ekki að þurfa að henda hann aftur.

Það er ekki nema sjálfsagt að girða fyrir, að loftskeyti togara sjeu notuð í þágu landhelgiveiða, en hitt er vanhugsað, að leggja viðurlög, sem nema tugum þúsunda í sekt fyrir að gleyma að rita skeyti á fyrirskipuð eyðublöð.

Hæstv. dómsmrh., sem með illgjörnum aðdróttunum og dylgjum í garð útgerðarmanna, bæði hjer á þingi og annarsstaðar, hefir lætt þeim grun inn hjá alþjóð manna, að loftskeytatæki togaranna sjeu notuð til þess að „stela úr landhelginni" eins og hann kallar það, ber nú að sjá um að löggjöf þessi nái samþ. Alþingis.

Þeir sem lagt hafa trúnað á illmæli ráðherrans treysta ef til vill líka lagasmíði hans, þótt jeg og fleiri byggjum ekki miklar vonir á handahófs lagasetningum þess manns, sem er hvorttveggja í senn, ljelegasti lagasmiður þingsins, en fullur heiftar og ofsóknar í garð þeirra manna, sem hann ætlar að ná til með lögunum. Ef til vill mundi þó slík lagasetning eyða hinum óverðskuldaða grun í garð útgerðarmanna.

Annars hafði jeg ekki búist við, að jafnmikil hlutdrægni yrði sýnd um afgreiðslu mála, eins og nú á sjer stað, að taka til umr. þetta mál, sem er svo neðarlega á dagskrá, og er jeg því ekki undir það búinn að andmæla einstökum atriðum þess eins og þörf væri þó á. En þar sem jeg á sæti í þeirri n., sem frv. mun eflaust vísað til, get jeg reynt að sjá um, að það verði lagað svo, að það verði ekki þinginu til minkunar.

Mjer er áhugamál, að hægt sje að klæða frv. í þann búning, að við megi una, og ekki sje minkun fyrir Alþingi að lögfesta. En jeg skal líka játa, að jeg hefi ekki enn fundið það form fyrir þessu að jeg sje ánægður með, og skal heldur ekkert um það segja, hvort mjer tekst það eða ekki. En jeg vil þó taka fram, að eins og frv. er, þá eru fæst af nýmælum þess á nokkru minsta viti bygð.

Hæstv. stj. hefir að lögum rjett til þess að hafa eftirlit með skeytasendingum og það er ekki nema sjálfsagt að hæstv. dómsmrh. noti sjer þann

rjett til þess að hafa eftirlit með loftskeytum botnvörpunga og annara veiðiskipa.

Í trausti þess, að frv. verði vísað til sjútvn. og að mjer með aðstoð góðra manna í n. takist að koma einhverju viti í frv.ómyndina, ætla jeg að láta þetta nægja um sinn.

Forseti (Benedikt Sveinsson): Það er ástæðulaust af hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) að saka forseta um hlutdrægni, þó að hann færi til mál á dagskrá. Það er algild venja að gera þetta, og ekki síst þegar hæstv. stj. mælist til þess, eins og nú átti sjer stað.

Ólafur Thors: Jeg ætla ekki að fara að deila á hæstv. forseta fyrir hlutdrægni í fundarstjórn. Til þess kann jeg stjórn hans yfirleitt og allri röggsemi í rauninni of vel. En hinsvegar er jeg ekki svo óhreinskilinn, að jeg geti ekki kvartað við hæstv. forseta þegar það kemur fyrir, að manni virðist hann breyta á annan veg og órjettari um fundarstjórn en venja er til. Við höfðum vænst þess, að hæstv. forseti tæki fyrir 2. málið á dagskrá, og enda haft loforð hans fyrir því. En úr því hann gerði það ekki og fór að flytja til mál á dagskránni, þá hefði verið nær að taka fyrir 10. mál (vinnudóminn), því að hún er hneyksli, sú meðferð, sem það mál hefir orðið að sæta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer finst það sitja illa á hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og koma úr hörðustu átt, þegar hann leyfir sjer að vanda um fundarstjórn og þingsköp. Maður, sem brýtur mest af sjer, er illorðastur og ókurteisastur allra hv. þm. og yfir höfuð notar venjulega svo óþingleg orð, að hann ætti að rjettu lagi að hringjast niður í hvert sinn, sem hann talar. Og svo ætlar þessi maður, sem hagar sjer eins og götustrákur, að fara að leiðbeina forseta um þingsköp, og hvernig stjórna eigi fundum hjer á Alþingi. Slík skammfeilni er sem betur fer fáheyrð og líkist helst því, að fyllibytta færi að prjedika fyrir mönnum bindindi.

Annars er það gleðilegur vottur um skilning hv. 2. þm. G.-K. á því, hve rótgróin er óbeit þjóðarinnar á þeim mönnum, sem brjóta landhelgilögin, að nú heldur hann því fram, að sjálfsagt sje að samþ. lög, er komi í veg fyrir það, að landhelgibrjótunum haldist uppi að leika lausum hala eins og hingað til.

Í fyrra neitaði þessi sami þm., að þörf væri á að setja lög í þessu efni og gerði alt sem í hans valdi stóð til þess að hindra það, að frv., sem þá var borið fram, næði samþ., og ljet sjer ekki nægja að ausa þá menn auri hjer á Alþingi, sem að málinu stóðu, heldur ljet hann blöð sín halda áfram að ófrægja málið eftir því sem þessir aumu blaðritarar hans gátu. Niðurstaðan af öllum þessum bægslagangi hv. 2. þm. G.-K. varð ekki önnur en sú, að alþjóð manna sannfærðist um, að með framkomu frv. í fyrra hefði verið komið við viðkvæmt kýli á athafnalífi formanns íslenskra botnvörpuskipaeigenda, og að þessi læti hans stöfuðu af því einu, að frv. hindraði þá óvenju hans, að láta togarana stela fiski úr landhelginni, rjett fyrir framan landsteinana þar, sem kjósendur hans eiga heima.

Að því leyti sem þessi hv. þm. hjelt fram, að teknar hefðu verið til athugunar till. hans í fyrra, þá er það mesti misskilningur og ekki annað en ofsjónir hans, ef hann heldur að hann sjái þess einhver merki í þessu frv. Hann lagði ekki nema ilt eitt til málsins í fyrra, svo að af honum var ekki neitt að læra. Hitt er annað mál, að honum færari menn og það jafnvel einstöku flokksbræður hans, hafa sýnt rjettan skilning á málinu og stutt það. Og það var fyrirrennari hans á þingi, sem sagði það í ræðu í þessum sal, að loftskeytatækin væru sett í togarana til þess að hjálpa þeim að veiða í landhelgi, og þessum manni var betur trúað en hinum, sem nú skipar sæti hans.

Það kann vel að vera, að þessi fyrirrennari hv. 2. þm. G.-K. hafi tekið full djúpt í árinni. Loftskeytatækin eru sett á skipin bæði til þess að leiðbeina þeim á fiskimiðin, í landhelgi og annarsstaðar, og svo til þess að fullnægja hinni viðurkendu þörf loftskeytanna, þegar sjávarháska ber að höndum.

Eftir að þetta frv. kom fram í fyrra, þá hafði hv. 2. þm. G.-K. í hótunum um það, að ef nokkuð væri farið að líta eftir loftskeytanotkun togaranna, þá væru útgerðarmenn vísir til þess að taka þau af skipunum. Þá notaði hann það sem rök gegn eftirlitinu, að ef slys bæri að höndum þegar svo væri komið, þá væri það eftirlitinu að kenna. Til þess að koma í veg fyrir þetta, og til þess að skera úr öllum vafa um það, að núverandi stj. er ekki á móti því, að skipin hafi loftskeytatæki vegna möguleikanna á því, að þau geti orðið til bjargar, þegar slys ber að höndum, þá voru sett inn í frv. bein fyrirmæli um það, að öll botnvörpuskip skuli hafa fullkomin loftskeytatæki, en eftirlit skuli haft með öllum skeytasendingum eftir því, sem við verður komið um þessa hluti.

Það er auðsjeð, að hv. 2. þm. G.-K. er ennþá vongóður um að geta tafið málið. Hann furðaði sig á því, að þetta frv., sem var borið fram í þingbyrjun, skuli ekki vera komið lengra en þetta, þó að stj. hafi oft mælst til þess, að það yrði tekið á dagskrá. Hann lifir auðsjáanlega í þeirri von, að hv. þdm. sje þetta ekki mikið áhugamál, og tekur upp sama siðinn og í fyrra, og lætur nú eins og skipin sjeu ekki sek um neitt óleyfilegt, hvað loftskeytin snertir.

Ólafur Thórs: Hæstv. dómsmrh. var svo óvenju spakur í þessari síðustu ræðu sinni, að jeg get ekki fengið af mjer að deila hart á hann. Hann á það skilið, að jeg launi honum með einhverju þessa geðstillingu, sem annars keyrir ekki altaf úr hófi.

Hæstv. dómsmrh. ávítaði mig fyrir það, að jeg væri altaf á hverjum fundi að brjóta þingsköp. Jeg vil þá benda á það, að hann veit ekkert um þetta, því að hann hefir ekki sjest hjer í deildinni síðan á eldhúsdag, og er yfirleitt mjög sjaldsjeður gestur hjer, svo að hann getur ekki dæmt um framkomu mína nje óþingleg ræðuhöld af eigin sjón og reynd. Á eldhúsdaginn sagði hæstv. dómsmrh. um mig, að jeg væri ósvífinn götustrákur og úrþvætti. Þetta hefi jeg aldrei sagt um hann, og á hann það þó ekki síður skilið en jeg. Jeg vildi aðeins benda honum á þetta, þegar hann ávítar

mig fyrir óþinglega framkomu og ljót orð. Hann ætti sjálfur að líta sjer nær, því að götustrákur og úrþvætti eru ekki þingleg orð, en þau fjellu þó úr hans eigin munni.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að jeg hefði neitað því í fyrra, að ástæða væri til þess að hafa eftirlit með loftskeytasendingum togaranna. Það er nokkuð til í því, en þá benti jeg hæstv. ráðh. jafnframt á það, að hann hefði vald til þess að framkvæma þetta eftirlit án nýrra laga. Hann hefir ekki notað sjer það vald, og það bendir einmitt á, að hann trúi sjálfur ekki þeim óhróðri um íslenska útgerðarmenn og sjómenn, sem hann er þó að breiða út og halda á lofti. Hæstv. ráðh. álítur eftirlitið ástæðulaust, og er jeg honum þar sammála.

Það er ekki rjett hjá hæstv. ráðh., að jeg hafi tafið þetta mál í fyrra við umræður eða í n., og þannig orðið þess valdandi, að það dagaði uppi. Sannleikurinn var sá, að þó að hv. 1. þm. S.-M. gerði það af góðsemi sinni að flytja frv. fyrir hæstv. ráðh., þá þótti honum skömm að því. Honum þótti áreiðanlega skömm að því, en sýndi þó þá viðleitni, að reyna að koma því í skammlitið horf. Hann varð líka feginn að þurfa ekki að verja það hjer í deildinni, og það var hann, sem rjeði því, að það kom aldrei frá nefndinni, því að hann þorði ekki með það inn í deildina eins og alt var í garðinn búið. Umræðurnar í fyrra voru sprottnar af því, að sóma Alþ. var misboðið, þegar ráðh. varð þess valdandi, að svona illa undirbúið mál var lagt fyrir það. Og það var sannarlega nóg, að ráðh. skyldi gera þetta, þó að Alþ. ryki ekki til og samþykti frv.

Það er oflof að segja, að þetta frv. sje skammlaust, en það er skárra heldur en í fyrra, og það er mjer að þakka. Hæstv. dómsmrh. játaði þetta líka beinlínis, þó að hann nefndi hvergi mitt nafn, og við 2. umr. skal jeg sýna fram á og sanna, að það litla vit, sem nú er í frv., það er að mestu leyti frá mjer.

Í fyrra voru viðurlögin við ólögmætum skeytasendingum ákaflega afkáraleg og vitlaus samkvæmt því frv., sem þá var á ferðinni. Nú hefir hæstv. dómsmrh. látið lagfæra það dálítið, og hefir hann lært þar af mjer. Og það er miklu fleira, sem hann hefir lært af mjer, en jeg get ekki verið að telja það upp, því að jeg nenni ekki að líta á umræðurnar um þetta frá í fyrra, og man satt að segja ekki, hvað var vitlausast af þeirri vitleysu, sem hann hjelt þá fram.

Hæstv. ráðh. var undrandi yfir því, að jeg skyldi leyfa mjer að finna að því, að þetta mál var tekið hjer til umræðu á undan öðrum málum, sem ekki eiga upp á pallborðið hjá honum. Jeg vil þá benda hæstv. ráðh. á það, að þetta mál er komið frá hv. Ed. og er búið að ganga þar gegnum þrjár umr., en hjer er neðar á dagskránni frv. til l. um dóm í vinnudeilum, til 2. umr., og það á alveg eftir að fara til hv. Ed. Meðferðin á því máli er orðin hreinasta hneyksli, og mjer þætti gaman að heyra hæstv. dómsmrh. reyna að halda því fram, að það sje minna virði heldur en þetta auðvirðilega frv., sem hjer er verið að ræða um.

Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði í minni fyrri ræðu, að jeg er hræddur um, að þetta frv. sje borið

fram til þess að vekja grun i garð þeirra manna, sem hafa atvinnu af togaraútgerð, bæði útgerðarmanna og sjómanna. En þó að þörf væri á löggjöf um þetta efni, þá á hún ekki að vera i þessum búningi. Ef svo skyldi vera, að loftskeytin væru notuð á óheiðarlegan hátt, þá má það auðvitað ekki viðgangast. Um það ætla jeg ekki að dæma, en vil láta vinna að því, að hreinsa þessar tvær stjettir af þeim grun, sem hæstv. dómsmrh. breiðir út og elur á. Þegar frv. kemur i nefnd, þá skal jeg reyna að sníða af því mestu vankantana.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi aðeins svara þeirri yfirlýsingu hv. 2. þm. G.-K., að jeg hefði valdið því, að þetta frv. strandaði á síðasta þingi. Má vera, að það sje honum til málsbóta, eins og þá stóð á. Hann ber þetta fram til málsbóta fyrir sig, en hv. þdm. er kunnugt, hvernig hann tók þá i málið, og geta því dæmt um, hvort hann hefir sjálfur alveg hreinar hendur. Jeg bar að vísu fram brtt. við frv., en þær brtt. voru meira að formi en efni. Það voru ekki þær, sem töfðu frv., heldur andúð frá einstökum mönnum, og er ekki rjett að skella allri skuldinni af því á hv. 2. þm. G.-K. Annars var frv. svo seint fram borið, að það var ekki nema eðlilegt, að það dagaði uppi. Frv., sem fram komu um líkt leyti, fóru sömu leiðina, og auðvitað var þetta ekki neinum einstökum manni að kenna, hvorki mjer nje öðrum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hafði gaman af að athuga hv. 2. þm. G.-K., meðan hann hjelt þessa síðustu ræðu sína, og var þó ekki laust við, að jeg fyndi til vorkunnsemi.

Hann var að tala um það, að jeg hefði lætt inn grun um, að íslensku togararnir veiddu i landhelgi og notuðu loftskeytin til þess. Jeg vil þá benda hv. þm. á það, að jeg heiti ekki Ágúst Flygenring eða Pjetur Ottesen, og ekki heldur Halldór Steinsson eða Hákon Kristófersson. Það voru þeir, sem á sínum tíma ljetu svo illa yfir því, hvað íslensku togararnir væru aðgangsfrekir i landhelginni, og það eru þessvegna þessir fjórir ágætu flokksbræður hv. þm., sem eiga hjer sökina. Það voru þeir, sem læddu grunínum inn, og þeir gerðu það eftir bestu heimildum og af mestu rökvísi, því að þeir höfðu sjeð togarana með eigin augum i landhelgi, og vissu hvernig siðferðið var hjá þeirra eigin flokksbræðrum. Ummæli þeirra voru sama sem játning frá útgerðarmönnum um, að togararnir veiddu i landhelgi, og það er sannarlega oflof að segja, að jeg hafi verið upphafsmaður að þessu. Jeg hefi aðeins stutt þessa flokksbræður hv. þm. i baráttunni við þá seku i flotanum, en hann vill nú hrifsa heiðurinn frá þeim. Þeir hafa opnað augu alþjóðar fyrir hættunni, en ekki jeg.

Hv. þm. talaði um, að jeg mundi ekki trúa því, að loftskeytin væru misnotuð, og rökstuddi þá fullyrðingu sína með því, að jeg hefði ennþá ekki komið á neinu eftirliti. Jeg hefi einmitt altaf verið að reyna að koma þessu eftirliti á með lögum, en það hefir bara ekki tekist ennþá, nema að litlu leyti, og hv. þm. veit, að eins og nú er ástatt, er ekki hægt að hafa neitt eftirlit. Ef hv. þm. sendir einhverjum af togurum sínum skeyti i kvöld, þá

er ekki hægt að heimta af honum drengskaparheit um, að í því sjeu ekki neinar óleyfilegar upplýsingar um ferðir varðskipanna eða annað. Fullkomið eftirlit með loftskeytanotkun togaranna verður áreiðanlega eins mikils virði og nýtt varðskip. Íslensku togararnir eru áreiðanlega verstu landhelgibrjótarnir, og þeir draga hina á eftir sjer, en ef hægt verður að hafa hemil á þeim, þá er hægt að gera sjer von um, að landhelgin verði sæmilega varin.

Hv. þm. tiltók sterk orð, sem jeg hafði um hann á eldhúsdaginn, og mjer þykir það lítillæti, ef hann tekur þau til sín. Það getur samt verið, að hann hafi sjeð, að þau áttu ekki svo illa við hann, þegar hann fann, að honum var ætlaður viss skamtur, sem venjulega er ætlaður ónefndum skepnum.

Ólafur Thors: Í tilefni af svari hv. 1. þm. S.-M. vil jeg geta þess, að hann hlýtur að vera orðinn minnissljór, ef hann vill halda því fram, að jeg hafi tekið frv. þessu svo illa í fyrra, að það hafi orðið því til miska. Hann gat þess sjálfur í lok umr. um þetta á síðasta þingi, að allir hefðu talað um málið af velvilja, og þá dugir honum ekki að halda því fram, að jeg hafi tafið málið með illum undirtektum. Hitt er sönnu nær, að honum tókst sjálfum ekki að klæða það í þann búning, sem honum líkaði, og sat hann þó yfir því öllum stundum. Kvað svo ramt að því, að menn voru farnir að tala um, að hann mundi vera að þýða Kóraninn á íslensku, en hann sat þá altaf yfir frv. og var að reyna að semja brtt. við það. Jeg hafði enga aðstöðu til þess að gera frv. ilt eða gott, því að jeg varð hvergi á vegi þess, nema við 1. umr., en hv. 1. þm. S.-M., sem var flm. þess, og auk þess form. sjútvn., hann hafði aðstöðuna. En honum tókst bara aldrei að gera það svo úr garði, að hann þyrði með það inn í deildina. Þetta ber vott um, að hv. þm. hefir sjálfur skilið hvílík vandkvæði voru á þessu afkvæmi hans.

Hæstv. dómsmrh. þarf jeg fáu að svara. Hann kvað sig ekki eiga sökina á hinum ómaklega óhróðri um útgerðarmenn og sjómenn, sem er orsökin til þess, að þetta frv. er fram komið. Jeg vil þá benda á það, að hann hefir oft í blaði sínu birt langar greinar til þess að ala á þessum óhróðri, og þá sjaldan að einhverjir íhaldsmenn hafa látið á sjer heyra, að íslensku togararnir væru ekki saklausir af landhelgiveiðum, þá hefir hæstv. ráðh. haldið því mjög á lofti og þótt það vera óvefengjanleg sönnun. En óhróðurinn er ekki sannari, þó hann komi úr íhaldsmanni. Hæstv. ráðh. er svo ósvífinn, að hann talar um landhelgibrotin eins og heimilismál íhaldsmanna. Hann dregur ef til vill þá ályktun af framferði framsóknar-togaranna. Það getur svo sem vel verið, að landhelgibrotin sjeu þaðan upprunnin og hafi blómgast þar. Þá getur hæstv. ráðh. talað.

Hæstv. ráðh. sagði, að það sæti illa á mjer að vera að tala um formshlið mála hjá öðrum, þar sem jeg hefði ekki afrekað svo miklu á því sviði sjálfur. Það er þá eins og fyrri daginn, að hann byrjar að tala um þessa hlið málsins, þegar jeg er „dauður". Annars hefi jeg áður sagt hæstv. ráðh. það, að hann veit ekkert um, hvern

þátt jeg hefi átt í hinni veigameiri löggjöf síðari þinga. Mín hefir að vísu hvergi verið getið, en það er með mig eins og flokksmenn mína, við vinnum í gegnum flokkinn, en hirðum ekki að trana nafni okkar alstaðar fram eins og hæstv. ráðh. Hann vill aftur á móti altaf láta sem mest á sjer bera, og lætur síns nafns getið í sambandi við öll stórmál, þegar hann getur því við komið. Sá er munurinn.

Jeg hefi margoft bent á það, að gagnsemi þessa frv. er algerlega komið undir drengskap manna. En það er rangt að byggja á þeim grundvelli. Þá er verið að skapa þeim góða aðstöðu, sem eru minni drengir.

Hæstv. dómsmrh. hefir að lögum rjett til þess að hafa eftirlit með loftskeytanotkun togaranna. En honum finst ekki viðlit að nota þann rjett, vegna þess að eftirlitsins er ekki þörf, og það veit hann. Alt þetta brölt hans í þessu máli er aðeins til þess að sverta og svívirða þær stjettir, sem hann vill ná sjer niðri á.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi aðeins leiðrjetta þann misskilning hjá hv. 2. þm. G.-K., að það sjeu tvær stjettir, útgerðarmenn og sjómenn, sem sjeu grunaðir um að nota loftskeytin á óheiðarlegan hátt. Ágúst Flygenring var bæði útgerðarmaður, íhaldsmaður og þm. Hann talaði einungis um útgerðarmenn, og taldi þá eina seka. Hann sagði, að skipstjórunum væri skipað af útgerðarmönnum inn í landhelgina, og ef þeir hlýddu ekki, þá væru þeir reknir.

Það er öllum kunnugt, að hásetarnir ráða engu um það, hvar skipið er á hverjum tíma, enda dettur engum í hug að halda slíkum firrum fram, nema hv. 2. þm. G.-K. (**ÓTh:** Jeg talaði um sjómenn). Samkvæmt málvenju eru „sjómenn" sama og „hásetar". Hinir hafa sín ákveðnu stjettarheiti. (**ÓTh:** Hafa ekki skipstjórar og stýrimenn stjettarheiti?). Að dómi Ágústs Flygenrings eru útgerðarmennirnir einir sekir og ekki einu sinni skipstjórarnir. (**ÓTh:** Má jeg bóka það eftir hæstv. ráðherra, að hann telji skipstjórana ekki seka?) Samkvæmt skýringu hr. Flygenrings eru skipstjórarnir þvingaðir til að veiða í landhelgi með greinilegum fyrirskipunum útgerðarmanna. Sektarábyrgðin er þess vegna bersýnilega mest á þeim, sem upphafinu veldur að hinu óleyfilega verki. Hv. 2. þm. G.-K. hefir sjálfur viðurkent það í verkinu. Þegar einn af togurum Kveldúlfs var tekinn í landhelgi, datt hv. þm. ekki í hug að láta skipstjórann rýma. (**ÓTh** talar við 1. þm. Reykv.). Jeg vildi mælast til þess, að hæstv. forseti vildi sjá svo um, að hv. 2. þm. G.-K. varni mönnum ekki máls með skrafi sínu hjer í deildinni. (**Forseti** hringir ákaft). (**ÓTh:** Mjer þykir þetta koma úr hörðustu átt, þar sem hæstv. dómsmrh. gengur hjer um eins og grár köttur með hvíslingar og samtöl undir ræðum manna). (**Forseti** hringir enn). Vill ekki einhver þingsveinn leiða hv. 2. þm. G.-K. til sætis? Annars mun jeg fresta máli mínu, þangað til útsjeð er um, hvort hæstv. forseti er settur af eða ekki.

Þá var hv. 2. þm. G.-K. að tala um það, að hann hefði átt töluverðan þátt í löggjafarstarfseminni undanfarið. Hann hefði getað sparað sjer að fara út í þá sálma. Hann hefir hjer á

þingi helst verið kendur við eitt frv., sem þó náði ekki fram að ganga, enda var þetta höfuðmál hans kallað „litla og ljóta frv.“

Jóhann Jósefsson: Þegar þetta mál var hjer fyrst á ferðinni — það var á síðasta þingi — fann jeg ekki ástæðu til að taka til máls í því, enda þótt mjer dyldust ekki þeir miklu ágallar, sem á frv. voru. En fyrir þessa þögn álasaði hæstv. dómsmrh. mjer í sambandi við annað mál, er hjer var til umræðu, og taldi hana merki þess, að jeg væri fjandsamlegur landhelgivörnum. Jeg vil nú ekki gefa ráðh. ástæðu til að víta mig fyrir þögn í þessu máli í annað sinn. Þeir, sem voru á móti frv. í fyrra, geta þó að sumu leyti vel unað við frv., eins og það er nú, því að fyrir mótstöðu þeirra, hafa ýmsir stærstu gallarnir verið sniðnir af frv., og margt af því, sem minni hl. sjútvn. lagði til í fyrra um breytingar á frv. hefir verið tekið til greina. Þar á jeg m. a. við, að hinar tafsömu reglur og formúlur eiga eftir frv., eins og það er nú, ekki að gilda, þegar skip er í háska statt, eða í björgunarmálum yfirleitt. Það er því ánægjulegt, að hæstv. dómsmrh. skuli hafa áttað sig dálítið. En þó loða enn stórir ágallar við frv. og sá er þó mestur, að gert er ráð fyrir, að taka megi af mönnum loftskeytarjettindi, ef sterkar líkur eru fyrir, að þeir hafi misnotað þau. Minni hl. sjútvn. benti á það á síðasta þingi, að það væri nýlunda í löggjöf vorri, að hegna mætti mönnum eftir grun eða líkum. En það kalla jeg einskonar hegningu, þegar menn eru settir undir eftirlit lögreglunnar með einkaskeyti sín. Því hlýtur og að fylgja nokkur blettur á viðkomandi manni. Fyrst og fremst má um það deila, hvað sjeu sterkar líkur. Og í öðru lagi: hver á að meta þessar líkur? Ef til vill hæstv. dómsmrh.? Gögnin á að leggja í hendur dómsmálaráðuneytisins. Verður því eigi annað sjeð, en að það sje undir því ráðuneyti komið, hvenær og hvar þessu ákvæði verður beitt.

Jeg dreg enga dul á það, að jeg tel ekki ólíklegt, að fyrir geti komið, að hvaða dómsmrh. sem er, og þá ekki síst hæstv. núv. dómsmrh., kunni að beita þessu ákvæði öðruvísi en skyldi. Það er öllum kunnugt, að þessi hæstv. ráðherra fer töluvert eftir því í dómsmálastörfum sínum, hverir eiga hlut að máli, þegar hann vill veifa sverði laganna, og því þykir mjer varhugavert að leggja þetta vald í hendur hans. Jeg vil ennfremur benda á hin marg-endurteknu illmæli hans í garð útgerðar- og sjómannastjettarinnar í sambandi við þetta mál, og það jafnvel í garð ákveðinna útgerðarmanna. Sú framkoma hans bendir ekki til þess, að varlegt sje að fá honum slíkt vopn í hendur sem þetta umrædda ákvæði.

Það hefir þó komið fram í þessu máli, að hæstv. ráðherra getur tekið sjer ofurlítið fram, enda þótt hann eigi erfitt með það. Hann hefir nú sagt, að ekki sje ólíklegt, að hinn mæti maður, sem hann hefir oftast vitnað í í ræðum sínum um ólöglega loftskeytanotkun togaranna, kunni að hafa kveðið fulldjarflega að orði í því sambandi. Jeg held, að þetta sje rjett hjá hæstv. ráðherra, að þessi mæti maður hafi kveðið fullsterkt að orði.

Hinsvegar tel jeg nauðsynlegt að

hreinsa þá útgerðarmenn, sem saklausir eru, af þessum grun og þeim illmælum, sem yfir þá hefir rignt vegna hans frá hæstv. dómsmrh. sjerstaklega. Það er að vísu ósannað enn, að nokkrir íslenskir útgerðarmenn hafi notað loftskeytin við ólöglegar veiðar. Og það eru allar líkur fyrir því, að mikill meiri hluti íslenskra togaraútgerðarmanna hafi aldrei gert slíkt. En í grg. frv. eru allir látnir liggja undir hinum sama áfellisdómi.

Hæstv. dómsmrh. finst hinn mæti maður, Ágúst Flygenring, vera sjerstaklega vel fallinn til að bera vitni í þessu máli, vegna þess að ummæli hans hníga að því, að áfella útgerðarmannastjettina. Hvers vegna eru nú ummæli þessa manns svo mikils virði hvað þetta eina atriði snertir, í augum hæstv. dómsmrh.? Það stafar af því einu, að hæstv. dómsmrh. vill klína þessum grun á útgerðarmenn og sjómenn. Önnur ástæða getur ekki verið fyrir því, hvílíku ástfóstri hæstv. ráðh. tekur við álit þessa merka manns í þetta eina sinn.

Jeg vil nú leyfa mjer að benda á annað „vitni" hæstv. dómsmrh. í þessu máli. Það er Bistrup, fyrv. skipstjóri á „Fyllu", sem eins og kunnugt er, er mjög hjartfólginn hæstv. dómsmrh. Þessi skipstjóri er sá, er gætt hefir slælegast íslenskrar landhelgi og átt hefir flesta legudagana á höfnum inni. En hann vann sjer eitt til ágætis í augum hæstv. ráðh., sem olli því, að síðan hefir hæstv. ráðh. gengið fram fyrir skjöldu honum til varnar, hvar sem minst hefir verið á frammistöðu hans, á þingi, í blöðum og í sambandslaganefnd. Hvaða bróðurband er nú á milli hæstv. ráðherra og varðskipsforingjans? Jú, þessi skipstjóri hjelt því fram í dönskum blöðum til að afsaka ódugnað sinn, að við íslenska togara yrði ekki ráðið, sökum þess, hve hraðskreiðir þeir væru og — vegna þess að útgerðarmenn notuðu loftskeytatækin til að gera togurunum viðvart um ferðir varðskipanna. Síðan þetta kom fyrir er Bistrup orðinn einn af stærstu spámönnum hæstv. dómsmrh.

Þegar hæstv. dómsmrh. talar um þetta mál, á maður bágt með að verjast þeirri hugsun, að þetta sje honum ekki eins mikið alvörumál eins og það er honum kersknismál. Þetta er honum kersknismál, til þess að geta vitnað í menn, sem standa nærri íhaldsflokknum, um óleyfilega loftskeytanotkun, og til að koma að venjulegri illkvitni sinni í garð einstakra útgerðarmanna.

En sje nú litið á málið frá praktísku sjónarmiði, kemur í ljós, að ástandið er nú alt annað en þá, er Ágúst Flygenring mælti þau orð, sem hæstv. dómsmrh. hefir svo marg-staglast á. Þá var aðeins eitt danskt varðskip til strandvarna. Nú er eitt danskt skip við landhelgigæsluna og tvö íslensk og verða bráðum þrjú. Það er þegar orðið ógerlegt, og verður enn fremur síðar, fyrir útgerðarmenn, að ætla sjer að stjórna skipum sínum með skeytum úr landi, þó einhver kunni að hafa ætlað sjer þá dul meðan aðeins var eitt varðskip. Það þarf mikla oftrú á gagnsemi njósnarastarfseminnar, ef nokkrum dettur í hug, að nokkur heilvita útgerðarmaður fari að eyða tíma í það, að njósna um hvar „Óðinn", „Þór", „Fylla" og „Ægir" eru þá og þá stundina. Jeg held að enginn út-

gerðarmanna fari að eyða tíma sínum í svo árangurslítið starf og ógöfugt. Jeg hefi að minta kosti ekki slíka trú á gagnsemi njósna, þó að hæstv. ráðh. kunni að hafa það. Varðskipin koma inn og fara út á ýmsum timum og ýmsum stöðum, svo að kalla má það gersamlega ómögulegt að fylgjast með hreyfingum þeirra svo að lögbrjótum verði nokkurt gagn að.

Þetta frv. hefir því enga praktiska þýðingu, nema kannske fyrir hæstv. dómsmrh. Hann hefir sagt, að þetta frv. ætti að vera prófsteinn á áhuga manna fyrir landhelgivörnum. Þetta frv., sem var í fyrra fyrir neðan allar hellur og er enn stórgallað, á að vera mælikvarði á þennan áhuga. Jeg hefi sýnt fram á, að landhelgivarnirnar eru orðnar svo fullkomnar, að frv. hefir enga þýðingu þeirra vegna. Hið eina gagn, sem frv. getur gert, er að ljetta af útgerðarmönnum þeim svívirðingum, sem látnar hafa verið á þeim dynja, ef það þá nægir til þess, sem mjer liggur við að efast um. Fyrir hæstv. dómsmrh. hefir það þá þýðingu, að hann fær tækifæri til að láta í ljós álit sitt á íslenskum skipstjórum og útgerðarmönnum. Minni hl. sjútvn. benti á það í fyrra, að samkv. lögum frá 14. nóv. 1917 og reglugerð frá 17. maí 1918, hefði stjórnin í höndum sjer það eftirlit með loftskeytatækjum, sem nauðsynlegt er. Ákvæði 2. gr. í frv. eru heldur ekkert annað en endurtekning á því, sem stendur í lögunum frá 1917, að undanteknu því, að hjer er sjerstaklega talað um misnotkun loftskeytatækja í sambandi við veiðar í landhelgi, en í hinum lögunum er ákvæðið rýmra og nær yfir alla misnotkun og þá auðvitað þessa líka. Stjórninni er því innan handar að koma í veg fyrir, að loftskeytatækjum sje misbeitt á þennan hátt. En hæstv. dómsmrh. hefir forsmáð að fara þá leið. Jeg held, að þetta stafi af því, eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði, að stjórnin hefir enga trú á því, að þessi misbeiting sje eins mikil og hæstv. dómsmrh. lætur. Hvers vegna beitir stjórnin ekki þeim lögum, sem eru í gildi, til að hindra ólöglegt athæfi, ef það á sjer stað? Það er aðeins eitt svar við þessu, og það er það, að þá hefði hæstv. dómsmrh. ekki haft tækifæri til að innleiða deilur um málið og að endurtaka í 1001. sinn ummæli hins mæta manns, Ágústs Flygenrings, sem miðuð voru við alt annað ástand. (**Dómsmrh.**: Þessa ágæta Íhaldsforkólfs). Frv. er ekki sprottið af neinni umhyggju fyrir bættum landhelgivörnum, heldur til þess að geta ausið sífeldum tortryggnisásökunum í garð íslenskra útgerðarmanna og sjómanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 66., 67. og 68. fundi í Nd., 11., 13. og 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 16. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 327, n. 566, 621).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Þetta frv. fjekk talsverðan undirbúning á síðasta þingi. Það hefir nú gengið gegn um hv. Ed. og ekki orðið fyrir verulegum breytingum, að jeg hygg.

Frv. var nú borið fram í nokkuð öðrum búningi en í fyrra, og ekki teknar upp í það allar þær. brtt., sem fram höfðu komið og ætlað var að kæmist að. Þetta hefir leitt til þess, að þegar málið kom til nefndar hjer, varð að taka það til nýrrar meðferðar og gera á því svipaðar breytingar og gerðar voru í fyrra, að ráði sjerfróðra manna, aðallega að formi, en einnig nokkru að efni.

Þessar brtt. frá meiri hl. sjútvn. liggja fyrir á þskj. 566. — Jeg skal, áður en jeg vík að brtt. sjálfum, geta þess, að á nál. og till. meirihl. á þskj. 566 hafa orðið prentvillur, sem leiðrjetta má á skrifstofunni. Það stendur til dæmis í inngangi: „Nefndin leggur til“, en á auðvitað að vera „meiri hl. n. leggur til“ o. s. frv. Líka stendur undir staflið *b* í brtt.: „landssímastjóranum“, en á að vera „landssímastjórninni“, og ennfremur stendur í sama staflið síðar, „hann“ fyrir: hún.

Annars eru brtt. nefndarhlutans líkar og að miklu leyti bygðar á brtt. þeim, sem liggja fyrir frá síðasta þingi á þskj. 628. Fyrsta brtt. er við 4. gr., og er hún í þrem liðum. Er greininni skift í 4 málsgreinar, vegna sektarákvæðanna í 5. gr., sem hjer eru færð niður og gerður á þeim stigmunur eftir eðli brotanna.

Ennfremur er með þessari breytingu numið burtu það ákvæði 4. gr., að skeytabækur skuli lagðar fyrir sjútvn. þingsins, en þessum nefndum hinsvegar áskilinn rjettur til að fá þessar bækur til athugunar og rannsóknar.

Þá eru sektir, skv. 5. gr., færðar niður, til samræmis við sektir fyrir landhelgisbrot. Eru sektir fyrir meiri háttar brot ákveðnar 3—15 þús. krónur, en fyrir minni háttar brot 500—10.000 kr. Við 6. gr. hefir meiri hl. n. gert þá brtt., að felt sje niður ákvæðið um, að sjútvn. skuli gera till. um, hve lengi opinberu eftirliti skuli haldið með grunuðum skipstjórnar- eða útgerðarmönnum. Meiri hl. leit svo á, að ekki væri rjett að leggja undir sjútvn. úrskurðarvald í þessu efni, en hinsvegar gæti ráðh., hvenær sem honum þætti ástæða til, borið slíkt undir þær.

Jeg skal í þetta sinn ekki fara langt út í þetta mál.

Það hefir verið um það deilt, hvort gerlegt væri að reyna að aftra landhelgisbrotum með því, að heimta drengskaparyfirlýsingu af mönnum, sem skeytum skiftast milli skipa og lands, á hverju skeyti.

Því er nú svo varið, að drengskaparyfirlýsing hefir verið og er mikið notuð og mikið á henni bygt í ýmsum öðrum efnum. Til dæmis hefir tollgæsla hjerlendis mjög bygt á drengskaparyfirlýsingum þeirra, sem innflutning annast. Það virðist því sjálfsagt, þar sem svo miklu skiftir, að landhelgislögunum sje hlýtt, að þetta sje beinasta og eðlilegasta leiðin til að veita aðhald um löghlýðni. Einhvern hefi jeg heyrt halda því fram, að rjettast væri og fullnægjandi að heimta slíka yfirlýsingu af útgerðarmönnum eitt skifti fyrir öll. En slíkt er alls ekki einhlítt, því að í skeytasambandi geta staðið margir aðrir en útgerðarmenn og jafnvel til blóra við þá.

Annað það atriði, sem mest hefir verið fundið að, er ákvæði 6. gr. um að hægt sje, þegar sterkur grunur fellur á einhvern um að hann hafi rofið þagnarheitið, eða notað annað dulmál

en tilkynt hefir verið, að setja þann hinn sama undir opinbert eftirlit.

Það er svo sem sjálfsagt, að slíku ákvæði eða aðhaldi yrði að beita með varúð. En það gildir auðvitað um mörg önnur ákvæði í lögum, að þeim má misbeita, og kemur engum til hugar að fella þau úr gildi þess vegna. Hins vegar virðist ekki gott að finna ráð við því, að ekki verði með einhverju móti farið kringum þau opinberu fyrirmæli, ef ekki er eitthvað þessu líkt ákvæði, sem notað verður eins og aðhald. Og eftir l. nr. 83, frá 1917, er beinlínis gert ráð fyrir því, að ráðherra geti sett með leyfisbrjefi hverskonar skilyrði fyrir þá, sem loftskeytatæki nota, öll þau ákvæði, sem hann álítur nauðsynleg til tryggingar því, að ekki verði leyfið misnotað. Eftir þeim lögum finst mjer, að með reglugerð hefði mátt einmitt setja álíka ströng ákvæði eins og hjer felast í 6. gr.

Nú er það svo, að hjer liggur fyrir brtt. frá minni hl. sjútvn. um það, að fella 6. gr. niður. Mjer virðist, að jafnvel þó að hún fjelli niður úr frv., — sem jeg get þó ekki álitið ástæðu til — þá mætti samkv. ákvæðum í 2. og 4. gr. nefndra laga frá 1917, setja með reglugerð álíka áhrifamikil ákvæði og felast í 6. gr. Því að það er í raun og veru því nær fortakslaus rjettur ráðherra til tálmunar misbrúkun loftskeyta úr landi eftir þeim lögum. Jeg vildi, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa fá orð úr 4. gr. laganna. Þau hljóða svo:

„Innan íslenskrar landhelgi og á Íslandi má aðeins að fengnu leyfi ráðuneytisins og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp og nota stöðvar eða annan útbúnað til þráðlausra firðviðskifta á skipum.“

Jeg lít svo á, að eftir þessari grein megi jafnvel ákveða eins strangt eftirlit eins og gert er ráð fyrir hjer í þessari 6. gr.

Jeg mun hafa tekið fram, að jeg ætlaði ekki að fjölyrða um þetta, enda veit jeg líka, að sama gildir um þetta mál eins og mörg önnur, að það er ekki orðafjöldinn, sem mest á veltur, heldur hitt, hvort þau eru rjettilega skoðuð.

Jeg þykist vita, að fleiri hafi eitthvað að segja um þetta mál, áður en lýkur, og vil því ekki tefja fyrir þeim að komast að.

Jóhann Jósefsson: Það eru nokkur orð fyrir hönd okkar, sem ekki höfum skrifað undir nál. meirihl. sjútvn. og þess vegna munum teljast minni hl. n., þó að við höfum ekki sjeð ástæðu til að koma með sjerstakt nál. En það er þess vegna aðallega, að á síðasta þingi gerðum við ýtarlega grein fyrir áliti okkar yfir höfuð, á þessu máli, á þskj. 613. Við 1. umr. málsins hjer í deildinni lýsti jeg minni aðstöðu nokkuð, og þá einkum því, að jeg teldi, að með hinni auknu landhelgigæslu, sem þegar er orðin og sem verða mun, hafi þetta alveg hverfandi „praktiska“ þýðingu, móts við það, sem það kynni að hafa haft, meðan varðskipið var aðeins eitt. Jeg skal ekki endurtaka neitt af því, sem jeg sagði þá, en benda aðeins á, að þessi ummæli komu þá fram.

Jeg skal játa, að brtt. hv. meirihl. við frv. eru að mínu áliti að flestu

leyti heldur til bóta. Hins vegar náðist ekki samkomulag um það í n., að fella niður 6. gr., og greindi aðallega á um það. Á hinn bóginn vorum við, sem erum í minni hl., ekkert ófúsir á að vinna að lagfæringu á þessu frv.

Hv. frsm. (SvÓ) mintist á ákvæði í l. nr. 82, frá 1917, og reglugerð, sem sett væri samkv. þeim l. Tók hann það fram rjettilega, að samkv. þeim hefði stj. haft á hverjum tíma heimild til að innleiða þær reglur, sem felast í 6. gr. Jeg vil bæta því við, að stj. hefir verið heimilt, samkv. þessum l., að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem hún gat, til þess að koma í veg fyrir ranglega notkun loftskeyta.

Nú er svo ástatt, að menn vöktu hjer síðustu nótt, og orðið er all-áliðið kvölds; viljum við því á engan hátt teygja umræður um þetta mál, og tökum því aftur brtt. okkar minnihl.-manna á þskj. 621, til 3. umr., og hyggjum þá ef til vill á fleiri breytingar. En það er ástæðulaust, að orðlengja um þetta mál nú, flestallir eru þreyttir, og marga vantar í deildina.

Forseti (BSv.): Með því að deildin er ekki ályktunarfær, verður atkvgr. frestað til morguns.

Á 71. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. (atkvgr.).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 566, 1, a—c, samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 566, 2, a—b, samþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 566, 3 (ný 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., næsta dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682).

Of skamt var liðið frá 2. umr. Afbrigði leyfð og samþ. með 21:1 atkv.

Jón Ólafsson: Jeg stend bara upp til þess að láta í ljós þá skoðun mína, að hjer er um fráleitt hjegómamál að ræða. Það hefir samt verið lögð í það mikil vinna og mikil áhersla lögð á það hjer í hv. d., þó að jeg verði að slá því föstu, að þeir sem fylgja því, gera það bara til að láta líta svo út, sem hjer sje verið að eiga við hættulega óbótamenn. Það er sami andinn í frv. og í öðru háttalagi hæstv. dómsmálaráðherra. Í því er innifalin hin rammasta njósnarstarfsemi. Hæstv. ráðherra vill gera mönnum upp, að þeir geri altaf það, sem þeir eiga ekki að gera, en jeg get fullvissað hæstv. ráðherra um það, að íslensk útgerð hefir aldrei verið og verður aldrei bygð á því, að menn fari í landhelgina og sæki sína afkomu þangað. Það er svo fjarri öllu lagi, að jeg er hissa á, að nokkur þm. skuli geta lagt trúnað á slíkt. Það hefði verið nokkru nær að nota tíma þingsins til að ræða einhver af hinum stóru og merku málunum, eins og til dæmis frv. þau, sem

liggja eftir milliþinganefndina í landbúnaðarmálum. En stjórnendur þingsins leggja mesta áherslu á smámál, sem smámennum einum er lagið að hafa til meðferðar. Það má minna á fleiri mál, sem stjórnendum þingsins hefir tekist að koma fyrir kattarnef, af því að í þeim er nokkur veigur. Jeg skal nefna lög um sveitabanka. Jeg býst við, að kjósendum landsins gefist á að líta, þegar þeir fá að sjá skrá yfir afgreidd mál frá þessu þingi. Fyrir atbeina ráðandi manna hefir Fiskiveiðasjóðsmálinu, því merka máli, verið stungið undir stól í Ed. Það þyrfti að gera skrá yfir þau mál, sem fengið hafa slíka meðferð hjer á þessu þingi, svo að menn geti borið saman það sem afgreitt hefir verið og það, sem hefir verið látið óafgreitt. Á þá skrá kæmu öll merkustu mál þingsins, þar á meðal myntlagafrv., lög um mentaskóla, lög um gerðardóma í kaupdeilum. Þessi mál o. fl. hafa ekki fengið að ganga sinn gang, þrátt fyrir vilja yfirgnæfandi meirihl. þm. í d.

Jeg minnist þess, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sat hjer við hliðina á mjer alt síðasta þing og skrifaði og skrifaði um þetta mál, — lög um loftskeytatæki. Þá var ekki hægt að finna því nógu valin orð eða góðan búning, enda var iðnasti og greindasti þm. Framsóknarflokksins látinn vinna að því. Nú hefir þetta mál gengið sinn hæga gang í vetur, og nú á síðasta degi þingsins skyldi maður ætla, að á því væri orðinn sæmilegur frágangur, og því væri ætlað að vera eitthvað annað og meira en skálkaskjól fyrir „spíóna“, og tilefni til að rjetta enn einu sinni bein að vildarmönnum dómsmálaráðherrans. En sannleikurinn er sá, að málið er þannig undirbúið, eftir alt erfiðið og baslið, að brosleg verður fáfræðin sem alstaðar skín í. Það er t. d. aðeins tekið fram, að á skipunum eigi að vera loftskeytatæki, en það er engin skylda að starfrækja þau. Það smáatriði hefir gleymst. Samt er málið rökstutt með því, hvað þetta sje nauðsynlegt fyrir öryggi skipshafnanna. Þá er og eins og enginn hafi vitað, að nú eru komnar miðunarstöðvar og taltæki í skipin. Og jeg veit af reynslu, enda er það alviðurkent, að slík tæki eru miklu öruggari en loftskeytatæki, til þess að geta umflúið varðskipin. Til dæmis eru miðunartækin svo glögg, að ef strandvarnarskip eru úti á hafi og brúka loftskeyti, þá eru þeirra bjóð svo auðþekt, að þegar þau byrja að tala, vita þeir, sem miðunartæki hafa, hvaða varðskip er um að ræða. Þeir þurfa ekki annað en miða bjóðin, og er þá venjulega mjög hægt að vita fjarlægðina.

Jeg get sagt þeim, sem hafa verið að bisa við þetta hátt á annað ár, með engum árangri þó, að jeg hefi talfæri í einu skipi, og þarf ekki annað en setjast niður í skrifstofu minni og tala við það, eins og jeg tala við ykkur hjerna í deildinni. Og okkar samtal getur frv. ekki fyrirbygt. Það getur ekki fyrirbygt, að jeg hafi þetta áhald og tali við skipin. Og ef jeg vildi gefa þeim bendingu, þá geta þau látið allan flotann vita af því; það leiðir af sjálfu sjer. Og vitanlega er í þessu frv. enginn íhlutunarrjettur trygður um dulmál milli skipa úti á sjó, þegar þau eru að láta hvort annað vita um veiði. Þau geta verið 6—7 í hóp, og talað um veiði sína hvert við annað, án þess

að neitt sje við það að athuga, en þó í mismunandi þýðingum.

Þetta sýnir átakanlega, að hjer eru menn að berjast við skuggann sinn. Jeg get brosað að öllu þessu striti við það að koma áfram þessu frv. Mjer er svo hjartanlega sama um það, og vil ekki leggja stein í götu þess. Það er ekki þess vert.

Benda mætti enn á ýms atriði í frv., sem sýna það átakanlega, að þeir, sem eru að burðast með það, botna ekkert í því. Þeir eru að þessu annaðhvort af leikaraskap fyrir fjöldann, eða af því að þeir eru ímyndunarveikir, eða þá af þeirri eðlishvöt, sem setja vill þefara í allar gættir, hjer eins og annarsstaðar. Mjer þykir slæmt, að dómsmálaráðherra er ekki nálægt. Jeg ætlaði að bera upp við hann eina spurningu. Mjer er sagt að hann hafi ekki sterkari áhuga á landhelgivörnum en svo, að t. d. síðasta haust hafi margir menn úr Ólafsvík kært skip sem voru að veiðum í landhelgi. Þá hafi hæstv. dómsmrh. sagt, að þessi kæra yrði ekki tekin til greina. Var það vegna þess, að á undan var genginn úrskurður um það, að ekki megi taka mark á mönnum, sem ekki hafi „autoriseraða" pappíra að skrifa á, samanb. m.b. Trausti! Sje það nú satt, að hann hafi látið undir höfuð leggjast að sinna þessari kæru, þá er það ljóst, að þessi lög eru ekki borin fram til þess að vernda landhelgina, heldur í öðrum og óæðri tilgangi.

Það er nærri broslegt að lesa síðari kafla 2. málsgr. 4. gr. Þar er ákveðið, að varðskipin eigi að safna saman öllu því, sem skipin tala sín í milli. Með loftskeytatæki eru nú sem stendur 40—50 skip, og verða sennilega 60—70 með loftskeytatækjum, sem starfrækt verða. Þegar þau svo öll fara að tala um sín fiskiveiðamál, hvað þessi og þessi hafi fengið mikið og hvar, þá held jeg að nóg verði að gera fyrir þessa hlustara, sem hjer koma í staðinn fyrir þefara. Það verður sjálfsagt að láta þá hafa vissar stöðvar! En auðvitað annar því enginn, að hlusta á þetta skraf. Þetta er svo hlægilega vitlaust, að það er nærri skömm fyrir landið að láta slíkt sjást í lögum frá Alþingi.

Jeg ætla ekki að fara langt út í frekari skýringar málsins, en get þó ekki látið vera að benda á eitt atriði. Það á sem sje að taka pappíra af skipstjóra, ef hann verður brotlegur. En flm. gera sjer ekki grein fyrir því, að þótt pappírarnir sjeu teknir af skipstjóra, þá dettur engum manni í hug, sem við fiskiútgerð fæst, að taka skip af manni fyrir það, ef það er góður aflamaður. Enda þarf það ekki að vera af hans völdum, þótt ríkjandi stjórn sýnist að taka af honum pappírana.

Það er til lítils að vera að hugsa um endurbætur á þessu frv., enda ekki þess vert. Það eru til aðrar leiðir og betri til þess að vernda landhelgina. Til þess duga varðskipin best, og mundu duga betur, ef þau fengi að vinna í friði. En hversu mörg, sem þau verða, þá duga þau auðvitað ekki ef þau eru í sífeldu snatti með ráðherrana o. fl., sem ríkið hefir ekkert gagn af. En á því hefir borið meira en skyldi.

Jeg býst við, að af því, sem jeg hefi hjer sagt, sjáist, að ekki er einhlítt að ofsækja loftskeytatækin ein, því með þeim framförum, sem jeg hefi nú lýst,

miðunartækjunum og taltækjunum, sem að vísu ná ekki langt, en þó nógu langt til þess, að menn geta talað saman á flestum fiskimiðum hringinn í kringum land, — þá sje jeg ekki annað en það sje leikur einn, og þýði alls ekkert að vera að bisa við loftskeytin ein.

Jeg mun nú lúka máli mínu, því víst munu margir hafa hug á að segja álit sitt um þetta mál. Og jeg endurtek þau orð mín, að það mun ekki hryggja mig, þótt frv. þetta gangi gegnum deildina og verði að lögum, því gleggra einkenni amlóðaskapar er ekki hægt að skaffa feðrum frv.

Ólafur Thors: Frv. þetta hefir ekki verið athugað í nefnd. Ásamt síldareinkasölulögunum var það afgreitt á einum stundarfjórðungi, umræðulaust, gegn mótmælum eins nefndarmanns, en að mjer fjarstöddum.

Frv. er gamall kunningi þdm. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) bar það fram á þinginu í fyrra, en þó vissu allir, að hæstv. dómsmrh. var höfundur þess, enda játaði ráðherrann það.

Ráðherrann hjelt því þá fram, að það væri „opinber leyndardómur, að loftskeytin væru fyrst og fremst sett á togarana vegna landhelgiveiðanna." Þessa misnotkun átti nú að girða fyrir. Helstu ráðin voru þau, að útgerðarmenn skyldu afhenda dómsmálaráðuneytinu lykil að sjerhverju dulmáli, er notað væri í skeytaskiftum milli skips og lands, og síðan skyldu útgerðarmenn og skipstjórar gefa drengskaparvottorð á þar til gerð eyðublöð um það, að ekkert fælist í skeytunum, er leiðbeint gæti til landhelgiveiða, og það alveg jafnt, hvort skeytin voru frá þeim sjálfum eða öðrum.

Þung viðurlög voru lögð við, ef út af var brugðið, og skyldi sá sæta sektum, eigi minni en 15 þús. kr. og alt að 50 þús., er sendi skeyti, sem ekki væri skrifað á hið fyrirskipaða eyðublað, og gilti þetta jafnt, þótt um björgunarskeyti væri að ræða.

Þessi voru aðalákvæði hins víðfræga „ömmu"-frumvarps, er lagt var fyrir síðasta þing, en ekki náði lögfestu.

Í byrjun þessa þings ljet ráðherrann bera frv. þetta fram að nýju, og nú í Ed. Frv. var mikið breytt frá því í fyrra. Ráðherrann hafði sýnilega mentast talsvert af viðræðunum við hv. þm. Vestm. og mig á síðasta þingi, enda var þess engin vanþörf. Ýmsir ágallar frv. frá síðasta þingi voru því niður feldir, en þó var enn mjög ávant að vel færi.

Ánægjulegustu — eða ef til vill heldur broslegustu — sinnaskifti ráðherrans koma fram í 1. gr. þessa nýja frv. Hún hljóðar þannig:

„Öll botnvörpuskip skulu hafa fullkomin loftskeytatæki".

Og í greinargerðinni stendur:

„Loftskeytin eru skipunum nauðsynleg vegna almennrar viðskiftastarfsemi og til að minka slysahættu fyrir skipverjum".

Er þá uppljóstað þeim „óttalega leyndardómi", að ráðherrann trúir sjálfur ekki þeim „opinbera leyndardómi", sem hann hefir þó stagast á í mörg ár, „að loftskeytin sjeu fyrst og fremst sett á togarana vegna landhelgiveiðanna". Nú er skylda að búa skipin þessum tækjum. Það sýnir viljann. Hitt sýnir svo aftur getuna eða getuleysi lagasmiðsins, að honum hef-

ir láðst að skipa svo fyrir, að loftskeytatækin skuli starfrækt.

Þá hefir því verið breytt frá í fyrra, að útgerðm. og skipstj. „sverji fyrir alla“. Nú gefur sá, er skeyti sendir, drengskaparvottorðið.

Ennfremur gilda nú refsiákvæðin ekki, þegar um björgun ræðir.

Alt er þetta til bóta, svo langt sem það nær.

Samkv. 3. gr. frv. er forstjóri skyldaður til að afhenda ráðuneytinu lykil að sjerhverju dulmáli, sem notað er í skeytaskiftum milli skips og útgerðarinnar, eða „milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis“, og samkv. 5. gr. sæti útgerðarstjóri sektum, 8—30 þús. kr., ef út af er brugðið.

Þessu verður að breyta vegna þess, að það er ekki á færi útgerðarstjóra að hafa gát á, hvaða dulmál skipin nota sín í milli. Það eru skipstjórarnir, sem þessu ráða. Skyldan og ábyrgðin á því að leggjast á þá.

Í lögunum eru engin fyrirmæli um að ráðuneytinu verði afhentur lykill að öðru dulmáli en því, sem notað er við skeytasendingar milli útgerðarinnar og skips, eða skipa innbyrðis. Allir aðrir en „útgerðin“ geta þá notað dulmál, sem ráðuneytið hefir ekki lykil að. Þetta er mjög vanhugsað. Þeir, sem á annað borð hafa einhverja trú á fyrirmælum frv., hljóta að vilja lagfæra þetta.

En aðalásteitingarsteinninn er þó 6. gr. frv. Í henni er dómsmálaráðh. heimilað að setja svo sterkan hemil á notarjett loftskeyta, að skeytatækin verða nær gagnslaus útgerðinni, ef aðeins útgerðarmaður er grunsamlegur um misnotkun loftskeyta að dómi ráðherrans.

Þessi fyrirmæli brjóta venju og anda íslenskra laga og eru með öllu ótæk. Við skulum bara hugsa okkur, að vanstiltur maður eða jafnvel hálftryltur geðofsi, yrði dómsmálaráðherra. Við skulum skýra myndina og taka sem dæmi, að ráðherrann væri líka hefnigjarn með afbrigðum. Við þetta skulum við svo bæta þeim möguleika, að ráðherranum væri í nöp við einhvern útgerðarmanninn. Hvað þá? Hálftryltur geðofsi, hefnigjarn og heiftúðugur í garð útgerðarmanna, — og hver þorir að taka ábyrgð á því, hverskonar gallagripur getur orðið dómsmálaráðherra? Hvílíkt vald fær ekki 6. gr. slíkum manni? Loftskeytatækin kosta 10 þús. kr. Starfrækslan árlega 6—8 þús. En ráðherra getur sagt við útgerðarmann: Jeg gruna þig um græsku, þú mátt engin skeyti senda, nema jeg orði þau fyrir þig.

En eins og kunnugir best þekkja, fara oft mörg skeyti á dag milli skips og útgerðarmanns, mörg síðari hluta dags, en þá er ráðuneytið lokað.

Fáist nú þessi firra leiðrjett, og 3. og 5. gr. breytt svo, að vit sje í þeim, álít jeg það sem eftir er meinlausa og gagnslausa skriffinsku, sem aðeins vitnar um fálm og lausatök höfundarins. Get jeg ekki gert hæstv. dómsmrh. til geðs að bregða fæti fyrir slíka lagasetningu, því það er nú orðið löngu bert, að tilgangur ráðherrans er fyrst og fremst sá, að nota þetta mál til að níða mig og aðra útgerðarmenn. Alvöruleysi hans í málinu er löngu orðið opinbert. Því í fyrsta lagi hefir ráðh. að óbreyttum lögum rjett til alls þess eftirlits með skeytasendingum, sem frv. mælir fyrir um, og í öðru lagi ber öll meðferð málsins á þingi,

bæði í fyrra og í ár, vott um, að ráðh. lætur sig einu gilda um afdrif málsins. Í fyrra var frv. lagt fyrir neðri deild og komst aldrei lengra en til 2. umr. Í ár kemur málið frá Ed. Og enn er því með öllum hætti stofnað í voða, svo að jafnvel í dag, síðasta dag þingsins, fæst ekki málið rætt nema með afbrigðum, og það þó ekki fyr en svo er áliðið dags, að komið er að fundarlokum. Og það er sjálfur fyrverandi flm. frv., sem er látinn halda 1½ tíma ræðu um annað mál, til þess að koma á stað löngum umræðum, umræðum sem svo aftur girtu fyrir að „amma“ næði lögfestu.

Yfirleitt verður ekki sjeð, að dómsmrh. sje nokkur alvara með málið, ef til vill af því, að honum þykir minkun að því, hversu frv. er breytt frá því hann lagði það fyrir þingið. Það er nú kannske von, því af hans frv. er nú ekkert eftir óbreytt nema 2. gr. Og þegar jeg nú skil við hæstv. ráðh. á þessu þingi, með þakklæti fyrir, að hann þó tók á sig rögg og kom hingað í neðri deild á þessum síðasta degi þingsins, þá minnist jeg þess, hve oft ráðherrann talar um, að afskifti mín af löggjöfinni sjeu lítil, þ. e. a. s., hve fá frv. jeg semji og beri fram. Finst mjer vel við eiga, að jeg kveðji hann nú með hamingjuósk í tilefni af þeim sigri, sem hann hefir unnið á þessu sviði í þeim þrem „stórmálum“, sem hann hefir talið sín hjartans mál á undanförnum þingum, nefnilega Byggingar- og landnámssjóð, þar á ráðherrann fyrirsögnina og eina grein. Ömmu-frumvarpið, þar er nú orðið eftir ein grein, en aftur á móti ekki fyrirsögnin, og loks kvikmyndafrumvarp hans, þetta mesta keppikefli hans og hinna sósialistanna, 14 greina frumvarpið svokallaða. Í því stendur nú fyrirsögnin, en engin grein. Slíkan sigur hafa fáir unnið, enda fáir verðskuldað. Ann jeg ráðherranum sigursins og endurtek hamingjuósk mína.

Áður en jeg lýk máli mínu, langar mig að víkja nokkrum orðum að „afa“. Eins og menn muna, bar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) frv. þetta fram á þingi í fyrra. Frv. var þegar nefnt „amma“ en flm. „afi“. Eftir 1. umr. hjer í deildinni var frv. lengi hjá sjútvn., en þar fer hv. flm. (SvÓ) með formensku. Eftir langa mæðu var málið, 29. febr., afgreitt frá nefnd, og bar þá flm. sjálfur fram svo víðtækar breytingar við sitt eigið frv., að af 9 greinum frv. lætur hann 1. og 2. gr. óbreytta, breytir 3., 4. og 5. gr. orði til orðs, en 6., 7., 8. og 9. gr. fellir flm. alveg niður.

Með þessari „uppyngdu ömmu“ hjó svo „afi“ í mánaðartíma, en í marslok sýnist „afi“ hafa verið orðinn leiður á sambandinu, því þá ber hann enn fram brtt. við brtt. við sitt eigið frumvarp. En ekki tókst þó höndulegar en svo, að til þess að komast hjá að bera fram brtt. við brtt. við brtt. við sitt eigið frv., ljet flm. „prenta upp“ síðustu brtt. sína. Var uppprentunin 3 sjálfstæðar brtt. og því gerólík frumprentun, sem aðeins var ein brtt.

Eftir allar þessar breytingar — alt þetta skraut og skart, — hafði nú „amma“ prýkkað talsvert, en þó kom fljótt í ljós, að hún hafði ekki þolað hnjaskið, og varð endirinn sá, að hún veslaðist upp og fjekk hægt andlát í faðmi „afa gamla“.

„En orðstír deyr aldrei“, og hefir sjálfur vörður siðgæðis skrifað hug-

næm og fögur minningarorð eftir „ömmu“. Mannorð „ömmu“ er því tvímælalaust og óflekkað, hvað sem „afa“ líður.

Eftir lát „ömmu“ í fyrra fór „afi“ hnipinn heim til átthaganna, sligaður af þunga sorgarinnar. Það er því síst að undra, þótt gleði hans væri takmarkalaus, er hann í þingbyrjun nú í ár frjetti, að „amma“ væri endurborin í Ed. Með óþreyju taldi „afi“ dagana og beið hingaðkomu hennar, og strax og hún rak hjer inn höfuðið vafði hann hana örmum og fór með hana heim á höfuðból sitt, sem sjávarútvegsnefnd kallast. Þar geymdi „afi“ „ömmu“ eins og soldán felur uppáhalds ástmey sína, og fengum við yngri mennirnir alls ekki að sjá hana. Aftur á móti munu eldri vinir „afa“ eins og hv. 2. þm. Árn. (MT) hafa fengið að líta á „ömmu“, en þó aðeins í fjarlægð, eða í gegnum gler. Koma hjer fram mannlegir eiginleikar „afa“, ástin og afbrýðisemin samfara varfærni hins reynda manns.

Nú, en eins og oft gengur, eftir fyrstu fagnaðarfundina, í lok hveitibrauðsdaganna, minti hið hverflynda karlmannshjarta „afa“ á sig að nýju. Og nú vill hann fyrir hvern mun fara að breyta „ömmu“ aftur. Það er nú fyrirsjáanlegt, að enn andast „amma“ á þessu þingi, er í rauninni nú á þessari stundu í andarslitrunum. Hin langa ræða „afa“ í morgun var einskonar líkræða yfir „ömmu“, og hæstv. ráðh. og jeg erum burðarkarlar, — höldum í hanka.

Helst vildi jeg nú að allir legðust á sveif um að halda lífi í „ömmu“. Annars verður þetta sami sorgarleikurinn á hverju ári. „Afi“ og „amma“ leika ásta-„rullurnar“. Hæstv. dómsmrh. leikur þrjótinn, sem spillir innræti „ömmu“ og lætur hana fara með hverskyns óhróður um mæta menn, svo sem mig og mína líka, og endirinn verður svo altaf sá, að „amma“ tekur andvörpin í mjúkum ástarfaðmi hins iðrandi syndara, „afa gamla“. — Deildin grætur, en við, sem þekkjum mátt ástarinnar og trúum framhaldi lífsins og endurburði „ömmu gömlu“ — við þerrum tárin, göngum rólegir niður á símastöð og sendum vinum okkar skeyti og segjum „ömmu líður vel.“

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) mun í ræðu sinni í dag hafa túlkað tilfinningar sínar og sinnar stjettar. Ræða hans bar vott um gremju og sársauka yfir því, að þjóðfjelagið skuli nú ætla að taka í taumana og hafa aðhald að vissri sviksemi, sviksemi, sem gert hefir landinu bæði skaða og skömm og kastað skugga á íslenskt rjettarfar.

Síðan fer hinn útgerðarmaður deildarinnar á stúfana og hlakkar yfir því, að það líði kannske enn þá partur af ári, áður en þetta mál nær fram að ganga, því að sýnt þykir, að það nái ekki fram á þessu þingi. Er það sök útgerðarmanna þeirra, er hjer eiga sæti, sem hafa tafið málið með óþarfa málæði í nefnd og á fundum, en það eitt sannar nauðsyn þessa máls. — Það er víst, að ef t. d. sauðaþjófar myndu með sjer stjettarfjelag, myndu þeir bannsyngja alt aðhald hreppstjórna og sýslumanna.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) gerði gys að því, að í þessu frv. er ætlast til þess, að varðskipin og loftskeytastöð-

in taki sýnishorn, eftir því sem hægt er, af þeim skeytum, er fara á milli lands og skipa. Hv. þm. heldur víst, að skipin hans megi tala eins og þau vilja. Veit hv. þm. ekki, að ef skip hans eru við Englandsstrendur, er sett ofan í við þau, ef þau eru með óþarfa skraf? Eða heldur hv. þm., að þeir menn, sem eiga hluti í togurum, sjeu hafnir yfir lögin?

Nú viðurkenna ýmsir gegnir flokksmenn hv. þm., eins og hv. þm. Snæf. o. fl., að þegar togarar sjeu að veiðum í landhelgi, t. d. við Snæfellsnes, þá náist þeir hjer um bil aldrei, vegna þess að þeim eru send viðvörunarskeyti frá útgerðarmönnum, sem eiga þessa þjófa. Þetta er almannarómur, og engir aðrir en hlutaðeigendur neita þessum staðreyndum. Sekt þeirra er slegið fastri, hvort sem þeir tala í reiðitón eða gleðitón. Og engir menn áfella togaraeigendur meira en einmitt þeir menn, sem hafa kvartað undan því hjer í hv. deild, að aðfarir þeirra skuli látnar óátaldar.

Þá sagði hv. þm., að það hefði ekkert að segja, að banna dulmál; það sje altaf notað. Eftir hans skilningi er þá einhverju að leyna. Ekki þarf neitt dulmál til þess að segja skipunum, að nú eigi þau að fara til Englands, eða austur á Selvogsbanka. Hv. þm. gaf það í skyn með orðum sínum, að dulmálið yrði notað, eins þótt það væri bannað, og var helst að heyra, að hann gæti ætlað hlutaðeigendum að brjóta drengskaparheit sitt. Ekki gerir hv. þm. mikið úr drengskap sjálfs sín og sinnar stjettar.

Þá kom hv. þm. að því, að hann hafi heyrt þess getið, að Snæfellingar hafi hætt við að senda kærur út af togurum, vegna þess að þeir hjeldu að það þýddi ekki. — Ef svo er, er það vissulega af ódugnaði frá þeirra hálfu. Stjórnin getur ekkert að því gert. (MG: Það var aðeins spurt að því, hvort kærunni hafi verið stungið undir stól). Kæran hefir ekki komið í stjórnarráðið.

Þá áleit hv. 3. þm. Reykv. að taka ætti skipstjórarjettinn af skipstjórum, sem brotlegir yrðu við þessi lög. Þess er ekki getið í frv., heldur á aðeins að taka af þeim rjett til þess að senda eftirlitslaus skeyti, ef það sannast, að þeir hafi brotið lög þessi. Það kemur svo þráfaldlega fyrir, að þeir menn, sem á einhvern hátt hafa orðið brotlegir við lögin, fá ekki full rjettindi og eru hafðir undir eftirliti. Hv. andstæðingum er ekki verst við þetta ákvæði, heldur að haft sje eftirlit með þeim, sem grunur fellur á, en ekki hafa beint brotið. Þetta ákvæði vilja þeir fella niður, af því að þeir halda, að það geti komið að gagni.

Þá talaði hv. 2. þm. G.-K. um það, að það væri sjerstaklega á kvöldin, sem senda þyrfti skeyti til skipanna. Já, það er vitað, að þegar dimmir, eru skipunum send skeyti, að nú sje varðskipið þarna og þarna, nú sje þeim óhætt að læðast inn í landhelgina. (ÓTh: Við fáum helst að nota loftskeytastöðina á kvöldin). Jeg trúi því vel, að ekki sje hægt að senda skeytin um miðjan dag, þá koma þau ekki að tilætluðum notum.

Þegar „Þór" fór með hæstv. forsætisráðh. upp í Borgarnes, og lá þar í 2 daga, kom bunki af skeytum á ýmsum dulmálum, og það var vitanlega

vegna þess, að varðskipið var á ákveðnum stað. Slíks eru fleiri dæmi. Og fjandskapur útgerðarmanna við þetta mál er aðeins sprottinn af því, að þegar skeytaeftirlit er komið á, geta þeir ekki jafn auðveldlega stýrt skipum sínum úr landi inn í landhelgina.

En er það nokkur dauðasynd, þótt þjóðfjelagið fái að ráða, hvaða form er á skeytum, sem send eru úr landi og eftirlit haft með þeim? Það verður ekki hægt að fá þjóðina til þess að trúa því, að það sje nein ósvinna.

Þjóðin getur ekki látið sjer lynda að kaupa strandvarnaskip fyrir 800—900 þús. kr., og starfrækja þau fyrir ¼ milj. á ári, og láta svo þessa loddara senda skipum sínum skeyti um allar hreyfingar varðskipsins; nú sje það fyrir austan, eða vestan, og því sje óhætt að fiska fyrir suðurströndinni. Þetta ástand getur ekki gengið til lengdar.

Það er sama, þótt hv. 2. þm. G.-K. hælist um yfir því, að hafa að þessu sinni getað tafið málið, það fer svo að lokum, að hætt verður að leika þennan leik í landhelginni. Áður en langt um líður tekur þjóðfjelagið í taumana og segir við landhelgisþjófana: „Hingað og ekki lengra".

Jóhann Jósefsson: Það er ekki vert að eyða miklum tíma í að tala um þetta mál, þegar önnur deild þingsins er þegar hætt störfum í þetta sinn. Jeg hefði heldur ekki kvatt mjer hljóðs, ef ekki hefðu komið þessar staðlausu ásakanir hæstv. dómsmrh. í garð minni hl. sjútvn., að við hefðum tafið málið með óþarfa málæði og skömmum.

Þegar mál þetta kom til 1. umr., ætla jeg, að jeg hafi talað einu sinni. Í fyrra þagði jeg, en þá var þögn mín þýdd á þann veg, að hún væri ekki sæmandi, og því ljet jeg nokkur orð falla við 1. umr. nú.

Í nefndinni varð engin töf á málinu, því að meiri hl. var þegar staðráðinn í að fallast á till. hv. 1. þm. S.-M.

Við 2. umr. málsins lýsti hv. frsm. meiri hl. afstöðu þeirra meiri hl.-manna í langri ræðu, og jeg mun hafa með nokkrum orðum skýrt skoðun minni hl., og tók þá einmitt fram, að jeg teldi ástæðulaust að fjölyrða um þetta mál. Svo segir hæstv. dómsmrh., að við tefjum málið með málæði og skömmum.

Hann vill auðsjáanlega láta þetta mál vera síðasta mál deildarinnar í þetta sinn, og nota það til þess að svala sjer á okkur andstæðingum hans.

Þá átaldi hæstv. ráðh. (JJ) mjög ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), en hann mun taka sjálfur til andsvara, ef honum þykir þörf á.

Hæstv. ráðherra sagði, að það væru aðeins fulltrúar útgerðarinnar, sem væru andvígir þessu máli, öllum öðrum væri ljós nauðsyn þess, að koma á slíku eftirliti. Meðal þessara „annara" hlýtur þá einnig að vera hæstv. ráðh. sjálfur, því að svo oft hefir hann talað fyrir þessu máli, að hann ætlast víst til að vera tekinn alvarlega.

En þá er spurningin: Hvers vegna hefir hæstv. ráðh. ekki notað heimildir gildandi laga til þess að hafa eftirlit með loftskeytum? Í lögum frá 14. nóv. 1917, 4. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Innan íslenskrar landhelgi og á Íslandi má aðeins að fengnu leyfi ráðuneytisins og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp

og nota stöðvar eða annan útbúnað til þráðlausra firðviðskifta.“

Samkvæmt þessum lögum er sett reglugerð frá 17. maí 1918, og segir svo í 19. gr. hennar, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskifti innan íslenskrar landhelgi, bæði frá íslenskum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt. Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, og látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins.“

Hæstv. ráðh. sagði, að svo mikil brögð væru að misnotkun loftskeytanna, að það væri okkur bæði til skammar og tjóns út á við. Þarf ekki að leiða mörg rök að því, að ef stjórnin hefir þvílíka skoðun á þessu, kemst það undir ákvæði þau úr reglugerðinni frá 1918, er jeg las upp.

Manni verður því á að spyrja: Er hæstv. ráðh. alvara í þessu máli, þegar hann lætur lagaákvæði, sem komið geta að fullum notum, ónotuð, og lætur frv. þetta daga uppi, rjett að gamni sínu? — Því að vissulega gat það komið fyr til umr. en á lokadegi þingsins. — Engin hætta er á því, að málalið ráðherrans hefði beitt sjer gegn því, ef hann hefði óskað, að það kæmi fyr fram.

Það er ekki meining minni hl. að beita sjer gegn þessu frv., í skynsamlegri mynd, en hann hefir talið sjer skylt að vekja athygli á skaðlegum ákvæðum þess.

Þetta gerðum við í fyrra, og þá tók hæstv. ráðherra athugasemdir okkar til greina. Það sýnir frágangur frv. nú. Og áður en mál þetta kemur fyrir næsta þing, mun hann einnig hafa fært sjer í nyt athugasemdir okkar á þessu þingi.

Við höfum lagt til, að 6. gr. frv. verði felld niður. Hæstv. ráðh. viðhafði þau orð um andstöðu okkar gegn 6. gr., að það væri sökum þess, að við fyndum, að þar væri kjarninn, og því legðumst við á móti henni. 6. gr. er þess efnis, að ef sterkar líkur benda til þess, að útgerðarstjóri eða skipstjóri hafi notað loftskeyti í óleyfilegum tilgangi, — „þá skal dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjórn eða skipstjórnarmenn ,er hlut eiga að máli, rjetti til loftskeytaskifta milli lands og veiðiskipa, nema undir eftirliti“ o. s. frv.

Þessu atriði höfum við áður lýst yfir, að við getum ekki fylgt. Þær sterku líkur, eða grunur, geta komið fram af rógi um ákveðinn skipstjóra eða útgerðarmann, og þarf ekki mikið til að koma slíkum orðrómi á. Ráðuneytið þarf sem sje engar sannanir, heldur bara það, sem að þess dómi, t. d. að dómi núv. dómsmálaráðherra, eru „sterkar líkur“. Væri þá hægt að svifta hlutaðeiganda þessum rjetti, ef til vill algerlega að ástæðulausu.

Það er augljóst, að um leið og slíkt væri gert, væri stór blettur fallinn á þann mann, sem fyrir því yrði, í augum almennings, og það væri alveg lagt á vald dómsmálaráðherra, hver svo sem það væri, að láta viðkomandi mann verða fyrir slíku aðkasti. Mjer þætti nú fróðlegt að vita, og leyfi mjer að varpa þeirri spurningu fram, hvaða ráðherra í siðuðu landi mundi verða til þess, annar heldur en núverandi dómsmálaráðherra á Íslandi, að fara þess á leit við löggjafarþingið, að honum sje veitt leyfi til að beita hegn-

ingarákvæðum án dóms og laga. Það er sem sje ekkert annað, sem farið er fram á í þessari grein. „Sterkar líkur" einar eiga að nægja til þess að ráðuneytið geti gert menn ómynduga um notkun sinna eigin loftskeytatækja. Jeg hygg, að þess muni yfirleitt engin dæmi í siðuðum löndum, að dómsmálaráðherra fari fram á það við löggjafarþingið, að það veiti honum slíkt vald, enda ekki líklegt að slík hugsun fæðist nema í sjúkum heila. Það er samskonar siðferðilegt innræti eins og það, að geta fengið af sjer að elta menn látlaust með ófræggingum, þótti þeir sjeu búnir að afplána sína sektir, og að hafa í hótunum við menn fyrir að láta í ljós skoðanir sínar. Hugsanagangur hæstv. dómsmálaráðh. er því miður oft nokkuð frábrugðinn því, sem gerist hjá andlega heilbrigðum mönnum, ef dæma má eftir ræðum hans og ritum, orðum hans og athöfnum.

Það er þessi vankaði hugsanagangur, sem valdið hefir því, að ráðherrann vill láta þingið samþykkja óskorað vald honum í hendur, til að beita ákvæðum þessa frv. eins og honum sýnist, án dóms eða laga.

En skyldi það ekki ávalt ganga treglega, honum eða öðrum, að komast svo langt með Alþingi Íslendinga.

Jeg ætla þess vegna algerlega að vísa á bug þeim ásökunum, sem gerðar hafa verið á hönd okkar minnihluta-manna, að við höfum reynt að tefja fyrir þessu máli. Hæstv. ráðh. ætlar sjer sjálfsagt að hafa það á prjónunum næsta ár, og er þá leikurinn í þetta sinn auðsjáanlega til þess gerður, að málinu geti ekki orðið lokið á þessu þingi.

Forseti (BSv): Nokkrir hv. þm. hafa kvatt sjer hljóðs, en með því að þingslit eru ákveðin kl. 5 í dag, þá er enginn kostur að halda þessari umr. lengur áfram. Er því málið tekið út af dagskrá. Svo eru og þau önnur mál, sem hjer standa, tekin út af dagskrá. En jeg vil taka það fram, að næsti fundur er ákveðinn þegar að afloknum þessum fundi.

Segi jeg svo fundi slitið.

43. Forkaupsrjettur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 22. fundi í Ed., 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv. A. 107).

Á 24. fundi í Ed., 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. var afgreitt frá þessari hv. deild í fyrra í svipuðu formi og það liggur fyrir nú. Jeg sje því ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. að þessu sinni, en vísa til þess, sem jeg sagði í fyrra. Jeg vænti þess, að frv. verði vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 243).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Á Alþingi 1927 og 1928 var mál þetta til umr. og var samþ. í þessari deild. Er því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það nú. Það má aðeins segja það almenna, að eins og hreppar hafa nú forkaupsrjett á jörðum innan hreppsins, er og hin sama nauðsyn að kaupstaðir og kauptún hafi sama rjett um landspildur og lóðir innan síns umdæmis. Það hefir komið fyrir, að selt hefir þannig verið utan hjá. Dæmi um það er frá Akureyri. Mun jeg ekki færa fram fleira að sinni, en vísa til þess, sem jeg hefi áður um þetta sagt. Allshn. hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Vona jeg að hv. deild verði við þeim tilmælum.

Jón Þorláksson: Þegar þetta frv. hefir verið til umr. og atkv. á undanförnum þingum, hefi jeg ekki greitt atkv. með því, vegna þess að mjer hefir þótt of langt gengið í því að leggja kvaðir á eignir manna. Vil jeg um rök mín fyrir því vísa til Alþt. síðustu tveggja ára. Aðstaða mín til frv. er óbreytt frá því, sem þá var. Greiði því ekki atkv. með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 107).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv., og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 107).
Á 41. fundi í Nd., 10. apríl var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 65., 66., 67., 68. og 72. fundi í Nd,. 10., 11., 13., 14. og 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 554).
Forseti tók málið af dagskrá.
Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Einkasala á saltfiski.

Á 22. fundi í Ed., 14. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv. A. 111).

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. hefir nokkrum sinnum verið fyrir þinginu áður, eða að minsta kosti nokkrum sinnum fyrir þessari hv. deild, en það hefir gengið treglega að

vinna því það fylgi, sem nauðsynlegt er til þess að það getið orðið að lögum og komið til framkvæmda, svo sem eðlilegt væri.

Þetta er eitt af stærri málunum, og kannske hið stærsta, sem fyrir þinginu liggur, því það fjallar um sölu á höfuð-útflutningsvöru landsmanna, sem um undanfarin ár hefir verið um 60% af öllum útflutningsvörum, og að krónutali farið upp yfir 50 milj. á einu ári. Það er þess vegna eðlilegt, að slikt stórmál þurfi nokkuð að undirbúa, að hugir manna þurfi að venja sig við umr. um það áður en menn geti fallist á það. Það er svo um flest stórmál, að þau þurfa að vera nokkuð lengi á döfinni, enda verða þau þá betur undirbúin.

Í annari grein þessa atvinnuvegar, síldarútgerðinni, hefir á síðustu árum verið leitað til löggjafarvaldsins um aðstoð til að koma lagi á söluna. Árið 1921 var gerð tilraun til þess, og einnig 1926, og á þinginu 1928 voru síðan samþykt lög, sem framkvæmd voru á sama ári, um útflutning á síld. Þetta mætti kannske kalla lögþvingaða samvinnu, en hvernig tókst svo framkvæmd á þessu? Það fór svo, að enginn maður tapaði á síld síðastliðið ár. Það eru þau stóru tíðindi, sem hafa gerst í þeim útvegi, og það hefir sennilega aldrei komið fyrir áður í sögu síldarútgerðarinnar. Aftur á móti er önnur þjóð, Norðmenn, sem veiðir mikið af síld hjer við land, þeir munu hafa tapað á síðastliðnu ári. En þegar þeir sáu, að þeir ætluðu að tapa, munu þeir hafa hugsað til að reyna að mynda samtök um síldarsöluna, en sem ekkert varð úr, því að það er altaf svo, þegar þessir útgerðarmenn ætla að fara að mynda samtök með sjer, þá eru altaf nógir til að svíkjast undan merkjum, af því að þeir hugsa sem svo: Mig varðar ekkert um hina; jeg er ánægður, ef jeg get selt mína síld. Svona hugsa menn, og þess vegna er nauðsynlegt að þvinga menn til slíkrar samvinnu. Það þarf ekki að fjölyrða mjög um það, hve miklu það skiftir landsmenn, að afurðasalan fari vel úr hendi.

Það má segja um kjötið, að nokkuð hafi tekist í frjálsri samvinnu að selja það, en það verður altaf öðruvísi um sjávarútveginn; þar baukar hver í sínu horni, og þó að sæmilega hafi gengið síðustu tvö árin með saltfisksöluna, má ekki láta blekkjast af því. Þegar keppinautar okkar fiska illa, eins og t. d. við Newfoundland í fyrra, þá fáum við auðvitað sæmilegt verð, en þegar erfiðleikar eru á hjá okkur, þá hafa fiskkaupmenn hjer farið í reglulegt kapphlaup niður á við með verðið, og þá segja þeir flestir, sem talað er við: Þegar boðnir eru niður fyrstu farmarnir á vorin, þá þýðir það lágt verð á þess árs framleiðslu, nema eitthvað alveg sjerstakt komi til, mikill skortur á fiski í framleiðslulöndunum eða annað, sem gerir það, að verðið hækkar aftur, því að samtök eru nokkur milli þeirra, sem af okkur kaupa.

Þeir menn, sem hafa fengist við fiskverslun hjer, vita, að gerðar hafa verið tilraunir til frjálsrar samvinnu um þessa afurðasölu. Fyrst var hjer myndaður svokallaður Copelandshringur, sem endaði með skelfingu og var nærri búinn að setja annan bankann okkar á höfuðið, enda vafasamt, að hann biði þess nokkru sinni fullar

bætur, því að það voru svo margar miljónir, sem töpuðust á því, að þeir ætluðu að halda fiskinum í háu verði, það var kominn slíkur „spekúlations"-andi yfir þá í fiskhringnum, en ekki hugsað um að koma fiskinum út í tæka tíð, svo að menn slyppi skaðlausir. — Á eftir voru í nokkur ár engin samtök um þetta, og salan gekk erfiðlega.

Þegar leið fram á árið 1925 var farið að leitast til við landsstjórnina, en á bak við þingið, að hún fyrirskipaði mönnum að ganga í samvinnu um söluna, en þeir urðu aldrei nógu margir, sem fengust til að vera með, en upp úr þessu myndaðist þó samvinna, sem kölluð var „Litla bandalagið", sem líklega er starfandi enn í dag. Það voru nokkrir fiskframleiðendur, sem tóku sig saman um að selja í sameiningu, en það verður aldrei verulegt gagn að slíku, þegar svo margir eru fyrir utan samtökin.

Svo var ein samvinnutilraun útgerðarmanna, þegar þeir mynduðu fjelag með sjer og fólu einu fjelagi að fara með alla söluna. En þetta lánaðist heldur illa, enda ekki nærri allir í þessari samvinnutilraun.

En þessu væri ekki til að dreifa, ef ríkið hefði alla söluna, því þá væri ekki annað að leita, og þá myndu kaupendurnir koma alveg á sama hátt og síldarsölumennirnir sænsku, dönsku og kannske finsku, komu til síldareinkasölunnar og keyptu af henni framleiðslu landsmanna. Það eru því skynsamlegar líkur fyrir því, að þessi sala geti gengið vel. Jeg skal játa það, að þetta frv. eitt út af fyrir sig nær ekki nógu langt. Hjer er að tala um sölu á saltfiski til útlanda, söltuðum og veiddum hjer við land, en það er gert ráð fyrir því, að ríkið eða þeir menn, sem ríkið skipar til þess, taki við fiskinum og selji fyrir framleiðendurna sem umboðsmenn þeirra, en það er ekki girt fyrir það, að fiskverslunin innanlands blómgist ekki eins og áður, þannig að þeir, sem fiskinn afla, fái ekki sitt fulla verð fyrir hann. En það þarf að koma því svo fyrir, að smærri útgerðarmenn geti fengið lán út á sinn afla, eins og hinir stærri, og spor í þessa átt er frv. það um veðlánasjóð fiskimanna, sem hjer liggur fyrir þessari hv. deild, því ef fiskimenn okkar ættu ekki kost á að geyma sinn afla og fá lán út á hann, svo að þeir geti staðist kostnaðinn við útgerðina, þá myndu þeir neyðast til að selja hann nýveiddan eða upp úr saltinu, og þá fengju þeir ekki hagnaðinn af sölunni, heldur rynni hann til þeirra manna, sem væru milliliðir milli þeirra og ríkisins. Það yrði alveg eins og með síldarsöluna í sumar, þeir, sem höfðu „plönin", fengu mikinn ágóða, en þeir, sem síldina veiddu, ekki, af því að einkasalan úthlutaði milliliðunum söluverðinu.

Til þess að benda á nokkra af þeim mönnum, sem hafa talað um agnúana á söluaðferðinni hjá okkur, skal jeg m. a. nefna Gunnar Egilsen, næstsíðasta fulltrúa okkar á Spáni. Það hefir verið skrifað um málið í blað fiskimanna, „Ægir", og þess líka getið í sambandi við umr. þessa máls á þingi, og fleiri hafa tekið þar í sama streng, svo sem Matthías Þórðarson, fyrrum ritstjóri „Ægis", og P. A. Ólafsson, ræðismaður. Þessir menn hafa bent á nauðsyn á meiri samtökum, en vilja fara misjafnlega langt, hygg jeg að tveir þeirra hafi fallist á að ríkið tæki

að sjer söluna, en sendimaður okkar á Spáni mun hafa viljað frjálsa samvinnu meðal fiskkaupmanna hjer heima. En það er ekki hugsanlegt, að þeir geti orðið samferða, nema þeir verði þvingaðir til þess með lögum, því að sá hugsunarháttur er ekki til hjá þeirri stjett manna, sem versla með þessa vöru.

Þá er eitt atriði, sem skiftir afarmiklu máli fyrir fisksöluna og framtíð okkar. Það er útvegun nýrra markaða. Ríkið styrkir á hverju ári menn til að fara til þeirra landa, þar sem afurðir okkar eru ekki seldar, til að reyna að vinna þar markað fyrir þær, en það er tiltölulega lítið, sem hefir verið gert í því efni af útgerðarmönnum sjálfum; þeir munu að vísu hafa sent eitthvað til Suður-Ameríku, eftir tilvísun P. A. Ólafssonar, en það hefir samt verið gert mjög lítið af þeim, til þess að útvega nýja markaði, og stendur okkur það þó á mjög miklu. Við sjáum það best, hve bundnir við erum þeim þjóðum, sem taka við meginframleiðslu okkar, t. d. erum við svo bundnir Norðmönnum, að við verðum dauðhræddir, ef síldar-„spekúlantarnir" norsku hrista hnefana framan í okkur og hóta því, að láta norska ríkið leggja háan toll á saltkjötið okkar. Og eins er með verksmiðjueigendurna norsku, þeir hóta okkur því, að ef þeir fái ekki að flytja inn eins og þeim sýnist af norsku verkafólki, þótt hjer gangi fjöldi manna atvinnulaus, þá skuli þeir láta stjórnina norsku leggja háan toll á saltkjötið okkar. Eins er með Spánverja, þeir ógna okkur með háum tolli á fiski okkar, ef við ekki gerum breytingar á lögum þeim um innflutningsbann á áfengi, sem við höfum samþykt, og við beygðum okkur. Menn þorðu ekki einu sinni undir samningunum að segja nei, og prófa, hversu mikil alvara stæði á bak við þetta; við ljetum undan, alveg skilmálalaust, en það sýnir, að við erum ekki frjálsir í okkar löggjöf, á meðan svo stendur á, að hver tegund framleiðslu okkar fer í eitt land, saltfiskurinn til Spánar, en saltkjötið til Noregs.

Norðmenn hafa gert miklu meira til að afla fiski sínum nýrra markaða, enda er nú svo komið, að norski fiskurinn er seldur víða um lönd, þar sem íslenski fiskurinn er ekki. Það má segja, að við þurfum að keppa við önnur lönd, Noreg, Newfoundland og England, svo að við getum ekki ráðið verðlaginu. Þetta er að vísu rjett, við getum ekki ráðið verðlaginu, en því getum við ráðið, að ekki sje verið að bjóða vöruna óhæfilega lágt. Við getum ráðið því, hve mikið hún er boðin niður, og að ekki sje verið að bjóða út heila farma, sem lækka verðið á allri framleiðslu okkar, sem svo nemur mörgum milj. króna á ári á allri framleiðslunni í lækkuðu verði. Og þó að við verðum að keppa við Norðmenn um fisksöluna, og enda Englendinga líka, þá höfum við betri fisk á boðstólum. Nú mætti máske segja sem svo, að þetta gæti breyst, áður en langt um líður, en það er mjög vafasamt, því að við höfum í einu atriði betri aðstöðu til fiskverkunar en þeir, sem vart verður af okkur tekin. Á jeg þar við hið ágæta, svala loftslag hjerna, sem gerir það að verkum, að útiþurkaður fiskur verður fal-

legri og betri en hjá hinum þjóðunum. Þetta atriði gerir okkur samkepnina mun auðveldari.

Að lokum vil jeg benda á það, að ekki alllíitill hluti íslensku fisksölunnar er í höndum útlendra fiskikaupmanna. Er það atriði, sem í þessu sambandi er mikils vert. Spanskir og enskir fiskkaupmenn færa sig stöðugt upp á skaftið og sölsa sífelt meira og meir af fisksölunni undir sig.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vona að þetta frv. mæti góðum undirtektum hjer í þessari hv. deild. En enda þótt að þetta mál ætti eiginlega heima í fjhn. sökum þess, hve mikið fjárhagsmál það er, þá vil jeg þó, vegna þess, hvers eðlis það er, gera það að tillögu minni, að því verði vísað til sjútvn., að lokinni þessari umr.

Jón Þorláksson: Þetta frv., er hjer er á ferðinni, er marg niðurkveðinn og uppvakinn endurvakningur frá fyrri þingum, er jeg tel ekki minstu líkur til að nái fram að ganga, eins og Alþingi er nú skipað.

Jeg lít því svo á, að það sje aðeins til þess að tefja tíma þingsins, að fara nú að vekja upp umræður um þetta mál. Þess vegna mun jeg ekki fara inn á ástæður hv. flm. (JBald) fyrir frv., enda kom hann ekki með neinar nýjar ástæður, er mæli með því, en allar þær er áður hafa verið bornar fram, hafa verið marghraktar áður.

Jeg læt þetta því nægja til þess að gera grein fyrir því, að jeg sje ekki ástæðu til að greiða frv. atkv. til 2. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Við getum spáð um það sinn í hvoru lagi, hv. 3. landsk. og jeg, hvaða líkur sjeu til þess, að þetta frv. nái fram að ganga. Hann veit auðvitað um sjálfan sig, og ef til vill flokk sinn. En hann veit heldur ekki meira, að því er jeg hygg. Jeg hefi að vísu ekki ráðfært mig við menn um þetta frv., svo jeg veit ekki, hvort það hefir mikið eða lítið fylgi, en jeg álít að það sje svo mikils vert, að sjálfsagt sje að athuga það í nefnd.

Það er að mestu leyti rjett hjá hv. 3. landsk., að jeg hefi komið með fáar nýjar ástæður fyrir þessu máli. En það gerir ekkert til, því þær ástæður, er áður hafa verið færðar fram því til stuðnings, eru algerlega fullnægjandi. Þó er það ekki rjett, að jeg hafi ekki komið með neina nýja ástæðu. Jeg kom með eina, og hana alls ekki smávægilega, en það er reynsla sú, er fjekst af síldar-einkasölunni í sumar. Hún mælir mikið með því, að þessi leið sje farin. Skal jeg svo ekki frekar elta ólar um þetta við hv. 3. landsk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:6 atkv., og til sjútvn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Sjerleyfi til vikurfleytingar.

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til að fleyta vikri niður Jökulsá á Fjöllum (þmfrv. A. 129).

Á 27. fundi í Nd., 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Í þessu frv. er farið fram á það, að atvmrh. sje veitt heimild til þess að veita Sveinbirni Jónssyni, Knararbergi í Eyjafirði, sjerleyfi til þess að fleyta vikri niður Jökulsá á Fjöllum og gera ráðstafanir til þess að þetta verði að notum og framkvæmanlegt, svo sem t. d. að leggja vegi frá vikurnámunum til árinnar, setja fljótandi stíflur í ána, og annað, sem nauðsynlegt þykir.

Maður sá, er óskaði að jeg bæri fram þetta frv., hefur fengist töluvert við að vinna úr vikri. Enn hefir hann þó ekki gert annað en að steypa plötur, er notaðar hafa verið í stað korks innan á húsveggi. Hefir hann komist að raun um, að það er vel gerlegt að nota slíkar vikurplötur, en þær verða aðeins að vera helmingi þykkri en korkið, til þess að gera sama gagn. En sá er munurinn, að hjer er fundið ráð til þess að vinna svona plötur úr innlendu efni, og er Sveinbjörn sá fyrsti, er hefir dottið slíkt í hug. Er því mjög sanngjarnt, að eitthvað sje gert af hálfu hins opinbera, til þess að lyfta undir þetta, og honum gert fært að halda þessum tilraunum sínum áfram.

Enda þótt jeg sje nú sjálfur ekki hrifinn af sjerleyfum yfirleitt, þá vona jeg nú samt, að hv. deild taki vel í þetta mál og lofi því að fara til nefndar. Ennfremur vona jeg, að sú hv. nefnd, er fær þetta mál til athugunar, íhugi gaumgæfilega, hvað hægt er að gera þessu til styrktar, án áhættu fyrir hið opinbera.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en geri það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn., að umræðum loknum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Vjelgæsla á mótorskipum.

Á 25. fundi í Ed., 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (þmfrv. A. 135).

Á 28. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Frv. þetta felur í sjer breytingu á 3. gr. laga um vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Breytingin er í því fólgin, að til þess er ætlast í frv., að vjelstjórar, sem lengi eru búnir að vera við vjelgæslu, geti öðlast rjettindi til þess að stjórna stærri mótorvjelum en hið upphaflega próf þeirra tiltekur. Frv. er flutt að óskum vjelfróðra manna, og finst mjer eðlilegt, að vjelstjórar fái þessi rjettindi. Sjálfur hefi jeg enga sjerþekkingu í þessu efni. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. deild samþ. að

vísa frv. til nefndar, og óska jeg að því verði vísað til sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 367).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Sjútvn., er hefir haft frv. þetta til meðferðar, hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. með litlum breytingum. Meiri hl. n. hefir ekki viljað ganga inn á, að þeir menn, er ekki hafa meira skólanám en gert er ráð fyrir í frv., fái að vinna sjer rjett til að stjórna stærri vjel en 100 hestafla. Jeg hefi gengið inn á þetta til samkomulags, enda vil jeg ógjarnan fara lengra en fært er í alla staði. Till. n. er því miðuð við þetta, að sá maður, er sýnt hefir með 12 mán. starfi, að hann er fær um að stjórna 35—50 hestafla vjel, öðlist rjett til að stjórna 50—100 hestafla vjel, en síðari mgr. 1. gr. falli því niður.

Með þessum orðum vildi jeg leggja með frv. og tel ekki ástæðu til að ræða það frekar, ef ekki koma fram andmæli.

Jeg skal þó geta þess, að vjelskip þau, er á veiðar ganga, munu að jafnaði ekki vera stærri en það, að í þeim sje 100 hestafla vjel eða minni. Afleiðingin af þessari breytingu verður því sú, að ekki þarf meiri lærdóm en frv. gerir ráð fyrir, til að taka að sjer vjelstjórn á veiðiskipum.

Þar sem mótorskóli sá, sem ráðgerður var í lögum frá 1924, er ekki enn stofnaður, þá er nauðsyn að rýmka nokkuð til í þessu efni, til þess að ekki verði hörgull á mönnum, er farið geta með þessar vjelar.

ATKVGR.
Brtt. 367, 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 367, 2 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 384).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 384).

Á 55. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Menta- og gagnfræðaskólar í Reykjavík og á Akureyri.

Á 31. fundi í Ed., 25. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri (þmfrv. A. 207).

Á 33. fundi í Ed., 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Jónsson): Í byrjun þessa þings var lagt fyrir hv. Nd. frv. um hjeraðsskóla. Afgreiðsla þess mun nú komin vel á veg. Hjer er á ferðum annað frv. um mentamál, eigi ómerkara, og fjallar um stúdentafræðsluna í landinu, ásamt gagnfræðakenslu í tveim stærstu kaupstöðunum. Því miður var frv. þetta eigi fullbúið fyrir þing, og gat því eigi komið fram sem stjórnarfrumvarp. Þess vegna fór hæstv. kenslumálaráðh. fram á það við mig og hv. þm. Ak., sem báðir eigum sæti í mentmn. þessarar hv. deildar, að við flyttum frv. fyrir sína hönd. Þótti okkur eigi rjett að skorast undan því að verða við tilmælum hans, þótt hitt hefði verið æskilegast, að frv. hefði verið formlega flutt af stjórninni. Er ný löggjöf um þetta efni mjög aðkallandi, eigi síst vegna norðlenska skólans. Sá skóli hefir nú mjög fært út starfssvið sitt, og veldur þar um mestu áhugi núverandi skólameistara og sá skilningur og víðsýni, sem komið hefir fram af hálfu hæstv. kenslumálaráðh. í garð skólans. Æskir skólinn þess nú, að fá nánari fyrirmæli í lögum um starfsháttu og tilgang þeirrar fræðslu, sem honum er ætlað að veita.

Um mentaskólann hjer hafa orðið miklar umræður á undanförnum árum. Milliþinganefnd hafði stúdentafræðsluna til athugunar fyrir nokkrum árum. Frumvörp um breytingar á skólanum hafa verið til umræðu á Alþingi hvað eftir annað. Má ætla, að nú sje tímabært að setja lög um skólann, og er líklegt, að það, sem um hann hefir verið rætt og ritað, um nokkurra ára skeið, geti orðið til leiðbeiningar við þá lagasetningu.

Það mælir ennfremur með lagasetningu nú, að endurskoðun á fyrirkomulagi stúdentafræðslunnar hefir alveg nýlega farið fram á Norðurlöndum. Af niðurstöðum þeirrar endurskoðunar má vafalaust mikið læra.

Það frv., sem hjer liggur fyrir, er samið af 3 mönnum, sem tvímælalaust eru meðal bestu skólafræðinga landsins. Hafa þeir allir farið utan, til að afla frv. undirbúnings. Er því einsætt, að til þess muni vandað í besta lagi. Við flm. höfum sjálfir ekkert að því unnið og eigi tekið afstöðu til einstakra atriða þess. Þess vegna tel jeg eigi ástæðu til, að við gerum grein fyrir því sjerstaklega, og því síður sem hæstv. kenslumálaráðh. er sjálfur viðstaddur. En jeg vænti þess, að hv. deild leyfi því að ganga til 2. umr. og vísi því til nefndar.

Jón Þorláksson: Jeg hafði vonast eftir því, að hæstv. kenslumálaráðh. myndi gera grein fyrir aðalbreytingum þessa frv. nú við 1. umr. Sje hann eigi við því búinn, vildi jeg mega fara fram á það við hæstv. forseta, að um-

ræðunni yrði frestað, af því að svo skamt er síðan frv. kom fram og þingmenn hafa eigi átt kost á að kynna sjer það nægilega.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Úr því að hv. 3. landsk. hefir vakið máls á því, að æskileg væri rækilegri framsaga í þessu máli, vil jeg geta þess, að frv. sjálfu fylgja mjög ítarlegar athugasemdir. Frv. hefir nú þegar legið frammi talsverðan tíma. Jeg held þess vegna, að hv. þm. (JÞ) mundi hafa gefið sjer tíma til að blaða í gegnum það, ef hann hefði á annað borð talið umræður nauðsynlegar á þessu stigi málsins. En þó að jeg búist við, að flestir hv. deildarmenn hafi lesið athugasemdirnar, skal jeg bæta við þær nokkrum orðum, fyrst fram á það er farið.

Eins og hv. flm. tók fram, hafa forráðamenn mentaskólans hjer, og ýmsir áhugamenn utan hans, árlega farið fram á það, nú um langan tíma, að sett yrði ný löggjöf um skólann. Þetta hefir enn eigi tekist, og ekki víst að það takist fremur nú. Um það eru líka skiftir skoðanir, hversu sníða skuli slíka löggjöf. En um eitt atriði munu flestir vera sammála, og það er, að sú skifting, sem gerð var á skólanum fyrir aldarfjórðungi síðan, hafi verið óheppileg. Nú er mentaskólinn tvent í einu: gagnfræðaskóli fyrir Reykjavík og fræðslustofnun fyrir þá nemendur, sem ætla sjer að halda áfram til stúdentsprófs. Afleiðingin er m. a. sú, að gagnfræðaskólinn er ekki fyrst og fremst miðaður við almenna fræðslu, eins og alþýðuskóli þarf að vera, heldur miklu fremur stefnt að því, að nemendur þeirrar deildar sjeu, að prófi loknu, hæfir til inntöku í lærdómsdeildina. Af þessari ástæðu hefir gagnfræðadeildin mist þann tilgang, sem henni var ætlaður upphaflega. Og gallar skólans hafa komið enn skýrar í ljós en ella, vegna sívaxandi og óhóflegrar aðsóknar.

Það er á hinn bóginn auðsætt, að nú, þegar kröfur og þörf til almennrar fræðslu fara stöðugt vaxandi, er það alveg óviðunandi, að Reykjavík eigi engan alþýðuskóla. Þetta er mönnum að verða ljóst. Á Alþingi hefir tvisvar sinnum komið fram frv. um að steypa saman nokkrum skólum hjer í bænum og stofna í sambandi við þá sjerstakan gagnfræðaskóla. Þetta frv. náði eigi fram að ganga, einkum vegna þess, að með því hefði alþýðufræðslan í Rvík verið tekin út úr skólakerfi landsins og orðið þyngri baggi á ríkinu en sanngjarnt er, með tilliti til annara hjeraða landsins. En eigi að síður verður að bæta úr fræðsluþörf reykvíkskrar alþýðu, svo að viðunandi sje.

Í frv. er gert ráð fyrir 8 bekkjum í mentaskólanum hjer. Með því móti myndi skólinn komast fyrir í sínu eigin húsi, enda verður svo að vera. En þá vantar alþýðufræðslu fyrir Rvík. Því er lagt til, að ungmennafræðslu þeirri ,sem hafin er fyrir atbeina síðasta þings, verði komið í fast horf og henni sköpuð hæfileg vaxtarskilyrði. Til þess á landið að leggja fram til skólabyggingar 60 þús. kr., eða alt að ⅔ kostnaðar. Þetta var rætt nokkuð á þingi í fyrra og í fjárlögum 1928 stendur fyrsta fjárveiting til slíkra skóla, og var um hana gott samkomulag. Virtust allir vera á einu máli um, að þessi hlutföll milli framlega ríkis

og kaupstaða væru hæfileg, og sanngjarnt má telja, að byrjað sje að byggja yfir þann skólann, sem ekkert þak á yfir höfuðið, þ. e. skólann í Rvík.

Þá kem jeg að skólanum á Akureyri. Um leið og skólanum í Rvík var skift í tvær 3 ára deildir, var Akureyrarskólanum komið í beint samband við lærdómsdeildina, til þess að ljetta mönnum að austan og norðan aðgang að háskólanámi. En nú eru orðnar háværar raddir um það, að skólinn verði sjerstakur mentaskóli, og hefir kensla farið fram í þá átt um nokkur missiri.

En nú eru sjálfsagt þeir menn til í landinu, sem álíta, að fyrirkomulagið geti verið eins á báðum stöðum, þriggja vetra gagnfræðadeild á Akureyri og í Reykjavík, en út í það ætla jeg ekki að fara, enda nokkuð vikið að því í frv., að þessi kensla er ekki miðuð við starfslífið í landinu, heldur við framhaldsnám. En þar sem á Akureyri má búast við, að ekki sje nema lítill hluti af ungum mönnum, sem þar vaxa upp, er óska eftir framhaldsnámi, þá verður skólinn óhagkvæmur fyrir alþýðu manna, og því er með rjettu óánægja með það, að miða alþýðumentun margra manna á Akureyri við framhaldsnám fárra úr hópnum. Þess vegna er lagt til hjer, að bæði á Akureyri og í Reykjavík sje breytt því, sem hingað til hefir verið kallað gagnfræðanám, gert ljettara, og einungis miðað við kröfur starfslífsins í landinu, og að alþýðuskólar í Reykjavík og á Akureyri verði á engan hátt frábrugðnir öðrum samskonar skólum í kaupstöðum og sveitum landsins.

Þá vil jeg víkja að því, í þessu sambandi, að fyrir hv. Nd. liggur nú frv. um skipulag fjögurra alþýðuskóla í sveitum landsins, en auk þess er Eiðaskólinn eiginlega hliðstæður þeim. Það er allítarlegt frv., og þar sem þessu máli hefir verið vel tekið af öllum flokkum í Nd., má búast við, að það nái samþykki Alþingis. En jafnframt hafa komið fram tvö frv. í Nd. um alþýðuskóla í kaupstöðum, eða eiginlega eru þar fram komin tvö frv. vegna Ísafjarðarkaupstaðar, og eitt vegna Vestmannaeyja, og það er áreiðanlegt, að það verður ekki komist hjá að afgreiða þessi mál á næstu þingum, enda ástæðulaust annað en að sinna þessum kröfum. Bendir og alt til þess, að jafnvel á næsta þingi verði að gera heildarlög fyrir fjóra skóla á landinu, Vestmannaeyjar, Reykjavík, Ísafjörð og, ef þetta frv. nær fram að ganga, Akureyri. Svo er undirbúningur um það, að ef til vill komi á Austfjörðum, á Seyðisfirði eða Norðfirði, unglingaskóli með svona fyrirkomulagi.

Breytingin, sem þetta frv. gerir, er sú, að um leið og losuð eru böndin á milli hinnar núverandi gagnfræðakenslu á Akureyri og í Reykjavík, við mentadeildina, þá er um leið reynt að ráða bót á tveim göllum, sem gamla fyrirkomulaginu fylgja. Í fyrsta lagi er það, að gagnfræðaskólarnir eru óþarflega þungir sem alþýðuskólar, og á hinn bóginn það, sem menn alment álíta, að þar sem slíkir undirbúningsskólar með burtfararprófi sínu veita aðgang að mentaskólanum, að halda muni áfram sú regla, sem þegar hefir brytt á hjer og á Akureyri, að þeim, sem komið hafa í skólann til þess að fá almenna fræðslu, finnist það vansi fyrir sig, að halda ekki

áfram, úr því að þeir fá rjettindin. En af þessari skoðun leiðir það, að margir halda áfram námi, sem ekki langar virkilega til þess, eða ekki finna hjá sjer sjerstaka köllun til þess, en af þessu getur skapast hjer skólagenginn lýður, sem atvikin hafa kastað inn á þessa braut, en ekki eigin þörf þessara ungu manna eða ungu kvenna.

Ennfremur má geta þess, að það fyrirkomulag, sem verið hefir til þessa, hefir eiginlega gefið Reykjavík óhæfilega mikinn aðgang að háskóla- og mentaskólanámi. Jeg þarf ekki að fara mikið út í það hjer, en það leiðir nokkuð af sjálfu sjer, að þegar 12—13 ára börn ganga inn í gagnfræðadeildina og eru svo, ef þau reynast sæmilegum námsgáfum gædd, látin halda áfram, þá er það auðsætt, að Reykjavík hefir fengið eins konar landfræðilegt „monopol“ á háskólagöngu.

Af þessu er auðsætt, að það verður að reyna að leysa spurninguna um ungmennafræðsluna í einu fyrir sveitirnar og kaupstaðina, og hjer er það gert á þann hátt, að tveir mentaskólar skulu vera á landinu, og að skólinn í Reykjavík skuli geta tekið við helmingi fleiri nemendum en skólinn á Akureyri, tvískiftir bekkir í Reykjavík, en í einu lagi á Akureyri. Enn fremur er svo til ætlast, að alþýðuskólamálunum sje þannig fyrir komið, að kensla í þeim skólum sje eingöngu miðuð við daglegar þarfir manna, en á hinn bóginn svo hæg inntökuskilyrði í mentadeildina á Akureyri og í Reykjavík, að gáfuðum efnismönnum, sem langar að fara þá leið, sje hægt að keppa með inntökuprófi upp í lærdómsdeild á öðrum hvorum staðnum.

Það, sem jeg get aðallega búist við að valdi óánægju, er það, að íbúum Reykjavíkur finnist, að hjer sje að nokkru leyti breytt þeim einkarjettindum, sem Reykjavík hefir hingað til haft á inngöngu í skólann hjer. En hún hefir samt sem áður sína sjerstöku aðstöðu, en það er ætlast til þess, að Reykjavík standi alveg eins að vígi sem aðrir kaupstaðir í landinu, en ekki betur, að rjettlæti sje látið gilda, en ranglætið ekki haldast, eins og verið hefir.

Í þessu frv. er tekið fram allnákvæmlega um inntökuskilyrði í 1. bekk lærdómsdeildarinnar. Það er nauðsynlegt allra hluta vegna, en sjerstaklega vegna þess, að menn eiga að geta komist þarna inn með samkepnisprófi, eða búið sig undir það heima. Það má því ekki vera neinn vafi á því, hversu þungt það sje, og það er aðallega haft með almennum mentunarskilyrðum, til þess að gáfumenn landsins geti þreytt þessa inntökuraun án þess að leggja út í nokkurt eiginlegt sjernám.

Ef svo fer, sem jeg vona, að komist á einir fimm samstæðir skólar í sveitum landsins, þ. e. a. s. að Núpi, Laugum, Hvítárbakka, Laugarvatni og Eiðum, og ef til vill aðrir fimm skólar í kaupstöðum, með svipuðu fyrirkomulagi, aðeins breytt dálítið til eftir staðháttum, þá hygg jeg að reynslan yrði sú, að það yrði tiltölulega auðvelt fyrir úrvalsfólkið úr þessum skólum að standast próf inn í mentaskólana. Húsrúm skólanna og þörf þjóðarinnar myndi takmarka tölu stúdentanna, en gáfnapróf inngöngu í mentaskólana.

Þetta eru aðalatriðin viðvíkjandi prófunum, en þá er ein nýjung í þessu, sem jeg vil drepa á að þessu sinni. Það er það, að á meðan ríkið ekki álítur sjer skylt að halda uppi mentaskólakenslu nema með þrem hliðstæðum bekkjum, tveimur í Reykjavík og einum á Akureyri, þá getur verið, að eitthvað af fólki hafi ekki komist að, sem vildi þó halda áfram. Fyrir það er tvent til. Fyrst að lúka gagnfræðaprófi utan skóla, og svo, ef það fær ekki að komast að, þá að lúka stúdentsprófi utan skóla. En þetta fólk hefir hingað til orðið að vinna án árlegrar hjálpar frá skólanum, án þess að láta mæla hina árlegu vinnu sína. En þetta er ranglátt. Það er engin ástæða til annars, en að þessir skólar hjálpi fólkinu með því að lofa því að ganga undir próf, lofi því að reyna, hvort það fær staðist hina árlegu þekkingarraun, og því er rjettara, að þetta fólk geti lokið stúdentsprófi, en aðeins á þann hátt, að það beri allan kostnað af því, að fráteknum prófkostnaði, sem landið annast um. Jeg hygg, að þessi rjettarbót yrði til mikils gagns, af því að hún hjálpar sjálfsvinnuviðleitni og sjálfsbjargarstarfsemi manna.

Þá vil jeg minnast nokkuð á kostnaðarhlið málsins. Á þskj. 207, bls. 40, er yfirlit um, hvað ríkið kostar hina ýmsu skóla á landinu. Því er skift í tvent, ríkisskóla og þá, sem reknir eru af einstökum hjeruðum, en sem ríkið styrkir. Það kemur þá í ljós, að í Reykjavík er kostnaðurinn 8—9 þús. kr. á bekk, en í sumum minni skólum, t. d. Stýrimannaskólanum og Bændaskólanum á Hólum, sem þurfa að hafa töluvert marga sjerfræðinga til kenslunnar, en hafa ekki mikla aðsókn, getur kostnaðurinn farið upp í 11—12 þús. kr., og í einstökum tilfellum upp í 13 þús. kr. Í öðrum tilfellum er þetta talsvert minna. Í þeim skólum, sem reknir eru af einstökum mönnum og hjeruðum, t. d. Laugaskólinn og Hvítárbakkaskólinn, er styrkurinn 4—5 þús. kr. á bekk. Það er þannig alt að því helmingi lægri kostnaður fyrir ríkið heldur en við þessa föstu ríkisskóla. Frv. um hjeraðsskólana er bygt á því, að kostnaðurinn við hvern bekk, með 20—25 manns, þurfi ekki að fara yfir 5 þús. kr. En hins vegar er með því fyrirkomulagi, sem hjer er gert ráð fyrir að verði ,ætlast til að kaupstaðirnir beri nokkuð af byrðunum við sína skóla, en jafnframt er ætlast til, að skólagjöldin falli niður þar, en verði aftur á móti haldið í sveitunum, vegna þess að þá skóla sækja menn oft langt að, en ekki aðeins þar úr grend, en þetta munar mjög miklu fyrir landið. Lítum t. d. á Mentaskólann, sem er fyrir alt landið, en þó þarf að eyða fram undir 50 þús. kr. á ári í sex bekki gagnfræðadeilda. En hjer er ætlast til að kostnaðurinn verði ekki nema 1600 kr. á bekk, en að bærinn leggi fram 2400 kr. Náttúrlega getur svo farið, að rannsókn þessarar hv. deildar og Alþingis í heild sinni sýni, að þetta sje of mikil sparsemi, og að ekki sje hægt að komast svo mikið niður, en með þeirri reynslu, sem fengin er sumstaðar á landinu, hygg jeg, að þokast megi nokkuð í sömu átt. Í þessu sambandi vil jeg benda á, að á Ísafirði er ungmennaskóli með 50 nemendum, en kostnaður á bekk ekki nema tvö þús. kr. Náttúrlega er þetta of lítið. Ísfirðingar kvarta yfir því, að þeir sjeu afskiftir, enda er munur-

inn mikill, hvort það eru 2 þús. eða 4 þús. kr.

En eitt af því, sem jeg vil biðja hv. deild að athuga, er það, að um leið og við erum að krefjast þess af sveitum og kaupstöðum að byggja sjer unglingaskóla að miklu leyti og starfrækja þá, þá er ekkert rjettlæti í því, að Reykjavík hafi nokkra sjerstöðu um þetta, eða að bekkur, sem á Seyðisfirði t. d. kostar landið ekki nema 5 þús. kr., skuli í Reykjavík kosta það 8—9 þús kr. Með þessu frv. er verið að reyna að leggja glöggar línur, ekki síður yfir kostnaðarhliðina en innihaldshliðina, og það er líka augljóst, að það verður að gera, því það má nærri geta, að ef hallast verður að því ráði, að láta alþýðufræðsluna í Reykjavík og ef til vill á Akureyri líka, vera eingöngu á ríkissjóðs kostnað, þá verður ómögulegt að fá sýslurnar til að taka á sig þann kostnað. Ennfremur er það, að þegar allur hugsunarháttur alþýðu krefst svo mjög skóla, og góðra skóla, eins og frv. þau, sem nú liggja fyrir þinginu sýna, þá verður þingið að kveða á um það, hvort með þeirri reglu, sem tekin verður upp um skólana í Reykjavík og á Akureyri, skuli ríkið taka að sjer að halda alla þessa skóla, með 8—9 þús. kr. kostnaði við hvern bekk. Jeg vil einnig benda hv. deild á það, í sambandi við þá skýrslu, sem jeg gat um áðan, að maður getur síst búist við því, að ríkisrekstur á skólum í sveitum verði ríkinu ódýrari, heldur jafnvel þvert á móti, t. d. eins og á Eiðum. Þar fór, árið 1927, kostnaður á bekk yfir 12000 kr. Jeg efast ekki um það, ef þingið fer inn á þá braut, að láta alþýðufræðsluna í Reykjavík vera á ríkiskostnað, þá verði ómögulegt að standa á móti kröfunni um það, að taka alla aðra alþýðuskóla á ríkið.

Jeg spara mjer af ásettu ráði ítarlegt umtal um frv., af því að jeg í athugasemdunum hefi tekið fram flest það, sem ástæða hefir þótt til að segja um þetta mál, eins og það nú horfir við. Náttúrlega koma fram ýmsar skýringar frá ýmsum hv. þdm., máske þegar við þessa umr. eða síðari umr. En jeg skal aðeins óska þess, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og nefndar.

Jón Þorláksson: Þetta frv., með athugasemdum, er bálkur upp á 40 þjettprentaðar bls., í Alþingistíðindabroti. Það er að vísu rjett, sem fram hefir verið tekið, að það hefir legið frammi lögmæltan tíma, tvær nætur, til þess að það megi taka til 1. umr. En það er nú svo, að þegar jafnstórir og víðtækir lagabálkar koma fram sem stjfrv., þá verður það með eðlilegum hætti töluvert lengri tími, sem þm. fá til að kynna sjer þá til 1. umr., enda einn dagur allsendis ófullnægjandi til þess að geta sett sig inn í slík mál til hlítar. Eins er það, þegar sama daginn rignir yfir fjölda af þingskjölum og sömuleiðis, þegar komið hefir fram samtímis annað stjfrv., sem er engu minni lagabálkur en þetta.

Jeg hefi notfært mjer þennan stutta tíma til þess að blaða í frv., enda þótt hæstv. dómsmrh. ímyndi sjer, að jeg hafi ekkert athugað það. En sá tími, er jeg hefi haft til þessa, er vitanlega mjög ófullnægjandi til að ná svo mik-

illi kynningu, sem nauðsynleg er til þess að geta rætt þau atriði, er helst snerta stefnu frv. Þó skal jeg strax taka það fram, að jeg er að einu leyti samþykkur frv., en það er að því leyti, sem orðið er við hinum háværu kröfum allra þeirra, er bera hag Mentaskólans nokkuð fyrir brjósti. Á jeg þar við aðskilnaðinn milli gagnfræðanáms og stúdentanáms. Þessu skal jeg fúslega veita viðurkenningu mína. En allmikil veila er það á frv., að ekki skuli vera fullnægt sömu kröfu að því, er Akureyrarskólann snertir. Því þó gert sje ráð fyrir sjerstöku inntökuprófi við mentadeild Akureyrarskólans, þykir mjer líklegt, að það verði ekki annað en 2. eða 3. bekkjar árspróf eftir því, hvort heppilegra þykir og hæfilegra. Það er því með þessu verið að stofna til sömu óheppilegu tilhögunarinnar á Akureyri og hjer hefir verið undanfarin ár, að nemendur, sem farið hafa í gagnfr.-deildina, til þess að leita sjer almennrar mentunar, hafa síðan teygst til þess að fara í lærdómsdeildina.

Þá skildist mjer á ræðu hæstv. dómsmrh., enda þótt það sjáist ekki í frv., að utanskólanemendum ætti að vera heimilt að taka stúdentspróf. En svo hefir verið bætt í frv. ákvæði, er stundum hefir átt sjer stað, að utanskólanemendur gætu líka tekið árspróf. Við þetta hefi jeg ekkert að athuga. En það þykir mjer mikið lýti á frv., hvað skólanum í Rvík er sniðinn þröngur stakkur, hvað nemendafjölda snertir. Það er svo á pappírnum, að honum er skift í tvær hliðstæðar ársdeildir, móti einni á Akureyri. En þegar þess er gætt, að skólanum hjer er svo skift í stærðfræði og máladeild, er hætt við, að þessi tvískifting verði nokkuð ófullnægjandi.

Reynslan hefir sýnt það, að mikill minni hluti nemenda þeirra, er koma í Mentaskólann, fara í stærðfræðideildina. En þó að þeir sjeu fáir, er það þó engu síður nauðsynlegt fyrir landið, að hafa þessa deild. Ef nú eru ekki nema 2 óskiftar, hliðstæðar deildir, verður niðurstaðan sú, að við fáum einn fullskipaðan bekk í máladeild og annan fáliðaðan í stærðfræðideild. Hlutfallið milli skólans hjer og skólans fyrir norðan verður þá sem svarar 1½: 1, og er það mjög órjettlátt, þegar litið er á íbúatölu hvors bæjar, og íbúatölu þeirra landshluta, er hvorn skóla sækja.

Hæstv. ráðh. sagði, að við þessu væri sú úrlausn, að talsverður fjöldi nemenda gæti tekið próf utanskóla, og mætti greiða fyrir þeim með því, að láta þá hafa leyfi til þess að taka árspróf. En það er alls ekki rjettlátt að sníða skólann svo þröngt, að margir verði að lesa utanskóla, vegna þess að þeir rúmast ekki í honum. Þetta hlýtur altaf að verða mikill kostnaðarauki fyrir þá, og því mjög ranglátt gagnvart þeim. Jeg verð því að álíta, að löggjöf skólans megi ekki vera svo þröng, að hún hindri það, að hann geti fullnægt eðlilegum kröfum um viðtöku nemenda. En þær verða að miðast við það, að hann geti venjulega tekið á móti öllum þeim, er stunda sama nám og þar er kent.

Hæstv. ráðh. talaði tvisvar um það, að Reykvíkingar hefðu fengið „monopol“ á því, að leggja Mentaskólanum til nemendur. Að svo miklu leyti, sem fótur er fyrir þessu, þá stafar það af því, að ekki hefir verið hægt að fá Framsóknarflokkinn til þess að endurreisa heimavistirnar, sem því miður

lögðust niður. Því frekar öllu öðru er það heimavistarleysi, sem hefir bægt mönnum úr öðrum landshlutum frá því að sækja skólann. Nú er að vísu gert ráð fyrir því í frv., að þær verði endurreistar, en mjer virðist þó sem þar sje tekið altof lausum tökum á því atriði. Þegar löggjöf er sett um skólann, er nauðsynlegt að taka mjög tillit til þeirrar nauðsynjar, sem á því er að endurreisa heimavistirnar, bæði vegna þeirra, er skólann sækja úr fjarlægum hjeruðum og eins vegna skólalífsins í heild sinni.

Eins og hæstv. dómsmrh. vjek að, er það sjálfsagt og rjett, að Reykjavík taki sinn þátt í kostnaði við alþýðufræðslu hjer. Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í það nú, hvort ákv. frv. um þetta atriði eru sanngjörn. En rjett þykir mjer að minna á það, að frv. það um samskóla Reykjavíkur og hvernig alþýðufræðslu bæjarins skyldi komið fyrir, er lá hjer fyrir þinginu fyrir 2 árum, var í alla staði mikið betri úrlausn þessa máls heldur en sú, er rúmast getur í löggjöf um mentaskóla og gagnfræðaskóla. Hæstv. dómsmrh. sagði, að það frv. hefði ekki náð fram að ganga vegna þess, að með því hefðu verið lagðar of miklar byrðar á ríkissjóð. Þetta er nú tæpast rjett. Það hefir aldrei verið sýnt fram á það, eða líkur færðar fyrir því, að ríkissjóði hefði orðið sú tilhögun of kostnaðarsöm. Og jeg þori að fullyrða, að fjárhagshlið þess máls gat vel verið samkomulagsatriði. Jeg fæ yfirleitt varla skilið, hvernig hæstv. ráðh. og flokksmenn hans hafa getað lagst á móti því veigamesta frv. um alþýðufræðslu hjer í bænum, sem fram hefir verið borið. En víst er um það, að af fjárhagsástæðum hefir það ekki verið.

Jeg vil þó gera mjer vonir um það, að þó löggjöf um gagnfræðakensluna hjer, sem bygð er á svipuðum grundvelli og þetta frv., nái fram að ganga, þá verði það ekki til hindrunar því, að stærra spor verði stigið á eftir, og að hugmynd sú, er felst í samskólafrv. frá 1927, nái fram að ganga.

Get jeg svo látið staðar numið að sinni, því væntanlega gefst mjer síðar tækifæri til þess að taka þetta mál til ítarlegri meðferðar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg skal svara stuttlega hv. 3. landsk. Hann er mjer sammála um það, að nauðsynlegt sje að losna við þá tvískiftingu, sem verið hefir í Mentaskólanum, og er mjer því samþykkur í því, að ákvæði frv. um þetta efni sjeu til stórmikilla bóta. En svo óttast hann, að það sama komi fyrir á Akureyri og hjer hefir átt sjer stað. En það er engin ástæða til þess að óttast þetta, því fyrirkomulag fræðslunnar er alveg það sama á báðum stöðunum. Munurinn er aðeins sá, að á Akureyri verða báðir skólarnir í sama húsi. En það er einungis af fjárhagsástæðum. Reykjavík, sem hefir 25 þús. íbúa, er of stór til þess að hægt sje að hafa mentaskólann og gagnfræðaskólann í einu og sama húsi. Nú þegar er orðið alt of þröngt í skólanum, svo að illa fer um nemendur, og kennararnir hindrast í starfi sínu af sömu ástæðum. Þessi aðskilnaður verður því að fara fram hjer í Reykjavík. En þá segir hv. 3. landsk., að þetta verði að gerast á Akureyri líka. Þetta er vitanlega hreint fyrirkomulags-at-

riði. Og þar sem nú stendur svo á, að skólinn á Akureyri hefir mikið pláss ónotað, auk þess, sem þarf undir mentaskólann þar, þá virtist það óskynsamlegt, að láta það ónotað, en heimta að landið færi að byggja annað. En vitanlega stendur slíkt opið fyrir í framtíðinni, ef þörf krefur.

Jeg vona því, að hv. deild sjái, þrátt fyrir þetta, að ekkert samband á að vera milli þessara tveggja skóla, þó að þeir sjeu í sama húsi. Og ef hægt er að gera aðskilnaðinn ennþá gleggri án þess að spilla málinu, þá er jeg fús til þess. Eitt atriði vil jeg þó taka fram og það er það, að gert er ráð fyrir því, að sami skólastjóri verði í báðum skólunum á Akureyri. Það þykir heppilegra, þegar um sama hús er að ræða. Annars er það ekki nauðsynlegt. T. d. heimsótti jeg ýmsa skóla í London í haust, er voru notaðir fyrir mentaskóla fyrri hluta dagsins en alþýðuskóla síðari hluta dags. Voru þar 2 skólastjórar, sem voru hvor öðrum alveg óháðir. Slíkt gæti vitanlega líka verið hjer, en jeg býst ef til vill við, að menn kynnu illa við það.

Þá er eitt, sem jeg held að sýni nægilega greinilega, að um tvo aðskilda skóla er að ræða, sem sje það, að sín skólanefndin er yfir hvorum. Heitir það skólaráð, er mentaskólanum stjórnar, en skólanefnd stjórnar gagnfræðaskólanum. Er gert ráð fyrir, að þetta verði hið varanlega fyrirkomulag kaupstaðaskólanna. Svo tekur Akureyri á sig meiri byrðar, eftir því, sem skólinn vex, þannig að bærinn hefir gagnfræðadeildina, en landið eða ríkið lærdómsdeildina. Vona jeg nú, að hv. þdm. skilji, að hjer liggur ekkert á bak við annað en það, að á Akureyri er skólahús, næstum því eins stórt og hjer, en þar eru 3000 íbúar en hjer 25 þús. Þess vegna er hægt að nota húsið á Akureyri fyrir meira.

Þá vjek hv. 3. landsk. að því, að þessir 8 bekkir hjer myndu ekki koma að sömu notum tiltölulega og 4 bekkir á Akureyri, vegna þess, að ætið væru að mun færri menn í stærðfræðideild en lærdómsdeild, og mundi því fyrirkomulagið skapa nokkurn ójöfnuð. Þetta held jeg að sje tæplega rjett. Jeg hygg, að undanfarin ár hafi verið þetta 12—15 í stærðfræðideild. Er það að vísu nokkuð færra en gert er ráð fyrir, að nemendafjöldinn verði mestur í deild. En þetta býst jeg við að breytist. Íslendingar eru yfirleitt ekki síður gefnir fyrir stærðfræði en annað, og þegar svo heimavistin er komin upp, þá geta menn, sem stundað hafa nám t. d. á Eiðum, Laugum, eða Núpi, og gefnir eru fyrir stærðfræði, farið hingað til Reykjavíkur. Þannig mundu þá dragast menn af öllu landinu í stærðfræðideildina, og held jeg því, að ekki þurfi að óttast, að hún verði mikið minna sótt.

Hvort mentaskólinn, eins og honum er ætlað að vera samkv. frv., útskrifar of lítið af stúdentum, skal jeg láta ósagt um. Þó verð jeg heldur að líta svo á, að með þessu fengi þjóðin nóg af stúdentum. Um aldamótin munu hafa útskrifast árlega um 20 stúdentar, og var það álitið mjög hæfilegt þá. Þó að þjóðinni hafi nú að vísu fjölgað allmikið síðan, þá verð jeg að álíta, að nægilegt sje fyrir hana, ef hjeðan frá Reykjavík útskrifast árlega ca. 40 stúdentar, en ca. 20—25 frá Akureyri. Það yrðu þá 60—65 árlega.

Hygg jeg, að hægt sje að sanna það, að þjóðin hafi ekki þörf fyrir meira. Takmörkun sú, er frv. gerir ráð fyrir, miðast við húsrúmið. Og yfirleitt er það nú svo, að ekki er hægt að byggja við Mentaskólann án þess að eyðileggja bygginguna. Það er meira að segja varla hægt að byggja heimavist á núverandi lóð skólans. Annars met jeg það meira, að vel fari um nemendurna, heldur en að þeir sjeu mjög margir, og því álít jeg, að átta bekkir sjeu það mesta, er setja má í húsið.

Hvað heimavistina snertir, verð jeg að halda því fram, að eins og nú er, bæti hún ekki úr vandræðunum nema að nokkru leyti. Þetta stafar af því, hvað aldurstakmarkið í gagnfræðadeildinni er lágt. Flestir nemendur hennar munu vera á aldrinum frá 12 til 16 ára. Og þó að heimavistin væri ekki sjerlega dýr, hygg jeg að margir foreldrar mundu hika við það, að senda 12—14 ára gömul börn sín þangað, því hún mundi vafalaust verða að teljast miður heppileg uppeldisstofnun fyrir börn á þeim aldri. En fyrir lærdómsdeildina ætti heimavistin að geta komið að notum. Það er því af uppeldislegum ástæðum, að jeg tel rjett að hindra það, að í heimavist safnaðist mikið af unglingum á sama reki og þorrinn allur af þeim, er nú er í gagnfræðadeild.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Jón Þorláksson: Jeg skil vel, hvers vegna það hefir farið svo fyrir hæstv. dómsmrh., að hann hefir ekki treyst sjer til að lagfæra þá ágalla á Akureyrarskólanum, er tilfinnanlegastir voru hjer. Og af þeim ástæðum, að mentaskólinn þar fyllir ekki það hús, sem þar er, (**Dómsmrh.:** Og þarf ekki að fylla það) er gagnfræðaskólanum hleypt þar inn sem sjerstakri deild, — mjög svipað og nú er um skólann í Reykjavík. Hæstv. ráðherra vildi ekki kannast við, að það væri rjett hjá mjer, nema að litlu leyti, að stærð skólans hjer samsvaraði ekki bekkjatölunni, vegna skiftingar lærdómsdeilarinnar í máladeild og stærðfræðideild og taldi, að stærðfræðideildin mundi fyllast, af því að skólinn væri aðgengilegri eftir en áður, fyrir menn, sem hefðu gengið í gegnum einhvern alþýðuskóla. Jeg held nú ekki, að það muni fylla stærðfræðideildina, af því að það er svo um þetta stærðfræðideildarpróf, að þó að það sje að vísu nauðsynlegt að halda því uppi, er ekki nema mjög svo þröngt takmörkuð tala af stúdentum með þeirri mentun, sem þörf er fyrir í landinu. Málamentun gefur stúdentum rýmra svigrúm til að leita sjer starfssviðs í lífinu. Aðaltilgangur stærðfræðideildarinnar er að undirbúa stúdenta til sjerfræðináms, sem aðeins fáir stúdentar geta stundað. Jeg hygg því, að annaðhvort sje það rjett hjá mjer, að þetta samsvari hálfri annari deild, eða að það verði til þess að þvinga óeðlilega marga inn í stærðfræðideildina, þeim frekar til vandræða eftir á.

Hæstv. ráðherra mintist á heimavistir og taldi, að ekki væri unt að koma upp heimavistum á skólalóðinni, nje heldur stækka húsið. En jeg er sannfærður um, að með góðum vilja er mjög hægt að fá heimavistir, sem yrðu í sambandi við skólann,

kannske ekki í sama húsi, en að minsta kosti á skólans lóð.

Út af því, sem hæstv. ráðherra sagði um aldurstakmarkið, skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki hugsað mjer, að frv. gerði ráð fyrir heimavistum fyrir gagnfræðaskólann. Nemendur gagnfræðadeildarinnar eru venjulega svo ungir, að ekki er tiltækilegt að senda þá að heiman. Annars skal jeg geta þess, að að minu viti er aldurstakmarkið fyrir Mentaskólanemendur hin mesta fjarstæða, og blettur á núgildandi ákvæðum. Það nær engri átt, að meina mönnum aðgang að Mentaskólanum, þó að þeir sjeu einu eða nokkrum árum eldri en hinir, sem þeir eiga að fylgjast með. Í minni skólatíð var að vísu til eitthvert ákvæði um þetta efni, en það var altaf veitt undanþága frá því. Niðurstaðan varð sú, að innan um okkur, unga og óþroskaða stráka, voru altaf þroskaðir piltar, sem höfðu áreiðanlega hin bestu áhrif á skólalífið og þá mentun, sem skólinn ljet okkur í tje. Jeg vil segja þetta, til þess að láta hæstv. ráðherra vita, að jeg að minsta kosti álít, að ekki eigi að vera að hanga í neinum bókstafsböndum um það, að allir nemendur í bekk sjeu því nær jafngamlir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til mentamn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 539).

Frsm. (Jón Þorláksson): Mentmn. hefir orðið sammála um að mæla með þessu frv., með nokkrum breytingum, sem skráðar eru aftan við nál. á þskj. 539. Það hefir að vísu verið skoðanamunur í n. um ýms atriði í þessu máli, sem í rauninni er ekki að furða, þar sem þetta frv. á að grípa yfir 3 eða jafnvel 4 skóla, sem talsverðar deilur hafa staðið um undanfarið. En það varð að samkomulagi meðal nefndarmanna, að láta þær sjertill., sem einstakir nefndarmenn kynnu að bera fram, bíða til 3. umr., og bera fram þá við þessa umr. aðeins þær brtt., sem n. öll eða a. m. k. meiri hl. hennar væri sammála um. Þetta þóttust nefndarmenn geta fullkomlega forsvarað, þar sem þær breytingar, sem einstakir nefndarmenn hreyfðu, voru ekki svo stórvægilegar, að þær gætu talist snerta grundvöll málsins.

Frv. fer fram á það, að í staðinn fyrir mentaskólann hjer í Reykjavík, sem starfað hefir undanfarið í tveimur deildum, gagnfræðadeild og mentadeild, skuli koma tveir sjálfstæðir skólar, mentaskóli og gagnfræðaskóli, og jeg held það sje fult samkomulag innan n. um það, að fallast á þá uppástungu. Jafnframt gerir frv. þá breytingu á mentaskólanum, að í stað þess að hann hefir um langan aldur verið sex ára skóli, verði hann eftirleiðis fjögurra ára skóli, sem leiði til stúdentsprófs, en hins vegar sjeu þá gerðar kröfur til inntökuprófs, sem samsvara því, að skólatíminn er styttur um tvö ár. N. fjellst á þetta og á uppástungu frv. um inntökuprófsskilyrði, nokkurn veginn óbreytt, með þeim skilningi, að þessi breyting á tilhöguninni eigi ekki að verða til þess að rýra stúdentamentunina frá því, sem

nú er, þó að námstíminn í Mentaskólanum sjálfum sje styttur í fjögur ár. Etlast er til, að kunnáttan við inntökupróf bæti upp það, sem er tekið neðan af skólanum. Til þess svo að sjá fyrir gagnfræðamentun í Reykjavík, er í frv. stungið upp á að setja hjer á stofn gagnfræðaskóla, og er því að nokkru leyti framhald af þeirri bráðabirgðalöggjöf, sem var sett á síðasta þingi, um bráðabirgða ungmennafræðslu í Reykjavík. Þetta hefir nefndin líka getað fallist á í öllum aðalatriðum, en vill tryggja það nokkru betur en í frv. er gert, að það geti orðið reist hæfilega myndarleg bygging fyrir þennan skóla, með því að rýmka ofurlítið um þetta framlag ríkissjóðs, sem frv. hefir stungið upp á.

Þá hljóðar frv. þar næst um gagnfræðaskólann á Akureyri, og fer fram á það, að skifta honum í tvær deildir nokkuð áþekt því, sem hefir verið hjer í mentaskólanum í Reykjavík, þannig að skólinn verði eiginlega sex ára skóli, að því leyti, sem hann er skoðaður sem ein heild. Tveir fyrstu bekkirnir tilheyra gagnfræðanámi, og að þeim liðnum geta svo nemendur valið um, hvort þeir fara þá úr skóla með prófi, sem frv. kallar gagnfræðapróf, eða verði eitt ár í viðbót í sjerstakri deild, efsta bekk gagnfræðadeildarinnar, og ljúka námi þaðan með gagnfræðaprófi hinu meira, sem kallað er, eða í þriðja lagi ganga upp í mentadeild skólans, sem þó verður ekki gert nema með sjerstöku inntökuprófi, og haldi svo þar áfram fjögurra ára námi til stúdentaprófs.

Við 1. umr. málsins hreyfði jeg því, að hjer sýndist stofnað til álíka óheppilegs samblands af gagnfræðamentun og stúdentamentun, sem hjer í Reykjavík hefir orðið til þess að auka svo mikið aðstreymi að stúdentsmentun. Jeg hreyfði því, að æskilegt væri að finna aðra leið, sem sneiddi hjá þessum annmarka. Þetta var íhugað talsvert í n. En með tilliti til þess húsakosts, sem er fyrir hendi á Akureyri, þá fann n. eiginlega enga aðra úrlausn á þessu, sem betur hæfði ástandinu, eins og það nú er. Og þó að megi bollaleggja ýmislegt um það, í hvaða átt breytingin eigi að ganga í framtíðinni, ef skólinn stækkar, svo að núverandi húsrúm verði honum ekki nóg, þá sá n. ekki neina ástæðu til þess að bera fram brtt. í þessa átt á þessu stigi málsins, og hefir þess vegna einnig að því er snertir Akureyrarskólann fallist á aðalgrundvöll stjfrv.

Þá skal jeg reyna að gera grein fyrir brtt. n., sem eru nú nokkuð margar. En jeg skal reyna að vera ekki langorðari um þær en nauðsyn krefur.

Fyrsta brtt. er þá þess efnis, að úr fyrstu gr. frv. falli burt það ákvæði, að í skólanum skuli vera 8 bekkir. Greinin ákveður, að skólinn skuli vera í 4 ársdeildum, en takmarkar að öðru leyti stærð hans með þessu viðbótarákvæði, að hann skuli vera 8 bekkir. Nú mælir frv. að öðru leyti svo fyrir, að nemendum skólans skal skift í máladeild og stærðfræðideild, eins og nú er, með talsverðum mismun, en þó að nokkru leyti sameiginlegu námi. Ef litið er á stærð skólans nú, hvað þetta snertir, þá er það svo, að nemendatalan í þremur efri bekkjunum, þar sem náminu er skift, samsvarar h. u. b. tveim fullskipuðum bekkjum, og fer kénslan fram í tveim bekkjum í þeim námsgreinum, sem eru sameiginlegar fyrir

stærðfræðideild og máladeild. Stærðfræðideildin hefir verið skipuð þetta frá 8—12 nemendum, og svo er nemendatala þar til uppfyllingar úr máladeild, sem er ekki meiri en svo, að við alla kensluna, sem er sameiginleg fyrir máladeild og stærðfræðideild, eru bekkirnir ekki taldir nema tveir, en við sjernám hvorrar deildar fyrir sig verða bekkirnir þrír, þar sem stærðfræðideild er sjer í lagi og máladeildarnemendur þess bekks út af fyrir sig.

Það varð að samkomulagi í n., að fella burt ákvæði um skiftingu í 8 bekki, en láta í þess stað koma ákvæði, sem n. taldi eiga heima síðar í frv., og er flutt í 18. brtt. n., sem fer fram á að setja nýja gr. aftan við þennan kafla frv. um mentaskólann og einskorðar stærð skólans og nemendafjölda í hverri deild við það ástand, sem nú er og jeg hefi lýst. Það er nú að vísu ekkert ákvæði um það, hvort skifting í máladeild og stærðfræðideild mundi ná til allra bekkja í þessum 4 ára skóla — til allra ársdeildanna — en jeg tel miklu líklegra, að skiftingin mundi ekki verða látin koma fram í 1. árs deild skólans. Það er a. m. k. alveg nægilegt vegna stærðfræðisjernámsins, að hafa skiftingu í 3 bekkjum. Um langan aldur hefir sú tilhögun gilt í Danmörku, að þessari kenslu er ekki skift nema í 2 efstu bekkjunum. Það mætti gera ráð fyrir, að í 1. deild skólans fengju jafnan inntöku svo margir nemendur, að samsvaraði 2 fullskipuðum bekkjum, einnig eftir ákvæðum frv., eins og það er nú. En ef svo færi, þá ræki að því, þegar komið er upp í þá bekki, þar sem kenslan skiftist, að ef ákvæði frv. er haldið óbreyttu, yrði annaðhvort að vísa allmörgum nemendum úr skóla eða þá að krefjast þess, að nemendatala máladeildar og stærðfræðideildar yrði nálægt því jöfn. En nú er það svo, að þó að stærðfræðinám sje sjerlega nauðsynlegt sjernám til undirbúnings undir tiltekið háskólanám, þá eru altaf miklu færri nemendur, sem hafa löngun og hæfileika til þess að stunda það, heldur en hið almennara nám máladeildar. Ef þannig ætti að skifta, að ekki gætu orðið nema tveir bekkir, eftir að kenslunni er skift í þessar tvær greinir, þá yrði það til þess, að annaðhvort yrðu nokkuð margir nemendur að fara úr skóla, eða til þess, að fleiri yrðu þvingaðir inn í stærðfræðideildina heldur en þar eiga heima. Það væri nokkuð óheppilegt, — jafn óheppilegt fyrir kensluna í þeirri deild eins og fyrir nemendur sjálfa. Því að þangað er ekki rjett að taka aðra nemendur heldur en þá, sem eru hneigðir fyrir þess konar nám. N. hefir viljað greiða úr þessu með brtt. sínum, og styðst þar jafnframt við annað atriði, sem sjerstaklega snertir núverandi húsrými skólans.

Að jeg hefi getað fallist á að stytta skólann um 2 ár, byggist á því, að jeg viðurkenni, að núverandi skólahús er of þröngt og lítið fyrir 6 ára skóla, með þeirri aðstöðu, sem nú er. Jeg get því fallist á frv. með því að sníða 2 bekki neðan af. Því þótt húsið sje of lítið fyrir 6 ára skóla, þá ætti það að vera hæfilegt fyrir 4 ára skóla, með núverandi aðstöðu, með tví- og þrískiftum bekkjum, eins og nú er í lærdómsdeild. Yrðu það þá aldrei fleiri en 11 kenslustofur, er nota þyrfti, og mættu sumar vera litlar, því óhætt er að gera ráð fyrir því, að fáment verði í sumum deildunum. Þetta húsnæði er

nú til. Hinsvegar hefi jeg lagt áherslu á það í n., að skólinn verði ekki stýfður á tvo vegu; nefnilega að tekið verði neðan af honum og jafnframt takmörkuð tala þeirra, er geta útskrifast sem stúdentar, frá því sem nú er. Því mæli jeg eindregið í gegn.

2. brtt. n. hefir aðeins að innihaldi smábreytingu á því, hvaða námsgreinir verði kendar. Leggur hún til, að tekin verði með kensla í trúarbrögðum. Þykir henni það nokkuð óviðfeldið að fella slíka fræðslu alveg í burtu, en svo hafði verið í frv.

Í 3. brtt. leggur nefndin til, að felt verði úr 6. gr. ákv. um það, að ekki megi byrja nema á einu erlendu máli í hverjum bekk. N. er að vísu ekki mótfallin þessu, en hún telur, að slíkt eigi betur heima í reglugerð, er samin yrði. En í 6. gr. er annað ákvæði, sem nær yfir þetta, því þar er sagt, að þess skuli vandlega gætt, að ofþreyta ekki nemendur með náminu. Þetta á heima í lögunum sjálfum, en hitt sjerákvæðið á frekar heima í reglugerð, og á því byggist þessi till. okkar.

Fjórða brtt. er aðeins smábreyting í sambandi við það, að n. miðar að því yfir höfuð, með ýmsum brtt. sínum, að þrengja valdsvið svonefnds skólaráðs frá því, sem gert er ráð fyrir í frv.

Fimta brtt. n. er þess efnis, að breytt verði nokkuð ákvæðum 7. gr. frv. um prófdómendur, svo trygging sje jafnan fyrir, að fyllsta óhlutdrægni ríki við próf. Leggjum við því til, að við árspróf skuli kenslumálaráðuneytið jafnan skipa annan prófdómandann. — Sjötta brtt. er aðeins orðabreyting. Sama er að segja um 7. brtt. Hún er aðeins orðabreyting til leiðrjettingar.

Það sama má og segja um 8. brtt. við 12. gr. Hún er viðvíkjandi kröfum til inntökuprófs í landafræði. N. lítur svo á, að sú ítarlega upptalning eigi fremur heima í rgl. en í lögum, og vill því orða þennan lið styttra.

Þá kem jeg að 9. brtt. við 16. gr. Er hún um tölu hinna föstu kennara, og stendur í sambandi við rýmkvun þess að hafa aðeins 8 bekki, eins og jeg hefi áður minst á. N. leit svo á, að það gæti verið varhugavert að einskorða tölu fastra kennara við átta. Heldur vill hún láta stjórnina hafa heimild til þess að fjölga þeim upp í 10, að skólameistara meðtöldum. Þetta byggist og á því, að skifting skólans í 2 deildir útheimtir meiri sundurgreiningu á sjerþekkingu kenslukraftanna. N. tók þetta til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri örugt, að hægt væri að veita skólanum næga kenslukrafta með nægilegri sjerþekkingu, ef kennaratalan væri einskorðuð við átta.

Tíunda brtt. við 16. gr. þarf ekki skýringar við og ekki heldur 11. brtt. við 18. gr. nje 12. brtt. við sömu gr.

Þá er það 13. brtt. við 19. gr., um að greinin falli burtu. Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að skólameistari útnefni meðal kennara skólans forstöðumenn bekkja. Skulu þeir hafa nána viðkynningu við nemendur síns bekkjar og vera þeim til eftirlits og hjálpar. Skal sami forstöðumaðurinn fylgja hverjum bekk frá því að hann byrjar í skólanum og þar til er hann fer. Það eru nú talsvert skiftar skoðanir um það, meðal fróðra manna, hvort þessi tilhögun sje til bóta eða ekki. N. tekur enga afstöðu til þessa,

en lítur svo á, að ef rjett þætti að reyna þessa tilhögun, þá eigi að gera það með reglugerðarákvæði en ekki í lögum. En svo flytur n. aðra brtt. þess efnis, að ljóst sje, að kennara sje skylt að gera þetta, ef svo verður ákveðið í reglugerð.

Brtt. 14. er við 22. gr. og er um yfirstjórn skólans. Er þar haldið því ákvæði frv., að kenslumálaráðuneytið skuli hafa yfirstjórn skólans. En í frv. er jafnframt kveðið svo á, að ráðuneytinu til aðstoðar skuli vera 12 manna ráð, sem sje skipað af 4 aðilum, nefnilega: útskrifuðum stúdentum, bæjarstjórn Reykjavíkur, Alþingi og Háskólaráðinu. Auk þess á fræðslumálastjóri að vera sjálfkjörinn formaður. Í frv. er þessu skólaráði ætlað mjög víðtækt starfssvið. Samkv. 23. gr. frv. er kenslumálaráðuneytinu skylt að leita umsagnar þess um öll mál, er skólann varða, og undir ráðuneytið falla. N. finst þetta of þunglamaleg yfirstjórn, og heldur að hún muni ekki blessast, ef hún á að hafa svo víðtækt starfssvið sem henni er ætlað samkv. frv. Enda held jeg, að báðir skólameistararnir, bæði hjer og á Akureyri, sjeu þessu mótfallnir. Er það að vísu ekki undarlegt, því þetta felur í sjer allmikla takmörkun á valdi þeirra. N. vildi því ekki fara lengra en svo, að ákveðið væri í lögum, að skólaráð skyldi vera til, en taldi rjett að binda það ekki með lögum, hvernig í það skyldi kosið eða það skipað. Í sambandi við þetta hefir komið fram uppástunga frá núverandi fræðslumálastjóra um að hafa svokallaða skólanefnd. Sje það embættisleg nefnd þeirra, er standa nærri þessum málum, og á hún að hafa þrengra verksvið en skólaráðið. N. vildi hafa þetta ákvæði í 22. gr. svo að hvort heldur skólaráðið eða skólanefndin gæti komist að. Gerir hún þó ráð fyrir því í brtt. sinni, að hvort heldur, sem valið verður, þá geti það borið sama nafn og kallast skólaráð. En með því að n. telur það orka tvímælis, hvort bæjarstjórn Reykjavíkur væri skylt að kjósa menn í slíkt ráð, þá þótti n. nauðsynlegt að taka það upp í frv. hverjir aðiljar væru skyldir til þess að kjósa menn í skólaráðið, ef svo væri ákveðið í reglugerð skólans. Í 15. brtt. við 23. gr. er verksvið skólaráðsins þrengt frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Leggur n. til, að það verði aðallega til ráðuneytis um mál skólans.

16. brtt. við 25. gr. er að sumu leyti sú stórvægilegasta. Miðar hún að því, að gera ákvæði 25. gr. frv., um stofnun heimavista, skýrari og ákveðnari. Eins og þetta er orðað í frv. er gert ráð fyrir því, að heimavistum verði komið upp, en greinin felur hvorki í sjer heimild eða skyldu fyrir ríkisstjórnina að koma þeim upp. Brtt. okkar kveður skýrara á um þetta, því þar er svo ákveðið, að heimavistum skuli komið upp svo fljótt, sem ástæður ríkissjóðs leyfa. Við vildum þó ekki binda það í till. okkar, hvort sameiginlegt mötuneyti yrði í slíkri heimavist. Það er kostnaðaratriði, er við vildum láta stjórnina hafa frjálsar hendur um. Í brtt. okkar felst því aðeins heimild til þess að koma þar upp sameiginlegu mötuneyti.

Þá er loks 17. brtt. Eru þar talin upp nokkur þau atriði, sem nánar skal skipa fyrir um með reglugerð, t. d. skyldu kennara til þess að hafa

umsjón með nemendum, er n. lagði til að felt yrði úr frv. sjálfu.

Jeg hefi þá gert grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur við I. kafla frv., um Mentaskólann í Reykjavík. Áður en jeg skilst við þennan kafla, vil jeg geta þess, að það hefir sætt andmælum af hálfu skólameistara og kennara Mentaskólans að stytta námstímann niður í 4 ár. Hafa þeir farið fram á, að skólinn fengi að halda óskiftri undirbúningsdeild þessi 2 ár. N. lítur svo á þetta, að þar sem húsrúm skólans er svo takmarkað, þá sje ómögulegt að verða við þessu, þegar af þeirri ástæðu. En svo er og önnur ástæða, sem öll n. er sammála um að mæli gegn þessu. Við viljum nefnilega heldur taka sporið hreint og stytta skólatímann en halda þessu millispori með undirbúningsdeild. Okkur finst nokkur hætta á, að með slíkri tilhögun geti orsakast nokkurskonar tvískifting, þar sem helmingur nemendanna er búinn að sitja 2 ár í undirbúningsdeild skólans sjálfs, en hinn helmingurinn kemur fyrst í 1. bekk Mentaskólans. Sumir verða því heimamenn en aðrir aðkomumenn. Gæti þetta orðið í vegi fyrir fullkomlegu heilbrigðu skólalífi. Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að úr því kringumstæðurnar leyfa ekki að hafa óskiftan 6 ára skóla, þá vil jeg heldur stýfa neðan af en að hafa 2 neðri bekki fyrir helming þeirra, er ætla að halda áfram. Um þetta atriði eru nokkuð skiftar skoðanir, bæði hjá aðstandendum skólans og almenningi.

Þá kem jeg að gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Er 19. brtt. n. um inntökuskilyrði og er þess efnis, að heimilt sje að ákveða próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Er þetta sett til þess að fyrirbyggja, að nemendur, sem vegna gáfnaskorts, eða annars, hafa ekki náð viðunanlegri mentun við barnapróf, fái skilyrðislaust inntöku í skólann til þess að bæta úr þeim skorti, því það gæti orðið hinum nemendunum til mikils trafala. Við viljum því að auk barnaprófsins sje og próf í einstökum greinum, er tryggi það, að nemandinn hafi nægilega kunnáttu og þroska til þess að setjast í skólann. Yrði vitanlega aðallega heimtuð viss kunnátta í undirstöðugreinunum eins og t. d. lestri, skrift, móðurmálinu og reikningi. Þetta er að n. áliti nauðsynlegt til þess að tryggja það, að slíkir nemendur komist ekki inn í skólann og tefji starfsemi hans.

Brtt. 20 við 30. gr., er lítill viðauki til samræmingar og 21. brtt. er um það, að bætt verði við þýsku, sem námsgrein. Ætti hún þá að vera kend í 3. bekk eða framhaldsbekk skólans. Við teljum það alls ekkert varhugavert, heldur alveg sjálfsagt, að ákveðið verði svo um þetta í reglugerð, að nemendur geti verið undanþegnir þessari námsgrein, ef þeir óska þess. Getur þetta því ekki orðið til þess að þvinga menn á nokkurn óeðlilegan hátt til þess að leggja stund á þessa námsgrein. En það er af mörgum ástæðum æskilegt, að sem flestir kæmust nokkuð niður í þessu máli. Sjerstaklega er það gott vegna viðskiftalífsins og iðnaðarins að hafa nokkra undirstöðuþekkingu í þessu máli.

22. brtt. við 36. gr. er þess efnis, að skólaráðið skuli hafa nokkra íhlutun um ráðningu auka- og stundakennara.

Þá kemur 23. brtt. við 38. gr. Er þar farið fram á, að framlag ríkissjóðs verði hækkað úr 20 þús. upp í 30 þús. kr. á ári í 3 ár. Á að verja þessu fje til þess að koma upp skólahúsi. N. fanst, að hús, sem hægt væri að byggja fyrir þá upphæð er frv. gerir ráð fyrir, mundi ekki geta orðið fullnægjandi. Þá var og samkomulag um það, að breyta orðalaginu að því er snertir heita vatnið, því atriði, að bærinn sje skyldur til þess að leggja til vatn til hitunar endurgjaldslaust. Það er nú í ráði, að lögð verði hitaveita til bæjarins til þess að hita upp hinar opinberu byggingar í bænum og máske meiri hluta miðbæjarins. Mun það að vísu verða selt með vægu verði, en þó svo að hægt verði að fá upp í vexti og afborganir af þeim kostnaði er þetta hefir í för með sjer. Viljum við því með brtt. okkar tryggja skólanum sömu aðstöðu gagnvart hitaveitunni og aðrir kunna að hafa.

Svo er 24. brtt. við 39. gr. Hún er aðallega orðabreyting, sem er í því fólgin, að kveðið er skýrt á um það, að framlag úr bæjarsjóði til skólans er skilyrði þess, að ríkissjóður styrki hann. En að öðru leyti raskar brtt. ekkert hlutföllunum.

25. brtt. við 40. gr. er um skólagjöld og er það aðeins meiri hl. n., sem stendur að henni. Hv. þm. Ak. hefir, eins og sjest á nál., skrifað undir það með fyrirvara, og er hann aðallega fólginn í því, að hv. þm. er á móti öllum skólagjöldum.

N. athugaði, hvort rekstur skólans mundi vera fjárhagslega trygður með þeim framlögum, sem gert er ráð fyrir frá ríkinu og bænum, og bar það meðal annars undir forstöðumann unglingaskólans hjer. Niðurstaðan varð sú, að fjárhagsafkoman væri ekki trygð með því framlagi, sem gert er ráð fyrir í 39. gr. frv. N. vildi þá ekki skilja svo við frv., að vandræði gætu af þessu hlotist, og leggur því til, að það sje heimilt að hafa kenslugjöld, og fyrir utanbæjarnemendur alt að 60 kr. hærri en fyrir innanbæjarmenn, í stað þess að frv. vill alveg undanþiggja innanbæjarnemendur frá gjaldi. N. viðurkennir, að það sje rökrjett hugsun, þar sem bærinn á að leggja skólanum framlag, sem nemur 120 kr. á hvern nemanda, eða tvöfaldri þeirri upphæð, sem utanbæjarmenn gjalda. En eins og ástatt er um slíka kenslu, fanst n. ekki frágangssök, þó að gjald væri tekið af innanbæjarmönnum, það er að segja þeim, sem færir væru um að greiða það. Hingað til hefir ekki verið kostur á ókeypis kenslu hjer í bæ, hliðstæðri þessari. Um gagnfræðadeild Mentaskólans hefir farið dálítið öðruvísi en til var ætlast. En hjer eru margir skólar, sem veita ýmsa fræðslu sem framhald af barnaskólanáminu, og í þeim öllum eru greidd skólagjöld. N. hefði samt ekki stungið upp á þessu, ef hún hefði sjeð aðra leið tiltækilegri til að rýmka svo fjárreiður skólans, að hagur hans væri tryggur. Enda er það svo, að þeir sem eiga að greiða gjöldin, segja fljótlega til, ef þeim finst of hart að gengið.

Til þess að tryggja það, að fátækir nemendur verði ekki fyrir harðræði, vill n., að ekki færri en ¼ nemenda njóti ókeypis kenslu og að kenslugjald skuli ekki fara fram úr 90 kr. á hvern nemanda.

26. brtt. við 41. gr. er ekki annað en orðabreyting í samræmi við 24. gr.

27. brtt. er við 42. gr. og má frekar teljast orðabreyting en efnisbreyting. Jeg skal geta þess, að 28. brtt. við 41. gr. kemur á eftir 27. brtt., en á auðvitað að vera á undan.

Þá kem jeg að III. kafla frv., um gagnfræðaskólann á Akureyri. Þar er fyrst 29. brtt. við 46. gr., sem fer fram á, að niður falli það ákvæði, að eftir tvo vetur í mentadeild ljúki nemendur fyrri hluta stúdentsprófs, en eftir fjóra vetur lokaprófi stúdenta. Þetta stendur í sambandi við 31. brtt. við 49. gr., sem er orðuð til samræmis við tilsvarandi ákvæði um Mentaskólann og heimilar mönnum að ljúka námi í einstökum námsgreinum í öðrum og þriðja bekk mentadeildar. Eftir þessu er heimilt að skifta stúdentsprófi eins og segir í 46. gr. Næsta brtt. er við 47. gr. Í þeirri grein frv. er talið upp, hverjar námsgreinar skuli kendar í mentadeild, en brtt. fer fram á, að bætt verði þar inn Norðurlandamálum. Frv. gerir ekki ráð fyrir, að neitt af þeim verði kent, hvort sem það er af ógáti eða með vilja gert. Einnig gerir brtt. ráð fyrir, að trúarbrögð sjeu tekin upp sem námsgrein.

Jeg hefi áður gert grein fyrir 31. brtt. við 49. gr., en 32. brtt. við 50. gr. er þess efnis, að burtu falli ákvæði um það, hvernig telja skuli einkunnir. N. álitur, að nægilegt sje að ákveða slíkt með reglugerð. 33. brtt. við 51. gr. er í samræmi við þá takmörkun á verksviði skólaráðs, sem n. stingur upp á. 34. brtt. við 53. gr. er samhljóða áðurnefndri brtt. við 12. gr. 35. brtt. við 54. gr. fer fram á, að nema skuli úr lögum sjálft ákvæðið um forstöðumenn bekkja. Það finst n. eiga heima í reglugerð.

Frv. gerir þann mun á mentadeild á Akureyri og í Reykjavík, að skólaárið skuli vera einum mánuði styttra á Akureyri. Það er gert samkvæmt tillögum skólameistarans á Akureyri. N. hefir ekkert á móti þessu, en telur ekki rjett, að til lagabreytingar þurfi að koma, þótt óskað yrði seinna að hafa þetta á annan veg, og stingur því upp á, að heimilað verði með reglugerðarákvæði að breyta þeim tíma, þegar skólanum á að vera lokið. 37. brtt. þarfnast ekki skýringar. 38. brtt. er um skipun skólaráðs og er í samræmi við það, sem jeg hefi áður tekið fram um Reykjavíkurskólann, og sömuleiðis 39. brtt. 40. brtt. við 63. gr. er aðeins orðabreyting til leiðrjettingar. 41. brtt. við 65. gr. fer fram á að fyrirskipa inntökupróf í gagnfræðadeild Akureyrarskólans, og er flutt af n. eftir ósk skólameistara. Það er nokkurt ósamræmi, að hafa skyldu-inntökupróf á Akureyri, en aðeins heimild í Reykjavík, en það er ekki svo mikið, að vandkvæðum þurfi að valda.

42. brtt. fer fram á, að þýska verði kend í framhaldsbekk gagnfræðadeildar eins og í Reykjavík. 43. brtt. er orðabreyting til skýringar. 44. brtt. er við 70. gr. Í þeirri grein eru ákvæði um skiftingu kostnaðar við rekstur skólans, á milli þriggja aðilja, ríkissjóðs, Akureyrarbæjar og nemenda. Eftir ákvæðum frv. mætti líta svo á, að nemendur í 2. og 3. bekk hefðu mismunandi aðstöðu eftir því, hvort þeim er kent í núverandi skólahúsi eða þeirri viðbyggingu, sem þarf að koma, ef skólinn verður tvískiftur. En n. áleit ekki rjett gagnvart nemendum, að nokkur mismunur kæmi fram í

þessu efni. Hjer er eiginlega aðeins um orðabreytingu að ræða. Ef um nokkra efnisbreytingu er að ræða, er hún fólgin í því, að hafa samræmanleg ákvæði um skólagjöld án tillits til þess, hvort nemandi á sæti í þeim bekk, þar sem ríkissjóður telst kosta kensluna, eða hinum. Hinsvegar er haldið ákvæði um það, að ríkissjóður kosti kensluna í 2. og 3. bekk óskiftum, en um 1. bekk og skiftu bekkina gilda samskonar ákvæði og um fjárframlög til gagnfræðaskólans í Reykjavík. Um þetta fjalla 44. og 45. brtt. við 70. og 74. gr., en 46. brtt. er smávægileg orðabreyting, sem leiðir þar af. Sama er að segja um 47. brtt., um að 76. gr. falli burt. Hún byggist á því, að áður er búið í brtt. n. við 70. og 74. gr. að taka upp efni 76. gr.

Jeg er víst búinn að þreyta hv. d. um of með þessari óskemtilegu upptalningu á brtt. og get nú látið máli mínu lokið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg held að hv. frsm. hafi verið of yfirlætislaus, þegar hann settist niður. Jeg er viss um, að hv. d. hefir ekki þreyst á skýringum hans um þetta frv. og brtt. n. Jeg get lýst yfir því, að jeg álít meðferð hv. n. ekki eingöngu í alla staði vinsamlega við frv., heldur hafi hv. n. í mörgum efnum fært það til betri vegar, án þess að gera nokkra tilraun til að breyta megingrundvelli þess. En þó að jeg búist við að greiða atkvæði með brtt., er ekki þar með sagt, að jeg telji þar allar nauðsynlegar. Allir nefndarmenn hafa engu að síður unnið að því með mikilli kostgæfni að leysa þetta mál, og hið flókna samband á milli alþýðufræðslunnar í Reykjavík og á Akureyri. Jeg geri ráð fyrir, að sá þáttur frv., sem lýtur að alþýðufræðslu, muni á sínum tíma verða uppistaðan í því, sem gert verður í þeim efnum.

Jeg býst ekki við, þar sem orðið er svo áliðið þingtímans, að frv. þetta komist lengra en til Nd. Eins og tekið er fram í aths. við frv., urðu þeir skólamenn, sem fengnir voru til að undirbúa frv., nokkuð síðbúnir, svo að komið var langt fram á þing, þegar það hafði gengið í gegnum þann hreinsunareld, sem við þurfti. Jeg ætla ekki að fara út í minni háttar atriði, sem jeg er ekki alveg sammála hv. n. um, einkum þar sem fullvíst er, að frv. nær ekki fram að ganga í vetur. Þær umræður, sem nú verða um málið, lít jeg á eins og ljettir fyrir hv. d. fyrir næsta vetur.

Út af 1. brtt. hv. n. og annari verulegri brtt., sem hv. frsm. hefir lagt mikla áherslu á, um að skólinn í Reykjavík gæti orðið meira en tveir samstæðir bekkir, skal jeg geta þess, að það er mála sannast, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að samfærslan hjer ætti að vera meiri en svo, að ef tveir bekkir fyltust, annar af stærðfræðinemendum, en hinn af málanemendum, þá gæti skólinn tekið við því. Nú hefir hv. frsm. haldið því fram, að ekki hafi komið nema 8—15 stærðfræðideildarnemendur á ári. Það er því hugsanlegt, að skólinn hafi á hverju ári tvo fullskipaða bekki, en nemendur skifti sjer þannig, að stærðfræðideildarnemendur sjeu stundum sjer og stundum með máladeildarnemendum. Þetta leiðir auðvitað af sjer dálítinn kostnað fyrir ríkissjóð, borið saman við

það, ef eingöngu væri máladeild í skólanum, en skólinn og námið yrði fjölbreyttara, og það er ákaflega mikils virði. Jeg geri ráð fyrir, að með tíð og tíma muni verða reynt að hafa einhverja fjölbreytni á milli máladeildanna í Reykjavík og á Akureyri, svo að menn geti valið, í hvora deildina þeir vilja fara. En jeg ætla ekki að fara út í þá sálma að sinni.

Um heimavistir er kveðið nokkru harðara að orði í tillögum hv. n. en gert er í frv., en þó er svo í hóf stilt, að ríkinu er ekki skylt að leggja fje í slíka byggingu, nema víst sje, að fjárhagur leyfi. Þegar litið er til þess, að stúdentagarðurinn á að kosta 400 þús. krónur, og á þó ekki að vera fyrir nema 40 stúdenta, sjá menn, hversu dýrar slíkar byggingar eru. Þetta heimavistahús mundi að vísu verða haft töluvert ódýrara.

Af þeim breytingum, sem hv. n. hefir lagt til, að nokkru leyti í samráði við forstöðumenn þeirra skóla, sem við eigum nú, vil jeg einkum minnast á skólaráðið. Forstöðumennirnir eru óánægðir með, að skólaráðið geti blandað sjer í hinn daglega rekstur skólans, enda var það ekki tilætlunin. En þar sem hjer er um nýbreytni að ræða, finst mjer sú leið, sem hv. n. vill fara, mjög sanngjörn, nefnilega að prófa með reglugerðarákvæði, hvernig þetta gæfist, hvort það yrði til eflingar fyrir skólann eða ekki. Jeg vil í þessu sambandi benda á, að það er enginn vafi á því, að stofnendur Íslandsbanka hafa með bankaráðinu, sem altaf hefir haft fremur lítið að gera, hugsað sjer, að með því gætu þeir aflað bankanum vinsælda, enda hefir svo orðið. Jeg álít alveg eins gott að hafa þetta frjálsa fyrirkomulag á skólaráðinu, sem hv. n. stingur upp á, því að ef hugmyndin er rjett, getur hún eins vel notið sín í þessum búningi og þó að skólaráðið væri lögskipað.

Að því er inntökuskilyrðin snertir, þá held jeg að þetta sje til bóta frá því, sem er í frv., að minsta kosti á Akureyri. Það tryggir, að nemendurnir verði jafnari og þroskaðri, bæði úr hjeraðinu og bænum. Sjerstaklega má búast við óþroskuðum nemendum úr bænum, ef ekkert væri inntökupróf. — Jeg álít, að meðferð nefndarinnar á þessu frv. muni hafa mikil áhrif á framtíðarskipulag skólanna, þar sem fulltrúar frá öllum helstu stjórnmálaflokkum í landinu hafa orðið sammála um form þess, sem vænta má að búa megi að fyrst um sinn. Þó það verði ekki framkvæmt í ár, þá kemur það á næstu missirum, og mun gilda fyrst um sinn þangað til nýir menn og nýir flokkar taka við völdum.

Þegar þess er gætt, hvað þetta mál hefir verið mikið deilumál, og sjerstaklega minst togstreitunnar um kenslu forntungnanna í Mentaskólanum fyr og síðar, þá er það merkilegt atriði, að fulltrúar allra flokka í mentmn. skuli nú hafa lagt þessi deilumál til hliðar í þinginu, og gert sitt besta til þess að undirbúa þessi lög. Þetta er óvanaleg meðferð og vinnubrögð, þegar um jafn vandasamt og viðkvæmt mál er að ræða, eins og þetta.

Hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að þó að hv. Ed. verði sammála um flestar af þessum brtt. nefndarinnar og afgreiði frv. til Nd., þá verði þar staðar numið á þessu þingi, og málinu ekki

komið lengra í ár. En á næsta þingi liggur málið ljósara fyrir, vegna þess undirbúnings, sem nú hefir verið gerður. Það er líka ekki ósennilegt, að sá hluti þessa frv., sem snertir gagnfræðaskólann hjer í Reykjavík, geti komið inn í skipulag um skólakerfi fyrir kaupstaðina, og ákveðið að nokkru leyti þær byrjunarlínur, sem farið verður eftir um skipun þeirra skóla sem ákveðið verður á næsta ári.

ATKVGR.

Brtt. 539, 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 2 samþ. með 12 : 2 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 3 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 539, 4 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 539, 5 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 6 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 7 samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 8 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 9 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 539, 10 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 11 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 539, 12 samþ. með 10 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 539, 13 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 539, 14 (ný 22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 539, 15 (ný 23. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 16 samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 17 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 539, 19 (ný gr., verður 27. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
26.—28. gr. (verða 28.–30. gr.) samþ. með 13. shlj. atkv.
Brtt. 539, 19 samþ. með 13 shlj. atkv.
29. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 20 samþ. með 13 shlj. atkv.
30. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 21 samþ. með 12 shlj. atkv.
31. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
32.–35. gr. (verða 34.–37. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 22 samþ. með 13 shlj. atkv.
36. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
37. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 23 (ný 38. gr., verður 40. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 539, 24 (ný 39. gr., verður 41. gr.) samþ. með 9 : 4 atkv.

Brtt. 539, 25 (ný 40 gr., verður 42. gr.) samþ. með 9 : 1 atkv.
— 539, 26 samþ. með 9 : 1 atkv.
— 539, 28 samþ. með 10 shlj. atkv.
41. gr. (verður 43. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 539, 27 (ný 42. gr., verður 44. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
43.–45. gr. (verða 45.–47. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 29 samþ. með 8 shlj. atkv.
46. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 539, 30 a og b samþ. með 11 : 3 atkv.
47. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 12 : 1 atkv.
48. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 31 samþ. með 11 shlj. atkv.
49. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 32 samþ. með 11 shlj. atkv.
50. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 33 samþ. með 13 shlj. atkv.
51. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
52. gr. (verður 54. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 34 samþ. með 13 shlj. atkv.
53. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 35 samþ. með 13 shlj. atkv.
54. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 36 samþ. með 13 shlj. atkv.
55. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 37 samþ. með 13 shlj. atkv.
56. gr. (verður 58. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
57.–60. gr. (verða 59.–62. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 38 (ný 61. gr., verður 63. gr.) samþ. með 13 : 1 atkv.
— 539, 39 (ný 62. gr., verður 64. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 40 samþ. með 12 shlj. atkv.
63. gr. (verður 65. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
64. gr. (verður 66. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 41 samþ. með 13 shlj. atkv.
65. gr. (verður 67. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
66. gr. (verður 68. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 539, 42 samþ. með 12 shlj. atkv.
67. gr. (verður 69. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
68. gr. (verður 70. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 43 samþ. með 13 shlj. atkv.
69. gr. (verður 71. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 44 (ný 70 gr., verður 72. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
71.–73. gr. (verða 73.–75. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 45 samþ. með 13 shlj. atkv.
74. gr. (verður 76. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 539, 46 samþ. án atkvgr.
75. gr. (verður 77. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 539, 47 (76. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
77. gr. (verður 78. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 600, 620).

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi leyft mjer að bera fram örfáar brtt. við frv. á þskj. 620.

Eins og getið var um við 2. umr. um þetta mál, höfðu einstakir nefndarmenn í mentamálan. geymt sjer að bera fram brtt. um einstök atriði frv. til 3. umr., og kemur nú hjer fram það, sem mjer þótti helst ástæða til að bæta við till. n. þá.

Fyrsta brtt. er við 4. gr. og virðist mjer hún í eðlilegu samræmi við till. n. og vænti, að hún mæti ekki mótspyrnu.

Það má skilja frv. svo, að skylt sje að skiftingin í máladeild og stærðfræðideild nái til allra fjögra ársdeilda skólans, en mjer finst eðlilegra, enda býst jeg við að það verði ofan á, að a. m. k. fyrsta ársdeildin verði óskift. Mín brtt. miðar að því, að gera það frjálst.

Þá er 2. brtt. mín um það, að krefjast nokkurrar þýskukunnáttu við inntökupróf í Mentaskólann í Reykjavík, og er það í samræmi við ákvæði frv. um Akureyrarskólann. Að vísu er því haldið fram, að þar sem gert er ráð fyrir að skólaárið verði, a. m. k. fyrst um sinn, einum mánuði styttra í mentadeild skólans á Akureyri en í Reykjavík, þá verði að krefjast nokkuð meiri undirbúnings til inntöku í hana en mentaskóla Reykjavíkur.

Jeg held nú, að þetta muni ekki svo miklu, að ástæða sje til að gera slíkan mun á, úr því að þetta er heimtað á Akureyri, og sömuleiðis er ákveðið eftir frv., að þýska skuli vera skyldunámsgrein í efstu bekkjum gagnfræðaskólanna, sem líta má á sem undirbúningsskóla undir mentaskólana. Af kennara hálfu er líka alment haft á móti því, að byrjað sje á tveim útlendum tungum á sama vetri. Nú er vitanlegt, að í 1. bekk verður byrjað á latínunámi, og sje þýska ekki tekin í 1. bekk, verður hún ekki kend nema 3 vetur, og finst mjer, sem hafði þýsku 6 vetur í skóla, það nokkuð lítið.

Þetta er þó atriði, sem beint snertir kensluna, sem jeg auðvitað alls ekki er neinn sjerfræðingur í, en jeg vildi þó hreyfa þessu, til samræmis við ákvæði frv. um Akureyrarskólann.

Þá er 3. brtt. mín um að fella í burtu kenslu í „atvinnufræði". Jeg segi eins og er, að jeg veit ekki, hvað þetta er. Mjer er næst að halda, að þetta hafi komist óvart inn í frv. Í hinum nýrri skólum sumum er kend fjelagsfræði, hagfræði og því um líkt, og má vera, að eitthvað svipað sje átt við með þessu, en jeg, sem sagt, hefi ekki getað fundið þessari námsgrein neinn stað, og engar skýringar fengið á, hvað þetta væri.

Þá kem jeg að 4. brtt., um heitin á þessum tveimur prófum í gagnfræðaskólunum. Það kom fram í n., að hún var ekki allskostar ánægð með þetta, hvað nöfnin eru lík, enda er hætt við, að þeim yrði ruglað saman og jafnvel að minna prófið yrði uppnefnt manna á milli. Þess vegna hefi jeg lagt til, að þessu verði breytt á þann hátt, sem segir í brtt.

Þá er loks 5. og 6. brtt. á þskj. 620, og eru þær samstæðar, um stjórnarfyrirkomulag gagnfræðaskólanna. — Þessar brtt. fela í sjer, að gagnfræðaskólarnir verði settir undir sömu stjórn og barnaskólar í kaupstöðum

landsins. Það er einmitt eftir bendingum frá núverandi fræðslumálastjóra, að jeg hefi tekið þetta upp. Mjer virðist þetta tvent svo nátengt, að ekki sje ástæða til að hafa tvær skólanefndir á sama stað. Það ætti að geta orðið betra samræmi og skipulag á þessu, með því að fela sömu skólanefnd yfirstjórn hvorstveggja.

Í samræmi við þetta er hin brtt., um að lög um skipun og laun kennara verði einnig látin gilda um kennara við gagnfræðaskólana og sömuleiðis hliðstæð ákvæði fræðslulaganna.

Í rauninni hefði jeg helst viljað ganga nokkru lengra, að því er snertir skiftingu kostnaðarins við skólana, og færa frv. til samræmis við ákvæði fræðslulaganna um þetta. Ákvæði frv. um þetta eru dálítið óákveðin. Þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður launi tvo kennara auk framlags, sem miðast við nemendafjölda.

Mjer hefði þótt eðlilegra, að skifting kostnaðarins hefði verið gerð svipuð og við barnafræðsluna; nefnilega $^2/_5$ úr ríkissjóði á móti $^3/_5$ úr bæjar- eða sveitarsjóði, eða að bæjarsjóði hefði verið gert að greiða vissan hluta kostnaðarins gegn vissum hluta úr ríkissjóði. — Jeg hefi þó ekki sjeð ástæðu til að bera fram brtt. í þessa átt, en látið nægja að orða brtt. mínar um stjórn skólans eins og jeg hefi gert á þskj. 620. Jeg þykist líka vita, að ef tekin verður upp sú stefna, að skipa þessum skólum í fast kerfi, þá verði skifting kostnaðarins tekin til athugunar, og samræmi komið á í því efni, milli hliðstæðra skóla.

Þetta eru nú sem sagt aðeins fyrirkomulagsatriði, sem ekki raska neinu um grundvöll málsins.

Jeg hefi þó talið rjett, að koma fram með þessar till. mínar nú, enda þótt sýnilegt sje nú orðið, að málið muni ekki ganga fram á þessu þingi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð um brtt. hv. 3. landsk., enda þótt jeg því miður hafi ekki haft tíma til að athuga þær fyr en nú á fundinum. Jeg hefði helst viljað fara fram á, að málið yrði tekið af dagskrá, því að í svona vandasömu máli er ekki hægt að mynda sjer ákveðna skoðun svona í flýti. Jeg, sem sagt, hefi alls ekki sjeð brtt. fyr en nú, að jeg kom á fundinn. Um þessar brtt. virðist mjer þó yfirleitt mega segja það, eins og hv. flm. þeirra (JÞ) sagði, að þær gera ekki djúptækar breytingar á frv. og raska í engu grundvelli málsins. Um þýskukensluna t. d., er það að segja, að vegna þess að Akureyrarskólinn stendur nokkru skemur árlega, þótti sanngjarnt og eðlilegt að heimta nokkru meiri kunnáttu við inntöku en í Reykjavík.

Ein aðalástæðan til þess, að skólameistarinn á Akureyri hefir lagt á móti því, að skólinn væri lengdur, er fátækt nemenda. Hann telur, að þeir mundu fyrir það tapa of miklu af þeim tíma, sem þeir þurfa að nota sjer til bjargar.

Jeg hefi rekið mig á það í vor, að það er talsvert erfitt að koma því svo fyrir, að þessir fyrirhuguðu fjórir bekkir á Akureyri hætti 31. maí.

Það hefir verið gert ráð fyrir, að einn bekkur mentaskólans hjer fari með náttúrufræðiskennaranum og búi svo sem 10 daga í tjöldum úti í náttúrunni, við einskonar nám, og er tal-

ið æskilegt, að Akureyrarskólinn geti notið sömu hlunninda. En eins og nú er háttað, verður erfitt að koma þessu við, fyrstu dagana í júní, vegna þess að nemendur eru þá þegar dreifðir og margir farnir að leita sjer atvinnu.

Hv. þm. spurði, hvað mundi vera meint með orðinu „atvinnufræði". Jeg get svarað því með því að vitna í það, sem hv. þm. Vestm. lagði til í sínu frv. um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum, — að þar væri kent ýmislegt viðvíkjandi meðferð vjelbáta, — sem sagt gagnfræði, sem lyti að lífi manna þar í eyjunum. Þetta sýnir, að það eru allar líkur til, að kröfurnar úr bæjum og kauptúnum verði meira og meira í þá átt, að þessir skólar lagi sig eftir lífsskilyrðum á hverjum stað. Og jeg get sagt það, að fyrir mjer vakti það með þessu orði, að eins og það er nauðsynlegt álitið, að þeir, sem búa sig undir búskap, kynni sjer húsdýrafræði og jarðvegsfræði, og þann hluta náttúrunnar, sem veit að þeirra starfi, á sama hátt þurfi bæjarfólkið smátt og smátt að reyna að finna, hvaða þekking um atvinnuhætti því geti komið að haldi. Og þó að jeg með orðinu „atvinnufræði" ætti ekki við það sama og hv. þm. Vestm., tel jeg, að innan reglugerða skólanna væri hægt að koma fyrir gagnfræði um atvinnuhætti, eins og þeir blasa við á hverjum stað, þar sem skólarnir starfa.

Annars skoða jeg þetta sem aukaatriði, hvort orðið stendur eða verður felt úr, því að hjer er að ræða um mál, sem verður — eftir að því er lokið hjer í hv. deild, — tekið til nýrrar athugunar á næsta ári.

Aftur eru tvær brtt. frá hv. 3. landsk. (JÞ), sem jeg verð lauslega að athuga, því að jeg tel dálitlu máli skifta, að þær verði ekki samþ. athugasemdalaust. Hv. þm. sagði, að það væri dálitið óheppilegt að hafa tvö próf við sama skólann, sem heiti meira og minna próf, og hefir því stungið upp á, að aðalprófið, sem flestir mundu ljúka, hjeti ekki gagnfræðapróf, heldur ungmennapróf, og að yfirleitt væri þessi skóli skoðaður sem áframhald af barnaskóla. Þetta held jeg, að sje mjög óheppilegt. Hvernig sem á því stendur, lítur fólk svo á, að ungmennaskóli sje eitthvað lægra og ljettara en gagnfræðaskóli. Jeg hefi orðið víða var við, að fólk í kaupstöðum gerir svo mikinn mun á þessu, og finst, að „gagnfræðaskóli" sje eitthvað traustara nafn, en „ungmennaskóli" bæði ítilfjörlegt og merkingarlaust. Jeg vona, að hv. 3. landsk. sjái, að þetta er ekki alveg þýðingarlaust atriði. Ennfremur er það tekið fram, að menn geti ekki farið alveg hiklaust úr barnaskóla í þennan skóla, heldur yrðu að sýna einhvern vott um þekkingu og áhuga. Og þó að jeg sje samþykkur hv. frsm. n. um það, að líkur sjeu til, að t. d. hjer í Reykjavík yrði meginþorri af nemendum þessa skóla ungir menn og ungar stúlkur, þá er engan veginn útilokað, að alveg fullorðnir menn gætu stundað þar nám. Vel getur verið, að hálfþrítugir menn, sem flyttust hingað til bæjarins, en hefðu ekki, fyrir fátæktar sakir, átt kost á að læra fyr, færu í skólann og tækju próf eftir tvo vetur. Mundi það þá þykja hlægilegt, að slíkir menn væru að taka „ungmennapróf".

Alþingi hefir nú fallist á að lögfesta orðið hjeraðsskóli um ungmennaskóla sveitanna, en aðalkosturinn við þetta

orð „hjeraðsskóli“ er, að það er svo hlutlaust, hvorki lofar eða lastar. Menn hafa áður reynt ýms nöfn, lýðháskóla, alþýðuskóla og ungmennaskóla, en það var eitthvað að öllum þessum nöfnum, og þau reyndust ekki viðfeldin. Og það, sem jeg óttast, ef þessi till. verður samþ. endanlega, er það, að þessir skólar mundu setja niður við það. Menn gera mun á, hvort skólinn er áframhald af barnaskóla eða sjálfstæður, og gera til muna hærri kröfur til hans. Í þessu liggur dálítill skoðanamunur milli mín og hv. þm. Jeg vil, að gagnfræðaskólar í kaupstöðum sjeu taldir sjálfstæðir og ekki í sjerstaklega nánu sambandi við síðasta bekk barnaskólans. Að því leyti er jeg þakklátur n., þar sem hún gerði brtt. í þá átt, að gera skólann sjálfstæðari. Sú till., að skólinn sje áframhald af barnaskóla, er heldur ekki komin frá hv. þm. sjálfum, heldur frá einum af skólamönnum landsins, sem áður hafði lýðháskóla.

Því getur verið svo varið um marga, að þeir þurfi ekki námsins vegna að keppast eftir að taka síðasta bekk, ef þeir ætla að fara að snúa sjer að verklegu námi. Jeg tel það þá mjög illa farið, að gera litið úr þeim fyrri bekkjum. Það verður að telja þá skoðun óheppilega, sem ríkir hjer í Reykjavík, að menn skoða neðri bekki mentaskólans sem inngang í efri bekkina, svo að allir eigi að reyna að brjótast inn í þá.

Í framhaldi þess, sem jeg sagði um nauðsyn þess, að hafa nám í samræmi við kringumstæður, vil jeg minnast á það, sem Halldór Vilhjálmsson á Hvanneyri hefir sagt mjer um viðhorf þessara nýju skóla í sveitum og áhrif þeirra á bændaskólana. Af því að bændaskólinn varð að taka við fólki með litla almenna mentun, meðan hana var erfitt að fá í landinu, urðu bændaskólarnir að hafa kensluna töluvert almenns eðlis og að sama skapi minna af eiginlegri búnaðarkenslu. En þegar hjeraðsskólum fjölgaði, varð afleiðingin sú, að bændaskólarnir eru að verða hálf-tómir. Fólkið fer í hina, sem ekki veita sjermentun.

Nú álítur skólastjórinn á Hvanneyri — og jeg býst við, að það sje skoðun margra hygginna manna, — að hjer þurfi að verða breyting, helst að búnaðarskólar geri almennar þekkingarkröfur, t. d. eins vetrar nám á hjeraðsskóla eða gagnfræðaskóla, þannig að nemendur kunni nokkurn veginn að skrifa móðurmál sitt, einfaldan reikning og þess háttar, en búnaðarskólarnir hafi nær eingöngu búfræðikenslu.

Það verður e. t. v. sagt, að þetta komi ekki mikið kaupstöðum við. En þar horfir þó svipað við, því að í kaupstöðunum þurfa menn líka að búa sig undir lífið á sinn sjerstaka hátt. Og jeg hygg, að mjög margir þeirra vilji fara að búa sig undir lífið með sjerfræðinámi, hliðstætt því, sem menn gera á Hvanneyri. Og þá er um að gera, að mönnum finnist ekki, að það sje eitthvað óeðlilegt eða lítið í því, sem þeir hafa lært. Og þess vegna vildi jeg óska, að hv. 3. landsk. hjeldi ekki sinni till. til streitu. Því jeg hygg, að jeg hafi fært rök að því, að þótt hún sje ekki nema orðabreyting, sje hún heldur til skaða. Allir flokkar í Ed. komu sjer í fyrra saman um það, að alþýðuskólinn hjer í Reykjavík ætti að heita gagnfræðaskóli. En svo var

í Nd. fundið upp þetta nafn: „bráðabirgða-ungmennafræðsla". Menn segja — sem rjett er: — þetta er ekkert nafn, og það bætir ekki fyrir neinum skóla að vera nafnlaus. En þar sem hv. 3. landsk. (JÞ) hefir unnið þessu máli með það eitt fyrir augum, að leysa það sem best, þá vona jeg, að hann láti þarna sína skoðun ráða, heldur en till. þeirra manna, sem hafa sýnt skeytingarleysi í sínum till.

Jeg ætla ekki að fjölyrða að sinni um breytingu á skólanefnd, en segja það aðeins, að jeg álít, að öll sömu rök hnígi að því, að sjerstök skólanefnd sje fyrir gagnfræðaskóla, eins og hnigu að því, að hafa ekki nafnið „ungmennaskóli". Þessir skólar ættu algerlega að vera aðskildir, og ekkert samband á milli. Og það mundi bersýnilega gera skólunum skaða, ef menn hjeldu, að þeir væru áframhald af barnaskóla. Það er fjarstæða, sem má ekki halda við, því að ef það væri gert, mundi lífið sprengja af sjer þennan óeðlilega fjötur.

Jeg býst ekki við, að segja meira um þetta mál að sinni. Jeg býst við, að þegar hv. frsm. og aðrir hafa tekið til máls, verði málið tekið út af dagskrá til morgundagsins, og verði þá lokaumræða um það.

Um frestað.

Á 70. fundi í Ed., 15. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 600, 620).

Jón Jónsson: Þetta mál hefir verið lengi hjá okkur í n., enda er það eitt af stærri málum þingsins. N. var ljóst, að ekki væri nema heppilegt, að mál þetta væri athugað lengi og vel, jafnvel þó að það yrði til þess, að því yrði ekki lokið á þessu þingi. Jeg býst við, að menn gangi þess ekki duldir, að hjer er um mikla nauðsyn að ræða, þar sem engin lög hafa verið til um hvorugan mentaskólann, heldur bara tilskipun. Undanfarin ár hefir staðið deila um skólamálin, einkum um það, hvort mentaskólinn ætti að vera tvískiftur, eins og hann hefir verið síðan laust eftir aldamótin, eða ekki. Jeg hefi mikla tilhneigingu til að fylgja þeim mönnum, sem vilja hafa skólann tvískiftan, og jeg hefi altaf verið á móti því, að leggja mikla rækt við latínuna. En við nánari athugun hefir vaknað hjá mjer sú spurning, hvort gagnfræðadeildin, eins og hún er orðin, næði sínum upphaflega tilgangi. Hún átti ekki aðeins að vera fyrir þá, sem halda áfram námi, heldur og fyrir alþýðu manna. Einn af kostum þess fyrirkomulags var sá, að saman yrðu bæði þeir, sem ætluðu sjer að verða lærðir menn og embættismenn, og svo alþýða manna af öllum stjettum. Með þessu var talið líklegt, að skapaðist meiri samúð á milli stjettanna. En nú er svo komið, að straumurinn rennur því sem næst óbrotinn upp í lærdómsdeildina, svo að mentaskólinn er eiginlega bara skóli fyrir þá, sem halda áfram námi. Þar með er komið í ljós, að gagnfræðadeildin nær ekki sínum upphaflega tilgangi.

Það eru skiftar skoðanir um það, hvort skólinn skuli halda áfram að vera 6 ára skóli tvískiftur, í 2 og 4 ár. Flestir kennarar halda fram, að þetta sje æskilegt. En mjer finst það alveg rjett hjá hæstv. dómsmrh., að á því sje ekki brýn þörf, af því þörfin er annarsstaðar. Þess vegna hefi jeg hneigst að því, að óhætt mundi

vera að taka tvo bekki af mentaskólanum hjerna, enda hlýtur það að vera sparnaður fyrir ríkissjóð.

Einn stór kostur við frv. er sá, að mönnum er greiðlega hleypt að utan af landi. Eftir frv. geta þeir gengið inn í hvaða bekk, sem vera skal. Reynslan hefir orðið sú, að það hafa aðallega verið menn úr Reykjavík og nágrenni hennar, sem komið hafa í skólann. Ef jeg byggist við, að frv. næði fram að ganga nú, hefði jeg mikla tilhneigingu til að bera fram brtt., til þess að tryggja utanbæjarmenn enn frekar. Eins og nú er komið, er ekki mikið mist, þó að gagnfræðadeildin falli niður, ef lærdómsdeildin er efld.

Hins vegar er mjer sárara um Akureyrarskólann. Hann hefir haft hina mestu þýðingu fyrir Norður- og Austurland, og til dæmis hafa bestu menn af bændastjett sótt þangað mentun sína og menning. Hann hefir því meira svarað til takmarksins en gagnfræðadeildin hjer. Meðan Akureyrarskólinn vex ekki meira en orðið er, stendur hann betur að vígi með að vera reglulegur gagnfræðaskóli. Hann hefir auk þess mikið og gott húsnæði.

Enda þótt jeg telji frv. yfirleitt gott og fylgi því, eru þó í því ýms atriði, sem jeg hefði kosið á annan veg. Einkum finst mjer vafasamt, hvaða gagn skólaráðið mundi gera. Það er ef til vill gott til að slá einskonar skjaldborg um skólann, en jeg er alveg á móti því, að það skifti sjer af hinni daglegu starfsemi skólans. Um það verða skólastjórar að vera sjálfráðir.

Aftur á móti er það mikilsverð umbót, að taka upp inntökupróf við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. fari lengra en úr þessi hv. d. Mál þetta verður því aftur tekið til umræðu á næsta þingi, en þá fyndist mjer eðlilegra, að ekki væri alt í einu frv., heldur væri frv. þrjú. Jeg sje ekki, að gagnfræðaskóli hjer í Reykjavík standi í svo nánu sambandi við mentaskólann, að ástæða sje til að hafa sömu lögin um þá báða. Jeg, sem sagt, teldi miklu heppilegra, þegar málið kemur fram aftur, að það yrði í fleiri frv. Nefndin sá þó ekki ástæðu til að flytja brtt. um þetta, með því að tíminn var takmarkaður og áliðið þingtímans.

Þá hafa komið fram brtt. frá einum nefndarmanni, hv. 3. landsk. (JÞ), sem hann flytur frá eigin brjósti. Frá mínu sjónarmiði get jeg sagt það, að jeg býst ekki við, að bein ástæða sje til að samþykkja þessar till. Málið verður ekki afgreitt á þessu þingi, og skiftir því litlu máli um einstök atriði, en auk þess tel jeg vafasama bót að þessum breytingum, sem hv. þm. (JÞ) fer fram á. Þó get jeg sagt það um 1. brtt., að ef nú væri verið að afgreiða málið, þá teldi jeg rjett að samþykkja hana. Um annað atriðið, að bæta við inntökuskilyrði hjer, vissu námi í þýsku, er nokkuð öðru máli að gegna. Jeg geri ráð fyrir, að þetta eigi að vera til samræmis við Akureyrarskólann, sem er styttri og er því eðlilegt að þurfi nokkru fyllri undirbúning. Jeg held, að ekki sje bein ástæða til að samþ. þetta, með tilliti til hinna fjögra löngu námsára hjer.

Þriðja brtt. held jeg skifti litlu máli og liggur mjer í ljettu rúmi, hvort hún er samþykt eða ekki.

Að því er snertir 4. brtt. get jeg fallist á, að nöfnin á gagnfræðapróf-

unum sjeu ekki heppileg. Um þetta var talað í nefndinni, en við fundum ekkert nafn, sem við vorum ánægðir með. Jeg held, að rjettast væri að láta þetta atriði bíða næsta þings og hugsa um það þangað til. Sama er að segja um 5. og 6. brtt. Jeg sje ekki ástæðu til annars en að greiða atkvæði gegn þeim nú, og láta þessi atriði verða umhugsunarefni til næsta þings.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi orðið fyrir því óhappi að glata hjer í skjalahrúgunni því, sem jeg hafði ritað upp eftir hæstv. dómsmrh. Um fyrstu brtt. mína viðurkendi hann, að í henni væri fólgin sjálfsögð skýring. Fyrir 2. brtt. minni færði jeg þrjár ástæður. Hv. 6. landsk. (JónJ) tók eina þeirra til athugunar og vildi ekki fallast á hana. **(JónJ:** Þetta er nú svona). Já, það er rjett, og það slarkast af vegna þess, að skólinn hefir sem stendur alveg óvenjulega duglegum kennara á að skipa í þessari námsgrein. — Eins og inntökuprófið á Akureyri felur í sjer kröfur um almenna mentun, þá er það ekki nema alveg eðlilegt, að krafist sje einhverrar kunnáttu í þýsku. Hún er ein af þeim námsgreinum, sem tilheyra hinni almennu mentun. Það er því eðlilegra, að krafist sje einhverrar kunnáttu í þýsku til inntökuprófs í mentaskóla, þar sem þýska er skyldunámsgrein í efsta bekk gagnfræðaskólanna.

Þriðju brtt. minni, um „atvinnufræði' hafði hæstv. dómsmrh. ekki verulega á móti, en skýrði hvað hann meinti með orðinu. En það, sem hann meinti, kemur undir annan lið frv., sem sje „hagnýt vinnubrögð", og tel jeg alveg eðlilegt, að kensla í þeim fari fram bæði bókleg og verkleg, í hverjum bæ, eftir því, sem við á.

Þá eru nöfnin á prófunum. Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg er alls ekki fyllilega ánægður með nafnið „ungmennapróf". Aftur á móti held jeg fast við það, að nefndin var ekki ánægð með að kalla þau gagnfræðapróf og gagnfræðapróf hið meira. Enda er nú þetta strax farið að aflagast í munni hv. þm. Hv. 6. landsk. var að tala um gagnfræðapróf hið meira og hið minna. Jeg skal nú sætta mig við að taka þessa 1. brtt. aftur til næsta þings.

Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um hjeraðsskólana, skal jeg taka það fram, að nafnið er gott, hlutlaust og yfirlætislaust, og eins og talað er um hjeraðsskóla, mætti eins tala um bæjarskóla, — og mætti þá hugsa sjer að kalla próf frá hjeraðskólum hjeraðsskólapróf, og til samræmis mætti láta sjer detta í hug orðið bæjarskólapróf, — eftir tveggja ára nám.

5. og 6. brtt. mínar gerði hæstv. dómsmrh. að umtalsefni, og get jeg ekki fallist á ástæður hans gegn þeim. Virðist mjer hann leggja of mikið upp úr, að skólanefndirnar sjeu mótaðar af því, að þær hafa hingað til aðeins haft barnafræðsluna með höndum. Jeg held, að það væri rjettara að hafa eina skólanefnd í hverjum kaupstað, sem hefði bæði stjórn ungmennaskólanna og barnafræðsluna með höndum.

Jeg held einmitt, að það yrði mjög gagnlegt fyrir skólamálin í heild sinni, að hver skólanefnd hefði þannig starfsvið, að ekkert í því efni væri undanskilið valdi eða viðhorfi hennar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg skal

ekki lengja umr. mjög, enda er ekki ástæða til þess, þar sem málið mun nú ekki komast lengra á þessu þingi en það kemst að lokinni þessari umr. Hv. 6. landsk. tók í raun og veru fram flest það, sem jeg vildi segja um brtt. hv. 3. landsk. (JÞ). Það er eiginlega aðeins fyrsta brtt., sem jeg er sannfærður um að sje til bóta. Það má vera, að hinar sjeu það að sumu leyti líka, en jeg er enn ekki sannfærður um það.

Um nafnið get jeg sagt það, að það hefir ekki tekist enn, þrátt fyrir mikla leit víðsvegar á landinu, að finna annað betra nafn en „gagnfræðaskóli". Gagnfræðaskólarnir eru nú þriggja bekkja skólar, og hafa orðið sjerstaklega undirbúningsskólar undir mentaskólana, og það hefir komist inn í vitund manna alment, að það ættu gagnfræðaskólar að vera. En upphaflega hafa þessir skólar, t. d. Flensborg, sem fyrst var tveggja bekkja skóli og síðar bætti við sig þriðja bekknum, verið almennir undirbúningsskólar undir lífið, án tillits til sjerstaks framhaldsnáms.

Jeg sje ekki að ástæða sje til að vera óánægður með nöfnin á þessum prófum.

Um skólanefndirnar er jeg á sömu skoðun og áður, að rjettara sje að hafa sjerstaka skólanefnd fyrir þessa skóla. Hjer er um talsverðan mun að ræða, á þessum skólum og barnafræðslunni. Hjer koma til greina að ýmsu leyti önnur viðfangsefni, öðruvísi mentaðir kennarar o. s. frv. Þar sem ætlast er til, að nefndirnar vinni kauplaust, er heldur ekki um neitt fjárhagsatriði að ræða.

Alþt. 1929, C. (41. löggjafarþing).

Jeg er hv. 6. landsk. sammála um það, hver sem undirbýr þetta mál undir næsta þing, að rjettast sje að skifta frv.

Nú hefir þessi hv. deild slegið föstum vissum línum í þessu máli, og er því hjer eftir hægra að vinna að því á þann hátt, sem vakir fyrir hv. 3. landsk. o. fl.

ATKVGR.

Brtt. 620, 1, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 620, 2, feld með 7 : 6 atkv.
— 620, 3, feld með 7 : 7 atkv.
— 620, 4, tekin aftur.
— 620, 5, feld með 7 : 7 atkv.
— 620, 6, feld með 7 : 6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 656), en var aldrei tekið á dagskrá.

48. Fasteignaskattur til Eskifjarðarhrepps.

Á 32. fundi í Ed., 26. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og fasteignum í Eskifjarðarhreppi (þmfrv. A. 212).

Á 34. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 7 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Eins og hin stutta grg. frv. ber með sjer, er það flutt samkv. beiðni viðkomandi hreppsnefndar. En vegna þess, að mjer bárust svo seint tilmæli um að bera þetta frv. fram, og þá aðeins símleiðis, hefir mjer ekki unnist tími til að fá nægileg gögn, sem byggja mætti á ítarlega grg. Taldi jeg þó rjett að flytja frv., í þeirri von, að takast mætti að afla allra nauðsynlegra upplýsinga á meðan málið væri hjá nefnd. Vænti jeg því, að hv. deild geti fallist á að lofa frv. að komast til nefndar. Þykist jeg aftur á móti geta lofað því, að það skuli ekki líða á löngu, að frekari og fullnægjandi rök verði færð fyrir málinu. Sje jeg enga ástæðu til, þó að hjer sje um nýbreytni að ræða, að fella frv. frá 2. umr.

Af þessum ástæðum hirði jeg ekki um að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Sala á landi Hvanneyrar í Siglufirði.

Á 37. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar (þmfrv. A. 269).

Á 39. og 40. fundi í Ed., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorláksson): Að því er snertir ástæður fyrir þessu frv. get jeg látið mjer nægja að vísa til grg. frv. og svo þess, sem fram kom í þessari hv. deild við umr. um samskonar heimild til að selja Neskaupstað hluta af landi prestssetursins þar. Óska jeg þess aðeins, að frv. fái að ganga til 2. umr., og því verði að umr. lokinni vísað til allshh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 375).

Jón Baldvinsson: Vegna fjarveru hv. frsm. (IP) vildi jeg fylgja frv. úr hlaði með fáum orðum.

N. hefir lagt til, að frv. yrði samþ. Mál þetta var talsvert rætt hjer í deildinni, í sambandi við sölu á landsspildum til Neskaupstaðar, og þarf því ekki að bæta miklu þar við. Þó er rjett að geta þess, að brtt. sú, er hv. flm. flutti við það frv., er ekki að öllu samhljóða frv. nú. Þar var heimilað að selja jörðina skilmálalaust, nema að undan var skilið lóðarspildur undir opinberar byggingar. En nú á salan ekki að koma til framkvæmda, fyr en jörðin losnar næst úr ábúð.

Jeg get endurtekið það, er jeg sagði er þetta mál var rætt hjer áður, að jeg tel ástæður nú svo breyttar á Siglufirði frá 1921, að jeg tel óhætt að selja bænum þetta. Hugur manna til sölu lóða er nú annar þar í bæ en þá var. Þá mátti búist við, að lóðirnar yrðu jafnóðum seldar. Nú er svo komið, að meiri hluti bæjarstjórnar mun tryggja það, að landið verði ekki látið úr eign kaupstaðarins, hvorki selt eða leigt með þeim kjörum að sölu gengur næst.

Sala Hvanneyrar mun heyra undir dómsmrh. Nú vil jeg spyrja hann, hvort hann vilji ekki setja Siglufirði svipuð skilyrði, er salan fer fram, og Akranesi voru sett í fyrra, er það keypti Garða, þau skilyrði, að landið verði ekki látið aftur úr eign kaupstaðarins. Þegar landið lætur af hendi sínar dýrmætustu eignir, þá ríður á að tryggja það, að þær falli ekki í hendur bröskurum. Nú er það svo, að sögn, að menn fá útmældar lóðir hjá prestinum á Siglufirði, fyrir hlægilegt árgjald, og selja svo aftur afnotarjettinn fyrir tugi þúsunda. Nýlega var mjer sögð sú saga, að maður nokkur hefði fengið sjer spildu útmælda, fyrir 50 kr. árgjald, en afnotarjettinn seldi hann síðan fyrir 14 þús. kr. Er hann hafði það gert, gekk hann til prests og fjekk sjer aðra spildu útmælda og leigða til 50 ára, fyrir lágt árgjald.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af fyrirspurn hv. 4. landsk. skal jeg segja það eitt, að jeg er algerlega á móti því að selja landið. Ef frv. verður samþ., þá getur annað komið til greina. Salan getur dregist um stund, þar sem ætlast er til að hún fari ekki fram fyr en ábúendaskifti verða. Það er því engin trygging fyrir hv. þm. hvaða svör jeg veiti fyrirspurn hans, því það geta alt eins orðið aðrir, er um söluna fjalla. En verði frv. samþ. og fari salan fram í minni tíð, þá mun jeg ekki setja kaupstaðnum minni skilyrði en Akranesi voru sett, er það keypti Garða.

En frv. er ekki vel undirbúið. Það er ekki flutt að beiðni kaupstaðarins. Og þar sem hjer er um mikilsverða sölu að ræða, þá þyrfti að ganga betur frá. T. d. er ekkert tekið fram um það í frv., hvort ríkið beri ábyrgð á sjóvarnargarði þeim, er það hefir reist þar, eða hvort viðhaldið fellur á kaupstaðinn.

Jón Þorláksson: Jeg get þakkað hv. n. fyrir undirtektir hennar, en síður hæstv. dómsmrh., er vill láta fella frv. án þess að færa aðrar ástæður fyrir því en þær, að það gæti verið ýmislegt, er þörf væri að taka fram um söluna, og ekki stæði í frv. Jeg hefi fylgt þeirri venju í frv., er ríkt hefir hjer um þessi mál.

Jeg vil sjerstaklega taka það fram, viðvíkjandi sjóvarnargarði á Siglufirði, að það hefir jafnan verið fært fram sem höfuð rök fyrir framlagi ríkissjóðs, að hann ætti landið, en það fellur auðvitað burt, þegar landið er selt. Þá verður bærinn auðvitað að eiga það undir fjárveitingarvaldinu, hvort nokkuð skuli til þessa verks lagt eða ekki. Þessi mótbára hæstv. dómsmrh. er því ekki á rökum bygð. Hv. frsm. tók það rjettilega fram, að jeg breytti ofurlítið ákvæðum í frv., frá því, sem brtt. mín var við frv. um sölu á Neslandi. Sú brtt. var sniðin eftir

því frv., en við nánari athugun fanst mjer rjett að hafa þetta með ofurlitið öðru móti, sjerstaklega að undanskilja lönd til opinberra bygginga, þar sem skipulagsnefnd er að undirbúa uppdrættina. Jeg álít ennfremur, að salan geti orðið vafningssöm, ef þess er gætt, að prestssetrið er í ábúð, og þegar menn taka tillit til þess, að núv. ábúandi er 67 ára gamall, þá ætti salan að geta miðast við ábúandaskifti.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JKr, PH, BKr, EÁ, EF, HSteins, IHB, JóhJóh, JBald, JÞ.

nei: JónJ, JónasJ, GÓ.

Einn þm. (IP) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 269, 427).

Jón Jónsson: Ásamt tveim öðrum hv. þm. hefi jeg leyft mjer að flytja brtt. við þetta frv. Eru þær fljót-skýrðar, svo að jeg get verið stuttorður.

Þetta mál hefir áður legið fyrir þinginu, og voru þá skiftar skoðanir um, hvort rjett væri að selja þessa eyri, sem Siglufjarðarkaupstaður stendur á. Þótti ýmsum það viðurhlutamikið, að kasta þessari dýrmætu eign frá ríkinu og tvímælis orka, hvort hún mundi nógu hátt metin, ef seld yrði, með því að verðmæti hennar eykst, eftir því sem bygðin verður meiri og meira líf færist í þá atvinnugrein, sem íbúarnir þar stunda. Okkur fanst tæplega rjett, að kasta þessari dýrmætu eign frá sjer, — nóg er samt búið að gera áður í þá átt, — og því gerum við það að brtt. okkar, að kaupstaðarlóðin verði undanskilin við þessa sölu. Hinsvegar fær bærinn allmikið undirlendi með þessu móti, auk hjáleigunnar Leynings, frammi í firðinum, sem hann fjekk fyrir fáum árum. Okkur fanst of viðurhlutamikið að selja eignina alla, enda væri með því gefið fordæmi um að selja aðrar verðmætar eignir ríkisins, án þess að skilja nokkuð eftir.

Hin brtt. okkar er í tveim liðum. Sá fyrri, um að óheimila bæjarstjórninni að selja þessa eign eða leigja, nema til ákveðins tíma, og sá síðari um, að reglur um leigu á landi bæjarins sjeu staðfestar af atvmrh. Vona jeg ,að allir geti fallist á, að þessar till. sjeu sjálfsagðar. Það er með öllu óviðeigandi að fleygja svona verðmætri eign frá sjer, upp á þau býti, að eignin verði síðar seld einstökum mönnum og almenningi þannig gert verra fyrir um not af henni. Er því sjálfsagt, að setja reglur um notkun landsins, ef það verður selt. Er þetta í samræmi við till., sem hv. þm. Borgf. (PO) flutti á þinginu 1921, og gerði þá glögga grein fyrir. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

Jón Þorláksson: Jeg get ekki fallist á þessar brtt. á þskj. 427 nje heldur ástæður hv. flm. fyrir þeim, því að með þessu móti má segja, að Siglufjarðarkaupstaður hafi ekkert gagn af þessari sölu. Auðvitað má segja, að

hjer sje um verðmæta eign að ræða, en stj. hefir frjálsar hendur um að gæta hagsmuna ríkisins gagnvart bæjarfjelaginu, að svo miklu leyti, sem henni rjett þykir. En það stendur svo á um slík verðmæti, eins og land undir kaupstöðum, að þau byggjast eingöngu á atorku og atvinnu íbúanna, sem á staðnum eru, og jeg álít, að engir sjeu betur að þessum verðmætum komnir en sjálfir íbúarnir, og eigi þeir því að fá að njóta þeirra um fram aðra. Jeg tel því rjett, að bæjarfjelagið fái þessa eign keypta við sanngjörnu verði og kjörum. Annars hefði mátt færa sömu ástæður gegn því að selja Nes í Norðfirði, en deildin fjelst nú á, að salan væri rjett í því tilfelli. Jeg var því samþykkur, en álít, að þetta sje rjett í þessu tilfelli líka. Mjer finst einnig, þar sem þessi eign er ekki mikið verðmæti fyrir ríkissjóð, og verður það líklega aldrei, meðal annars vegna þess, að afgjöld af henni ganga til prestsins, að ekki sje rjett eða sanngjarnt að láta íbúana með skattalögum borga til ríkissjóðs af verðmæti, sem þeir hafa sjálfir skapað ríkissjóði eða eigandanum til handa. Annars er það um Hvanneyri, eða Siglufjarðareyri, að segja, að þetta land liggur svo lágt, að viðhald þessir leiðir af sjer nokkra kvöð fyrir landeiganda, svo að það er síður en svo, að ríkissjóður hafi hagnað af þessari eign.

Hvað það snertir, að setja kvaðir á sveitarfjelagið, ef það kaupir þetta land af ríkissjóði, fæ jeg ekki sjeð, að rjettmætt sje, heldur að um það eigi að gilda sömu reglur og í l. eru um lóðaeignir bæja- og sveitarfjelaga. Mjer finst það því mjög óeðlilegt að setja sjerskilyrði fyrir þessari sölu. Það er engin hætta á því, að kaupstaðurinn fari að selja þessi lönd úr hendi sjer eða nota þau á annan hátt en tilgangurinn er, sem er sá, að nota þau sem stað fyrir atvinnurekstur og bústaði bæjarbúa.

Vona jeg því, að frv. mitt verði samþ. óbreytt.

Jón Jónsson: Hv. flm. gat ekki fallist á till. okkar, eins og vænta mátti, en hann gat þó ekki borið á móti því, að hjer væri um verðmæta eign að ræða, en hann heldur því fram, að íbúarnir eigi að fá að njóta þess, vegna þess að eignin hafi orðið verðmæt fyrir þeirra tilverknað. Jeg verð nú að leyfa mjer að álita það, að þetta sje ekki íbúunum einum að þakka, heldur sje það meira að þakka gæðum landsins og svo því, hve þarna er góð aðstaða til síldveiða, því að auðvitað mun það hafa ráðið því, að menn fóru að setjast þarna að. Jeg tel því rjett, að landið í heild sinni fái að njóta þessara verðmæta.

Hv. flm. veik að því, að garðurinn, sem bygður hefir verið til varnar þessu landi, hafi orðið ríkissjóði mjög kostnaðarsamur. Jeg er nú ekki viss um, að Siglufjarðarkaupstaður fari ekki fram á styrk til að viðhalda þessu landi, þó að hann eignist það sjálfur. Legg jeg því ekki mikið upp úr þessu atriði.

Jeg bjóst ekki við því, að háttv. flm. mundi leggjast á móti hinum brtt. okkar, því að jeg taldi þær svo sjálfsagðar. Það er vitanlegt, að útlendingar hafa þarna mjög mikinn atvinnurekstur og því hvergi trygt, að þeir nái ekki eignarhaldi á þessum

stað, nema skorður sjeu við því reistar. En jeg tel það með öllu óviðunandi, að þetta land sje eign annara en ríkis eða sveitarfjelags, og finst það þó rjettara, að ríkið njóti góðs af verðmæti þessa lands. Vænti jeg þess því fastlega, að hv. þdm. geti fallist að minsta kosti á þessar síðari brtt. okkar, þó að jeg teldi best farið, ef 1. brtt. næði einnig fram að ganga.

Jón Baldvinsson: Fyrri brtt. á þskj. 427 gerir þær breytingar á þessu frv., að bærinn hefir svo að segja engin not af þessum kaupum. Hinsvegar þykir mjer vænt um, að síðari brtt. kom fram, því að hún er í samræmi við það, sem jeg hjelt fram í sambandi við söluna á Nesi í Norðfirði. Mun jeg því greiða þessari síðari brtt. atkvæði mitt, en treysti mjer ekki til að fylgja hinni fyrri, af því að mjer finst, að frv. verði hvorki fugl nje fiskur, ef hún nær fram að ganga. Með því móti er bænum sýnd veiðin en ekki gefin, með því að hann getur þá ekki ráðstafað þessu landi á sama hátt og ef hann hefði fullkomin eignarumráð yfir því. Þó að jeg játi, að ríkissjóður getur leigt kaupstaðnum landið með svo góðum kjörum, að bæjarfjelaginu væri enginn akkur í að kaupa það, og það væri ef til vill rjettast að gera, finst mjer ekki rjett að spyrna á móti þessu máli, úr því að sú leiðin hefir nú einu sinni orðið ofan á hjá þinginu, að selja kaupstöðunum það land, sem þeir standa á, ef ríkið hefir átt það.

Jón Jónsson: Það voru aðeins örfá orð út af því, að hv. 4. landsk. þm. sagði, að frv. yrði hvorki fugl nje fiskur, ef fyrri brtt. okkar væri samþ. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Jeg veit þess dæmi, að þetta hefir átt sjer stað, að kaupstaðir fengju keypt beitilöndin í kring, án þess að verslunarlóðin fylgdi með. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að Siglufjarðarkaupstaður geti haft mikið gagn af þessum kaupum, þó að verslunarlóðin sje undanskilin.

ATKVGR.

Brtt. 427, 1 feld með 9 : 4 atkv.
— 427, 2 a samþ. með 8 : 5 atkv.
— 427, 2 b samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 453).

Á 58. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 66., 67., 68. og 70. fundi í Nd., 11., 13., 14. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 572).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.